Alþingi 1959.

Þingsetning.

A.

Í sameinuðu þingi.

Árið 1959, þriðjudaginn 21. júlí, var sjötugasta og níunda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það átjánda aukaþing í röðinni, en nítugasta og fjórða samkoma frá því, er Alþingi var endurreist.

Þingmenn komu saman í alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í dómkirkjunni kl. 1.30 miðdegis. Biskup Íslands, séra Sigurbjörn Einarsson, steig í stólinn og lagði út af II. Mós. 20,24.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til alþingishússins, fundarsals neðri deildar.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
2. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
3. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
4. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
5. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
6. Björn Fr. Björnsson, 2. þm. Rang.
7. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
8. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
9. Björn Pálsson, þm. A-Húnv.
10. Eggert G. Þorsteinsson, 2. landsk. þm.
11. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
12. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
13. Emil Jónsson, 4. landsk. þm.
14. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
15. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. landsk. þm.
16. Friðjón Skarphéðinsson, 11. landsk. þm.
17. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
18. Gísli Jónsson, þm. Barð.
19. Guðlaugur Gíslason, þm. Vestm.
20. Guðmundur Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm.
21. Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf.
22. Gunnar Jóhannsson, 3. landsk. þm.
23. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
24. Gylfi Þ. Gíslason, 5. þm. Reykv.
25. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
26. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
27. Hannibal Valdimarsson, 1. landsk. þm.
28. Hermann Jónasson, þm. Str.
29. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
30. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
31. Jón Árnason, þm. Borgf.
32. Jónas G. Rafnar, þm. Ak.
33. Karl Guðjónsson, 7. landsk. þm.
34. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
35. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
36. Lúðvík Jósefsson, 10. landsk. þm.
37. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
38. Matthías Á. Mathiesen, þm. Hafnf.
39. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Skagf.
40. Ólafur Thors, þm. G-K.
41. Óskar Jónsson, þm. V-Sk.
42. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
43. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
44. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
45. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
46. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
47. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
48. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
49. Steindór Steindórsson, 9. landsk. þm.
50. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.
51. Þorvaldur G. Kristjánsson, þm. V-Ísf.
52. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Allir framantaldir þingmenn voru til þings komnir.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis, kom forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Hinn 9. júlí 1959 var gefið út svo hljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt stjórnarskrá hins íslenzka lýðveldis 17. júní 1944, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eigu á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, eftir að

guðsþjónusta hefur farið fram í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gert að Bessastöðum, 9. júlí 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

Emil Jónsson.

Forsetabréf, er stefnir Alþingi saman til aukafundar þriðjudaginn 21. júlí 1959.“

Samkvæmt því bréfi, sem ég nú hef lesið, lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett.

Að svo mæltu bið ég alþingismenn að minnast ættjarðarinnar með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Emil Jónsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð.“ Var tekið undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber aldursforseta að stýra fundum, þar til forseti sameinaðs þings hefur verið kosinn. Aldursforseti er nú Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., og bið ég hann að ganga til forsetastóls.

Tók forseti Íslands sér síðan sæti í þingsalnum, en aldursforseti, Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., gekk til forsetastóls og tók við fundarstjórn.

Minning Magnúsar Péturssonar.

Aldursforseti (PZ): Áður en Alþingi tekur til starfa að þessu sinni, skal minnzt nokkrum orðum fyrrverandi alþingismanns, Magnúsar Péturssonar læknis, sem lézt í sjúkrahúsi hér í bæ 8. júní s. l., 78 ára að aldri.

Magnús Pétursson var fæddur 16. maí 1881 á Gunnsteinsstöðum í Langadal í Húnavatnssýslu. Foreldrar hans voru Pétur bóndi þar Pétursson, síðar kaupmaður á Blönduósi, og kona hans, Anna Guðrún Magnúsdóttir bónda í Holti í Svínadal Magnússonar. Hann lauk stúdentsprófi í Reykjavík árið 1904 og embættisprófi við læknaskólann 1909. Héraðslæknir í Strandasýslu var hann 1909—1922, en starfaði í sjúkrahúsum erlendis veturinn 1909—1910. Árið 1922 varð hann bæjarlæknir í Reykjavík, en var settur héraðslæknir í Reykjavíkurhéraði 1931 og skipaður í það embætti 1932, þegar bæjarlæknisembættið var lagt niður. Hann lét af embætti sökum aldurs í árslok 1949. Frá 1926 gegndi hann jafnframt embætti sínu læknisstarfi við berklavarnir, fyrst í heilsuverndarstöð Líknar, en síðar í heilsuverndarstöð Reykjavíkur, og þar vann hann fram að síðustu áramótum, en lét þá af störfum vegna vanheilsu.

Magnúsi Péturssyni voru jafnframt daglegum embættisverkum falin trúnaðarstörf við heilbrigðismál þjóðarinnar og félagsmál lækna. Árið 1919 var hann skipaður í milliþinganefnd um berklavarnir, sat í stjórnarnefnd ríkisspítalanna frá 1935 og í læknaráði 1942—1951. Hann var formaður Hjúkrunarfélags Reykjavíkur 1929—1937, og á árunum 1930—1951 átti hann sæti í stjórn Læknafélags Íslands, var formaður þess lengst af eða í 18 ár alls. Af landsmálum hafði hann einnig nokkur opinber afskipti. Hann var þingmaður Strandamanna árin 1914—1923, sat á 11 þingum alls. Í bankaráði Íslandsbanka átti hann sæti 1915—1917.

Magnús Pétursson var rúmlega þrítugur, þegar Strandamenn kusu hann til þingsetu, og hann hélt því sæti, meðan hann var búsettur meðal þeirra. Á Alþingi lét hann allmikið að sér kveða við umræður og nefndastörf. Hann átti sæti í menntamálanefnd og fjárveitinganefnd og var á mörgum þingum framsögumaður við afgreiðslu fjárlaga. Hann var kosinn í fullveldisnefnd á þingunum 1917 og 1918 og var formaður þeirrar nefndar. 1919 var hann kosinn í launamálanefnd og gegndi þar einnig formannsstörfum.

Magnús Pétursson þótti góður námsmaður á skólaárum sínum. Störf hans að félagsmálum og landsmálum benda til trausts af hálfu þeirra, sem höfðu mest kynni af honum. Þeir, sem þekktu hann bezt, bera honum það orð, að hann hafi verið prúðmenni í dagfari, glaður í vinahópi, en dulur í skapi og viðkvæmur.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að standa upp til minningar um Magnús Pétursson og til samúðar við ættingja hans. — [Þingmenn risu úr sætum. — Síðan gekk forseti Íslands út úr þingsalnum.]

Rannsókn kjörbréfa.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., og Skúla Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Því næst skiptust þingmenn í kjördeildir, og urðu í

1. kjördeild:

ÁB, BSt, BFB, BjörnJ, GunnG, GJóh, HermJ, JÁ, JR, KGuðj, KK, KJJ, MÁM, ÓTh, RH, SÓÓ, StSt, ÞK.

2. kjördeild:

BP, EggÞ, EI, EystJ, FRV, GíslG, GuðlG, GÍG, GÞG, JóhH, MJ, ÓlJ, PZ, PÞ, SB, SkG, ÞÞ.

3. kjördeild:

ÁÞ, BBen, BjörgJ, BÓ, EOl, EmJ, FS, GíslJ, GTh, HÁ, HS, HV, IngJ, LJós, ÓskJ, SÁ, VH. — [Fundarhlé.]

Aldursforseti (PZ): Þá er fundi fram haldið. Ég mun hafa þann hátt á, ef enginn hefur neitt á móti því, að frsm. þeirra deilda, sem hafa rannsakað kjörbréfin, hafi sína framsögu, og hafa atkvgr. í einu lagi um það allt í einu, og hefur þá frsm. 1. kjördeildar orðið.

Frsm. 1. kjördeildar (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. 1. kjördeild hefur haft til athugunar kjörbréf þeirra hv. þm., sem eiga sæti í 3. kjördeild, og eru það eftirtaldir þingmenn: Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., Björgvin Jónsson, þm. Seyðf., Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv., Emil Jónsson, 4. landsk. þm., Friðjón Skarphéðinsson, 11. landsk. þm., Gísli Jónsson, þm. Barð. Á hans kjörbréf minnist ég frekar síðar. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv., Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr., Hannibal Valdimarsson, 1. landsk. þm., Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang., Lúðvík Jósefsson, 10. landsk. þm., Óskar Jónsson, þm. V-Sk., Sigurður Ágústsson, þm. Snæf., Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Við þessi kjörbréf er ekkert að athuga, að

því er kjördeildin álítur. En eftir að hún hafði lokið fundi, var mér afhent útskrift úr gerðarbók yfirkjörstjórnar Barðastrandarsýslu ásamt einum ágreiningsseðli í lokuðu umslagi. Virðist vafasamt um þrjú atkvæði greidd í Barðastrandarsýslu. Á einn utankjörstaðaseðil hefur vantað undirskrift kjósandans. Í öðru tilfelli er kona að nafni Lýdía, sem ekki virðist eftir útskriftinni fullvíst hvort hefur kosið einnig annars staðar, og svo er vafaseðillinn, sem hér fylgir með, það er utankjörstaðarseðill, og þar stendur nafnið Gísli Sveinsson, það vildi meiri hluti kjörstjórnar taka gilt sem Gísli Jónsson. Hér virðist ekki vera nema um þrjú atkvæði að ræða, en ef ég man rétt, þá var 11 atkvæða munur á þingmanninum og þeim frambjóðanda, sem hlaut næstflest atkvæði, og virðist því ekki ástæða til annars en að taka kjörbréfið gilt, hvernig sem menn annars líta á þessi þrjú vafaatkvæði. Er það því tillaga kjördeildarinnar, að öll þessi kjörbréf séu tekin gild.

Frsm. 2. kjördeildar (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. 2. kjördeild hefur haft til rannsóknar kjörbréf þeirra hv. þm., sem sæti eiga í 1. kjördeild, en það eru þessir þingmenn: Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., Björn Fr. Björnsson, 2. þm. Rang., Björn Jónsson, 8. landsk. þm., Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf., Gunnar Jóhannsson, 3. landsk. þm., Hermann Jónasson, þm. Str., Jón Árnason, þm. Borgf., Jónas G. Rafnar, þm. Ak., Karl Guðjónsson, 7. landsk. þm., Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf., Matthías Á. Mathiesen, þm. Hafnf., Ólafur Thors, þm. G-K., Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv., Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn., Steindór Steindórsson, 9. landsk. þm., og Þorvaldur Garðar Kristjánsson, þm. V-Ísf.

Fyrir kjördeildinni hafa legið kjörbréf frá öllum þessum þm. að einum undanskildum, Bernharð Stefánssyni, 1. þm. Eyf., sem ég vík að á eftir. Þau kjörbréf, sem lögð hafa verið fyrir deildina, eru í réttu formi og lögum samkvæmt, og deildin taldi ekkert við þau að athuga. Frá Bernharð Stefánssyni, 1. þm. Eyf., hefur ekki komið kjörbréf, en hins vegar liggur fyrir staðfest símskeyti frá formanni yfirkjörstjórnar um það, að hann hafi verið rétt kjörinn og það hafi verið gefið út kjörbréf til handa Bernharð Stefánssyni, og fyrir því munu vera fordæmi, að slíkt hafi verið talið fyllilega gilt.

2. kjördeild leggur því til, að öll þessi kjörbréf, sem hún hefur fengið til athugunar og eru kjörbréf, eins og ég sagði áðan, þeirra hv. þm., sem eiga sæti í 1. kjördeild, verði tekin gild.

Frsm. 3. kjördeildar (Gísli Jónsson): Herra forseti. 3. kjördeild hefur fengið til athugunar alla þá þm., sem sæti eiga í 2. kjördeild, en þeir eru sem hér segir: Björn Pálsson, þm. A-Húnv., mun ég ræða það atriði nokkuð síðar, Eggert G. Þorsteinsson, 2. landsk. þm., Einar Ingimundarson, þm. Siglf., Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M., Finnbogi R. Valdimarsson, 5. landsk. þm., Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., Guðlaugur Gíslason, þm. Vestm., Guðmundur Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm., Gylfi Þ. Gíslason, 5. þm. Reykv., Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv., Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Skagf., en ég vildi gera nokkrar athugasemdir í sambandi við það mál, Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk., Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf., Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv., og Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Í sambandi við kjörbréf Björns Pálssonar, þm. A-Húnv., hafði kjördeildinni borizt bréf, sem skrifstofustjóri Alþingis afhenti og er frá dómsmrn., dags. 20. júlí 1959, og er úrskurður um kæru fram komna frá Sjálfstæðisfélagi Húnavatnssýslu út af göllum á kosningunni. Bréf þetta og önnur gögn, sem fylgdu, voru lesin upp á fundi í kjördeildinni svo og athugaðar ljósmyndir, sem fylgdu með, en kjördeildin hefur fallizt á úrskurð rn. og það sé ekki ástæða til þess að gera neina aths. við þetta kjörbréf frekar en önnur, sem hún hafði til meðferðar.

Eftir að kjördeildin hafði slitið fundi, bárust mér sem frsm. gögn frá yfirkjörstjórn Skagafjarðarsýslu með bréfum með þremur seðlum, sem taldir voru ógildir og um hefur verið ágreiningur, sem skotið er til úrskurðar dómsmrn. og hefur verið sent til Alþingis. Þessir ógildu seðlar hafa ekki áhrif á kjör hv. þm. fyrir Skagfirðinga, svo að kjördeildin gerir ekki neina aths. við það kjörbréf heldur.

Kjördeildin leggur því til, að öll þau 17 kjörbréf, sem hér hefur verið rætt um, séu tekin gild ágreiningslaust.

ATKVGR.

Till. kjördeildanna samþ. með 52 shlj. atkv.

Drengskaparheit unnin.

Þessu næst undirrituðu þeir þingmenn, sem höfðu ekki setið áður á Alþingi, drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins, en þeir voru þessir:

Björn Pálsson, þm. A-Húnv., Guðlaugur Gíslason, þm. Vestm., Jón Árnason, þm. Borgf., Matthías Á. Mathiesen, þm. Hafnf., Óskar Jónsson, þm. V-Sk., Þorvaldur Garðar Kristjánsson, þm. V-Ísf., Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Fundi frestað.

Miðvikudaginn 22. júlí var fundinum fram haldið.

Kosning forseta.

Aldursforseti lét nú fram fara kosningu forseta sameinaðs Alþingis. Kosningu hlaut

Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv., með 33 atkv. — Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., hlaut 19 atkv.

Hinn kjörni forseti tók við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta. Kosinn var

Gunnar Jóhannsson, 3. landsk. þm., með 33 atkv. — Karl Kristjánsson, þm. S-Þ., hlaut 19 atkv.

Þá fór fram kosning annars varaforseta, og hlaut kosningu

Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv., með 33 atkv. — Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn., fékk 19 atkv.

Kosning skrifara.

Þessu næst voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var EI, en á B-lista SkG. — Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Einar Ingimundarson, þm. Siglf., og
Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.

Kjörbréfanefnd.

Þá fór fram kosning kjörbréfanefndar. Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Steindór Steindórsson (A),
Gunnar Jóhannsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B).

Kosning til efri deildar.

Loks var tekin til meðferðar kosning 17 þingmanna til að skipa efri deild. Hlutfallskosning var viðhöfð, og komu fram fjórir listar. Á A-lista voru GTh, SB, SÓÓ, GíslJ, EI, GuðlG, GunnG; á B-lista BSt, BjörgJ, HermJ, KK, PZ, VH; á C-lista FS, EggÞ; á D-lista FRV, BjörnJ. — Þar sem tilnefndir voru jafnmargir menn og kjósa skyldi, lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir án atkvgr.:

Gunnar Thoroddsen,
Bernharð Stefánsson,
Sigurður Bjarnason,
Björgvin Jónsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Hermann Jónasson,
Friðjón Skarphéðinsson,
Gísli Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Einar Ingimundarson,
Páll Zóphóníasson,
Björn Jónsson,
Guðlaugur Gíslason,
Vilhjálmur Hjálmarsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Gunnar Gíslason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi í Sþ., 22. júlí, var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkvæmt 16. gr. þingskapa.

1. Fjárveitinganefnd.

Fram komu tveir listar, sem á voru jafnmargir menn samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Karl Guðjónsson (A),
Halldór E. Sigurðsson (B),
Steindór Steindórsson (A).

2. Utanríkismálanefnd.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru ÓTh, BBen, BÓ, FRV, EmJ; á B-lista HermJ, ÞÞ, GíslG. — A-listi hlaut 33 atkv., en B-listi 19 atkv. Samkvæmt því voru kjörnir:

Ólafur Thors,
Hermann Jónasson,
Bjarni Benediktsson,
Björn Ólafsson,
Þórarinn Þórarinsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Emil Jónsson.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Gunnar Thoroddsen (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jóhann Hafstein (A),
Sigurður Bjarnason (A),
Eysteinn Jónsson (B),
Einar Olgeirsson (A),
Gylfi Þ. Gíslason (A).

3. Allsherjarnefnd.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru BÓ, GuðlG, GunnG, EggÞ, HV; á B-lista ÁB, SkG, ÁÞ. — A-listi hlaut 33 atkv., en B-listi 19 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að rétt væru kjörnir:

Björn Ólafsson,
Ásgeir Bjarnason,
Guðlaugur Gíslason,
Gunnar Gíslason,
Skúli Guðmundsson,
Eggert G. Þorsteinsson,
Hannibal Valdimarsson.

Þingfararkaupsnefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar kosning þingfararkaupsnefndar.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Kosningu hlutu því án atkvgr.:

Kjartan J. Jóhannsson (A),
Bernharð Stefánsson (B),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Gunnar Jóhannsson (A),
Björgvin Jónsson (B).

B.

Í efri deild.

Að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi var fyrsti fundur efri deildar settur af aldursforseta, Páli Zóphóníassyni, 1. þm. N-M. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.
2. Björgvin Jónsson, þm. Seyðf.
3. Björn Jónsson, 8. landsk. þm.
4. Eggert G. Þorsteinsson, 2. landsk. þm.
5. Einar Ingimundarson, þm. Siglf.
6. Finnbogi R. Valdimarsson, 5. landsk. þm.
7. Friðjón Skarphéðinsson, 11. landsk. þm.
8. Gísli Jónsson, þm. Barð.
9. Guðlaugur Gíslason, þm. Vestm.
10. Gunnar Gíslason, 2. þm. Skagf.
11. Gunnar Thoroddsen, 6. þm. Reykv.
12. Hermann Jónasson, þm. Str.
13. Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.
14. Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M.
15. Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.
16. Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn.
17. Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M.

Allir þingdeildarmenn voru á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Karl Kristjánsson og Sigurð Ó. Ólafsson.

Kosning forseta og skrifara.

Þá var gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Eggert G. Þorsteinsson, 2. landsk. þm.,

með 11 atkv. — Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf., fékk 6 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Sigurður Bjarnason, þm. N-Ísf.,

með 11 atkv. — Páll Zóphóníasson, 1. þm. N-M., fékk 6 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Björn Jónsson, 8. landsk. þm.,

með 11 atkv. — Vilhjálmur Hjálmarsson, 2. þm. S-M., fékk 6 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var SÓÓ, á B-lista KK. — Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Sigurður Ó. Ólafsson, 2. þm. Árn., og
Karl Kristjánsson, þm. S-Þ.

Sætaskipun.

Forseti (EggÞ): Næst ber að hluta um sæti deildarmanna, og verður það að teljast eðlilegt, a. m. k. þar sem um nýtt þing er að ræða. Ég vildi biðja menn að koma hér og draga um sæti í þeirri röð, sem ég les þá upp:

Sætahlutun fór á þessa leið:

5. sæti hlaut Einar Ingimundarson,
6. — — Bernharð Stefánsson,
7. — — Björgvin Jónsson,
8. — — Vilhjálmur Hjálmarsson,
9. — — Gísli Jónsson,
10. — — Sigurður Bjarnason,
11. — — Páll Zóphóníasson,
12. — — Gunnar Gíslason,
13. — — Hermann Jónasson,
14. — — Finnbogi R. Valdimarsson,
15. — — Gunnar Thoroddsen,
16. — — Björn Jónsson,
17. — — Guðlaugur Gíslason.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 22. júlí, var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu nefndanna komu fram tveir listar, og var hverju sinni stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Bernharð Stefánsson (B),
Gísli Jónsson (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Hermann Jónasson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Björgvin Jónsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Björn Jónsson (A),
Bernharð Stefánsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Páll Zóphóníasson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Gísli Jónsson (A),
Björgvin Jónsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Björgvin Jónsson (B),
Guðlaugur Gíslason (A),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Páll Zóphóníasson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Sigurður Ó. Ólafsson (A),
Karl Kristjánsson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Björn Jónsson (A),
Páll Zóphóníasson (B).

7. Menntamálanefnd.
Gunnar Thoroddsen (A),
Bernharð Stefánsson (B),
Gunnar Gíslason (A),
Finnbogi R. Valdimarsson (A),
Vilhjálmur Hjálmarsson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Sigurður Bjarnason (A),
Hermann Jónasson (B),
Einar Ingimundarson (A),
Björn Jónsson (A),
Páll Zóphóníasson (B).

C.
Í neðri deild.

Fyrsti fundur neðri deildar var settur af aldursforseta, Ólafi Thors, þm. G-K., að loknum fyrsta fundi í sameinuðu þingi. Deildina skipuðu þessir þingmenn:

1. Ágúst Þorvaldsson, 1. þm. Árn.
2. Ásgeir Bjarnason, þm. Dal.
3. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Reykv.
4. Björn Fr. Björnsson, 2. þm. Rang.
5. Björn Ólafsson, 2. þm. Reykv.
6. Björn Pálsson, þm. A-Húnv.
7. Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.
8. Emil Jónsson, 4. landsk. þm.
9. Eysteinn Jónsson, 1. þm. S-M.
10. Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ.
11. Guðmundur Í. Guðmundsson, 6. landsk. þm.
12. Gunnar Jóhannsson, 3. landsk. þm.
13. Gylfi Þ. Gíslason, 5. þm. Reykv.
14. Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M.
15. Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr.
16. Hannibal Valdimarsson, 1. landsk. þm.
17. Ingólfur Jónsson, 1. þm. Rang.
18. Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv.
19. Jón Árnason, þm. Borgf.
20. Jónas G. Rafnar, þm. Ak.
21. Karl Guðjónsson, 7. landsk. þm.
22. Kjartan J. Jóhannsson, þm. Ísaf.
23. Lúðvík Jósefsson, 10. landsk. þm.
24. Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf.
25. Matthías Á. Mathiesen, þm. Hafnf.
26. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Skagf.
27. Ólafur Thors, þm. G-K.
28. Óskar Jónsson, þm. V-Sk.
29. Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.
30. Ragnhildur Helgadóttir, 8. þm. Reykv.
31. Sigurður Ágústsson, þm. Snæf.
32. Skúli Guðmundsson, þm. V-Húnv.
33. Steindór Steindórsson, 9. landsk. þm.
34. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, þm. V-Ísf.
35. Þórarinn Þórarinsson, 7. þm. Reykv.

Þingdeildarmenn voru allir á fundi.

Aldursforseti kvaddi sér til aðstoðar sem fundarskrifara þá Magnús Jónsson og Pál Þorsteinsson.

Kosning forseta og skrifara.

Var nú gengið til forsetakosningar. Kosningu hlaut

Einar Olgeirsson, 3. þm. Reykv.,

með 22 atkv. — Halldór Ásgrímsson, 2. þm. N-M., fékk 13 atkv.

Hinn kjörni forseti tók nú við fundarstjórn og lét fyrst fara fram kosningu fyrri varaforseta deildarinnar. Kosningu hlaut

Jónas G. Rafnar, þm. Ak.,

með 22 atkv. — Ásgeir Bjarnason, þm. Dal., fékk 13 atkv.

Annar varaforseti var kosinn

Steindór Steindórsson, 9. landsk. þm.,

með 22 atkv. — Halldór E. Sigurðsson, þm. Mýr., hlaut 13 atkv.

Þessu næst voru kosnir skrifarar deildarinnar, að viðhafðri hlutfallskosningu. Fram komu tveir listar. Á A-lista var MJ, á B-lista PÞ. — Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kosnir væru án atkvgr.:

Magnús Jónsson, 2. þm. Eyf., og
Páll Þorsteinsson, þm. A-Sk.

Sætaskipun.

Forseti (EOl): Þá ber að hluta um sæti. Ef ekki hefur orðið samkomulag á milli flokka um, hvernig sitja skuli, þá verður nú hlutað um sæti. Þá ætla ég að biðja hv. þdm. að koma hingað og draga um sæti, jafnóðum og ég nefni nöfn þeirra.

Sætahlutunin fór á þessa leið:

7. sæti hlaut Ragnhildur Helgadóttir,
8. — — Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
9. — — Óskar Jónsson,
10. — — Steindór Steindórsson,
11. — — Eysteinn Jónsson,
12. — — Gunnar Jóhannsson,
13. — — Matthías Á. Mathiesen,
14. — — Björn Ólafsson,
15. — — Skúli Guðmundsson,
16. — — Jón Árnason,
17. — — Hannibal Valdimarsson,
18. — — Lúðvík Jósefsson,
19. — — Ólafur Jóhannesson,
20. — — Ásgeir Bjarnason,
21. — — Karl Guðjónsson,
22. — — Ingólfur Jónsson,
23. — — Þórarinn Þórarinsson,
24. — — Kjartan J. Jóhannsson,
25. — — Halldór Ásgrímsson,
26. — — Ágúst Þorvaldsson,
27. — — Bjarni Benediktsson,
28. — — Jóhann Hafstein,
29. — — Björn Pálsson,
30. — — Gísli Guðmundsson,
31. — — Halldór E. Sigurðsson,

32. sæti hlaut Björn Fr. Björnsson,
33. — — Ólafur Thors,
34. — — Sigurður Ágústsson,
35. — — Jónas G. Rafnar.

Kosning fastanefnda.

Á 2. fundi deildarinnar, 22. júlí, var tekin til meðferðar kosning í fastanefndir samkv. 16. gr. þingskapa.

Við kosningu allra nefndanna komu fram tveir listar, en hverju sinni var stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Kosningar fóru því fram án atkvgr., og urðu nefndir þannig skipaðar:

1. Fjárhagsnefnd.
Jóhann Hafstein (A),
Skúli Guðmundsson (B),
Matthías Á. Mathiesen (A),
Lúðvík Jósefsson (A),
Björn Pálsson (B).

2. Samgöngumálanefnd.
Sigurður Ágústsson (A),
Óskar Jónsson (B),
Þorvaldur G. Kristjánsson (A),
Steindór Steindórsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B).

3. Landbúnaðarnefnd.
Ingólfur Jónsson (A),
Ásgeir Bjarnason (B),
Jón Árnason (A),
Gunnar Jóhannsson (A),
Ágúst Þorvaldsson (B).

4. Sjávarútvegsnefnd.
Sigurður Ágústsson (A),
Gísli Guðmundsson (B),
Jón Árnason (A),
Lúðvík Jósefsson (A),
Björn Pálsson (B).

5. Iðnaðarnefnd.
Jónas G. Rafnar (A),
Ágúst Þorvaldsson (B),
Ingólfur Jónsson (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Þórarinn Þórarinsson (B).

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Þórarinn Þórarinsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Hannibal Valdimarsson (A),
Óskar Jónsson (B).

7. Menntamálanefnd.
Ragnhildur Helgadóttir (A),
Páll Þorsteinsson (B),
Kjartan J. Jóhannsson (A),
Steindór Steindórsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B).

8. Allsherjarnefnd.
Björn Ólafsson (A),
Ólafur Jóhannesson (B),
Jónas G. Rafnar (A),
Steindór Steindórsson (A),
Björn Fr. Björnsson (B).

Lagafrumvörp samþykkt.

1. Stjórnarskrárbreyting.

Á 1. fundi í Sþ., 21. júlí, var útbýtt frá Nd.:
Frv. til stjórnarskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944 [1. mál] (stjfrv., A. 1).

Á 3. fundi í Nd., 23. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Eins og öllum hv. þdm. er kunnugt, þá samþykkti síðasta þing frv. til l. um breyting á stjórnskipunarlögum landsins. Að þessari breyt. stóðu þá 3 flokkar þingsins af 4 með samtals 35 þm. að baki, en einn flokkur með 17 þm. var á móti.

Efnislega skal ég ekki fara út í að rekja þá breyt., sem í frv. fólst. Hún er öllum hv. þm. svo kunn, bæði frá umr. hér á Alþ., útvarpsumræðum, blaðaskrifum og umræðum sennilega á flestum eða öllum kosningafundum, sem síðan hafa verið haldnir, að ég tel óþarft að fara út í að rekja það frekar.

Eftir að frv. hafði verið samþykkt, var þingið rofið og efnt til nýrra kosninga, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Þessar kosningar fóru fram 28. f. m. Niðurstaða þessara kosninga varð sú, að þeir þrír flokkar, sem að breyt. stóðu, fengu samtals rúmlega 70% greiddra atkvæða og 33 þm. kjörna. Andstæðingar breyt. fengu rúmlega 27% greiddra atkvæða og 19 menn kjörna. Þjóðvarnarflokkurinn, sem ekki hafði átt mann á Alþ., þegar þetta mál var afgreitt, fékk 2½% greiddra atkvæða og engan mann kjörinn. Má því með sanni segja, að þjóðin hafi látið vilja sinn í ljós um þessa breyt. á mjög ótvíræðan hátt. Þar sem andstæðingar breyt. hafa aðeins fengið stuðning rúmlega 1/4 hluta þjóðarinnar, þó að þeir í krafti hinnar úreltu og ranglátu kjördæmaskipunar hafi fengið kjörna nærri 38 af 100 af heildartölu allra þingmanna. Eftir er þá aðeins, til þess að breyt. öðlist fullt lagagildi, að hið nýkjörna Alþingi gjaldi breyt. samþykki sitt. Í því skyni er frv. lagt hér fram á ný, óbreytt vitaskuld, eins og síðasta Alþ. gekk frá því.

Ég vil leyfa mér að vænta þess, að málið fái hér skjóta og góða afgreiðslu hjá hv. þd., svo að þinghald þurfi ekki að verða langt að þessu sinni. Við teljum, sem að málinu stöndum, að með afgreiðslu þess á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sé mikil bót fengin á því ranglæti, sem íslenzka þjóðin hefur átt við að búa um val fulltrúa til Alþingis, — úrbót, sem lengi hefur verið stefnt að að ná og að vísu nokkuð hefur þokað í áttina með fyrri breytingum, en þó nú mest með þeirri breyt., sem hér er ætlað að gera.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til sérstakrar n., er d. kjósi í því skyni, að hún fjalli um mál þetta sérstaklega, og verði n. skipuð 7 mönnum, eins og var síðast, þegar málið var til umræðu í þessari hv. deild.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki við þessa umr. málsins ræða ákaflega mikið um efni frv. sjálfs, þó að ég muni sennilega víkja nokkuð að því innan um annað, sem ég vildi taka fram í sambandi við þetta mál allt saman og meðferð þess. En á hinn bóginn mun ég aðallega ræða um það viðhorf, sem nú hefur skapazt í þessu máli og almennt eftir þær kosningar, sem nú hafa farið fram.

Ég vil fyrst leyfa mér að minna hv. alþm. á það, að í stjórnarskránni stendur, að engin stjórnlagabreyting skuli öðlast gildi, nema fram fari almennar kosningar, eftir að hún hefur verið samþ. fyrra sinni, og að hún verði síðan samþ. óbreytt aftur eftir þær.

Nú er spurningin: Til hvers er þetta ákvæði sett í stjórnarskrá landsins? Til hvers er það sett? Hvers vegna er ákveðið í sjálfri stjórnarskránni, að almennar kosningar skuli fara fram, undireins og samþykkt hefur verið á hæstv. Alþ. að breyta henni? Auðvitað er þetta sett í stjórnarskrána eingöngu til þess að tryggja það, að engin önnur ákvæði verði í stjórnarskrána lögfest en þau, sem almenningur í landinu getur fellt sig við, sem almenningur í landinu er samþykkur, og þá að lokinni þeirri prófun, sem í almennum alþingiskosningum felst, og eftir þeim reglum, sem þá gilda um almennar kosningar til Alþingis, bæði varðandi kjördæmaskipun og annað.

Þetta þýðir, að ef allt fer fram með felldu, þá eiga kosningar, sem þannig er til stofnað, að verða í reyndinni eins konar þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrárbreyt., sem þá og þá er á döfinni, þjóðaratkvæðagreiðsla, sem fer fram í formi almennra alþingiskosninga og samkvæmt þeim reglum um kjördæmaskipun og annað, sem í gildi eru. Þetta er sett í stjórnar-

skrána til varúðar og til tryggingar því, að engir þingmenn eða stjórnmálaflokkar geti komið við breyt. á stjórnskipun landsins, án þess að þær breyt. séu hreinlega undir þjóðina bornar, — að það sé ekki hægt að koma aftan að mönnum, að þm. eða þing, sem kosið er til þess að fást við allt önnur málefni og eftir allt öðrum sjónarmiðum en því, hversu stjórnarskrár skuli vera, geti ekki gengið til fullnustu frá stjórnarskrárbreytingu, — almenningur í landinu eigi að fá að segja sitt orð um stjórnarskrárbreytinguna í þessu formi.

Nú er ekki því að leyna, að það hefur undanfarið komið í ljós rík tilhneiging hjá stjórnmálamönnum og stjórnmálaflokkum til þess að fara á bak við þetta ákvæði stjórnarskrárinnar og þá með því móti að taka upp og beita sér fyrir breytingum á stjórnskipun landsins, sem þeim er mjög vel kunnugt um að eiga hæpið fylgi með þjóðinni og hæpið fylgi jafnvel hjá þeirra eigin flokksmönnum, en segja síðan við menn: Þið verðið að samþykkja þetta, vegna þess að flokkurinn hefur tekið þetta upp. Það er flokksleg skylda ykkar að fylgja ykkar eigin flokki, og þess vegna er ykkur skylt að sætta ykkur við þessa stjórnarskrárbreytingu, því að flokkurinn hefur ákveðið að beita sér fyrir henni. — Þessi tilhneiging hefur komið fram hvað eftir annað, og í skjóli flokksbandanna hefur hver stjórnarskrárbreytingin verið samþykkt af annarri á Íslandi, sem mjög hæpið fylgi hefur verið fyrir meðal þjóðarinnar, að ég ekki fullyrði, að sumar af þeim hafa verið þannig vaxnar, að meiri hluti þjóðarinnar hafi raunverulega verið á móti þeim, en þeim hafi verið þvingað upp á menn í krafti flokksvaldsins.

Einmitt af því, að nokkur hætta virtist vera á því, og hún raunar ekki lítil, og má fullkomlega orða það þannig, að einmitt núna í sambandi við fyrirhugaða stjórnarskrárbreytingu yrði enn einu sinni farið svona að, reyndu framsóknarmenn á síðasta Alþ. að ná samkomulagi um það við þá, sem standa að þessari stjórnarskrárbreytingu, að sett yrði inn í stjórnarskrárfrv. í Ed. eitthvert ákvæði eftir samkomulagi, sem tryggði, að þessi stjórnarskrárbreyting eða sá þáttur hennar sérstaklega, sem lýtur að því að yfirgefa byggðastefnuna í kjördæmamálinu og taka upp flokkastefnuna, þ. e. a. s. sá þáttur hennar að leggja niður öll héraðakjördæmin utan Reykjavíkur, að sá þáttur hennar öðlaðist ekki gildi, nema hann væri samþykktur í sérstakri atkvæðagreiðslu, sem ekki blandaðist inn í almennar kosningar eða neitt annað, og þannig væri tryggt, að hér yrði ekkert gert á móti vilja fólksins í þeim kjördæmum, sem eiga hlut að máli.

En því miður vildu þeir flokkar, sem að þessu standa, ekki við þessari málamiðlunartilraun líta, og hlaut því svo að fara, að þeir gátu ráðið því, að engin sérstök atkvæðagreiðsla færi fram um þessi efni, heldur yrði hér að fara eftir þeim almennu ákvæðum um alþingiskosningar, eftir að stjórnarskrárbreyting hafði verið samþykkt fyrra sinni.

Mönnum var yfir höfuð ljóst þá strax, hvernig á því stóð, að flokkarnir treystu sér ekki til þess að fallast á þessa aðferð. Ástæðan var sem sé augljós, en kom þó miklu betur í ljós síðar og með ófyrirleitnara móti en jafnvel við, sem ekki höfum allt of mikla trú á samvizkusemi sumra þeirra, sem hér standa fyrir málum, höfðum viljað gera ráð fyrir.

En ástæðan fyrir því, að þetta varð ekki, var augljóslega sú, að þeim, sem stóðu fyrir þessu máli, varð ljóst, að það var stórfelld andstaða gegn einu höfuðatriðinu í þeirri breyt., sem fyrirhuguð var, og það var einmitt þetta: að yfirgefa byggðastefnuna í kjördæmamálinu og taka upp flokkastefnuna í staðinn, fórna rétti byggðanna fyrir það, sem kallað var réttur stjórnmálaflokkanna. Það var þetta: að leggja héraðakjördæmin niður og stíga þannig fyrsta skrefið í þá átt að afnema héraðaskipulagið, sem þjóðin hefur byggt á frá öndverðu.

Þeim, sem stóðu fyrir þessu máli, varð ljóst, að mikill meginþorri manna víðs vegar um landið var í raun og veru á móti þessu. Þess vegna var ekki hægt að þeirra dómi að láta fara fram um það sérstaka atkvgr. Hitt var þeim ljóst, sem hér að standa, að annar meginþátturinn í þessu máli, sem sé sá að leiðrétta misræmið, sem orðið var, vegna þess að fólkið hafði flutzt til í landinu inn á þéttbýlissvæðin, þeim var ljóst, að þessi þáttur í málinu olli ekki ágreiningi, enda greinilegt, að Framsfl. lagði fram miðlunartillögu um málið, sem var beinlínis byggð á því, að þessi leiðrétting skyldi verða á þann hátt, þ. e. a. s., að skyldi fjölga jafnmikið þm. í þéttbýlinu eins og forgöngumenn málsins lögðu til.

Um þennan þátt í málinu var þess vegna ekki raunverulegur ágreiningur, en ágreiningurinn og baráttan hefur staðið um hitt, hvort það ætti að leggja héraðakjördæmin niður eða ekki, hvort það ætti að láta rétt byggðarlaganna fyrir rétt flokkanna. Og vegna þess að þeim, sem fyrir þessu máli stóðu og standa, var ljóst, að það mundi vera óhugsandi að fá menn til þess að samþykkja þennan þátt, ef hann væri undir menn borinn sér í lagi, þá fengust því miður engar undirtektir undir þá uppástungu framsóknarmanna, að um þetta færi fram sérstök atkvgr.

Afstaða þeirra, sem fyrir málinu standa, var byggð á því að reyna að þvinga þennan þátt í málinu fram með því að notfæra sér hollustu manna við stjórnmálaflokkana í landinu, reyna að fá menn til þess að kjósa þá menn á þing, sem stóðu fyrir kjördæmabreytingunni, af því að þeir væru þeirra flokksmenn og hefðu skyldar skoðanir og þeir um þjóðmálin almennt, — reyna að fá menn til þess að gera þetta, þó að menn væru andvígir þeirri meginbreytingu, sem hér átti að gera á stjórnarskrá landsins.

Það var beygur í mönnum um það fyrir þær kosningar, sem nú hafa átt sér stað, að ætlunin væri að hafa þetta svona, og það staðfestist og vel það í þeirri kosningabaráttu, sem háð var á þessu vori.

Menn hefðu átt að mega ætla, að allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, hefðu getað verið sammála um að virða ákvæði stjórnarskrárinnar og segja hreinskilnislega það, sem satt var:

að þessar kosningar snerust um það eitt, hvort menn vildu samþykkja þessa breyt. á stjórnarskránni eða ekki. Menn skyldu halda, að það væri lágmarkið, að menn gætu sameinazt um að segja mönnum satt um þetta, að þannig væri þessu varið, þegar það líka var augljóst, að þetta aukaþing mundi fyrst og fremst fjalla um þetta, hvort ætti að endursamþykkja stjórnarskrárfrv. óbreytt eða ekki.

En því var nú ekki að heilsa, að þeir, sem standa fyrir þessu máli, hefðu drengskap eða djörfung eða þá trú á málstaðnum, að þeir legðu málið fyrir á þessa lund. Því miður. Öðru nær. Þeir gengu bæ frá bæ, hús úr húsi um allt Ísland og sendu sína menn bæ frá bæ og hús úr húsi um allt Ísland til þess að telja mönnum trú um, að þessar kosningar ættu að snúast um allt annað en stjórnarskrárbreyt., en kjördæmamálið, og þeir sendu sína menn á þessar stöðvar, ekki til þess að biðja menn að gera sér glögga grein fyrir stjórnarskrármálinu og taka afstöðu til þess, eins og þeim var skylt að gera samkvæmt stjórnarskránni, heldur báðu þeir menn um að íhuga ekki kjördæmabreytinguna, íhuga ekki stjórnarskrármálið, en kjósa eftir viðhorfi sínu til flokkanna almennt. Og þeir báðu menn um að kjósa þá menn á þing, sem ætluðu að fara þangað til þess eins að afnema kjördæmin, þó að menn væru í hjarta sínu á móti því að leggja kjördæmi sitt niður.

Þetta eru ekki fagrar aðfarir. En þetta er satt. Og hver einasti maður í þessum sal veit, að þetta er satt. Hér vantaði svo gersamlega trúna á málstaðinn, trúna á það, sem kallað er réttlæti, að ekki einn einasti af forgöngumönnum þessa máls mun hafa haft djörfung eða einurð til þess að koma drengilega fram og segja: Kjósið mig því aðeins, að þið viljið, að ég greiði atkvæði með stjórnarskrárbreytingunni; ef þið eruð annarrar skoðunar en ég um stjórnarskrárbreytinguna, þá eigið þið að sjálfsögðu samkvæmt stjórnskipunarlögum landsins að haga atkvæði ykkar í þetta sinn eftir því. — Enginn, ekki einn einasti af talsmönnum þeirra flokka, sem standa fyrir þessu máli, mun hafa haft djörfung eða einurð til þess að koma þannig fram.

Það voru hin furðulegustu vinnubrögð, sem höfð voru til þess að reyna að koma í veg fyrir það, að þjóðarviljinn kæmi raunverulega fram um stjórnarskrárbreytinguna. Það var sagt við menn á framboðsfundunum: Þetta mál, það er í raun og veru afgert mál. Flokkarnir þrír hafa samið um það. — Það var talað um flokkana eins og eitthvert afl, sem væri utan og ofan við alla kjósendur í landinu. Flokkarnir hefðu ákveðið þetta og það væri þar með orðið eins konar lögmál, sem þegar væri komið í gildi. Menn skyldu ekki hafa áhyggjur af því meir. Ekki hugsa um það meir. Menn skyldu kjósa eftir því, hvað þeir álitu um frammistöðu vinstri stjórnarinnar, hvað þeir álitu um vinstra samstarf framvegis o. s. frv.

Kem ég ofur lítið að því síðar, hvernig það kemur svo heim við það, sem nú þegar hefur gerzt á Alþingi, að ég nú ekki tali um framhaldið, sem eftir á að koma í ljós.

Við menn, sem voru mótfallnir þessari breytingu, var viðhafður hinn furðulegasti málflutningur. Það var krafizt hollustu við flokkinn. Var farið til manna og sagt: Jú, þú ert kannske á móti stjórnarskrárbreytingunni, en þú ferð þó ekki að kjósa Framsókn. Ekki ertu framsóknarmaður. Þú ferð ekki að kjósa Framsókn. — Og þannig var reynt með öllu hugsanlegu móti að fá menn til þess að kjósa ekki eftir stjórnarskrárbreytingunni og kjósa þá menn á þing, sem þeir voru algerlega andvígir í stjórnarskrármálinu.

Og þannig var vitanlega haldið á málinu algerlega af ásettu ráði, eins og ég greindi frá í upphafi, því að ef það hefði átt að koma frjálst og drengilega að mönnum í þessu máli og skilja það út úr öðrum málum, eins og heiðarlegt hefði verið og raunar skylt, eins og vinnubrögðum er hér háttað í pólitíkinni, þá hefði verið alveg óhugsandi, að þessi þáttur málsins gæti orðið lögfestur.

Það vita allir þingmenn inni á sér, að þetta er rétt. Svona er þessu varið. En hafa menn svo ekkert samvizkubit? Það getur hver svarað fyrir sig. Hafa menn ekkert samvizkubit af því að vera kosnir með þessu móti á þing, vita alveg upp á hár, hvað inni fyrir býr raunverulega hjá fjölda þess fólks, sem hefur kosið þá, og ætla svo að ganga hiklaust að því að samþykkja þá breytingu, sem hér liggur fyrir, á kjördæmaskipun landsins?

Auðvitað eru ekki allir þannig gerðir eða það miklir flokkamenn í þessu landi, að það tækist að fá þá til þess að líta fram hjá stjórnarskrármálinu, sem raunverulega átti að kjósa um. Einn og einn maður, sem ekki hafði fylgt Framsfl. að málum áður, lýsti því yfir opinberlega, að hann teldi sjálfsagt að kjósa eingöngu til aukaþingsins miðað við afstöðuna í stjórnarskrármálinu. Það voru þó nokkrir menn, sem gáfu slíkar yfirlýsingar. Hvernig urðu viðbrögð þeirra, sem fyrir þessu máli standa, gagnvart þessum mönnum? Sumir af þessum mönnum voru hreinlega ofsóttir og reynt með öllu mögulegu móti að fá þá til þess að falla frá því að miða afstöðu sína í kosningunum við málið, sem átti að kjósa um — voru hreinlega ofsóttir.

Þannig var að þessu staðið á allan hátt. Allt gert, sem hugsanlegt var til þess að reyna að koma í veg fyrir, að hinn rétti vilji manna í stjórnarskrármálinu kæmi fram í kosningunum. Með þessu, með því að ljá ekki máls á því, að farið gæti fram sérstök atkvæðagreiðsla um þennan umdeilda þátt í kjördæmamálinu, þá settu forustumenn stjórnarskrármálsins sína flokksmenn yfirleitt af ásettu ráði í sjálfheldu. Þeir settu þá í þá sjálfheldu að þurfa annaðhvort að kjósa þá, sem annars voru stjórnmálaandstæðingar þeirra áður, framsóknarmenn, á þing eða greiða atkvæði á móti sannfæringu sinni í stjórnarskrármálinu.

Og þeir gerðu þetta alveg að yfirlögðu ráði, því miður, forustumenn þessara flokka, að setja menn í þessa sjálfheldu, í því trausti, að nægilega margir mundu kinoka sér við að kjósa andstæðinga sína á þingið út af stjórnarskrármálinu. Og það má segja, að samkvæmt því,

sem nú liggur fyrir, hafi þeim tekizt þetta. Þeim hefur tekizt að koma í veg fyrir, að nægilega margir af stuðningsmönnum stjórnarskrármálsins yrðu hreinlega felldir í kosningunum, til þess að hægt væri að stöðva það á Alþingi.

En ég segi, að ef þetta er sigur í stjórnarskrármálinu, þá er hann vægast sagt illa fenginn. Þá er hann vægast sagt illa fenginn, og viðhorfið í málinu þannig, eins og ég mun koma að síðar, að full ástæða er til þess að gefa því gaum, hvað nú kynni að vera hægt að gera til þess að ráða nokkra bót á þeim mistökum, sem óneitanlega hafa orðið varðandi meðferð málsins og allan aðdraganda. En áreiðanlega er enn þá hægt að finna leiðir til þess að bæta úr þessu, ef menn vilja leggja sig fram um að leita eftir vilja manna í sjálfu stjórnarskrármálinu.

Ég vil þá aðeins víkja í sambandi við kosningabaráttuna örfáum orðum að því, hvernig hún var háð, hvaða aðferðir notaðar voru til þess að fá menn til að beina athygli sinni frá því, sem átti að gerast.

Ég vil fyrst víkja að Sjálfstfl. í þessu sambandi og kosningabaráttu hans með örfáum orðum.

Sjálfstæðismenn sögðu: Það á ekki fyrst og fremst að kjósa um stjórnarskrármálið. Kjörorðið er: Aldrei framar vinstri stjórn. — Það er svo út af fyrir sig, að þetta kjörorð vó áreiðanlega ekki mikið í kosningabaráttunni, því að sannleikurinn er sá, að mjög mikill þorri manna víðs vegar um landið vildi raunverulega, að vinstri stjórnin hefði getað haldið áfram. Þetta var því áreiðanlega ekki sérlega vel heppnað kosningaávarp af hendi Sjálfstfl. En þetta átti nú að vera kröftugt eftir þeirra skilningi og átti að vera til þess að leiða athyglina, eins og annað, frá því, sem raunverulega átti að kjósa um.

Enn fremur reyndu sjálfstæðismenn, eins og þeir hafa reynt á undanförnum árum, að láta líta á sig sem eins konar krossferðarriddara gegn kommúnistum. Annar höfuðtalsmaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., hefur nú um mörg ár viljað láta líta á sig sem aðalforustumann í baráttunni gegn kommúnismanum á Íslandi, og hefur þetta verið eitt megininnihald öðrum þræði í öllum hans málflutningi, bæði í ræðu og riti árum saman.

En íhugum nú ofur lítið, hvað það, sem nú þegar hefur gerzt hér á hv. Alþingi, er í góðu samræmi við þennan málflutning af hendi Sjálfstfl. í kosningunum og nú undanfarið. Ég sá ekki betur en hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, gengi hér í forsetastól sameinaðs þings í gær, kosinn af kommúnistum. Og ég sá ekki betur en þessi hv. þm. og allt hans lið gengi hér í gær að því að kjósa höfuðbaráttumann kommúnismans á Íslandi í aðaltrúnaðarstarf neðri deildar Alþingis, sem forseta neðri deildarinnar.

Þetta er víst fyrsta skrefið í þá átt að uppfylla kosningakjörorð Sjálfstfl. í síðustu kosningum, sem sá flokkur sagði höfuðatriðið, en stjórnarskrármálið eða kjördæmamálið skipti minna máli.

Við vitum öll svona hér um bil, hvað hv. 1. þm. Reykv. hefur á undanförnum árum sagt um hv. 3. þm. Reykv., Einar Olgeirsson, og starfsemi hans hér á Íslandi. Ég ætla ekki að fara að hafa það eftir, því að sumt af því, sem hann hefur sagt um þennan hv. þm., er ekki einu sinni þinghæft. Við vitum öll svona hér um bil, hverju hann hefur haldið fram um þetta. En hann er ekki fyrr kominn nú inn á þingið úr þessari kosningabaráttu en hann gengur með allan flokk sinn í það að kjósa þennan hv. þm., aðalbaráttumann kommúnismans á Íslandi, í aðaltrúnaðarstöðu í neðri deild Alþingis, og leitar jafnframt stuðnings kommúnistanna til þess að verða sjálfur kjörinn sem forseti sameinaðs þings.

Þetta er ekki mjög óskemmtilegur kafli í stjórnmálasögu hv. 1. þm. Reykv. eftir allt, sem hann hefur sagt og það m. a. um Framsfl. fyrir starf hans að vinstri stjórninni og vinstra samstarfinu, að ganga hér í forsetastól sameinaðs þings, kominn þangað fyrir tilstilli kommúnista og á þann hátt að kjósa í staðinn aðaloddvita kommúnistanna á Íslandi í forsetastól neðri deildar.

Mig rekur ekki minni til þess, að það hafi verið nokkuð vikið að því í kosningabaráttunni núna í vor, að það væri þetta, sem stæði til. Mig rekur ekki minni til þess. Mig rekur ekki minni til þess, að það hafi verið nokkuð að því vikið í kosningamálflutningi sjálfstæðismanna, að það ætti að verða fyrsta verk þeirra, nú þegar þeir kæmu á þingið, að gera náið bandalag við kommúnistana um þingstörfin og raunverulega um stjórnarstefnuna þar með. Þeir létu þvert á móti kjósa sig á þing sem eins konar krossferðarriddara gegn kommúnismanum og til þess að koma í veg fyrir það, eins og þeir sögðu, að nokkurn tíma yrði framar vinstri stjórn á Íslandi.

Á þessu sjáum við svona hér um bil, hversu kosningabaráttan var heiðarlega háð af hendi þessa flokks — eða hitt þó heldur.

Alþýðubandalagið háði þessa kosningabaráttu einnig þannig, að það átti alls ekki að kjósa um kjördæmamálið, það var afgreitt mál, og menn skyldu ekkert vera að brjóta heilann um það, það væri búið að ráða fram úr því fyrir menn. En það var annað, sem menn áttu að kjósa um. Menn áttu að kjósa m. a. um það, hverjum þeir tryðu bezt til þess að hafa skelegga forgöngu um vinstra samstarf á Íslandi. Og menn áttu einnig í kosningunum að verðlauna Alþb. fyrir það, hversu heilt það hefði verið í vinstra samstarfinu á undanförnum árum. Alþb. hefði viljað halda vinstra samstarfinu áfram, en aftur á móti hefði Framsfl. verið óheill í því samstarfi og slitið því að ófyrirsynju. Um þetta skyldu menn kjósa, því að nú ætti að fara til þings til þess að efla vinstra samstarfið í landinu. Kjördæmamálið var aukaatriði. Það var eins og það ætti bara alls ekki að koma neitt meira við sögu. Nú ætti að kjósa til þings menn, sem væru skeleggir í því að efla vinstra samstarf í landinu.

En hvað hefur gerzt. Þessir hv. þm., sem báðu menn að kjósa sig á þing til þess að gera þetta, sem ég var að lýsa, þeir hafa nú, undireins og

þingið kom saman, gert fullkomið bandalag við Alþfl. og Sjálfstfl. og kosið þá menn í æðstu trúnaðarstöður á Alþingi, sem hafa lýst því yfir sem höfuðstefnumáli sínu og aðaláhugamáli, að aldrei framar geti orðið vinstra samstarf á Íslandi, — kosið þann mann til forseta sameinaðs þings, sem þetta hefur gert að sínu höfuðmáli, var mestur andstæðingur vinstra samstarfs og allra manna mest gerði til þess að grafa undan því grunninn.

Ég man ekki til þess, að það hafi nokkur orð fallið í kosningabaráttunni, sem gátu gefið það í skyn, að það væri þetta, sem ætti að ske. Ég man ekki til þess. Þvert á móti man ég eftir því, að það var farið hinum háðulegustu orðum um allt framferði einmitt Alþfl. og Sjálfstfl. í sambandi við aðfarir þeirra flokka á undanförnum mánuðum. Þessum aðförum voru falin hin hæðilegustu orð tungunnar. En nú er bara gengið í þetta bandalag tafarlaust, þegar búið er að kjósa. Og þetta gera þeir, sem sögðu, að það ætti að kjósa núna eftir því, hversu vel mönnum væri treystandi til forustu um vinstra samstarf í landinu.

Það var enn fremur í þessum kosningum af sumum minnzt talsvert mikið á landhelgismálið og þá alveg óspart útdeilt vitnisburðum í landhelgismálinu. Sumir fengu mjög lélega vitnisburði í landhelgismálinu af hendi forustumanna Alþb. t. d., aðrir aftur nokkru skárri. Og það var sagt, að það ætti líka að kjósa um þetta. En ég sé ekki betur en það sé eitt fyrsta verk þessara manna, sem þannig héldu á málinu í kosningabaráttunni, að kjósa þá menn í utanrmn. þingsins, sem lélegasta vitnisburði fengu hjá þeim sjálfum í landhelgismálinu.

Þar með er ég ekkert að dæma um þá vitnisburðagjöf, sem fram fór, en ég er bara að sýna heilindin. Ég er bara að sýna fram á heilindin í sambandi við kosningabaráttuna annars vegar, hvernig hún var rekin og hvað fólkinu var sagt, að um væri verið að kjósa, af hendi sjálfstæðismanna og af hendi Alþýðubandalagsmanna, og svo hitt, hvað byrjað er að gera, og er það þó aðeins byrjunin.

Satt að segja man ég ekki vel, hvað Alþfl. sagði að ætti að kjósa um. Ég held, að það hafi verið eitthvað á þá lund, að það ætti að kjósa um afrek hæstv. ríkisstj. Hafi það verið, þá hefur uppskeran verið nokkuð eftir því, og þarf í raun og veru ekki að hafa um það miklu fleiri orð. Það var náttúrlega ekki von, að það vekti hrifningu meðal þjóðarinnar, hvernig á málum hefur verið haldið í sambandi við stjórnarmyndunina, og framkoma Alþfl. eða þeirra afla, sem þar hafa ráðið undanfarið, enda varð ekki svo. En hvað sem var aðalatriðið í því, sem Alþýðuflokksmenn héldu fram, þá er það eitt víst, að þeir reyndu jafnmikið og hinir að halda því á lofti, að það væri ekki raunverulega kosið um það að leggja kjördæmin niður.

Það áttu allir forráðamenn stjórnarskrármálsins sammerkt að gera allt, sem þeir gátu, til þess að koma í veg fyrir, að það yrði raunverulega kosið um stjórnarskrármálið.

Þannig fór kosningabaráttan fram. Þannig var kosið til aukaþingsins, sem átti að hafa það eitt verulegt verkefni að samþykkja stjórnarskrárbreyt. eða hafna henni. Þannig var framkoma þeirra, sem fyrir þessu máli standa, í kosningabaráttunni, og þannig lögðu þeir málin fyrir þjóðina. En núna, hvað segja forráðamenn þessara stjórnmálaflokka núna? Eftir að þeir eru mánuðum saman búnir að flytja málin á þá lund, sem ég var að lýsa, segja þeir nú: Það er búið að greiða atkvæði um stjórnarskrármálið. Kosningarnar voru eins konar þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrármálið, eins og átti að vera, skilst manni nú á þeim. Og það kemur í ljós, segja þeir, og eru bara hreyknir, að þrír af hverjum fjórum Íslendingum eru sammála okkur í stjórnarskrármálinu. Þó vita þeir, að stórkostlega mikill hluti þess fólks, sem ýmist sat heima eða gerði það fyrir þrábeiðni þeirra og ýmislegt annað að kjósa ekki eftir stjórnarskrármálinu, er raunverulega algerlega mótfallinn því að leggja héraðakjördæmin niður.

Samt sem áður segja þeir nú: Það hefur farið fram þjóðaratkvæðagreiðsla um kjördæmamálið, og skoðanir landsmanna á því máli hafa komið fram. — Og svo er því bætt við, að nú eigi engin mál að taka fyrir á aukaþinginu nema kjördæmamálið. Ekki var þetta tekið fram í kosningabaráttunni, alls ekki. Það var ekki verið að halda þessu á lofti þá, að það ætti ekki að fjalla um neitt nema kjördæmamálið. Öðru nær, menn áttu bara yfir höfuð ekki að kjósa um kjördæmamálið. Það átti að fjalla um vinstra samstarf eða ekki, það átti að fjalla um baráttuna gegn kommúnismanum, menn áttu að kjósa eftir því o. s. frv., o. s. frv. Menn áttu að kjósa eftir því, hvað þeir álitu um meginstefnu flokkanna. Það var þetta, sem menn áttu að fara á þing til þess að fjalla um, eftir því sem kosningabaráttan var háð.

En jafnskjótt og búið er að setja atkvæðaseðlana ofan í kjörkassana, þá segir öll þessi hersing í kór: Það á ekki að taka neitt fyrir nema kjördæmamálið, alls ekki neitt. Það var bara kosið um kjördæmamálið, og á ekki að fjalla um neitt nema kjördæmamálið. Hitt kemur þessu ekkert við. Og þeir bæta við: Þjóðin hefur greitt atkvæði um kjördæmamálið. — En halda þeir nú ekki, að það geti skeð, að einhverjum fleirum en mér finnist þetta skrýtið og dálítið óviðeigandi, og er ekki hugsanlegt, að það kviknaði í einhverjum út af svona löguðu, út af þeirri fyrirlitningu á fólki, sem raunverulega kemur fram í svona framkomu og málflutningi? Það kalla ég fyrirlitningu að ganga fyrst að því nokkrar vikur með þeim málflutningi, sem gert var, og segja síðan, þegar búið er að kjósa: Það var kosið um kjördæmamálið. Þetta var eins konar þjóðaratkvæðagreiðsla um kjördæmamálið, og það á ekkert annað að taka fyrir en kjördæmamálið. — Hæstv. forsrh. sagði hér um þetta atriði áðan, og það var ekkert verið að skafa utan af því, ég skrifaði orðrétt eftir honum þessi orð: Það má því með sanni segja, að þjóðin hafi látið ótvírætt í ljós vilja sinn um stjórnarskrárbreytinguna. — Já, það má nú segja. Það má því með sanni segja, að þjóðin hafi látið í ljós ótvírætt vilja sinn um stjórnarskrárbreytinguna.

Nei, því miður fór þannig, að áróður flokkanna

og starf þeirra með ótalmörgu móti til þess að reyna að koma í veg fyrir, að frjáls skoðanamyndun ætti sér stað um kjördæmamálið, að þessar ráðstafanir flokkanna urðu til þess, að kosningarnar snerust ekki fyrst og fremst um stjórnarskrármálið, eins og þær áttu að gera. Á hinn bóginn er ljóst af þeirri breytingu, sem varð í kosningunum, og sérstaklega af fylgisaukningu Framsfl., að alda reis á móti kjördæmabreytingunni og að flokkunum tókst alls ekki að koma í veg fyrir, að það sæist á kosningaúrslitunum. Og sannleikurinn í þessu máli er sá, að ef vinna ætti að málinu af fullkominni sanngirni, þá sýna kosningaúrslitin það, þegar þau eru á þessa lund, þrátt fyrir allt það, sem lagt var í að koma í veg fyrir, að það kæmi fram, — þá sýna þessi kosningaúrslit, að það er í raun og veru skylt að leita að samkomulagsleið í kjördæmamálinu. Það er skylt. Þessi tilhneiging, sem hefur komið fram í kosningunum, er það rík, og hún er það rík sérstaklega þegar tekið er til þess, hversu mikið var reynt að koma í veg fyrir það, að hún kæmi í ljós, að það er skylt að taka málið upp til endurskoðunar og reyna að finna samkomulagsgrundvöll. Og samkomulagsgrundvöllur í þessu máli er til ákaflega einfaldur í þeim málamiðlunargrundvelli, sem Framsfl. hefur flutt. Og það er að fjölga þingmönnunum í þéttbýlinu, en láta héraðakjördæmin standa, falla frá því að leggja héraðakjördæmin niður, gera það til samkomulags. Og það er það, sem nú ætti að ske og nú er í raun réttri skylt að eigi sér stað, að leitað sé að samkomulagi varðandi lausn kjördæmamálsins, þegar það nú hefur komið fram þrátt fyrir allt í kosningunum, að það er mjög mikil andúð á þessari breytingu, sem á að gera, og komið hefur fram í kosningaúrslitunum greinileg andstaða gegn málinu, — mjög greinileg.

En ef ekki er hægt að fá samkomulag um að leita að málamiðlunarlausn nú í kjördæmamálinu, þá álít ég, að það eigi að vera eitt aðalverkefni þessa aukaþings að finna leið til þess, að afnám héraðakjördæmanna verði alls ekki samþykkt, verði alls ekki leitt í lög, nema fólkið fái áður að segja álit sitt um það sérstaklega, án þess að blandist inn í flokkadeilur eða nokkur önnur mál. Og mér finnst, að þeim, sem fyrir þessu máli standa, ætti að vera ljúft að vinna að því, að þetta gæti átt sér stað, að menn gætu greitt atkvæði um þetta óþvingaðir af flokkasjónarmiðum eða nokkrum öðrum sjónarmiðum. Þá væri drengilega að þessu máli staðið á alla lund og hefði enginn yfir neinu að kvarta, hvorki meðhaldsmenn málsins né þeir, sem á móti standa. Og þá ættu allir góðviljaðir menn að geta sætt sig við þá niðurstöðu, sem yrði. Þetta vildi ég að yrði alveg sérstaklega tekið til athugunar nú strax í upphafi þessa þings í sambandi við meðferð málsins í hv. nefnd.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Í því máli, sem hér liggur fyrir og kunnugt er nú orðið af allri kosningabaráttunni og umræðunum um það á síðasta Alþingi, þá stendur í raun og veru baráttan á milli lýðræðis og mannréttinda annars vegar og milli afturhalds og forréttinda hins vegar. Og það er nauðsynlegt að gera sér það ljóst, að baráttan stendur um þetta. Hvernig sem menn skipa sér í flokka máske annars í þjóðfélaginu, þá er það nauðsynlegt, að það sé tekið alveg hreint út úr, um hvað er barizt, þegar verið er að berjast um þetta mál. Það stendur spurningin um það, hvort verkamennirnir í landinu eigi að hafa sama rétt og allir aðrir Íslendingar, hvort fólkið, sem býr í þéttbýlinu, verkalýðurinn, sem þar hefur safnazt saman, eigi að hafa jafnan rétt eins og t. d. kaupfélagsstjórar Framsóknar eða hvort það eigi að vera áfram ástandið þannig, að það þurfi 8 verkamenn til þess að jafnast á við 3 kaupfélagsstjóra. Það er þetta, sem spurningin hefur staðið um í sambandi við þetta mál. Þetta er mannréttindamál, sem verkalýðshreyfingin hefur barizt fyrir á Íslandi, frá því að hún tók til starfa. Verkalýðsflokkarnir hafa, frá því að þeir byrjuðu að starfa á Íslandi, barizt fyrir því, að það sé jafn kosningarréttur á Íslandi, vegna þess að verkalýður, sem er meiri hluti þjóðarinnar, hefur því aðeins möguleika að ná fram sínum hagsmunamálum, að hann hafi sama rétt í þjóðfélaginu og hver annar. Þetta er svo sjálfsagt mál fyrir hvern einasta verkamann og fyrir allt verkafólk, að það þarf ekki að ræða lengi við þá um það, þetta skilja menn, þetta vita menn, vegna þess að þetta er grundvöllurinn fyrir allri þeirra hagsmunabaráttu, fyrir allri þeirra baráttu fyrir því að vera viðurkenndir sem menn jafngóðir og aðrir, en ekki útilokaðir meira eða minna frá, hvernig þjóðfélaginu sé stjórnað.

Það er þess vegna sá eðlilegasti hlutur, sem hægt er að hugsa sér, og hefur verið staðreynd á Íslandi í meira en 30 ár, að verkalýðsflokkarnir hafa staðið með því, að komið væri á jöfnum atkvæðisrétti fyrir alla Íslendinga, sem þýddi, að verkamaðurinn, verkalýðsstéttin, helmingur þjóðarinnar, fengi jafnan atkvæðisrétt á við alla aðra.

Hvers konar steinblinda er það nú, sem kemur fram hjá hv. 1. þm. S-M., þegar hann í sinni ræðu hérna áðan telur það alveg óeðlilegt, að verkalýðurinn á Íslandi sé þessarar skoðunar, telur það svo óeðlilegt, að það hljóti að vera alveg sérstaklega vondir foringjar, vondir flokkar, sem hafi blindað hann, svo að verkalýðnum skuli detta í hug að heimta jafnan rétt á við alla aðra, meira að segja jafnan rétt á við Framsókn? Hvers konar steinblinda er þetta, sem einkennir þennan hv. foringja Framsfl. í aðalmannréttindamálum verkalýðsins, sem hann hvað eftir annað er þó að segjast vilja starfa með? Hann meinar líklega: svo framarlega sem verkalýðurinn vill lúta að öllu því, sem hann vill skammta.

Við verðum að gá að því, að það verður að taka afstöðu til hvers máls eftir því, hvernig því máli sjálfu er háttað. Það eru til þau mál á Íslandi og þau mörg, þar sem verkalýðsflokkarnir eiga samleið með Framsfl., þar sem þeir geta unnið með honum, gert margt gott með honum. En það eru sömuleiðis til þau mál, þar sem verkalýðurinn getur átt samstöðu með Sjálfstfl. og gert jafnvel ýmislegt gott með honum. Það þarf ekki annað en að minna hv. þm. á það, sem alltaf fer í taugarnar á honum, nýsköpunar-

stjórnina á árunum, eða þá samstarf um breytingu á kosningalögum. Þetta er ekki í fyrsta skipti, sem verkalýðsflokkarnir á Íslandi hafa haft samstarf við Sjálfstfl. um breytingu á kjördæmaskipulaginu á Íslandi og breyt. á kosningalögunum. Þetta er í þriðja skipti á 28 árum. Og af hverju er það í þriðja skipti á 28 árum? Af því að Framsfl. og hans forusta hefur á öllum þessum tíma alltaf verið svo blind vegna sinna eigin hagsmuna og forréttinda einmitt í þessum málum, að það hefur aldrei verið hægt að koma því viti fyrir hana, að hún ynni með verkalýðnum að því að leysa þau.

Það er engum blöðum um það að fletta, hverjar eru höfuðandstæðurnar í okkar þjóðfélagi, auðmannastéttin annars vegar og alþýðan hins vegar, og það er heldur engum blöðum um það að fletta, hvernig Framsfl. lengi vel reyndi einmitt að hagnýta sér þessar andstæður með því að vinna með þeim á víxl. En í einu máli hefur það alltaf verið, þar sem möguleiki og frá sjónarmiði Framsóknar hætta hefur verið á, að verkalýður og auðmannastétt eða borgarastétt gætu tekið höndum saman. Það var í kjördæmamálinu, vegna þess að þar fóru hagsmunir þeirra manna, sem fyrst og fremst búa í þéttbýlinu, saman að tryggja full mannréttindi gagnvart úreltri kjördæmaskipun og þar af leiðandi sérréttindum þeirra, sem hennar nutu.

Það, sem hins vegar hefur verið það einkennandi í þessum málum á þessum þrem áratugum, hefur verið, að Framsfl. hefur frekar kosið að vera flokkur forréttinda og afturhalds í þessu máli heldur en taka sönsum og semja við verkalýðsflokkana og verkalýðinn um þetta mál. Þess vegna er það raunverulega undarlegt, að hv. 1. þm. S-M. skuli vera svo gersamlega sneyddur því að geta stungið hendinni í eigin barm, svo gersamlega sneyddur allri sjálfsgagnrýni, að hann skuli í sambandi við afstöðu Framsóknar í þessu máli að fara að tala um trúna á réttlæti. Verkalýðsflokkarnir hafa verið að berjast einmitt fyrir réttlæti í þessum málum allan þann tíma, sem þeir hafa verið að starfa á Íslandi, fyrir þeim rétti, að fátækur verkamaður í kaupstöðum landsins hefði sama rétt og hver annar Íslendingur. Tvisvar sinnum var Framsfl. búinn að leggjast á móti þessu í baráttunni, sem fram fór 1931 til 1934 og aftur 1942. Og meira að segja í sinni ræðu hér áðan virðist hv. 1. þm. S-M. ekki hafa lært meira af þeirri baráttu heldur en það, að hann segir: Það hafa nú margar stjórnarskrárbreytingar verið þvingaðar fram jafnvel gegn meiri hluta þjóðarinnar. — Ég býst ekki við, að hann hafi átt við lýðveldisstjórnarskrána, svo að það eru þá varla aðrar stjórnarskrárbreytingar en þær, sem breytt hafa kjördæmaskipulaginu á undanförnum árum. Hann stendur sem sé í þeirri trú enn þá, að stjórnarskrárbreyt. 1934 og stjórnarskrárbreyt. 1942 hafi a. m. k. önnur hvor verið þvinguð fram á móti meiri hl. þjóðarinnar. Svona gersamlega virðist þessi flokkur álíta, að Framsfl. eigi eins konar óðalsrétt á meiri hluta þjóðarinnar og ef meiri hluti þjóðarinnar hafi ekki vit á að greiða atkvæði með Framsfl., þá sé það fyrir einhverjar blekkingar vondra manna. Ég tala nú ekki um, ef meiri hluti þjóðarinnar færi nú að samþykkja einhverjar breytingar, sem tryggja vald meiri hluta þjóðarinnar í þjóðmálum, þá hlýtur það bara að vera vegna þess, að meiri hluti þjóðarinnar hafi ekki hugmynd um, hvað hann gerir.

Hv. 1. þm. S-M. stendur á því fastar en fótunum, að þessar gömlu stjórnarskrárbreytingar hafi verið þvingaðar fram á móti meiri hluta, og þá alveg sérstaklega sú, sem nú er um að ræða. Hv. 1. þm. S-M. hafði allra manna mesta og bezta aðstöðu til þess að ráða því, hvers konar kjördæmabreyting yrði samþykkt á síðasta Alþ. Það reyndi aðeins á það, hvort hann hefði einhverja trú á réttlæti. Það reyndi aðeins á það, hvort hann hefði einhverja trú á mannréttindum. Það reyndi aðeins á það, hvort hann hefði einhverja trú á lýðræði og því, að menn ættu að hafa jafnan kosningarrétt á Íslandi. Hann vissi ósköp vel um það misrétti, sem verkalýðurinn í landinu hafði átt við að búa í þessum efnum. Hann vissi ósköp vel um, hve úrelt þessi kjördæmaskipun var orðin, því að hann hafði einmitt sjálfur haft forgöngu um að reyna að misnota það, sem var verst í henni, til þess að reyna að ná sér meiri hluta á Alþingi með minni hl. þjóðarinnar. Hann veit því ósköp vel, þegar vinstri stjórnin var mynduð og þegar byrjuðu fyrstu umr. um það að mynda hana, að hans samstarfsflokkar voru ákveðnir í því, að það yrði að leysa kjördæmamálið, og Framsfl. var einmitt varaður við því strax á fyrsta samtalsfundinum og það var sett inn í sjálfan stjórnarsáttmálann, að í samstarfstíð stjórnarinnar skyldi þetta mál leyst.

Þessi hv. þm., sem var ráðh. í ríkisstj. allan tímann og forustumaður Framsóknar hér á þingi, hafði einmitt þess vegna möguleikana til þess að leysa þetta mál, leysa þetta mál á þeim grundvelli, sem Framsfl. gæti máske unað við, aðeins svo framarlega sem hann væri það forsjáll og það víðsýnn sem stjórnmálamaður, að hann tæki eitthvert tillit til annarra og eitthvert tillit til réttlætis og eitthvert tillit til mannréttinda. Hann vissi ósköp vel um það misrétti, sem verkalýðurinn átti við að búa. Hann vissi ósköp vel um það, að Framsfl. sat hér á Alþingi með 17 þingmenn með 13000 atkv. á bak við sig og t. d. Alþb. sat hér á þingi með 8 þingmenn með 16 þús. atkv. á bak við sig og Alþfl. nokkuð svipað. Hann vissi þess vegna ósköp vel, hvernig verkamönnum í landinu almennt hlaut að finnast þetta vera og að þeir mundu ekki vilja una við þetta til frambúðar. Og hvað gerði hann? Hver var hans stjórnmálavizka? Hvert var hans réttlæti? Vont var hans ranglæti, meðan hann gat ráðið kjördæmaskipuninni, en hvernig var réttlætið, þegar hann ætlaði að fara að bæta úr ranglætinu? Jú, réttlætið, það var að bjóða verkalýðsflokkunum upp á einmenningskjördæmi, eintóm einmenningskjördæmi á öllu Íslandi. Það hefur kannske verið misskilningur hjá mér, að hann væri að bjóða verkalýðsflokkunum upp á það. Það var máske ekki meiningin hjá því þingi Framsfl., sem kom saman í vor eða síðla vetrar, í marz var það víst, að bjóða verkalýðsflokkunum upp á neitt. Það var máske ekki meint til þeirra tilboðið um að

koma á eintómum einmenningskjördæmum á Íslandi, nema þar sem Framsókn kæmi það kannske illa. Það var máske meint til Sjálfstfl., sem áður fyrr hafði, a. m. k. nokkrir af hans forustumönnum, tekið afstöðu með einmenningskjördæmum á Íslandi. Það var auðséð, hvað hv. 1. þm. S-M. og þing Framsfl. meinti. Það var verið að bjóða Sjálfstfl. upp á helmingaskipti hér á Alþingi um að þurrka út fulltrúa verkalýðsins af Alþingi, jafnt Alþfl. sem Alþb., með því að koma á tómum einmenningskjördæmum á Íslandi. Og það var sett upp sem stefnumál Framsfl. í þeirri ályktun. Það var tilboðið um að framkvæma hér á Alþ. helmingaskipti, sem þessir flokkar hafa framkvæmt í bönkunum og annars staðar þar, sem þeir hafa ráðið, um lánveitingar og annað slíkt síðustu áratugina á Íslandi.

Þetta var tilboðið, sem kom. Það var raunverulega tilboð til íhaldsins, eftir að Framsfl. var búinn að sitja með verkalýðsflokkunum í stjórn í 2½ ár og búinn að svíkja það ákvæði stjórnarsáttmálans að leysa stjórnarskrármálið í stjórnartíð þessara flokka. Og það var einmitt hv. 1. þm. S-M., sem sleit því stjórnarsamstarfi og gat aldrei gert það nógu fljótt, gat varla beðið frá 30. nóv. til 4. des. með það.

Það er þetta, sem er bezt að menn geri sér ljóst, þegar farið er að tala hjartnæmt hér um alls konar sanngirni, sem menn nú eigi að taka tillit til. Það var ekki verið að sýna neina slíka sanngirni í vinstri stjórninni um þetta mál, og það var því síður verið að sýna sanngirni, þegar hv. 1. þm. S-M. var búinn að sprengja þá stjórn. Þá var hjörinn á lofti. Þá var tilkynningin frá forkólfum Framsóknar um, að nú skyldi komið á tómum einmenningskjördæmum á Íslandi, og vonin hjá hv. 1. þm. S-M., að nú slægi þó íhaldið til. Það væri þó alveg ómögulegt, að það væri ekki hægt að fá íhaldið til að fallast á svona íhaldsfyrirkomulag. Það var varla hægt að bjóða því neitt afturhaldssamara. Hv. 1. þm. S-M. virðist ekki hafa reiknað með, að það gætu jafnvel komið fyrir þeir hlutir, að Framsóknarflokkurinn gæti verið í vissu máli afturhaldssamari en íhaldið sjálft.

Svo kemur hv. 1. þm. S-M. hér nú og segir við okkur með *mikilli einlægni og fjálgi*, sem Framsókn er tamt úr kosningabaráttunni síðustu: Það er skylt að leita að samkomulagsleið núna. Núna er skylt að leita að samkomulagsleið. — Hv. 1. þm. S-M. hafði þá skyldu, undirskrifaða skyldu, í 2½ ár að leita að samkomulagsleið, var búinn að undirgangast það, var ráðh. sjálfur í stjórn, sem átti að vinna við og framkvæma það, — og hvernig taldi hann sér skylt að leita að samkomulagsleið? Hvar var þá fjálgleikinn, hvar var þá umhyggjan um byggðirnar, byggðastefnuna? Hvar var þá öll sú tilfinningasemi, sem reynt er að beita nú? Hún var ekki til, vegna þess að þá var Framsfl. enn þá við völd og þá fannst honum hann ekki þurfa að rækja þau loforð, sem hann hafði skriflega skuldbundið sig til þess að standa við. Þá hélt hann, að hann mundi geta fengið íhaldið inn á að breyta landinu þannig, að það yrðu tóm einmenningskjördæmi, og báðir þessir tveir helmingaskiptaflokkar væru lausir við verkalýðsflokkana á Alþingi.

Svo spyr hv. 1. þm. S-M., hvort menn hafi ekki samvizkubit. Ég gæti bara næstum því trúað, að hann væri farinn að hafa samvizkubit, — hann mætti sannarlega hafa það, — samvizkubit gagnvart kjósendum Framsóknar, gagnvart byggðastefnunni sinni. Hafi nokkur aðili framkallað *þá kjördæmabyltingu, sem Framsfl. þykir* svo gaman að tala um núna, þá er það Framsfl. Hverjir eru það venjulega, sem framkvæma byltingar, framkalla þær, svo að ég noti nú orðalag Framsóknar? Byltingar skapast venjulega, þegar steinblindar forréttindastéttir eða forréttindaflokkar eru svo blindir fyrir nauðsyn þróunarinnar eða réttindum almennings í þjóðfélaginu, að þeir standa á sínum forréttindum fram í rauðan dauðann, þannig að þeir knýja þá aðra, sem eru að reyna að skapa sér réttlæti í þjóðfélaginu, til þess að taka höndum saman, jafnvel kannske oft við öfl, sem þeim eru stéttarlega að ýmsu leyti andstæð, og leysa slík vandamál.

Það er steinblinda og afturhaldssemi Framsfl., sem hefur knúið fram það, sem Framsfl. núna kallar kjördæmabyltingu. Það er sá skortur á forustuhæfileikum og skilningi hjá forustu Framsóknar að kunna ekki að semja á réttum tíma við þá aðila, sem þeir hefðu e. t. v. getað fengið betri samninga við en þeir urðu að sætta sig við eftir á. Það er alveg nákvæmlega sama og þegar einn aðall — í Frakklandi eða annars staðar — skilur ekki þær hreyfingar, sem ganga fyrir sig í þjóðfélaginu, skapar sér ýmsar grýlur um það og annað slíkt og lifir það svo bara einn góðan veðurdag, að það skellur yfir hann *lýðræðisbylting*, — eða þegar gamlar forréttindaþjóðir eins og stórveldin sum í Evrópu halda nýlendum sínum svo lengi niðri með kúgun, að þær átta sig ekki á að gefa þeim ofur lítið lausan taumin til þess að geta máske samið lengur við þær og jafnvel arðrænt þær. Og ég hélt þó meira að segja, að Framsfl. hefði nú fundið það í afstöðunni, sem hann hefur reynt að hafa til Alþfl., að það mundi stundum vera heppilegra að slaka ofur lítið til, þegar hann hefur verið að reyna að brjóta einhverja aðra undir sig.

En Framsfl. hefur ekkert lært. Ég veit að vísu, að margir menn í honum hafa lært, en forustumenn hans, þeir sem ábyrgðina bera á þessu, hv. 1. þm. S-M. og hv. þm. Str., virðast ekkert hafa lært.

Það er nauðsynlegt, að þetta sé sagt, vegna þess að það er rétt, að það komi fram í þeim umr., sem hér verða, að það, sem nú hefur verið samið um á milli þessara þriggja flokka, sem að þessu standa, mál, sem alltaf hefur verið eðlilegt og sjálfsagt mál frá hálfu verkalýðsins og verkalýðshreyfingarinnar í landinu, það, að það skuli vera framkvæmt eins og það er, er m. a. vegna þess, hve blindur Framsfl. hefur verið *í sinni afstöðu, að hann hefur staðið lengur á* sínum forréttindum heldur en nokkurt vit var í fyrir hann, að hans forustumenn hafa ekki kunnað að semja í tæka tíð og hafa þess vegna spilað út úr höndunum á sér því, sem þeir máske annars að einhverju leyti hefðu getað haldið, því að það vil ég segja, eins og ég hef sagt áður

um þessa kjördæmabreytingu, sem nú var framkvæmd, kjördæmabreytingu, sem ég strax 1942 var fylgjandi, að hún er róttækari og betri en ég hefði nokkru sinni getað vænzt að geta fengið í samkomulagi við Framsfl.

En þetta kjördæmamál og afstaðan í því er ekki aðeins þáttur í almennri baráttu í þjóðfélaginu á milli lýðræðis og mannréttinda annars vegar og afturhalds og forréttinda hins vegar. Þetta er líka mál, sem snertir nokkuð afstöðuna innan þeirra flokka, sem oft eru kallaðir vinstri flokkar. Það hefur verið svo, frá því að fyrst hófst samstarf á milli Framsfl. og verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, samstarf, sem þá venjulega beindist mjög eindregið gegn Sjálfstfl., að Framsfl. hefur allan þennan tíma, — það eru nú meira en 30 ár síðan það gerðist í fyrsta sinn, — gert kröfu til þess, að það væri hann, Framsfl., sem réði í þessu samstarfi, það væri hann, sem fengi að marka stefnuna. Og í krafti hvers hefur Framsfl., bæði þegar hann tvisvar sinnum hefur átt samstarf við Alþfl. í slíkri ríkisstj. og einu sinni við Alþfl. og Alþb., — í krafti hvers hefur Framsfl. gert þessar kröfur til þess að fá raunverulega að drottna yfir þeim verkalýðsflokk eða þeim verkalýðsflokkum, sem hann hefur samið við? Framsfl. hefur gert þessa kröfu og framkvæmt þennan hlut í krafti þess, að hann hefur með ranglátri kjördæmaskipun alltaf átt miklu fleiri fulltrúa á Alþingi en hans atkvæðamagn hjá þjóðinni sagði til um, þannig að í krafti þessarar rangfengnu þingmannatölu hefur Framsfl. þess vegna alltaf reynt að hindra framgang ýmissa þeirra mála í slíku stjórnarsamstarfi, sem verkalýðsflokkurinn eða verkalýðsflokkarnir, sem hann á hverju skeiði hefur unnið með, hafa haft sérstakan áhuga fyrir. Framsfl. og Alþfl. voru t. d. jafnsterkir nokkurn veginn hvað atkvæðatölur snerti 1934, en allir vita, hvers konar vald Framsfl. krafðist að hafa í því stjórnarsamstarfi öll þessi ár.

M. ö. o.: auk þess almenna ranglætis fyrst og fremst gagnvart verkalýð landsins, sem í kjördæmaskipulaginu hefur falizt, þá hefur það sérstaka ranglæti komið fram, að þegar verkalýðsflokkur eða verkalýðsflokkar hafa verið í stjórnarsamstarfi við Framsókn, þá hefur Framsfl. í krafti síns rangfengna þingmannafjölda gert þeirri stjórn miklu erfiðara fyrir, gert hana íhaldssamari sökum sinnar eigin íhaldssemi heldur en hún ella hefði orðið og spillt framgangi fjölda góðra mála, sem ella hefðu orðið til þess að ýta undir gengi vinstri hreyfingarinnar og sérstaklega verkalýðshreyfingarinnar í landinu.

Krafa Framsfl. um að viðhalda ranglátri kjördæmaskipun og tilraunir hans í þá átt hafa þess vegna um leið verið yfirdrottnunarkrafa hans gagnvart verkalýðsflokkum eða verkalýðsflokki, sem hann hefur verið að starfa með í ríkisstj. Það hefur þess vegna ekki aðeins verið eðlilegt fyrir verkalýðinn og verkalýðsflokkana út frá almennum mannréttindum að reyna að skapa slíkt kjördæmaskipulag á Íslandi, að verkalýðurinn hefði þar jafnan rétt á við aðra, það hefur líka verið nauðsynlegt, ef einhvern tíma í framtíðinni væri hægt að skapa vinstri stjórn, sem hv. 1. þm. S-M. tækist ekki að sprengja, að verkalýðurinn gæti í slíkri stjórn ráðið meiru og betur en hann fékk að ráða í vinstri stjórninni, sem hv. 1. þm. S-M. sprengdi um mánaðamótin nóvember-desember. Þess vegna hefur þessi breyting á stjórnarskránni, sem hér liggur fyrir, líka þessa sérstöku þýðingu fyrir verkalýðshreyfingu landsins, ef verkalýðshreyfing landsins kann að hagnýta sér hana til fulls. Það er aftur annað mál.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að rekja hérna vegna þess, hve mikið hv. 1. þm. S-M. talaði um, hvernig kosningabaráttan seinasta hefði verið háð, hvernig hún var háð af hálfu Framsfl. Það mun sjaldan af hálfu Framsóknar hafa verið skírskotað svo heitt og innilega til átthaganna og átthagaástarinnar á Íslandi eins og gert var í þessari kosningabaráttu. Ég held, að það hefði nú verið viðkunnanlegra fyrir Framsfl. að beita þeirri skírskotun t. d. í kosningunum 1949 eða kosningunum 1953, þegar Framsfl. var að koma Íslandi inn í Atlantshafsbandalagið ásamt þeim flokkum, sem hjálpuðu honum til þess, og koma hernáminu á á Íslandi, — og þegar hv. 1. þm. S-M. hafði helmingaskipti við íhaldið um að veita þeim mönnum, sem elskuðu sínar byggðir úti um allt land, ávísanir á vinnu á Keflavíkurflugvelli og deilt var um helmingaskiptin til að fá réttinn og valdið til þess að koma mönnum úr sínum átthögum og suður á Miðnesheiði. Það hefði verið betur, að Framsfl. hefði munað eftir átthagaástinni, þegar hann var ásamt Sjálfstfl. að reka þá pólitík, sem rak fólkið úr byggðarlögunum í þrem landsfjórðungum og hingað suður eftir og sérstaklega suður á Keflavíkurvöllinn og þar í kring.

Og hann mætti muna það enn, að þá bezt mundi hann sýna átthagaást og einhverja viðleitni til þess að varðveita byggðir landsins í eitthvað svipuðu ástandi og þær hafa verið, sem slíkan grundvöll fyrir okkar þjóðlegu menningu, sem þær hafa verið, svo framarlega sem hann hefði tekið í vinstri stjórninni afstöðu með því að láta herinn fara burt úr landinu, í staðinn fyrir að hindra, að sá þáttur stjórnarsáttmálans væri framkvæmdur. Hann hefði átt að sýna átthagaástina þar. Þar var það betur viðeigandi heldur en reyna að berjast á móti því, að verkamenn á Íslandi fengju jafnan kosningarrétt á við aðra. Framsfl. er máske líka full þörf á að muna eftir átthagaást á Íslandi, þegar hann gengur næst til kosninga, og segja til um það afdráttarlaust, hvort hann ætlar að standa með því eða ekki að gefa erlendum auðhringum sérréttindi á Íslandi til virkjunar og starfa í stórum verksmiðjum, sem þeir reistu hér til að hagnýta orku íslenzkra fossa. Framsfl. hefur tekið afstöðu með slíku undanfarið. Og það veit hver maður, hvað það mundi þýða fyrir átthagana, sem Framsfl. sagðist í síðustu kosningum vera að vernda. Hann mætti segja til um það, hvort hann ætlar ofan á allt hernámshneykslið að bæta því við að fá ameríska auðhringa til stóriðju hérna á Íslandi. Það er bezt fyrir þá menn, sem að slíku standa og slíkt

hafa í huga, að tala sem minnst um að vernda átthagana.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara lengra út í hvernig þessi kosningabarátta var háð, en svo mikið er víst, að sjaldan hefur verkafólk á Íslandi, sem á þó oft ýmissi ágengni að venjast frá hálfu þeirra manna, sem stjórna eða eiga verksmiðjur eða annað slíkt, sjaldan hefur það lifað annað eins í þeim efnum og það, sem verkafólkið á Akureyri varð að reyna í sambandi við misnotkunina á fyrirtækjum samvinnuhreyfingarinnar þar, sem ekki er hægt að fara betur út í, nema þess sé óskað.

Ég held þess vegna, að hv. 1. þm. S-M. ætti að gera sem minnst að því, a. m. k. hér á Alþingi, að rifja upp ummæli sín eða annarra framsóknarmanna úr síðustu kosningum um átthagaást og byggðastefnu. Það er máske hægt fyrir hann að gera það á einkafundum, þar sem erfiðara er að ræða um þetta. En fari hann að reyna það hér, þá er ég hræddur um, að hann standi eitthvað verr að vígi.

Og þó finnst mér nú kasta tólfunum, þegar Framsfl. fer að tala um það sem andstæður í þessum kosningum, byggðastefnuna annars vegar og flokkastefnuna hins vegar. Er þó ekki búið að vera hér síðan 1934, að það voru sett inn í stjórnarskrána þessi sérstöku ákvæði viðvíkjandi flokkum og þeirra réttindum, það viðurkennda fyrirkomulag, að það séu stjórnmálaflokkar starfandi á Íslandi, og er orðið það rótgróið hjá þjóðinni, að það kemur varla fyrir lengur, meira að segja meðan öll einmenningskjördæmin hafa verið til, að einstaklingar bjóði sig þar fram utan flokka? Hvað á það að þýða að fara núna að stilla upp sem andstæðum byggðastefnunni og flokkastefnunni? Flokkunum hafa verið tryggð sérstök réttindi, og það er þá aðeins eitt, sem getur verið átt við með að stilla þessu á móti, og það er, að það megi ekki tryggja flokkunum jöfn réttindi, svo framarlega sem einhver einn þeirra hafi einhver sérréttindi í sambandi við byggðir landsins, eins og það er kallað.

Svo minntist hv. 1. þm. S-M. á, að það væri nú aldeilis ljótt, sem menn hefðu reynt hérna á Alþingi núna, aldrei nokkurn tíma hefðu menn vitað annað eins. Þið hafið bara kosið hver með öðrum hérna, þessir flokkar, sem standa saman að kjördæmabyltingunni. — Þegar búið er að skíra alla flokka þingsins aðra en sjálfa sig slíka byltingarflokka, eins og Framsókn hefur gert, er þá nokkuð annað eðlilegra en að þessir byltingarflokkar reyni að sjá svo um, að þetta mál gangi skikkanlega í gegnum þetta þing, — fyrst þeir hafa á annað borð tekið höndum saman um annað eins mannréttindamál eins og hérna er, er það þá nokkuð óeðlilegur hlutur? Ætli það sé nú ekki nokkuð svipað t. d. með okkur hv. 1. þm. S-M. og mig? Við höfum ekki verið svo voðalega elskulegir hvor við annan í umtali eða öðru, en engu að síður hef ég getað stutt hann með mikilli ánægju sem fjármálaráðherra í 2½ ár og hann kosið mig í þetta voðalega sæti, sem hann var að tala um að sjálfstæðismenn hefðu verið með í að kjósa mig í. Og þetta er ekki neitt nýtt í íslenzkri pólitík. Við höfum haft samstarf við Sjálfstfl. áður, meira að segja stjórnarsamstarf við hann, og við höfum haft samstarf við Framsfl., sem líka hefur verið mjög mikill hernámsflokkur, og ég efast ekki um, að við séum reiðubúnir til að hafa samstarf hvort heldur er við Sjálfstfl. eða Framsfl. og náttúrlega alltaf við Alþfl. um hvaða mál sem er, sem við álítum að séu eðlileg og góð fyrir fólkið í landinu. Við höfum aldrei nokkurn tíma látið það standa í vegi fyrir því að koma góðu máli fram, að það væri nú eitthvað kannske misjafnt að okkar áliti um þann flokk eða þá menn, sem við vildum vinna með.

Ég veit eiginlega ekki, hvað þetta er. Er hv. 1. þm. S-M. að reyna að framkalla með öllu þessu umtali, að Sjálfstfl. fari að vitna í allar mögulegar yfirlýsingar frá því í kosningunum 1956? Það voru gefnar allar mögulegar yfirlýsingar þá. Og það er nú einu sinni með svona yfirlýsingar, að það fer um þær eftir því, hvað menn álíta hentugast til að framkvæma góð mál í slíkum efnum. Við höfum aldrei tekið þá afstöðu, að við vildum ekki vinna með hvaða manni á Íslandi sem væri að því að framkvæma góð mál. Það eru aðrir flokkar, sem hafa stundum verið að láta sér slíkt um munn fara. Slíkt er ósköp barnalegt, og það er ákaflega mikil framför í íslenzkum þjóðmálum, að menn geti hér yfirleitt allir tekið höndum saman um að vinna að hvaða góðu máli sem er. Og það situr sízt á hv. 1. þm. S-M., nýkomnum út úr 2½ árs samvinnu við okkur, að fara að býsnast neitt yfir því, þó að aðrir hafi samvinnu við okkur um svo lítið mál sem forseta- og nefndakosningar á Alþingi.

Ég held nefnilega, að hv. 1. þm. S-M. geri sér alls ekki ljóst, þegar hann er að tala meðal annars t. d. um íhaldið, það voðalega íhald, — ég held hann geri sér ekki ljóst, hvað það er, sem er forkastanlegt í íslenzkri pólitík. Það, sem er forkastanlegt í íslenzkri pólitík, er íhalds- og afturhaldsstefna. Það er þröngsýnin, það er misréttið, það er arðránið, það er yfirdrottnun þeirra auðugu og voldugu yfir þeim vinnandi fjölda, hverjir svo sem það eru, sem beita þeim yfirráðum, hverjir svo sem það eru, sem sýna þá þröngsýni, hverjir svo sem það eru, sem sýna misrétti við að framkvæma það arðrán. Það er íhalds- og afturhaldsstefnan, sem er forkastanleg í íslenzkri pólitík, og hún er jafnforkastanleg þegar Framsfl. gerir sig sekan um íhalds- og afturhaldsstefnu eins og þegar Sjálfstfl. eða einhver annar flokkur gerir sig sekan um hana. Það er þetta, sem hv. 1. þm. S-M. skilur ekki og hefur aldrei skilið. Hann er svo þröngsýnn fulltrúi afturhaldsins í Framsfl., að hann hugsar alltaf sem svo: Ja, það er aðeins eitt, sem er ljótt og vont á Íslandi, það er annars vegar íhaldið og það eru hins vegar kommúnistarnir. Og svo verð ég að haga mér, hugsar hann, eftir því sem bezt brennur og möguleikarnir eru mestir til að koma minni stefnu fram. Það, sem hann aldrei sér og ekki hefur skilið enn, er, að með sinni afturhaldssemi, með sinni íhalds- og afturhaldsstefnu er hann að eyðileggja hverja vinstri stjórnina á Íslandi

á fætur annarri. Hann álítur það vera að þjóna íhaldi, svo framarlega sem einn maður ekki beygir sig fyrir íhaldi og afturhaldi Framsfl.

Man þessi hv. 1. þm. S-M., hvernig Framsfl. undir hans forustu hefur eyðilagt hverja vinstri stjórnina og jafnvel hverja einustu stjórn t. d., sem Alþfl. hefur tekið þátt í með Framsókn, á fætur annarri? Á hverju er það, sem Framsfl. sprengir þá vinstri stjórn, sem mynduð var 1934? Hann sprengir hana 1938 með því, að Alþfl. fallist á gerðardóm í vinnudeilum, og með því að samþykkja þann gerðardóm í vinnudeilum hér í þessum sal með Sjálfstfl., með stjórnarandstöðunni, og rekur þannig Alþfl. út úr ríkisstj. Afturhaldssemi þessara forustumanna Framsóknar sprengdi þá vinstri stjórn, og meira að segja svo þegar Framsfl. myndar stjórn með Sjálfstfl. og Alþfl., þá afturhaldssömu þjóðstjórn, þá sprengir Framsfl. hana með Sjálfstfl. í janúar 1942 á gerðardómslögunum og hrekur Alþfl. út úr þeirri afturhaldssömu stjórn, af því að afturhaldssemi þeirrar stjórnar tók svo út yfir allan þjófabálk, að Alþfl. undi þar ekki lengur. Og máske hv. 1. þm. S-M. muni líka meira að segja, þegar ný slík þjóðstjórn var mynduð, frekar afturhaldssöm, 1947 í febrúar, hvernig hún raunverulega liðaðist í sundur, á hverju? Á því, að Framsfl. og Sjálfstfl. tóku höndum saman um gengislækkun, sem Alþfl. vildi ekki sætta sig við. Og það er eins og hann hafi ekki getað lært af neinu af þessu, þó að hann hafi þannig alltaf sparkað þeim verkalýðsflokk, sem hann allan þennan tíma vann öðru hvoru með, út úr ríkisstjórnum, sem hann var í, með tómri afturhaldssemi. Hann sprengir líka vinstri stjórnina, sem mynduð var í fyrsta skipti með báðum verkalýðsflokkunum á Íslandi á því að heimta 8½% launalækkun af verkalýðnum. Það var afturhald. Það var árásin á lífskjörin. Það var afturhaldsstefnan, sem Framsfl. sprengdi þá stjórn á.

Hv. 1. þm. S-M. virðist halda, að vinstra samstarf sé það að hafa samstarf við Framsfl. Hann hafi einhverja einokun á því, að það geti ekki verið vinstra samstarf, nema hann sé þar með. Ég vil nú minna hv. 1. þm. S-M. á, að það hefur verið að völdum stjórn á Íslandi, þar sem verkalýðsflokkarnir og Sjálfstfl. hafa staðið saman, að vísu aldrei kölluð vinstri stjórn, en framkvæmt samt mál eins og alþýðutryggingalög, góð og gegn mál, þannig að Framsfl., þó að hann væri í stjórnarandstöðu og reyni þá oft að vera róttækur, ef hann er í slíkri andstöðu, sat hjá og gat ekki einu sinni hugsað sér að vera með í þeirri róttæku löggjöf nema einn maður úr honum.

Það er ekki nóg, að það sé stjórn með Framsfl., til þess að það heiti vinstra samstarf. Það, sem þarf að einkenna slíka stjórn, er vinstri pólitík, vinstri stefna, stefna alþýðustéttunum í hag. Það er stefna, sem miðar að því að bæta þeirra kjör, m. a. að reyna að hækka þeirra kaup, en ekki lækka það. Og það er í slíku vinstra samstarfi, sem hv. 1. þm. S-M. hefur haft möguleika á að sýna þau heilindi, sem hann var að tala hérna um áðan, og þau komu í ljós í því að heimta afturhaldsstefnu af verkalýðnum í slíku samstarfi og sprengja það ella og svíkja um leið þau loforð, sem gefin voru, eins og um lausn kjördæmamálsins. Það er íhalds- og afturhaldsstefnan, sem alþýða Íslands mun berjast á móti, hver sem framkvæmir hana.

Þegar Framsfl. sagði: Ég heimta 8% launalækkun, ef stjórnin á að sitja áfram, þá sögðum við í Alþýðubandalaginu nei, og Framsfl. sprengdi þá stjórnina. Þegar íhaldið bauð okkur upp á að mynda ríkisstjórn í desember um 6% launalækkun og hins vegar annað mál, sem var ágætt mál, kjördæmamálið, þá sögðum við nei og mynduðum ekki stjórn, þó að okkur væri mjög kært að geta komið kjördæmamálinu fram. Og þegar Alþfl. síðan myndaði stjórn um þessa launalækkun, þá fékk hann það mál í gegnum þingið, ekki bara með aðstoð Sjálfstfl., heldur líka með aðstoð Framsóknar.

Það er afstaðan til málanna, sem eðlilega markar afstöðu verkalýðshreyfingarinnar og Alþb. í öllum þessum málum. Það var alveg rétt, við sögðum það í kosningunum, að það ætti ekki aðeins að berjast um kjördæmamálið. Kjördæmamálið var það sjálfsagt mál fyrir okkar umbjóðendur yfirleitt, að við þurftum ekki sérstaklega mikið við þá að ræða um það. Það voru einstaka okkar menn, sem voru þá á annarri skoðun, eins og kunnugt er, sérstaklega okkar menn í sumum sveitum landsins. Ég átti tal við ýmsa af slíkum mönnum. Ég taldi það fullkomlega eðlilegt, að þeir fylgdu sinni sannfæringu fram í þeim málum þá, þeir stæðu jafnt í baráttunni eftir á fyrir þeirri stefnu, sem við berjumst fyrir. Hitt var alveg vitað mál, að fyrir verkalýðinn í bæjum landsins var þetta ekkert umhorfsmál, hvort ætti að auka hans mannréttindi eða ekki og hvort hann ætti að standa með því eða ekki. Það var alveg rétt, við sögðum það við fólkið í landinu, að það ætti að berjast um mál eins og launalækkunarmálið. Það hefði verið eðlilegt, að það hefði verið svarað af hálfu verkalýðsins í því, og það er mjög slæmt, að það skuli ekki hafa verið gert. En af hverju var það ekki? Meðal annars vegna þess, að einmitt Framsfl. með þá óskaplega miklu áróðursaðstöðu, sem hann hefur, tókst að gera þetta mál að það mikilli þjóðaratkvæðagreiðslu um kjördæmabreytinguna, að hann gat á þeirri andúð, — skulum við segja, — sem var víða í sveitunum á henni, unnið þó nokkurt fylgi, fylgi, sem hann vann á því að standa á móti kjördæmabreytingunni, en strax daginn eftir kosningarnar segir að sé bara fylgi Framsfl. — Þá var byggðaástin, átthagaástin, þá var hún orðin ást á Framsókn undireins. Það var auðséð, hvaða átthagar það voru, sem verið var að berjast fyrir í þeim kosningum.

Einmitt vegna þess, að það, sem er forkastanlegt í íslenzkri pólitík, er íhalds- og afturhaldsstefnan, þá verður Framsfl. að gera sér það ljóst, að í þessu máli, stjórnarskrármálinu, er hann fulltrúi íhalds- og afturhaldsstefnunnar í íslenzku þjóðfélagi. Og þess vegna er það eðlilegt, að einmitt sérstaklega verkalýðsflokkarnir lendi í skarpri andstöðu við hann út af því máli,

og það er sannarlega ekki í fyrsta skipti. Ég tel það í raun og veru undarlegt, að hv. 1. þm. S-M. skuli ekki gera sér það ljóst, eftir að það er nú búið í 25—30 ár alltaf öðru hvoru að vera eitt höfuðmál íslenzkra stjórnmála, þetta kjördæmamál, að afstaða verkalýðshreyfingarinnar í þessu máli er alltaf og hefur verið alveg ótvíræð. Að undantekinni þeirri stjórnarskrárbreytingu, þegar lýðveldið var samþ., hefur þessi kjördæmabreyting í sömu átt og nú hefur verið farið verið rauði þráðurinn í öllum stjórnarskrárbreytingum á Íslandi í þrjátíu ár. 1931, þegar Framsfl. þá var búinn að sitja í ríkisstj. með stuðningi Alþfl. um nokkurt skeið og ýmsir menn vonuðust eftir, að það mundi geta tekizt nokkur samvinna máske áfram með þeim flokkum, þá springur þessi samvinna einmitt á sjálfu kjördæmamálinu, á mannréttindamálunum, sem verkalýðshreyfingin hlaut að gera að undirstöðunni í allri sinni baráttu, og þeir, sem muna þá daga hér, þeir muna eftir því, þegar Héðinn Valdimarsson og Ólafur Thors tóku svo að segja saman höndum hér á svölum Alþingis þá.

Alþýðan og fulltrúar borgarastéttarinnar hafa alltaf getað unnið saman að þessu máli. Þetta er ekki neitt nýtt. Og þetta hefði Framsfl. sannarlega átt að vita. Ég skrifaði einu sinni alllanga grein um valdakerfi Jónasar frá Hriflu á Íslandi 1939 og var að rekja það valdakerfi, sem sá forustumaður Framsóknar hafði haft forgönguna um að byggja þá upp og var allsterkt, og hornsteinninn undir því valdakerfi væri hin rangláta kjördæmaskipun. Og ég kallaði það Akkillesarhæl þess valdakerfis, að forustumenn Framsóknar gerðu sér það ekki ljóst, að þeir höfðu byggt allt sitt valdakerfi á því, að það gæti aldrei komið fyrir, að borgarastéttin og verkalýðurinn, höfuðandstæðustéttirnar í þjóðfélaginu, gætu tekið höndum saman um neitt. Jónas frá Hriflu, formaður Framsóknar öll þau ár, hafði undirstrikað þetta sérstaklega í þeirri grein, þar sem hann gerir einna bezta grein fyrir stefnu Framsfl., þegar hann var myndaður, — grein, sem heitir: Nýr landsmálagrundvöllur — og kom í Rétti 1918, að styrkleiki milliflokksins eða Framsfl. sé einmitt fólginn í því, að þessar tvær andstæður geta aldrei náð höndum saman.

Kjördæmaskipunin og ranglætið í henni var þá Akkillesarhæll þessa valdakerfis, sem hver framsýnn forustumaður Framsóknar frá upphafi átti að sjá að þurfti að reyna að skýla, þannig að þar væri engri ör í skotið. Ef Framsfl. hefði haft stjórnvizku, þá hefði það verið hans stjórnvizka frá upphafi að reyna að semja við verkalýðshreyfingunna um breytingar á kjördæmaskipulaginu. 1931 spilaði hann hátt, beitti aðferðum, sem mjög orka tvímælis, svo að vægt sé að orði komizt, og tapaði. Þó að hann ynni í þeim kosningum, sem þá fóru fram, þá var það Pyrrusarsigur. Hann gat ekki staðið á móti þeirri þróun, sem var að verða í íslenzka þjóðfélaginu. Og menn hefðu e. t. v. átt að geta búizt við því, að forustumenn Framsóknar hefðu lært eitthvað af þessu, en þeir gerðu það ekki.

1942 endurtekur sama sagan sig. Þegar Framsfl. er búinn að reka Alþfl. út úr þjóðstjórninni með gerðardómslögunum og situr einn eftir með íhaldinu, þá er eins og Framsfl. detti það ekki í hug, hve nærri það lá að taka kjördæmamálið upp. Framsfl. gerði sína aðra höfuðvitleysu, að í staðinn fyrir að reyna þá að leysa þessi mál með verkalýðshreyfingunni, þá framkallar hann samstarf verkalýðsstéttarinnar og borgarastéttarinnar í landinu um lausnina á þessu máli.

Þegar við hv. 1. landsk. þm. (HV) áttum fyrsta samtalsfundinn við forustumenn Framsóknar og Alþfl. eftir kosningarnar 1956, þá sögðum við við þá rétt þessum orðum í sambandi við kjördæmamálið, sem þá var, eins og allir muna, ákaflega brýnt út af Hræðslubandalagssvindlinu: Við ætlum að biðja ykkur um það lengst allra orða að knýja nú ekki verkalýðinn í þriðja skiptið á 25 árum til að leysa kjördæmamálið á Íslandi með Sjálfstfl. Við ætlum að vonast til þess af ykkur, að þið sýnið þá stjórnvizku að leysa þetta mál nú, þegar við myndum sameiginlega stjórn með verkalýðsflokkunum.

Og það var lofað iðrun og yfirbót. Það var sett inn í stjórnarsáttmálann, að þetta mál skyldi leyst, og það var ekki tekið fram: á kjörtímabilinu, nei, það var tekið fram: í stjórnartíð stjórnarinnar. M. ö. o.: áður en stjórninni væri slitið eða stjórnin væri rofin, þá skyldi þetta mál vera leyst. Því lofaði Framsfl., og til þess skuldbatt hann sig skriflega. Hann hafði verið varaður við því, það hafði verið farið vel að honum, hann hafði verið beðinn um að sýna það frjálslyndi, sýna þá sanngirni, — svo að ég noti orð hv. 1. þm. S-M. áðan, — að leita nú að samkomulagsleið til að leysa þessi mannréttinda- og lýðræðismál fyrir verkalýðshreyfinguna með henni. Það var sem sé búið að vara hann við, hvílíka vitleysu hann hefði gert tvisvar sinnum á sinni ævi áður í þessum efnum, hve mjög hann hefði skort alla stjórnvizku. Það var búið að leggja að honum í fyrsta skipti, sem hann myndaði nú stjórn með báðum verkalýðsflokkunum í landinu, að nú skyldi hann þó læra af sínum fyrri mistökum og skyldi nú ekki láta þetta verða sér á í þriðja sinn. Og hann hafði tvö og hálft ár til þess að læra þetta, til þess að fara samkomulagsleiðina, til þess að leysa málin með vinstra samstarfi, og hann gerði það ekki.

Máltækið segir: Allt er þegar þrennt er. — Þegar Framsfl. þrisvar sinnum á þessum þrjátíu árum er búinn að gera sömu vitleysuna upp aftur og aftur, sleppa tækifærunum, sem hann hefur haft, hefur aldrei getað lært neitt af sínum fyrri mistökum, þá dettur manni helzt í hug það, sem sagt var um konungsætt Bourbona, þegar hún kom til valda á Frakklandi á ný eftir byltinguna og Napóleonstímana, að hún hefði ekkert lært og engu gleymt. Og það virðist vera, að hv. 1. þm. S-M. sverji sig mjög í ætt við þann aðal og þá konungsætt, sem átti svona bágt með að læra af framvindu þjóðfélagsins.

Þess vegna er það svo, að Framsfl. hefur framkallað þá samvinnu, sem nú á sér stað, átti sér stað á síðasta Alþingi um lausn þessa máls, á sér stað nú á Alþingi um þetta, framkallað það,

sem Jónas frá Hriflu 1918 varaði einmitt Framsfl. við, að hann mætti aldrei láta koma fyrir sig, að þessar tvær aðalandstæður í þjóðfélaginu sameinuðust um að skapa jafnrétti á kjördæmasviðinu.

Hitt skulum við svo ekkert vera að fara sérstaklega út í hérna, — hv. 1. þm. S-M. talaði mikið um vinstra samstarf og annað slíkt. Jú, verkalýðurinn á Íslandi er alltaf reiðubúinn til alls vinstra samstarfs og vinstri stefnu, og ég held, að það muni sýna sig í reyndinni, að þar sem báðir verkalýðsflokkarnir standa saman um ríkisstj., þar er vinstri stefna framkvæmd, hvaða aðili sem það svo er og hvað hann heitir og hvað hann kallar sig, sem þeir verkalýðsflokkar vinna með, bara af þeirri einföldu ástæðu, að þegar verkalýðurinn stendur sameinaður, þá er hann nægilega sterkur, hvort sem flokkurinn heitir Framsfl. eða Sjálfstfl., til að knýja þann flokk til að gera margt gott og afstýra því, að ýmislegt illt gerist. Það hefur reynslan sýnt. Þegar tveir verkalýðsflokkar stóðu saman í nýsköpunarstjórninni, þá var hægt að knýja fram margt gott, og þegar tveir verkalýðsflokkar stóðu saman í vinstri stjórninni, þá var hægt að knýja fram margt gott. Hitt er gefið, að meðan þeir eru ekki sterkari en þeir hafa verið og vinna ekki betur saman en þeir hafa gert, þá mun ýmislegt þar á bjáta. En hvað snertir það, að Framsfl. ætli nú að reyna að einoka fyrir sig að vera vinstri flokkur, þá vil ég bara minna hv. 1. þm. S-M. á, að hann hefur ekkert unað sér sérstaklega illa í samstarfinu við Sjálfstfl. og setið þó lengst af í samstarfi við þann flokk undanfarinn áratug, og ég veit ekki betur en það, sem dregur venjulega þessa tvo flokka saman, sé, að þetta eru hvorir tveggja, Framsókn og Sjálfstfl., fyrst og fremst fésýsluflokkar, flokkar, sem eru að hugsa um það að ráða vissum fyrirtækjum í landinu, skara eld að þeirra köku, drottna yfir bönkum ríkisins og yfir sparifé almennings og geta úthlutað lánunum úr þessum stofnunum til sinna fyrirtækja. Það er fésýslan og fésýsluhagsmunirnir, sem draga þessa tvo flokka saman. Hitt veit ég, að þeir bítast um jötuna, þeir bítast um helmingaskiptin og bítast harðvítuglega, skáka hvor öðrum ekki hvað sízt í hverjum kosningum. En það eru engir reiðubúnari til þess að standa saman, þegar um hagsmuni fésýslufyrirtækjanna, hagsmuni helmingaskiptanna er að ræða í þjóðfélaginu, heldur en einmitt þessir tveir. Ollan sýnir það máske bezt. En við skulum ekki fara út í það núna, það var ekki meiningin og mundi leiða of langt frá. Það var bara að gefnu tilefni, að ég minntist á það.

Ég vildi aðeins segja þetta út af því, sem hv. 1. þm. S-M. kom hér inn á um allan aðdraganda þessa máls, baráttuna út af þessu máli og annað slíkt. Eins og ég sagði um þetta mál fyrir kosningarnar, álít ég þar stórt spor stigið til að tryggja öllum íslenzkum mönnum og fyrst og fremst að tryggja verkalýð Íslands, sem í þéttbýlinu býr, jafnrétti á við aðra Íslendinga, að með þessu frv. sé stigið eitt stærsta sporið í lýðræðis- og mannréttindaátt, sem stigið hefur verið á Íslandi á undanförnum áratugum. Og svo framarlega sem verkalýður Íslands ber gæfu til þess að hagnýta sér þá baráttuaðstöðu, sem með þessu máli er sköpuð fyrir hann, þá verða möguleikarnir fyrir hann til þess að ráða því, hvað gerist í okkar þjóðfélagi, til þess að hafa áhrif á hvcrjar þær stjórnir sem hann kynni að taka þátt í í rétta átt, miklu meiri en verið hafa fram að þessu. Þess vegna er okkar fylgi við þetta mál jafneindregið og það var, þegar við gerðumst meðflutningsmenn að því fyrir kosningarnar og þegar ég fyrir mitt leyti 1942 lýsti því yfir, að slík kjördæmaskipun sem hér er um að ræða væri sú, sem ég áliti að þá hefði helzt átt að koma á.

Ég lýsi þess vegna eindregnu fylgi okkar við samþykkt á þessu frv. óbreyttu.

Björn Fr. Björnsson: Herra forseti. Það er af ýmsum búið að ræða allmjög þetta mál, sem hér er til umr., kjördæmaskipunarmálið, og sjálfsagt ekki auðið að komast hjá endurtekningum um mörg atriði og þá kannske hin veigamestu. Hins vegar er að mínu áliti hér eitt hið þýðingarmesta og örlagarikasta mál, sem borið hefur að höndum í hv. Alþingi um langa tíma og þorri manna í þessu landi hlýtur að láta sig miklu varða. Það er því eðlilegt, að umræður nokkrar eigi sér hér stað, og hlýtur enda svo að verða, áður en yfir lýkur. Ég tel mig skyldan að láta í ljós álit mitt að því er varðar þetta málsefni, og ég þori að fullyrða um leið, að meiri hluti kjósenda í mínu umdæmi er mér samdóma í öllum höfuðatriðum.

Eins og kunnugt er, hafa gerzt þau stóru tíðindi, að áformað er að leggja niður öll 27 kjördæmin utan Reykjavíkur, gömul og gróin umdæmi, sem þjóðin hefur búið við um langa hríð eða allan þann tíma, sem hún hefur runnið eitt sitt mesta framfaraskeið, bæði í fjárhagslegum, atvinnulegum og félagslegum efnum. Á þeim grunni hefur þjóðin byggt upp sitt land og sig sjálfa af hinum mesta myndarbrag og atorku, og jafnvel svo vel hefur til tekizt, að ótti hefur gripið ýmsan góðan manninn um það, að of hratt hafi verið farið yfir.

Hin gömlu kjördæmi hafa ásamt kosningatilhögun allri getað orkað til þessarar undirstöðu, sem án vafa hefur mátt teljast í grundvallaratriðum hin merkasta, þó að nú sé henni flest til foráttu fundið. Hér er gerð tilraun til þess að umturna þeirri skipan, þessari gömlu skipan, og taka upp nýja, sem kjördæmabyltingarmenn hefja til skýja og telja hinn eina sanna veg til lýðræðis og jafnréttis, sbr. ummæli síðasta ræðumanns, hv. 3. þm. Reykv. En lýðræði og jafnrétti, það er eins og þetta tvennt hafi ekki verið til staðar í þessu þjóðfélagi, fyrr en þegar til kemur og framkvæmd verður sú skipan, sem stefnt er að með fyrirliggjandi frv. Nú skal taka upp hlutfallskosningakerfi í fáum, en stórum kjördæmum, kerfi, sem sýnist þó vera að ganga sér til húðar, þar sem það áður ríkti um nokkurt skeið og reynsla var fengin af slíku fyrirkomulagi.

Byltingaráformið er komið nokkuð áleiðis að

markinu, en þó vantar herzlumun. Því er enn tími til þess að drepa málinu á dreif, eins og mikill meiri hluti fólks í viðkomandi kjördæmum, kjördæmunum, sem skal leggja niður, raunverulega óskar eftir, og önnur málefni af þýðingarmeira tagi verði tekin fyrir til íhugunar og nauðsynlegrar afgreiðslu. Allt um kring eru verkefnin fyrir þing og stjórn, sem krefjast bráðrar úrlausnar, fjárhagsefni hvers konar, sem komin eru að strandi eða jafnvel rekin upp á sker, 12 mílna deilan í varhugaverðri flækju, sem greiða þyrfti sem allra fyrst, háskalegur skortur á samhentri og traustri ríkisstj., sem hafi að bakhjarli öflugan meiri hluta þings og þjóðar. Á meðan þannig er ástatt, er kröftunum eytt í óviðurkvæmilegan hættuleik að vanhugsaðri breytingu á rótgróinni kjördæmaskipan, leik, sem helzt sýnist til þess gjörr að knésetja, ef auðið væri, þann stjórnmálaflokk í landi hér, sem þó lengst og bezt hefur unnið að framförum þjóðarinnar bæði til lands og til sjávar, því að vissulega munu byltingarmenn ekki sjá fram á þá sérstöku aukningu sinna þingfulltrúa, að skipt geti neinu verulegu máli, og allra sízt eftir að úrslit eru kunn orðin úr síðustu alþingiskosningum. Framsfl. kemur svo til með að halda mestu af sínu þegar í stað. Er því að ætla, að slétt verði nokkurn veginn um góma að öðru leyti en því, að mörg hin einstöku gömlu kjördæmi hefðu þá misst varanlega af þeim möguleika að halda sínum sérstöku þingfulltrúum. Hefðu þá byltingarmenn ekkert eftir nema erfiðið, kostnaðinn og svo sárindin af því að hafa átt hlut að byltingu, sem fátt leiddi gott af, en því fleira illt og ómaklegt, sérstaklega í garð þeirra, sem sízt skyldi til höggva, heldur fremur hlífa.

Hvers eiga dreifbýliskjördæmin að gjalda eða það fólk, sem sveitirnar byggir? Hefur ekki einmitt það fólk um aldaraðir sinnt hinu nytsamasta starfi í fjárhags- og andlegum efnum þjóðarinnar og verið ævinlega hin örugga brjóstvörn í frelsis- og framfarabaráttu þjóðarinnar? Hinir sérstöku hagsmunir þessa fólks ættu eftirleiðis þá undir högg að sækja og í vök að verjast, þegar kjördæmahristingurinn yrði fullgjör. Þetta er auðsætt, og ég sé ekki, að nein rök haldbær séu til staðar, sem gagni mótmælum í því efni.

Er þá komið að raunverulegum kjarna málsins. Hér er beinlínis ráðizt að dreifbýlinu, aldagömlum rétti þess og sérstöðu, rétti til þess að eiga sinn eða sína sérlegu fulltrúa á Alþingi, kjörna af héraðsbúum án íhlutunar þéttbýlis og áhrifa þess. Hafa sveitirnar til þess unnið að hljóta slík örlög? Hafa þær verið sá fjötur um fót þéttbýlinu og þjóðinni yfirleitt? Hafa þær fengið óhóflega í sinn hlut af réttindum, aðstöðu og fjármagni við úthlutun gæða til þegnanna úr sameiginlegum sjóði og því mál, að slíku linni? Er hinn sérlegi fulltrúaréttur sveitanna, sem fram að þessu hefur verið í heiðri haldinn, sá fleinn í holdi þéttbýlismanna, að óþolandi sé? Eða skal dreifbýliskjördæmunum refsað fyrir það, að fólkið þar þykist fremur eiga skjóls að leita, þar sem Framsfl. er?

Það kom glögglega í ljós í mínu kjördæmi, að margir voru þeir sjálfstæðismenn, sem í raun og veru höfðu óbeit á þessu kjördæmabrölti, ekkert síður en við framsóknarmenn. Þetta er vitað, og sjálfsagt hefur svo verið víðar og kannske alls staðar. Hins vegar kom það einnig fram, að eftir áróður af öllu tagi, eins og fram hefur komið hér í ræðum á undan, eftir áróður af öllu tagi án nokkurs tilsparnaðar héldu flokksbönd Sjálfstfl. meir og betur en ætla hefði mátt í upphafi. Sjálfstæðismenn héldu því sleitulaust fram í kosningabaráttunni, að um allt og þá ekki síst um gerðir vinstri stjórnarinnar væri kosið, allt nema kjördæmamálið, það mál væri í raun og veru til fullnustu afgreitt og aðeins formið eitt eftir. Sjálfsagt hafa þessar blekkingar og margar fleiri villt verulega um fyrir kjósendum og þeim fleiri en færri. Ég þori að fullyrða, að í mínu kjördæmi hefði mikill meiri hluti kjósenda goldið neikvæði við, ef kjördæmamálið hefði verið lagt þannig fram, að svara skyldi játandi eða neitandi framkomnum brtt. á skipun kjördæmanna, og er vafalítið, að víðar hefði sama orðið upp á teningnum. Fólkið úti um landsbyggðina vill raunverulega og eðlilega ekki leggja niður kjördæmi sín, þó að með því að keyra málið í flokksfjötra og með skírskotun til hollustu við flokkinn og flokksforingja hafi verið unnt að halda því að mestu leyti á seil í þetta sinn.

Í rauninni hefur byltingarmönnum tekizt að koma í veg fyrir, að nauðsynlegt þjóðaratkvæði fengist um málið, eins og stjórnarskráin ætlast í eðli sínu til. Á þeim tíma, sem stjórnarskrá landsins var upphaflega samin og lengi fram eftir, voru ekki stjórnmálaflokkar til í þeirri mynd, sem nú er. Helzt voru það kirkjunnar málefni, sem skiptu fólki í flokka, enda geymir stjórnarskráin alveg sérstaklega ákvæði um þjóðaratkvæði, þegar málefni kirkjunnar varðar. Það sýnir ljóslega, á hverri leið stjórnarskrárlöggjafinn hefur verið, og það er alveg sýnt, að hér þarf breytingar við, að mikilvægustu málefni verði leyst úr flokksviðjum sem allra mest og þau fengin í einföldu formi þjóðinni til samþykktar eða synjunar. Þá loks væri hægt að tala um þjóðarviljann, sem enga eða litla samleið þarf að eiga með flokksvilja. Stjórnarskrárbreytingar eiga að vera hafnar yfir flokka og sjónarmið þeirra. Sannast sagna er því eftir að fá úr því skorið, hver þjóðarviljinn í þessu máli sé í raun og veru.

Ég hef leyft mér að ræða hér lítils háttar þetta mál, að vísu nokkuð lauslega, og þetta er skoðun mín á þessu kjördæmamáli svokallaða, skoðun mín sem fulltrúa sveitakjördæmis hér á hv. Alþingi. En ég vil jafnframt telja mig kunnugan og vinveittan höfuðborginni, sem er nú höfuðþéttbýlisstaður lands vors, og ég er svo vinveittur henni, að mér dytti ekki í hug að fylgja máli, sem henni væri að mínu áliti til óþurftar. Miklu fremur vildi ég styðja hennar málefni og efla, því að þar liggur við sæmd Íslendinga að gera vel við sína höfuðborg ekki síður en aðra landshluta. En í þessu efni fæ ég ekki séð, að hennar hagur aukist hið minnsta, þó að þessi byltingaráform nái fram að ganga og þau verði framkvæmd. Ég vil miklu fremur

halda því fram, að hlutur höfuðborgarinnar verði rýrari eftir en áður. Hennar gengi hlýtur að vaxa, ef hlut sveitanna er haldið fram og þeim veitt aukið svigrúm til áframhaldandi framfara á þeim réttindagrundvelli, sem verið hefur. Og hið sama má segja um annað þéttbýli sem höfuðborgina. Afnám gömlu kjördæmanna 27 er að mínu áliti alvarlegt spor aftur á bak, og um það spor yrði öll þjóðin samstiga.

Af þessum mínum hugleiðingum hlýt ég að draga þá lokaályktun, að það sé þjóðinni allri fyrir bezta að fella það frv. til breytinga á stjórnarskrá ríkisins, sem hér liggur fyrir, nema breytingar til bóta fengjust á gerðar. Þeir flokkar, sem að frv. standa, hljóta að hafa séð, að þeirra hlutur verður ekki sá stóri vinningur, sem þeir höfðu e. t. v. í upphafi búizt við. Þeir hljóta að hafa tekið eftir því, að áformað hlutfallskosningakerfi er ekki þess umkomið að auka á veg og hagsæld íslenzku þjóðarinnar fram yfir hið gamla kerfi, en einmitt og miklu fremur líklegt til þess að auka á glundroða og reikult stjórnarfar, sem þjóð okkar má þó sízt við. Og víst mega þessir flokkar vita það, að Framsfl. mun hæglega lifa af þá hryðju, sem yfir hann skyldi koma og honum tjón vinna. Ef óánægja ríkir um stjórnarskrána, sem eðlilegt má teljast í ýmsum greinum, þá er ekkert nær sanni en að taka hana í einu lagi til allsherjar endurskoðunar, rækilegrar og illindalaust, og leggja niðurstöður að vandlega yfirveguðu ráði fyrir þing og þjóð. Slíkar tillögur ættu einvörðungu að miðast við hag þjóðarinnar allrar í heild og hennar framtíðarheill. Þessi háttur um verkbrögð yrði líklegastur til fremdar, samþykkt framlagðs frv. óbreytts hið gagnstæða.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Þegar efnahagsmálalöggjöf vinstri stjórnarinnar var til meðferðar á Alþ. vorið 1958, flutti hv. 3. þm. Reykv. (EOl) langa ræðu, svo sem hans er vandi. Í þeirri ræðu kom það greinilega fram, að þessi hv. þm. stefndi að því að hefja samstarf við Sjálfstfl. og hafði lítinn áhuga á langlífi þáv. ríkisstj. Ræða sú, sem hann flutti hér áðan, kom mér því ekki á óvart. Ég hafði vitað það fyrr, að hann hygði á samstarf við Sjálfstfl., því að það kom fram í þeirri ræðu, sem ég vitnaði til hér áðan, að hann taldi, að með þeim flokki væri hægt að starfa, það væri hægt að fá hann til að gleyma landbúnaðarsjónarmiðum þeim, sem framsóknarmenn gleymdu ekki. Hitt kom meira á óvart, að þessi hv. þm. skyldi fara að kalla Alþfl. verkalýðsflokk og telja sig alltaf hafa löngun til samstarfs við hann. Það hafði ég ekki heyrt greinilega frá hans hendi a. m. k. um langt skeið. Er það nýlunda, og veit ég ekki, hvað veldur.

Hv. 3. þm. Reykv. gaf þá skýringu á vinstri stjórn, að vinstri stjórn væri það, þegar tveir verkalýðsflokkar sætu í stjórninni, þriðji aðilinn skipti þar ekki máli. Hann gæti verið Sjálfstfl. eða þá Framsfl. eftir atvikum. Ekki veit ég, hvernig hv. 1. þm. Reykv. (BBen) kann að taka þessa skýringu, þar sem hann hefur lýst því yfir, að kjörorðið í síðustu kosningum væri: „Aldrei framar vinstri stjórn.“ Það er því ekki hugsanlegt, að hann hafi hugsað sér, að þessi skýring gæti komið fram í sambandi við vinstri stjórn.

Það var ekki undarlegt, þó að hv. 3. þm. Reykv. eyddi miklum tíma í að reyna að kenna öðrum um fall vinstri stjórnarinnar. Hann veit sem er, að sú stjórn var vinsæl og þjóðin vildi að hún sæti áfram. Hv. 3. þm. Reykv. vann hins vegar dyggilega að því, að það samstarf fór út um þúfur, eins og ég hef áður tekið fram.

Þessi hv. þm. hélt því fram, að kjördæmamálið væri mikið réttlætismál. En þó skaut því nú upp, að það hefði komið fram hjá Alþfl. 1942 í hefndarskyni, af því að Framsókn hefði komið honum út úr ríkisstj. Ekki hefði ég nú haldið, að það þyrfti að hefja réttlætismál í hefndarskyni. Það kom líka fram í ræðu þessa hv. þm., að Framsókn gæti sjálfri sér um kennt, að þetta mál væri fram komið á þann hátt, sem raun ber vitni um. Af hverju þarf að vera að koma því yfir á Framsfl., ef hér er sérstakt réttlætismál, sem þjóðin fagnar? Ég sé ekki ástæðu til, að það þurfi að eigna Framsfl. það frá bæjardyrum flutningsmanna.

Þessi hv. þm. hélt því líka fram, að verkalýðurinn í landinu væri betur settur eftir stjórnarskrárbreytingar. Verkalýðurinn í landinu hefur alltaf getað haft áhrif á stjórnmálin. Það, sem hefur staðið honum fyrir þrifum, er sá klofningur og sú sundrung, sem hefur verið innan verkalýðssamtakanna. Þessi hv. þm. hefur tekið sinn þátt í því. Það vita allir, að það er einmitt kommúnistafl., sem einna bezt hefur gengið fram í því að halda þessari sundrung við, þó að gerð hafi verið tilraun til þess af frjálslyndari mönnum að sameina til sameiginlegra átaka, eins og gert var með stofnun Alþb. Þar var stefnt að því að reyna að ná verkalýðnum úr böndum kommúnistaflokksins og stofna frjálslyndan flokk. Þannig var að því unnið á fyrstu árum Alþb., nú er það hins vegar liðinn tími. Hv. 3. þm. Reykv. tókst svo dyggilega með kommúnistafl. að eyðileggja vinstra samstarfið og þar með Alþb., að fylgi Alþb. hrundi svo greinilega sem raun bar vitni um í síðustu kosningum.

Það var því ekki undarlegt, þó að þessi hv. þm. væri að tala um samvizkubit. En það var ekki samvizkubit annarra manna, sem hann átti við, heldur sitt eigið samvizkubit. Öll hans ræða hér áðan gekk út á það að reyna að réttlæta það samstarf, sem hann hefur hafið við Sjálfstfl. og ætlar sér að halda áfram. En hann fær að vita það í kosningum framvegis eins og hingað til, að verkalýðurinn í þessu landi ætlast ekki til, að þess háttar vinstri stjórn verði sett upp, heldur vinstri stjórn í anda þeirrar stjórnar, sem starfaði undir forsæti Hermanns Jónassonar.

Þegar hæstv. fyrrv. forseti Alþ., þm. A-Húnv. fyrrv., Jón Pálmason, talaði hér í kjördæmamálinu á s. l. vori, þá sagði hann, sem rétt var, að þetta væri stærsta mál, sem fyrir Alþingi hefði komið. Það er því ekki að ástæðulausu, að það sé minnt á það, hvernig með þetta mál hefur

verið farið af hálfu flutningsmanna, sem telja sig vera að berjast fyrir réttlætismáli þjóðarinnar vegna.

Þegar þetta frv. var fyrst lagt fram hér á hv. Alþ., þá fylgdi því lítil grg., — grg., sem er minni en venja er til að fylgi með þáltill., sem þm. vilja nokkuð skýra. Í þessari grg. voru þó fullyrðingar, sem ekki fá staðizt, eins og bent var á hér í útvarpsumr. um það mál s. l. vor. Þegar þetta mál var tekið til meðferðar hér á hæstv. Alþ., flutti 1. flm. örstutta ræðu í sambandi við útvarpsumr., en aðrir flm. þess eyddu sínum tíma mest í það að deila hvor á annan, því að þeir höfðu þá ekki tekið upp jafninnilegt samstarf og nú er orðið. Og þegar umr. fóru að hefjast um þetta mál hér á hæstv. Alþ. og við Framsóknarflokksmenn tókum þátt í þeim umr., þá var það bara kallað af flm. málþóf, sem var tæplega þinglegt, og annað eftir því. Það var ekki ástæða til að vera að eyða tímanum í þessa umr. að dómi flm., enda voru þeir ekki að ómaka sig til þess að taka mikinn þátt í þeim umr. Og það var ekki fyrr en búið var að særa flm. og aðra fylgismenn þessa máls til þess að taka þátt í umr., að þeir fóru að gera það hér á hæstv. Alþ. Stefnan var hins vegar sú, að umr. skyldu vera sem minnstar og málið fara fram í kyrrþey.

Þegar út í kosningabaráttuna kom í vor, þá var það á allra vitorði, að þessar kosningar fóru fram um þetta mál. En hverju var haldið fram af fylgismönnum málsins? Var því haldið fram, að það ætti að kjósa um þetta mál, næsta Alþ. ætti um það að fjalla, en til þess væri ekki kosið með venjulegum hætti? Nei, því var ekki haldið fram. Þar sem ég kynntist málum, sagði sjálfstæðisframbjóðandinn: Það á ekki að kjósa um kjördæmamálið eingöngu, heldur um vinstri stjórnina. Það er hún, sem á að fordæma, og það á að nota kjörorðið: Aldrei framar vinstri stjórn. — Alþb.-frambjóðandinn hélt því ekki heldur fram, að það ætti að kjósa eingöngu um kjördæmamálið. Nei, það var landhelgismálið og þáttur þeirra í landhelgismálinu og þátttaka þeirra í vinstri stjórninni og svo það, að Framsókn hefði rofið það samstarf. Það var þetta, sem átti að kjósa um, en ekki kjördæmamálið. Og Alþfl.-frambjóðandinn hélt því líka fram, að það ætti ekki að kjósa um kjördæmamálið, það ætti að kjósa um stefnu ríkisstj. Það var stefna hæstv. ríkisstj., sem kjósendurnir áttu að kjósa um, og þeir, sem vildu votta ríkisstj. traust sitt, áttu auðvitað að fylgja honum. En svo, þegar kosningarnar eru afstaðnar og það er búið að leggja málið fyrir þjóðina á þennan hátt, þá er því haldið fram, að það hafi ekki verið kosið um neitt annað en kjördæmamálið. Það vita þó þessir hv. þm., sem tóku þátt í kosningabaráttunni, og þeir frambjóðendur aðrir, sem það gerðu, að þannig var ekki frá málinu gengið í þeirri baráttu. Þjóðinni var sagt, að hún ætti að kjósa um almenn stjórnmál, en ekki um kjördæmamálið eitt. Þess vegna var sú niðurstaða, sem fékkst af kosningunum, ekki sú, sem til var ætlazt með kosningunum og hugsuð er með þessu ákvæði stjórnarskrárinnar.

Ef eingöngu hefði verið barizt um kjördæmamálið í kosningunum og því haldið fram, að það eitt mála væri það, sem um væri barizt í þessum kosningum, þá væri niðurstaðan, sem fékkst, rétt, og þjóðarviljinn sá, sem greint hefur verið. En það var einmitt forðazt að halda því að fólkinu, að það væri kjördæmamálið, sem kosið væri um. Þess vegna liggur ekki fyrir neinn ákveðinn vilji fólksins um kjördæmamálið.

Mér er kunnugt um það, að margir af kjósendum í mínu kjördæmi, sem voru andstæðingar kjördæmamálsins, fylgdu Sjálfstfl. að málum, og þeir létu það ráða, þegar að kjörborðinu kom.

Þess vegna er viðhorfið til þessa máls nú með öðrum hætti en það hefði átt að vera að þessum kosningum afstöðnum, ef fylgismenn málsins hefðu lagt það fyrir þjóðina svo sem við framsóknarmenn gerðum.

Nú er því hins vegar haldið fram, að við drögum rangar ályktanir af kosninganiðurstöðunni, þegar við bendum á þetta.

Og viðbrögðin, sem nú blasa við, eru þau sömu og voru hér s. l. vor. Það á að reyna að hraða málinu sem mest, svo að fólkinu í landinu gefist sem minnst kostur á að fylgjast með því. Allt er gert til þess að sem minnst beri á því, sem hér er að gerast. Þegar við þm. komum hér til þings, þá er haldið fram í blöðum þríflokkanna, að nú sé ekkert annað að gera en samþykkja málið á nýjan leik, framsóknarmenn séu að vísu vísir til að fara að hefja hér málþóf og umr. um þetta mál, en slíkt eigi alls ekki við og þeir séu svo fráleitir, að þeir séu meira að segja farnir að flytja hér á hæstv. Alþ. þáltill., þó að á þessu sumarþingi sé.

Ég verð að segja það, að ef það er ástæðulaust að ræða stærsta mál, sem fyrir Alþ. Íslendinga hefur komið, meira en venja er til um smámál, til hvers er þá sett í þingsköp, að hvert mál skuli fara í gegnum þrjár umr. í hvorri deild, ef það á ekki að vera trygging fyrir því, að máli sé ekki flaustrað áfram og þm. og þjóðin í heild fái að fylgjast með umræðum og gera sér grein fyrir málum? Og hvenær á það við að ræða mál almennt og ræða mál rólega, ef það er ekki þegar stærsta mál, sem fyrir Alþ. þjóðarinnar hefur komið, er á ferðinni?

Og það er enn þá ástæða til að ræða þetta mál, ekki síst vegna þess, að í síðustu kosningum var staðið að þessu máli af hálfu fylgismanna þess eins og ég hef hér lýst. Og af hverju er svo verið að reyna að hraða þessu máli í gegnum þingið bæði í vor og eins nú? Það er vegna þess, að það þarf að leyna fyrir þjóðinni, hvað hér er að gerast. Það þarf að reyna að fá þjóðina til þess að átta sig ekki á því, að það er verið að skerða rétt héraða landsins utan Reykjavíkur með því að afnema rétt þeirra til þess að velja sinn sérstaka þingfulltrúa. Það er verið með þessu máli að breyta öllu félagsmálakerfi landsmanna. Ef þessi stjórnarskrárbreyting verður að stjórnarskrá lýðveldisins, þá er enginn vafi á því, að okkar félagsmálakerfi hlýtur að breytast í samræmi við þetta. Það hljóta að verða teknar upp hlutfallskosningar í

verkalýðsfélögum og öðrum stórum félögum, sem foringjar þeirra hafa þó ekki til þessa viljað fallast á. Ef menn athuga félagsmálakerfi okkar, þá er það augljóst, að það er í verulegum atriðum sniðið eftir sama viðhorfi og er hér á Alþ. Og þess vegna hlýtur það að fara svo, ef þessi skipan á einhverja framtíð fyrir sér, að þá hlýtur okkar félagsmálakerfi einnig að breytast í sambandi við það.

Og hvers vegna er svo verið að þessu? Er það vegna þess, að fólkið í landinu hafi sjálft óskað eftir því? Ég spurði um það hér í umr. í vor, hvort kjósendur í kjördæmum landsins hefðu almennt óskað eftir því, að kjördæmi þeirra yrðu lögð niður og upp yrðu tekin stór kjördæmi. Því var ekki svarað þá, og mér er ekki kunnugt um, að það hafi verið gert enn þá. Það hafa engar óskir komið upp um það nú. Því mun hins vegar reynt að halda fram, að þar sem þríflokkarnir höfðu meiri hluta kjósenda, þar hafi fólkið viljað þetta. En það var bara kosið um annað en þetta, og það voru fyrst og fremst flokksböndin, sem voru látin halda í þessum kosningum.

Nei, það, sem hér er verið að gera, er að neyða upp á fólkið úti um landsbyggðina kjördæmaskipan, sem það vill ekki. Það verður við hana að búa, hvort sem því líkar betur eða verr, og þessi skipan mun ekki leiða til neins samstarfs hjá þessum héruðum, því að þeim er ekki ætlað annað sameiginlega en kjósa fulltrúa til Alþ., hvernig sem þau á annað borð líta á það. Það er ekki verið að stofna þarna nýjar félags- eða fjárhagseiningar, heldur aðeins verið að neyða þessi héruð til þess að kjósa saman alþm., og annað er það ekki.

Þessi skipan mun þess vegna ekki verða til þess að létta undir samstarf héraða, heldur til þess að búa til ný deiluatriði, sem ekki voru til staðar áður, og þetta er gert til þess, að flokkarnir uppskeri réttilega af fylgi sínu eins og fylgismenn frv. halda fram. Breytingin á að greiða fyrir því, að kommúnistaflokkurinn geti vaxið og dafnað í þessu landi, eins og hv. 3. þm. Reykv. hefur greinilega tekið fram. Hins vegar mun það sýna sig hér eftir sem hingað til, að þjóðin aðhyllist ekki stefnu kommúnista, og þeim mun þess vegna ekki takast að fá fylgi út á þetta eitt. Þetta á að greiða fyrir því, að Sjálfstfl. nái meiri hluta á Alþ., og ekki er nokkur vafi á því, að af flm. þessa máls mun sá flokkur græða mest, þó að hins vegar muni hann ekki ná þessu marki nú a. m. k. í náinni framtíð. Og þetta á að vera til þess að tryggja Alþfl. líf, enda þótt honum hafi gengið illa að halda fylgi og útlitið núna sé ekki á þann veg, sem þessi flokkur hugði.

Eftir síðustu kosningum að dæma ætti Alþb. að fá einum þm. fleira en hann hafði á síðasta Alþingi og Alþfl. einum þm. færra. Þetta er nú öll uppskeran af því, sem til er sáð með þessum breytingum. Hins vegar héldu þessir menn, þegar þeir voru að reikna á s. l. vetri, að þeim mundi takast að reikna Framsfl. út úr dæminu, hann yrði nú áhrifalaus flokkur, svo að þeir gætu þess vegna ráðið sínum málum, án þess að hann hefði þar nokkur áhrif á. Það hefur hins vegar sýnt sig, að fólkið í landinu lítur öðruvísi á það. Því er nú fullkomlega ljóst, að Framsfl. er sá eini íhaldsandstæðingur, sem nokkuð dugir fyrir það. Þess vegna eru fleiri og fleiri, sem sameinast um Framsfl., og hann mun verða sá andstæðingur Sjálfstfl., sem mun verða höfuðandstæðingurinn, bæði til sveita og sjávar, hér eftir. Þessum mönnum mun þess vegna ekki takast að eyða Framsfl. með þeirri löggjöf, sem þeir eru nú að setja.

Eins og ég tók fram áðan í upphafi máls míns í sambandi við ræðu hv. 3. þm. Reykv., þá var það hans höfuðsjónarmið, að það væri hægt að fá Sjálfstfl. til þess að gleyma dreifbýlissjónarmiðinu, sem væri ekki hægt með Framsfl. Og það er þetta sameiginlega takmark þessara flokka, sem að er stefnt. Það var þegar byrjað á því í fyrravetur að draga úr framlögum til verklegra framkvæmda úti um landsbyggðina, og á því á að verða áframhald. Það kom greinilega fram í ræðu hjá hv. 1. þm. Reykv. hér á s. l. vetri, þegar hann taldi, að fjárfestingin, sem úr mætti draga, væri framkvæmdir kaupfélaganna. Það er þessi stefna, sem er sameiginleg fyrir þessa flokka, og það er þessi stefna, sem er undirstaðan undir því, sem hér er verið að gera.

Enda þótt það séu nú í upphafi þings gerð hálfgerð hróp að okkur um það, framsóknarmönnum, að við eigum nú ekki að vera að tefja fyrir hér á Alþ. með málþófi, eins og það er kallað, og það er hafin ádeila á okkur í blöðunum, áður en þing hefur starf og nokkur maður farinn að taka hér til máls, þá munum við, framsóknarþm., líta á það og telja það skyldu okkar að benda þjóðinni á, hvað hér er að gerast. Við munum benda henni á það, svo sem við höfum gert, að það er verið að leggja í rúst það félagsmálakerfi, sem hefur verið uppistaðan í allri hennar sigurgöngu í sjálfstæðisbaráttu, bæði landsins og héraðanna í heild. En það er verið að taka upp kerfi, sem hefur reynzt öðrum þjóðum til falls og átti að nokkru leyti þátt í því að leiða yfir þjóðirnar hörmungar og sorgir, svo sem hlutfallskosningakerfið gerði í Þýzkalandi. Það er verið að taka hér upp kerfi, sem á minnkandi fylgi að fagna í heiminum, vegna þess að það hefur ekki reynzt eins og haldið var í fyrstu.

Það eitt er víst, að við framsóknarmenn munum ekki telja eftir okkur að vara við því, sem hér á að gera, og haga okkur í þeirri baráttu eins og okkur þykir rétt hverju sinni.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Hér í þessari hv. deild hefur verið lagt fram á þskj. 1 frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, og er þetta frv. samhljóða frv., sem samþykkt var á síðasta Alþingi. Samþykkt þess þá leiddi m. a. til þess, að Alþ. var rofið og efnt til nýrra kosninga, sem fyrst og fremst, já, einvörðungu áttu að snúast um þetta mál.

Kosningarnar eru nú um garð gengnar, og ávöxtur þeirra er það þing, sem nú er nýtekið til starfa og hefur það höfuðverkefni að fjalla um breytinguna á kjördæmaskipuninni, sem

fram kemur í frv. því, sem hér liggur fyrir til 1. umr. Nú segja þeir hv. þm., sem að þessu frv. standa: Þjóðin hefur fellt sinn dóm og samþykkir, að kjördæmabreytingin skuli ná fram að ganga og öll andstaða gegn því sé héðan af tilgangslaus og neikvæð. — En þar er ég og skoðanabræður mínir á allt öðru máli.

Höfuðrök okkar gegn því, að stjórnarskrárbreytingin sé raunverulega ekki lögformlega samþ., eru þau, að núv. stjórnarfl. mistúlkuðu þetta mál í kosningunum í sumar með því að segja kjósendum ósatt. Þeir sögðu bæði í blöðum og á framboðsfundum, að ég tali nú ekki um í einkaviðtölum, að kosningarnar snerust að meginþætti um allt annað en kjördæmabreytinguna. Sjálfstfl. sagði, að kosið væri um ávirðingar vinstri stjórnarinnar undir kjörorðinu: Aldrei framar vinstri stjórn. — Alþb. sagði, að kosningarnar snerust um landhelgismálið og dýrtíðarráðstafanir núv. ríkisstj. — Alþfl. hampaði eigin efnahagsráðstöfunum og þeim kjarki að þora að taka stjórn á skipi íhaldsútgerðarinnar. Og svona mætti lengi telja. Allir þessir flokkar ásökuðu Framsfl. fyrir að taka málið eins og vera bar og töldu, að hann færi hamförum um landið í þessu máli. Sannleikurinn er sá, að Framsfl. einn gekk réttilega að þessum kosningum og túlkaði einn allra flokka eingöngu það málið, sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir að kosningarnar snerust um. Allir hinir flokkarnir notuðu meiri og minni blekkingar í kosningaáróðri sínum og gerðu vísvitandi tilraunir til að leiða hugi kjósenda frá meginatriði kosninganna, sem var kjördæmabreytingin, og til þess var flokksvaldið notað óspart.

Það er vert að hugleiða í þessu sambandi, að það atriði í stjórnarskránni, að þegar samþ. er breyt. á kjördæmaskipun, skuli efnt til almennra kosninga og breytingin skuli þá taka gildi, er hið nýja þing hefur samþ. hana, er gamalt, og flokkar í þeirri mynd, sem nú er, voru þá ekki til staðar. Þá voru einstaklingarnir minna háðir flokkunum og flokksaga og því frjálsari í ákvörðunum sínum en nú er. Þetta er staðreynd. Og í þá daga kom fram sannari mynd af þjóðarviljanum í almennum kosningum. Að þetta sé staðreynd, má sjá af því, að í stjórnarskránni er gert ráð fyrir, að ef samþ. sé breyt. á kirkjuskipuninni, þá skuli fram fara þjóðaratkvgr. um þá breytingu. En þá voru einmitt kirkjumálin viðkvæmustu þjóðmálin og skiptu þjóðinni í harðsnúna flokka. Þess vegna var nauðsyn að blanda kirkjumálunum ekki saman við önnur mál, svo að sannur þjóðarvilji kæmi í ljós. Þennan hátt hefði þurft að hafa í málinu um breyt. á kjördæmaskipuninni, sökum þess að eins og nú er staðið að málum, fæst ekki hinn rétti þjóðarvilji, vegna þess, hve nú er ruglað saman óskyldum málum í almennum kosningum, svo sem áður greinir.

Að þetta sé rétt, sannast á því, að mjög margir kjósendur, sennilega miklu fleiri en nokkurn grunar, höfðu mjög ólík viðhorf til þeirra mála, er flokkarnir sögðu þeim að ráða ættu úrslitum um atkvæði þeirra á kjördegi. Hvað átti sá kjósandi að gera, sem vildi fyrir alla muni undirstrika með foringjum Sjálfstfl. með atkvæði sínu: Aldrei framar vinstri stjórn, — en var hins vegar á móti kjördæmabreytingunni? Eða sá, sem var mjög ánægður með efnahagsaðgerðir núv. ríkisstj. og vildi ljá þeirri stefnu fylgi með atkvæði sínu, en var á móti kjördæmabreytingunni? Eða sá, sem vildi styðja réttlínukommúnista, en var þó á móti kjördæmabreytingunni? Eða sá kjósandi, sem aðhylltist landsmálastefnu Framsfl., en vildi vera með kjördæmabreytingunni? Hvernig á að samræma þessi mismunandi sjónarmið? Er ekki hætt við, að flokkssjónarmiðum hafi verið haldið fast að kjósendum og til þess notuð ýmis meðul, jafnvel þvinganir, er kjósandi hefur opinskátt látið í ljós, að hann hafi hugsað sér að kjósa í þetta sinn á móti sínum flokki og láta þá kjördæmabreytinguna ráða afstöðu sinni? Ljóst dæmi um þetta má sjá í fregnmiða frá Sjálfstfl., þar sem m. a. er talað um rangfærð ummæli manna, eins og t. d. ummæli Kristins Jónssonar í Borgarholti í Holtum í Rangárvallasýslu, þar sem hann er sagður taka aftur eða segja, að rangt hafi verið eftir honum viðhöfð ummæli í Kjördæmablaðinu. En hann gefur svo í Tímanum skriflega yfirlýsingu, að aðeins eitt af því, sem eftir honum sé haft í Morgunblaðinu og fregnmiðanum, nefnilega það, að hann sé sjálfstæðismaður, en óánægður með kjördæmabreytinguna, sé rétt, annað eftir honum í áðurnefndum blöðum sé ekki rétt. Næst á eftir þessu segir Mbl., að Kristinn hafi ekki ætlazt til, að þessi skriflega yfirlýsing yrði birt, og er talað um ölteiti í því sambandi. Hvað kom Sjálfstfl. til að fara að ráðast að Kristni í Borgarholti, þó að hann léti í ljós skoðanir sínar á kjördæmamálinu í Kjördæmablaðinu, jafnvel þó að hann sé áður og sé ef til vill enn sjálfstæðismaður, og pína hann til að slaka á sínum eigin ummælum um það mál? Var hann ekki sjálfráður að hafa sínar skoðanir? Maður getur efazt um, að svo hafi ekki verið álitið. Hvaða tegund stjórnmálabaráttu er þetta?

Mér er kunnugt um það, að fyrrv. alþm. V-Sk., Jón Kjartansson, var mjög á móti kjördæmabreytingunni í núv. mynd og lét þau boð ganga til sinna kjósenda í Vestur-Skaftafellssýslu, eftir að kjördæmamálið kom á dagskrá hér í hv. Alþ. á síðasta vetri, að hann væri á móti málinu, nema því aðeins að 7 þingmenn yrðu í Suðurlandskjördæmi. Með þessu róaði hann sína kjósendur, sem horfðu hrelldir fram á það, að þeir mundu sviptir fulltrúa úr sinni sýslu að öðrum kosti. Þótti mönnum afstaða Jóns hin drengilegasta. En hvað skeður? Þegar kemur að atkvgr. málsins í hv. efri deild Alþingis, þar sem Jón Kjartansson átti sæti, er hann allt í einu orðinn með málinu í núv. mynd. Hvað hafði skeð? Svar við þessu fékkst á þingmannafundi á Suðurnesjum í vor, eftir því sem mér er tjáð, þar sem hv. þm. G-K., form. Sjálfstfl., Ólafur Thors, segir frá því, að kjördæmabreytingin hafi verið komin í algera hættu, þar sem Jón Kjartansson, þáv. þm. V-Sk., og hv. 5. landsk. þm., Finnbogi R. Valdimarsson, mundu báðir vera á móti kjördæmabreytingunni og þannig ásamt Framsfl. hindra, að málið fengi framgang í Ed. Alþ., og yrði það þar með úr sög-

unni, hefði hann þá orðið að verja heilu kvöldi til að tala um fyrir Jóni Kjartanssyni og loks eftir ýtrustu tilraunir fengið hann til liðs við málið og bjargað því á þann hátt.

Það má skjóta því hér inn í, að í vor, er hv. þm. G-K., Ólafur Thors, kom á flokksfund austur í Vík, hældi hann Jóni Kjartanssyni fyrir ötula og skörulega forustu í kjördæmamálinu á Alþingi. Hvað kalla menn nú svona vinnubrögð og málsmeðferð? Er ekki hugsanlegt, að svona aðferðir gangi nokkuð nærri anda stjórnarskrár og kosningalaga?

Þegar staðið er þannig að grundvallarstjórnskipunarlögum, er þá ekki viðbúið, að hin rétta mynd málefnanna skekkist í augum hins almenna kjósanda og málið sé í raun og veru lagt á rangan hátt fyrir þjóðina, að forsendurnar fyrir hinum sanna og rétta þjóðarvilja séu brostnar og kjördæmabreytingin í raun og sannleika afgreidd á óviðeigandi hátt? Það er m. a. á þessum forsendum, sem við framsóknarmenn teljum að málið þurfi endurskoðunar við.

Ekki verður hjá því komizt að ræða um kjördæmabreytinguna almennt við þessa umr., þó að mikið sé búið um það að ræða á vetrarþinginu. Sú spurning kemur í hugann: Hver hefur beðið um þessa kjördæmabreytingu? Ekki er vitað um, að nein beiðni um að leggja niður núv. kjördæmi hafi komið utan af landsbyggðinni. Hins vegar er kunnugt um, að margs konar mótmæli gegn kjördæmabyltingunni hafa hvaðanæva borizt utan af landinu, sem hafa verið að engu höfð af hv. Alþ. Hvað kemur til? Það er eðlilegt, að þannig sé spurt. Kunnugt er, að á liðnum árum hafa komið fram beiðnir um að skipta kjördæmum og smækka þau, — má þar til nefna skiptingu Ísafjarðar- og Húnavatnssýslna í tvö kjördæmi, — beiðnir um að gera ýmsa kaupstaði að sérstöku kjördæmi, og hefur Alþ. orðið við þeim beiðnum. Þetta sýnir og sannar, að landsmenn yfirleitt hafa viljað kjördæmin smærri, en ekki stærri, og með því undirstrikað, að betur sé haldið á málum hinna einstöku héraða með því, að þau hafi sinn sérstaka fulltrúa, sem fólkið þekkir og á auðvelt með að ná til með málefni sín, heldur en ef þingmaðurinn er búsettur fjarri kjósendum sínum og sérstaklega lítt kunnugur mönnum og málefnum heilla byggðarlaga. Þar á ofan bætist það, sem ekki er hvað veigaminnst, að eftir að búið er að koma á stóru kjördæmunum, eiga kjósendur miklu erfiðara með að ráða því, hverjir verða í kjöri, eða skipta um þingmann, ef þeim líkar ekki við hann. Það er næstum útilokað. Við þetta bætist svo, að miklar líkur eru fyrir því, að flokksvaldið verði of ráðríkt í þessum efnum og þeir einir skipi örugg sæti á framboðslistum, sem flokksforustan vill þar hafa. Þetta stefnir ekki í lýðræðis- eða réttlætisátt og er sízt til þess fallið að sýna sanna mynd af þjóðarviljanum.

Nú eru önnur viðhorf en verið hafa. Mótmæli og óskir hvaðanæva af landinu eru nú virt að vettugi og að engu höfð á hinu háa Alþingi. Hvaða vit er í þessum vinnubrögðum? Halda hv. alþm., að virðing Alþingis aukist við þetta? Nei, vissulega ekki. Hvaða sjónarmiðum er þá verið að þjóna með kjördæmabreytingunni? Svarið virðist liggja opið við. Það er verið að gera tilraun til að efla flokksvald vissra flokka og ekki hikað við að gera það á kostnað þeirra, sem erfiðasta hafa aðstöðuna í okkar stóra og harðbýla landi. Er þetta réttlæti? Ég mótmæli því. Höfðatöluregla skapar ekki réttlæti ein út af fyrir sig. Er ekki talað um það, að mesta réttlæti sé í því fólgið að skapa mönnum sem jöfnust lífskjör? Jú, vissulega. En fæst það með því, að atkvæðisréttur sé sem jafnastur meðal íbúa landsins? Nei, aldeilis ekki. Hér í Reykjavík hafa allir sama atkvæðisrétt. Eru ekki lífskjörin misjöfn fyrir því? Í mínu kjördæmi hafa allir sama atkvæðisrétt, — en sitja þar allir við sama borð? Nei, ég er nú hræddur um ekki. Einn bóndi býr á góðri jörð með góðan akfæran veg heim að býli sínu. Annar, kannske næsti nágranni, býr á kotbýli og moldargötur ófærar öllum nútíma farartækjum, a. m. k. í misjöfnu veðri, heim að bæ hans. Það er erfitt að skapa öllum jöfn lífskjör. Á hitt má hiklaust benda, að aðstaða þeirra, er í þéttbýlinu búa, er margfalt betri til alls konar úrræða og útréttinga en þess fólks, sem heima á í hinum strjálu byggðum. Það hefur yfirleitt meiri önn og erfiði og fábrotnara og þægindasnauðara líf. Þetta fólk er fjármálalega og félagslega hinn smái í þjóðfélaginu, en vinnur þó það þýðingarmikla hlutverk að halda landinu í byggð við óhagstæð skilyrði, en til ómetanlegs gagns fyrir þjóðarheildina.

Hvaða frambærileg rök eru fyrir því að ráðast nú að þessu fólki á þann hátt að minnka lýðréttindi þess og stjórnarfarslegt sjálfstæði að nauðsynjalausu gegn eindregnum mótmælum þessa sama fólks í orði og verki, sem sannaðist einnig vel í nýafstöðnum kosningum? Hér ber enn að sama brunni. Þetta er óbein valdníðsla af hendi þéttbýlismanna að óþörfu. Þetta þykir e. t. v. harkalega til orða tekið hér á hv. Alþ. En ef svo er, hvað þýddi þá fyrirsögn Morgunblaðsins í aukablaði, sem gefið var út á kjördag, prentuð með bláu letri yfir þvera síðu, svo hljóðandi: Í dag beita Reykvíkingar valdi sínu. — Á hverjum átti það vald að bitna? Ég býst við, að svarið liggi opið við. Atkvæðafjöldi reykvískra kjósenda átti sýnilega að sveigja vilja hinna færri og smærri undir sinn stóra og sterka hæl, ofurveldi Sjálfstfl. fyrst og fremst. Bendir þetta ekki óþægilega í vissa átt pólitísks einræðis?

Það er vitað mál, að þessi kjördæmabylting átti fyrst og fremst rætur að rekja til þess að hnekkja Framsfl. og gera hann sem áhrifaminnstan á löggjafarþingi þjóðarinnar. Þess eiga nú hinar dreifðu byggðir að gjalda, að Framsfl. hefur í þeim kjördæmum átt mestu fylgi að fagna. Enginn skyldi halda, ef Sjálfstfl. eða hver annar flokkur sem var hefði þar átt verulegt meirihlutafylgi, að honum hefði komið til hugar að ljá máls á þessari kjördæmabreytingu. Þá hefðu þessir sömu flokkar talið rétt, að kjördæmunum væri ekki breytt. Þá hefði það verið kallað réttlæti, sem nú er kallað óréttlæti. Þetta sýnir, að það, sem verið er að gera með þessari kjördæmabyltingu, er aðeins

pólitísk spilamennska til að þjóna stundarhagsmunum.

Sjálfstfl. telur það sem höfuðástæðu, að stofnað var til kjördæmabreytingarinnar, að umbótabandalag Framsfl. og Alþfl. var stofnað fyrir kosningar 1956, og þessu bandalagi gefið það að sök að ætla að hrifsa til sín meirihlutavald á Alþ. eftir ólýðræðislegum leiðum. Fyrirmyndin að þessu var nú e. t. v. frá Sjálfstfl., sem við kosningarnar 1953 fann það út, að aðeins vantaði örfá atkvæði á vissum stöðum, til þess að hann fengi hreint meirihlutavald á Alþ., þó að hann hins vegar væri langt frá að hafa meiri hl. kjósenda í landinu á bak við sig. Þá var þetta ágætis réttlæti. Þessi rök hitta því ekki í mark, og það verður alveg eins opin leið eftir kjördæmabyltinguna að mynda flokkasamsteypur, ef henta þykir til framgangs mála, eftir sem áður.

En hvers vegna ber svo brýna nauðsyn til að minnka áhrif Framsfl.? Aðeins vegna þess, að hann er í raun og veru sá flokkur, sem einarðlegast og á skeleggastan hátt hefur beitt sér fyrir sönnum umbótum í landinu, bæði í sveit og við sjó, og sá flokkur, sem bezt hefur barizt á móti yfirgangsstefnu og einræðisbrölti Sjálfstfl. Þetta er þjóðin farin að skilja, og þess vegna hefur hún nú í þessum síðustu kosningum gefið Framsfl. aukinn mátt og styrkleika, einnig vegna þess, að verkalýðsflokkarnir, sem svo vilja kalla sig, hafa látið að vilja Sjálfstfl. í kjördæmamálinu og eru nú, eins og sjá má hér á hv. Alþ., saman safnaðir sem ein hjörð undir verndarvæng ritstjóra Morgunblaðsins, hv. 1. þm. Reykv., forseta Sþ., Bjarna Benediktssonar.

Heldur svo Alþb. og Alþfl. eftir hrunið í síðustu kosningum í samvinnu við Sjálfstfl. um að hrinda fram kjördæmabyltingunni, að það, sem nú hefur gerzt, sé vegurinn til lífsins? Er hér ekki á ferðinni ein þvingunin enn. Frambjóðandi Alþb. í Vestur-Skaftafellssýslu sagði í sambandi við samvinnu Alþb. og Sjálfstfl., að því mætti líkja við samning Sæmundar fróða við vissa persónu, sem allir þekkja. Ég er nú ekki viss um, að hv. 3. þm. Reykv. (EOl), þó að hann hafi sín fræði lært fyrir austan járntjald, hafi ráð 1. þm. Reykv., er nam vestan tjalds, svo í hendi sér sem Sæmundur fróði selsins forðum, og mætti svo fara, að báðir biðu tjón á sálu sinni. Eða treystir hann sér, 3. þm. Reykv., til þess að viðhafa aðferð Sæmundar með Saltaranum á réttu augnabliki? Hver veit?

En landsmenn vita nú, svo að ekki er um að villast, að ekki er til í landinu nema einn flokkur, sem hægt er að treysta í andstöðunni við íhaldið í landinu, og það er Framsfl., flokkurinn, sem kjördæmabyltingin átti fyrst og fremst að knésetja. Væri ekki rétt fyrir verkalýðsflokkana, sem enn kalla sig því nafni, að athuga nú sitt ráð, áður en það er of seint, og ganga nú hreint til verks, fresta frekari aðgerðum í kjördæmamálinu og taka til endurskoðunar alla stjórnarskrá lýðveldisins í fullri alvöru? Mér finnst vera kominn tími til þess, að svo verði gert, þar sem því var lofað strax, er lýðveldið var endurreist 1944. Ja, það verður nú ekki með sanni sagt, að þeir hv. alþm., sem að þeirri samþykkt stóðu og hafa verið á Alþ. allar götur síðan, hafi staðið vel í stöðu sinni á þessu sviði, að skapa þjóðinni ný stjórnskipunarlög við hennar hæfi. Ég held, að þjóðin yrði þakklát fyrir þá röggsemi, að nú þegar yrði að því unnið, jafnframt því að tekið væri höndum saman um að leysa aðkallandi vandamál þjóðarinnar á öðrum sviðum. Sýndist svo vera sem þannig vinnubrögð mundu ólíkt heilladrýgri en verja tímanum í óraunhæfa kosningabaráttu, sem litlu eða engu breytti nema eyða tíma og fjármunum. Við verðum alltaf sama fólkið, sem glímir við sömu vandamálin, hvað oft sem kosið er og hvernig sem kjördæmunum verður breytt.

Við framsóknarmenn hér á Alþingi teljum, að við séum fyrst og fremst kjörnir á þetta þing sem og önnur til að vinna að alþjóðarhag og velferð. Við teljum, að við gerum það bezt með því að vinna í þessum anda. Við ætlumst til, að hver maður í þjóðfélaginu ræki skyldu sína sem bezt og drengilegast, hvar í stétt og stöðu sem hann stendur, við land sitt og þjóð. Hví skyldum við ekki gera þá kröfu til vor sjálfra og ganga á undan með góðu eftirdæmi?

Í blárri bók, sem gefin var út af Sjálfstfl. í vor fyrir kosningarnar og ber titilinn „Kjördæmamálið“, stendur yfirskrift á fremstu lesmálssíðu, svo hljóðandi: Tímamót í íslenzkum stjórnmálum. — Önnur málsgrein í þessari bók hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrri kosningarnar í sumar marka lokaþátt stjórnmálatímabils í sögu þjóðarinnar, sem margir munu telja að hefjist með valdatöku Framsfl. fyrir um það bil 30 árum.“

Svo mörg eru þau orð. Mikið er hér sagt og réttilega. Vissulega hefur Framsfl. haft höfuðforustuna um helztu umbætur í landinu á liðnu 30 ára tímabili. Þetta er rétt og satt. En fyrst svo er að sögn sjálfstæðismanna, hvað gengur þeim þá til að vilja hnekkja þessum ágæta flokki, jafnvel helzt gera hann áhrifalausan um löggjöf landsins og hlaupa til þess með fljótræðislegri breytingu á kjördæmaskipun landsins, sem enginn hefur beðið um? Hyggst flokkurinn taka upp nýja stefnu, stefnu kyrrstöðu og afturhalds á öllum sviðum? A. m. k. er talað um í þessari ágætu bók, að síðari kosningarnar í haust ættu að verða upphaf nýs tímabils, — nýs tímabils! Sennilega þá andstætt því tímabili, sem mótað var af stefnu Framsfl., stefnu umbótanna. Þá er einnig talað um í þessari sömu bók, að þessi kjördæmabreyting sé aðeins spor í réttlætisátt. Nú afneita sjálfstæðismenn því, að þeir vilji gera landið allt að einu kjördæmi, og sverja og sárt við leggja. Hvert liggja þá þau spor, sem óstigin eru í réttlætisáttina? Mér er bara spurn: hvert liggja þau? Varla til enn stærri kjördæma? Eða þá til baka aftur, það kemur varla til mála? Það er óhugsandi annað en flokkurinn standi nokkurn veginn jöfnum fótum, þegar göngunni er lokið. Getur það verið, að skrefið, sem eftir er, sé að afnema öll kjördæmi? Til er í veraldarsögunni a. m. k. að afnema alla flokka með valdboði, þegar tækifæri

hafa gefizt. Það virðist vera, að tilgangurinn með kjördæmabyltingunni hafi verið sá, svo sem að framan er greint, að þurrka út áhrif Framsfl. Ef það tækist, er ekki mikið eftir. Hinir flokkarnir virðast komnir í höfn og varðveitast af móðurlegri umhyggju í bili.

En Framsfl. þurrkast ekki út með kjördæmabreytingunni, heldur eflist og það til mikilla muna. Þess vegna getur Sjálfstfl. rólegur frestað framgangi kjördæmabreytingarinnar, vegna þess að höfuðforsenda þess máls er brostin. Fólkið í landinu vill áframhaldandi umbótastefnu framsóknarmanna í landsmálum, en fordæmir stöðnun og afturhald.

Herra forseti. Ég fer nú að ljúka máli mínu. Að lokum vil ég draga saman í stuttu máli þau rök, sem ég hef hér að framan gert að umtalsefni til stuðnings því, að taka beri frv. það, sem hér liggur nú fyrir til 1. umr., til frestunar og nýrrar endurskoðunar:

1) Vegna þess, að því var haldið mjög að kjósendum af þríflokkunum, sem að þessu kosningafrv. standa, að kosningarnar í vor snerust engu síður um önnur þjóðmál en kjördæmabreytinguna, og því náðist ekki fram hinn sanni þjóðarvilji í því máli, sem raunverulega átti um að kjósa. Málið var því ekki lagt nógu hreint og greinilega fyrir þjóðina.

2) Vegna þess, að gengið hafi verið með óhóflegum hætti að því að beita flokkavaldinu gegn því, að kjósendur mættu greiða atkvæði samkv. skoðunum sínum á kjördæmamálinu einu út af fyrir sig.

3) Enginn hefur beðið um þessa kjördæmabreytingu. Þvert á móti hefur Alþ. borizt fjöldi mótmælabréfa og samþykktir hvaðanæva af landinu gegn þessari breytingu. Hér er því unnið gagnstætt þeirri stefnu, sem Alþ. hefur oftast í heiðri haft, að virða vilja fjöldans, sem borið hefur fram óskir til Alþingis.

4) Vegna þess, að önnur og þýðingarmeiri verkefni bíða nú Alþ. en að efna til deilna og kosningabaráttu, sem er algerlega óraunhæf fyrir þjóðina. Þess vegna ber alþm. nú þegar að snúa sér að því af alhug að sinna aðkallandi verkefnum, sem raunverulega þola enga bið.

5) Skylt er að leggja áherzlu á, að nú þegar verði hafizt handa um að setja landinu nýja stjórnarskrá, svo sem margsinnis hefur verið lofað, og eigi fyrr kosið á ný en því verki er lokið, sem ekki ætti að verða seinna en vorið 1961.

Afstaða mín til frumvarps þessa, sem hér er til umr., mótast af framansögðu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði dregið að kveðja mér hljóðs aftur, vegna þess að ég gerði ráð fyrir því sem sjálfsögðum hlut, að höfuðtalsmaður eða höfuðtalsmenn Sjálfstfl. í d. gerðu grein fyrir viðhorfi flokksins nú eftir kosningarnar. En þar sem hæstv. forseti var, eins og eðlilegt var, þar sem enginn hafði kvatt sér hljóðs, að slíta umr., þá kvaddi ég mér hljóðs, þótt talsmenn Sjálfstfl. hafi ekki enn þá talað. Mun það vottur þess, að þeir ætli sér ekkert að segja eða hafi ekki neitt ætlað sér að segja við þessa 1. umr. málsins.

Má þetta alveg tvímælalaust til stórtíðinda teljast, því að ég hugsa, að það sé einsdæmi í sögu Alþingis, að mál eins og þetta hafi verið lagt fyrir hv. Alþ., án þess að þeir menn, sem mestan þátt hafa átt í málinu frá byrjun og bera það í raun og veru fram og uppi fyrst og fremst, segðu eitt einasta orð til þess að skýra viðhorf sitt, og þá allra sízt, að slíkt hafi nokkru sinni skeð um mál eins og stórfellda breyt. á sjálfri stjórnskipan landsins.

Með þessu tel ég, að Alþ. sé sýnd óvirðing, sem er með öllu óviðeigandi. Það má vera, að með þessu ætli þessir „stóru“ menn, sem standa fyrir þessu stóra máli, að sýna okkur óvirðingu, sem tölum gegn málinu. En hafi þeir ætlað að gera það með þessu móti, þá er það alveg misskilið. En þeir gera annað. Þeir sýna þeirri stofnun óvirðingu, sem við þó allir ættum að virða, hvað sem við álítum hver um annan.

Það má vera, að sjálfstæðismönnum þyki málstaður sinn þannig og afstaða öll nú um þessar mundir þannig vaxin, að þögnin hæfi bezt. Og má vera, að þeir hafi nokkuð til síns máls í því. En það er samt engin frambærileg afsökun fyrir þessu, sem nú er fram komið.

Ég mun ekki bæta hér við það, sem ég sagði í minni fyrri ræðu í dag um afstöðu sjálfstæðismanna sérstaklega í sambandi við þetta mál. Ég vék nokkuð að henni, sumpart sér í lagi og sumpart í sambandi við það, sem ég sagði um afstöðu flokkanna þriggja. Ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það. Á hinn bóginn mun ég svara hér nokkuð því, sem hv. 3. þm. Reykv. (EOl) tók fram til svars þeirri ræðu, sem ég flutti hér í dag.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði í fyrsta lagi og lagði á það megináherzlu í sínu langa máli, að það væri alveg sérstök lífsnauðsyn fyrir verkamenn í landinu að fá fram þá stjórnarskrárbreyt., þá breytingu á kjördæmaskipuninni, sem nú væri efnt til, og það hefði verið alveg óhugsandi, að verkalýðurinn í landinu hefði getað fellt sig við að leysa kjördæmamálið eftir þeim leiðum, sem komu til greina af hendi framsóknarmanna.

Ég vil athuga ofur lítið þessa fullyrðingu hv. þm., því að hér er mikið í fang færzt af hans hendi að halda þessu fram.

Framsfl. hefur lagt fram miðlunartillögu í kjördæmamálinu, sem hann lét einnig greinilega vita um innan vinstri stjórnarinnar, áður en hún fór frá, sem sé þá málamiðlun að fjölga þingmönnunum á þéttbýlissvæðunum jafnmikið og þeir vilja, sem nú standa fyrir stjórnarskrármálinu. Um þetta var því ekki ágreiningur. En Framsfl. vildi jafnframt alls ekki fallast á að leggja niður héraðakjördæmin og setja í staðinn upp aðeins 7 stór kjördæmi.

Það er þetta og þetta eitt, sem ber á milli í kjördæmamálinu varðandi lausnina á stjórnarskrármálinu. Þetta er auðvitað mjög stórt grundvallaratriði, sem getur alveg skipt sköpum fyrir þjóðina á næstunni, eins og við höfðum sýnt fram á í þeirri málefnabaráttu, sem um þetta

hefur verið háð. En það er alveg eftir enn og óleyst verkefni af hendi hv. 3. þm. Reykv. að sýna fram á það með rökum, að það sé sérstakt hagsmunamál fyrir verkamenn í landinu að leggja niður gömlu kjördæmin og innleiða þess í stað sjö ný kjördæmi einvörðungu, — að það sé algerlega óhugsandi, að verkamenn í landinu geti sætt sig við héraðakjördæmin, og það sé sérstakt hagsmunamál fyrir þá að leggja þau niður. Hv. þm. á alveg eftir að sýna fram á, að það sé nokkur heil brú til í fullyrðingu hans um þetta. Mun þessi fullyrðing því reynast honum léleg afsökun fyrir því að eiga að því meginþátt að rífa niður vinstra samstarfið til þess að taka saman höndum við sjálfstæðismenn um að koma fram þessari breytingu á kjördæmaskipuninni, enda hygg ég sannast að segja, að sá verkamaður sé vandfundinn í þessu landi, sem mundi vilja taka undir þessi rök hv. þm. eða þessar afsakanir, sem áttu þó að vera undirstaða að allri afstöðu Alþb. og kommúnista um þetta mál.

Þá þrástagaðist hv. 3. þm. Reykv. á því, að Framsfl. hefði verið staður í stjórnarskrármálinu, — afturhald, — íhald, — hefði alls ekki skilið, að það þyrfti að gera neinar breytingar á kjördæmaskipun landsins, og hefði aldrei skilið. Þess vegna hlyti það svo að fara og hefði svo farið nú, að vinstri flokkarnir, sem hann kallaði, hefðu ekki átt í annað hús að venda en til Sjálfstfl., íhaldsins, sem þeir kalla, til þess að leysa kjördæmamálið. Þeir hefðu orðið að gera það ekki aðeins núna, heldur oft áður. Og hv. þm. greindi til sönnunar þessu, að það, sem framsóknarmenn hefðu haft til málanna að leggja, hefði verið að innleiða í landinu einmenningskjördæmi einvörðungu, — afturhaldsstefna Framsfl., sem hann kallaði. Það hefði nánast verið móðgandi við þessa flokka að stinga upp á slíku.

En hv. 3. þm. Reykv. stakk bara aðalatriðinu í þessu efni algerlega undir stól. Hann sleppti því ósköp einfaldlega að greina frá því, að Framsfl. var allan tímann — og gerði það vitanlegt — reiðubúinn til þess að leysa kjördæmamálið eftir málamiðlunarleiðinni, sem hann síðar lagði fram á Alþingi. Og það er ekki að innleiða eintóm einmenningskjördæmi í landinu, heldur að fjölga kjördæmakjörnum þingmönnum, þar sem fólkinu hefur fjölgað mest, og innleiða þar að vísu nokkur einmenningskjördæmi, en láta uppbótarþingsætin standa og héraðakjördæmin.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að með því að vera algerlega staður í kjördæmamálinu hefði Framsfl. setið af sér betri lausn, og hann sagði í því sambandi, að flokkurinn hefði „máske að einhverju leyti getað fengið betri lausn", eins og hann orðaði það á einum stað í ræðunni. Og er þetta orðalag gott sýnishorn af málflutningnum. Sannleikurinn í þessu máli er einfaldlega sá, að Framsfl. stóð fullkomlega við það, sem hann hét, þegar efnt var til vinstra samstarfsins, að leita að málamiðlunarleiðum í kjördæmamálinu, og gerði það ljóst, að hann vildi fallast á málamiðlun, sem hefði verið fullnægjandi fyrir þá, sem nú standa fyrir þessu máli, eins og hv. 3. þm. Reykv., ef þeir hefðu ekki lagt á það ofurkapp sem aðalatriði að fella héraðakjördæmin niður.

Það var sá ágreiningur, sem ekki var hægt að brúa, eins og eðlilegt er, því að þar er algerlega um grundvallarskoðanamun að ræða.

Í þessu sambandi vil ég einnig minnast hér á atriði, sem kom fram í ræðu háttv. 3. þm. Reykv. Hann sagði, að þm. S-M. hefði verið að tala hér um eitthvað, sem héti byggðastefna og flokkastefna í kjördæmamálinu, og slíkt væri algerlega út í hött, sagði hv. 3. þm. Reykv. Fór hann í því sambandi að tala um, að það væri langt síðan gert hefði verið ráð fyrir flokkum í stjórnarskrá og kosningalögum landsins o. s. frv.

Ég vil rifja það upp með örfáum orðum, hvað það er, sem ég kalla byggðastefnu í kjördæmamálinu, og hvað það er, sem ég kalla flokkastefnu.

Byggðastefnan í kjördæmamálinu er einfaldlega sú að miða kjördæmaskipunina fyrst og fremst við byggðarlögin, að ætla byggðarlögunum í landinu rétt til þess að kjósa sér sérstakan fulltrúa eða sérstaka fulltrúa, ef þeir eru fleiri, til Alþingis. Þetta kalla ég byggðastefnuna í kjördæmamálinu og tel það síður en svo út í hött.

En aftur á móti er til önnur stefna í þessu máli, og hún er sú, að það verði að svipta byggðarlögin þessum rétti til að kjósa sér sérstakan fulltrúa, því að ef sá réttur haldi áfram að vera, þá komi ekki út nákvæmlega rétt þingmannatala á Alþingi fyrir flokkana. Það geti sem sé farið þannig, að flokkarnir hafi ekki á Alþingi nákvæmlega jafnmarga þingmenn og þeir eiga að hafa miðað við kjósendatölu sína í landinu öllu. Og þessir menn segja: Það er aðalatriðið, að þetta komi rétt út fyrir flokkana, og þess vegna verður réttur byggðarlaganna að víkja fyrir rétti flokkanna. Það verður að nema byggðaréttinn burt til þess að auka líkurnar fyrir því, að flokkarnir fái sinn rétt.

Þetta eru tvær stefnur í kjördæmamálinu, byggðastefnan og flokkastefnan. Menn geta kallað þær öðrum nöfnum, ef þeir vilja, en þarna liggur grundvallaratriðið í öllu málinu.

Annars vegar eru þeir, sem vilja eins og áður byggja á byggðarlögunum og rétti fólksins í þeim. Hins vegar eru hinir, sem vilja miða stjórnarskrána og kosningalögin fyrst og fremst við flokkana og þeirra hagsmuni og hitt verði að víkja. Það er eins og áður hefur verið sagt: annars vegar eru þeir, sem líta þannig á, að það sé eðlilegast, að flokkarnir í landinu lagi sig eftir stjórnarskipuninni og byggðarlögunum, en hins vegar eru hinir, sem vilja laga stjórnarskipunina eftir flokkunum, — sem ekki sjá neinn fastan punkt í þjóðlífinu yfir höfuð nema flokkana, — eins og þeir þá líka eru nú fastir eða hitt þó heldur, sífelldum breytingum undirorpnir.

Sannleikurinn er sá, og það mun eiga eftir að koma betur í ljós framvegis, að það er stórfellt óheillaspor að yfirgefa byggðastefnuna í kjördæmamálinu og taka nú upp á því að miða

hér fyrst og fremst eða svo að segja einvörðungu við flokkasjónarmiðin. Þó að það sé sagt núna af forráðamönnum þessa máls, að þeir vilji taka tillit til byggðanna, nokkurt tillit, með því að hafa þó sjö hólf, þá er því jafnframt lýst yfir, að þetta sé aðeins áfangi, lokamarkmiðið, eina réttlætið sé það, að allir hafi flokkarnir þingmannatölu í samræmi við kjósendafjöldann. Og það þýðir, að lokatakmarkið í hugum allra þessara manna hlýtur að vera það, að landið verði raunverulega — raunverulega, segi ég, hvort sem það verður formlega eða ekki — eitt kjördæmi að lokum, ef það þarf til þess, að allt verði rétt frá sjónarmiði flokkanna. Þetta þýðir, að þeir geta fallizt á það, að fólk í afskekktari byggðarlögum landsins kjósi tiltölulega fleiri þingmenn en þeir, sem búa í þéttbýlustu héruðunum, þ. e. a. s., þeir geta fallizt á þetta því aðeins og á meðan þetta fólk kýs flokkana í nákvæmlega sömu hlutföllum og fólkið á þéttbýlissvæðunum gerir. Ef þetta fólk, sem býr víðs vegar í fjarlægari héruðum frá höfuðborginni, tekur upp á því að treysta einum flokki betur en öðrum fyrir sínum málum, þá hlýtur sá flokkur að hafa tiltölulega fleiri þingmenn miðað við kjósendatölu en aðrir.

En þá koma bara þessir menn, sem núna standa fyrir kjördæmabreytingunni, og segja: Nú er aftur orðið ranglæti, nú er aftur orðinn skakki í þessu máli, sem þarf að jafna, og þá verður aftur rokið í stjórnarskrána, eins og við höfum séð að gert hefur verið, ekki einu sinni, ekki tvisvar, heldur þrisvar. Og þannig verður haldið áfram, vegna þess að flokkastefnan í kjördæmamálinu getur ekki leitt til annars en áframhaldandi skrefa í þessa sömu átt, að útþynna gersamlega þann sérstaka rétt, sem fólkið í byggðarlögunum hefur haft.

Að vera að tala um það, að einhver flokkur hafi sérstakan rétt í sambandi við fyrirkomulag á kjördæmaskipuninni, er vitanlega ekkert annað en hrein fjarstæða. Enginn flokkur hefur neinn sérstakan rétt. Allir flokkar hafa sömu möguleika til þess að keppa um hylli þess fólks, sem býr í þessum kjördæmum, með því að sinna málefnum þess. Það má vel vera, að þetta fólk vilji frekar aðhyllast einn flokkinn en annan. Þá er það ekki fyrir það, að sá flokkur hafi nokkur sérréttindi, heldur er það fyrir hitt, að fólkið í þessum byggðarlögum hefur nokkuð sérstakan rétt, sem það notar á þann hátt, að það felur þeim, sem það treystir bezt, forráð sinna mála. Og það er þetta, sem á að taka af mönnum núna með því að breyta kjördæmaskipuninni eins og til stendur.

Þetta var um kjördæmamálið, sumpart af því tilefni, sem hv. 3. þm. Reykv. gaf, sumpart vegna þess, að nauðsynlegt er blátt áfram að taka fram þessi atriði einu sinni enn og máske oftar, áður en endanlega verður gengið frá þessu örlagaríka máli.

En það voru fleiri punktar, sem hv. 3. þm. Reykv. minntist á, sem ástæða er til þess að rekja örlítið.

Það er fyrst þetta, að honum gerðist tíðrætt hér um vinstra samstarf og hverjir hefðu sundrað vinstra samstarfi og slitið vinstra samstarfi. Og hann sagði: Hv. 1. þm. S-M. er frægur fyrir að hafa slitið öllu vinstra samstarfi, sem hann hefur komið nálægt. — Þetta var efni þess, sem hann vildi sagt hafa. En hver var það, sem fyrstur tók spaðann til þess að grafa undan vinstri stjórninni? Hver stakk fyrstu skóflustunguna í sambandi við það verk? Ég ætla, að það hafi verið hv. 3. þm. Reykv., svo að ekki verði um villzt. Það var þessi hv. þm., sem frá öndverðu vann á móti vinstra samstarfinu innan Alþb. og var því mótfallinn frá byrjun. Og það var þessi hv. þm., sem beitti sér af alefli gegn efnahagslöggjöfinni 1958 og hóf í framhaldi af því stórfellda sókn á vinstri stjórnina í blaði sínu og með öllum hugsanlegum ráðum til þess að koma vinstra samstarfinu fyrir kattarnef. Og honum tókst það með aðstoð þeirra afla, sem núna standa ásamt honum að því að lögleiða nýju stjórnarskrárbreytinguna.

Fyrst var unnið saman að því að eyðileggja vinstra samstarfið og síðan að því að búa til nýja samsteypu, sem byrjar með því að tefla fram þeim minnsta, Alþfl., og láta hann leggja til ráðh. Síðan átti að byggja upp í kringum þennan litla kjarna hina nýja valdasamsteypu á stjórnarskrármálinu og þeirri stefnu í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum, sem er grundvöllurinn fyrir því, sem nú er verið að gera.

Og þetta gerist smátt og smátt. Einn liðurinn er sá að reyra þetta núna fastar saman eftir kosningarnar með því að gera nú allsherjar bandalag um allar aðaltrúnaðarstöður þingsins og allt, sem máli skiptir í því sambandi, og svo er meiningin að halda áfram, ef þessir menn fá að ráða, ef ráðin verða ekki tekin af þeim. En um það veit enginn. Það gæti orðið.

En það er alveg ljóst, hvað verið er að fara, og hafi einhver verið í vafa um það, að hverju stefnt er, til að mynda af hendi hv. 3. þm. Reykv., sem hefur nú sölsað undir sig öll ráðin í Alþb., sem kallað er, kannske haft þau allan tímann, ég veit það ekki, — hafi einhver verið í vafa áður, þá getur enginn verið í vafa lengur.

Hann lýsti því hér með fjálglegum orðum og af mikilli mælsku fyrst, hvað Framsfl. væri óbilgjarn og hefði alltaf verið það, það hefði eiginlega aldrei verið hægt að tjónka neitt við framsóknarmenn. Þeir hefðu viljað öllu ráða og öllu ráðið, skildist mér, og slíkt hefði hlotið að enda með skelfingu. Það hefði hlotið að enda þannig.

Við skulum nú athuga fyrst, hvernig þessi fullyrðing, — við vitum, í hvaða skyni hún er flutt, við sjáum allir, hvert stefnt er, — en við skulum athuga, hvernig hún fær staðizt. Hvað hefur verið sagt um þetta mál áður úr þessum sömu herbúðum? Hefur því verið haldið að mönnum, að Framsfl. hafi ráðið öllu í vinstri stjórninni, t. d. núna síðast? Hefur því yfir höfuð verið haldið að mönnum? Ekki hef ég orðið var við það. Ég hef orðið var við hitt, að forustumenn úr flokki hv. 3. þm. Reykv. hafa bókstaflega ætlað að rifna af monti yfir því, hvað þeir hafi komið miklu til leiðar í samvinnunni við Framsfl. og hvað þeir hafi ráðið miklu.

Raunar allt, sem nýtilegt hafi verið framkvæmt og hafi hreint ekki verið svo lítið, hafi þeir gert, þeir hafi ráðið því, þeir hafi komið því í framkvæmd. Heldur kemur þetta illa heim við þessar fullyrðingar hv. 3. þm. Reykv. nú, enda vitum við ákaflega vel, af hverju hv. 3. þm. Reykv. er að gera sig broslegan með því að halda þessu fram. Þetta er bara vegna þess, að hann vill vinna með öðrum en framsóknarmönnum. En hverjir þessir aðrir eru, það er nú líka farið að skína nokkuð greinilega í það, hefur raunar gert áður, því þegar þessi hv. þm. hafði lokið því að lýsa frekju Framsóknar, sem kalla mætti, og því, að hún hafi öllu ráðið og þeir engu fengið ráðið, sem þó gerðu raunar allt, eftir því sem upplýst hefur verið áður, þá tók hann sér fyrir hendur að gera grein fyrir því, hvað væri vinstri stjórn og hvað væri vinstri samvinna. Og niðurstaðan af þeim kafla var ósköp einföld. Hún var þessi: Það geta alveg eins verið vinstri stjórnir með sjálfstæðismönnum eins og framsóknarmönnum, alveg eins með íhaldinu og Framsókn, ef maður vildi orða það á því máli, sem áður tíðkaðist. Það gæti alveg eins verið vinstri stjórn. Það færi bara eftir því, hvað gert væri, og aðallega eftir því, hverjir væru í stjórninni með íhaldinu. Og þá var það svona fyrir kurteisis sakir, að hv. 3. þm. Reykv. talaði um verkalýðsflokkana og sagði, að ef Sósfl. og Alþfl. væru báðir með, þá væri það víst áreiðanlega vinstri stjórn, þó að íhaldið væri þriðji aðilinn, og vinstra samstarf væri það alveg hreinlega. Hann hafði Alþfl. með fyrir kurteisis sakir eða af einhverjum hagkvæmisástæðum í bili. En niðurstaðan af öllum þessum hugleiðingum hjá hv. þm. varð hreinlega sú, að ef kommúnistar væru í stjórn, þá væri það vinstri stjórn, hvað sem hún gerði og með hverjum sem það væri.

Hvers vegna er verið með þessar útlistanir? Hvers vegna var þetta ekki sagt fyrir kosningarnar? Ég hef aldrei heyrt þetta fyrr. Fyrir kosningarnar var alltaf verið að tala um vinstra samstarf eins og hugsjón af hendi Alþb., einhverja sérstaka hugsjón. Og ég held, að allir, sem hlustuðu á það, hafi staðið í þeirri meiningu, að það þýddi samvinnu vinstri flokkanna, sem kallaðir hafa verið, og alveg áreiðanlega. En nú heyrum við allt annað. Vinstri stjórn, það er sem sagt hver sú stjórn, sem kommúnistar eru í, það mundi vera túlkuð vinstri stjórn. Og þá getum við svona hér um bil séð, hvaða hlut þeir ætla sér, ef í það fer, þessir menn, sem fara víðs vegar um landið og vilja láta kjósa sig á þing sem alveg sérstaklega einlæga, skelegga forustumenn fyrir vinstra samstarfi, og engum öðrum sé hægt að treysta í því sambandi.

En þetta kemur okkur ekkert á óvart, sem til þekkjum, þó að þetta hafi ekki komið svona greinilega fram áður, svo að ég minnist þess. Þetta er bara staðfesting á því, sem við höfum sagt þjóðinni undanfarið. Við höfum sagt þjóðinni, að þau öfl innan Alþb., sem rifu niður vinstra samstarfið, hafa raunverulega verið að vinna að því að koma upp samvinnu með Sjálfstfl., fyrst í gegnum kjördæmabreytinguna, síðan í gegnum þá fjárfestingar- og efnahagsstefnu, sem á að koma á eftir. Hér er bara hreinlega staðfesting á þessu, eins greinileg og verða má, fram komin. Hitt er svo aftur annað mál, hvort úr þessu verður, því þó að hv. 3. þm. Reykv. hafi undanfarið viljað þetta og vilji þetta enn, þá hefur hann ekki ævinlega ráðið, og sérstaklega er alveg óvíst, hvort meginþorri þess fólks, sem enn hefur kosið Alþb., ljær máls á því að fylgja því áfram, eftir að það er ljóst orðið, hvað forustumenn Alþb., sem nú ráða þar öllu, meina með vinstri stefnu og vinstra samstarfi og hvert þeir yfir höfuð eru að fara. Þannig er svo langt í frá, að þó að menn langi í eitt og annað og þó að það virðist kannske í dag ekki alls ólíklegt, að slík óskhyggja gæti rætzt, þá er alveg óvíst, hvað framtíðin ber í skauti sínu í þessu efni. Það er alveg óvíst. Línurnar eru að skýrast meir og meir í þessum efnum. Það eru byrjaðar breytingar í þjóðmálum landsins, og sú þróun, sem vottar fyrir, getur mjög auðveldlega haldið áfram og sett strik í reikninginn hjá þeim aðilum, sem fyrir löngu eru búnir að leggja áætlun langt fram í tímann um það, hvað eigi að koma út úr öllu þessu. En viljinn er augljós, og eftir þennan dag er hann enn augljósari en hann hefur áður verið.

Að lokum svo aðeins eitt atriði til viðbótar, sem ég vil minna á. Ég minnti hér á það, hvernig kosningabaráttan var háð og hverju haldið var fram í kosningunum, fór þar að vísu ákaflega fljótt yfir sögu. Og ég minnti á í því sambandi, hvað farið væri að gerast nú hér á Alþingi um samstarf flokka og samsteypur og annað slíkt, val í trúnaðarstöður með meiru, og ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði um þetta hér í dag.

En hv. 3. þm. Reykv., talsmaður stjórnarliðsins og stjórnarskrárliðsins, sagði, að þetta væri allt ákaflega eðlilegt og bara það, sem menn hefðu átt að búast við, og þetta væri í raun og veru sjálfsagður hlutur. En ég segi: Ef þessir menn töldu það alveg eðlilegt og sjálfsagðan hlut, að þetta þing hlyti að byrja með algerri samstöðu þessara þriggja flokka um val í trúnaðarstöður og allt annað, ef þeir hefðu álitið, að það hlyti að byrja með því, að Alþýðubandalagsmenn t. d. kysu Bjarna Benediktsson, hv. 1. þm. Reykv., sem forseta sameinaðs þings, og að Sjálfstfl. aftur kysi forráðamenn Alþb. til æðstu trúnaðarstaða í þinginu, og það yrði þannig algert samstarf um málefni og afgreiðslu þingmála, hvers vegna sögðu þeir þá þjóðinni, að það væri verið að kjósa t. d. um vinstra samstarf, það væri verið að kjósa um herferð gegn kommúnismanum, eins og Sjálfstfl. hélt fram, hvers vegna sögðu þeir þetta í kosningunum, ef þeir höfðu hitt í huga? Það er spursmálið. Og ef þeir álíta nú það sem algerlega sjálfsagðan hlut, eins og líka er, að það eigi að snúa sér að stjórnarskrármálinu og samþykkja það eða fella á þessu aukaþingi fyrst og fremst, — ef þeir álitu það fyrir fram sjálfsagt, að þannig ætti að halda á málum og ekki taka neitt annað fyrir, hvers vegna sögðu þeir þá ekki þjóðinni, að það ætti að kjósa um stjórnarskrármál-

ið til þessa aukaþings og hún ætti fyrst og fremst að taka afstöðu til þess, því að það væri málið, sem yrði afgr. núna á þessu aukaþingi, og annað ekki?

Hvers vegna sögðu þeir þjóðinni ósatt? Hvers vegna reyndu þeir að gefa alranga mynd af ástandinu með því að segja mönnum að kjósa til svona aukaþings um flokkastefnur, um það, hvort það ætti að vera vinstri stjórn eða ekki vinstri stjórn, um það, hvort það ætti að halda uppi herferð gegn kommúnismanum, eins og Sjálfstfl. lagði mikla áherzlu á, o. s. frv.? Hvers vegna komu þeir ekki hreinlega fram gagnvart þjóðinni og sögðu, um hvað átti að kjósa og hvað það var, sem þeir ætluðu að gera? En það var það, sem þeir ekki gerðu, og það var það, sem ég gagnrýndi alveg sérstaklega í minni ræðu hér í dag og gagnrýni enn og sýnir, að þeir vissu, að það mundi ekki vera hægt að fá raunverulega nægilegan stuðning við það, sem þeir ætla að gera í stjórnarskrármálinu, ef drengilega var að öllu farið. Þess vegna var gripið til þess ráðs að reyna að merja út meiri hluta með málinu á röngum forsendum í flokkaviðjunum. Og það er þetta, sem ástæða er til þess að gagnrýna, og það er þetta, sem veldur því, að það er alveg eðlilegt og skylda þessa þings að reyna að finna leiðir til þess, að þjóðin geti raunverulega sagt skoðun sína um kjördæmamálið án þess að blanda því inn í viðhorf til flokkanna eða önnur óskyld mál.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það eru nokkur orð út af því, sem hv. 1. þm. S-M. (EystJ) sagði.

Hv. 1. þm. S-M. spurði, hver það hefði verið, sem hefði stungið fyrstu skóflunni til þess að eyðileggja vinstri stjórnina, og vildi beina því til mín, að ég hefði verið að eyðileggja hana með þeirri afstöðu, sem ég tók í maí 1958 varðandi efnahagslöggjöfina.

Það er dálítið einkennilegur mælikvarði og einkennilegur prófsteinn, sem hv. 1. þm. S-M. leggur á afstöðu til vinstri stjórnar og vinstri stefnu. Hans afstaða virðist vera sú, að menn séu með vinstra samstarfi, svo framarlega sem menn beygja sig fyrir Framsókn, þegar hún leggur ákaflega mikla áherzlu á einn hlut. Ég álít það fyrst og fremst vera að reyna að varðveita vinstra samstarf, ef menn standa fast á því að framfylgja vinstri stefnu.

Eitt af því, sem þarna var deilt um, var, hvort horfið skyldi frá þeirri verðstöðvunarstefnu, sem vinstri stjórnin frá upphafi hafði beitt sér fyrir og Alþb. alveg sérstaklega stóð fast á, en Framsfl., af því að hann hefur alltaf verið „interesseraður“ í verðbólgu á Íslandi, vildi að horfið væri frá og tekin upp sú stefna, sem þá var byrjað á mjög í okkar óþökk allra Alþýðubandalagsmanna, að hverfa frá verðstöðvunarstefnunni og láta verðbólguna byrja á ný, með þeim afleiðingum, sem það hafði. Og hvað gerði ég í þessu sambandi? Ég varaði við þessu. Ég varaði mjög ýtarlega við þessu í umr. hér í þessari hv. d., þar sem ég einmitt sagði Framsfl., það má segja kannske: til syndanna, hvað hann væri óbilgjarn í sínu samstarfi við verkalýðsflokkana um að taka ekki nægilegt tillit til þeirra vilja, m. a. vegna þess, hvað hann var sterkur sem þingflokkur, þó að hann væri veikari en báðir hinir hvað atkvæðatölur snerti við þær kosningar, sem gáfu hins vegar ekki rétta mynd af hans fylgi. Það var þess vegna einmitt af minni hálfu verið að vara við því, að þarna væri verið að stíga skakkt spor, og það var af umhyggju fyrir vinstri stjórn og vinstra samstarfi. Ég hafði áður gert þetta sama án þess að gera það opinberlega. Ég varaði líka við þessu innan vébanda vinstri stjórnarinnar, þegar núverandi seðlabanki var settur á stofn og öll sú vitleysa gerð og allt það einræðisskipulag, sem í sambandi við það er. Við skulum ekki fara að rekja það allt saman hér. En það er hægt að rekja það, hvenær sem vera skal, og það var ekki gert vegna þess, að ég vildi vinstri stjórn feiga, heldur vegna þess, að ég vildi vinstri stjórn góða. Og hv. þm. Framsfl. þyrftu kannske ekki að vera að flytja hér till. núna viðvíkjandi húsnæðismálunum og öðru slíku, svo framarlega sem það hefði verið eitthvert vit í því, hvernig bankamálunum hefði verið ráðið til lykta, þegar vinstri stjórnin gerði það vorið 1957. Ég vísa því þess vegna algerlega frá mér.

Sá maður, sem frá upphafi gat aldrei hugsað sér að vera til lengdar í stjórn með okkur, var hv. 1. þm. S-M., enda var það honum svo erfitt vegna hans eðlis. Hann er það afturhaldssamur, hann unir aldrei til lengdar án þess að eyðileggja slíka stjórn á endanum, enda tók hann alveg réttilega fram, að ég hefði sýnt fram á, hvernig hann hefði farið að við allar þær stjórnir, sem hefðu verið eitthvað í þá átt, og gat ekki hrakið eitt einasta af því. Hann drap vinstri stjórnina á nákvæmlega því sama sem hann drap allar hinar, á hagsmunamálum alþýðu, á hagsmunamálum verkalýðsins. Hann heimtaði ýmist gerðardóm, gerðardóm og gerðardóm eða þá löggjöf á Alþ. um að lækka launin. Hann hefur drepið þær allar svoleiðis. Svo kemur hann og segir, að það séu aðrir, sem séu að drepa vinstra samstarfið eða vinstri stefnu í landinu.

Hann spyr og virðist ekki hafa fengið svar við því, — ég er þó búinn að gefa það oft, — af hverju verkalýðurinn hafi alveg sérstaklega verið andvígur einmenningskjördæmunum. Er það nú nokkuð að undra? Ég skal segja honum, hvað einn af okkar ágætu Alþb.-mönnum úti í einu af þeim kjördæmum, þar sem oft hefur verið harðast barizt á milli Framsóknar og Sjálfstfl., sagði í vor, þegar við vorum að ræða þar um undirbúninginn á þessu. Hann sagði: Mikil breyting verður það, þegar maður loksins losnar út úr þessum einmenningskjördæmum. Þá getur einn kjósandi, sem vill kjósa t. d. með verkalýðshreyfingunni, farið að kjósa það bezta, það, sem hann raunverulega vill, hann þarf ekki alltaf að vera að kjósa það skárra af tvennu illu, sem sé annaðhvort Framsókn eða Sjálfstfl.

Einmenningskjördæmin hafa verið þannig viðast hvar, að Sjálfstfl. og Framsfl. hafa svo að segja haft helmingaskipti í þeim, og það eru

þessi helmingaskipti, sem Framsfl. sérstaklega virðist hafa viljað innleiða um allt land eða sem allra víðast. Það væri þá helzt að skilja Reykjavík út undan þeirri blessun, af því að það kemur Framsfl. ekki eins vel þar.

Nei, það, sem gerir að verkum, að verkalýðshreyfingin hefur alveg sérstaklega hagsmuni af því að fá stærri kjördæmi en einmenningskjördæmin eru, er möguleikinn á því að geta sameinað verkalýðshreyfinguna á stærra svæði til stærri átaka um þau verkefni, sem alþýðunni á þessum stöðum eru lífsnauðsyn. Það er einfaldlega til þess að geta sameinað hana betur. Þá er þessi kjördæmabreyting einmitt hvað snertir þessi stóru kjördæmi eitthvert allra þýðingarmesta spor, sem stigið hefur verið í sambandi við lýðræðisþróunina á Íslandi til þess að skapa góðan grundvöll að einingu verkalýðshreyfingarinnar. Hitt er svo annað mál, hversu vel hún kann að nota þann grundvöll. En grundvöllurinn er skapaður með því betur en nokkru sinni var hugsanlegt í sambandi við einmenningskjördæmi.

Þá sagði hv. 1. þm. S-M., að Framsókn hefði alltaf verið reiðubúin til þess að semja um kjördæmamálið í vinstri stjórninni. Jæja. Mikið er nú hægt að fullyrða eftir á. Hún var aldrei reiðubúin til að semja, og var þó talað við hana um það. Hún passaði meira að segja að slíta stjórnarsamstarfinu og það sem fyrst, áður en nokkuð væri gert til þess að reyna að fara að semja. Hitt skal ég aftur á móti játa, að það má vel vera, að Framsókn hafi verið reiðubúin til að semja, þegar hún var búin að spila öllu út úr höndunum á sér. Þegar hún var búin að svíkja það, sem hún var búin að lofa í vinstristjórnarsáttmálanum, þá hefur hún kannske verið til í það. Þá var það of seint. Ég veit, að það er þetta, sem hv. 1. þm. S-M. alltaf er í vandræðum með gagnvart sinni samvizku og gagnvart ásökunum hans eigin flokks, að hann og aðrir aðalforingjar flokksins eru ásakaðir um að hafa spilað út úr höndunum á þeim möguleikum til samninga, og það er rétt. Þeir samningamöguleikar voru búnir að vera, þegar vinstri stjórnin var búin að vera sjálf, þegar Framsókn hafði slitið þeim, en þeir voru til, á meðan vinstri stjórnin var til.

Hvernig sýndi svo Framsókn og sérstaklega hennar foringjar þennan hug, að þeir vildu semja, meira að segja eftir að þeir höfðu slitið vinstristjórnarsamvinnunni? Þeir gerðu það þokkalega á flokksþinginu sínu. Út á hvað gekk það? Að stefna skuli að því að koma upp sem flestum einmenningskjördæmum í landinu og afnema landskjörið, afnema uppbótarsætin. Gegn hverjum var þessu stefnt? Var þessu stefnt gegn Sjálfstfl.? Var Framsfl. að sýna sig sem hinn mikli flokkur lýðræðis og vinstri stefnu í landinu, umbótaflokkur, sem bæri hag verkalýðs fyrir brjósti? Var hann að sýna það með því að heimta tóm einmenningskjördæmi á landinu og afnám á landskjörinu? Framsfl. vissi ósköp vel, að landskjörið var frá upphafi eitt af því, sem verkalýðurinn og verkalýðsflokkarnir höfðu barizt fyrir, og einmenningskjördæmin voru það, sem þeir höfðu barizt á móti og reynt að fá stærri kjördæmi. Hverjum var verið að bjóða samvinnu? Var það vinstra samstarf, sem var verið að beita sér fyrir á flokksþingi Framsóknar með þessari till. um kjördæmamálið? Nei, það var verið að bjóða Sjálfstfl. samvinnu, sem var vitað að Sjálfstfl. alltaf hafði verið til í. Sjálfstfl. var til í það í kringum 1951—52, ef ég man rétt, eða a. m. k. partur af honum var til í það að koma á eintómum einmenningskjördæmum í landinu og afnema landskjörið. Gæfa verkalýðshreyfingarinnar var sú, að Framsfl. og Sjálfstfl. náðu aldrei saman, á meðan þeir voru svo að segja á sömu skoðun í þessu máli, þó að bæri á milli, hvernig það skyldi vera í Reykjavík. En hvað er það, sem gerist, þegar Framsókn er búin að slíta vinstra samstarfinu? Hún býður Sjálfstfl. upp á samstarf um að koma upp eintómum einmenningskjördæmum í landinu, afnema landskjörið, m. ö. o. reyna að þurrka verkalýðsflokkana út af Alþingi. Þetta var vinstra samstarfið. Það var ekki verið að bjóða Alþfl. og Alþb. samstarf með því að samþykkja þá ákvörðun að stefna að einmenningskjördæmum og afnámi landskjörs, það hlaut hverjum manni á flokksþingi Framsfl. að vera ljóst. Það var verið að bjóða Sjálfstfl. upp á slíkt samstarf. Og hvað hefði framkvæmdin á þessari flokkssamþykkt Framsóknar þýtt. Hún hefði þýtt, — ja, við skulum bara taka sem dæmi núna, að Reykjavík hefði fengið að haldast, — hún hefði þýtt, að verkalýðsflokkarnir hefðu haft tvo menn á Alþingi, Framsókn og Sjálfstfl. hefðu haft helmingaskipti um hin sætin. Þetta var það, sem Framsfl. hugsaði sér sem vinstri lausn, eftir því sem hv. 1. þm. S-M. talar, svona stefna í kjördæmamálinu. Nei, það þýðir ekki fyrir hv. 1. þm. S-M. að koma hér og segja, að vottur af Framsókn hafi verið reiðubúinn til þess að semja. Við munum enn þá eftir hnefahögginu, sem það flokksþing Framsóknar var, og hafi verið einhver efi hjá okkur ýmsum um, hvort það bæri að taka höndum saman við Sjálfstfl. um að leysa kjördæmamálið, þá var það Framsóknarflokksþingið, sem gerði út um, að það stóðu allir saman um að leysa málið eins og það var leyst.

Svo kom hv. 1. þm. S-M. með það, að það væri óskaplegur fjandskapur við dreifbýlið í öllu því, sem nú væri verið að gera, og ég held, að annar hv. þm. Framsfl. hafi jafnvel komið inn á það, að það hafi andað eitthvað köldu til þess frá mér. Mér liggur við að spyrja: Hvernig væri byggðin í þeim þremur landsfjórðungum, sem Framsókn og Sjálfstfl. höfðu í sjö ára ríkisstj. helmingaskipti um að reyna að eyða, ef við, sem nú stöndum í Alþb., hefðum ekki haft forgöngu um það 1944 að mynda þá nýsköpunarstjórn, sem setti stórútgerðina úti um allt land og lagði grundvöllinn að þeim stórútvegi, sem nú á sér stað á Vesturlandi, Norðurlandi og Austurlandi? Hvernig hefði ástandið í þessum landsfjórðungum og þar með dreifbýlinu verið, ef Framsókn hefði fengið að ráða þá, þegar hún bauð Sjálfstfl. samstjórn með sér 3. okt. 1944 og vonaðist með því móti eftir að geta myndað stjórn með Sjálfstfl. ein-

um, bolað báðum verkalýðsflokkunum út úr stjórn og hindrað alla nýsköpun atvinnulífsins? Hvernig skyldi ástandið á Íslandi hafa verið þá, þegar hv. 1. þm. S-M. hélt því fram, að það væri sú hreina vitleysa af þjóðinni að ætla að fara að kaupa sér framleiðslutæki, og leit á togarana eins og hvert annað gums, sem enginn vissi hvað ætti að gera við, þegar þeir væru loksins komnir? Ég er hræddur um, að það hafi þvert á móti verið umhyggja Sósfl. fyrir dreifbýlinu, fyrir því fólki úti um allt land, sem vinnur hörðum höndum og þarf að fá góð tæki til þess að vinna með, — ég held það hafi verið sú forsjálni og sú umhyggja, sem bjargaði því, að Framsókn og Sjálfstfl. skyldi ekki takast að eyða byggðum landsins, þegar þeir tóku saman um hernámsstefnuna eftir 1947. Ég held þess vegna, að einhver raunhæfasti grundvöllur, sem hafi verið lagður að uppbyggingunni um allt land, hafi verið lagður þá.

Hvað gerði svo Framsókn, þegar hún tók saman við Sjálfstfl. eftir 1949 og þegar þau stjórnuðu ein saman? Ég veit ekki, hvort hv. 1. þm. S-M., sem virðist nú halda, að allt sé vinstri stjórn, ef Framsókn er í því, meinar, að það hafi verið einhvers konar vinstri stjórn, sem tók við þá, en það hefur aldrei verið litið á það þannig. Ég held, að þá hafi nú keyrt um þvert bak um afturhaldið á Íslandi. Og hvernig var hugsað um dreifbýlið? Hvernig var hugsað um dreifbýlið á árunum 1949—56, þegar enginn togari var keyptur handa dreifbýlinu, ekki einn einasti, 5000 bílar fluttir til landsins og hernáminu skellt á, og hvað gerði hv. 1. þm. S-M. fyrir dreifbýlið þá? Jú, hann gaf bændum og öðrum mönnum úti um allt land ávísanir á herstöðvavinnu suður á Keflavíkurflugvelli, og hann hafði helmingaskipti við íhaldið um það. Það er þess vegna alveg óþarfi að vera að ráðast á okkur, sem stöndum í Alþb., fyrir, að það hafi skort umhyggju fyrir dreifbýlinu og hagsmunum þess fólks, sem þar starfar. Það eru aðrir hagsmunir, sem Framsókn hefur borið fyrir brjósti, heldur en þeir, hagsmunir þess fólks, þegar hún hefur verið í ríkisstjórn, ekki sízt þegar hún hefur verið í ríkisstjórn með Sjálfstfl.

Viðvíkjandi því, sem hv. 1. þm. S-M. kom inn á, hvað væri vinstri stjórn, þá var hann dálítið að snúa út úr því, sem ég sagði. Ég tók það einmitt fram í sambandi við nýsköpunarstjórnina, að hún hefði nú aldrei verið kölluð vinstri stjórn. Hins vegar það, sem hlýtur að vera alltaf einkenni — og þá endurtek ég það, sem ég sagði í dag — á hverri vinstri stjórn, það er, að hún reki vinstri stefnu, að það takist að knýja fram í henni vinstri stefnu. Það er það, sem hlýtur að vera einkennið. Og það, sem ég lýsti yfir, var, að svo fremi sem báðir verkalýðsflokkarnir bæru gæfu til að standa saman í slíkri stjórn, þá ættu þeir að hafa möguleika til þess að hafa slík áhrif á slíka stjórn, að hún væri raunverulega vinstri stjórn.

Og svo spyr hv. 1. þm. S-M.: Hvað er það, sem núna er að gerast? Það, sem raunverulega fyrst og fremst sker úr um, hvort það er íhalds- og afturhaldsstefna uppi í þjóðfélaginu eða ekki, er afstaðan gagnvart lífskjörum almennings. Það eru mörg mál önnur, sem út af fyrir sig menn getur greint á viðvíkjandi hvað sé vinstri, hvað sé hægri, hvað sé framsækið og hvað sé afturhaldssamt, en það, sem er venjulega grundvallaratriðið, þegar á að útkljá um, hvort það sé framsækin stjórn, vinstri stjórn eða annað slíkt eða hvort það sé íhalds- og afturhalds- eða hægri stjórn, það er afstaðan gagnvart lífskjörum fólksins. Sú stjórn, sem stefnir að því að reyna að knýja það fram, að lífskjör almennings séu rýrð, séu gerð verri, hlutur verkamannsins, bóndans, sjómannsins sé gerður lakari, — sú stjórn, sem fylgir slíkri stefnu, það er stjórn, sem stefnir í íhalds- og afturhaldsátt eða vill gerast hægri stjórn. Hins vegar sú stjórn, sem vill vinna að því að bæta lífskjör almennings, gera þau betri, gera hlut hins vinnandi manns í þjóðfélaginu meiri og betri, sú stjórn er venjulega kölluð vinstri stjórn og hennar stefna vinstri stefna.

Og hvernig liggja línurnar í íslenzka þjóðfélaginu viðvíkjandi þessu núna? Það kom eins skýrt og greinilega fram og frekast er hægt að hugsa sér. Ég skal taka það fram, ég hef oft tekið það fram, bæði í umr. undir kosningarnar og áður, að vinstri stjórnin gerði margt gott, mjög margt gott, og um það, sem hún gerði gott, þar áttu Alþb. og þess forustumenn og þess ráðh. sérstaklega fyrst og fremst miklar þakkir skildar. Vinstri stjórnin vanrækti vissa hluti þrátt fyrir áminningu Alþb. og þessara ráðh., og um þá vanrækslu, hvort heldur við viljum taka hernámsliðið, 15 togarana, kjördæmamálið eða annað slíkt, þar áttu ekki sízt þeir voldugu forustumenn Framsfl., sem í henni sátu, sinn part af sökinni fyrir vanrækslunа. Vinstri stjórnin hafði sem sagt gert mjög margt gott og virtist hafa unnið vel að því. Vinstri stjórnin vanrækti vissa hluti, og við þykjumst hafa unnið að því að reyna að hindra, að hún vanrækti þá, en ekki getað komið í veg fyrir það. En af hverju sprakk hún? Hún sprakk á því, að Framsfl. heimtaði, að laun almennings yrðu með lögum frá Alþingi lækkuð um 8%. Á því sprakk hún. Hv. 1. þm. S-M. tilkynnti, að ef verkalýðsflokkarnir ekki gengju að svona hlut, þá væri stjórnarsamstarfinu slitið. Á þessu sprakk hún alveg ótvírætt. Það þýðir, ef maður vill nota þá skilgreiningu á hægri og vinstri, sem ég var með hér áðan viðvíkjandi lífskjörum almennings, að Framsfl. heimtaði, að vinstri stjórnin tæki hægri stefnu, skæri niður lífskjör almennings í staðinn fyrir að varðveita þau og jafnvel bæta þau. Og á þessu hafði þessi sami hv. foringi Framsóknar sprengt hverja slíka stjórn, þar sem hann hafði verið í samvinnu áður við t. d. Alþfl., einmitt á slíkum kröfum um launalækkanir, gerðardóm í því sambandi og annað slíkt.

Og hverjir voru sammála, eins og sýndi sig eftir á, um, að það skyldi lækka laun með lögum? Sjálfstfl. bauð okkur upp á ríkisstj. á eftir, eins og ég tók fram í dag, um að lækka launin um 6%. Við sögðum nei. Ég segi þetta sérstaklega vegna þess, að ef hv. 1. þm. S-M. heldur, að það sé eitthvað sérstakt, sem við séum að

leita eftir að mynda stjórn með Sjálfstfl., þá hefðum við getað það nú þegar, við hefðum getað staðið í þeirri stjórn, ef þið haldið, að það sé okkur keppikefli að vera fyrst og fremst í ríkisstjórn, hvern andskotann sem hún gerir. Við erum alveg ósmeykir við að standa að ríkisstjórn, ef þess er þörf. Við þurfum ekki vegna skulda Sambandsins að fara inn í ríkisstj. Við förum inn í ríkisstj., svo framarlega sem við álítum, að við getum gert þar það mikið fyrir okkar umbjóðendur, fyrir alþýðu þessa lands eða fyrir okkar þjóð í heild, að við viljum taka ábyrgð á slíkri ríkisstj. Við spyrjum þá ekki að því, hver það er, — það er alveg rétt, við erum jafnt reiðubúnir á morgun til að mynda stjórn með Framsfl., ef við næðum samkomulagi um þau mál, sem ætti að gera, eins og við mundum vafalaust mynda stjórn með Sjálfstfl., svo að ég tali nú ekki um Alþfl., þegar við bara næðum samkomulagi um þau mál, sem þarf að gera í slíku þjóðfélagi.

En svo að ég víki aftur að því máli, sem vinstri stjórnin sprakk á, 8% launalækkun og því, sem það sprakk á, að við værum í einhverri stjórn með Sjálfstfl. og Alþfl. í dag, 6% launalækkun, hverjir sameinuðust svo á eftir um að lögbjóða launalækkun hér á Alþ., um að stefna í hægri stjórn raunverulega og í hægra stjórnarfar? Þeir, sem sameinuðust um það, voru Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. Það eru þessir þrír flokkar, sem í því máli, sem fyrst og fremst sker úr um, hver sé höfuðstefna í þjóðfélaginu, hægri eða vinstri stefna, það eru þessir þrír flokkar, sem eru sammála um þetta. Þeir standa saman um þennan niðurskurð. Við stóðum einir á móti honum. Þeir standa meira að segja saman um að lýsa því yfir allir saman, að þeir séu með gengislækkun eftir kosningar. Við erum á móti því.

Ég er orðinn það gamalreyndur í íslenzkri pólitík, að ég veit ósköp vel, að þessir flokkar ætla sér í næstu kosningum að slást hver á móti öðrum. En það þarf ekki nema að leggja saman tvo og tvo til þess að sjá, hverjir það eru, sem heyra saman í ríkisstj. Það eru þeir, sem eru sammála um þau grundvallaratriði í stefnu, sem fyrst og fremst öll íslenzk pólitík markast af, og það eru efnahagsmálin. Þeir, sem eru sammála um að skera niður við almenning í landinu, skera niður laun þess vinnandi fólks, þeir koma til með þrátt fyrir allt sitt lýðskrum í kosningum að taka saman eftir þær kosningar, vegna þess að það verður málið, sem átökin verða um. Ég veit, að Framsfl. er svo sem reiðubúinn til þess að tala óskaplega mikið „vinstri" fyrir þessar kosningar, og þetta er sá eini sanni vinstri flokkur og allt saman slíkt. Af hverju? Af því að hann ætlar að reyna að útvega sér dálítið betri aðstöðu til helmingaskiptanna við íhaldið, þegar hann fellst á gengislækkunarstjórn, launalækkunarstjórn með því eftir næstu kosningar.

Það er aðeins um þetta, sem er verið að bítast. Það dugir engin hræsni við okkur í því. Við þekkjum of vel, hvernig þeir haga sér. Þess vegna er ekki vert, að við förum að ræða þau mál nú. Það verður líka kannske komið að þeim á þinginu einhvern tíma áður en lýkur, svo að það er ekki viðkunnanlegt. Ég vildi aðeins segja þetta af því tilefni, sem hv. 1. þm. S-M. gaf í sínum svörum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. vildi ekki viðurkenna, að hann hefði stungið fyrstu skóflustunguna í því verki að grafa undan vinstri stjórninni. Hann sagði, að það hefði strandað á kauplækkunarkröfum Framsfl. Framsóknarmenn gerðu till. í efnahagsmálum, sem voru miðaðar við, að fallið yrði frá nokkrum vísitölustigum. Það þótti góð pólitík að falla frá vísitölustigum sumarið 1956, af því að þá var meining hv. 3. Reykv., að vinstri stjórnin skyldi lifa í bili. En þegar búið var að ákveða, að henni skyldi slitið, þá var það orðin kauplækkun og áníðsla á verkalýðnum að gera það sama og gert var með þeirra samþykki 1956.

Svo kemur spurningin: *Hefur alþýða manna í* landinu grætt á því, að vinstra samstarfinu var slitið? Ég segi nei. Það hefði verið heppilegra fyrir alþýðu í landinu, að þessu samstarfi hefði verið haldið áfram og þær till. framkvæmdar, sem Framsfl. lagði fram.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði ýmislegt um kjördæmamálið út af því, sem ég lýsti eftir. Ég lýsti eftir því, hverjir væru sérstakir hagsmunir verkalýðsins í landinu í sambandi við þá kjördæmabreyt., sem nú ætti að innleiða, miðað við þær till., sem Framsfl. hefði gert. Hv. þm. svaraði þessu algerlega út í hött og fór að ræða hér um einmenningsfyrirkomulagið og afstöðu verkalýðsins.

Nú veit hv. 3. þm. Reykv. það vel, að við höfum boðið upp á miðlunartill. í þessu máli, og það er þess vegna enn algerlega óleyst verkefni að gera grein fyrir því, hvað gat verið raunverulega í vegi fyrir því, að samkomulag næðist á þeim grundvelli, sem Framsfl. lagði til í miðlunartillögum sínum. Hv. þm. var aðeins að víkja ofur lítið að útjaðri þessa máls með því að segja, að það þyrfti að setja upp stór kjördæmi, til þess að verkalýðurinn hefði veruleg áhrif í kosningum. En þetta er vitanlega hinn herfilegasti misskilningur eða mistúlkun, vegna þess að það eru áreiðanlega sízt minni áhrif, sem verkalýðurinn getur haft í héraðakjördæmunum en með því fyrirkomulagi, sem nú er stefnt að. Og getur hver sagt sér þetta sjálfur með því að íhuga, hvernig ástatt er að þessu leyti.

Þá sagði hv. þm., að Framsfl. hefði aldrei verið reiðubúinn til þess að semja um kjördæmamálið. En þetta er algerlega rangt hjá hv. þm., af þeirri einföldu ástæðu, að Framsfl. lýsti því ætíð yfir, að hann vildi semja um kjördæmamálið á þeim grundvelli, að héraðakjördæmin héldust, en bæta þm. við í þéttbýlinu, og mundi á það vilja fallast, að uppbótarsætin stæðu áfram. Þessu var margyfirlýst, og þetta vissu leiðtogar hinna flokkanna mjög vel og geta því á engan hátt með rökum skotið sér á bak við fullyrðingar um annað.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði, að það hefðu verið kommúnistar, sem hefðu haft forgöngu um

stórútgerð úti um land. Ég ætla ekkert að fara að hafa af þeim í því, en hitt vil ég fullyrða, að það hefði aldrei tekizt að dreifa togaraflotanum út um land á nýsköpunarárunum, ef ekki hefðu komið til áhrif frá framsóknarmönnum til þess að kveða niður þær raddir í nýsköpunarflokkunum, sem ekki vildu dreifa togaraflotanum. Og ef Framsfl. hefði ráðið eftir stríðið, þá hefði mun meira af gjaldeyri landsmanna verið lagt til hliðar til uppbyggingar en gert var, og voru till. frá Framsfl. um að leggja mun meira af gjaldeyrinum til raunverulegrar nýsköpunar en gert var.

Varðandi dreifbýlið, varnarliðsvinnuna og Framsfl., þá er því til að svara, að fyrir forgöngu framsóknarmanna var fækkað í varnarliðsvinnunni úr rúmlega 3 þús. manns niður í rúmlega 1 þús. manns, sem það var komið niður í, áður en vinstri stjórnin var sett á fót. Við þurfum því síður en svo nokkurn kinnroða að bera í sambandi við það mál. Og þessar þúsundir höfðu farið í atvinnulíf landsmanna, án þess að nokkurt atvinnuleysi kæmi til.

Varðandi stjórnarsamstarf og ekki stjórnarsamstarf vil ég segja, vegna þess að ég hef ekki tíma til að ræða það nánar, að mér er það algerlega ljóst, að ef ekki hefði þurft að kjósa, ef ekki væru kosningar fyrir dyrum, þá væri hv. 3. þm. Reykv. búinn að koma því fram innan Sósfl. að mynda stjórn með Sjálfstfl. Og það er eingöngu af því, að hann hefur ekki þorað að gera þetta fyrir kosningarnar, að þetta hefur ekki þegar átt sér stað. Og menn skulu taka eftir því, að ef honum tekst þetta, — ég segi ekkert um, að honum takist það, því að það er eins og ég sagði hér í ræðu minni í dag, það getur margt skeð á langri leið og jafnvel líka á stuttri leið, jafnvel margt skeð til haustsins eða til næsta vetrar, og það er þess vegna alls ekki víst, að hv. 3. þm. Reykv. takist að koma þessari sérkennilegu hugsjón sinni um vinstra samstarf í framkvæmd, — en ef honum tekst þetta, þá mundi sannarlega ekki verða horft í að slaka til um eins mörg vísitölustig og þyrfti til þess að koma stjórninni saman, og það mundi þá ekki verða kölluð kauplækkun.

Ég mun síðar í þessum umr. ræða nokkuð um þá stefnu í efnahagsmálum, sem einmitt tengir saman hugsunarhátt hv. 3. þm. Reykv. og þeirra, sem mestu ráða í Sjálfstfl., og er undirrót þeirrar meginlínu, sem nú er komin upp í íslenzkri pólitík, en það er m. a. fjárfestingarstefnan, sem þeir eiga sameiginlega.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 4. fundi í Nd., 24. júlí, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20:12 atkv.

Samþ. var með 31 shlj. atkv. að kjósa sjö manna stjórnarskrárnefnd til þess að fjalla um frv.

Nefndarkosning.

Fram komu tveir listar. Á A-lista voru JóhH, MJ, ÞK, EOl, StSt; á B-lista GíslG, PÞ, ÓlJ. — A-listi hlaut 22 atkv., B-listi 12 atkv. Samkvæmt því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru í stjórnarskrárnefnd:

Jóhann Hafstein,
Gísli Guðmundsson,
Magnús Jónsson,
Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Páll Þorsteinsson,
Einar Olgeirsson,
Steindór Steindórsson.

Frv. vísað til stjórnarskrárnefndar með 24 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Nd., 29. júlí, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 7 og 10).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Stjórnarskrárnefnd d. hefur haft þetta mál til meðferðar og athugunar og ekki orðið á eitt sátt. Meiri hl. leggur til, að frv. verði samþ. óbreytt, eins og fram kemur á þskj. 7, nál. meiri hl. n.

Þetta sýnist nokkuð gefið mál eftir það, sem á undan er gengið. Fulltrúar þriggja flokka hér á þinginu stóðu að því sameiginlega á s. l. Alþ. að bera fram þessa breyt. á stjórnarskránni varðandi kjördæmaskipunina, og kosningar þær, sem nú eru nýafstaðnar, snerust að verulegu leyti um stjórnarskrárbreytinguna og að eins miklu leyti um stjórnarskrárbreytinguna og hægt er að ætlazt til að kosningar snúist um eitt mál hér á landi. Og úrslit þessara kosninga voru mjög ótvíræð, því að rúmir 2/3 hlutar eða yfir 70% af kjósendunum má ætla að hafi verið fylgjandi stjórnarskrárbreytingunni, en þeir, sem voru á móti henni, innan við þriðjungur kjósenda.

Við 1. umr. þessa máls kom nokkuð fram, sérstaklega hjá fulltrúum Framsfl. og þá einkum og sér í lagi 1. þm. S-M., að eiginlega væri ekkert að marka kosningaúrslitin í sumar og allra sízt mætti af þeim ráða viðhorf kjósendanna til þessa máls. Þetta er að sjálfsögðu á mjög miklum misskilningi byggt. Stjórnarskrá okkar mælir svo fyrir, að þegar gerð er stjórnarskrárbreyting, þá skal efnt til kosninga, og hún fær svo ekki lagagildi, fyrr en hún hefur verið samþykkt óbreytt eða staðfest óbreytt á nýju Alþingi að afstöðnum slíkum kosningum. En hins vegar verða menn að gera sér grein fyrir því, að meðan slíkt ákvæði er í stjórnarskránni, þá getur aldrei farið hjá því, að önnur mál blandist jafnframt inn í kosningar, sem þó eru að verulegu leyti um stjórnarskrárbreytinguna, og verður svo ætíð, meðan sá háttur er þá ekki beinlínis á hafður, að stjórnarskrárbreyting öðlist t. d. staðfestingu, eftir að hún hefur verið samþykkt á Alþingi og eftir að þjóðaratkvgr. hefur farið fram um hana og staðfest hana. En þar sem þessi háttur er ekki hjá okkur, heldur er gert ráð fyrir kosningum og nýrri alþingissamþykkt, þá verður að sjálfsögðu óhjákvæmilegt, að önnur mál blandist jafnframt inn í slíkar kosningar. Og það liggur í hlutarins eðli, vegna þess að kjósendur urðu að sjálfsögðu að gera sér grein

fyrir því í vor, að ef þeir, sem voru á móti stjórnarskrárbreytingunni, hefðu orðið í meiri hluta, þá hefðu ekki orðið neinar nýjar kosningar í haust og ekkert nýtt aukaþing. Þá hefði komið til þess, að leitað hefði verið hófanna um nýja stjórnarmyndun, miðað við þá skipan Alþingis, sem þá var fyrir hendi.

Það var nokkuð látið í veðri vaka af áróðursmönnum Framsfl. og reyndar miklu fleiri þm. flokksins líka, að í vor ættu menn eingöngu að kjósa um stjórnarskrárbreytinguna. Það kom fram t. d. hjá hv. þm. Str. og formanni flokksins í útvarpsumr. fyrir kosningarnar, að menn ættu eingöngu að kjósa um stjórnarskrárbreytinguna, svo gætu menn í haust markað afstöðu sína í kosningunum, sem þá ættu fram að fara, til stjórnmálanna að öðru leyti, t. d. til vinstri stjórnarinnar o. s. frv. Auðvitað var þessum mönnum ljóst, að ef stjórnarskrárbreytingin eða þeir, sem voru á móti henni, hefðu orðið í meiri hluta, þá yrðu engar kosningar í haust og þess vegna væri ekki þá hægt að taka afstöðu í slíkum kosningum til annarra mála. Hér er þess vegna sá háttur hjá okkur, að þó að stjórnarskrárbreyting sé á ferðinni, þá hlýtur hún að einhverju leyti að blandast inn í eða viðhorf manna hljóta að einhverju leyti líka að miðast við önnur mál. En ég er hiklaust þeirrar skoðunar, að ekkert eitt mál hafi á nokkurn hátt haft svipuð áhrif á afstöðu manna í þessum kosningum eins og einmitt stjórnarskrárbreytingin, sem um var kosið. Og það er mikill misskilningur og fær ekki staðizt, sem fram kom hjá hv. 1. þm. S-M. við 1. umr. þessa máls, að t. d. Sjálfstfl., — og ég skal þá aðeins sérstaklega svara fyrir hann, — hafi gert tilraun til þess að draga úr áhrifum stjórnarskrárbreytingarinnar í kosningunum, þ. e. a. s. reynt að dylja mikilvægi þess máls og leggja allan þunga á annað, eins og t. d., að hér ætti ekki aftur að verða vinstri stjórn o. s. frv. Sjálfstfl. dró á engan hátt úr því, að kjósendurnir tækju afstöðu til stjórnarskrárbreytingarinnar, og gerði í hvívetna í öllum sínum málflutningi, bæði í blöðum, á málfundum og í útvarpsumræðum fyrir kosningarnar, alveg sérstaklega grein fyrir því máli, og við ekkert eitt mál hafði Sjálfstfl. jafnmikið að þessu leyti og einmitt kjördæmamálið, þar sem Sjálfstfl. gaf út sérstakt rit um kjördæmamálið og sendi það um gervallt landið, þar sem reynt var að reifa efnishlið málsins og gera grein fyrir afstöðu Sjálfstfl. til þess og beinlínis lögð á það áherzla, að kjósendur um gervallt land gerðu sér sem fyllsta grein fyrir þessu máli í þeim kosningum, sem fram undan væru.

Ég hygg þess vegna, að einmitt í þetta skipti hafi kannske fengizt ótvíræðari úrskurður um afstöðu kjósendanna til stjórnarskrármálsins eða stjórnarskrárbreytingarinnar heldur en e. t. v. hefur áður verið í hliðstæðum kosningum, og a. m. k. verða á engan hátt vefengdar alveg ótvíræðar niðurstöður í því máli, sem lýsa því, að mikill meiri hluti fólksins í landinu eða kjósendanna óskar eftir því, að þessi breyt. nái fram að ganga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara nú á þessu stigi málsins að hefja nýjar umr. um efnishlið þessa máls. Ekkert eða mjög fá mál voru rædd eins mikið og þetta mál á þinginu fyrir kosningarnar, í blöðum fyrir kosningarnar og á mannamótum, svo að það er í sjálfu sér óeðlilegt að hefja á ný umr. um efnishlið málsins.

Ég vil þess vegna að svo mæltu láta þetta nægja um málið, en meiri hl., eins og ég sagði, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Stjórnarskrárnefnd þessarar hv. d. hefur haldið tvo fundi um þetta mál, og á síðara fundinum var málið afgreitt. Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram og getið er í nál. þess nefndarhluta, mælir meiri hl. með því, að frv. sé samþykkt. Við hv. þm. A-Sk., sem stöndum að áliti minni hl., sem útbýtt hefur verið nú í fundarbyrjun á þskj. 10, gerum sérstaka till. um meðferð málsins, sem prentuð er í því nál. á bls. 3.

Ég ætla ekki að svo stöddu að gera aths. við þau ummæli, sem hv. frsm. meiri hl. lét falla varðandi úrslit kosninganna, en ég mun koma að því efni síðar.

Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er eitt þeirra þingmála, sem mesta andúð hafa vakið í landinu. Sú andúð á sér djúpar rætur. Ég hygg, að upphafsmenn frv. hafi enn ekki gert sér grein fyrir því til fullnustu, hve vinsældir þess eru litlar með þjóðinni. Meðal almennings á það sér hlutfallslega fáa formælendur, miðað við fylgi þeirra flokka, sem að því standa. Það var athyglisvert fyrir kosningarnar, a. m. k. víða, hvað fylgismenn Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. margir hverjir voru tregir til að tala um þetta mál. Um flest annað vildu þeir fremur tala. Af hálfu formælenda málsins hefur verið reynt að túlka það sem mannréttindamál. En þetta mannréttindamál, sem svo er nefnt, er að því leyti ólíkt öðrum mannréttindamálum, að það virðist enga hrifningu hafa vakið hjá neinum. Þeir, sem mannréttindanna áttu að njóta, hafa ekki gefið sig fram til að halda sína frelsishátíð. Það er eins og enginn taki það til sín, að aukin mannréttindi séu í boði. Nú mætti að vísu vænta þess, að fólkið fagnaði því, þar sem það á að fá fleiri fulltrúa en áður á löggjafarþinginu. En sennilega er mönnum það ljóst á þeim stöðum, að þessa aukningu á fulltrúatölu þar var hægt að fá, að um það gat orðið samkomulag, og ánægjan yfir þessari réttarbót, ef svo mætti að orði komast, hefur áreiðanlega minnkað hjá mörgum, þegar það kom í ljós, að hún var að nauðsynjalausu tengd réttarsviptingu hjá öðrum landsins börnum, sem vissulega standa ekki of vel að vígi í lífsbaráttunni.

En jafnskjótt sem þetta frv. kom fram á Alþ. í vetur og raunar fyrr, um leið og fréttir tóku að berast um samtök þau, er að því stóðu, og hvers efnis það mundi verða í aðalatriðum, þá tóku að streyma til Alþingis mótmæli víða að af landinu. Að þessum mótmælum stóð fólk úr öllum stjórnmálaflokkum. Fjöldi manna kvaddi sér hljóðs á opinberum vettvangi, héraðskunnir menn og þjóðkunnir, ég held úr flestum eða öllum kjördæmum landsins, til að mótmæla því,

sem til stóð. Þarna komu fram í íslenzkum blöðum mótmælagreinar, sem voru svo snjallar eða af svo ríkum sannfæringarkrafti fram bornar, að þeirra mun lengi verða minnzt. Blaðagreinar af þessu tagi verða ekki til nema á stórum stundum í lífi þjóðarinnar, í sjálfstæðisbaráttu, í baráttu fyrir frelsi, í baráttu gegn yfirgangi og valdníðslu. Slíkar greinar geta menn lesið í blöðum frá fyrsta áratug þessarar aldar. Þannig var Íslendingum innanbrjósts eftir þjóðfundinn fyrrum, og þannig var þeim innanbrjósts, sem nú tóku upp baráttu heima í héruðunum gegn framgangi þessa máls, sem hér er til umr. í dag í þessari hv. d.

En hvað var það þá í þessu frv., sem reisti þessa mótmælaöldu og hvatti svo marga, sem sjaldan láta til sín heyra, til að tala til þjóðarinnar? Það var ekki ákvæði frv. um að fjölga þingmönnum, þó að sumum finnist að vísu fátt um þá ráðstöfun. Við þá breyt. gátu margir sætt sig sem lausn á erfiðu vandamáli. Það, sem mótmælunum olli, það, sem baráttan hefur staðið um og stendur enn, eru ákvæðin í a- og b-lið 1. gr. frv. um það, að héraða- og kaupstaðakjördæmin öll utan Reykjavíkur skuli lögð niður, en í þeirra stað stofnuð 7 stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Í öðru lagi töldu menn það glapræði að taka ákvæðin um kjördæmaskipun til fyrri meðferðar samkv. sérsamningi þriggja þingflokka í stað þess að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og heitið hafði verið og búizt var við að gert yrði. Menn höfðu heldur ekki trú á því, að hin fyrirhugaða kjördæmaskipun hefði bætandi áhrif á val og störf þingmanna. Svo stór geta kjördæmin orðið, að þm. verði of smáir, sagði bóndi á Norðurlandi í vor.

Í nál. minni hl. á þskj. 10 er í stuttu máli gerð grein fyrir nokkrum meginatriðum þeirra raka, sem andstæðingar frv. hafa borið fram gegn því á Alþ. og í kosningabaráttunni, og þá sérstaklega þeim rökum, sem borin eru fram gegn afnámi kjördæmanna. Ég leyfi mér að vísa til þess, sem í nál. stendur um það efni.

En þetta er ekki í fyrsta sinn, sem utan að komandi vald hefur viljað taka landsréttindi af íslenzkum mönnum. Það var reynt og gert fyrr á tímum, þegar landið í heild var hluti af ríki konunga í Noregi og Danmörk. Nú er komið að réttindum héraðanna og kaupstaðanna. Það er ekki útlent konungsvald, sem nú seilist til réttindanna. Það er flokkavaldið innlenda, vald flokksstjórnanna í höfuðstaðnum. Við erum að vísu ekki stödd á 14. öld. Þó er Ísland allt enn þá byggt afkomendum þeirra manna, er þá vörðu réttinn á Hegranesþingi og víðar. Og enn þóttust menn kenna Hákon hálegg og Álf úr Króki og þeirra svip á þessu máli.

Þessi gerbreyting á kjördæmaskipuninni var á síðasta þingi knúin fram með ofurkappi og furðusterkri trú á það, að hægt sé að bjóða hinum almenna kjósenda hvað sem er, ef ráðamenn í flokki, sem kjósandinn hefur stutt, standa að því, sem gert er. Undirbúningur þessa stórmáls var í rauninni enginn. Það var gengið fram hjá mþn. í stjórnarskrármálinu, sem að sjálfsögðu hefði átt að fjalla um málið, áður en það var lagt fyrir Alþingi. 27 kjördæmi átti að leggja niður, án þess að t. d. forráðamenn sýslu- og bæjarfélaga væru spurðir, landið síðan hólfað sundur í 8 stór kjördæmi, án þess að nokkur ábyrgur aðili úti um land væri spurður, væri t. d. spurður um það, hvar heppilegast væri að setja takmörk þessara 8 kjördæma, ef þau áttu að koma á annað borð. Þessi ráðstöfun byggist m. ö. o. ekki á neinni rannsókn, ekki á samráði við neinn eða neinu eðlilegu samstarfi. Hún byggist á sérsamningi milli þriggja þingflokka, sem vilja fjölga þingmönnum sínum og nota aðstöðu sína til að efla flokkavald á kostnað héraðavalds í landinu.

Við framsóknarmenn á Alþ. vildum, að þetta mál fengi sómasamlegan undirbúning milli þinga, til næsta þings. Þegar það fékkst ekki, lögðum við fram samkomulagstill. Við gerðum úrslitatilraun til að bjarga héraðakjördæmunum. Við lögðum fram ákveðnar till. um fjölgun þingmanna í þéttbýlinu, sem telja mátti sanngjarnar, og gerðum jafnframt ráð fyrir, að uppbætur héldust, þannig að þingmannatala yrði allt að 60. Við vorum reiðubúnir til að leggja fram lið okkar til að mynda samstjórn allra þingflokka til að reyna að leysa þetta mál og fleiri með samkomulagi, sem vel virtist hæfa á þeim hættutímum, sem nú eru fyrir þjóðina á ýmsan hátt. En svo mikill var því miður ákafi þeirra manna, sem að þessu máli standa, að við engu slíku var litið. Það sýndust þó vera almenn og einföld rök í þessu máli, að fólki í þéttbýlinu ætti ekki að vera það neitt sérstakt kappsmál að fá fulltrúatölu sína endilega aukna á þann hátt, sem fjölda manns um land allt væri sérstaklega á móti skapi, ef hægt var að fá sömu þingmannatölu á annan hátt með betra samkomulagi. Ég skil satt að segja ekki þá óbilgirni að geta ekki verið til viðtals um annað eins og þetta. En árangur af ábendingum í þessa átt varð enginn. Því var svarað, að óþarft væri að ræða þetta mál, því væri þegar til lykta ráðið og þar yrði engum stafkrók breytt. Með þessu hugarfari var kjördæmabyltingin ráðin á síðasta Alþ.

Þeir, sem að kjördæmabyltingunni standa, kalla hana réttlætismál. Þeir segja, að stjórnarskráin sé ranglát í þessum efnum. Stjórnarskráin byggir á þeirri forsendu, að landið eigi að vera byggt. Hvers vegna? Vegna þess, að ef stórir landshlutar eru lagðir í eyði, er sjálfstæði þjóðarinnar í hættu, og stjórnarskrá verður að vera við það miðuð að tryggja, svo sem unnt er, sjálfstæði ríkisins. Til þess að stuðla að því, að héruðin haldist í byggð, ætlar stjórnarskráin þeim sjálfstæði, takmarkað sjálfstæði innan ríkisheildarinnar. Og þetta takmarkaða sjálfstæði er m. a. í því fólgið að áskilja þeim rétt til sérstakra fulltrúa á Alþ. og það eins þó að sum þeirra séu eitthvað fámennari en önnur. Það er misskilningur, að slíkur réttur fari í bága við almennar lýðræðisreglur. Og við Íslendingar ættum að fara varlega í það að vera með slíkt tal. Eða eigum við að halda því fram t. d., að það sé lýðræðisbrot í samstarfi þjóðanna, sem væntanlega fer vaxandi, að Ísland hafi þar eitthvað meiri atkvæðisrétt en höfðatalan segir til um? Atkvæðisréttur getur byggzt á höfðatölu og það réttilega, eins og hann gerir

nú hér á landi innan hvers kjördæmis. En hann getur líka byggzt á sjálfstæði eða sérstökum landsréttindum innan ríkisheildar. Það er ekkert einsdæmi, að landshlutar hafi sérstök landsréttindi af ýmsu tagi. Með þessum kjörum, þ. e. a. s. með landsréttindunum, eru þessir landshlutar þátttakendur í ríkisheildinni. Svona var það hér á þjóðveldisöld, svona er það enn, meðan kjördæmaskipunin helzt eins og hún hefur verið í meginatriðum, þ. e. a. s. grundvöllur kjördæmaskipunarinnar. Þau landsréttindi eru hefðbundin í augum manna, sem þeirra hafa notið, eitthvað líkt og eignarrétturinn eða mannhelgin eða friðhelgi heimilanna. Ríkisheildin hefur að sjálfsögðu ýmiss konar vald og máske löglegar aðferðir til að afnema hefðbundinn rétt af ýmsu tagi, líka landsréttindi með að takmarka sjálfstæði héraða. En með fullri gát skyldi slíkt gert.

En eins og ég sagði áðan, var málið knúið fram á Alþingi, þingið rofið, af hálfu þeirra, sem að málinu stóðu, ekkert reynt til samkomulags í málinu. Og síðan var efnt til sérstakra kosninga vegna breytinga á stjórnarskránni. Þessum kosningum er nú lokið, og frv. hefur verið lagt fyrir Alþingi í annað sinn. Hljóti það nú samþykki, þá er stjórnarskrárbreytingin gengin í gildi og þar með afnám kjördæmanna.

Hæstv. forsrh., sem er nú víst ekki hér staddur á fundinum, sagði í framsöguræðu við 1. umr. þessa máls hér í hv. d. fyrir nokkrum dögum: „Má því með sanni segja, að þjóðin hafi látið vilja sinn í ljós um þessa breytingu á mjög ótvíræðan hátt, þar sem andstæðingar breytingarinnar hafa aðeins fengið stuðning rúmlega fjórða hluta þjóðarinnar.“ Þetta sagði hæstv. forsrh.

Framsfl., sem einn flokka beitti sér gegn afnámi kjördæmanna, mun hafa hlotið 27.2% allra greiddra atkvæða í kosningunum, og má að vísu kalla það 1/4 hluta eða rúmlega það. Í kosningunum 1953, sem helzt má nota til samanburðar á fylgi flokka, hlaut hann 21.9%. En af þessum úrslitum dró hæstv. forsrh. þá ályktun, að með sanni mætti segja, að þjóðin hefði látið vilja sinn í ljós um stjórnarskrárbreytinguna á mjög ótvíræðan hátt. Hann er ekki einn í sínum hóp um að halda þessu fram nú eftir kosningarnar. Blöð allra flokkanna þriggja, sem að breytingunni standa, munu hafa sagt eitthvað svipað, og mjög áberandi hefur þessi staðhæfing verið í aðalmálgagni Sjálfstfl., Morgunblaðinu. Nú hefur hv. minni hl. stjórnarskrárnefndar hér í hv. d. tekið undir þessar staðhæfingar í áliti sínu á þskj. 7, þó að hv. frsm. meiri hl. gerði sér að vísu nokkurt far um í framsöguræðu sinni að draga úr þessari fullyrðingu í nál., og er það að vonum. Það þarf í raun og veru talsvert mikla óbilgirni til að segja annað eins og þetta, og mér kemur það í rauninni á óvart um mæta menn, að þeir skuli ekki hlíðra sér hjá að láta sér slíkt um munn fara eða leggja nafn sitt við svona fullyrðingar, því að ég tel alveg þvert á móti, að með sanni megi segja, að mjög mikið og allt of mikið skorti á, að þjóðin hafi látið vilja sinn í ljós um þetta mál í kosningunum. Allir hv. alþm. vita, að ég fer hér með rétt mál. Þúsundir kjósenda munu votta það, a. m. k. fyrir samvizku sinni. Að þessu skal ég nú víkja.

Þegar þetta mál var til meðferðar á síðasta þingi í hv. Ed., var af hálfu framsóknarmanna rætt við fulltrúa frá hinum flokkunum um möguleika til að skilja atkvgr. um stjórnarskrárbreytinguna á einn eða annan hátt frá hinni almennu kosningu alþm., þannig að kjósendur ættu þess kost að láta í ljós á sérstakan hátt afstöðu sína til þessa máls, án þess að sú atkvgr. hefði áhrif á kosningu þm. Af hálfu hinna flokkanna voru þá þau svör veitt, að þeir gætu ekki fallizt á þjóðaratkvgr. í neinni mynd um þetta mál. Þeirra viðhorf var það, að kjósendur gætu látið sér nægja að láta í ljós vilja sinn með kosningu frambjóðendanna eða flokkslistanna.

Vissulega þurfti þó enginn að ganga þess dulinn, að margur flokksmaðurinn hlyti að komast í vanda, ef ekki væri hægt að greiða atkvæði gegn málinu nema með því móti að greiða um leið atkvæði gegn flokki sínum eða frambjóðanda hans, og að gera mætti ráð fyrir, að vani og flokkstryggð mætti sín þá mikils við kjörborðið. Síðan flokkaskipun komst í fast horf hér á landi, nær ákvæði 1. málsgr. 79. gr. stjórnarskrárinnar um sérstakar alþingiskosningar vegna stjórnarskrárbreytinga ekki lengur tilgangi sínum, nema þá helzt því aðeins, að flokkarnir sjálfir stuðli beinlínis að því með því að hvetja menn til að kjósa um stjórnarskrárbreytinguna.

En því fór mjög fjarri, að svo væri í þetta sinn. Frambjóðendur andstöðuflokks frv., þ. e. a. s. Framsfl., gerðu að vísu það, sem í þeirra valdi stóð, til þess að benda kjósendum á tilgang kosninganna og að taka bæri fyrst og fremst afstöðu til kjördæmamálsins, og sama gerðu blöð þess flokks. En blöð þeirra flokka, sem að frv. stóðu, flokkanna, sem höfðu neitað að fallast á sérstaka atkvgr. um málið samtímis kosningunum, — blöð allra þessara flokka og frambjóðendur þeirra yfirleitt héldu því þvert á móti fast að kjósendum, að stjórnarskrármálið væri ekkert höfuðmál í kosningunum, heldur aðeins eitt af mörgum, sem kjósa bæri um, og sumt annað skipti jafnvel miklu meira máli, kosningarnar væru ekki frábrugðnar öðrum kosningum o. s. frv. Þar sem þessir flokkar höfðu margfaldan ræðutíma og blaðakost á við Framsfl., höfðu þeir að sjálfsögðu mjög góða aðstöðu til að koma á framfæri áróðri gegn því að láta kosningarnar snúast um stjórnarskrármálið, og sú aðstaða var óspart notuð.

Aðferðin var þá þessi: Fyrst er neitað að fallast á sérstaka atkvgr. samtímis kosningunum og þessi neitun byggð á þeirri forsendu, að kjósendur geti valið milli frambjóðenda eftir afstöðu þeirra til stjórnarskrárbreytingarinnar. Síðan, þegar að kosningum kemur, er svo kjósendum sagt, að einmitt þetta skuli þeir ekki gera. Og svo er endað á því eftir kosningar að lýsa yfir opinberlega, eins og hæstv. forsrh. gerði og eins og gert er í áliti hv. meiri hl. stjórnarskrárnefndar, að nú megi með sanni segja, að vilji kjósenda í stjórnarskrármálinu

hafi komið í ljós á mjög ótvíræðan hátt. Það má segja, að þetta eru kaldir karlar, sem að þessu standa.

Nú mun það þykja sanngjarnt, eftir að ég hef látið svo um mælt, að ég finni orðum mínum stað, og það skal ég líka gera, með leyfi hæstv. forseta. Alþýðublaðið, blað hæstv. forsrh., sagði hinn 31. maí s. l.: „Kosningarnar hljóta óhjákvæmilega að snúast fyrst og fremst um þá ríkisstj., sem hefur verið við völd fyrir kosningarnar. Þess vegna hljóta kjósendur nú fyrst og fremst að svara spurningum varðandi stjórn Alþfl.“ Síðan ber Alþýðublaðið fram fjórar slíkar spurningar varðandi stjórn Alþfl. Kjósandinn á að svara því, hvort hann hafi viljað utanþingsstjórn. Hann á í öðru lagi að taka afstöðu til dýrtíðarráðstafana Alþfl. Í þriðja lagi á hann að taka afstöðu til fjárlagaafgreiðslunnar, og svo loks í fjórða lagi til kjördæmamálsins. Á eftir þessum fjórum spurningum kemur svo nokkru síðar fimmta spurningin, og auðséð er, að blaðið telur hana raunar þýðingarmesta. Kjósandinn á eiginlega umfram allt að svara því, hvort hann ætli Alþfl. vaxandi hlutverk í þjóðlífinu. Ætli hæstv. forsrh. telji ekki, að með sanni megi segja, að þeirri spurningu hafi verið svarað á mjög ótvíræðan hátt?

Ég kem þá næst að málgagni Alþb., Þjóðviljanum. Hinn 28. júní birti Þjóðviljinn í forsíðufyrirsögn kjörorð kosninganna, en það var að hans dómi, eins og það er orðað þar: „Aukin framleiðsla. Réttlát skipting auðs. Gegn kaupráni og kjaraskerðingu. Tryggjum sigur í landhelgismálinu. Ísland fyrir Íslendinga.“ Um þetta var fólki sagt að kjósa, þ. e. a. s., um þetta sagði Þjóðviljinn, aðalmálgagn Alþb., fólki að kjósa, þ. e. a. s. um framleiðslu- og launamál, landhelgismál, og síðasta setningin á sennilega eitthvað við varnarliðið eða þess háttar, en málið, sem olli því, að Alþingi var rofið, fær ekki rúm í aðalfyrirsögn blaðsins á kjördaginn.

Þetta hafði auðvitað sín áhrif. Ég þekki persónuleg dæmi og skal nefna eitt. Einn af fylgismönnum Alþb. í einu af kjördæmunum, sem á að leggja niður, mætur maður, lýsti í vetur opinberlega andstöðu sinni gegn afnámi kjördæmanna. Á framboðsfundi kvaddi þessi sami maður sér hljóðs. Eins og vænta mátti, þá stóð hann við það, sem hann hafði sagt. Hann var enn á móti afnámi kjördæmanna. En á kjördegi kvaðst hann þó verða að taka meira tillit til annarra mála, hann mundi þá kjósa sinn flokk sem fyrr. Annar fundarmaður benti þá á, að afnám kjördæmanna kynni í framtíðinni að reynast meiri háttar kjaraskerðing fyrir verkafólk þorpanna í dreifbýlinu, og því miður er hætt við, að sú athugasemd kunni að hafa við einhver rök að styðjast.

Það er meira af þessu tagi. Í Þjóðviljanum 24. júní, eða nokkrum dögum fyrr, er nokkuð ákveðin leiðbeining varðandi höfuðtilgang kosninganna. Þar er upplýst í fyrirsögn, að á Íslandi séu 600 milljónarar. Síðan segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „Kosningarnar á sunnudaginn snúast um það, hvort þeir (þ. e. a. s. þessir 600 milljónarar) eiga að safna meiri gróða á lækkuðu kaupi launþeganna.“ Þar snúast um það. En þetta tal um milljónarana, það minnir mig á atvik, sem gerðist á fundi, sem ég var staddur á rétt fyrir kosningarnar. Þar stóð upp ungur bóndi til að ræða um afnám kjördæmanna. Hann spurði: Hvernig höfum við misnotað okkar rétt, þannig að nauðsyn beri til að svipta okkur þessum rétti? Höfum við notað hann til að létta af okkur störfum eða tryggja okkur óeðlilega góð lífskjör? Eða höfum við notað hann til auðsöfnunar? Eru milljónararnir hér? — Og svo leit hann kringum sig á fundinum, og þar var a. m. k. enginn milljónari. En frambjóðendum þrífloḳkanna, sem þarna voru, vafðist tunga um tönn. Það var von. Þeir fundu það víst vel, að það voru alveg óskyld mál og raunar andstæð að afnema kjördæmin og kjósa á móti milljónörunum.

Og svo kem ég þá í þessum lestri loks að höfuðmálgagni Sjálfstfl., Morgunblaðinu, og boðskap þess fyrir kosningarnar, og þar er nú eins og oftar dálítið feitt á stykkinu og athyglisvert. Morgunblaðið sagði 16. júní: „Kjördæmabreytingin er mikið mál, en þó aðeins eitt af mörgum, sem nú er kosið um. Þeir, sem greiða Framsókn atkvæði nú, gera það því ekki vegna kjördæmamálsins, heldur af því, að þeir kjósa yfir sig á ný sams konar stjórnarfar og hér ríkti á vinstristjórnarárunum.“ Hvað segir nú hæstv. forsrh. um þetta, og hvað segir t. d. hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem nú er forseti sameinaðs Alþingis? Hvað segir hv. frsm. meiri hl. stjórnarskrárnefndar, sem hér talaði áðan, og flokksmenn hans? Þetta eru „þeirra eigin orð“, svo að notað sé heiti á útbreiddum kosningabæklingi frá Sjálfstfl. Var nú ekki von, að a. m. k. sjálfstæðismenn hikuðu við að kjósa um kjördæmamálið eftir þessa lexíu frá aðalmálgagni sínu, sem varaformaður flokksins og núverandi forseti sameinaðs þings stjórnar? Og geta svo sömu mennirnir sagt á eftir, að með sanni megi segja, að þjóðin hafi á ótvíræðan hátt látið vilja sinn í ljós um kjördæmamálið? Nei, það geta þeir ekki sagt, og það gerði þjóðin heldur ekki á ótvíræðan hátt. Því miður skorti mjög mikið á, að svo væri, og það er eins og ég hef fært rök að í þessari ræðu hér að framan, þar er að mjög miklu leyti áróðri flokkanna sjálfra um að kenna.

Ég hef rakið þetta nokkuð, þennan áróður fyrir kosningarnar, þennan áróður þeirra, sem að stjórnarskrárbreytingunni standa, fyrir því, að menn skyldu ekki láta kosningarnar snúast um það mál, sem var tilefni þingrofsins og kosninganna. Ég hef rakið það til þess að menn geti eða eigi af þeim orsökum enn auðveldara með að gera sér ljóst, að það hlaut að fara svo, að mjög mikið vantaði á, að afstaða yrði tekin til málsins í venjulegum þingkosningum. Ég hef rakið þetta vegna þess, að við minnihlutamenn í stjórnarskrárnefnd berum fram till. um sérstaka meðferð þessa máls. Minni hl. telur, að úr þessu, sem mistókst í kosningunum, að verulegu leyti fyrir þann áróður, sem ég hef vikið að hér að framan, að úr því sé rétt og skylt að bæta eftir föngum og að enn sé hægt að gera ráðstafanir til þess, að

vilji kjósenda komi fram, áður en málið hlýtur afgreiðslu á Alþingi. Minni hl. telur, að hægt sé að koma þessum ráðstöfunum í kring án þess að fella frv. að svo stöddu eða breyta því. Þetta er hægt að gera með því að fresta aukaþinginu nokkurn tíma og láta, á meðan þinghlé er, fara fram almenna atkvgr. í hverju kjördæmi um það meginatriði frv., sem ágreiningur veldur hér á Alþingi og annars staðar, þ. e. a. s. hvort leggja skuli niður kjördæmin öll utan Reykjavíkur og taka upp í þeirra stað stór hlutfallskosningakjördæmi. Slík atkvgr. væri að vísu ekki lagalega bindandi. En þess er að vænta, að þm. tækju eðlilegt tillit til hennar við afgreiðslu málsins, og jafnframt væri komið í veg fyrir, að það haldi áfram, sem nú á sér stað, að fjöldi kjósenda um land allt, sem kaus flokka sína eða frambjóðendur þeirra í kosningunum 28. júní, liggur óréttilega undir því ámæli að hafa viljað leggja kjördæmin niður.

Ef till. minni hl. verður samþ. við þessa umr., þá ætti atkvgr., sú almenna atkvgr. í hverju kjördæmi, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, að geta farið fram sunnudaginn 23. ágúst n. k. og ef til vill fyrr. Þegar að lokinni talningu í kjördæmunum gæti aukaþingið komið saman og afgreitt frv., hvernig svo sem sú afgreiðsla þá yrði. Kosningar til Alþingis gætu síðan farið fram síðari hluta októbermánaðar, ef þeirra reynist þörf.

Ef till. minni hl. verður samþ., má væntanlega gera ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. aflaði sér heimildar til þingfrestunar, ef á þarf að halda, þar sem málið mundi að öðrum kosti ekki koma til frekari meðferðar á aukaþinginu.

Ég leyfi mér svo að öðru leyti að vísa til nál. minni hl. á þskj. 10 og þeirrar till. til rökstuddrar dagskrár, sem prentuð er á því þskj.

Páll Þorsteinsson: Herra forseti. Frsm. minni hl. stjskrn. hefur nú gert svo skýra grein fyrir áliti minni hl. og þeirri till., sem þar er fram borin, að ég þarf ekki að gera það sérstaklega að umræðuefni. En þetta mál, stjórnarskrárfrv., sem hér liggur fyrir, er svo veigamikið mál, að eðlilegt er, að það sé rætt á nokkuð breiðum grundvelli og þau áhrif, sem það hlýtur að hafa í þjóðfélaginu, og vil ég því leyfa mér við þessa umr. að fara um málið nokkrum orðum.

Þegar þetta frv. eða frv. samhljóða því, sem hér liggur fyrir, var lagt fram s. l. vor, þá var það kynnt þjóðinni af málsvörum hæstv. ríkisstj., Alþýðublaðinu, með stórfyrirsögn yfir þvera forsíðu, sem hljóðaði þannig: „Þetta er mesta breyting, sem gerð hefur verið á þingræðisskipulagi Íslendinga, síðan Alþingi var endurreist.“ Með þessari breyt., þessari mestu breyt., sem gerð hefur verið á þingræðisskipulagi Íslendinga nokkuð á aðra öld, er stefnt að því, eftir því sem fylgismenn málsins segja, að búa til í landinu stórar og sterkar félagsheildir, stærri og sterkari félagsheildir en sýslurnar eru.

Þróunin í þjóðfélaginu hefur yfirleitt verið á þann veg nú að undanförnu, að það hefur verið stefnt að því að smækka félagsheildirnar fremur en að stækka þær. Þannig er því farið um bæjarfélögin og sýslurnar, að þess eru mörg dæmi, að sýslufélög hafa verið klofin og þeim skipt í tvö lögsagnarumdæmi. Hið sama er að segja um sveitarfélögin. Þar hefur verið stefnt að því að smækka félagsheildirnar og mörgum sveitarfélögum verið skipt, en yfirleitt hefur þróunin ekki verið sú að steypa þeim saman. Svipað á sér stað t. d. um búnaðarsamböndin, hinn frjálsa félagsskap bændastéttarinnar. Þegar breytingar hafa verið gerðar á félagsheildum í landinu, þá hefur það verið meginregla, að frumkvæði að þeim breyt. hefur komið fram frá því fólki, sem hlut á að máli, og Alþ. því aðeins samþ. breyt. eða haft afskipti af þessum málum með löggjöf, að fyrir hafi legið ótvíræður vilji fólksins, sem í hlut á.

Það er að sönnu hægt að finna þess dæmi í sögunni, að stofnað hafi verið til félagsheilda á annan hátt. Ömtin, sem var ákveðið visst verksvið í þjóðfélaginu um nokkurra áratuga skeið, voru sett upp með valdboði ofan frá, með fyrirskipun frá stjórnarvöldunum, en ekki að frumkvæði fólksins heima í héruðunum. Og skipun amtanna eða stöðu þeirra í þjóðfélaginu var stundum breytt með konungsúrskurði, eins og t. d. þegar vestur- og suðuramtið voru sameinuð með konungsúrskurði 1872. Og með þessu skipulagi, sem var búið til ofan frá, var stefnt að því á vissan hátt að búa til sterkar félagsheildir. Það voru sett ákvæði um, að kosin skyldu amtsráð, sem sýslunefndirnar áttu að kjósa, og hélzt sú skipan um hríð í þjóðfélaginu. En þegar stjórnarvöldunum þótti henta skömmu eftir aldamótin, þá voru ömtin og þetta skipulag allt, sem hafði verið sett upp á þennan hátt með valdboði ofan frá, afnumið, amtsráðin lögð niður á árunum 1904—1905 og amtsskipulagið numið úr gildi. Og hvaða spor eiga svo þessar stóru félagsheildir, sem þannig var komið upp, í okkar þjóðfélagi? Þau spor eru næsta óglögg. Amtsskipulagið varð aldrei rótfast hér á landi, einkum að ég ætla vegna þess, að það var ekki sett upp með áhuga og fyrir atbeina fólksins sjálfs, sem þar átti hlut að máli.

Þeir, sem að þessu frv. standa, segja í sambandi við þetta mál, að sýsluskipanin, eins og hún er nú, sé í raun og veru úrelt, og við umr. um þetta mál á síðasta þingi voru sýsluskipaninni í raun og veru valin hin hæðilegustu orð, hún sé vaxin upp af því sæði, sem erlendir konungar sáðu hér á landi á mestu niðurlægingartímum þjóðarinnar, o. s. frv. Af því mætti draga þá ályktun, að þeir, sem að þessu frv. standa, vilji í raun og veru, að í kjölfar þess komi gerbreyting á sýsluskipaninni, afnám sýslnanna og að myndaðar verði stærri félagsheildir, eins og þeir tala svo mikið um. En það er eftirtektarvert, að þeir, sem þannig tala, haga framkvæmd málsins og gerð þess allri á þann veg, að þeir binda sýsluskipanina í sjálfri stjórnarskránni. Ef það væri alvara að stefna að því að gerbreyta sýsluskipaninni, þá hefði verið alls kostar eðlilegt að afmarka þessi nýju, stóru kjördæmi með landfræðilegum heitum, finna þeim landfræðileg takmörk, t. d. að Vesturlandskjördæmi næði frá Hvalfirði að Gilsfirði o. s.

frv. En í stað þess að þetta sé gert, þá er það þvert á móti bundið í stjórnarskrárfrv., að Vesturlandskjördæmið skuli ná yfir Borgarfjarðarsýslu, Akraneskaupstað, Mýrasýslu, Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, Dalasýslu o. s. frv. um allt land. Ef það ætti að framkvæma það, sem talað er um, að styrkja félagsheildirnar heima fyrir, sýslufélögin, þá virðist þurfa að breyta stjórnarskránni samkv. þessu frv. aftur til þess að ná því marki.

En ef sýsluskipanin á að haldast, eins og frv. sjálft bendir til, þá verða sýslurnar áfram fjárhagsheildir, hvorki veikari né sterkari, þó að þetta kjördæmafrv. verði samþ. Þær verða fjárhagsheildir, sem verða áfram að leysa þau verkefni, sem þeim hefur verið ætlað og þær þurfa að leysa.

En þetta mál, þetta stjórnarskrármál, raskar sögulegri þróun, samfelldri þróun, sem átt hefur sér stað a. m. k. nokkuð á aðra öld. En þrátt fyrir það að svo sé og þetta mál allt svo veigamikið í rauninni, þá vildu fylgismenn málsins ekki láta síðustu kosningar til Alþ. snúast um þetta mál, heldur fyrst og fremst um önnur mál, eins og frsm. minni hl. stjskrn., hv. þm. N-Þ. (GíslG), hefur fært hér skýr rök fyrir.

Íslenzka lýðveldið er eitt hið minnsta af hinum sjálfstæðu ríkjum heims. En sá réttur, að það megi setjast á bekk með stórveldum, þar sem málefni þjóðanna eru rædd, er ekki grundvallaður á fólksfjölda íslenzku þjóðarinnar eða fjármagni hennar, og svo verður ekki a. m. k. í náinni framtíð, heldur er það fyrst og fremst sögulegur réttur. En eins og þjóðfélagið í heild á sinn sögulega rétt, þá eiga héruðin í landinu líka vissan sögulegan rétt, sem þeim er næsta dýrmætur. Nú segja fylgismenn þessa máls: Hinn sögulegi réttur héraðanna er lítils virði. Hann á að víkja. En í stað þess eiga að koma nýjar reglur og meginefni þeirra er það, að fólksfjöldinn á hverjum stað, höfðatalan og fylgi flokkanna á að ráða. — Og svo segja fylgismenn þessa máls, að þessar nýju reglur, sem þeir beiti sér fyrir að koma á, eigi að verða til hagsbóta héruðunum sjálfum. Í því sambandi er ástæða til að spyrja: Hver hefur átt frumkvæðið að þessum breytingum? Hefur það frumkvæði verið úti í héruðunum eða annars staðar? Og hvar er að finna þær samþykktir utan úr héruðunum, þar sem skorað hefur verið á stjórnarvöldin að beita sér fyrir þessari breytingu? Þær samþykktir liggja ekki fyrir, en þvert á móti höfðu Alþ. borizt á sínum tíma mjög mörg mótmæli víðs vegar að gegn þeirri breyt., sem hér á að lögleiða.

Og nú er sagt, að þetta mál þurfi að knýja fram til þess að auka lýðræðið í landinu og auka mannréttindin, þetta sé mannréttindabarátta. Það er að sönnu fögur hugsjón, að jafnrétti þegnanna sé sem mest. En jafnrétti þegnanna er ekki eingöngu í því fólgið, að kosningarétturinn fari eftir fólksfjölda á hverjum stað. Ég hygg, að það þurfi allvíða að svipast um í þjóðfélaginu til þess, að jafnréttið sé þá framkvæmt á öðrum sviðum jafnframt. Og það er viðurkennt í lýðræðisríkjum víða um heim, að eðlilegt sé, að kjósendur í höfuðborgunum, þar sem stjórnarvöldin hafa aðsetur, séu fleiri á bak við hvern þingmann heldur en kjósendur í landshlutum, sem eru mjög fjarri aðsetri stjórnarvaldanna.

Það er að sönnu meginatriði lýðræðis, að sem flestir félagshópar og flestar stefnur fái aðstöðu til þess að túlka skoðanir sínar fyrir almenningi. En það er ekki nema annar þáttur lýðræðisskipulagsins. Þingræðisskipulagið grundvallast á því í framkvæmd, að það myndist meiri hl., að það myndist úrskurðarvald, sem leysir málefni þjóðfélagsins, þar sem þeim er ráðið til lykta. Af því sprettur það, að þó að þess megi finna dæmi erlendis, að ríkisstjórnir séu kosnar hlutfallskosningu af fulltrúum löggjafarþinganna, þá er það alger undantekning. Meginreglan hjá þjóðum, sem fylgja lýðræði og þingræðisskipulagi, er sú, að um framkvæmdarvaldið myndist meiri hl. og minni hl., að það fáist úrskurðarvald, en ekki að framkvæmdarvaldinu sé dreift í jöfnum hlutföllum nákvæmlega á hendur allra.

Það er líka eftirtektarvert, hvaða rök eru færð fyrir þessu máli öðrum þræði. Til dæmis sá flokkurinn, fjölmennasti flokkurinn, Sjálfstfl., sem beitir sér nú mjög fyrir þessu máli, hefur það sem eina af aðalröksemdum sínum fyrir málinu, að það þurfi að koma kjördæmaskipuninni í það horf, að festa í þjóðmálum geti náðst. Menn geta nú svona nokkurn veginn rennt grun í, hvað í þessu felst. Það kann að vera, að það þyki ekki óaðgengilegt, að kjördæmaskipunin skipti valdinu í landinu þannig, að það geti myndazt meiri hl. eins flokks og þannig geti festa í þjóðmálum náðst. En þá er ekki stefnt að því að dreifa valdinu nákvæmlega í réttum hlutföllum við fulltrúafjölda flokkanna á Alþingi. Og þegar litið er til mannréttindanna, sem þetta frv. á að veita, þá verður manni að spyrja: Hvernig er því háttað með mannréttindin í hinum frjálsu félagssamtökum, t. d. verkalýðsins, sem hafa sett sér sínar eigin kosningareglur án nokkurrar þvingunar, án nokkurrar lagaþvingunar af hálfu Alþingis? Er því ekki þannig varið nú í dag um t. d. stærstu verkalýðsfélögin, sem kjósa mjög marga fulltrúa í trúnaðarstöður, t. d. á Alþýðusambandsþing, að sá flokkurinn, sem aðeins fær meiri hl. í kosningunni, fái alla fulltrúana kosna? Eru ekki mannréttindi til staðar í þessum frjálsa félagsskap verkalýðsins? Og hvað veldur því, að þeir hafa ekki lagt á það áherzlu að koma þar á sams konar, svipuðu eða sambærilegu skipulagi og stefnt er að að koma á um alþingiskosningar með þessu frv.

Þá er talað um það í sambandi við þetta mál, að það þurfi að koma á staðarlegu jafnrétti í sambandi við kosningar til Alþingis. Í því sambandi verður að gæta þess, að þegar ákveðið er, hvað hver flokkur fær marga uppbótarþingmenn kjörna, þá eru talin saman og lögð til grundvallar öll atkvæði, sem sá flokkur fær á landinu. Það er í raun og veru atkvæðamagn þéttbýlisins, sem skilar ákveðnum fjölda uppbótarmanna inn á þing í viðbót við hina kjördæmakjörnu. Og það hefur verið sagt sem

meðmæli með þessu frv., að líkur bentu til, að fullur jöfnuður mundi nást milli flokka, ef kosið yrði eftir því skipulagi, sem stefnt er að að koma á samkv. frv. En þegar tillit er tekið til uppbótarþingsætanna og ef það tekst að koma á fullum jöfnuði milli flokka, þá er í raun og veru ekki lengur heldur hægt að tala um staðarlegt misrétti, þá er ekkert eftir annað en það, að uppbótarmennirnir eiga e. t. v. ekki allir lögheimili eða aðsetur í þéttbýlinu. En jafnvel það hefur meiri hl., sem stendur að þessu máli, á valdi sínu að fá lagfært í sambandi við kosningalögin, ef hann sjálfur leggur áherzlu á, hann hefur vald til þess hér á hv. Alþ., svo að það er hans mál.

Þá er það fært fram sem rök fyrir þessu máli, að breyt. muni auka stéttarlegt jafnrétti í kosningunum. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sem var einn af flm. þessa máls á síðasta þingi, sagði orðrétt hér í þessari hv. d. við 1. umr. þessa máls nú fyrir fáum dögum: „Þetta er sjálfsagt mál fyrir verkafólk. Fátækir verkamenn í kaupstöðum landsins eiga að hafa sama rétt eins og hver annar Íslendingur við alþingiskosningar.“

Þeirri furðulegu fullyrðingu hefur verið slegið fram í sambandi við þetta mál, að með núv. kjördæmaskipun gæti farið svo, að þó að allir launþegar í landinu stæðu saman við kosningar, þá fengju þeir samt ekki meiri hl. á Alþ., þetta væri því réttindabarátta launþega í landinu öðrum þræði. Þegar þetta er athugað, þá er auðsætt, að þessi fullyrðing fær á engan hátt staðizt. Það fólk, sem fær tekjur sínar greiddar með peningum og kalla má launþega, er í heild mikill meiri hl. þjóðarinnar. En í þeim flokki, í launþegahópi, eru alls ekki einungis fátækir verkamenn í kaupstöðum, heldur m. a. menn, sem bezta aðstöðu hafa í þjóðfélaginu. Það er svo þáttur út af fyrir sig, að liðsmenn hv. 3. þm. Reykv., sem keppa úti í héruðunum, og raunar fleiri fylgismenn þessa máls halda því mjög fram þar, að bændur, sem margir séu einyrkjar, eigi fyrst og fremst samstöðu með verkamönnunum og eigi að kjósa t. d. Alþb., en ekki því, að allur launþegahópurinn út af fyrir sig eigi samstöðu í þjóðfélaginu. En ef þetta er rétt, þegar talað er úti í héruðunum, þá er eðlilegt að taka einnig tillit til þess í sambandi við þetta mál, þegar réttur borgaranna í þjóðfélaginu er metinn.

En ef við lítum nú á þetta í þrengri merkingu og skoðum aðstöðu verkamanna út af fyrir sig í sambandi við kjördæmaskipunina, þá er það svo, að t. d. í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, þá voru í heild mun færri kjósendur á bak við þm. en hér í Rvík. Svo hefur ávallt verið, síðan Alþ. var endurreist og grundvöllur núv. kjördæmaskipunar lagður. En sá munur hefur að sönnu aukizt nú á síðari árum með vexti höfuðborgarinnar. En atkvæði verkamannsins á Hornafirði vegur nákvæmlega jafnmikið og atkvæði bóndans inni í sveitinni og atkvæði embættismannsins í héraðinu. Og atkvæði forstjórans og yfirmannsins hér í Reykjavík hefur líka alveg nákvæmlega jafnmikið gildi og atkvæði verkamannsins út af fyrir sig. Það er því ekki rökrétt hugsun, þegar því er slegið fram í sambandi við þetta mál, að með því sé verið að koma á stéttarlegu jafnrétti við alþingiskosningar. Þeir, sem þannig tala, miða orð sín sennilega helzt við það, að það séu ákveðnir flokkar, þar sem verkamenn séu aðilar að.

Þegar það er athugað, liggur næst að líta á atvinnuskiptingu þjóðarinnar, eins og hagstofan hefur fundið eftir manntali að hún sé. Samkvæmt skýrslum hagstofunnar er atvinnuskipting þjóðarinnar þannig, að af öllum starfandi mönnum í landinu eru 58.5% verkamenn og til viðbótar því tæp 8%, sem eru einyrkjar, og eftir röksemdafærslum t. d. frambjóðenda Alþb. og fleiri, sem þetta mál styðja, eiga einyrkjarnir í sveitinni fulla samstöðu með verkamönnum. Þetta er því milli 60 og 70% þjóðarinnar. En niðurstaðan af síðustu alþingiskosningum var sú, að þeir flokkar, sem sjálfir kalla sig verkalýðsflokka, fengu samtals um 27% kjósenda í landinu. Þegar á þetta er litið, er auðsætt, að jafnvel tæpur helmingur verkamanna, eins og hagstofan skiptir þjóðinni í atvinnugreinar, fylgir þeim flokkum, sem sjálfir kalla sig verkalýðsflokka.

Það má einnig líta til þess, að atvinnuvegirnir eru mjög misjafnir að því leyti, hve mikill hluti af því fólki, sem við þá starfar, er verkamenn. Það er kunnugt, að verzlunin t. d. á langmest ítök hér í Reykjavík og í þéttbýlinu. En eins og hagstofan skiptir fólkinu í atvinnustéttir, þá eru aðeins rúm 18% þess fólks, sem í heild vinnur að verzluninni, — þeim atvinnuvegi, — verkafólk, en t. d. við fiskveiðar eru nærri 86% af því fólki, sem við þann atvinnuveg vinnur, verkafólk. Nú er það kunnugt, að fiskveiðar eru undirstöðuatvinnuvegur víða úti um landsbyggðina, en verzlun, iðnaður og ýmislegt fleira eru mjög veigamiklar atvinnugreinar hér í höfuðstaðnum og í þéttbýlinu. Af þessu er auðsætt, að hlutfallslega meiri hluti kjósendanna úti um land telst til verkalýðsstéttarinnar beinlínis heldur en hér í þéttbýlinu. Þessi röksemd, að með þessu frv. sé stefnt að því að koma á stéttarlegu jafnrétti, fær því ekki heldur staðizt.

Með þessu frv. er, eins og við framsóknarmenn höfum oft bent á, lyft undir það, að stjórnmálaflokkum fjölgi í landinu. Það verður bætt aðstaða til nýrrar flokksmyndunar. En það hlýtur að leiða af sér aukna skiptingu á atvinnustéttunum milli stjórnmálaflokka og stefnir því sízt að því að færa atvinnustéttirnar saman að því er stjórnmálabaráttuna snertir.

Nei, þegar þetta mál er brotið til mergjar, þá er það augljóst, að grundvöllur þess og það, sem að baki því liggur, er að jafna metin milli stjórnmálaflokkanna í landinu. Það er að reyna að koma á auknu jafnrétti milli flokkanna, og í samræmi við það áttu flokksstjórnirnar og flokksforingjarnir, sem beita sér fyrir þessu máli, frumkvæði að þeirri stjórnarskrárbreytingu, sem hér er til umræðu.

En þá er á það að líta, hvaða horfur eru á, að þetta jafnrétti milli flokkanna náist, ef frv. verður samþykkt nú og kosningar fara fram samkvæmt hinni nýju skipan.

Eftir síðustu kosningar birtu nokkur blöð útreikninga um það, hvernig þingsæti hefðu fallið að óbreyttum atkvæðatölum milli flokkanna, ef kosið hefði verið eftir því fyrirkomulagi, sem stefnt er að að koma á samkvæmt þessu frv. Það er fróðlegt í sambandi við þetta mál að gera sér grein fyrir því, hvernig þetta hefði fallið. Ég geri ráð fyrir, að þeir útreikningar, sem birtust í nokkrum blöðum og voru samhljóða, séu réttir og það megi leggja þá til grundvallar, þegar á þetta er litið. Og þá er það fróðlegt, hvernig jafnrétti milli flokka, hvernig valdaaðstaðan í landinu á að breytast frá því, sem var t. d. á síðasta kjörtímabili, þegar þetta mál var tekið upp, samkvæmt þessum útreikningum.

Á síðasta kjörtímabili var það svo, að Sjálfstfl. hafði 19 þm., þ. e. a. s. 36.7% þingsætanna. Eftir nýju skipaninni á hann að fá, með þeim atkvæðatölum, sem komu í ljós við síðustu kosningar, 27 þm., eða 45% þingsætanna. Framsfl. hafði 17 þm., þ. e. a. s. 32.7% þingsæta, á að fá 17 þm., þ. e. a. s. 28.3% þingsæta, þegar miðað er við þingmannafjöldann, fjölgunina upp í 60 þm. Alþb. hafði 8 þm., þegar þetta mál var tekið upp, þ. e. a. s. 15.3% þingsætanna, á að fá 9 þingmenn samkvæmt síðustu atkvæðatölum, þ. e. a. s. 15% þingsætanna. Alþfl. hafði 8 þm., 15.3% þingsæta, á að fá 7 þm, þ. e. a. s. 11.7% þingsætanna.

Þegar á þetta er litið, er það auðsætt, hvernig fer um jafnréttið milli flokkanna samkvæmt þessari nýju skipan, að það er aðeins einn flokkurinn, Sjálfstfl., sem fær aukið valdssvið hér á hv. Alþingi samkvæmt hinni nýju skipan. Ég skal ekkert um það fullyrða, hvort forustumenn verkalýðsflokkanna hafa gert sér grein fyrir þessu í öndverðu, áður en þjóðinni var hrundið út í þær deilur, sem skapast um þetta mál, eða hvort auðmýkt þeirra og undirgefni gagnvart Sjálfstfl. er á svo háu stigi, að þeir segi: Hann á að vaxa, en við að minnka.

En það er ýmislegt, sem bendir þó til þess, að forustumenn verkalýðsflokkanna, sem tóku þá ákvörðun að hefja deilur um þetta mál og knýja það fram, sjái nú ýmsa hluti betur eftir kosningarnar heldur en þeir gerðu í öndverðu. Það er næsta eftirtektarvert, að þessa daga, nú þegar verið er að vinna að lokaafgreiðslu þessa máls, — þessa máls, sem þríflokkarnir kalla mannréttindamálið, málið, sem á að auka lýðræðið í landinu, o. s. frv., — þá sendir hv. 3. þm. Reykv., sem var einn af flm. frv. á síðasta þingi, frá sér neyðarkall opinberlega, einmitt þessa daga. Og tónarnir í neyðarkallinu eru m. a. þannig: Úrslit síðustu alþingiskosninga eru viðvörun til verkalýðshreyfingarinnar um, að nú séu síðustu forvöð að stöðva þá óheillaþróun, sem við blasir, ef svo er fram haldið sem verið hefur s. l. 13 ár. Á 13 árum hafa verkalýðsflokkarnir þannig tapað upp undir tíunda hluta þjóðarinnar yfir til borgaraflokkanna. En ein er höfuðorsök þessarar hættulegu þróunar, sem ekki verður um deilt, og hún er sú, að öll þessi ár hafa verkalýðsflokkarnir barizt hvor við annan í stað þess að standa saman og vinna hvor með öðrum að öllum þeim málum, sem þeir eru sammála um. — Og svo eru síðustu tónarnir í neyðarkallinu þannig: Á þetta að ganga svona áfram? Og það er skírskotað til samvizku manna, samvizku almennings og þeirra forustumanna Alþfl., sem kallinu er sérstaklega beint til.

Það er augljóst, að kjördæmaskipunin, sem enn er í gildi, hefði út af fyrir sig getað skilað verkalýðsflokkunum eins mörgum fulltrúum og tryggt þeim jafnmikil áhrif á löggjafarþingi og þeir höfðu t. d. 1946, eins og forustumaður Alþb. bendir á. Hér kemur allt annað til.

Það er svo út af fyrir sig eftirtektarvert, að þessu neyðarkalli skuli fyrst og fremst vera beint til forustumanna Alþfl., sem hafa stundum áður fengið miður virðuleg heiti hjá forustumönnum Sósfl., — mannanna, sem forustumenn Sósfl. hafa t. d. sagt um á prenti, að „Alþfl. með foringjavaldi sínu sé höfuðstoð og stytta burgeisastéttarinnar á Íslandi," eins og segir orðrétt í kommúnistískum fræðum. En allur almenningur hlýtur að skilja, að í þessu neyðarkalli felast játningar manna, sem nú sjá kannske ýmislegt betur en þeir sáu fyrir í öndverðu. Í þessu kalli felast raunar djúpir kveinstafir, þungur áfellisdómur um eigin athafnir á stjórnmálasviðinu undanfarin ár. Og þeir alþýðumenn, sem skilja þetta og gera sér rétta grein fyrir þróun mála, verða æ fleiri og fleiri. Þeir finna það, að þessi áfellisdómur er réttmætur.

Þá er það einn þáttur í þessu máli, að fylgismenn þess hafa látið það koma fram opinberlega, á mjög skýran hátt, að með því að knýja það fram muni mega takast að hnekkja valdi samvinnuhreyfingarinnar í landinu. Það vill nú svo til, að þróun hins frjálsa félagsskapar í þessu landi hefur orðið mjög samhliða þróun Alþingis sjálfs. Fáum árum áður en Alþingi var endurreist var fyrsta búnaðarfélagið stofnað í þessu landi, og jafnframt því að Alþingi hefur vaxið að veg og valdi á undanförnum tíma, þá hefur þessi frjálsi félagsskapur, búnaðarfélagshreyfingin, líka vaxið bæði að útbreiðslu og þau verkefni, sem hann hefur tekið sér fyrir hendur að leysa, hafa orðið æ stærri með hverjum áratug, sem liðið hefur. Rétt fyrir síðustu aldamót var komið fastri skipan á þessa félagsmálahreyfingu með stofnun Búnaðarfélags Íslands. Og nú á allra síðustu áratugum hafa verið leyst af hendi stórvirki í sveitum landsins á vegum þessa félagsskapar. Ríkisvaldið með Alþingi í broddi fylkingar hefur að sönnu veitt mjög mikilsverða aðstoð og hvatningu til þessara framfara, en framkvæmdirnar sjálfar hafa ekki hvílt á herðum ríkisvaldsins, og þær eru of stórfelldar til þess, að það sé hægt að leysa þær með einkaframtakinu út af fyrir sig. Lausnin hefur verið fundin þannig, að hinn frjálsi félagsskapur bændastéttarinnar hefur tekið að sér framkvæmdirnar og leyst þau verkefni af hendi með þeim ágætum, sem þjóðkunnugt er.

En einmitt þegar hinn frjálsi félagsskapur bændanna leysir þessi verkefni, þá myndar hann sínar eigin félagsheildir, ekki eftir þeirri stefnu, sem allt þetta frv. byggist á, að steypa saman í stærri og stærri heildir, heldur þvert á móti á þann veg að skipta búnaðarfélögunum

sjálfum í smærri félagsheildir, oft eftir landfræðilegum staðháttum að einhverju leyti, í ræktunarsamböndin.

Svipað má segja um samvinnuhreyfinguna. Það er jafnan talið svo, að upptök samvinnuhreyfingarinnar megi rekja til svo að segja nákvæmlega sama tíma og þegar Alþingi var endurreist. — Það er talið svo, að fyrsta kaupfélagið hafi verið stofnað í Bretlandi í desember 1844. En það er eftirtektarverð staðreynd, sem Íslendingar hafa ef til vill ekki gert sér eins ljósa og vera skyldi, að það voru íslenzkir bændur, sem í raun og veru voru brautryðjendur samvinnuhreyfingarinnar.

Íslenzkir bændur höfðu myndað félagasamtök, nokkru áður en fyrsta kaupfélagið í Bretlandi var stofnað, t. d. félagasamtök í Þingeyjarsýslu undir forustu kennimannsins á Hálsi í Fnjóskadal. Síðan hefur þessi frjálsi félagsskapur þróazt samhliða þróun Alþingis. Og þau verkefni, sem hann hefur leyst af hendi, hafa vaxið og stækkað og sú þjónusta aukizt, sem hann hefur veitt í þjóðfélaginu.

Nú er seilzt svo langt í leit að rökum fyrir þessu máli, sem hér liggur fyrir, að það er talið leggja grundvöll að því, að auðið sé að hnekkja gengi og áhrifum samvinnuhreyfingarinnar frá því, sem nú er. Og kappgjarnir flokksforingjar, sem beita sér fyrir þessu máli, kynda glæður í flokkssmiðjum sínum og slá í sífellu rógmálm, sem á að vera nothæft vopn til að vega að samvinnuhreyfingunni. Foringjar samvinnumanna, innan þings og utan, svara fyrir sig, og það er margsýnt, að rógmálmurinn stenzt ekki í skylmingum við þá. En fólkið úti um landsbyggðina, sem á skömmum tíma hefur lyft grettistaki í búnaði með frjálsri samvinnu og félagsstarfi, fólkið, sem sjálft sannreynir gildi samvinnufélaganna og þá mikilvægu þjónustu, sem þau veita í sambandi við atvinnulíf og viðskipti, getur vel myndað sér sjálfstæða skoðun á samvinnuhreyfingunni og metið réttilega gildi hennar án leiðbeininga kappgjarnra flokksforingja. Þetta fólk temur sér ekki kröfugöngur, en það er yfirleitt gætt því eðli alþýðumannsins, sem öndvegisskáld tveggja þjóða hafa lýst af djúpum skilningi, Stephan G. Stephansson m. a. þannig:

> Smiðju lífsins er eg í
> minn eigin gæfusmiður.
> Á lífsins steðja stæla má
> í starfað dagsverk hverja þrá.

Þetta fólk gerir greinarmun á réttu og röngu. Það vegur og metur að staðaldri málfærslu flokksblaðanna og finnur vel, af hvaða toga hún er spunnin. Og það mun svara fyrir sig, hvenær sem tækifæri gefst og hvernig sem kjördæmaskipunin verður. Og því fastara sem rógmálmurinn er sleginn, sem á að verða vopn til að vega að samvinnuhreyfingunni, þeim mun ákveðnara mun svar þess verða.

Þetta mál er allt svo mikilvægt, að það eru full rök fyrir þeirri till., sem við í minni hl. berum fram, að þjóðin fái enn aðstöðu til þess að segja álit sitt á málinu, áður en það verður tekið til lokaafgreiðslu, og þau orð, sem ég hef nú látið falla um málið, eru m. a. rökstuðningur fyrir því.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skil það vel, að forgöngumenn þessa máls kysu helzt, að það gengi þegjandi og hljóðalaust í gegnum þingið að þessu sinni. Á þessari óskhyggju þeirra er einföld skýring. Hún er sú, að talsmenn hinnar fyrirhuguðu kjördæmabreytingar hefur alltaf brostið og brestur enn frambærileg rök málstað sínum til stuðnings. En hitt þykir mér raunar einkennilegra, að forgöngumenn málsins skuli ekki treysta sér betur en raun ber vitni um til þess að sitja í þingdeildarsal og hlusta á mál manna, því þó að þeir geti sjálfsagt tekið undir með manninum, sem sagði: Ég er ekki kominn hingað til þess að láta sannfærast, — þá skilst manni þó, að þeir séu nú kosnir á þetta þing til þess að sitja þar.

En hvað sem því líður, þá geta framsóknarmenn vitaskuld ekki látið að óskum kjördæmabyltingarmanna í þessu efni. Þeir hljóta enn sem fyrr að halda uppi vörnum fyrir hin fornu héraðakjördæmi. Þeir hljóta enn sem fyrr að mæla sín varnaðarorð. Þeir hljóta enn að freista þess að fá lagfæringu á þessari fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingu, svo að hún samrýmist betur en nú er til stofnað bæði hagsmunum hinna einstöku kjördæma og þjóðarinnar í heild.

Ég mun nú leyfa mér að fara hér við þessa umr. málsins nokkrum orðum um hina fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingu. Því miður verður ekki hjá því komizt, að í því máli mínu gæti nokkurra endurtekninga frá því, sem áður hefur verið sagt um þetta mál, bæði á þessu þingi og eins á hinu fyrra þingi, sem málið hafði til meðferðar. En ég vona þá, að það metist mér til afsökunar, að ég hef ekki átt þess kost að tala um þetta mál hér á þessum stað fyrr, og í annan stað hitt, að þetta mál er svo mikilvægt í alla staði, að það verðskuldar vissulega, að það sé rætt ýtarlega og að því sé að öllu leyti gaumur gefinn.

Allir hljóta að játa, að stjórnarskrárbreyting sú, sem hér er um að tefla, felur í sér stórkostlega breytingu á kjördæmaskipun og kosningatilhögun, miklu stórkostlegri og gagngerðari breytingu en nokkru sinni hefur átt sér stað áður, allt frá því að við fyrst fengum stjórnarskrá árið 1874. Með þessari fyrirhuguðu stjórnlagabreyt. eru öll núverandi kjördæmi utan Reykjavíkur þurrkuð út og í stað þeirra tekin upp tiltölulega fá, en stór kjördæmi. Kosningafyrirkomulaginu er gerbreytt, horfið með öllu frá einfaldri meirihlutakosningu og í stað þess hvarvetna upp teknar hlutfallskosningar. Auk þess er svo þm. fjölgað úr 52 upp í 60.

Um þetta síðastnefnda atriði, þingmannafjölgunina, er út af fyrir sig ekki ágreiningur á milli þingflokka. Framsfl. hefur til málamiðlunar tjáð sig reiðubúinn til að fallast á þá þingmannatölu, sem stjskrfrv. gerir ráð fyrir, enda verði þm. fjölgað með svipuðum hætti og áður hefur átt sér stað, þ. e. a. s. með upptöku nýrra kaupstaðakjördæma og með fjölgun þm. í Reykjavík og á Akureyri. Framsfl. hefur því viljað og vill fallast á þá aukningu á fulltrúatölu kaupstaðakjördæm-

anna, sem í stjórnarskrárbreytingunni felst, enda verði hinum gömlu héraðakjördæmum þá þyrmt. — Allir eru þannig sammála um að taka tillit til hinna gífurlegu fólksflutninga, sem átt hafa sér stað tvo s. l. áratugi, og veita hinum nýju þéttbýlisbyggðum rétt til sérstakra fulltrúa á Alþingi.

Ágreiningurinn er því um tvö og aðeins tvö grundvallaratriði, kjördæmaskipunina og kosningatilhögunina, um það, hvort öll núverandi kjördæmi utan Reykjavíkur skuli niður lögð og hvort innleiða skuli hlutfallskjör um land allt. Það er um þessi efni, sem deilan snýst.

Enginn sæmilega skynugur maður getað neitað því, að hér sé um að ræða gerbreytingu á grundvallaratriðum stjórnskipulagsins. Í rauninni ættu því allir gætnir og greindir menn að geta orðið sammála um það, að til þvílíkra gerbreytinga skuli ekki stofnað á stjskr., nema til þeirra sé knýjandi þörf. Sú siðferðislega skylda hvílir á formælendum þessarar stjórnarskrárbreytingar að leiða gild rök að því, að hin núverandi kjördæmaskipan með hæfilegum leiðréttingum, sem alls enginn ágreiningur er um, sé óviðunandi og þurfi gerbreytingar við. Og í annan stað ættu þeir að réttu lagi að sýna fram á, að líkur séu til, — því að um það atriði verður ekki fengin nein bein sönnun eða óyggjandi vissa, — að líkur séu til þess, að hin nýja kjördæmaskipan og hið nýja kosningafyrirkomulag muni gefast vel í reyndinni. Án þess að slíkt liggi fyrir, er óskynsamlegt að stofna til jafngagngerðrar breytingar á gamalreyndu skipulagi og hér er gert.

Því fer nú að mínum dómi víðs fjarri, að formælendum þessarar stjórnarskrárbreytingar hafi tekizt að færa fram haldgóð rök fyrir þessu tvennu, sem ég minntist á. Þeim eru ekki tiltæk nein frambærileg rök fyrir því að leggja hin gömlu kjördæmi niður. Öll þeirra rök, sem rök mega kallast, lúta að því, að rétta þurfi hlut þéttbýlisins við Faxaflóa, sem þeir telja að hafi búið við skarðan hlut að undanförnu. En um það atriði er bara alls ekki deilt í þessu máli eða þessu sambandi. Um það er alls enginn ágreiningur á milli flokka og enginn ágreiningur á milli þessara flokka þriggja, sem standa að þessari fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingu og nú má ef til vill fara að kalla stjórnarflokka alla saman, og á milli Framsfl., enda þótt það sé svo annað mál, sem ég mun hér ekki ræða frekar að sinni, að í raun og veru hefur þéttbýlið hér við Faxaflóa ekki yfir neinu að kvarta út af samskiptum sínum við landsbyggðina.

Það eru alls engin rök fram borin fyrir því, að jafna þurfi aðstöðuna innbyrðis á milli þeirra kjördæma, sem ætlunin er að steypa saman, enda ekki kunnugt, eins og reyndar hefur verið rakið hér áður, að úr þeim kjördæmum hafi borizt neinar óskir, hvað þá heldur kröfur um slíka samsteypu, og það er ekki heldur kunnugt, að þar hafi nokkrir úfar eða ágreiningur risið með nágrannakjördæmum af þeim ástæðum, að atkvæðafjöldi á bak við þingmenn þeirra hafi verið eitthvað mishár, né heldur að vart hafi orðið neins metings þeirra í milli af þessum ástæðum. Þvert á móti hafa — eins og greint var frá hér af síðasta ræðumanni — úr ýmsum þessara kjördæma eða frá fyrirsvarsmönnum þeirra, svo sem sýslunefndum, borizt ákveðin mótmæli gegn samsteypu kjördæmanna. Það væri auðvitað einnig auðvelt að jafna á milli hinna einstöku kjördæma, ef þess þætti þörf, án þess að leggja þau niður, t. d. með því að úthluta uppbótarþingsætum á annan veg en nú er gert, og til þess hefði ekki einu sinni þurft stjórnarskrárbreytingu.

Formælendur þessa stjskrfrv., sem hér liggur fyrir til umr., hafa ekki sýnt fram á, hvorki við þessa umr. né áður fyrr, að þess sé að vænta, að nýtt og betra stjórnarfar hefjist í þessu landi, eftir að hin gömlu kjördæmi hafa verið að velli lögð. En auðvitað ætti það sjónarmið fyrst og fremst að ráða gerðum manna í þessu máli, en ekki ímyndaðir flokkshagsmunir eða flokkaumhyggja.

Formælendur þessarar stjórnarskrárbreytingar hafa ekki heldur sýnt fram á það, að aðstaða íbúanna í kjördæmunum, sem niður skal leggja, muni batna við breytinguna, að áhrif þeirra á löggjöf og landsstjórn muni fara vaxandi til hagsældar fyrir hinar dreifðu byggðir. Ónei. Sannleikurinn er sá, að við meðferð málsins á þessu þingi hafa formælendur stjskr.-breyt. alls enga tilraun gert til þess að rökstyðja málstað sinn, og við meðferð málsins á síðasta þingi fengust þeir helzt ekki til að ræða málið og báru vægast sagt fram heldur fátækleg rök fyrir jafngagngerðum breytingum á grundvallaratriðum stjórnskipunarinnar og hér er um að ræða.

En sé litið yfir málflutning talsmanna kjördæmabyltingarinnar, svo sem hann áður hefur birzt í málgögnum þeirra og á málþingum og hér á hinu háa Alþ., að því litla leyti sem þeir hafa þar reynt að benda á atriði máli sínu til styrktar, virðast mér það einkum hafa verið fimm ástæður, fimm höfuðröksemdir, sem fram hafa verið bornar til stuðnings eða réttlætingar þeirra málstað, og þær eru þessar: Í fyrsta lagi eins konar réttlætissjónarmið, að jafna þurfi aðstöðuna á milli kjósenda í hinum einstöku kjördæmum. Í öðru lagi, að nauðsynlegt sé, að kosningafyrirkomulagið sé eitt og hið sama, hvar sem er á landinu. Í þriðja lagi, að einmenningskjördæmin þurfi að hverfa úr sögunni. Í fjórða lagi, að hlutfallskosningar tryggi rétt minni hlutans. Og í fimmta og í síðasta lagi kemur nú rúsínan í pylsuendanum, sem í munni margra sjálfstæðismanna a. m. k. virðist vera höfuðskýringin á aðför þessari að hinum gömlu kjördæmum, sem sé sú, að fyrirhuguð stjskr.-breyt. sé nauðsynlegt eða hæfilegt andsvar við kosningasamvinnu Framsfl. og Alþfl. 1956, að breytingin á kjördæmaskipuninni og kosningatilhöguninni sé hefndarráðstöfun fyrir þá kosningasamvinnu, sem þeir kölluðu venjulega áður Hræðslubandalag, en upp á síðkastið stundum með öðru enn ljótara nafni, sem sé Klækjabandalag.

Ég mun nú síðar í ræðu minni víkja að þessum sýndarröksemdum og hrekja þær lið fyrir lið. En áður en ég kem að því, vil ég fyrst gera nokkra grein fyrir því, hvers vegna ég tel þessa fyrirhuguðu stjskr.-breyt. stórlega varhugaverða og beinlínis hættulega, bæði fyrir íbúa hinna einstöku kjördæma, sem niður skal

leggja, og fyrir þjóðfélagið í heild. Ég mun nú ekki hér að sinni víkja neitt að upptöku málsins á síðasta Alþ. né að aðdraganda þess öllum, enda þótt hann væri auðvitað með eindæmum. Ég mun ekki hér heldur, a. m. k. ekki að svo stöddu, ræða það, hversu fráleitt það er að taka hér til meðferðar nú aðeins einn þátt hins svokallaða stjórnarskrármáls, kjördæmamálið, í stað þess að láta fram fara þá heildarendurskoðun stjskr., sem flestar ríkisstjórnir hafa heitið að láta framkvæma, allt frá því að lýðveldið var endurreist 1944, en einlægt hefur verið svikið, enda hafa þessi efni verið rækilega rakin og skýrð hér áður — eða á síðasta Alþ. — af framsóknarmönnum.

Ég mun aðeins ræða efnishlið málsins, og mun ég þá fyrst víkja að sjálfri kjördæmabreytingunni, en síðar að kosningatilhöguninni, en þetta tvennt er algerlega sitt hvað, enda þótt allt of margir rugli þessu saman og tali um þetta í einum graut. Stjórnarskrárbreytingarnar 1934 og 1942 voru t. d. ekki nema að sáralitlu leyti kjördæmabreytingar og ekki nema að því leyti til, að af stjórnarskrárbreytingunni 1942 leiddi upptöku eins nýs kjördæmis, Siglufjarðar. Hins vegar fólu þessar stjórnarskrárbreytingar 1934 og 1942 í sér auk þingmannafjölgunar mjög mikilvægar breytingar á kosningatilhögun.

Eins og ég hef áður sagt og öllum er ljóst, er með kjördæmabreytingunni verið að leggja niður öll núverandi kjördæmi landsins utan Reykjavíkur, þurrka þau gersamlega út. Langflest þessara kjördæma eiga að baki sér langa sögu, því að í meginatriðum hefur kjördæmaskipunin verið óbreytt allt frá því Alþingi var endurreist árið 1845, nema hvað kaupstaðakjördæmi hafa smám saman bætzt við. Kjördæmaskipunin var samkvæmt alþingistilskipun frá 1843 byggð á sýsluskiptingu landsins og á raunar rætur sínar í hinni fornu goðorða- og þingaskipun. Núverandi kjördæmi hvíla því á sögulegum grunni, eru aldagamall arfur og falla með eðlilegum hætti saman við aðra umdæmaskiptingu landsins, enda var umdæmaskipting þessi í öndverðu byggð á landfræðilegum staðháttum, sem engin stjórnlög fá breytt.

Það liggur í augum uppi, að það hlýtur að valda mikilli röskun og margvíslegum óþægindum og ófyrirsjáanlegum óþægindum að hverfa þannig algerlega frá hinni gömlu og fastmótuðu kjördæmaskipan og taka í þess stað upp algerlega ný kjördæmi, sem hvorki styðjast við né falla saman við nokkra aðra umdæmaskiptingu, sem fyrir er í landinu. Hin fyrirhuguðu kjördæmi svífa þannig algerlega í lausu lofti. Þau hafa ekki sérstaklega nein sameiginleg málefni umfram þau málefni, sem sameiginleg eru öllum landsins börnum, sem sameiginleg eru öllum kjördæmum landsins. Svo að ég nefni t. d. dæmi frá því svæði, þar sem ég er kunnugastur, þá get ég t. d. spurt: Hvað er sameiginlegt með Vestur-Húnavatnssýslu og Siglufirði umfram það, sem öllum kjördæmum er sameiginlegt? Og hvað er það þó hjá því, sem er á Austfjörðum eða í Austurlandskjördæmi og í Vestfjarðakjördæmi, þar sem staðhættir gera það að verkum, að byggðirnar eru miklu sundurskildari heldur en þó á Norðurlandi?

Allt frá 1845 hefur ekkert kjördæmi verið lagt niður. Hins vegar hefur nokkrum nýjum kjördæmum verið bætt við á liðnum áratugum vegna aukinnar byggðar á ákveðnum stöðum, og nokkrum tvímenningskjördæmum hefur verið skipt í einmenningskjördæmi. Þingmönnum höfuðstaðarins hefur og smám saman verið fjölgað, eftir því sem íbúatala hans hefur vaxið. Þá leið á enn að fara að dómi Framsfl., leggja núverandi kjördæmaskipan til grundvallar, en gera á henni eðlilegar lagfæringar í samræmi við breytta byggð og búsetu fólksins. Á hinn bóginn tel ég það hið mesta glapræði að gerbylta í einu vetfangi allri kjördæmaskipan landsins og raska þannig grundvelli stjórnskipulagsins. Það er að mínum dómi fásinna að kasta þannig í fljótræði öllum hinum gömlu kjördæmum fyrir róða. Það þarf þung rök til svo gagngerrar breytingar. Þau gildu rök eru ekki fyrir hendi. Hin gömlu kjördæmi eru helguð af langri reynslu, eiga sér sterk ítök í hugum fólksins og eru studd gildum hagkvæmisrökum.

Mér virðast þessar ástæður, að við höfum lengi búið við þessi kjördæmi og að þau hafa lengst af verið talin sjálfsögð og eðlileg, og hefur þó aldrei verið fullkomið samræmi á milli þeirra þannig, að íbúatala eða kjósendatala þeirra hafi verið hin sama í hlutfalli við þingmenn þeirra, — mér virðast þessar ástæður vera þungar á metum, þegar spurning rís um það, hvort nú eigi allt í einu að varpa þessari kjördæmaskiptingu með öllu fyrir borð. Höfum við nú efni á því, Íslendingar, á þessum umbrota- og upplausnartímum að kasta á glæ gamalreyndri og rótgróinni skipan? Ég segi nei. Kjördæmabyltingarmenn gera að vísu lítið úr hinum sögulegu rökum í þessu máli. En við skulum varast að tala með lítilsvirðingu um söguleg rök.

Hin sögulegu rök hafa löngum reynzt okkur Íslendingum haldgóð. Svo var í sjálfstæðisbaráttunni og svo mun enn reynast í landhelgismálinu, ef þeir menn, sem með þau mál fara, vildu og fengjust til þess að sinna hinum sögulegu rökum þar. Því hefur að vísu verið haldið fram af skillitlum mönnum og óskyggnum á íslenzka sögu, að hin gömlu héraðakjördæmi megi okkur í léttu rúmi liggja, því að ákvörðun um þau sé eiginlega af erlendri rót runnin, þar sem alþingistilskipunin hafi á sínum tíma verið gefin út af dönskum konungi. Að því er jafnvel látið liggja í Bláu bókinni, — þessari hérna, — sem Sjálfstfl. dreifði út fyrir kosningar og hv. frsm. meiri hl. n. drap á og er nú sannarlega blá, bæði að umbúðum og innihaldi, — það er jafnvel látið liggja að því þar, að ákvörðunin um kjördæmi hafi verið andstæð óskum Íslendinga og gagnstæð vilja Jóns Sigurðssonar, hann hafi viljað fylgja annarri stefnu í því efni. Þetta er alrangt og villandi.

Það er að vísu rétt, að alþingistilskipunin var gefin út af Danakonungi, svo sem var um öll lagaboð íslenzk á þeim tíma. En uppkast að þessari tilskipun og þar með ákvörðun kjördæm-

anna var gerð af hinni einu ráðgefandi samkomu, sem þá var til í landinu, embættismannanefndinni svokölluðu. Embættismannanefndin lagði einmitt til þá kjördæmaskipan, sem lögleidd var, enda höfðu um hana komið fram áður tillögur af hálfu Íslendinga, og danska stjórnin hróflaði ekkert við tillögum nefndarinnar að þessu leyti. Á þessari eðlilegu kjördæmaskipan hefur síðan verið byggt í grundvallaratriðum, og Íslendingar höfðu á þessum árum engan hug á breytingum á kjördæmaskipuninni. Um það er fyrir hendi glöggur vitnisburður frá Þjóðfundinum. Fyrir Þjóðfundinn lagði danska stjórnin, svo sem kunnugt er, frv. til laga um stöðu Íslands í fyrirkomulagi ríkisins og um ríkisþingskosningar, þ. e. a. s. frv. til eins konar stjórnlaga fyrir Ísland. Þetta frv. fór til n. á Þjóðfundinum. Þessi nefnd klofnaði. Meiri hluti hennar, 8 af 9, með Jón Sigurðsson í broddi fylkingar hafnaði frv. stjórnarinnar og bar nýtt frv. fram um stjórnskipun Íslands. En hvað sagði þessi meiri hluti um kjördæmaskipunina, en í frv. stj. hafði verið byggt á sömu kjördæmaskipan og áður, en lagt til, að sum kjördæmanna yrðu gerð að tvímenningskjördæmum? Jú, meiri hluti nefndarinnar sagði þetta, með leyfi hæstv. forseta, og það má lesa í Þjóðfundartíðindum á bls. 529:

„Með því að nefndin álítur það ógerandi að skipta landinu í kjördæmi með hér um bil jöfnum fólksfjölda, þá verðum vér að vera fastir á þeirri skoðun, sem stjórnin hefur fylgt í frv. þessu, að yfirgnæfandi ástæður séu fyrir því að halda hinni gömlu kjördæmaskipan eða lögsagnarumdæmum, eins og þau eru nú."

Undir þetta nál. skrifar Jón Sigurðsson o. fl. ágætir menn. Hitt er svo allt annað mál, að Jón Sigurðsson vildi fjölmennara þing og vildi, að sum kjördæmanna væru tvímenningskjördæmi. Ég hef ekki getað orðið þess var eða séð það, að Jón Sigurðsson hafi nokkru sinni gert tillögur um breytingar á kjördæmaskipun landsins.

Í stjórnarskrárfrumvörpum þeim, sem flutt voru á öldinni sem leið og allmörg voru, held ég að aldrei hafi verið gerðar neinar tillögur um breytingar á kjördæmaskipun landsins. Það er fyrst í áliti nefndar, sem fékk til meðferðar kosningalagafrv. á Alþ. 1901, að því er hreyft, að gera þurfi slíkar breytingar eða breytingar á kosningatilhögun, og það er eftir áskorun eða að frumkvæði þeirrar n., að Hannes Hafstein ráðherra leggur svo síðar fram sitt kosningalagafrv., sem mjög oft hefur verið vitnað til í þessum umr., fyrst 1905 og svo síðar 1907. En á það má nú minna, að þegar Hannes Hafstein lagði fram frv. sitt á Alþ. 1907 og þegar hann fylgdi því úr hlaði, þá sagði hann einmitt þessi orð, með leyfi forseta:

„En flestir hafa þó látið í ljós, bæði í sýslunefndum og á héraðsfundum, að þeir aðhyllist helzt einmenningskjördæmi."

Þetta má lesa í B-deild Alþingistíðindanna frá 1907, bls. 2090. Eigi að síður lagði Hannes Hafstein fram þetta frv. En frsm. meiri hl. n., sem fékk þetta frv. Hannesar Hafsteins til meðferðar, Jón Magnússon, segir frá því í sinni framsöguræðu, en hann lagði á móti samþykkt frv., að á rúmum 30 þingmálafundum í 20 kjördæmum hafi verið samþykkt ályktun um málið og þær ályktanir gangi allar á móti málinu nema ein. Þannig var nú stemmningin fyrir þessu máli 1907, og vitaskuld var það í samræmi við þá stemmningu, að þetta frv. Hannesar Hafsteins eða stjórnarinnar á Alþ. 1907 var fellt.

Það fær því vissulega ekki staðizt, þegar þess er gætt, sem ég hef nú rakið, þegar því er haldið fram, að kjördæmaskipunin sé af erlendri rót runnin og að hún hafi verið ákveðin, svo sem gert var, gagnstætt vilja landsmanna sjálfra og að menn hafi verið óánægðir með hana. Þvert á móti er það alveg víst og liggur alveg ljóst fyrir, að þessi umdæmaskipting hefur lengst af þótt sjálfsögð og eðlileg, og hefur þó, eins og ég hef áður drepið á, íbúatala hinna einstöku kjördæma frá öndverðu verið misjöfn. Ég held því fram, að það sé óskynsamlegt að gera jafngagngerar breytingar og hér eru ráðgerðar á svona gamalreyndu, hefðbundnu skipulagi, án þess að fyrir liggi nokkrar óskir þar um frá íbúum hinna einstöku kjördæma. Ég tel ekki réttlætanlegt að gera slíkar breytingar, nema sýnt sé, að meiri hluti kjósenda á hverju fyrirhuguðu kjörsvæði sé samsteypunni meðmæltur, enda hafi það þá verið kannað með tryggilegum hætti, hver viljaafstaða þeirra til málsins er.

Formælendur kjördæmabreytingarinnar hafa reynt að halda því fram, að betra væri að eiga fyrir fulltrúa 5—6 þm. úr stóru kjördæmi en 1—2 úr sýslu eða kaupstað, að betra væri þannig að eiga hlutdeild í 5—6 þm. en eiga sérstaklega fyrir sig 1 eða 2 fulltrúa. Ef þessi rök væru rétt, ættu þau auðvitað að leiða til þess, að landið væri allt gert að einu kjördæmi. Það ætti þá að vera bezt að eiga þannig hlutdeild í 60 þingmönnum. En þetta eru alger falsrök, eins og auðvelt er að sanna með einföldum dæmum og oft hefur verið gert í þessum umræðum.

Á framboðsfundum í því kjördæmi, Skagafjarðarsýslu, sem ég var í, nefndi ég það t. d. eða bar fram þá spurningu, hvort t. d. smæstu hrepparnir í Skagafjarðarsýslu mundu telja sér ávinning að því, að farið væri að kjósa sýslunefndina í einu lagi með hlutfallskosningu, í stað þess að þeir kysu sérstakan fulltrúa fyrir sig, eins og nú er. Ég held, að það hafi ekki komið eitt einasta jákvætt svar við þeirri spurningu. Og ég tók enn fremur annað dæmi, og það má taka það hér: Mundu Íslendingar telja það til hagræðis fyrir sig á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, að Ísland hætti þar að eiga sinn sérstaka fulltrúa, en í stað þess væri t. d. tekið upp sameiginlegt hlutfallskjör á öllum fulltrúunum frá Evrópu? Ég hygg, að Íslendingar mundu sízt af öllu telja sér þá breytingu til hagsbóta.

Sannleikurinn er sá, að við kjördæmabreytinguna hlýtur afstaðan á milli þingmanns og kjósanda nokkuð að breytast. Hin persónulegu tengsl á milli kjósanda og þingmanns hljóta að rofna að talsverðu leyti. Nú eru kjördæmin yfirleitt ekki stærri en svo, að þingmenn, a. m. k. ef þeir eru ekki því skemur, þekkja flesta íbúa

kjördæmis persónulega. Þeir verða gerkunnugir högum og þörfum umbjóðenda sinna og verða þess þar af leiðandi betur umkomnir en ella að gæta hagsmuna þeirra í hvívetna. Þeir hafa með höndum ýmiss konar þjónustu eða erindisrekstur fyrir fólkið í kjördæmi sínu, sem því er áreiðanlega til mikils hagræðis.

Í hinum fyrirhuguðu stóru kjördæmum verður þingmanni vitaskuld ókleift að kynnast öllum umbjóðendum sínum persónulega. Fundahöldum og ferðalögum um kjördæmi verður miklu síður við komið. Þingmanni verður af eðlilegum ástæðum ókleift að annast ýmiss konar fyrirgreiðslu fyrir kjósendur með sama hætti og tíðkazt hefur. Það má sjálfsagt með nokkrum rétti segja, að slíkt fyrirgreiðslustarf eða þjónusta liggi utan við hið eiginlega þingmannsstarf, en hingað til höfuðstaðarins liggja nú svo margar leiðir og þarf svo margt að sækja, að *ég hygg, að hinum einstöku kjördæmum þyki* það ekki einskis nýtt að eiga sér hér sérstaka þingmenn til slíkrar fyrirgreiðslu. Í hinum stóru kjördæmum verður fyrst og fremst kosið um flokka, en ekki um menn. Stjórnmálaflokkar eru að vísu nauðsynlegir, en okkur vantar þó ekki flokka. Okkur vantar miklu fremur einstaklinga, sem fólkið ber traust til.

Sannleikurinn er sá, að við kjördæmabreytinguna missa kjósendur í hinum einstöku kjördæmum það aðhald, sem þeir hafa nú að þingmanni. Hann verður þeim óháðari, en verður aftur á móti háðari sínum flokki, og það er þetta, sem í mínum huga er höfuðatriði og mælir sterklega gegn hinni fyrirhuguðu breytingu. Ég álít, að kjósendur eigi að hafa aðstöðu til að velja sér menn, en ekki bara flokka, þegar þeir kjósa sér þingfulltrúa. Það er m. a. *af þessari ástæðu, sem ég persónulega* hef alltaf verið og er fylgjandi einmenningskjördæmafyrirkomulagi. Ég lít svo á, að það sé varhugavert að ýta undir flokkavaldið með þeim hætti, sem þessi fyrirhugaða stjórnarskrárbreyting hlýtur að gera.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar að sinni um sjálfa kjördæmabreytinguna, en ætla þessu næst að víkja að breytingunni á sjálfri kosningatilhöguninni, þ. e. a. s. að því, að hlutfallskjör skuli alls staðar innleitt.

Því skal ekki neitað, að ýmislegt má fram færa hlutfallskosningum til gildis. Í sumum tilfellum verða þær taldar bezt við eiga. Þar sem samtímis á að kjósa marga menn í einu úr sama umdæmi, er hlutfallskosning eðlilegust. En hinu verður heldur ekki neitað, að hlutfallskosningum til Alþingis fylgja stórir annmarkar. Það eru *allar líkur til þess, að þær muni leiða til* flokkafjölgunar, smáflokkamyndunar, hrossakaupa, vandræða um stjórnarmyndanir, stjórnarkreppu, í stuttu máli til glundroða og upplausnar. Þessar afleiðingar hlutfallskosninga til þjóðþinga má hvarvetna rekja. Það er athyglisvert, að hin elztu þingstjórnarlönd og þau lönd, þar sem lýðræðisstjórnarhættir standa föstustum fótum, hafa aldrei innleitt hjá sér hlutfallskosningar. Svo er í Bretlandi, og svo er í Bandaríkjunum og mörgum öðrum enskumælandi löndum. Þar er kosið *einfaldri meirihluta*kosningu og þar hafa menn þótzt geta fullnægt öllu réttlæti án þess að hverfa til hlutfallskosninga.

Um skeið áttu hlutfallskosningar og þá einkanlega á fyrstu áratugum þessarar aldar, þá *áttu hlutfallskosningar allmiklu fylgi að fagna* víða um lönd, og mörg ríki innleiddu hjá sér hlutfallskosningar þá, en nú eru menn orðnir reynslunni ríkari. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég lauk ræðu minni áðan, þá hafði ég gert nokkra grein fyrir, hverjir annmarkar fylgdu hlutfallskosningakerfi samkvæmt *dómi reynslunnar, þar sem það er jafnvel svo*, að jafnvel stórveldi hafa orðið að hverfa frá lýðræðisstjórnarháttum, af því að stjórnarformið var orðið óstarfhæft vegna sundrungar og upplausnar. Þannig fór t. d. fyrir Þýzkalandi, þ. e. a. s. Weimar-lýðveldinu svonefnda, og þannig fór nú síðast fyrir Frakklandi. Hvernig *halda menn* t. d. að það hafi verið að stjórna í Þýzkalandi árið 1932, þegar flokkar þar í landi voru orðnir milli 20 og 30? Ég held því alls ekki fram, að hlutfallskosningar hafi verið eina ástæðan til þess, hvernig fór í þessum löndum, en hinu held ég fram, að þær hafi átt sinn þátt í því, hvernig fór þar. Og það er í þessu sambandi oft vitnað til Norðurlandanna og hlutfallskosningafyrirkomulagið rökstutt með því, að þar sé þetta kerfi og þar hafi það gefizt vel. En ég held, að þetta byggist á nokkrum misskilningi. Það er að vísu rétt, að hlutfallskosningar tíðkast á Norðurlöndum og hafa tíðkazt þar um skeið, en ég held, að það sé misskilningur, að það hafi gefizt sérstaklega vel í þeim löndum, vegna þess að eftir því sem ég þekki þar til, þá er það svo á Norðurlöndunum öllum, að Noregi máske undanskildum, að í þeim *löndum hefur um langt skeið ekki verið hægt* að mynda hreinar meirihlutaflokksstjórnir, heldur hafa setið þar að völdum stöðugar samsteypustjórnir, og það hefur oft og einatt gengið heldur illa að koma þeim stjórnum saman. Og eins og dæmi mætti mörg nefna um, þá hefur það stundum orðið svo, að stjórnarmyndunarsamningar hafa tekið þar ákaflega langan tíma og stærri flokkar hafa næstum því orðið, ef svo mætti segja, að kaupa smáflokka til samvinnu við sig, til þess að það væri hægt að mynda meirihlutastjórn í þeim löndum, þannig að það er nú síður en svo, að þetta kerfi hafi gefizt svo sérstaklega vel á Norðurlöndunum að þessu leyti til, auk þess sem á það má benda, að flokkar á Norðurlöndum, stjórnmálaflokkar, eru t. d. talsvert fleiri en hér á landi, og það má sjálfsagt rekja til þess, a. m. k. að *nokkru leyti, að þetta hlutfallskosningakerfi* hefur þar verið í lögum.

Það er þannig síður en svo, að reynsla annarra þjóða af hlutfallskosningum hvetji til þess, að þær séu innleiddar hér í ríkara mæli en þær eiga sér nú stað.

En þó að reynsla annarra þjóða sé mikils virði í þessu sambandi, þá er það þó auðvitað reynsla okkar sjálfra, sem hér sem endranær er ólygnust, og það er nú svo, að við hér á landi höfum nokkra reynslu af hlutfallskosningum, af því að *sannleikurinn er sá, að eftir núgildandi kerfi*

er í raun og veru svo komið, að meiri hluti þingmanna er kosinn með hlutfallskosningakerfi. Það má segja, að fyrsta verulega skrefið til hlutfallskosninga hafi samt verið stigið hér á landi með upptöku uppbótakerfisins 1934, — og hvernig er reynslan af þeim í okkar stjórnarfari? Hún er á þá lund, að eftir 1934 hefur ekki verið hægt að mynda hreina flokksstjórn hér á þessu landi, heldur höfum við stöðugt orðið að búa við samsteypustjórnir með þeirra göllum.

Og það var enn stigið stórt skref í áttina til hlutfallskosninga hér á landi árið 1942, þegar hlutfallskosningar voru upp teknar í tvímenningskjördæmunum. Hverjar voru afleiðingarnar af því, að því er varðar okkar stjórnarfar? Þær voru þær, að á tveimur árunum næstu þar á eftir reyndist ekki unnt að mynda eiginlega þingræðisstjórn hér á landi, heldur sat þá að völdum utanþingsstjórn, svo sem öllum er kunnugt um.

Með hliðsjón af innlendri og erlendri reynslu, þá held ég þess vegna, að það sé sízt af öllu ástæða til þess að auka hlutfallskosningar fram yfir það, sem nú á sér stað. Verkanir þeirra verða óefað þær sömu hér sem annars staðar. Hlutfallskosningar í stórum kjördæmum munu ýta undir myndun smáflokka, sem munu ganga kaupum og sölum við stjórnarmyndanir, og þær munu grafa undan heilbrigðu stjórnarfari.

Af þessum sökum er óhætt að staðhæfa, að allar líkur eru til þess, að stjórnarskrárbreyting sú, sem hér er um að ræða, muni leiða til tjóns fyrir þjóðarheildina.

Sannleikurinn um hina fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingu er auðvitað sá, að með henni er verið að færa valdið til, það er verið að draga valdið úr höndum hinna einstöku kjördæma og í hendur flokkanna. Þetta er að mínum dómi óheilbrigð stefna. Þess vegna álít ég þessa stjórnarskrárbreytingu spor í öfuga átt, er henni algerlega andvígur.

En þó að ég telji fyrirhugaða breytingu á kjördæmaskipun og kosningatilhögun sízt af öllu til bóta, er hitt ekkert launungarmál, að ég tel ýmsa annmarka á núgildandi skipan. Einkanlega hef ég gagnrýnt hið svonefnda uppbótarkerfi og hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum. Ég persónulega hef talið og tel enn, að kosningar í einmenningskjördæmum séu almennt heppilegastar fyrir pólitískt líf í landinu og haldgóða framtíðarstjórn.

Á hinn bóginn eru mér ljósar og ég legg mikið upp úr þeim ástæðum, sem liggja til grundvallar hinu blandaða núgildandi kerfi, þ. e. a. s. þar sem er viljinn til að halda við hinni gömlu kjördæmaskiptingu í aðaldráttum, en rétta jafnframt hlut hinna tiltölulega nýju þéttbýlisbyggða.

Þegar því um er að ræða að velja á milli núgildandi skipunar með hæfilegum lagfæringum og hinar fyrirhuguðu skipunar samkvæmt fyrirliggjandi stjskrfrv., þá er auðvitað í mínum huga enginn vafi á því, hvorn kostinn beri að velja, svo sem ég þegar hef áður tekið fram og af þeim ástæðum, sem þar eru raktar, og ég skal ekki endurtaka það.

Herra forseti. Það gæti líklega ekki verið, að það væru flokksfundir? Mér sýnist vera svo einkennilega fáir þingmenn annarra flokka hér. (**Forseti**: Mér er ekki kunnugt um, að flokksfundir séu núna, og fundurinn var boðaður hér áðan, þegar fyrri fundinum lauk, svo að þm. hlýtur að vera kunnugt um það, að fundi sé fram haldið.) Þannig að það er ekki ástæða til að athuga það? (**Forseti**: Það má gjarnan. Ég skal biðja starfsmenn þingsins að athuga það, hvort þm. séu hér inni, og mælast til þess, að þeir mæti á fundinum.)

Mig langar svo þessu næst að taka til nokkurrar athugunar ástæðurnar fimm, sem ég áður nefndi og kjördæmabyltingarmenn virtust einkum vilja réttlæta stjórnarskrárbreytinguna með. Og þá er það fyrst réttlætissjónarmiðið að breytingin á kjördæmum og kosningatilhögun sé nauðsynleg til að jafna kosningarréttinn.

Ég vil fyrst og fremst í þessu sambandi vekja athygli á því og undirstrika það, að um fjölgun þm. í þéttbýlinu er enginn ágreiningur, eins og nú er komið. En hvernig í ósköpunum er hægt að halda því fram, að það sé eitthvert mannréttindamál eða stórt spor í lýðræðisátt að leggja niður hin gömlu kjördæmi og steypa þeim saman í stærri kjörsvæði, enda þótt um það hafi engar óskir borizt frá fólkinu, sem þar býr? Þvert á móti sýna nýafstaðnar kosningar, að í mjög mörgum hinna gömlu kjördæma er meiri hluti kjósenda samsteypunni gersamlega andvígur. Er þó langt frá því, að raunveruleg viljaafstaða manna til þessa máls hafi getað komið fram með eðlilegum hætti í síðustu kosningum, og er alveg vitað, að þar að auki er fjöldi manna í þessum kjördæmum, sem er breytingunni andvígur, fjöldi fólks, sem ekki hefur greitt Framsfl. atkvæði í þessum kosningum, á þessu svæði, sem er kjördæmabreytingunni gersamlega andvígur, enda þótt þeir hafi ekki séð sér fært nú að yfirgefa flokka sína í þessum kosningum, sumpart vegna villandi áróðurs kjördæmabyltingarmanna.

Hvernig má það t. d. vera nokkurt mannréttindamál fyrir Skagfirðinga, Húnvetninga og Siglfirðinga að kjósa í einu lagi með hlutfallskjöri fimm alþingismenn í stað þess, eins og nú er, að Siglfirðingar kjósi einn, Skagfirðingar kjósi tvo, Austur-Húnvetningar einn og Vestur-Húnvetningar einn? Allt tal um það, að verkamenn fái ekki notið sín í núverandi kjördæmum og muni ríkulegar uppskera í hinum stóru, væntanlegu kjördæmum, er alveg út í hött og hrein fjarstæða.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) talaði um verkalýðsflokkana, Alþb. og Alþfl. Hvernig er það nú? Verða þeir flokkar sterkari á þingi eftir breytinguna en þeir eru nú? Blaðið Þjóðviljinn hefur reiknað það út, hver mundi verða þingmannatala flokkanna í næstu kosningum, miðað við það, að þeir hlytu sömu atkvæðatölur og í nýafstöðnum kosningum. Og hver er niðurstaðan? Hún er sú, að Alþb. fær 9 þm., Alþfl. fær 7 þm. Hvort er nú meira 8 af 52 eða 9 af 60, og hvort er nú stærra 6 af 52 eða 7 af 60? Ég hygg, að flest skólabörn geti leyst úr því. Það liggur þannig ljóst fyrir samkvæmt útreikning-

um Þjóðviljans sjálfs, að verkalýðsflokkarnir, sem svo eru kallaðir, munu hafa minna hlutfallslegt þingfylgi eftir stjórnlagabreytinguna en fyrir. Hins vegar stinga þeir steiktum gæsum enn í munn íhaldsins, alveg eins og þeir gerðu árið 1942. Ja, þetta eru nú stjórnmálaforingjar verkalýðsflokka, sem kunna vel til verka og hafa vit í kollinum á réttum stað, sem stofna til svona stjórnarskrárbreytingar, — ég verð að segja það, — og stofna til svona mannréttindamála.

Það er vissulega hart fyrir fólkið í landinu, sem hefur viljað vinstra samstarf og studdi vinstri stjórnina af einlægni, að þurfa að horfa upp á, að stjórnarsamstarfi því skuli ljúka með þvílíkum ósköpum. En ég er hræddur um, að þeim háu herrum, forustumönnum verkalýðsflokkanna svonefndu, gangi illa að koma óbreyttum liðsmönnum sínum úti um land í skilning um, að í nafni mannréttinda og lýðræðis hafi verið nauðsynlegt að færa slíka fórn á altari íhaldsins. Og eins og margoft hefur verið sýnt fram á, hafa allir flokkar jafna aðstöðu í núverandi kjördæmum, hvort sem fjölmenn eru eða fámenn, jafna möguleika til þess að vinna sér þar fylgi. Ég efast einnig um, að þegar kaupstaðirnir eru fráskildir, þá sé meiri munur upp og ofan á kjósendatölu í hinum einstöku kjördæmum heldur en hefur verið frá fyrstu tíð, og ég get aðeins hér til rökstuðnings mínu máli að þessu leyti, að þetta sé ekkert mannréttindamál, vísað og vitnað til ummæla, sem áður hafa komið hér fram á þingi, með leyfi hæstv. forseta. Jón Þorláksson heitinn sagði hér árið 1931 á þessa leið:

„Í ummælum hv. flm., Héðins Valdimarssonar, fólst, að honum finnst líka þurfa sérstaklega að bæta úr því, ef einhver víðáttumikil kjördæmi eru svo fámenn, að kjósendatala þar verði langt fyrir neðan meðaltal þeirrar kjósendatölu, er kemur á hvern þingmann. En ég get ekki fylgt honum í því. Landshagir eru svo víða hér á landi, að sum kjördæmi hljóta að verða miklu fjölmennari en önnur, og mér finnst mannfleiri kjördæmin ekki hafa yfir neinu að kvarta. Það er sanngjarnt, að hver staður líti til þess, að hans hagur sé ekki stórlega fyrir borð borinn. Ég álít rétt að tryggja það, að fámennari, fjarlægari og afskekktari landshlutar séu ekki sviptir réttinum til að senda sína sérstöku fulltrúa á Alþing, því að þeir þurfa að eiga þar hver sinn fulltrúa til að tala máli sínu sérstaklega."

Þetta sagði Jón Þorláksson á sínum tíma, og er það viturlega mælt, svo sem von var til.

Þetta læt ég svo nægja um röksemd númer eitt og ætla, að það sýni, hversu haldlítil hún er.

Þá er það önnur ástæðan, að það sé nauðsynlegt, að kosningafyrirkomulagið sé eitt og hið sama, hvar sem er á landinu. Þessi virðist vera höfuðröksemd hv. 1. þm. Reykv. (BBen). Hann segir orðrétt í Bláu bókinni á bls. 10, með leyfi forseta:

„Frá mínu sjónarmiði hefur það ætíð verið höfuðatriðið í kjördæmamálinu og lausn þess oltið á því, að sams konar reglur giltu hvarvetna á landinu, í Reykjavík sem annars staðar. Endalaust verður deilt um, hvort heppilegra sé að hafa hlutfallskosningar eða einmenningskjördæmi. En sama háttinn verður að hafa alls staðar. Annað skapar óþolandi ranglæti."

Svo mörg eru þau orð. Sem sagt, það skiptir ekki máli, hvor aðferðin er, bara að það sé sama aðferðin alls staðar. Ég verð nú að segja, að mér þykir þetta nokkuð nýstárleg kenning, og hún minnir mann eitthvað óþægilega á vissar kenningar Jesúíta.

En hvað hinu blandaða kerfi viðvíkur, þá höfum við Íslendingar búið við það æði lengi, eða að ég ætla allar götur a. m. k. frá 1916, þegar innleitt var fyrst landskjör með hlutfallskosningu, sem var svo aukið með hlutfallskosningunum í Reykjavík frá 1920, með upptöku uppbótarkerfisins 1934 og hlutfallskosningu í tvímenningskjördæmum 1942. Ekki voru það framsóknarmenn, sem voru höfundar að þessu blandaða kerfi. Það voru Sjálfstfl. og Alþfl., sem stóðu að breytingum á kosningatilhöguninni 1934 og 1942, og þá þótti ekkert athugavert við þetta blandaða kerfi. Hvernig má það nú vera, að það, sem þá var gott og gilt og réttarbót, sé allt í einu nú orðið ómögulegt?

Reynslan af uppbótarþingmönnum er að vísu ekki góð, það skal ég játa. En það er nú bara svona, að eftir alla þessa réttarbót, sem nú á að eiga sér stað, og eftir þetta samkynja kerfi, sem á að vera, þá þurfa uppbótarmennirnir bara eftir allt saman að vera áfram. Þeir eiga ekki að hverfa. Og ég veit nú ekki betur en ýmsar þjóðir búi enn við svokallað blandað kosningakerfi í einni eða annarri mynd og að þær uni því sæmilega og það reynist þeim allvel.

Ég held því, að þessi röksemd verði harla léttvæg fundin. Ég held, að það sé út af fyrir sig æskilegt, að kosningakerfið sé alls staðar hið sama, en ég álít, að það sé engin óhjákvæmileg nauðsyn.

Þá er komið að þriðju röksemdinni, og um hana skal ég vera fáorður. Hún er á þá lund, að einmenningskjördæmi þurfi að hverfa, þau séu skaðleg í okkar stjórnarfari. Það er sagt, að kosningar þar séu svo harðar og ekki mannsæmandi, þar sé beitt óleyfilegum aðferðum o. s. frv.

En ég sagði, að ég ætlaði ekki að tala langt mál um þessa ástæðu. Það ætla ég heldur ekki að gera, heldur ætla ég að leiða þar annan mann sem vitni. Ég ætla að leiða þar sem vitni um það, hvort einmenningskjördæmi séu heppileg eða óheppileg, sjálfan 1. þm. Reykv., Bjarna Benediktsson, en eftir því sem Morgunblaðinu segist frá 24. jan. 1953, þá sagði hann á þessa lund:

„Þvert á móti mundi skipting Reykjavíkur í t. d. sextán eða sautján kjördæmi hafa í för með sér miklu nánara samband þingmanns og kjósenda en verið hefur. Þingmaður mundi miklu betur en nú vita, hvað kjósendum hans liði, og eiga þess kost að greiða fyrir mörgum áhugamálum þeirra og veita einstaklingunum sams konar fyrirgreiðslu og þingmenn utan af landi verða að veita sínum kjósendum. Þetta yrði aukin vinna og umstang fyrir þingmennina,

en ég þori að fullyrða, að að því yrði mikill ávinningur fyrir kjósendur.“

Þarna hefur Bjarni Benediktsson alveg réttilega gert grein fyrir þeim kostum, sem fylgja einmenningskjördæmaskipulagi, og þó ekki nema að nokkru leyti, því að aðalatriðið a. m. k. í mínum huga er það, að með einmenningskjördæmaskipulagi er betur tryggt, eins og ég sagði áðan, að hér í landinu verði haldgóð stjórn, og það er það, sem mestu skiptir. Í annan stað eru þessar ástæður, sem fram eru færðar, að kosningar í einmenningskjördæmum séu harðari en annars staðar, algerlega rangar, því að öllum er kunnugt um það, sem nokkuð þekkja til, að hvergi á landinu eru kosningar harðari en einmitt hér í Reykjavík. Og í annan stað verður það að segjast, að þessar sífelldu dylgjur, að það sé hægt að kaupa upp fólkið í þessum fámennu kjördæmum, eru vægast sagt óviðeigandi, því að sem betur fer, þá erum við Íslendingar yfirleitt það þroskaðir og það gott fólk, að það er ekki hægt að koma við því, sem kallað er mútur eða uppkaup.

Og þá kem ég að fjórðu ástæðunni, að hlutfallskosningar tryggi rétt minni hlutans. Þetta er alröng kenning. Hlutfallskosningar þurfa alls ekki að tryggja rétt minni hlutans og þurfa alls ekki að tryggja það, að meiri hluti fulltrúa hafi meiri hluta á bak við sig hjá kjósendum. Það má t. d. benda á bæjarstjórn hér í Reykjavík, þar sem meiri hluti bæjarfulltrúa hefur verið hjá Sjálfstfl. um langa hríð, en án þess þó að hann hefði hreinan meiri hluta kjósenda á bak við sig, og slík dæmi mætti nefna frá ýmsum öðrum bæjarstjórnum. Og þegar hlutfallskosningarnar sýna þannig mynd, þá verður mönnum að spyrja, hvar sé þá það öryggi, sem hlutfallskosningar tryggðu minni hl., þær sem sé stuðluðu miklu fremur að því eða leiddu til dreifingar atkvæða milli flokka, og í skjóli þess gat svo stærsti flokkurinn fengið hreinan meiri hluta í bæjarstjórn, enda þótt sá flokkur hefði engan veginn meiri hluta bæjarbúa á bak við sig.

Að hinu sama er að sjálfsögðu stefnt nú með þessu stjórnarskrárfrv., sem hér liggur fyrir. Sjálfstfl. hugsar sér að fá meiri hluta á Alþingi, enda þótt hann hafi ekki meiri hluta þjóðarinnar á bak við sig.

En svo langar mig aðeins til þess að benda á einkennilegt réttlæti í sambandi við hlutfallskosningar eða sem hlutfallskosningar leiða til og tek þá það kjördæmi sem dæmi, sem ég sit hér fyrir, þ. e. Skagafjarðarsýslu. Þar stendur svo á, að ég hef verið kosinn þar með meiri hluta atkvæða, hreinum meiri hluta, og ég mun greiða atkvæði gegn þessari stjórnarskrárbreytingu. En samþingismaður minn, Gunnar Gíslason, er kjörinn með miklum minni hluta. Hann mun væntanlega greiða atkvæði með þessari breytingu. Þ. e. a. s.: minni hlutanum í Skagafjarðarsýslu er með þessu veittur réttur til þess að gera vilja meiri hl. algerlega óvirkan, þannig að meiri hlutinn ræður þar alls ekki meiru en minni hl. Þetta er nú dálítið einkennileg mynd af lýðræði, vægast sagt, því að maður hefði þó haldið, að það væri yfirleitt reglan í lýðræðisskipulagi, að meiri hlutinn ætti að ráða. En til svona réttlætis geta hlutfallskosningar leitt.

Og þá er loks komið að fimmtu og síðustu ástæðunni, sem kjördæmabyltingarmenn bera fram til réttlætingar sínum málstað, þ. e. a. s., að stjórnarskrárbreytingin nú sé hefndarráðstöfun vegna kosningasamvinnu Alþfl. og Framsfl. 1956.

Þessi ástæða er náttúrlega fyrst og fremst hlægileg fjarstæða, því að hver er höfundur að eða á fyrstu hugmyndina að þessari stjórnarskrárbreytingu nema Alþfl., sem var annar aðili kosningasamvinnunnar 1956 og sérstaklega hafði vakið athygli á þessari samvinnuleið með kosningabandalagsfrv. sínu árið 1953? Hvernig á nú kosningasamvinnan 1956 að vera orsök eða réttlætingarástæða fyrir því, að Alþfl. beiti sér nú fyrir þessari stjórnarskrárbreytingu? Hvernig á að vera um að ræða hefndarráðstöfun af hálfu Alþfl. gagnvart sjálfum sér?

En hvað þá um Sjálfstfl.? Er ástæða til fyrir hann að tala um hefndarráðstöfun í sambandi við kosningasamvinnuna 1956? Hafði Sjálfstfl. ástæðu til að hneykslast á kosningasamvinnunni 1956? Nei, ég held nú síður, af því að það var einmitt Sjálfstfl., sem fyrstur gaf fordæmi að slíkri kosningasamvinnu sem átti sér stað 1956, og það gerði hann í öðrum kosningum, sem fram fóru eftir að uppbótarkerfið var lögleitt að hans frumkvæði árið 1934. Það muna vissulega enn þá margir eftir Breiðfylkingu allra sannra Íslendinga, en svo nefndist kosningabandalag Sjálfstfl. og Bændaflokksins í kosningunum 1937. Sú kosningasamvinna, sem þá átti sér stað á milli Sjálfstfl. og Bændaflokksins, var í eðli sínu að engu leyti frábrugðin kosningasamvinnu Alþfl. og Framsfl. 1956. Um Breiðfylkinguna sagði Morgunblaðið orðrétt 20. maí 1937, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og kunnugt er, hafa Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn samvinnu í ýmsum kjördæmum. Þannig bjóða þeir fram sinn manninn hvor í þremur tvímenningskjördæmum, Árnes-, Eyjafjarðar- og Norður-Múlasýslum. Þá hefur Sjálfstfl. engan í kjöri í fjórum einmenningskjördæmum, Dala-, Stranda-, Vestur-Húnavatns- og Austur-Skaftafellssýslu, og munu kjósendur flokksins í þessum kjördæmum styðja frambjóðendur Bændaflokksins. Á sama hátt munu kjósendur Bændaflokksins í ýmsum kjördæmum styðja frambjóðendur Sjálfstfl., eða þar sem Bændaflokkurinn hefur ekki sjálfur frambjóðendur.“

Samvinna þessara flokka var þá meira að segja svo náin, að í tvímenningskjördæmunum voru meira að segja framboð frambjóðendanna, annars frá Bændaflokknum og hins frá Sjálfstfl., ákveðin á sameiginlegum fundi.

Ef það væri rétt hjá sjálfstæðismönnum, að með kosningasamvinnu sinni 1956 hefðu Alþýðuflokksmenn og framsóknarmenn liðað í sundur núgildandi kosningakerfi, þá höfðu sjálfstæðismenn vissulega byrjað á því að brjóta það niður með Breiðfylkingunni 1937 og gáfu þá fordæmið, og það er þó til gamall málsháttur, sem segir: Sá veldur miklu, sem upphafinu veldur. Og þá, 1937, voru þeir þó í þessu efni

vissulega, ef þessi skoðun þeirra er rétt, að éta sitt eigið afkvæmi, því að þeir áttu hugmyndina að uppbótarkerfinu. Og hugmyndin með kosningasamvinnunni 1937 hjá Sjálfstfl. og Bændaflokknum var vitaskuld sú að ná þingmeirihluta, og þá var ekkert skilyrði, að það væri meiri hl. kjósenda á bak við þann þingmeirihluta. Sjálfstæðismenn láta svo nú sem það hafi verið hin mesta goðgá af framsóknarmönnum og Alþýðuflokksmönnum að ætla sér að fá þingmeirihluta 1956 án þess að hafa meiri hl. kjósenda á bak við sig. En það var ekki lengra liðið en frá árinu 1953, þegar Morgunblaðið birti það æ ofan í æ og ítrekaði það hvað eftir annað, að Sjálfstfl. vantaði aðeins 344 kjósendur í 6 kjördæmum, að mig minnir, til þess að fá hreinan meiri hl. á Alþ. Þá var ekkert skilyrði, að meiri hl. kjósenda væri á bak við þingmeirihlutann.

Ég gat þess áðan, að sjálfstæðismenn hefðu upp á síðkastið valið þessari kosningasamvinnu 1956 heldur óskemmtilegt og óveglegt heiti, þeir hefðu kallað það Klækjabandalag. Og þm. Alþfl. hafa þá verið kallaðir klækjaþingmenn, uppbótarmennirnir. Sjálfstæðismenn greiddu atkv. gegn því, að kosning þessara þm. Alþfl. væri tekin gild, þeir vildu láta þá vera utanþings. En hvað gerðu sjálfstæðismenn seinna? Þeir hófu tvo af þessum klækjaþingmönnum, sem þeir kalla svo, upp í ráðherrastóla, og þeir notuðust við það að láta þessa 4 þm. Alþfl., sem þeir vildu halda utan við, samþ. með sér þessa stjórnarskrárbreytingu, sem hér er um að ræða, því að þegar Alþfl. var farinn að vinna með íhaldinu, þá var allt í lagi með umboðið fyrir Alþýðuflokksþingmennina. Þá stóðu engir klækir því í vegi, að við þá mætti notast. Það má segja, að Alþýðuflokksþingmennirnir hafi hér fengið mikla uppreisn. En jafnframt verður að benda á það, að í þessu endurspeglast sá hugsunarháttur, sem einkennir, hefur alltaf einkennt og mun alltaf einkenna íhald allra alda, sá hugsunarháttur, að þó að mér leyfist þetta, þá á ekki öðrum að leyfast það. Það er hugsunarháttur íhaldsins. — Nei, sannleikurinn er sá, að sjálfstæðismenn ættu vissulega eftir allt þetta að blygðast sín fyrir að tala um klæki í sambandi við þetta bandalag og blygðast sín fyrir að tala um klækjaþingmenn í því sambandi.

Sjálfstfl. getur vissulega ekki réttlætt aðför sína nú að héraðakjördæmunum með kosningasamvinnu Framsfl. og Alþfl. 1956. Sannleikurinn er auðvitað líka sá, að kosningasamvinna Framsfl. og Alþfl. var í alla staði lögleg. Hvorki í stjskr. né kosningalögum voru nein ákvæði slíkri kosningasamvinnu til fyrirstöðu. Fordæmi voru einnig fyrir henni, svo sem áður er sagt, og hún var úrskurðuð lögmæt af meiri hl. landskjörstjórnar, sem vissulega var skipaður lagamönnum, sem létu lög og réttvísi ráða gerðum sínum, en ekki flokkssjónarmið. Sjálfstæðismenn höfðu líka vissulega lýst því yfir áður, að slík kosningasamvinna væri lögleg. Komu þær yfirlýsingar fram frá talsmönnum flokksins í umr. um kosningabandalagsfrumvarp Alþfl. á Alþ. 1953, og vildi ég — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að vitna í ummæli þau, sem Jón Pálmason, þáv. þm. A-Húnv., lét falla, en þau ummæli eru birt í C-deild Alþingistíðinda 1953, í dálki 397, en þá sagði Jón Pálmason á þessa lund:

„Hitt er eðlilega ekkert við að athuga, þó að bandalagsreglan, sem hér hefur oft gilt, sé áfram. Það er ekkert því til fyrirstöðu samkv. núgildandi kosningalögum og okkar stjórnarskrá, að einn flokkur bjóði ekki fram á móti öðrum, eins og átti sér stað á Ísafirði og í Vestur-Skaftafellssýslu, og það bandalag er í alla staði löglegt og getur staðizt."

Ég vildi í annan stað leyfa mér að vitna til annars talsmanns Sjálfstfl. við þær umr., hv. 2 þm. Eyf., Magnúsar Jónssonar, með leyfi forseta, en hans ummæli er að finna á bls. 405 í C-deild þingtíðinda frá 1953. Hann segir, með leyfi forseta:

„Það hefur verið á það bent hér og tekið fram, t. d. af hv. þm. A-Húnv., að það væri auðvitað eðlilegt og ekkert við því að segja, að flokkar hefðu með sér bandalög við kosningar, ef þeir ganga hreint til verks og velja ákveðinn frambjóðanda hver í sínu kjördæmi. Þeir geta skipzt á um það, einn flokkurinn hefur frambjóðandann í þessu kjördæmi og annar í hinu. Það væri eðlilegur máti til þess að fá fólkið til að fylkja sér um ákveðinn frambjóðanda."

Kosningasamvinnan 1956 var þess vegna í alla staði lögmæt. Um það þarf ekki að fjölyrða. Og sannleikurinn er sá, að þessi kosningasamvinna var heiðarleg að því leyti til, að flokkarnir höfðu lýst þessari samvinnu sinni fyrir kosningar, kjósendur vissu því alveg, að hverju þeir gengu. En oft er það svo og einmitt nú kannske í þeim kosningum, sem eru fram undan í haust, að kjósendur vita alls ekki og hafa ekki hugmynd um, hvert stjórnarsamstarf þeir eru að kjósa.

Þetta var nú um Sjálfstfl. og hans afstöðu til þessarar réttlætingarástæðu. En hvað þá um Alþb.? Hefur það ekki ástæðu til að hneykslast á kosningasamvinnunni og réttlæta afstöðu sína til kjördæmabreytingarinnar með tilvísun til hennar. Hv. 3. þm. Reykv. hefur nýlega ritað grein í blað sitt, Þjóðviljann, um nauðsyn á aukinni samvinnu og samstöðu verkalýðsflokkanna. Þessi grein var nefnd hér af síðasta ræðumanni. Ég ætla ekki að gera þá grein hér að umræðuefni, þó að hún sé fyrir margra hluta sakir allrar athygli verð, en með leyfi forseta, þá langar mig til að lesa upp fáein orð úr nefndri grein hv. 3. þm. Reykv. í Þjóðviljanum 24. þ. m. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Eða á nú að stinga við fótum, taka höndum saman og hefja sókn til þess að gera verkalýðshreyfinguna leiðandi afl í stjórnmálum Íslands með skipulögðu kosningasamstarfi Alþýðubandalagsins, og Alþýðuflokksins?"

Ég endurtek: „með skipulögðu kosningasamstarfi Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins."

Vill nú ekki hv. 3. þm. Reykv. skýra það, við hvað hann á með skipulögðu kosningasamstarfi? Skyldi það ekki vera kosningasamstarf með svipuðu sniði og í svipuðu skyni og kosningasamvinnan á milli Framsfl. og Alþfl.?

Ég hef hér sýnt fram á, að ástæður þær, sem kjördæmabyltingarmenn virðast einkum hafa bent á til réttlætingar niðurlagningu héraðakjördæmanna og til breytingar á kosningatilhöguninni, eru hreinar tylliástæður, sem ekkert hald er í.

Ég ætla svo ekki að fara að ræða það hér, hverjar ástæður liggi sérstaklega til grundvallar því ofurkappi, sem lagt er nú á það að hrinda þessu máli fram. Það hefur verið gert áður í þessum umræðum og verður sjálfsagt vikið að því síðar, og ég ætla ekki að lengja mitt mál með því að minnast á þær.

Þessar kosningar, sem fram fóru s. l. vor, áttu að sjálfsögðu að snúast um stjórnarskrármálið samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar, vegna þess að það er ljóst, að það er tilgangur stjórnarskrárinnar. Það sjónarmið var túlkað af Framsfl. og frambjóðendum framsóknarmanna. Þeir héldu því fram, að þessar kosningar ættu að snúast um stjórnarskrárbreytinguna og um stjórnarskrárbreytinguna eina.

Bókstaf stjórnarskrárinnar hefur vissulega verið fullnægt með því að láta þessar kosningar fara fram. En reynslan er nú sú, að kosningar, sem farið hafa fram í tilefni af stjórnarskrárbreytingu, hafa hér á landi aldrei fullkomlega snúizt um þá stjórnarskrárbreytingu, sem um var að ræða, heldur hefur afstaða manna mótazt í þeim kosningum með tilliti til afstöðu þeirra til flokka. Aðferðin að bera stjórnarskrárbreytingu undir kjósendur með svona óbeinum hætti í sambandi við kosningar er því út af fyrir sig óheppileg og hefur aldrei gefið þá raun, sem til var ætlazt. En í þessum kosningum eru alveg sérstakar ástæður, sem gera það að verkum, að sú mynd, sem kosningarnar sýna í þessu efni, er algerlega villandi. Því var sem sé haldið fram, eins og þegar hefur verið rakið og einkum af hv. frsm. minni hluta nefndarinnar, í blöðum og af ýmsum talsmönnum stjórnarskrárbreytingarinnar fyrir þessar kosningar, að kosningarnar snerust alls ekki um stjórnarskrárbreytinguna, heldur um allt annað, eins og hann nefndi mörg dæmi um og las m. a. sínu máli til stuðnings upp úr blöðum kjördæmabyltingarflokkanna, og ég veit það frá mínu kjördæmi eða mínum framboðsfundum. Ég verð að vísu að segja það, að minn hv. samþingismaður var svo heiðarlegur að viðurkenna, að kosningar þessar ættu fyrst og fremst að snúast um stjórnarskrárbreytinguna, en því var ekki til að dreifa um aðra frambjóðendur. T. d. hélt frambjóðandi Alþb. því fram, að þessar kosningar í vor væru bara forleikur, eins konar undanrás að kosningunum í haust, þær ættu alls ekki að snúast um stjórnarskrárbreytinguna, þær gætu eðli sínu samkvæmt alls ekki snúizt um stjórnarskrárbreytinguna, það væri ekki hægt að kanna hug fólksins til stjórnarskrárbreytingarinnar nema með þjóðaratkvgr. Það er þess vegna alveg víst, og það veit hver maður, sem þessum málum er nokkuð kunnugur, að vilji fólksins víðs vegar um landið til þessarar fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingar kom alls ekki fram í þessum kosningum.

Skírskotun meiri hluta stjórnarskrárnefndar til vilja kjósenda, sem fram hafi komið í kosningunum, er þess vegna algerlega villandi að mínum dómi. Ég verð þess vegna að álíta, að það sé mjög skynsamlegt að láta fara fram þjóðaratkvæði sérstaklega um málið og fá þannig alveg skýrt og á þann hátt, að ekki verði um það villzt, hver sé vilji kjósenda í þeim kjördæmum, sem niður skal leggja eða saman á að steypa, til þessarar fyrirhuguðu kjördæmabreytingar. En ég verð að telja það ákaflega lítið lýðræði að vilja steypa þessum kjördæmum saman eða leggja þau niður þvert ofan í vilja þeirra manna, sem búa í þessum kjördæmum, og það liggur í augum uppi, að ef kjördæmabyltingarmenn tryðu á sinn málstað, tryðu því, að þeir hefðu meirihlutafylgi við þessa breytingu í þessum kjördæmum, sem aðförin er nú gerð að, þá mundu þeir taka tillögu minni hl. nefndarinnar fegins hendi og kanna vilja kjósenda með þeim hætti, sem þar er ráð fyrir gert. En ég fyrir mitt leyti er hins vegar alveg sannfærður um það, að þetta þora þeir ekki að gera.

Ég er fyrir mitt leyti alveg sannfærður um það, að þeir fella þessa tillögu, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að þeir þora ekki að láta viljann í þessum kjördæmum, sem niður skal leggja, koma hreint og greinilega fram, en ég verð, eins og ég sagði áðan, að telja það ákaflega einkennilegt lýðræði að fara að leggja þessi kjördæmi niður eða steypa þeim saman án þess að spyrja fólkið í þeim hreinlega að því, hver sé vilji þess í þessu efni. Það hefur að mínu viti ekki verið gert greinilega í þessum kosningum, en þó er það samt svo, að í fjölmörgum þeim kjördæmum, sem þannig á að fara með, er eftir kosningaúrslitunum í þessum síðustu kosningum algerlega hreinn meiri hluti andvígur samsteypunni.

Tómas Árnason: Herra forseti. Mér þykir rétt og raunar skylt að gera grein fyrir skoðun minni á því þýðingarmikla örlagamáli íslenzkra byggða, sem er til umræðu hér í þessari hv. þingdeild, ekki sízt vegna þess, að ég er fulltrúi eins af þeim kjördæmum, sem nú á að leggja niður samkvæmt því frv., sem nú liggur fyrir til umræðu.

Árið 1942 markar eitt spor í sögu íslenzkra stjórnskipunarlaga. Þá beittu þrír stjórnmálaflokkar sér fyrir breytingum á kjördæmaskipun landsins. Það voru Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og Sameiningarflokkur alþýðu, Sósialistaflokkurinn, eða kommúnistarnir. Sú breyting náði fram að ganga í fullri andstöðu við Framsóknarflokkinn, eins og kunnugt er, og þessi kjördæmaskipan er í gildi enn í dag. Margir spáðu því þá, að kjördæmaskipan þessi væri ekki til frambúðar, enda í raun og veru, ef betur er að gáð, hinn mesti hrærigrautur, þar sem ægir saman einmenningskjördæmum, tvímenningskjördæmum með hlutfallskosningum og Reykjavíkurkjördæmi með 8 þingmönnum kosnum hlutfallskosningum, og ofan á þetta bætast svo uppbótarþingsætin. Þingfulltrúar eru því kjörnir með næsta ólíkum hætti: Í fyrsta lagi með óhlutbundnum kosningum í einmenn-

ingskjördæmum, í öðru lagi með hlutfallskosningum í tvímenningskjördæmum, í þriðja lagi með hlutfallskosningum í Rvík, í fjórða lagi sem uppbótarþingmenn á atkvæðamagni í kjördæmum, í fimmta lagi sem uppbótarþingmenn á hlutfalli milli atkvæðamagns frambjóðenda og heildaratkvæðamagns í kjördæmunum og í sjötta og seinasta lagi með röðun á landslista, sem hefur verið hagnýtt stundum.

Það er ekki ofsagt, þótt núverandi kjördæmaskipun sé óheilsteypt í meira lagi, enda er það svo, að í mörgum tilfellum er næsta erfitt að átta sig á, hvernig atkvæði manna verka, þegar þeir greiða atkvæði við kosningar. Dæmi eru og til þess, að frambjóðendur hafa verið í vafa um, hvort þeir hafa náð kosningu, löngu eftir að talningu er lokið.

Ekki var kjördæmaskipun þriflokkanna komin á giftingaraldur kvenna, þegar sköpurum hennar fannst *tími til þess kominn að hugsa* til giftingar kjördæmanna sjálfra. Tóku höfundar kjördæmaskipunarinnar sig til og trúlofuðu *kjördæmin nauðug, viljug í stórum hópum* í skammdeginu í vetur. Hefur tilhugalífið staðið fram á þennan dag og þykir allróstusamt.

Ekki verður feðrum núverandi kjördæmaskipunar eingöngu kennt um skammsýni, þegar þeir settu kjördæmaskipunina 1942. Miklir fólksflutningar hafa átt sér stað í landinu síðan, sem réttlæta einhverjar breytingar á kjördæmaskipuninni. En hitt stendur óhaggað, að þriflokkarnir eru feður núverandi kjördæmaskipunar, sem þeir lýsa nú sem hinu herfilegasta ranglæti og ganga á undan öðrum í að gagnrýna.

Næsti stórviðburður í sögu íslenzkra stjórnskipunarlaga var, þegar lýðveldið Ísland var endurreist árið 1944. Þá voru nánast þær einar breytingar gerðar á stjórnarskránni, sem voru óhjákvæmilegar til þess að breyta um stjórnarform, breyta konungsríkinu Ísland í lýðveldið Ísland. Þrátt fyrir þetta var flestum ljóst, að ýmsar frekari breytingar þyrfti að gera á stjórnarskránni. Hins vegar var talið þýðingarmeira þá að sneiða hjá óhjákvæmilegum innanlandsdeilum *um heildarendurskoðun* stjórnarskrárinnar til þess að tryggja sem mesta einingu um stofnun lýðveldisins.

En áhuginn fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild var fyrir hendi. Fyrsta ríkisstj., sem mynduð var eftir stofnun lýðveldisins, nýsköpunarstjórnin, hafði á stefnuskrá sinni að endurskoða stjórnarskrána. Nefndir, bæði utan þings og innan, áttu að athuga þetta mál, en munu aldrei hafa skilað neinu áliti.

Næsta ríkisstj., ríkisstj. Stefáns Jóh. Stefánssonar, hét því, að hraðað skyldi endurskoðuninni, svo sem föng væru á. Í samræmi við þá yfirlýsingu samþykkti svo Alþingi á öndverðu ári 1947 þál. um málið. Mælti ályktunin svo fyrir, að skipa skyldi nýja stjórnarskrárnefnd, sem taka skyldi við af hinum eldri nefndum. Þó dróst að skipa í nefndina þar til í nóvembermánuði 1947. Þessi stjórnarskrárnefnd hefur starfað — eða öllu heldur ekki starfað — í 12 ár.

Þess ber að geta, að í þeim tveim ríkisstj., sem gáfu þjóðinni fyrirheit um endurskoðun stjórnarskrárinnar á árunum 1944—47, áttu allir núv. þingflokkar ráðherra. Sjálfstfl. og Alþfl. studdu báðar þessar ríkisstj. Þeir hafa því tvívegis heitið þjóðinni heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Það er því eðlilegt, að margir undrist, þegar þessir tveir flokkar ganga fram fyrir skjöldu í bandalagi við kommúnista um að taka eitt ákvæði út úr stjórnarskránni, kjördæmaskipunina, og gera á henni byltingarkenndar breytingar án þess að hrófla við öðrum ákvæðum. Það er því sanngjarnt að minna á og spyrjast fyrir um efndir tvöfaldra fyrirheita um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.

Það fer ekki á milli mála, hvílíkt stórmál endurskoðun stjórnarskrárinnar er. Má búast við stórpólitískum átökum í sambandi við það mál að *sjálfsögðu. Eitt þeirra atriða, sem hvað mestum deilum veldur*, verður einmitt framtíðarskipun kjördæmanna. En það eru ýmis fleiri atriði *stjórnarskrárinnar*, sem þyrfti að endurskoða. Ég skal nefna lítið og raunar algerlega ópólitískt atriði. Það er lögfest í 33. gr. stjórnarskrárinnar, að eitt af skilyrðum kosningarréttar sé, að til þess að eiga hann hafi menn verið búsettir í landinu síðustu fimm árin, áður en kosning fer fram. Ég þekki íslenzk hjón, sem hafa verið búsett erlendis í nokkur ár, vegna þess að maðurinn hefur unnið þar hjá íslenzku fyrirtæki. Nú eru þau flutt heim aftur fyrir heilu ári, en fá samt ekki að kjósa. Þetta ákvæði er algerlega úrelt vegna gerbreyttra aðstæðna, frá því að það var lögfest. Dæmi mætti nefna um mörg fleiri atriði stjórnarskrárinnar, sem ástæða væri til að endurskoða.

Framsfl. er þeirrar skoðunar, að skylt sé að ljúka sem allra fyrst endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild og það þurfi fleiru að breyta en kjördæmaskipuninni. Þegar af þessari ástæðu er ég andvígur frv. því, sem hér liggur fyrir hv. þingdeild um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins. Það er ábyrgðarhluti að steypa þjóðinni of *oft út í pólitískar stórstyrjaldir um breytingar á stjórnarskipulaginu. Bezt væri og þarflegast* fyrir fólkið í landinu að endurskoða stjórnarskrána rækilega og setja nýja, sem líklegri væri til að gilda um lengri tíma en reynslan hefur sýnt um einhliða breytingar á kjördæmaskipuninni.

Ef athugaðar eru fyrri yfirlýsingar og svardagar stjórnmálaforingja um, að t. d. Sjálfstfl. muni aldrei samþykkja stofnun stórra kjördæma, og fullyrðingar um, að að því yrði mikill ávinningur fyrir kjósendur að skipta t. d. Reykjavík í 16 eða 17 kjördæmi, er þá nema von, að menn reki í rogastanz, þegar Sjálfstfl. allt í einu kemur fram með þá stefnu í kjördæmamálinu, að tekin skuli upp stór kjördæmi með hlutfallskosningum, en öll hin fornu kjördæmi landsins nema Reykjavík lögð niður?

Það gefur auga leið, að þessi breyting kemur harðast niður á *sveitunum og hinum smærri* kauptúnum, sem þegar eiga í vök að verjast í ýmsum efnum. Fer ekki hjá því, að þessi breyt*ing mun hafa mikil og djúptæk áhrif á atvinnu*líf og alla aðstöðu kjördæmanna frá því, sem verið hefur. Alþm. eru nú meiri og minni forsjá margra byggðarlaga kringum land allt í sam-

bandi við framfara- og hagsmunamál þeirra. Verður þar víða skarð fyrir skildi, þar sem hætt er við, að þm. stóru kjördæmanna líti á sig sem fulltrúa heilda, sem nú eru mörg kjördæmi. Í núverandi héraðakjördæmum eru þm. yfirleitt gerkunnugir öllum staðháttum, sumir jafnvel flestöllum kjósendum. Þeir þekkja því vandamál kjördæmisins af eigin reynd. Sambandið milli þm. og fólksins í kjördæminu er mjög náið og stöðugt. Það snýr sér til hans með vandamál einstakra sveitarfélaga jafnt sem kjördæmisins í heild. Þingmanninum er á hinn bóginn mikið aðhald að því að bera fulla ábyrgð á meðferð og árangri margra mestu nauðsynjamála kjördæmisins. Hann getur yfirleitt ekki varpað ábyrgðinni á aðra. Varðandi almenna lagasetningu tryggir kunnugleiki þm., að sjónarmið allra byggðarlaga og núverandi kjördæma komi fram sérstaklega og séu höfð til hliðsjónar við lagasetninguna. Störf þm. í þágu kjördæmisins ásamt hæfni hans sem löggjafa og stjórnmálamanns að öðru leyti verða síðan metin að verðleikum í kosningum. Þeim mun meiri umfangs sem ríkisreksturinn verður, þeim mun meira þurfa borgarar landsins, sveitarfélög og kjördæmi, að leita til opinberra aðila í Reykjavík með málefni sín. Reynslan hefur sýnt, að sífellt stefnir meira og meira í þessa áttina. Ríkið er alltaf að yfirtaka meiri þjónustustörf á ýmsum sviðum. Ekki síst af þessu hefur þýðing þm. fyrir kjördæmin farið vaxandi, þar sem hann er mjög oft tengiliðurinn milli fólksins annars vegar og opinberra stofnana hins vegar. Það er því þungt áfall fyrir kjördæmin að missa sérstaka þingfulltrúa sína.

Því er að vísu haldið fram af þeim, sem standa fyrir kjördæmabreyt., að þm. hinna stóru kjördæma komi í stað þeirra, sem áður voru. Á þessu tvennu er þó sá reginmunur, að þm. stóru kjördæmanna geta skotið sér á bak við hver annan og ábyrgðin dreifist. Eins og nú er, ber þm. fulla ábyrgð á frammistöðu sinni og getur við engan sakazt.

Með hinni nýju kjördæmaskipan rofnar hið nána og þýðingarmikla samband milli fólksins í kjördæminu og þm. Mun það sannast, hvílíka þýðingu þetta hefur fyrir framfarir og uppbyggingu einstakra byggðarlaga. Hv. 1. þm. Reykv. orðaði þetta svo í ræðu, sem birt var í Mbl. 24. jan. 1953 og fjallar m. a. um skiptingu Reykjavíkur niður í eintóm einmenningskjördæmi, — hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta yrði aukin vinna og umstang fyrir þingmennina, en ég þori að fullyrða, að að því yrði mikill ávinningur fyrir kjósendur."

Ef maður gagnályktar frá þessari fullyrðingu hv. þm., verður útkoman sú, að með því að leggja niður kjördæmin og steypa þeim saman verði að vísu minna umstang fyrir þm., en mikið tjón af fyrir kjósendur. Þetta kemur þó enn hastarlegar niður á landsbyggðinni en nokkru sinni hér í Reykjavík.

Það væri fráleitt að telja breyt. á stjórnarskránni lausn á öllum vanda. Hins vegar skiptir það þjóðina mjög miklu, hvernig til tekst um framtíðarstjórnskipan ríkisins. Svo gæti farið, að hér ylti á fullveldi og sjálfstæði þjóðarinnar. Gæfa Íslands og framtíð er því að nokkru leyti í veði í þessu sambandi. Má hiklaust telja stjórnarlögin mikilvægasta málefni þjóðarinnar. Það er því mjög áríðandi, að allar breyt. á þeim séu vandlega undirbúnar og eigi rætur hjá fólkinu í landinu. Stjórnarskráin er eins konar undirstaða þjóðfélagsins. Sé henni breytt, þarf helzt að vera fullt samræmi milli hinna nýju, breyttu ákvæða og þeirra, sem fyrir eru. Nú hefur það gerzt, að þríflokkarnir hafa tekið eitt atriði úr stjórnarskránni fyrir og breytt því með þeim hætti, að raskað er samræminu í stjórnskipuninni sjálfri. Heildir, þ. e. a. s. núverandi kjördæmi, halda sér að sumu leyti, en ekki öðru. Þeim er steypt saman í stór kjördæmi, þótt ekkert annað tengi þau saman, allra sízt staðhættir, sbr. t. d. Öræfin og Skeggjastaðahrepp í Bakkafirði, svo að dæmi sé tekið. En á milli þessara tveggja sveitarfélaga er óravegur, eins og kunnugt er.

Á þessi kjördæmabreyting upptök hjá þjóðinni sjálfri? Hefur fólkið haft frumkvæði í málinu? Hafa komið fram kröfur eða bænaskrár til hv. Alþ. um breyt. á kjördæmaskipuninni? Nei, því er ekki til að dreifa og fer fjarri. Stjórnmálaforingjarnir gerðu með sér samninga um málið og fengu flokka sína til að fylgja málinu í kosningunum. Málið hefur frá öndverðu verið sett á klakk flokkanna, reyrt flokksböndum á alla vegu.

Það var mjög áberandi í kosningunum, hvernig þríflokkarnir höguðu áróðri sínum. Þeir héldu því fram fyrir kosningar, að í raun og veru væri afgreiðslu málsins lokið, formsatriðin aðeins eftir, framgangur þess tryggður, þar sem þrír stjórnmálaflokkar hefðu heitið því fylgi, þess vegna væri raunverulega ekki kosið um þetta mál sérstaklega, heldur önnur þjóðmál. Sjálfstfl. hélt því t. d. ákaft fram, að kosningarnar snerust um afstöðu manna til vinstri stjórnarinnar. Þegar kosningarnar voru um garð gengnar, var snúið við blaðinu. Þá var talið allt í einu, að kosið hefði verið um kjördæmamálið, allir þeir, sem greitt hefðu þríflokkunum atkv., hefðu verið hjartanlega sammála um kjördæmabreytinguna. Ég held, að þetta sé ekki rétt. Margir játuðu það einslega, að þeir væru á móti þessu bröltí, þótt þeir vildu ekki slíta flokksböndin. Áróður flokkanna um, að kosið væri um önnur mál, hefur án efa haft mikil áhrif. Ég leyfi mér að vísa til ummæla t. d. hv. þm. N-Þ. hér áður við þessa umr., þar sem hann las úr blöðum kjördæmabyltingarmanna ýmis skrif á þessum nótum, sem ég var nú að lýsa. Til þess að tryggt væri, að þjóðarviljinn kæmi fram í þessu einu máli, þyrfti að efna til þjóðaratkvgr. um það sérstaklega, þar sem menn annaðhvort samþykktu eða synjuðu breytingunni. Slík þjóðaratkvgr. þyrfti að fara fram sem fyrst og fresta frekari aðgerðum í málinu hér á hæstv. Alþ. á meðan. Þegar úrslit slíkrar atkvgr. lægju fyrir, þyrfti ekki lengur að deila um þjóðarviljann í kjördæmamálinu.

Þótt að vísu séu ákveðin ákvæði í stjórnarskránni sjálfri um það, hvernig henni skuli breyta, þá er þó þess að gæta, að sú breyt., sem frv. gerir ráð fyrir, er mjög róttæk og bylting-

arkennd. Það er vegið að hyrningarsteinum þjóðskipulagsins með frv. Það er verið að svipta byggðarlögin hinum þýðingarmestu réttindum, sérstökum fulltrúum til setu á Alþ. Enginn vafi er á því, að þessar ráðstafanir munu hafa hinar örlagaríkustu afleiðingar fyrir uppbyggingu og framfarir byggðarlaganna um land allt. Hér er brotið blað í stjórnskipuninni, ný ákvæði sett, sem raska undirstöðu þjóðfélagsins og hafa munu ófyrirséðar afleiðingar síðar meir.

Ekkert kjördæmi hefur verið lagt niður í landinu síðan nokkru fyrir aldamót. Það er því ekkert eðlilegra en að svo þýðingarmiklu máli sé sérstaklega skotið til þjóðarinnar. Með þjóðaratkvgr., málskoti til þjóðarinnar, mundi fást skýr og ótvíræður þjóðarvilji í þessu eina máli. Þá komast kjördæmabyltingarmenn ekki hjá því að ræða málið. Þá yrði það eina málið, sem væri á dagskrá. Á samkomum og fundum fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna mundi það verða rætt og þau rök á báðar hliðar, sem menn bæru fram, metin og vegin af þjóðinni. En það er engu líkara en þeir vilji forðast rökræður um málið, sbr. sókn þeirra til þessara umr. hér á hæstv. Alþ., sbr. og það, að þeir vildu drepa málinu á dreif í kosningunum, í blöðunum, á kosningafundunum, framboðsfundunum o. s. frv. Séu fylgismenn kjördæmabyltingarinnar sannfærðir um þjóðarviljann, að þjóðarviljinn sé þeirra megin í þessu máli, þá er ekkert hægara en að fá úr því skorið með því að skjóta málinu til þjóðarinnar með sérstakri þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ég vék að því áður, að með upptöku stórra kjördæma, eins og frv. gerir ráð fyrir, mundi aðhald þm. minnka að því leyti að vinna að hagsmunamálum einstakra byggðarlaga. Mundi þetta með tímanum verða til stórtjóns fyrir núverandi kjördæmi. Jafnframt því, sem þríflokkarnir ætla að leggja niður öll núverandi kjördæmi nema Reykjavík, hefur Framsfl. lagt cfurkapp á að vernda rétt hinna sjálfstæðu, sögulega þróuðu kjördæma til þess að hafa sérstaka fulltrúa á Alþ. Hefur flokkurinn kallað þessa stefnu sína byggðastefnuna í kjördæmamálinu, en hún er andstæð hinni stefnunni, stefnu þríflokkanna um upptöku stórra kjördæma. Frv. miðast fyrst og fremst við hagsmuni og rétt stjórnmálaflokkanna, miðar að því að tryggja það, að stjórnmálaflokkarnir hafi nákvæmlega jafnmarga kjósendur á bak við hvern þm. Það er viðurkennt, a. m. k. af sumum þeim, sem standa að kjördæmabreyt., að sanngjarnt sé og réttlátt, að Reykjavík hafi hlutfallslega færri þm. miðað við kjósendatölu en aðrir landshlutar. Mér finnst þetta ekkert umtalsmál. Þegar litið er á rétt fólksins í landinu, sem því er fenginn með ákvæðum stjórnarskrárinnar, má ekki einblína á aðeins eitt ákvæði hennar. Þar kemur margt fleira til. Tökum t. d. 13. gr. stjórnarskrárinnar, sem ákveður, að ríkisstj. skuli hafa aðsetur í Reykjavík. Allir vita og viðurkenna, að þetta þýðir ómetanleg réttindi og aðstöðumun fyrir Reykvíkinga umfram flestalla aðra landsmenn. Þannig mætti nefna mörg fleiri dæmi í stjórnarskránni og öðrum landslögum. Þennan aðstöðumun er hægt að jafna a. m. k. að nokkru leyti með því að veita landsmönnum utan Reykjavíkur rétt til hlutfallslega fleiri þingmanna. Það verður þó jafnan matsatriði, hversu meta skal sérréttindi Reykjavíkur sem höfuðborgar. En þeir, sem viðurkenna þetta sjónarmið á annað borð, geta ekki, eftir að landsmenn utan Reykjavíkur hafa skipað sér meira í einn stjórnmálaflokk en annan, ráðizt að honum og kallað hann sérréttindaflokk. Það er ekki hægt að nefna sama hlutinn bæði réttlæti og sérréttindi. Ef þetta réttlætissjónarmið er viðurkennt, er beinlínis rangt að þurrka það út með öðrum hætti, t. d. með uppbótarþingsætum í eins stórum stíl og gert er ráð fyrir í þessu frv. Það er að vísu rétt, að hagsmunir fólksins úti um landsbyggðina rekast á hagsmuni flokkanna af þessum ástæðum, en það er stefna okkar framsóknarmanna að tryggja raunverulegt réttlæti handa öllum landsbúum, þótt það kunni að rekast á flokkssjónarmið þau, sem fram koma í þessu frv., sem hér liggur fyrir til umr., að ég ekki tali um þá stefnu að gera landið allt að einu kjördæmi, en þríflokkarnir eru mjög grunaðir um að stefna að því marki. Sumir þeirra hafa beinlínis lýst því yfir. Þessar tvær stefnur, byggðastefnan annars vegar og flokkssjónarmið frv. hins vegar, eru algerar andstæður. Hvort er meira virði að tryggja hagsmuni einstakra stjórnmálaflokka, þannig að það gangi á rétt fólksins úti um landsbyggðina, eða halda áfram uppbyggingu þjóðfélagsins á breiðum grundvelli, eins og gert hefur verið nú seinustu árin? Við framsóknarmenn teljum byggðastefnuna horfa til meiri heilla fyrir þjóðina í heild, og þess vegna á að styðja hana. Byggðastefnan spornar gegn samdrætti ríkisvaldsins á einum stað, í höfuðborginni og grenndinni. Að sama skapi og samdráttur opinbers valds hefur átt sér stað í Reykjavík, hafa önnur byggðarlög landsins orðið út undan í fjárhagslegu, atvinnulegu og menningarlegu tilliti. Má öllum vera ljóst, hvílíkur háski er fólginn í þessari þróun. Þróunina frá þjóðríki til borgríkis verður að stöðva, en það verður ekki gert nema með virkum og samræmdum aðgerðum. Á allra seinustu árum hefur slegið á þessa þróun. Allir þeir, sem hafa trú á uppbyggingu íslenzks þjóðfélags á breiðum grundvelli, verða því að taka höndum saman um slíka uppbyggingu og koma í veg fyrir, að aftur falli í sama farveg öfugþróunarinnar.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, miðar að auknum samdrætti valdsins í Reykjavík og nágrenni, bæði með mikilli fjölgun þingmanna og með auknum flokkshrifum, sem kjördæmabreytingin mun hafa í för með sér. Menn hefðu getað haldið, að sumum flokkanna, sem að breyt. standa, væri ljós sá háski, sem hér er á ferðinni, og þess vegna haft tilburði til þess að auka völd hinna nýju kjördæma og hamla þannig gegn hinum sívaxandi samdrætti ríkisvaldsins á einum stað. En það örlar ekki á slíku, engu virðist mega breyta nema hinum þrengstu ákvæðum kjördæmaskipunarinnar. Í þingræðisstjórnarskrá eru ákvæðin um kjördæmaskipunina hin þýðingarmestu. Segja má, að kjördæmaskipunin sé sá grundvöllur, sem pólitískt líf í landinu

byggist að miklu leyti á, svo sem flokkafjöldi og margt fleira. Það er því mjög þýðingarmikið, að kjördæmaskipunin sé traust og líkleg til að stuðla að góðu og heilbrigðu stjórnarfari.

Það mætti segja, að þrjár meginleiðir væru til um kjördæmaskipunina. Fyrir það fyrsta að skipta landinu í nokkur stór kjördæmi með hlutfallskosningum, eins og hér er lagt til. Í annan stað að skipta landinu öllu í einmenningskjördæmi með óhlutbundnum kosningum. Og í þriðja lagi að gera landið að einu kjördæmi með hlutfallskosningum. Það liggur í augum uppi, að ef landið væri allt eitt kjördæmi, myndaðist gróðrarstía fyrir nýja flokka. Mundi það auka stórum á upplausn í þjóðmálum og skapa hættulegan glundroða. Auk þess mundi slíkt að óbreyttum öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar leiða til mikils misræmis og ranglætis til óhagræðis fyrir dreifbýlið, eins og ég gat um áður.

En hvaða áhrif er slík skipan stórra kjördæma með hlutfallskosningum, eins og frv. leggur til, líkleg til að hafa á stjórnarfarið í landinu almennt? Allar líkur benda til, að stór kjördæmi muni ýta undir fjölgun stjórnmálaflokka. Reynsla annarra þjóða af hlutfallskosningum kemur heim og saman við þessa skoðun. Ef slíkt skipulag hefði verið ríkjandi hér á landi s. l. 10 ár, er ekki ósennilegt, að stjórnmálaflokkarnir væru nú 6, bæði Lýðveldisflokkurinn og Þjóðvarnarflokkurinn hefðu fest rætur.

Það er sanngjarnt, að þeir, sem gagnrýna upptöku stórra kjördæma og niðurlagningu héraðakjördæmanna, geri grein fyrir því skipulagi, sem þeir sjálfir telja heppilegra. Miðlunartill. Framsfl. í þessu máli er öllum kunn. Hún gengur fyrst og fremst út á það að vernda héraðakjördæmin samtímis viðurkenningu á nauðsyn þess að bæta þingmönnum við í mesta þéttbýlinu vegna fólksflutninganna þangað á seinustu árum. Hins vegar telur Framsfl., að einmenningskjördæmi sem aðalregla séu örugg astur grundvöllur að traustu stjórnarfari. Einn höfuðkostur einmenningskjördæmanna, er, að þau tryggja tilveru héraðakjördæmanna. Einmenningskjördæmi efla sameiningu þeirra, sem hafa skyld sjónarmið í þjóðmálum. Þeir neyðast til að þoka sér saman í fylkingar. Annað verður augljóslega vatn á myllu andstæðinganna. Slík skipan verkar því gagnstætt hlutfallskosningum að því leyti, að hún stuðlar að tiltölulega fáum stjórnmálaflokkum. En slík þróun þjóðmálanna er einmitt heppileg, því að hún miðar að því að skapa tvær meginfylkingar í þjóðfélaginu, tveggja flokka kerfi, fylkingar, sem skiptast á um stjórn landsins. Við slíkar aðstæður getur stjórnarflokkurinn engum kennt um nema sjálfum sér, ef illa farnast, og stjórnarandstaðan fær tækifæri til að sýna úrræði sín. Slík skipan kjördæma skapar meiri ábyrgð og traustara stjórnarfar. En á því er reginmunur, ef þróunin er í þá áttina eða til hins gagnstæða.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, sagði í þingræðu árið 1933, með leyfi forseta:

„Einmenningskjördæmin eru ein höfuðtrygging þess, að jafnan séu valdir til þingstarfa menn, sem hafa aflað sér trausts og þekkingar á því, sem starfi þeirra viðkemur.“

Ég hef áður vitnað til ræðu hv. 1. þm. Reykv. um kosti einmenningskjördæma. Það mætti vitna til fleiri ummæla manna, sem nú berjast fyrir hlutfallskosningum í stórum kjördæmum.

Ég sagði áður, að ég væri andvígur frv. því til laga um breyt. á stjórnarskránni, sem hér liggur fyrir hv. þd., þegar af þeirri ástæðu, að í stað þessarar breyt. ætti fram að fara hið fyrsta heildarendurskoðun á stjórnarskránni, eins og allir þingflokkar hafa lofað þjóðinni fyrir meira en heilum áratug. Í öðru lagi legg ég áherzlu á, að hin róttæka breyting á kjördæmaskipuninni, niðurlagning allra núverandi kjördæma landsins nema Reykjavíkur, verði svo fljótt sem kostur er á borin undir þjóðaratkvæði, en frekari aðgerðum frestað á meðan. Þá mundi þjóðarviljinn ótvírætt liggja fyrir í þessu máli. Hvenær sem að því kemur að endurskoða stjórnarskrána, er það áreiðanlega þjóðinni hollast, að sem víðtækast samkomulag geti orðið um öll grundvallaratriði stjórnskipunarlaganna.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Þegar það er athugað, sem sagt er að þeim kosningum loknum, sem fram fóru í vor, og borið saman við það, sem sagt var fyrir kosningarnar, þá kemur það greinilega í ljós, að þeir stjórnmálamenn, sem standa að þeirri kjördæmabreyt., sem hér er til umr. nú, halda fram að kosningunum loknum, að það hafi eingöngu verið kosið um kjördæmamálið og annað ekki. En hverju héldu svo frambjóðendur þessara þingflokka fram fyrir kosningarnar? Hvað var það? Hver var uppistaðan í þeirra aðalmálflutningi? Uppistaðan var algerlega gagnstæð því, sem þeir halda fram nú að kosningunum loknum, því að þá héldu þessir sömu menn því fram, þríflokkarnir, sem að kjördæmaskipuninni stóðu, að það væri verið að kjósa um hin almennu þjóðmál. Þessir flokksmenn vissu það, að kjördæmamálið, einkum til sveita, var mjög óvinsælt og þess vegna þurfti að blekkja með einhverju. Það þurfti að villa um fyrir kjósendum. Sjálfstæðismenn héldu því hiklaust fram, að nú væri fyrst og fremst kosið um vinstri stjórn Hermanns Jónassonar og að þau víti, sem bæri að varast, væru einkum þau, að unnið væri með kommúnistum, eða eins og sjálfstæðismenn héldu fram fyrir kosningarnar 1956 og m. a. kemur greinilega fram í bæklingi þeim, er þeir sendu þá inn á hvert heimili í landinu, og hlaut sá bæklingur nafnið „Dómur reynslunnar“, — þar stendur á fyrstu síðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Allir kjósendur að undanteknum þeim, sem hafa ánetjazt alþjóðakommúnisma og greiða þar af leiðandi atkvæði án tillits til íslenzkra hagsmuna, verða að bera saman afleiðingar eða árangur hinna tveggja stjórnarstefna og marka afstöðu sína með tilliti til þeirra staðreynda, sem þeim verða ljósar, því að reynslan er réttlátur dómari.“

Já, reynsla sjálfstæðismanna af kommúnistum var ekki góð, og þeir vöruðu við þeim. En þó var hún ekki verri en það, að þar voru einmitt mennirnir, sem voru góðir og það ágætir til að breyta kjördæmaskipan landsins, enda bera þeir ekki íslenzka hagsmuni fyrir brjósti,

segja sjálfstæðismenn, eins og þeir orðuðu það 1956. Bækling þennan enda svo sjálfstæðismenn með því að segja, með leyfi hæstv. forseta:

„Leiðin til endanlegs sigurs lýðræðis yfir kommúnisma er leiðin til betri lífskjara og leiðin til einarðrar andstöðu gegn ofbeldisöflunum á alþjóðavettvangi. Sjálfstfl. einn ratar þessa leið. Þess vegna fylgir þjóðin honum fram til sigurs."

Ekki efast ég um það, að Sjálfstfl. hefur hlotið nokkur atkv. út á þetta árið 1956. En ég minni á þetta nú, vegna þess að það mál, sem mestri byltingu veldur í stjórnarfari lands okkar, nær fram að ganga nú fyrir samvinnu sjálfstæðismanna og kommúnista, að ógleymdum Alþfl. „Það, sem helzt hann varast vann, varð þó að koma yfir hann," má segja nú um Sjálfstfl. eða sjálfstæðismenn. Það er jafnmikið að marka ummæli sjálfstæðismanna í síðustu kosningum eins og ummæli þeirra um það, að þeir mundu aldrei beita sér fyrir fáum og stórum kjördæmum í landi voru. En hvað er komið á daginn? Og svona mætti lengi telja upp ummæli og fyrirheit sjálfstæðismanna um ýmis mál, og þau stangast algerlega á við framkvæmdirnar og staðreyndirnar, þegar allt er skoðað niður í kjölinn.

Fyrir kosningarnar héldu þríflokkarnir því fram, að það væri að vísu kosið um kjördæmamálið, en ekki frekar en önnur mál, og sjálfstæðismenn, sem voru mjög óttaslegnir, sendu a. m. k. tvo bæklinga inn á hvert heimili í landinu, og annar þeirra var eingöngu um það að varast vinstri stjórn, og hlaut sá bæklingur nafnið „Víti til varnaðar". Og þessi bæklingur, svo góður sem hann er, var aðaluppistaðan í öllum þeirra málflutningi. Þeir lásu þessa lexíu á hverjum fundi, eitt í dag og annað á morgun, og minntust varla á kjördæmamálið, nema þá helzt til að raða niður á lista í þessum tilvonandi kjördæmum, sem þeir eru að berjast fyrir, og nú eru þeir að berjast um að fá örugg þingsæti í framtíðinni. En þá var ekki að heyra annað á sjálfstæðismönnum en það mundi vera fullkomið bræðralag innan þess flokks um öll framboð og niðurröðun á lista. Vonandi, að svo verði. Og frambjóðandi Sjálfstfl. í Dalasýslu, Friðjón Þórðarson, hélt því fram, að hann mundi fá öruggt þingsæti í Vesturlandskjördæmi. Það var aðeins á einum fundi, sem hann gat þess, að hann mundi fá svo til öruggt þingsæti. Ekki veit ég, hvað kann að verða ofan á. Enn fremur héldu frambjóðendur sjálfstæðismanna mjög fram, af því að þeir vissu, að það var vinsælt, að sýslurnar mundu þrátt fyrir þessa kjördæmabreyt. halda sínum fulltrúum innan sýslnanna. En ekki veit ég, hvernig slíkt má ske eftir þessa breyt. Og það mun reynast erfitt að standa við þetta, eins og raunar fleira, sem kom fram úr herbúðum sjálfstæðismanna fyrir þessar kosningar, sem eru nú afstaðnar. Og út á þessa villukenningu slæddust nokkur atkvæði yfir á sjálfstæðismenn, af því að fólkið á landsbyggðinni vill umfram allt annað hafa áfram á Alþ. menn, sem gerþekkja hagsmuni hinna einstöku byggðarlaga í landinu, og reynslan hefur líka sýnt, að það er héruðunum og landsbyggðinni fyrir beztu.

Þá er það hinn bæklingur sjálfstæðismanna um kjördæmamálið. Þennan bækling kalla ég „Bibliu sjálfstæðismanna", vegna þess, að þegar einn frambjóðandi þeirra var á fundi spurður, hvað hann meinti með því, er hann skrifaði í þennan bækling, þá var svarið til fyrirspyrjandans þetta: Þú hefur sjálfsagt þurft að lesa bibliuna oftar en einu sinni, áður en þú skildir hana, og þannig er með þetta. — Já, þannig var með þetta. Þarna var ekki neinn smámaður á ferðinni, maður, sem hafði þann boðskap að flytja, sem líktist því helgasta, sem út hefur verið gefið í heiminum, sjálfri bibliunni. Sennilega hefði þessi maður átt að verða prestur. Lesi maður sum af þessum ummælum, þá eru þau mjög ósamhljóða, því að sum fela í sér hótanir eins og þær, að það muni jafnvel kosta sambandsslit af hálfu Reykvíkinga, ef þeir fái ekki fullt jafnrétti á við aðra í almennum kosningarrétti til Alþingis. Önnur ummæli fela það í sér, að aldrei sé meiri þörf á en nú að efla samhug og nauðsynlegt samstarf í strjálbýlinu. Það kemur greinilega fram hjá hv. þm. Snæf. í þessum bæklingi, og þetta er algerlega rétt hjá þeim hv. þm., því að þessi kjördæmabreyting mun verða þess valdandi, að það fólk, sem staðið hefur saman um sín málefni til þessa og náð á þann hátt góðum árangri í lífsstarfi sínu, það verður, þótt það kosti meiri vinnu, að ná víðtækara samstarfi en verið hefur, ef það á að bera jafnmikið úr býtum og hingað til, því að kjördæmabreytingin kollvarpar því félagakerfi, sem hér hefur ríkt og byggt er upp á hinum gömlu kjördæmum, sem nú leggjast niður.

Í kjölfar kjördæmabreytingarinnar munu sennilega í framtíðinni koma ný lögsagnarumdæmi og ekki óeðlilegt, ef réttlæti á að ríkja á milli flokka, að þá verði upp teknar hlutfallskosningar til sýslunefnda og í verkalýðsfélögum og víðar, þar sem þarf að auka réttlæti á milli flokka, eins og það er kallað. Það er rætt um jafnrétti á milli flokka, en hinu er einnig gleymt, að tala um jafnrétti í aðstöðu allri og lífsþægindum á milli fólksins í landinu. Atkvæðisrétturinn er ekki nema brot af því, sem til þarf til að skapa jafnrétti á milli þegna þjóðfélagsins. Þar kemur fjöldamargt annað til greina, sem fólki er ljóst og mun sýna sig síðar. Og þjóðin mun ábyggilega átta sig á kjördæmamálinu betur í framtíðinni en þegar er orðið og sýna það með vaxandi fylgi Framsfl., því að ekki kann góðri lukku að stýra, þegar sjálfstæðismenn taka höndum saman við kommúnista, sem þeir jafnan hafa fordæmt, eða þegar kommúnistar falla í faðm Alþfl., sem þeir lýstu svo í blaðinu Útsýn 11. maí s. l., með leyfi hæstv. forseta:

„Aumkunarverður flokkur er Alþfl. Nú ræður íhaldið gerðum hans í einu og öllu og lætur hann jafnvel einan taka ábyrgð á óvinsælustu verkunum. Fyrir ári síðan réð Framsókn yfir Alþfl. eins og sínum eigin flokki. En svo sveik Alþfl. samning sinn við Framsókn. Í verkalýðshreyfingunni samdi Alþfl. við íhaldið, en á síðasta Alþýðusambandsþingi sveik Alþfl. þann

samning. Næst samdi Alþfl. við Alþýðubandalagsmenn um sambandsstjórn í Alþýðusambandinu, en strax næstu daga sveik Alþfl. það samstarf með nýjum samningi við íhaldið um almenna kauplækkun.“

Þetta segja kommúnistar um Alþfl. Þannig eru lýsingar þeirra flokksbræðra, sem að kjördæmabreytingunni standa, hvors á öðrum. Það býst því enginn við góðu af þeim í framtíðinni. Grundvöllurinn, sem lagður er með þessari kjördæmabreytingu, er ótraustur, og það, sem á eftir kemur, mun þar eftir fara.

Við framsóknarmenn munum hér eftir sem hingað til starfa í þeim anda, sem skapar frjálsa samvinnu og jafnrétti þegnanna í þjóðfélaginu, því að hornsteinn lýðræðis er jafnrétti þegnanna í þjóðfélaginu án tillits til þess, hvar þeir eru búsettir í landinu. Ég er því á móti frv. því, sem hér er til umræðu um breyt. á kjördæmaskipan landsins, og treysti því, að hv. þm. sjái sóma sinn í því að greiða atkv. með þeirri dagskrártillögu, sem fyrir liggur á þskj. 10, svo að þjóðinni gefist kostur á að sýna vilja sinn í þessu máli, áður en lengra er haldið, og þjóðarviljinn fái að ráða gerðum þessa máls og annað ekki.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Ég verð að segja það, að mér þykir nokkuð einkennileg framkoma flm. og stuðningsmanna þessa frv., sem hér liggur fyrir, við meðferð þess hér á hæstv. Alþ. Frv. er borið fram sem stjórnarfrv. Hæstv. forsrh. lét ekki sjá sig í þingsalnum, meðan frsm. minni hl. stjskrn. flutti mikinn hluta ræðu sinnar hér á þingfundinum í dag. Hæstv. ráðh. kom þó um síðir og var hér skamma stund. Annar hæstv. ráðh. hefur litið hér inn í d. í dag, en horfið mjög fljótlega aftur. Hinir tveir hæstv. ráðh. hafa ekki sézt í þingsalnum.

Svipað er að segja um þingmenn hinna flokkanna, sem að stjórnarskrárbreyt. standa. Fæstir þeirra hafa sézt í sætum sínum við umr. um frv. hér í hv. d. Það eru víst þrír af hv. þm. Sjálfstfl. í sætum sínum hér í hv. d. nú — eða eru þeir ekki nema tveir? Þeir eru víst tveir, og sá þriðji á gægjum í dyrunum. Sá þingflokkur á þó 13 stóla hér í d. Um Alþb. er það að segja, að síðari hluta dags í dag, meðan rætt var um málið, sást enginn þeirra manna hér í d. Einn skauzt þó inn seint á degi til að sækja skjalamöppu sína, en hafði enga viðdvöl.

Þannig er framkoma þessara manna í þingdeildinni við meðferð þessa máls, sem þeir nefna eitt þýðingarmesta mál, sem Alþ. hafi fjallað um, og stórt réttlætismál, og ég vil spyrja hæstv. forseta, hvort hann telji það ekki dálítið hæpið að halda áfram meðferð málsins, þegar hv. þdm. haga sér á þennan hátt.

Í málinu liggja fyrir tvö álit frá hv. stjskrn. Meiri hl., en hann skipa fulltrúar þeirra þriggja flokka, sem að málinu standa, mælir með því, að frv. verði samþ., og meiri hl. segir í nál. sínu, að það hafi komið ótvírætt fram í alþingiskosningunum hinn 28. júlí s. l., að mikill meiri hluti kjósenda sé málinu fylgjandi. Ég tel, að það sé of mikið sagt í þessu nál. meiri hl. Ég tel, að það hafi ekki komið ótvírætt fram í þingkosningunum, að mikill meiri hluti kjósenda sé málinu fylgjandi, eins og þeir halda fram. Útkoman í kosningunum sýnir ekki þjóðarviljann í kjördæmamálinu. Frambjóðendur þeirra flokka, sem beita sér fyrir stjórnarskrárbreyt., vildu komast hjá umræðum um það mál á framboðsfundum fyrir kosningar. Þeir sniðgengu málið eftir mætti. Þeir töluðu aðallega um ýmislegt annað, reyndu að fá kjósendurna til að gleyma því stóra máli, en haga atkvgr. eftir afstöðu til annarra mála. Og ég vil spyrja: Hver hefði niðurstaðan orðið, ef þjóðinni hefði gefizt kostur á að greiða atkv. um málið sérstaklega? Þeirri spurningu er ekki hægt að svara á þessari stundu, en ég tel engan efa á því, að við slíka atkvgr. um málið hefðu komið fram aðrar atkvæðatölur en í alþingiskosningunum.

En þó að atkvæðatölur stjórnmálaflokkanna í þingkosningunum í næstliðnum mánuði sýni alls ekki rétta mynd af vilja þjóðarinnar í þessu máli, þá getur verið fróðlegt að athuga niðurstöður kosninganna. Í Reykjavík mun Sjálfstfl. hafa fengið um 51% af gildum atkv., sem þar voru greidd. Hann fékk út á þetta 5 þm. af 8. Aðrir flokkar, sem fengu samtals 49% gildra atkv., fengu 3 þm. Þannig getur útkoman stundum orðið, þegar hlutfallskosningafyrirkomulagið er notað. Í kjördæmunum utan Reykjavíkur, sem nú á að leggja niður samkv. þessu frv., voru kosnir 33 þm. Þeir skiptust milli tveggja flokka þannig, að Framsfl. fékk 18 kjörna, en Sjálfstfl. 15. Af þessum 18 þm., sem Framsfl. fékk kosna í kjördæmum utan Reykjavíkur, voru 13, sem höfðu meira en helming gildra atkv. í kjördæmum sínum á bak við sig. Einn þeirra fékk 72% gildra atkv. í sínu kjördæmi, nokkrir milli 60 og 70% af atkv. og aðrir milli 50 og 60%. Hinir 5 þm. flokksins, sem náðu kosningu í kjördæmunum utan Reykjavíkur, fengu frá 46—49% gildra atkv. í sínum kjördæmum. Ég tel ákaflega sterkar líkur fyrir því, að í þeim kjördæmum sé meiri hluti kjósendanna á móti þeirri breyt. á stjórnarskránni, sem hér liggur fyrir, því að það er alkunnugt og hefur verið tekið fram hér í þessum umr. af öðrum á undan mér, að það voru margir menn, sem fylgja þeim flokkum, sem mæla með þessu máli, flytja það og mæla með því, margir kjósendur þeirra, sem enn fylgdu þeim í kosningunum, þó að þeir væru algerlega á móti þessu máli.

En hvað er þá að segja um þá 15 þm. Sjálfstfl., sem náðu kjöri í þessum kjördæmum utan Reykjavíkur? Hvað er að segja um þá og þeirra kjörfylgi? Aðeins einn af þessum 15 mönnum náði helmingi gildra atkv. í kjördæminu, þar sem hann bauð sig fram og var kosinn. Það er hv. þm. Vestm., sem á sæti í Ed. Svo glöggt stóð þó þetta, að atkvæðatala hans náði ekki 51% gildra atkv. í Vestmannaeyjum. Allir hinir, 14 að tölu, fengu minna en helming gildra atkv. í kjördæmunum, þar sem þeir buðu sig fram. Sá, sem hafði tiltölulega minnst fylgi, en náði þó kosningu, fékk ekki nema 30% gildra atkv. í kjördæminu, nokkrir milli 30 og 40% atkv. og hinir milli 40 og 50%, en aðeins þessi eini, sem ég nefndi, náði helmingi gildra atkvæða. Ekki

er nú fylgi Sjálfstæðisflokksins í þeim kjördæmum, sem hann vill leggja niður, traustara en þetta.

Þessir minnihlutakjörnu þm. Sjálfstfl. hafa verið mjög hljóðir og hógværir hér á þingi nú, þegar um þetta stóra mál er fjallað, svo hljóðir, að enginn þeirra hefur enn gefið frá sér eitt orð í umr. um málið, og mun þó senn lokið 2. umr. frv. hér í d., og þeir hafa verið mjög óstöðugir í sætum sínum, eins og ég gat um áðan. Þeir hafa enga tilraun gert til að sýna fram á þörf þjóðarinnar fyrir þessa breyt. Þeir hafa engin rök fært fyrir stuðningi sínum við frv. En vitanlega eru þessir hv. þm. löglega kjörnir fulltrúar, þó að aðeins minni hluti kjósenda í kjördæmum þeirra hafi viljað fela þeim umboð sitt. En þó að þeir séu með þessum hætti kjörnir til að taka hér ákvarðanir um mál, þá mættu þeir vel leita eftir vilja kjósendanna í þessu þýðingarmikla máli, áður en þeir greiða atkv. með því að svipta kjördæmi sín sjálfstæðri tilveru.

Hv. minni hl. stjskrn. hefur í nál. sínu á þskj. 10 borið fram till. til rökst. dagskrár í málinu. Þar er á það bent, að afstaða kjósenda til annarra mála en þeirrar breyt. á kjördæmaskipunni, sem frv. fjallar um, hafi mjög miklu ráðið um viðhorf þeirra í síðustu alþingiskosningum og úrslit kosninganna veiti þar af leiðandi mjög ófullnægjandi upplýsingar um vilja manna í þessu stóra máli. Og þar er lagt til eða því beint til hæstv. ríkisstj., að hún láti fara fram í næsta mánuði í öllum kjördæmum hverju fyrir sig almenna, leynilega atkvgr. kjósenda, er svari með já eða neii, hvort þeir vilja, að öll núverandi 27 kjördæmi utan Reykjavíkur skuli lögð niður, eins og frv. þetta gerir ráð fyrir, en í staðinn stofnuð 7 stór hlutfallskosningakjördæmi, og það er till. minni hl., að aukaþinginu, sem nú situr, verði frestað og afgreiðslu frv., þar til úrslit þessarar atkvgr. eru kunn. Meiri hl. hv. stjskrn. er á móti þessu, að þessi aðferð verði viðhöfð. En hvers vegna? Hvers vegna má ekki leyfa landsmönnum að láta uppi vilja sinn í þessu stóra máli með almennri, leynilegri atkvgr.? Já, hvers vegna? Þó að það kosti frestun á málinu í um það bil mánuð að fá fram vilja landsmanna á ótvíræðan hátt með þessu móti, þá er engin ástæða til að hafna till. þess vegna. Ef stuðningsmenn stjórnarskrárbreyt. trúa á málstað sinn, þá ættu þeir að fallast á þessa till. um þjóðaratkvgr. Þetta ættu þeir að gera í stað þess að knýja frv. nú fram með ofurkappi og án þess að kunnugt sé um þjóðarviljann.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 7. fundi í Nd., 30. júlí, var fram haldið 2. umr. um frv.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 10 felld með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÓlJ, ÓskJ, PÞ, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EystJ, GíslG, TÁ, HS.

nei: JÁ, JR, KJJ, LJós, MJ, MÁM, ÓTh, RH, SÁ, StSt, ÞK, BBen, BÓ, EmJ, GJóh, GÞG, IngJ, JóhH, EOl.

3 þm. (KGuðj, GÍG, HV) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 19:13 atkv.

2.—3. gr. samþ. með 19:13 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 19:13 atkv.

Á 8. fundi í Nd., 31. júlí, var frv. tekið til 3. umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í blaði forsrh. hefur verið komizt svo að orði um það mál, sem hér liggur fyrir, að þar væri gert ráð fyrir stærstu breyt. á stjórnskipan ríkisins, síðan Alþ. hefði verið endurreist. Ég hygg, að þessi dómur sé alveg réttur. En af þessu hefði mátt ætla, að þetta mál fengi alveg sérstakan undirbúning af hálfu Alþ. og þeirra flokka, sem hafa forgöngu um það. Þegar um slíkt stórmál er að ræða sem þetta, þá hefði mátt vænta þess, að þjóðin væri látin hafa nægilegan tíma og ráðrúm til þess að gera sér grein fyrir því, hvað hér væri verið að gera, og að hún fengi að segja sitt álit um það, áður en það væri endanlega afgreitt. Til þess að fullnægja eðlilegum starfsvenjum í þessum efnum hefði þurft að fullnægja þremur reglum alveg sérstaklega. Í fyrsta lagi þurfti að gefa þjóðinni nægan tíma til umhugsunar um málið, í öðru lagi að leggja málið rétt og hlutlaust fyrir hana í þeim kosningum, sem um það áttu að fjalla samkv. stjórnskipunarlögunum, og í þriðja lagi átti ekki að afgreiða málið, fyrr en vilji þjóðarinnar um það lægi greinilega fyrir.

Ég hygg, að ef þetta mál er hlutlaust athugað, þá verði því ekki neitað, að allar þessar reglur hafa verið þverbrotnar. Þjóðin hefur ekki fengið nægan tíma til þess að íhuga þetta mál. Þegar fyrst var byrjað að ræða um málið hér á s. l. vetri, lögðu framsóknarmenn áherzlu á, að málið yrði ekki endanlega afgr. fyrr en á þingi 1960, svo að þjóðin fengi þess vegna nægan tíma til þess að gera sér grein fyrir málinu. Undir þetta hygg ég að hafi verið tekið af einum flokki þingsins, Alþb. En Sjálfstfl. mátti ekki heyra það nefnt, að þessi málsmeðferð yrði viðhöfð. Hann lagði á það megináherzlu, að málinu yrði hraðað sem mest, flaustrað sem mest af í þeim tilgangi, að þjóðin fengi ekki ráðrúm til þess að gera sér nægilega grein fyrir því, hvað hér væri í raun réttri verið að framkvæma. Og að hans ráðum var horfið, vegna þess að Alþfl. fannst rétt, eins og yfirleitt nú í seinni tíð, að fylgja því, sem Sjálfstfl. vill. Þess vegna fer því fjarri, að þjóðin hafi fengið nægan tíma til þess að íhuga þetta mál. Því fer einnig fjarri, að í þeim kosningum, sem áttu að fjalla um málið, hafi það verið lagt rétt og hlutlaust fyrir hana. Því hefur verið mjög rækilega lýst í þeim umr., sem hafa farið fram hér undanfarna daga í d., að í kosningabaráttunni sameinuðust þrír flokkar um það að hvetja menn til þess að kjósa yfirleitt um öll önnur mál fremur en kjördæmamálið, og þarf ég ekki að rifja það upp hér. Það er þess vegna ljóst, að í þeim kosningum, sem fram fóru 28. júní, hefur farið fjarri því, að þjóðarviljinn

í þessu máli kæmi nægilega skýrt fram eða málið væri lagt þannig fyrir þjóðina, að hún gæti dæmt hlutlaust og rétt um það. Af þessum ástæðum bar skylda til þess að leita greinilega eftir þjóðarviljanum í sérstakri atkvgr., eins og framsóknarmenn hafa lagt áherzlu á. En stjórnarliðið má ekki heyra, að þessi aðferð sé viðhöfð í málinu. Það hefur fellt þá till., sem hefur verið lögð fram um þetta, og ætlar sér að afgreiða málið, án þess að það liggi nægilega ljóst fyrir, hvað þjóðin vill að gert sé í þessum efnum.

Það stutta yfirlit, sem ég hef hér rifjað upp, sýnir, að í sambandi við þetta stóra mál og meðferð þess hafa þær reglur verið gerbrotnar, sem fylgja á, til þess að mál sem þetta fái nægilega athugun og þjóðarviljinn fái að njóta sín. Og ástæðan til þess, að þannig hefur verið á málinu haldið af hálfu Sjálfstfl. og þeirra flokka, sem fylgja honum, er alveg ljós. Hún er sú, að þeir gera sér ljóst, að þetta er ekki gott mál. Þetta er þannig mál, að það er ekki gott fyrir þessa flokka, að þjóðin hafi nægilegt ráðrúm til að athuga það, að þjóðarviljinn fái að koma greinilega í ljós. Þess vegna verður að hraða því af, þess vegna verður að leggja það þannig fyrir, að í þeim kosningum, sem um það fjalla, sé yfirleitt dæmt um allt önnur atriði en þetta mál. Það hefur líka sýnt sig hér í þessari d., að þríflokkarnir viðurkenna, að þeir hafa hér ekki gott mál að verja. Þeir hafa gefizt upp við að halda uppi vörnum fyrir málið, fulltrúar þeirra hafa yfirleitt haldið sig utan dyra, þegar um það hefur verið rætt, og ekki svarað þeim röksemdum, sem fram hafa komið, jafnvel þó að hnekkt hafi verið þeim fullyrðingum, sem þeir hafa sjálfir haft í frammi.

Þeir halda það kannske, fulltrúar þríflokkanna, að með þessum hætti séu þeir að sýna andstæðingum málsins einhverja sérstaka óvirðingu. En því fer fjarri. Með þessu háttalagi sínu eru þeir að viðurkenna það, að þeir hafi vont mál að verja, og þeir eru að óvirða Alþingi og óvirða stjórnarskrána með því að treysta sér ekki til þess að taka þátt í umr. um þetta mál og halda sig utan dyra, þegar um það er rætt.

Ég skal svo ekki ræða öllu meira um meðferð málsins, enda hefur það verið rækilega gert áður. En mér finnst rétt, nú þegar að því kemur að afgreiða málið hér í þessari hv. d., að rifja það upp, hver sá megintilgangur er, sem vakir fyrir forgöngumönnum þessa máls, forkólfum Sjálfstfl., með því að hrinda því fram, hver er þeirra megintilgangur með kjördæmabyltingunni.

Ég held, að ef gert er yfirlit um það í stuttu máli, þá séu það þrjú atriði, sem þeir hafi einkum haft í huga. Í fyrsta lagi er það tilgangur þeirra að veikja vald og áhrif strjálbýlisins. Í öðru lagi er það tilgangur þeirra að koma á því kosningafyrirkomulagi, sem viðheldur sem mest þeirri sundrungu, sem verið hefur á milli vinstri afla landsins, og reyna frekar að auka hana en hið gagnstæða. Og í þriðja lagi er svo tilgangur þeirra að knýja fram nýja stjórnarstefnu. Mér finnst rétt að víkja í nokkrum orðum að þessum höfuðatriðum, sem fyrir Sjálfstfl. hafa vakað með stjórnarskrárbreytingunni.

Hvers vegna er það, sem forkólfar Sjálfstfl. leggja slíkt ofurkapp á að veikja vald strjálbýlisins, eins og komið hefur fram í þeirra baráttu fyrir þessu máli? Ástæðan er ofur einföld. Sjálfstfl. hefur tekizt sæmilega að vinna sér fylgi í þéttbýlinu, vegna þess að þeir flokkar, sem þar hafa aðallega verið til andsvara, Alþfl. og Alþb., hafa verið veikir fyrir, og hann hefur reynzt ofjarl þeirra í þeirri pólitísku viðureign, sem þar hefur farið fram. Úti um hinar dreifðu byggðir landsins hefur gengi Sjálfstfl. ekki verið á sama veg. Það er vegna þess, að Sjálfstfl. hefur þar hitt fyrir flokk, sem hefur reynzt honum ofjarl. Hann hefur beðið lægri hlut fyrir Framsfl. í þeirri viðureign, sem þar hefur farið fram á milli þeirra flokka, og Sjálfstfl. treystir sér ekki lengur til að halda uppi þeirri málefnalegu viðureign við Framsfl. í dreifbýlinu á sama grundvelli og verið hefur til þessa. Í stað þess að heyja þá baráttu áfram á þeim grundvelli, fer hann þá leið að reyna að veikja vald og aðstöðu dreifbýlisins og reyna á þann hátt að koma því til vegar, að hann nái auknum völdum og jafnvel meirihlutavaldi í þjóðfélaginu. Það er af þeim ástæðum, hve Sjálfstfl. hefur illa gengið að afla sér fylgis með sínum málstað utan þéttbýlisstaðanna, sem hann ræðst nú í þá stjórnarskrárbreyt. að veikja vald hinna dreifðu byggða stórlega frá því, sem áður hefur verið. Þetta er sú ástæða, sem veldur því, að Sjálfstfl. vill stuðla að því með stjórnarskrárbreyt. að veikja vald hinna dreifðu byggða, en óneitanlega mun þessi stjórnarskrárbreyt. hafa þær afleiðingar, eins og lýst hefur verið hér mjög greinilega á Alþingi áður. Annar megintilgangur Sjálfstfl. með þessari stjórnarskrárbreyt. er svo sá að viðhalda og auka þá sundrungu, sem verið hefur milli vinstri afla landsins, vegna þess að honum er það ljóst, að ekkert er líklegra til þess að viðhalda henni heldur en auka hlutfallskosningafyrirkomulagið. Og það er ákaflega skiljanlegt, að Sjálfstfl. vilji stuðla að því, að sundrung vinstri manna og frjálslyndra manna í landinu sé sem mest, því að á engu öðru hefur Sjálfstfl. grætt meira en því, hvað vinstri menn landsins hafa verið sundraðir. Ljósasta dæmið um það er að finna hér í Reykjavík. Ég held, að það sé naumast til sá Reykvíkingur, sem ekki viðurkennir það, að Reykjavíkurbæ sé á flestan hátt illa stjórnað. Þrátt fyrir það hefur niðurstaðan verið sú í kosningum, að Sjálfstfl. hefur fengið meiri hluta. Orsökin til þess er sú, að hin vinstri öfl í bænum hafa verið svo sundurleit og sundruð, að kjósendur hafa ekki trúað þeim til að vinna saman og þess vegna af tvennu illu talið skárra að láta Sjálfstfl. fara með stjórn bæjarins þrátt fyrir þá hörmulegu stjórn, sem á honum hefur verið.

Sjálfstfl. hefur á þennan og margan annan hátt grætt á sundrungu vinstri aflanna í landinu, og það, sem hann trúir nú frekar á en annað til þess að bæta sína valdaaðstöðu og jafnvel til að ná meirihlutaaðstöðu, er að viðhalda og jafnvel auka sundrungu vinstri afl-

anna, og því takmarki telur hann sig geta náð með þeirri breyt., sem hér er verið að gera, þar sem eru hinar auknu hlutfallskosningar. Og frá þessu sjónarmiði er ekkert óeðlilegt, þó að Sjálfstfl. beiti sér fyrir þeirri breyt., sem hér er verið að gera.

Það, sem vakir svo fyrir Sjálfstfl. í þriðja lagi með þessari stjórnarskrárbreyt., er að koma fram nýrri stjórnarstefnu. Í hinni bláu bók, sem Sjálfstfl. gaf út fyrir seinustu kosningar, er talað um það, að með kjördæmabreytingunni skuli lokið því 30 ára tímabili, sem fyrst og fremst hafi einkennzt af stefnu Framsfl. Þessu tímabili, sem hefur verið langsamlega mesta framfara- og umbótatímabil í sögu þjóðarinnar, skal nú lokið að áliti Sjálfstfl. með stjórnarskrárbreyt. Það skal renna upp nýtt tímabil, tímabil, sem er einkennt af stjórnarstefnu Sjálfstfl. Og hvernig á sú stefna að vera? Ég held, að það sé einna auðveldast að gera sér grein fyrir henni með því að rifja upp þrjú slagorð, sem forkólfar Sjálfstfl. nota einkum, þegar þeir eru að gera grein fyrir því, sem þeir vilja láta gera í þjóðfélaginu. Og þessi þrjú slagorð eru: minni fjárfesting, frjáls verðlagsmyndun og afnám hafta.

Við skulum nú rifja það upp í stuttu máli, hvað það er, sem þessi slagorð flokksins raunverulega þýða. Hvað þýðir það, þegar Sjálfstfl. er að tala um, að nauðsynlegt sé að draga úr fjárfestingunni og minnka hana? Það þýðir það, að Sjálfstfl. telur, að framfarir og framkvæmdir séu of miklar í landinu. Og það þýðir m. ö. o., að Sjálfstæðisfl. telur, að atvinnan sé of mikil í landinu og kaupgeta almennings í landinu sé of mikil, með því að takmarka fjárfestinguna, með því að draga úr framkvæmdum og framförum sé hægt að minnka atvinnuna, þá sé hægt að draga saman fjárfestinguna, og þá sé komið á það æskilega ástand í efnahagsmálum, sem hann stefnir að. En hvers vegna vill Sjálfstfl. ná þessu takmarki? Ástæðan er sú, að þegar atvinnan minnkar í landinu og jafnvel skapast nokkurt atvinnuleysi, þá telur hann, að stóratvinnurekendavaldið í landinu hafi sterkari aðstöðu til þess að halda kaupgjaldinu niðri og til þess að halda verkalýðssamtökunum í skefjum. Hann telur, að með þeim hætti verði verkamenn á margan veg háðari atvinnurekendum en ella og þess vegna sé nauðsynlegt að stefna að þessari þróun til að stuðla að því, að atvinnurekendavaldið styrkist og eflist í landinu. Það, sem vakir þess vegna fyrst og fremst fyrir Sjálfstfl., þegar hann er að tala um að draga úr fjárfestingunni og framförunum, að minnka atvinnuna í landinu og minnka kaupgetuna, það er að koma málunum fyrir á þann veg, að atvinnurekendur í landinu, eða atvinnurekendavaldið hafi sterkari aðstöðu en það hefur nú.

Það er þá það fyrsta, sem stefnt er að hjá Sjálfstfl., að styrkja stóratvinnurekendavaldið í landinu með því að draga úr atvinnunni og draga úr kaupgetunni og gera verkalýðinn og verkalýðssamtökin sér háðari á þann hátt.

En hvað er þá það, sem vakir fyrir Sjálfstfl., þegar hann er að tala um frjálsa verðlagsmyndun? Jú, það vakir í fyrsta lagi fyrir flokknum, að það eigi að afnema allt verðlagseftirlit eða a. m. k. að framkvæma það þannig, að það verði sama og gagnslaust. Í öðru lagi vakir það fyrir honum að draga stórkostlega úr áhrifum kaupfélagsskaparins í landinu. Og þegar þetta tvennt er komið fram, að það er búið að afnema verðlagseftirlitið eða gera það óstarfhæft og búið að skerða stórkostlega aðstöðu kaupfélaganna í landinu, þá er komið langt það ástand, sem Sjálfstfl. stefnir að, að kaupmennirnir hafi einir áhrif á, hvernig verðlagið og álagningin er. Sjálfstæðismenn halda því fram, að þegar þannig sé komið, þá muni verða samkeppni milli kaupmanna um að bjóða niður verðið og þannig muni skapast hagstæð álagning fyrir neytendur í landinu. En því fer fjarri, að þetta mundi vera á þennan veg. Það mundi fara á þann veg, að samtök kaupmanna, kaupmannafélögin, kæmu sér saman um, hver álagningin og hvert verðlagið skyldi vera. Það eru m. ö. o. hringar kaupmannanna, sem mundu ráða verðlaginu í landinu. Hin frjálsa verðlagsmyndun, sem Sjálfstfl. er að tala um, er frjálsræði kaupmannastéttarinnar til að ráða því einhliða í gegnum sín samtök, hvaða álagning og hvaða verðlag skuli vera í landinu, og þá hefur maður fyrir sér, hvert þetta annað kjörorð Sjálfstfl. muni leiða, frjáls verðlagsmyndun. Það mundi leiða til þess, að kaupmannastéttin fengi alræði í verðlagsmálum í landinu.

Og þá er komið að þriðja stefnuskráratriðinu, sem Sjálfstfl. hampar svo mjög, og það er afnám haftanna. Þegar hann talar um afnám haftanna, þá virðist hann fyrst og fremst eiga við, að það eigi að leggja niður innflutningsskrifstofuna, fjárfestingareftirlitið, sem hún hefur með höndum, útflutningsnefndina o. s. frv. Og þegar búið er að leggja niður þessar stofnanir, þá á almenningur að líta svo á, að nú sé búið að afnema höftin í landinu. En því fer fjarri, að þetta sé meiningin, því að það á víst að leggja þessar stofnanir niður, en höftin eiga ekki að hverfa, þau eiga að færast yfir til bankanna, og bankarnir eiga að framkvæma þau verkefni, sem þessar stofnanir hafa áður haft með höndum. Og halda menn nú virkilega, að það mundi verða til þess, að höftin minnkuðu, þó að þau verði færð úr höndum þessara stofnana og yfir til bankanna? Halda menn, að bankahöftin mundu verða nokkuð betri en þau höft, sem nú er búið við? Íslenzka þjóðin hefur nokkra reynslu af því, hvernig er að búa við alrátt bankavald. Við þurfum ekki að fara nema 30—40 ár aftur í tímann til þess að gera okkur grein fyrir því, hvernig einhliða bankavaldi var þá beitt. Það voru þá ekki nema útvaldir gæðingar þeirra, sem með völdin fóru, og þeirra, sem stjórnuðu bönkunum, sem höfðu aðgang að lánsfé bankanna. Við munum eftir sumum þessara nafna, eins og Sæmundi í Stykkishólmi, Stefáni Th. á Seyðisfirði o. s. frv. Og það, sem fyrir Sjálfstfl. vakir, þegar hann talar um að auka bankahöftin og bankaeinokunina, er að skapa aðstöðu til þess, að það sé hægt að hlynna enn þá betur að ýmsum gæðingum hans og stórgróðastéttinni í landinu heldur en nú á sér stað. Þjóð-

in mundi ekki með afnámi þeirra stofnana, sem ég minntist á, og með því að færa þetta vald í hendur bankanna, búa við minni höft eða minni einokun en nú á sér stað, heldur miklu verri en þá, sem nú er búið við, því að reynsla annarra þjóða sýnir það og reynsla okkur hefur sýnt það einnig, að engin höft geta verið jafnhættuleg og bankahöftin og engin einokun getur verið jafnhættuleg og bankaeinokun. En Sjálfstfl. talar líka um, jafnframt því að vald áðurnefndra stofnana sé fært inn í bankana, að gera breytingu á bankaskipulaginu, breyt., sem vitanlega á að vera fólgin í því að styrkja aðstöðu hans sem mest til þess að geta beitt höftum bankanna í þjónustu sinna gæðinga.

Hér er þá búið að draga upp nokkra mynd af því, hvað það er, sem vakir fyrir Sjálfstfl., þegar hann er að tala um að taka upp nýja stjórnarstefnu, sem eigi að leysa af hólmi þá umbótastefnu, sem hefur verið fylgt í landinu undanfarin 30 ár undir forustu Framsfl. Það er þá í fyrsta lagi að vinna að því að auka atvinnurekendavaldið í landinu. Það á í öðru lagi að vinna að því að gera kaupmannastéttina alráða í verðlagsmálum. Og það á í þriðja lagi að vinna að því að auka stórkostlega bankahöft og bankaeinokun í landinu, til þess að Sjálfstfl. geti notað þá aðstöðu til þess að hlynna enn betur að sínum gæðingum en gert hefur verið til þessa dags.

Ég hygg, að nú muni ýmsir spyrja kannske á þá leið: Hverjir eru það, sem raunverulega standa á bak við Sjálfstfl. og ráða því, að hann tekur upp þessa stefnu, stefnu auðstéttarinnar, flokkur, sem þó telur sig vera flokk allra stétta í landinu? Ég hygg, að menn geri sér ekki fullkomlega grein fyrir því öllu, sem hefur verið að gerast í landinu á undanförnum árum. Það hefur verið mikil verðbólga hér seinustu áratugina, og verðbólgan hefur skapað mörg vandamál og margar hættur, sumar af þeim gerir þjóðin sér ljósar, en aðrar kannske ekki nægilega. Eitt einkenni verðbólgunnar er það, að hún gerir hinn fátæka fátækari og hinn ríka ríkari. Þess vegna er það staðreynd, að í skjóli verðbólgunnar á undanförnum árum hefur risið hér upp í landinu voldugri og ríkari stétt auðmanna heldur en áður hafa verið til dæmi um. Og eins og venja er um allar nýríkar auðmannastéttir, þá er þessi auðmannastétt, sem verðbólgan hefur skapað á Íslandi, bæði drottnunarsöm, eigingjörn og ófyrirleitin. Hennar markmið eða hennar afstaða felst nokkurn veginn í því kjörorði, sem formaður Sjálfstfl., hv. þm. G-K., hefur valið henni og er eitthvað á þessa leið: fyrst einkahagsmunir, svo flokkshagsmunir og seinast þjóðarhagsmunir.

Lítið dæmi um það, hvernig þessi nýja auðmannastétt á Íslandi hagar sér, eru hin einkennilegu afskipti, sem hún hefur haft af landhelgisdeilunni við Breta. Þjóðin á nú í harðri deilu við eitt hið yfirgangssamasta stórveldi, sem nú er til í heiminum, og deilan snýst um það, hvort hún eigi að halda sínum rétti til að ákveða jafnstóra fiskveiðilandhelgi umhverfis landið og fjölmörg önnur ríki hafa ákveðið. Af hálfu Breta er farið með ofbeldi gegn Íslendingum vegna þessa og því haldið alveg sérstaklega fram, að Íslendingar fari að með ólögum, og gefið þess vegna til kynna, að Ísland sé ekki réttarríki. Og hvert er það framlag, sem íslenzka auðmannastéttin hefur lagt til þessarar deilu? Hennar framlag er það, að hún hefur kært fyrir mannréttindadómstóli Evrópu, og kæran er á þann veg, að bæði Alþingi og hæstiréttur þjóðarinnar gæti ekki nægilega mannréttinda, Ísland sé í raun og veru ekki réttarríki og þess vegna verði hún að leita á erlendan vettvang til þess að rétta sinn hlut. Hvaða tillag er þetta fyrir Íslendinga í landhelgisdeilunni? Nei, það er ekki verið að styrkja okkar málstað með þessari framkomu. Það er fyrst og fremst verið að styrkja málstað andstæðinga okkar, sem halda því fram, að Ísland hafi ekki farið að með réttum lögum í landhelgisdeilunni, Ísland sé ekki réttarríki og þess vegna sé leyfilegt fyrir þá að halda uppi ofbeldi innan fiskveiðilandhelginnar. Og það er ekki lítið kærkomið vopn fyrir Breta að fá það upp í hendurnar frá allstórri stétt á Íslandi, að Ísland sé ekki réttarríki, að það sé ekki að treysta Alþingi til þess að gæta réttar þegnanna, það sé ekki að treysta hæstarétti til þess að gæta réttar þegnanna og þess vegna verði þessi stétt að leita á erlendan vettvang til þess að rétta sinn hlut. En þetta er það tillag, sem hin nýríka stórgróðastétt á Íslandi hefur lagt fram til landhelgisdeilunnar, það er að leggja þetta vopn upp í hendur Bretanna. Og hvers vegna hefur hún lagt þetta vopn upp í hendur þeirra? Það er vegna þess, að Alþingi hefur samþ. löggjöf, sem hæstiréttur telur fullkomlega samræmanlega stjórnarskránni, að þessi stétt borgi lítinn hluta af verðbólgugróða sínum til þess að styrkja þá, sem miður vegnar í þjóðfélaginu, til þess að eignast eigið húsnæði. Vegna þess að þessi stétt verður að skila þarna aftur litlum hluta af verðbólgugróðanum, þá hefur hún farið inn á það svið að kæra til erlendra dómstóla og halda því fram, að Ísland sé ekki réttarríki, og veikja þannig stórkostlega aðstöðu okkar í deilunni við Breta.

En þetta er ekki nema lítið dæmi af því, hvernig þessi stétt hagar sér, ef hún hefur aðstöðu til þess, og hvernig hún muni haga sér, ef flokkur hennar, Sjálfstfl., fær aukin ítök í þjóðfélaginu. En vitanlegt er það, að það eru þessir menn, sem fyrst og fremst ráða og stjórna Sjálfstfl., það eru þessir menn, sem eiga Morgunblaðið, þessir menn, sem eiga Vísi, þessir menn, sem stjórna skrifum hv. 1. þm. Reykv. og annarra þeirra, sem skrifa í málgögn Sjálfstfl. Og það er ekki úr vegi í sambandi við þetta að vekja athygli á því, hvernig þessi nýja stórgróðastétt reynir að fela sig. Eitt af því, sem hún hefur lagt fyrir ritstjóra Mbl., hv. 1. þm. Reykv., og aðra þá, sem í það blað skrifa, er að halda uppi alveg sérstökum árásum á samvinnuhreyfinguna í landinu og stimpla hana sem hinn ægilegasta auðhring og hið eiginlega eina auðvald, sem þjóðin þurfi nú að óttast. Ég er þess fullviss, að það er ekki að finna í neinum blöðum á Norðurlöndum öðrum en Vísi og Mbl. svipuð skrif um samvinnuhreyfinguna og þau, sem nú birtast daglega í þessum blöðum. Það er hvergi á

Norðurlöndum litið á samvinnufélagsskapinn eins og auðhring, og þó eru samvinnufélögin yfirleitt miklu sterkari eða mun sterkari t. d. í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi heldur en hér, og þau eiga sína andstæðinga þar alveg eins og hér. En engum dettur þar í hug að halda fram slíkri firru eins og þeirri að kalla samvinnufélagsskapinn auðhring. En hér þurfa hinir nýríku gróðamenn að reyna að fela sig sem mest, draga athyglina frá sér, og þess vegna er það, sem hv. 1. þm. Reykv. fær fyrirskipun um að ráðast nú á samvinnufélagsskapinn, stimpla hann sem auðhring og reyna þannig að draga athyglina frá hinni nýju auðstétt í landinu, meðan hún er að reyna að sölsa undir sig völdin með aðstoð Sjálfstfl. og þeirra fylgiflokka, sem kunna að vilja ljá honum styrk til þess. Og það, sem verður áframhaldið í þessum leik, verður í samræmi við kæruna til mannréttindadómstóls Evrópu, ef auðstéttin fær að ráða. Það verður tekin upp sú nýja stjórnarstefna, sem ég var að lýsa hér áðan og er fólgin í því að efla stóratvinnurekendavaldið, að gera kaupmannastéttina einráða í verðlagsmálum og skapa bankahöft og bankavald og banka*einokun, sem hægt sé að nota miskunnarlaust* í þágu auðstéttarinnar og þeirra gæðinga, sem Sjálfstfl. eða flokkur hennar telur nauðsynlegt að hlúa sem mest að.

Og ef svo færi, eins og er tilgangur Sjálfstfl. með þessari stjórnarskrárbreyt., þá er ekki fjarri lagi, að það heppnaðist, sem fyrir honum hefur vakað, að veikja vald dreifbýlisins, að auka sundrungu vinstri flokkanna og koma fram þessari nýju stjórnarstefnu. En í sambandi við það er þó hins vegar ekki úr vegi að gera sér nokkra grein fyrir því, hvort ekki séu einhverjir möguleikar fyrir hendi til þess að koma í veg fyrir þá þróun, sem Sjálfstfl. væntir að muni leiða af þessari stjórnarskrárbreyt. Eru ekki þrátt fyrir þá breyt., sem nú hefur verið gerð, möguleikar fyrir dreifbýlið til að treysta sinn rétt? Er ekki þrátt fyrir þá stjórnarskrárbreytingu, sem nú hefur verið gerð, aðstaða fyrir vinstri menn í landinu til þess að auka ekki sundrunguna í sínum röðum? Og er ekki aðstaða til þess þrátt fyrir þessa breyt. að koma í veg fyrir þá stjórnarstefnu, sem Sjálfstfl. vonast til að spretti upp úr henni? Jú, vissulega eru þessir möguleikar fyrir hendi, þrátt fyrir það að réttur dreifbýlisins sé minnkaður og skertur með afnámi kjördæmanna og þeirri breyt., sem hér er verið að gera, að þá verði þó enn, þrátt fyrir það, sem gert er, miklir möguleikar fyrir dreifbýlið til þess að standa á sínum rétti, og það gerir fólkið í dreifbýlinu bezt með því að skipa sér um einn flokk, en skiptast ekki í marga flokka.

Ég held, að það mundi enginn telja það hyggilegt af verkalýðshreyfingunni, sem nú stendur í einu sambandi, Alþýðusambandi Íslands, að skipta sér upp í fjögur verkalýðssamtök, sem hvert tilheyrði einhverjum þeirra stjórnmálaflokka, sem nú eru uppi í landinu. Ég held, að verkamenn mundu komast hiklaust að þeirri niðurstöðu, að þeir mundu veikja sína aðstöðu með því að skipta sér þannig í fjögur samtök í stað þess að standa saman í einu sambandi, eins og þau gera. Og það gildir nákvæmlega sama um fólkið í dreifbýlinu í sambandi við þessi mál. Það tryggir sína aðstöðu bezt og það tryggir sinn rétt bezt með því að standa saman sem mest í einum flokki, en vera ekki að skiptast upp milli margra flokka. Og ég hef líka þá trú, að það verði afleiðingin af þessari breyt., að fólkið úti um landið skipi sér meira saman í einn flokk en það hefur áður gert. *Það var mikil nauðsyn til þess í seinustu kosningum*, að það skipaði sér saman í einn flokk og reyndi þannig að standa gegn þeirri breyt., sem gerð var. En það er enn þá meiri nauðsyn eftir það, sem nú hefur gerzt, og eftir að þessi breyt. er komin fram að reyna að tryggja sína aðstöðu og tryggja sinn rétt með því að standa saman í einum flokki, og það gildir nákvæmlega hið sama um það fólk í þéttbýlinu, sem hefur tryggð til sinna heimahaga og vill treysta jafnvægi í byggð landsins, að það sé ekki að sundra sínum kröftum, heldur skipi sér ásamt skoðanabræðrum sínum í dreifbýlinu í einn og sama flokk. Ég er líka sannfærður um, að það verður í vaxandi mæli þróunin, *sem kemur eftir þessa kjördæmabreyt.*, að dreifbýlisfólkið þjappar sér meira saman í einn flokk og tryggir áhrif sín á þann hátt, og sá flokkur, sem það hlýtur að skipa sér um í þessu sambandi, er Framsfl., vegna þess að hann er eini flokkurinn, sem fram að þessu og mun í framtíðinni vera sá flokkur, er heldur fram rétti þess og vill tryggja því jafnrétti á við aðra íbúa landsins.

Það gildir hið nákvæmlega sama um hinn annan tilgang Sjálfstfl., að láta þessa kjördæmabreyt. leiða til aukinnar sundrungar milli vinstri afla landsins, að þá er eðlilegt að álykta þannig, að auknar hlutfallskosningar verði til þess, að þessi sundrung haldi áfram og aukist jafnvel frá því, sem verið hefur. En það þarf hins vegar ekki að verða þannig. Það, sem þarf að koma, er, að frjálslynt og vinstri sinnað fólk í landinu geri sér fulla grein fyrir því, að það veikir aðeins sína aðstöðu og eflir andstæðingana með því að vera að skipa sér í marga smáflokka í stað þess að standa saman í einum sterkum og öflugum flokki íhaldsandstæðinga *og frjálslyndra manna í landinu*. Svarið við þeim fyrirætlunum íhaldsins að láta þessa kjördæmabreyt. leiða til þess að auka sundrungu í röðum frjálslyndra og vinstri manna í landinu á að vera það, að vinstri menn skipi sér traustar saman í einn flokk, og þau skilyrði eru nú fyrir hendi, og seinustu kosningar urðu til þess að gera þessi skilyrði meiri en þau áður voru.

Í þeim kosningum, sem fram fóru í seinasta mánuði, fékk Framsfl. eins mikið fylgi og hinir tveir vinstri flokkarnir samanlagt. Framsfl. er þannig orðinn langsamlega sterkasti flokkur íhaldsandstæðinga í landinu, og það er eðlileg ályktun af þessu, eðlileg afleiðing af þessu, eðlileg þróun af þessu, að vinstri menn haldi áfram að skipa sér saman undir merkjum Framsfl. og tryggi þannig, að upp rísi sterkur og öflugur flokkur íhaldsandstæðinga í landinu. Það er líka

eðlilegt af fleiri ástæðum en þessum, að Framsfl. verði sá flokkur, sem frjálslyndir vinstri menn skipi sér saman um til andstöðu gegn íhaldinu og hinni nýju auðstétt í landinu. Framsfl. er og hefur sýnt það, að hann er langsamlega traustasti andstæðingur íhaldsaflanna í landinu. Á sama tíma og Alþfl. og Alþb. hafa beðið hvern ósigurinn öðrum meiri fyrir Sjálfstfl. hérna í Reykjavík og þéttbýlli stöðunum, þá hefur niðurstaðan orðið sú, að hann hefur beðið lægri hlut fyrir Framsfl. úti í dreifbýlinu. Þetta er mönnum í þéttbýlinu sönnun þess, að Framsfl. er líklegastur til þess af íhaldsandstæðingum að taka upp einbeitta forustu gegn því fyrir hönd allra íhaldsandstæðinga í landinu.

Framsfl. sýndi það líka með þátttöku sinni og starfi í vinstri stjórninni, að honum er betur treystandi en hinum flokkunum til að halda skelegglega uppi merkjum vinstri stefnu. Framsfl. var eini flokkurinn, sem stóð óklofinn og einbeittur um vinstri stjórnina frá fyrstu tíð til seinustu stundar, í stað þess að hinir flokkarnir, sem að henni stóðu, voru meira og minna klofnir og áttu þess vegna þátt sinn í því, að vinstri stjórnin varð að fara frá völdum. Og það ýtir svo undir þá þróun, sem hefur verið að gerast í landinu undanfarin missiri og er að gerast nú á þessu þingi og lýsir sér í því, að hinir vinstri flokkarnir, Alþfl. og Alþb., eru meira og minna að ganga til algerrar sambræðslu og samvinnu við Sjálfstfl. Það er nú þannig komið með Alþfl., að það verður ekki séð, að það sé neinn málefnaágreiningur á milli hans og sjálfstæðismanna, og það verður ekki heldur annað séð en Alþb. sé á sömu leiðinni. Það sést m. a. á framkomu forustumanna þess á þessu þingi. Þetta hlýtur þess vegna að ýta undir þá þróun, að frjálslyndir menn í landinu og vinstri menn í landinu skipi sér í vaxandi mæli undir merki Framsfl. Þessi þróun kom líka mjög skýrt í ljós í seinustu kosningum í þéttbýlinu, þar sem Framsfl. jók fylgi sitt langsamlega mest allra flokka, og það byggðist fyrst og fremst á því, að frjálslynt fólk og vinstri sinnað fólk á þessum stöðum treysti Framsfl. betur til forustu á móti íhaldinu og á móti auðstéttinni heldur en hinum flokkunum. Og ég er alveg viss um það, að þessi þróun mun halda áfram í næstu kosningum.

Það þarf þess vegna ekki að rætast sá tilgangur Sjálfstfl., þarf ekki að verða að veruleika, að sú kjördæmabreyt., sem nú er verið að knýja í gegn, verði til þess að viðhalda sundrungu vinstri aflanna og jafnvel til þess að auka hana. Hún á miklu frekar að geta orðið til þess að gera vinstri mönnum það ljóst, að nú ríður á, að þeir standi saman, að þeir standi fast saman, að þeir skipi sér saman í einn flokk í staðinn fyrir að kljúfa sig í marga flokka, og eðlileg afleiðing af þessu er sú, að menn fylki sér um Framsfl. og geri hann að sterkum og öflugum andstæðingi íhaldsins og auðstéttarinnar í landinu. Og sú verður líka þróunin. Það þarf þess vegna ekki að verða niðurstaðan, að sú stjórnarstefna, sem Sjálfstfl. hefur dreymt um að mundi spretta upp úr þessari kjördæmabreyt. og hann annaðhvort geti framkvæmt einsamall eða með aðstoð einhverra fylgiflokka, eins og Alþfl., — það þarf ekki að vera, að sú stjórnarstefna nái fram að ganga. Ef vinstri menn sameinast undir merkjum Framsfl. og aðrir aðilar ganga svo til samstarfs við hann, þá eru fullir möguleikar á því, að það verði hægt að halda áfram þeirri umbótastefnu, sem hefur einkennt þjóðmál Íslendinga undanfarin 30 ár og þó kom ekki sízt í ljós í tíð vinstri stjórnarinnar á undanförnum árum. Framsfl. sýndi þá, að hann var öruggasti flokkurinn um að framfylgja þeirri umbótastefnu, sem vinstri stjórnin beitti sér fyrir, og árangurinn af störfum vinstri stjórnarinnar var vissulega með þeim hætti, að hún hvetur til þess, að menn fylki sér um þá umbótastefnu, sem hún beitti sér fyrir.

Á þeim tíma, sem vinstri stjórnin fór með völd í landinu, voru lífskjör betri hér á landi en í nokkru öðru landi í Evrópu samkv. því, sem erlendar, alþjóðlegar hagskýrslur upplýstu. Á þeim tíma, sem vinstri stjórnin fór með völd í landinu, voru meiri framfarir til sjávar og sveita en nokkru sinni hafa áður verið, og á þeim tíma, sem vinstri stjórnin fór með völd í landinu, var haldið með meiri einbeitni á sjálfstæðismálum þjóðarinnar en áður hefur verið gert, eins og sýndi sig á útfærslu fiskveiðilandhelginnar, þrátt fyrir það þó að mörg voldug ríki reyndu að beita sér gegn því, að í þá framkvæmd væri ráðizt. Það er slík stefna, sem Framsfl. beitir sér fyrir, og það er slík stefna, sem hann vill vinna að að fylgt verði í landinu á komandi árum. Og það er um þessa stefnu, sem frjálslyndir menn og vinstri sinnaðir menn í landinu munu fylkja sér og koma þannig í veg fyrir, að sú afturhaldssama auðkóngastefna nái fram að ganga, sem er draumsjón Sjálfstfl. og hann væntir að rísi upp úr þessari stjórnarskrárbreyt. Ef fólkið í dreifbýlinu og þeir, sem vilja gæta jafnvægis í byggð landsins, og ef vinstri menn og frjálslyndir menn í landinu draga réttar ályktanir af þessari stjórnarskrárbreyt. og snúast til varnar á réttan hátt, þá getur farið svo, að afleiðingar hennar verði allt aðrar en upphafsmenn hennar hefur dreymt um. Það getur farið svo, og það er líklegast, að það fari svo, að fólkið úti um land og það fólk í þéttbýlinu, sem vill treysta jafnvægi í byggð landsins, þoki sér betur saman og frjálslynt fólk og vinstra fólk í landinu þoki sér meira saman og skapi þannig traustan flokk íhaldsandstæðinga til þess að halda uppi umbótastjórn og umbótastefnu í landinu á komandi árum.

Í þeim kosningum, sem munu fara fram í kjölfar þeirrar stjórnarskrárbreyt., sem nú verður samþykkt, mun fyrst og fremst verða kosið um tvær stefnur í landinu og valið á milli tveggja flokka. Annars vegar er afturhaldsstefna auðkónganna, sem Sjálfstfl. beitir sér fyrir, hins vegar er umbótastefna frá tíð vinstri stjórnarinnar, sem Framsfl. beitir sér fyrir. Það verður valið á milli þessara tveggja stefna, og það verður valið fyrst og fremst á milli þeirra tveggja flokka, sem standa að þessum stefnum, Framsfl. og Sjálfstfl. Hinir flokkarnir tveir, sem fyrst og fremst virðast nú vilja eiga það hlut-

skipti að ganga til samstarfs við auðkóngaflokkinn í landinu og fylgja hans stefnu, þeir hljóta að hverfa sem mest í þessari kosningabaráttu, sem fyrir höndum er, og það frjálslynt og vinstri sinnað fólk, sem áður hefur fylgt þeim, hlýtur að skipa sér undir merki Framsfl. Þess vegna getur svo farið, og það er trú mín, að þegar upp verður gert eftir næstu kosningar, þá muni þeir, sem hafa staðið mest að þessari stjórnarskrárbreyt., forkólfar Sjálfstfl., ekki fagna slíkum sigri og ekki sjá þær óskir rætast, sem þeir gerðu sér vonir um, þegar þeir tókust á hendur að beita sér fyrir því, að hún gengi fram. Og það getur ekki aðeins farið svo, það eru allar líkur til þess, að það fari svo, að það, sem þessir menn uppskera að lokum, verði ekki sigur, heldur vonbrigði. Það var illa til þessa máls stofnað. En það eru mörg mál þannig, að þó að ekki sé vel til þeirra stofnað í upphafi, þá getur gæfa viðkomandi þjóðar orðið það mikil, að það snúist til góðs. Og það getur farið svo, og það eru allar líkur til þess, að þær aðfarir, sem hér hafa verið viðhafðar, og sú breyt., sem hér á að gera á stjórnarskrá ríkisins til að tryggja aðstöðu auðstéttanna í landinu, verði til þess, að fólkið vakni meira en það annars hefði gert og það vakni á þann hátt, að upp úr þessu komi sterkari samtök fólksins í dreifbýlinu, sterkari samtök vinstra fólksins í landinu og niðurstaðan verði áframhaldandi umbótastjórn, eins og verið hefur í landinu á undanförnum árum, en ekki hefjist hér til valda sú afturhaldsstefna, sem Sjálfstfl. vonaðist eftir að mundi verða uppskeran, þegar hann gekkst fyrir því, að þetta mál næði fram að ganga.

Ágúst Þorvaldsson: Herra forseti. Þegar hugsað er til stjórnarskrárbreyt. þeirrar, sem nú er verið að knýja fram, og um þann málatilbúnað allan, sem þeir flokkar hafa haft um það mál, sem samtökum bundust um að knýja það fram, þá hrýs manni hugur við þeim blekkingum, sem þar hafa verið notaðar. Þessir flokkar hafa t. d. haldið því fram, að hér muni verða miklu traustara stjórnarfar á eftir, þegar þessi bylting þeirra er fullkomnuð, þá verði sjaldnar stjórnarkreppur, þá verði sterkari stjórnir, þá verði engin hrossakaup um neitt, þá verði hreinar línur í stjórnmálum. Þeir hafa sagt þjóðinni, sem orðin er þreytt á þessum flokkum og öllu þeirra athæfi, að nú skuli koma gott tímabil. Þegar búið er að hræra hinum fornu kjördæmum saman í stórar samsteypur með hlutfallskosningum, þá segja þeir, að tími dýrðarinnar renni upp í íslenzku þjóðlífi. Þetta segja fulltrúar þessara flokka, þótt þeir viti, að hlutfallskosningakerfið sé stórgallað og hafi yfirleitt reynzt illa, en dæmin hins vegar deginum ljósari um hitt, að þær þjóðir, sem aldrei hafa haft slíkt fyrirkomulag, hafi verið og eru enn í dag traustustu lýðræðis- og þingræðisþjóðir heimsins. Norðurlandaþjóðirnar eru þær þjóðir, sem skást hafa þolað þetta kosningakerfi, sem kalla mætti kosningakerfi sundrungarinnar, því að það leiðir alls staðar til sundrungar, flokkafjölgunar og óheilinda í stjórnmálum. En þegar maður lítur til Norðurlandaþjóðanna, sem þriflokkarnir hér vitna svo oft til, þá er nú ástandið þannig, að aðeins ein þeirra býr við flokkslega meirihlutastjórn, og er þó sá meiri hluti mjög naumur. Hinar allar hafa bræðingsstjórnir og stundum minnihlutastjórnir, og hafa sumar þeirra verið skapaðar upp úr undangengnum pólitískum þrengingum, og oft hangir stjórnarsamstarf hjá þessum þjóðum á veikum þræði. Það má t. d. nefna Finna. Allar hafa þessar þjóðir fjölda af flokkum, sem hafa flestir fæðzt vegna þeirra möguleika, sem hlutfallskosningakerfið veitir til stofnunar flokka, og síðan nærast þeir á göllum þess. Norðurlandaþjóðirnar hafa frá fimm og upp í níu þingflokka hver. Svona er nú ljóminn, sem af þessu hlutfallskosningakerfi og stóru kjördæmum skín á Norðurlöndum, en til þeirra vitna kjördæmabyltingarmenn ákaft hér. Hvernig hefur svo hlutfallskosningakerfið reynzt sunnar í Evrópu, hjá hinum stóru þjóðum, sem þar búa, eins og t. d. Frökkum og Þjóðverjum? Það þarf ekki að rekja þá sögu, hún er svo kunn, svo sorglega kunn.

Við vitum, að tvisvar á s. l. 50 árum hefur í miðri og sunnanverðri Evrópu kviknað ófriðarbál, sem steypti öllum heiminum í hinar ægilegustu styrjaldir, sem veraldarsagan kann að greina frá. Þjóðirnar, sem á morgni þessarar aldar áttu hugsjónir um lýðfrelsi og lýðræðisskipulag, þannig að allir þegnarnir hefðu sem jöfnust áhrif á þjóðmálin og stjórn ríkjanna, hafa nú lifað sorglega reynslu. Hlutfallskosningakerfi þeirra framkallaði sundurlyndi og slíkan flokkafjölda, að stjórnarfarið veiktist og fólkið gafst upp vegna pólitískrar þreytu og lýðskrumarar, sem áttu að takmarki að verða einræðisherrar, settust í valdastólana og framkvæmdu þar vilja sinn, eins og t. d. Hitler og Mussolini. Hlutfallskosningakerfi lýðræðisþjóða lyfti þessum mönnum í valdastólana. Þannig gekk lýðræðið í þessum löndum vegna gallaðs kosningakerfis af sjálfu sér dauðu.

Þá má minna á Frakkland, sjálft höfuðból stjórnfrelsishugsjóna og lýðfrelsis. Það er nú svo kunn saga og svo nálæg í tímanum, hvernig þjóðin gafst blátt áfram upp á því kosningakerfi, er hún eitt sinn tók upp og taldi þá frjálslegast og réttlátast, að óþarft er um það að tala, allir vita og muna, hvernig þar fór. Og menn bíða milli vonar og ótta um það, hvort sú fræga menningarþjóð verður einræðisöflum að bráð eða hvort þar tekst að byggja upp nýtt þingræði á heilbrigðum lýðræðisgrundvelli og almennum kosningarrétti, sem þjóðin getur treyst.

Það er oft talað um, hversu nauðsynlegt það sé að vernda og efla mannréttindi, þ. e. a. s. rétt hvers einstaklings til þess að lifa og njóta menntunar, atvinnu og íhlutunar um stjórn þess þjóðfélags, þar sem hann er, og hverra annarra gæða, sem lífið getur veitt, innan þeirra takmarka, sem nauðsynleg kunna að vera. Að menn eigi almennan aðgang að menntun, kemur því aðeins einstaklingunum og þjóðfélaginu að fullu gagni, að hún veiti trausta þekkingu. Það er ekki heldur nóg að hafa atvinnu, ef atvinnan getur ekki fullnægt eðlilegum þörfum einstakl-

inga og þjóða. Það er ekki heldur nóg að veita hverjum manni rétt að kjósa til þings, þannig að öll atkv. séu jafnþung, hvar sem þau eru greidd. Hitt er meira um vert, að undirstaðan að sjálfum réttindunum sé svo grundvölluð, að henni verði ekki hrundið með hringlandahætti og valdabaráttu. Það er eðlilegt í hverju þjóðfélagi, að menn og flokka greini á um takmörk og leiðir. En grundvöllurinn þarf að vera svo traustur, að „hvernig sem stríðið þá og þá er blandið," þá bifist ekki það, sem á er staðið.

Einmenningskjördæmi til þingkosninga eru áreiðanlega traustasti kosningagrundvöllur. Með þeim hætti hafa íbúar kjördæmisins möguleika til að ráða einhverju um það, hverjir verði í framboði, og þegar til sjálfrar kosningarinnar kemur, þá geta þeir valið eftir persónulegu mati sínu á mönnum. En hlutfallskosningar gefa kjósandanum ekki tækifæri til að velja um annað en flokka, og mennirnir, sem flokkarnir munu fyrst og fremst senda fram, verða vitanlega þeir, sem hver flokksstjórn telur sér best að skapi, og er engin trygging fyrir því, að slíkir fulltrúar verði búnir þeim kostum, sem fólk úti á landi teldi æskilegasta vegna þess umboðs, er maðurinn ætti að rækja. Við Íslendingar höfum átt tiltölulega marga þingskörunga og duglega stjórnmálamenn. Ýmsir þeirra hafa verið úr fjarlægum kjördæmum og fámennum. Þar fann fólkið sjálft þessa menn og kaus þá til umboðs fyrir héruð sín á Alþingi. Mjög miklar líkur eru fyrir því, að ef hlutfallskosningar hefðu verið viðhafðar hér, þá hefðu sumir þessir gömlu garpar aldrei komið fram á sjónarsviðið sem stjórnmálamenn, og þá væri saga Íslands önnur en hún er og ærið fátæklegri.

Þegar þeir flokkar, sem að kjördæmabreytingunni standa, voru fyrir síðustu kosningar að túlka tilgang kosninganna og stjórnlagabreytingarinnar, þá sögðu þeir, að kosningarnar færu fram aðeins formsins vegna, stjórnlagabreytingin væri í rauninni afgert mál, sem hvorki þyrfti né ætti að ræða, það ætti heldur að tala um allt annað. Fjöldi manna, sem algerlega var á móti kjördæmabyltingunni, trúði þessu og kaus sinn gamla flokk þrátt fyrir hans syndugu breytni í þessu máli. Ég veit um marga sjálfstæðismenn, sem þetta gerðu með það einnig í huga, að þeim var sagt á framboðsfundum og víðar, að mikil hætta væri á því, að Framsfl. og kommúnistar næðu meiri hluta, og ef svo færi, þá væru þessir flokkar búnir að semja um að mynda stjórn saman og vera við völd næstu fjögur ár. En það er kunnugt, að fjöldi sjálfstæðismanna úti á landi er mjög andvígur allri ráðsmennsku kommúnista á þjóðarbúinu, en það er gagnstætt því, sem er um sjálfstæðismenn hér í Reykjavík og nágrenni, þar sem þeir eru oft og ekki sízt nú þessa mánuðina eins og góðir bræður. Þessi tilbúningur og blekkingar, sem ég hef hér drepið á að flokksvald Sjálfstfl. lét frambjóðendur flokksins og talsmenn viðhafa, varð áreiðanlega til þess, að margt fólk, sem var og er á móti kjördæmamálinu, kaus með flokknum af hræðslu við, að annars kysi það kommúnista yfir sig. Mér hefur fundizt á því, sem nokkrir sjálfstæðismenn hafa núna sagt við mig, síðan forseta- og nefndarkosningar fóru fram hér á hv. Alþingi, að þeir telji flokkinn sinn illa hafa gabbað sig, og þeir sjá nú eftir að hafa ekki látið afstöðu sína til kjördæmamálsins ráða því, hvernig þeir greiddu atkvæði.

Það er engu líkara en þessum þríflokkum, sem standa að kjördæmamálinu og kjördæmabreytingunni, sé nautn í því að þvinga kjördæmamálinu og kjördæmabreytingunni upp á þjóðina. Það kom berlega í ljós hér í þessari hv. d. í gær, þegar þeir felldu dagskrártill. minni hl. stjórnarskrárnefndar um frestun þessa aukaþings og almenna atkvæðagreiðslu um kjördæmamálið meðal kjósendanna í kjördæmunum. Ótti þeirra við þjóðina í þessu máli er augljós. Hann lýsti sér í þeim blekkingum, sem ég áðan vék lítils háttar að, að þeir viðhöfðu í kosningunum, en hann kom þó enn berlegar fram hér í gær, þegar felld var till. um að láta þjóðina fá málið eitt og laust við önnur mál til umsagnar með já eða nei. Þá fór lýðræðisástin í felur eða hún gufaði hreinlega upp, en vilji flokksvaldsins í Reykjavík réð. Það var fyrsta bendingin um það, sem í vændum er.

Umr. frestað.

Á 9. fundi í Nd., 4. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv.

Björn Pálsson: Herra forseti. Þingræðið er tiltölulega ungt, eins og við þekkjum það hér í Norðurálfu, og það hefur reynzt misjafnlega. Það er með þjóðirnar eins og einstaklingana, að þeim gengur misjafnlega að leysa verkefnin. Við getum tekið tvo bændur. Öðrum búnast vel, hinum illa. Við getum tekið formenn á skipi. Annar getur veitt, hinn ekki. Við getum tekið iðnaðarmennina. Öðrum tekst að framleiða útgengilega vöru, hinum ekki. Ég held, að í þeim tilfellum sé ráð fyrir þann, sem verr gengur, að athuga, í hverju það liggur, að grannanum gengur betur. Ef við lítum yfir þingræðislöndin, þá hefur þetta gengið misjafnlega, eins og ég tók fram áðan. Sums staðar hefur þingræðið liðið undir lok varanlega, í öðrum löndum yfir skemmri tíma. En önnur lönd hafa staðið af sér allar öldur, og þingræðið hefur reynzt varanlegt og traust.

Þingræðið í þeirri mynd, sem við þekkjum það nú, er einna elzt í Bretlandi og hefur reynzt þar vel. Það, sem einkum veldur því, að þingræðið hefur verið svo traust í þessu landi, er, að þar hafa alltaf verið fáir flokkar, þar hafa verið einmenningskjördæmi, en einmenningskjördæmi valda því, að flokkar verða fáir og meiri festa á stjórnarháttum.

Við getum tekið Bandaríkin. Þar hefur lýðræðið reynzt varanlegt. Þeir hafa líka einmenningskjördæmi. Við getum hugsað okkur jafnstóra þjóð og Bandaríkin eru, ef þar væru 10—20 flokkar. Við getum ímyndað okkur framkvæmdirnar, ef þar væri stillt upp 20 forsetaefnum og forsetinn kæmist að með miklum minni hl. atkv.

Við getum tekið Þýzkaland eftir fyrri heimsstyrjöldina eða á tíma Weimar-lýðveldisins. Þar voru flokkarnir 25. Þar var hver höndin upp á móti annarri. Þar tóku öflin lengst til vinstri

og lengst til hægri saman höndum í því að vinna á móti miðflokkunum. Þetta tókst. Kommúnistarnir héldu, að þá mundu þeir komast til valda. Nazistarnir héldu, að ef þeir gætu drepið miðflokkana, þá mundu þeir komast til valda. Nazistarnir komust til valda, og þá var ekki griða von. Þeir léku kommúnistana verst. Þetta hefur haft meiri áhrif en flest annað í heiminum. Það kom af stað síðari heimsstyrjöldinni.

Síðari heimsstyrjöldin hefur orðið þess valdandi, að rússneski kommúnisminn hefur þanizt út í heiminum, að Rússar ráða nú yfir hálfri Evrópu eða meira, að Bandaríkjamenn og Rússar standa vígbúnir hvor gegn öðrum, að vígbúnaðartæknin er orðin það mikil, að heimurinn er í hættu, ef í styrjöld fer. Það eru ekki lýðræðisöfl, sem ráða austurhluta Evrópu, það er einræði, og við vitum, hvernig einræðið hefur reynzt. Það er þannig með einræðisherrana, að þeir ofmetnast, þeir kunna sér ekki hóf, og ef svo færi, að t. d. annað aðilinn hættir að hugsa rökrétt, hann ofmetnast, væri meiri hætta á ferðum en hægt er að lýsa með orðum.

Við skulum taka Frakka. Þar er allt í upplausn vegna þess, hve flokkarnir voru margir og ógerlegt að stjórna landinu. Við vitum að ef formaðurinn á skipinu er ráðlítill og kann ekki að segja hásetunum fyrir verkum, þá hætta þeir að hlýða. Þannig var með nýlendurnar hjá Frökkum. Þeir fundu óstjórnina í heimalandinu og fóru að gera uppreisnir. Annars er ég ekki að mæla nýlendunum bót.

Við skulum taka Spán. Þar voru flokkar margir og stjórnleysið svo mikið, að það leiddi til uppreisnar. Frakkar gátu bjargað sér í bili, af því að þeir höfðu mann, sem tók í raun og veru alræðisvald í landinu, og hann hefur komið festu á stjórnarfarið. Annars er ekki að vita, hvar þetta hefði lent fyrir þeim.

Ég hef bent á þetta til þess að sýna fram á, að hvert þjóðfélag þarf að hafa húsbónda á heimilinu, húsbónda, sem er fær um að segja fyrir verkum. Hjúin þurfa að hafa sinn rétt, en mega ekki bera húsbóndavaldið þannig ofurliði, að það geti ekki notið sín.

Viðvíkjandi þessari kjördæmaskipun, sem á að fara að koma á hjá okkur, hefur verið vitnað til Norðurlandanna. Það er satt, að hlutfallskosningar eru í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Það er líka rétt, að þetta hefur gengið þolanlega, þ. e. a. s. í þremur af þessum löndum. En í Finnlandi eru átta stjórnmálaflokkar, og þeir eru að verða í vandræðum. Kommúnisminn er þar að grafa rætur undan þjóðskipulaginu, og sennilega er það eina, sem getur bjargað Finnum frá því að verða kommúnismanum að bráð, að koma á hjá sér einmenningskjördæmaskipulagi. Í Svíþjóð er blandað kerfi. Norðmenn hafa hlutfallskosningar og engin uppbótarsæti. Landinu er skipt í 20 kjördæmi. Jafnaðarmenn hér hafa haldið því fram, að það eigi eingöngu að fara eftir atkvæðatölunni. Flokksbræður þeirra hafa ráðið í Noregi nú í lengri tíma, þeir hafa 77 þm. af 150, en þeir koma þessum 77 mönnum að með 46.6% atkv. Kommúnistar eiga ekki nema 3 menn á þingi en þeir ættu, ef farið væri algerlega eftir höfðatölu, að hafa 6—7. Aðaláróður jafnaðarmanna hefur verið þannig, að þeir segja: Höfðatalan ein á að ráða. — En í Noregi er það þannig, að Óslóborg, sem hefur 450 þús. íbúa, hefur 13 þm., en 3 nyrztu kjördæmin í Norður-Noregi hafa 22 þm., og þar eru 400 þús. íbúar. Hver einstaklingur í Norður-Noregi hefur tvöfaldan rétt á við höfuðborgina. Það eru jafnaðarmenn í Noregi, sem sætta sig við þetta.

Við getum líkt þjóðfélaginu við stóran búgarð. Það er stórt tún á þessum búgarði. Við vitum, að það þarf meiri tíma og betri tæki til þess að flytja áburðinn út á jaðra túnsins heldur en í kringum fjárhúsin. Og það þarf meiri tíma og meiri tækni til að flytja heyið í hlöðu, ef langt er að fara, heldur en heyið, sem er í kringum fjárhúsin. Þetta vita jafnaðarmennirnir í Noregi. Það er allt önnur aðstaða fyrir fólkið, sem býr úti í hinum dreifðu byggðum, en fólkið, sem býr í höfuðborginni.

Við getum líkt þjóðfélaginu við plöntu og höfuðborginni við blómið, en landsbyggðin verður alltaf sú mold, sem ræturnar fá næringu úr. Ef við hugsum ekki um að bera á jörðina, spretta ekki jurtirnar.

Á flokksþingi framsóknarmanna, sem haldið var s. l. vetur, lagði flokkurinn til, að gömlu kjördæmin fengju að halda sér, og lét í það skína, að hann væri fylgjandi einmenningskjördæmum. Flokksþingið gerði ekki ákveðnar till., vegna þess að það var litið svo á, að ekki væri hægt að segja þingflokknum algerlega fyrir verkum í þessu efni. Hann hafði því að nokkru leyti óbundnar hendur. Flokksþingið gerði ekki beinar till. viðvíkjandi Reykjavík. Það skal tekið fram, að skoðanir mínar hafa mótazt sem kjósanda úti á landi, en ekki sem starfandi þm. hér. Fyrir mér vakti það að minnsta kosti, að það væri ekki eðlilegt, að við gerðum till. um að breyta höfuðborginni í einmenningskjördæmi, fulltrúar Reykvíkinga yrðu að eiga frumkvæðið að því. En vitanlega var framsóknarþingið fylgjandi einmenningskjördæmum. Þetta skildi hv. 3. þm. Reykv. réttilega, því að Þjóðviljinn rak upp óp mikið, um leið og hann las þessa ályktun, og sannleikurinn er sá, að hans afstaða hefur alltaf verið skiljanleg. Kommúnistar vilja fara aðrar leiðir en við til að leysa vandamálin. Þeir vilja ekki treysta það þjóðskipulag, sem við búum við, heldur vilja þeir breyta því. Við verðum þess vegna alltaf að hafa það hugfast, að við getum ekki átt samleið með þeim í uppbyggingu þjóðfélagsins.

Afstaða framsóknarmanna til kjördæmamálsins er því sú, að við lítum svo á, að við fáum ekki traust þingskipulag nema með einmenningskjördæmum. Við álítum, að það veiki aðstöðu þingræðisins að hafa stór kjördæmi og hlutfallskosningar, það skapi grundvöll fyrir marga flokka, en margir flokkar geti í vissum tilfellum gert þingræðið algerlega óstarfhæft. Afstaða kommúnista er skiljanleg. Þeir vilja veikja það skipulag, sem við búum við, og þeir vilja upplausn. Þess vegna er það ósköp eðlilegt, að þeir hati einmenningskjördæmi. — Kommúnisminn getur ekki þrifizt, þar sem eru

einmenningskjördæmi. Það þarf að losa um jarðveginn til þess að geta sáð fræinu. Þar sem einmenningskjördæmi eru, þrífst ekki kommúnisminn, þeir verða utanveltu, þeir verða eins og krunkandi hrafnar, sem ekki ná í æti. En lýðræðisföndin geta notað kommúnismann til eins, þau geta haft hann fyrir áttavita. Það er eitt, sem lýðræðisflokkarnir verða að athuga, þeir mega aldrei stefna eins og kommúnisminn vísar veginn. Þeir verða að fara í öfuga átt. Ég hélt, að hv. 1. þm. Reykv. vissi þetta, sökum þess að hann er gáfaður maður, en viðvíkjandi þessu máli fer hann í sömu átt og hv. 3. þm. Reykv. bendir honum. Hann virðist í þessu tilfelli ekki þekkja á áttavita kommúnismans. Ég skal taka það fram, að í Alþb. er fjöldi af mönnum, sem ekki eru kommúnistar, og þeir vilja af heilum hug efla það þjóðskipulag, sem við búum við, og vinna að velferð okkar þjóðar á þeim grundvelli, sem við byggjum nú á.

Jafnaðarmenn eru alltaf að finna upp á því að breyta kjördæmaskipuninni. Henni hefur tvisvar verið breytt hér á landi, 1934 og 1942. 1934 komu uppbótarþingsætin. Þau hafa e. t. v. skapað meiri upplausn í okkar þingræði en nokkuð annað, sem gert hefur verið. Það hefði verið miklu viturlegra og betra að afhenda þéttbýlinu þessa fulltrúa sem kjördæmakosna heldur en dreifa þeim sem uppbótarþingmönnum. Við hefðum fengið meiri festu í okkar þingræði með því móti. 1942 var aftur breyting á kjördæmaskipuninni, en hafði miklu minni áhrif. Jafnaðarmenn hafa alltaf beitt sér fyrir breyttri kjördæmaskipun, og þeir gera það enn. Þeir halda, að það sé þessi rangláta kjördæmaskipun, sem þeir kalla, sem veldur því, að þeim hefur ekki búnazt betur en raun ber vitni. Ef menn búa á lítilli jörð og búskapurinn ber sig illa, þá halda þeir, að það sé jörðinni að kenna. Sumir geta alls staðar búið, hvort sem þeir búa á lítilli eða stórri jörð. Menn þurfa því að athuga, hvort það er ekki eitthvað að þeirra eigin búskaparháttum, ef þeim búnast illa. Ég held, að það sé þannig fyrir jafnaðarmönnum. Það hefur verið sýnt fram á, að þó að kjördæmabreyting sú, sem nú stendur til, væri komin fram, þá fengju þeir aðeins einum þm. meira, þeir fengju 7, og 7 þm. af 60 er ekkert meira en 6 af 52. Þeir vinna því ekkert við þessa kjördæmabreytingu. Nei, þeir þurfa að athuga sína búskaparhætti betur. Sannleikurinn er sá, að þeir hafa ekki verið hjúasælir í sínum búskap. Stundum hafa þeir rekið húskarlana í burtu, en stundum hafa þeir gengið úr vistinni. Þetta voru vanalega húskarlar, sem dugur var í. Ég held, að þeir hafi rekið Héðin sáluga Valdimarsson úr vistinni. Hann var fyrirferðarmikill. Ég er ekki alveg viss um það, hvort Hannibal gekk heldur úr vistinni eða þeir ráku hann. Þetta hefur gengið svona. Svo er það, þegar einn húskarlinn fer, að þá fara fleiri. Jafnaðarmenn hafa átt misgóða granna. Kommúnistar hafa verið á öðru leitinu. Þeir hafa alltaf verið að bjóða húskörlum jafnaðarmanna hærra kaup og meiri fríðindi. Kommúnistar eru greindir og vita, hvað þeir vilja. Þeir verða ekki áttavilltir. Þetta hefur veikt Alþýðuflokkinn. Svo er hættulegur leikur, sem þeir eru farnir að leika, og það er að lána nágrönnunum húskarlana. Það er þannig, þegar smábóndi lánar stórbónda vinnumann, þó að sé ekki nema stuttan tíma, ef honum líkar vel vistin, þá er ekki víst, að hann komi úr henni aftur.

Jafnaðarmenn voru í samstarfi við okkur framsóknarmenn 1956, og það fór vel á með okkur. Ég var einn af þeim, sem var sagt að kjósa jafnaðarmann og gerði það, eins og eðlilegt var. Þeir hjálpuðu frambjóðanda Framsfl. í Barðastrandarsýslu og í Vestur-Ísafjarðarsýslu. En það má segja um jafnaðarmenn eins og guð almáttugan, að drottinn gaf og drottinn tók. Þeir vildu fara að verða góðir við sjálfstæðismenn við þessar kosningar, og þá lánuðu þeir frambjóðendum Sjálfstfl. svona nokkurn veginn það, sem þeir þurftu, a. m. k. í Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu, þannig að þeir gáfu þeim frí, sem þeir höfðu hjálpað inn í þingið 1956. Það geta allir verið sáttir við jafnaðarmenn út af þessum viðskiptum, og satt að segja er ekki hægt að segja annað en þetta séu góðir menn, sem öllum vilji gera til geðs og öllum vilji hjálpa. Mín reynsla er, — ég hef verið bóndi lengst af ævinni, — að yfirleitt séu það fátækari bændurnir, sem eru bezt liðnir. Þeir eru hjálpsamari við nágrannana. Aftur vilja stærri bændurnir síður gera grannanum greiða.

Afstöðu sjálfstæðismanna er í sjálfu sér erfiðast að skilja. Við álitum norður í Húnavatnssýslu 1. þm. Reykv. vera með gáfuðustu mönnum þjóðarinnar og skörung mikinn og væntum þess vegna mikils af honum. Hann lagði til hér á árunum, að við hefðum einmenningskjördæmi á öllu landinu. Ég hef satt að segja alltaf ásakað Framsfl. fyrir að hafa ekki boðið 1. þm. Reykv. upp á heiðarlegt samstarf í þessu. En þetta var því miður ekki gert. Hitt skal ég svo ekki fullyrða, hve mikill hluti Sjálfstfl. fylgdi þessari stefnu og hvort hún hefði verið framkvæmanleg, þó að Framsókn hefði snúizt af heilum hug í lið með 1. þm. Reykv. að leysa kjördæmamálið á þessum grundvelli. Við vitum allir, að það þarf að gera breyt. á kjördæmaskipuninni, við erum ekki að deila um það, heldur erum við að deila um, hvernig á að framkvæma þá breytingu. 1. þm. Reykv. hefur nú gengið inn á þá lausn á kjördæmamálinu, sem hlýtur að vera í andstöðu við hans skoðanir, því að ég geri ekki ráð fyrir, að hann hafi breytt um skoðun, þannig að hann fari nú eftir línu hv. 3. þm. Reykv. og kommúnista. Það er enginn maður jafnglaður yfir þessari lausn á kjördæmamálinu og hv. 3. þm. Reykv., og það er einfaldlega af því, að hann skilur, að það er ekki hægt að gera kommúnismanum meiri greiða hér á landi en með þessari kjördæmabreyt. En hann vill vitanlega fara í aðra átt en við.

Ég á erfiðast með að skilja afstöðu sjálfstæðismanna í þessu máli. Vera má, að þar gæti hefnigirni. Það var nú þannig, að þeir unnu lengi og vel saman, hv. 1. þm. S-M., Eysteinn Jónsson, og hv. 1. þm. Reykv. Okkur framsóknarmönnum fannst þeim koma nægilega vel

saman. Það reyndist nú ekki vera hætta á ferðinni þar, en svo slitnaði upp úr þessu 1956. Ég hef aldrei kennt sjálfstæðismönnum um þessi stjórnarslit. Mér hefur aldrei dottið það í hug. Þetta gekk allt vel 1953—55 og hefur ef til vill aldrei gengið betur í okkar þjóðfélagi. Þjóðartekjurnar uxu, fólkið var að fá traust á peningunum, þetta gekk prýðilega, og ég hef aldrei séð nokkra ástæðu til að vanþakka sjálfstæðismönnum samstarfið við framsóknarmenn þá. Hitt er annað mál, að það er oft svo, þegar stjórnarslit verða, að þá kennir hver öðrum um, og annað það, að við megum ekki taka þessi blaðaskrif of alvarlega, því að blöðin eru skrifuð fyrir flokkana, og það þarf eitthvað að skrifa í þessi blöð. Sjálfstæðismenn segja: Það er allt gott, sem gert hefur verið, sjálfstæðismönnum að þakka. — Framsóknarmenn segja það sama. Þetta tek ég ekki alvarlega. Ég hygg því, að hv. 1. þm. Reykv. hafi tekið þetta of alvarlega. Það, sem gerir, að slitnar upp úr stjórnarsamstarfinu, er, að það er gert verkfall 1955. Þá hefði ég álitið réttast fyrir framsóknarmenn og sjálfstæðismenn að segja við jafnaðarmenn og kommúnista: Jæja, góðir menn, þið eruð búnir að setja þessa hluti úr skorðum, sem við höfum verið að reyna að hafa í lagi, og nú skuluð þið taka við. — Jafnaðarmenn og kommúnistar búa ekki til peninga, það er ekki hægt fyrir neinn mann, og sannleikurinn er sá, að kjör verkamanna eru ekkert betri nú en áður en þeir gerðu verkfallið 1955. Það má deila um, hvort það var rétt af framsóknarmönnum og sjálfstæðismönnum að láta undan í verkfallinu. Ég skal ekki leggja dóm á það. En það var gert, og þar með var stjórnin dauðadæmd. Það var í raun og veru vitleysa af henni að segja ekki strax af sér.

Það var ekki nema mannlegt og eðlilegt, að framsóknarmenn vildu heldur mynda stjórn með, — ja, ég veit ekki, hvort á að segja vinstri eða hægri, — en með jafnaðarmönnum og kommúnistum heldur en láta sjálfstæðismenn gera það. Eins var með sjálfstæðismenn. Þeir hefðu heldur viljað gera það. Einar Olgeirsson, hv. 3. þm. Reykv., lýsti því yfir hér um daginn, að það væri vinstri stjórn, ef kommúnistar væru í henni, það skipti engu máli, hvort það væru framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn. En það er nú þannig með kommúnistana, þeir eru hvorki vinstri né hægri menn, þeir eru bara kommúnistar. Við getum lesið bókina eftir Djilas, þar sem hann talar um hina nýju stétt. Það er bara nýr kapítalismi, sem þeir búa til. Kapítalistar í lýðræðislöndunum eru menn, sem hafa margir hverjir unnið sig upp af dugnaði og manndómi, sumir með klækjum og svikum, eins og gengur. En í kommúnistalöndunum kemst sá lengst, sem er slægastur og ósvífnastur. Vitanlega var Stalin einræðisherra í Rússlandi af því að hann var slægastur. — Kommúnistum um allan heim var skipað að tilbiðja hann eins og guð. Þar áttu fátækir sinn föður. Öllum var hann vondur, enda er hann líklega mesti slátrari í veraldarsögunni, en verstur var hann þó sínum gömlu baráttufélögum, því að hann sendi þá hreinlega til himnaríkis. Og það er sannleikur, hann átti ekki um gott að gera, því að byltingarmaður er byltingarmaður, og þeir eru óstýrilátir. Það er ekki gaman að ráða við menn, sem alltaf eru að ala á því að eigi að gera byltingu og aftur byltingu. Þegar á að fara að stjórna þeim, þá eru þeir óþægir. En Stalin kunni ráð við því, hann tók þá úr umferð. Þetta var einfalt. Kommúnistar hirða ekkert um, hvað er rétt eða rangt, heldur hugsa þeir um, hvað er gagnlegt og hvað er ekki gagnlegt fyrir þeirra stefnu. Þetta verðum við alltaf að hafa hugfast.

Ég ætla þá að koma örlítið að meðferð þessa máls. Árið 1942 — menn voru að berjast fyrir kjördæmabreytingunni þá — lýsti Ólafur Thors því yfir, að Sjálfstfl. gengi aldrei að þeirri lausn á kjördæmamálinu að hafa fáein stór kjördæmi. Sama gerði Jón á Reynistað á fundi norður í Skagafirði, og Pétur Ottesen gerði það einnig. Menn skipta um skoðun. Það er eins með mennina og vindáttirnar, þær geta breytzt skyndilega.

Ég get ekki dæmt um, hvaða málamiðlunarvegur hefur verið farinn í þessu máli, en lausnin varð þessi, sem nú liggur fyrir, að það á að leggja niður 27 kjördæmi og taka upp 7 í þeirra stað. Formaður Sjálfstfl. talaði fyrir þessu máli og honum fórust orð á þá leið, að tryggingin fyrir því, að þetta mál næði fram að ganga, væri flutningsmennirnir, það væri ákveðið mál. Hann sagðist vilja láta rödd sveitanna heyrast, og svo voru þrír þingbændur Sjálfstfl. sendir upp í ræðustólinn til þess að túlka þetta mál. Einn þeirra, þm. A-Húnv., sagði, að þetta væri afgert mál, það yrði ekki kosið um þetta mál núna á þessu vori vegna þess að það væri útkljáð mál, þetta yrði gert. Í raun og veru var þetta því afgert mál, eftir því sem þessir menn sögðu, áður en gengið var til kosninganna. Og þm. A-Húnv. lagði sérstaka áherzlu á það á fundum, að þetta væri afgert mál og um þetta væri alls ekki kosið. Hins vegar benti hann á það, að ef Framsfl. kæmist í hreinan meiri hluta, mundi hann mynda stjórn. Þess vegna mættu menn ekki kjósa eftir þessu máli, heldur yrðu þeir að kjósa eftir pólitískum línum. Ég veit ekki, hvernig þetta hefur verið túlkað í öðrum héruðum, en þannig var þetta túlkað hjá okkur. Og það var fjöldi af sjálfstæðisbændum, sem sögðu við mig: Ég er á móti þessu máli, en ég kýs samt Jón Pálmason. — Í 11 kjördæmum úti um land er hreinn meiri hluti á móti þessu máli. Í 9 kjördæmum get ég búizt við að það sé meiri hluti á móti þessu, þó að Framsfl. hafi þar ekki hreinan meiri hluta. Það eru margir óánægðir með þessa lausn á málinu í hinum flokkunum, svo að ég hygg, að það sé ekki ofmælt, að það séu 20 kjördæmi, þar sem meiri hluti er á móti þessu máli. Um kaupstaðakjördæmin skal ég ekki fullyrða. Þar virðast pólitísku línurnar algerlega hafa ráðið, en ekki afstaðan til kjördæmamálsins. Það er dálítið stór hlutur fyrir flokk eins og Sjálfstfl., sem hefur haft jafnmikið fylgi og að sumu leyti óskiljanlega mikið, að gera svona hlut á móti vilja fólksins í dreifbýlinu og án þess að spyrja það um það, því að það var grandvart, að nokkur einasta rödd hefði heyrzt úr þessum

kjördæmum um það, að þeir óskuðu eftir þessari breytingu. Þetta var algerlega gert hér með samningum á milli flokka. Það er vafasamt, hvort hér er rétt að farið. Ég hygg, að kosningarnar síðustu gefi engan veginn rétta mynd af því, hvað þessi dreifðu kjördæmi úti um landið vilja í þessu efni. Það hefur verið samið um þetta á milli flokkanna án þess að leita til fólksins. Það hefur verið slegið á þá strengi í „agitasjóninni", að þetta væri afgert mál, nú ætti bara að kjósa um flokka og málefni, en ekki um þetta mál. A. m. k. mun það víða hafa verið gert. Það er komið, sem komið er. Ég býst við, að þetta mál verði leyst á þessum grundvelli. Vera má, að það sé að einhverju leyti klaufaskapur Framsfl. að hafa ekki getað leyst það á annan hátt, en um það þýðir ekki að sakast héðan af.

Ef við hefðum breytt Reykjavík í einmenningskjördæmi, þá má vel vera, að Sjálfstfl. hefði fengið alla þm. fyrst, en það hefði vitanlega breytzt, því að það er yfirleitt reglan, að minni flokkarnir fara, þegar frá líður, að sameina sig á móti þeim sterkasta. Það er engin hætta á, að það hefði orðið lengi. En ef við breyttum landinu í einmenningskjördæmi, þá ættum við víst að fá sterka stjórn og sterkt þingræði, og kommúnisminn mundi deyja út að mestu leyti. Aðstaða jafnaðarmanna mundi breytast þannig, að Framsfl. mundi annaðhvort styðja þá í kaupstöðunum eða flokkarnir mundu renna saman. Og ég vildi benda jafnaðarmönnum á það, að það er að sumu leyti betra að vera ráðsmaður á höfuðbóli heldur en hokra á rýru býli og vanta bæði hey og eldsneyti á hverju vori.

Það var fyrir mér eins og öðrum framsóknarmönnum 1956, að við gerðum ráð fyrir áframhaldandi samstarfi og jafnvel algerri samstöðu í framtíðinni milli þessara flokka og þeir yrðu þá að einum flokki. Hins vegar var ég aldrei hrifinn af þessu bandalagi, eins og það var úr garði gert, vegna þess að ég álít, að annaðhvort hefðu flokkarnir alveg átt að sameinast eða mynda takmarkaðri samstöðu en þeir gerðu. Það var alveg ástæðulaust að vinna saman í öllum kjördæmunum, eins og gert var.

Þetta kjördæmamál verður nú leyst eins og það liggur fyrir, og það er ekki um það að sakast. En við framsóknarmenn höfum tekið þá afstöðu að greiða atkvæði á móti því. Við gerum það ekki eingöngu af því, að við álítum það skaðlegt fyrir Framsfl., því að það mun nú vera farið að verða ljóst þessum flokkum, að það skaðar Framsfl. ekki sem flokk sérstaklega. Það hefur verið mjög hamrað á því, að það mundi eyðileggja Framsfl. En það er fjarri því. Ef úrslit kosninganna yrðu eins og þau eru núna, þá mundum við fá lítið færri þingmenn en við höfum, og fjölgaði þó um tvo hjá okkur við þessar kosningar. Og það verður okkur hagstætt, framsóknarmönnum, við þessa kjördæmabreytingu, frá flokkslegu sjónarmiði séð, að nú fáum við aðstöðu til að vinna okkur fylgi bæði í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu. Við eigum þar atkvæðisaukningu alveg vísa, því að nú eigum við tryggt að koma að manni bæði í Reykjavík og sennilega líka í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og það er fyrsta skilyrðið til þess að geta unnið þingfylgi. Þess vegna hygg ég, að flokkslega séð munum við ekki tapa. Við greiðum atkvæði á móti þessari kjördæmaskipun af því, að við vitum, að hún muni veikja þingræðið í þessu landi, skapa jarðveg fyrir fleiri flokka og veikara stjórnmálakerfi og muni þess vegna veikja okkar þingræðisskipulag. Við mótmælum því, að það sé gengið fram hjá vilja fólksins og það séu lögð niður kjördæmin, þrjú og fjögur kjördæmi sameinuð í eitt, án þess að fólkið sé spurt um þetta og án þess að fólkið vilji þetta. Við mótmælum þessu. Hitt er annað mál, að þingræðið getur hvergi þrifizt eða verið í lagi, nema flokkarnir vinni saman af heilindum og drengskap. Það er undirstaða þingræðisins. Undirstaða þingræðisins eru viturleg lög og drengilegt samstarf milli flokka. Ef við brjótum þessi boðorð, er þingræðið í voða. Ég álít því, að í framtíðinni verði flokkarnir, hvað sem þessu máli líður, að vinna heiðarlega saman, leysa þau verkefni, sem fyrir liggja. Við erum fátæk þjóð og fámenn. Auðlindir eigum við takmarkaðar. Það eina sem við getum gert og þurfum að gera, það er að stjórna landi okkar vel og viturlega. Við verðum að vera hlutlausir í deilum stórveldanna, og við verðum að hafa fjárhag okkar þannig, að við séum efnalega sjálfstæð. Ef við getum ekki gert þetta, getum við ekki virt okkur sjálfir og aðrir geta það ekki. Þá er okkar frelsi og framtíð í voða.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það gerðist hér í hv. þd. á fimmtudaginn var, að hið sameinaða þing lið Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. felldi till. framsóknarmanna um að leggja mál það, sem hér er til umr., undir þjóðaratkvæði. Það sýnir, að þm. þessara þriggja flokka eru svo vantrúaðir á málstað sinn, að þeir óttast dóm þjóðarinnar, ef hún fær tækifæri til að segja álit sitt um málið eitt út af fyrir sig. Og það skal ég viðurkenna, að þeir hafa ríka ástæðu til að óttast um frv. sitt, ef það yrði á þann hátt lagt undir dóm kjósendanna í landinu.

Við 2. umr. frv. hér í d. var vakin athygli á því, að í alþingiskosningunum í s. l. júnímánuði kom fram, að sá flokkurinn, sem er stærstur þeirra þriggja, er beita sér fyrir máli þessu, Sjálfstfl., er í minni hluta í öllum kjördæmunum utan Reykjavíkur að einu undanskildu. Í Vestmannaeyjum hlaut flokkurinn milli 50 og 51 af hundraði gildra atkvæða, en minna en helming í öllum hinum kjördæmunum, 26 að tölu. Nokkrir af frambjóðendum flokksins, sem þó komust á þing, höfðu ekki nema 30—35% gildra atkvæða í kjördæmum sínum. Sumir þeirra hafa þó lengi barið þar pólitíska sjóinn.

Þingmenn Alþfl. og Alþb. hafa að sjálfsögðu gert sér þetta ljóst, að Sjálfstfl. er í minni hluta í 26 af 28 kjördæmum landsins. Og þeim rennur þetta til rifja. Þeir hafa komizt að þeirri niðurstöðu við íhugun málsins, að þeim beri að koma hér til hjálpar, reyna plástur eða mixtúru eða eitthvað, sem verða megi til bjargar. Þess vegna greiða þeir atkv. með frv., sem hér liggur fyrir.

Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) talaði um þetta mál við 1. umr. þess. Það má heita, að hann sé sá eini af stuðningsmönnum frv., enn sem komið er, sem hefur rætt um það á þingi og reynt að verja málstað hinna þriggja flokka. Hann sagði m. a., að þetta væri í þriðja skipti á 28 árum, sem verkalýðurinn hefði samstarf við Sjálfstfl. um breytingar á kjördæmaskipuninni. Réttara væri líklega að orða þetta svo, að forustumenn Alþfl., Kommúnistaflokks Íslands, Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins, og Alþb. hefðu haft þetta samstarf við Sjálfstfl., heldur en að verkalýðurinn hefði verið þar samstarfsaðili. Það mun líka hæpið að halda því fram, að verkalýðurinn hafi grætt á breytingunum, en vera má, að einhverjir aðrir hafi hagnazt á þeim.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði um, að núgildandi kjördæmaskipun skapaði verkamönnum of lítinn rétt samanborið við kaupfélagsstjóra. Eitthvað mun vera bogið við þessa kenningu. Verkamaðurinn í Reykjavík hefur sama atkvæðisrétt og kaupfélagsstjórinn hjá Kaupfélagi Reykjavíkur og nágrennis. Atkvæði þeirra vega nákvæmlega jafnmikið. Og þannig er þetta um verkamenn og kaupfélagsstjóra í öllum öðrum héruðum landsins. Verkamenn í öllum sýslum og kaupstöðum landsins hafa nákvæmlega sama atkvæðisrétt og aðrir menn á sömu stöðum, hvaða starfi sem þeir gegna. Þarna virtist af hálfu hv. 3. þm. Reykv. gerð tilraun til að sýna, að atkvæðisréttur manna væri misjafn eftir því, í hvaða starfsstétt þeir hefðu skipað sér. Þetta mistókst auðvitað og hlaut að gera það, því að allar stéttir njóta í þessu efni sama réttar.

Vel má vera, að einhverjum hafi þótt það dálítið skrýtið í fyrstu, að hv. 3. þm. Reykv. skyldi nefna kaupfélagsstjóra til samanburðar við verkamenn í ræðu sinni um þetta efni. Kaupfélagsstjórar eru í þeim stóra hóp, sem oft nefnist launþegar einu nafni. Hvers vegna nefndi hv. þm. þá sérstaklega, en ekki t. d. stórkaupmenn eða aðra atvinnurekendur eða þá milljónamæringana? Fyrir síðustu kosningar var skrifað í Þjóðviljann um hina 600 milljónamæringa, og þar var sagt, að kosningarnar ættu að snúast um það, hvort þeir karlar ættu að fá að græða enn meira á kostnað launþeganna í landinu. Hv. 3. þm. Reykv. minntist ekkert á þessa menn í ræðu sinni. Þeir hafa líka sama atkvæðisrétt og aðrir. En hann nefndi kaupfélagsstjóra og gaf í skyn, að þeir væru forréttindamenn. Glöggt má sjá, hvaðan alda sú er runnin. Í málgögnum sjálfstæðismanna hefur því verið haldið fram að undanförnu, að nauðsyn sé að draga úr starfsemi samvinnufélaganna. Og Sjálfstfl. fór fram á það við kjósendur í síðustu þingkosningum, að þeir veittu honum aukin völd og möguleika til þess. Mátti skilja á þeim sjálfstæðismönnum mörgum, að þeir teldu það miklu stærra kosningamál en kjördæmabreytinguna. Þegar á þetta er litið, er tal hv. 3. þm. Reykv. um kaupfélagsstjórana vel skiljanlegt. Hann veit, hvernig hann á að hringja bjöllu sinni, til þess að hljómur hennar verði sem unaðslegastur í eyrum hinna nýju viðsemjenda, aðalritstjóra Mbl. og manna hans. Og úr því að hv. 3. þm. Reykv. er farinn að dansa við hv. 1. þm. Reykv. (BBen), vill hann reyna að komast í takt við hann, eins og það nefnist á máli dansiðkenda.

Svo sagði hv. 3. þm. Reykv., að þegar bæði Alþfl. og Alþb. ættu menn í ráðherrastólum, þá væri ríkisstj. vinstri stjórn, hver sem þriðji aðilinn væri í ráðuneytinu. Þetta var ábending um það, að þegar þessir tveir flokkar mynduðu stjórn í félagi við Sjálfstfl., ætti hún að nefnast vinstri stjórn. „Aldrei aftur vinstri stjórn“ mátti sjá á áberandi stöðum í málgögnum sjálfstæðismanna fyrir kosningarnar. Og til áréttingar þessu er mér sagt, að miðar með þessari áletrun hafi verið festir upp á staura og steinveggi hér í höfuðborginni fyrir síðustu kosningar. Aldrei aftur vinstri stjórn! Líklega er kominn tími til fyrir sjálfstæðismenn að taka niður það, sem enn kann að sjást af því borgarskrauti.

Flytjendur og stuðningsmenn þessa frv. hafa mikið skrifað og talað um forréttindi, sem Framsfl. njóti og hafi notið í skjóli gildandi kjördæmaskipunar. Þetta forréttindaskraf þeirra styðst ekki við nein rök og hefur verið marghrakið. Allir flokkar hér á landi hafa sama rétt til að túlka sín mál og afla sér kjörfylgis, hvar sem er á landinu. Hitt er annað mál og þessu óskylt, að þingmenn hinna strjálbýlli héraða hafa færri kjósendur en hinir, sem eru fulltrúar fyrir þéttbýlustu svæðin. Þetta stafar af því, að síðustu áratugina hefur margt fólk flutzt úr öðrum landshlutum til Reykjavíkur og nágrennis hennar. En þó að nokkur fækkun hafi orðið í ýmsum héruðum úti um land, þá hefur fólkið, sem þar er eftir og heldur þar áfram lífsbaráttunni, fengið að hafa sérstaka fulltrúa fyrir sig á þingi. En nú á að svipta héruðin og íbúa þeirra þessum rétti.

Þetta er í þriðja skiptið á 28 árum, sem verkalýðurinn hefur samstarf við Sjálfstfl. um breytingar á kjördæmaskipuninni, sagði hv. 3. þm. Reykv. Af þessu má sjá, að verk þeirra hafa reynzt ákaflega endingarlítil. Byggingar, sem standa svo illa, eru stundum nefndar hrákasmíði. Og ég held, að það sé réttnefni á kjördæmabreytingum hinna sameinuðu þriggja flokka, bæði nú og áður. Þessir flokkar hafa aldrei gengið að verki með því hugarfari að reyna að setja viturlega hugsuð og vönduð stjórnskipunarlög fyrir þjóðfélagið. Þeir hafa alltaf miðað breytingar sínar við það að reyna að draga úr áhrifum eins stjórnmálaflokks, Framsfl. En þeir hafa ekki séð óskir sínar rætast í því efni. Þessir þrír flokkar samþykktu breytingar á kjördæmaskipuninni árið 1942. Þeir töldu svo þýðingarmikið að koma þeim breytingum á, að þess vegna væri réttmætt að stofna til harðrar baráttu í tvennum kosningum á viðsjárverðum stríðstíma. En fyrirkomulagið, sem þeir lögfestu þá með miklu bramli og brauki, er nú svo til húðar gengið, að það er óviðunandi með öllu að dómi þeirra sjálfra. Þannig fór um það stóra réttlætismál, sem þeir nefndu svo fyrir aðeins 17 árum. Og trúað gæti ég, að það hrófatildur, sem þeir eru nú að koma upp, reynist ekki endingarbetra. Enn

sem fyrr leggja þeir í grunninn andúð sína á einum flokki. Það er í raun og veru eina byggingarefnið, sem þeir nota. Hús, sem reist er á slíkri undirstöðu, verður aldrei traust eða varanlegt.

Enn er ólokið endurskoðun stjórnarskrárinnar. Því verki þarf að ljúka sem fyrst og setja ný stjórnskipunarlög. Til þeirrar löggjafar þarf vel að vanda. Hún á að miðast við þarfir þjóðarinnar í heild, en ekki við stundarhagsmuni einstakra stjórnmálaflokka.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Þeir þm. Framsóknar ýmsir hafa nú stundað eintal sálarinnar hér í þingsölunum, og ég tel rétt, að það sé tekið til dálítillar meðferðar, sem þeir hafa verið að segja, ekki síst af því, að þar kennir allmargra grasa og sumra ólíkra. Það má eiginlega segja, að flestir hinir nýju þm. Framsóknar hafi haldið hér sínar jómfrúrræður nú. Við sjáum hið nýja andlit Framsóknar eftir þann kosningasigur, sem hún vann flokkslega séð, og þetta andlit er það, sem þeir gömlu Rómverjar kölluðu Janusar-andlit. Það virðast vera tvö andlit, sem horfa sitt í hvora áttina, og þegar farið er að athuga dálítið nánar, þá verður það ósköp keimlíkt því gamla, sem maður þekkti fyrr.

Ég skal byrja á því að taka ofur lítið af því, sem hv. þm. V-Húnv. (SkG) var að ræða um áðan. Hann, sem sjálfur er kaupfélagsstjóri, virtist eiga bágt með að skilja það, af hverju ég hafði sérstaklega tekið kaupfélagsstjóra sem dæmi, þegar ég var að tala um misréttið, sem Framsfl. hefði notið í kosningalögum og stjórnarskrá fram að þessu. Það er bezt, að ég rifji það upp fyrir honum, hvernig það er. Hér á síðasta Alþingi sátu átta þm. Alþb. t. d. Þeir höfðu tæp 16 þús. atkvæði á bak við sig. Hér á Alþingi sátu þá 17 þm. Framsfl. Þeir höfðu 13 þús. atkvæði á bak við sig. Það er nokkurn veginn svo, að það þurfti þrjá af kjósendum Alþb., sem mest er verkafólk, þrjá verkamenn á móti hverjum einum af kjósendum Framsfl. Og því tók ég kaupfélagsstjórana, að þeir eru allmargir fylgjandi Framsfl. og taldir manna voldugastir í þeim flokki, þannig að mér þótti þess vegna betur hæfa að taka þann samanburð, að það þyrfti þrjá verkamenn hvað atkv. snertir til þess að jafnast á við einn kaupfélagsstjóra. Þá átti það við aðstöðuna, eins og hún er vegna forréttinda þeirra, sem Framsókn hefur notað sér fram að þessu. Það, að ég nefndi ekki milljónamæringana, var vegna þess, að þeir eru fyrst og fremst hér í Reykjavík og hafa sama atkvæðisrétt og verkamenn, en hins vegar hafa þeir sín miklu áhrif í gegnum þann auð, gegnum þau atvinnutæki og gegnum það mikla áróðurstæki, sem þeir ráða yfir í valdi síns auðs.

En það er annar ókostur, sem er samfara öllu borgaralegu lýðræði, og verður ekki tjáð um það í sambandi við breytingu á stjórnarskrá eða að reyna að koma á réttum leikreglum í því lýðræði. Þess vegna þýðir ekkert fyrir hv. þm. V-Húnv. að reyna neitt að snúa út úr þessu né heldur hinu, að það sé með þessu verið að veitast að Framsfl. Það er algerlega rangt, að þeim kjördæmabreytingum, sem orðið hafa á Íslandi á síðustu 30 árum, hafi verið stefnt gegn Framsfl. Þeim kjördæmabreytingum hefur verið stefnt gegn forréttindunum, hverjir svo sem það eru, sem njóta þeirra. Hefði Sjálfstfl. náð meiri hluta hér á Alþingi með 38—42% atkvæða hjá þjóðinni, þá hefði svona kjördæmabreytingu líka verið stefnt gegn honum, gegn hverjum þeim, sem slíkra forréttinda hefði notið. Kjördæmabreytingunni er stefnt gegn forréttindunum. En vegna þess að Framsfl. hefur sérstaklega talið sig þurfa að lifa sem forréttindaflokk, þá kallar hann, að þessum lýðréttindaákvæðum sé stefnt gegn sér, af því að hann er forréttindaflokkurinn í þessu efni. Þarna verður að gera greinarmun á.

Þá talaði hv. þm. V-Húnv. um það, að verkalýðsflokkarnir hefðu þrisvar sinnum á 28 árum gert samkomulag við Sjálfstfl. um breytingu á kjördæmaskipulagi. Rétt er það. Það var einmitt það, sem gerðist, þegar vinstri stj. hóf sína göngu eða réttara sagt þegar hafið var að semja um þá stjórn, að við hv. 1. landsk. (HV) og ég sögðum það við Framsfl., að nú skyldi hann reyna að sýna það í verki, að hann vildi eitthvert tillit taka til lýðréttinda og vera eins og vinstri flokkur og sýna það, að hann væri reiðubúinn til þess að breyta stjórnarskránni með verkalýðsflokkunum, þannig að annað eins svindl og Framsfl. beitti sér fyrir í Hræðslubandalagskosningunum gæti ekki endurtekið sig. Og hvað sagði Framsfl.? Talaði hann um eitthvert hrófatildur þá eða eitthvað slíkt? Nei, hann talaði um, að það væri alveg sjálfsagt að breyta svona slæmri kjördæmaskipun, það væri búið að sýna sig, að svona kjördæmaskipun gæti ekki gengið áfram. Og það voru einmitt sett loforð í samning vinstri stjórnarinnar, að í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar skyldi vera samið um þetta, samið um breytingu á stjórnarskrá og kosningalögunum. Af hverju sögðum við við forustumenn Framsfl., að þeir yrðu nú að skilja þetta? Jú, meiningin var, að það átti að reyna að taka höndum saman, þessir svokölluðu vinstri flokkar um vinstri stefnu, og við vissum alltaf, að Framsfl. hafði sýnt sitt íhalds- og afturhaldseðli áþreifanlega í sambandi við kjördæmamálið, þannig að það reyndi á, hvort hann gæti eitthvert tillit lært að taka til verkalýðsflokkanna. Þess vegna lögðum við áherzlu á þetta við hann.

Framsfl. fékk síðan sitt tækifæri til þess að standa við þennan samning, tækifæri til þess að búa til eitthvað, sem væri meira en hrófatildur, búa til hið góða og endingargóða, endurskoðun á stjórnarskránni. Og Framsfl. hafði þetta tækifæri, þ. á m. hv. þm. V-Húnv. Hann hafði tækifæri til þess að sýna, hvernig hann ætlaði að byggja upp vel grundvallaða breytingu á stjórnarskránni, sem gæti enzt alla 20. öldina, svo að það væri ekki neitt hrófatildur, sem þeir væru að hrúga upp. Og hvernig smíðaði hv. þm. V-Húnv.? Einu sinni talaði hann um, að fyrst væri spýta og svo væri spýta í kross, og svona hélt hann áfram. Hvernig fór með hann? Byrjaði hann nokkurn tíma á nokkurri spýt-

unni? Lagði hann nokkra spýtu niður? Reyndi hann einu sinni að tálga nokkra þeirra til? Nei, hann snerti aldrei á því, ekki einu sinni að reyna að búa til hrófatildur, hvað þá meira. Það er Framsfl., sem er búinn að undirgangast það í sinni stjórnartíð að ætla að búa til vafalaust góða og varanlega lýðræðislega endurbót á stjórnarskránni. Hann sveikst um það. Hann sleppti því alveg. Þessi flokkur, sem þóttist hafa þennan afskaplega áhuga fyrir að varðveita réttindi dreifbýlisins, ég tala nú ekki um að vernda lýðræðið, blessað lýðræðið, lýðréttindin, mannréttindin, jafnréttið og hvað það heitir. Nei, hann steingleymdi því öllu saman, snerti ekki á því, ekki einu sinni hv. þm. V-Húnv. Hvað gerði hann? Hvað var að? Fann kannske Framsfl., þegar hann fór að hugsa um endurskoðunina, að öll endurskoðunin hefði kannske að einhverju leyti dregið úr forréttindum hans, og hætti við það þess vegna? Hví byggði Framsókn ekki betra, á meðan hún hafði stjórnaraðstöðuna til þess og var samningsbundin til þess að gera það í sinni stjórnartíð? Hv. þm. V-Húnv. segir, að það hafi reynzt endingarlítið, sem verkalýðsflokkarnir og Sjálfstfl. hafi byggt upp hvað stjórnarskrána snertir, að þeir skuli hafa orðið að gera þetta í þrjú skipti í 28 ár. Af hverju eru þeir að gera þetta í þrjú skipti í 28 ár? Af hverju var ekki hægt að gera t. d. slíka breytingu eins og nú er gerð 1931? Árið 1931 sýndi það sig einfaldlega, að þeir, sem forréttindin höfðu, þó að þeir væru ekki nema þriðjungur hjá þjóðinni, höfðu meiri hluta á Alþingi með því kjördæmaskipulagi, sem þá var. Það hefur orðið að taka þetta smátt og smátt, vegna þess að forréttindin voru svo mikil, sem viss flokkur eða vissir flokkar nutu, að það var ekki hægt að komast lengra í lýðræðisáttina en þetta. Við lögðum það til 1942, ég fyrir mitt leyti í stjórnarskrárnefnd þessarar hv. d. þá, að það spor, sem stigið er núna, væri stigið þá. Það veit hv. þm. V-Húnv. jafnvel og ég, að það var engin von til þess að fá það gert þá.

Það er rétt eins og þegar menn á nítjándu öldinni hafa víða í löndum Evrópu verið að berjast á móti sérréttindum aðalsins. Menn hafa orðið að berjast langa lengi vegna þess, að forréttindi voru það mikil, að það tókst ekki, svo framarlega sem breyta átti þingræðislegum atriðum, að komast lengra áfram en mjakast þetta hægt og hægt. England sýnir bezt sögurna um það. Það er ekki fyrr en árið 1865, sem verkamönnum var unnt að fá kosningarrétt í Englandi, og lá við byltingu í Englandi 1932, þegar var verið að útrýma þeim „rotten boroughs“, þeim úreltu kjörborgum, sem þar voru, þessum bæjum, sem voru horfnir, sumir þannig, að það var ekki eftir nema einn maður í þeim. Það kostaði langa baráttu oft og tíðum að koma lýðréttindunum í gegn þannig, þegar við harðvítugar forréttindastéttir eða forréttindaflokka var að eiga. Þess vegna getur þetta stundum tekið langan tíma. En það þarf ekki að ásaka okkur um það, sem að þessu höfum unnið. Við höfum á hverjum tíma ekki komizt lengra í þessa átt. Og þeim ber sízt að ávíta þetta, sem þykir þetta allt of langt gengið núna.

Þá talaði hv. þm. V-Húnv. um, hvað væri vinstri og hvað væri hægri og hvers konar samvinna það væri, ef t. d. Sjálfstfl. og verkalýðsflokkarnir ynnu saman og hins vegar ef Framsfl. og verkalýðsflokkarnir ynnu saman. Jú, ég sagði það, að þessi stjórn, sem verkalýðsflokkarnir mundu vera í, væri stjórn, þar sem þeim mundu knýja fram meiri vinstri pólitík en hér yrði knúin fram hjá nokkurri stjórn á Íslandi. Það er rétt að halda því orðatiltæki út af fyrir sig, það er komið inn í málið, og það gerir ekkert til, þó að því sé haldið. Þegar Framsfl. hefur verið með verkalýðsflokkunum í stjórn, hefur það verið kallað vinstri stjórn. Þegar verkalýðsflokkarnir voru með Sjálfstfl. í stjórn, þá var það kallað nýsköpunarstjórn. Þessar stjórnir hafa hvor um sig verið róttækar, hvor á sínu sviði, en á mismunandi sviðum. Nýsköpunarstjórnin var fyrst og fremst svo róttæk á því sviði að stofna til stórra aðgerða í atvinnulífinu. Vinstri stjórnin átti eftir samningunum að vera róttækari en varð á ýmsum þeim sviðum, þar sem átti að ganga á móti hagsmunum auðmannastéttarinnar. Það var minna um það vegna andspyrnu Framsóknar, eins og ég skal koma inn á á eftir, heldur en ég hefði viljað. Hins vegar tókst okkur að knýja það fram, að það væri þó nokkuð gert á sviði athafnalífsins, þó að það væri ekki nærri eins mikið og við vildum. En þó er óhætt að minna hv. þm. V-Húnv. á, að það er meira að segja hægt að semja við Sjálfstfl. um mál, sem almennt eru talin hrein vinstri mál, við skulum segja eins og t. d. endurbætur á tryggingalöggjöfinni, þegar ekki hefur verið hægt að semja við Framsfl. um þau. Í nýsköpunarstjórninni settum við í gegn stórkostlegar breytingar á tryggingalöggjöfinni, og þó að Framsókn væri þá í stjórnarandstöðu, var hún meira að segja andvíg þeim alþýðutryggingum. Þegar við sömdum við Framsókn um vinstri stjórn, var það tekið fram strax í upphafi, þegar við fórum fram á breytingar á þessu sviði, að þær fengjust ekki fram.

Þá hélt hv. þm. A-Húnv. hér mjög skemmtilega ræðu. Það er í raun og veru ákaflega ánægjulegt fyrir okkur að vera búin að fá svona hreinskilinn framsóknaríhaldsmann inn í þingið. Það er hægt að segja, að það er miklu betra að tala við Framsókn, þegar hún beitir báðum hornunum, það er miklu ánægjulegra að fá að taka í þau bæði í einu. Hv. þm. A-Húnv. lýsti því hér yfir, að Framsfl. gæti ekki átt neina samleið með kommúnistum. Það er ákaflega skemmtilegt að fá þessar yfirlýsingar frá þessum nýkjörnu framsóknarþingmönnum. Það þýðir líklega, að þetta á að vera stefnan, sem fólst í kosningasigrinum, og hann fór ekki heldur dult með það. Ég veit ekki, hvort framsóknarforustunni hefur tekizt að „sensorera“ hans ræðu áður, en a. m. k. fékk framsóknarforustan ekkert af þeim hrósyrðum í henni, sem hann var óspar á á sínum fundum í Austur-Húnavatnssýslu. Hann fór hins vegar ekki dult með það, að Framsfl., sem ekki gæti átt sam-

leið með þeim vondu mönnum, kommúnistum, það væri svo sem alveg auðséð, hvert sá flokkur ætti að snúa sér. Jú, flokkarnir, sem áttu að vinna saman eftir hans yfirlýsingu, voru Sjálfstfl. og Framsfl. og hver var stefnan, sem þeir áttu að stefna að? Við eigum að stefna að einmenningskjördæmum, lýsti hv. þm. A-Húnv. yfir. Það var mjög skýr og greinileg stefna, sem raunar síðasta flokksþing Framsóknar mótaði alveg og sumir framsóknarmenn jafnvel hér á Alþingi hafa verið eitthvað feimnir við síðan. Það er ákaflega gott að fá einhvern ófeiminn framsóknarmann. Það er mjög heppilegt, að einmitt þessi rödd skuli heyrast hér í þingsölunum, einmitt undir þessum umræðum.

Hann lýsti því hér yfir, hv. þm. A-Húnv., að hann vildi og hefði viljað heiðarlegt samstarf við 1. þm. Reykv. (BBen) um einmenningskjördæmi á þeim tíma, sem þau stóðu til boða, fyrir eitthvað tæpum áratug, einmenningskjördæmi alls staðar, líka hérna í Reykjavík. Og hv. þm. A-Húnv., sem túlkar hina nýju rödd Framsóknar hér á Alþingi og vafalaust það, sem felst í hennar kosningasigri, lýsti því yfir, að þetta væri einmitt það, sem hann hefði gjarnan viljað. M. ö. o.: hér kemur hin nýja stefna Framsóknar, einmitt út úr einmenningskjördæmunum, einmitt út úr dreifbýlinu, og tilkynnir, að Framsfl. býður upp á samstarf við Sjálfstfl. — og fyrst og fremst um hvað? Um að koma á einmenningskjördæmum, eins og flokksþing Framsfl. var búið að samþykkja, mynda stjórn með Sjálfstfl. um að láta þessa verkalýðsflokka svokölluðu ekki vera að ráða neinu eða haldast uppi að gera verkföll og annað slíkt. M. ö. o.: þessi hv. þm. Framsfl., þm. A-Húnv., lýsir því hér yfir, að það, sem Framsfl. vilji, sé það, sem einmitt Framsfl. og Tíminn hefur undanfarna daga verið að ráðast harðvítugast á okkur fyrir að vera að gera, að hafa samstarf við Sjálfstfl. um að breyta kjördæmaskipuninni. Munurinn er bara sá, að Framsfl. samkvæmt yfirlýsingu hins nýja spámanns hans, hv. þm. A-Húnv., lýsir því yfir, að hann hafi viljað og vilji samvinnu við Sjálfstfl. um að koma á tómum einmenningskjördæmum á Íslandi, þá muni það vera þessir tveir flokkar, sem skipta landinu og þjóðinni á milli sín. Þar höfum við það. Þetta er það, sem við sögðum í vor, og þetta er það, sem við segjum enn, að það hefur vofað yfir. Þetta er það, sem við segjum, að framsóknarihaldið og Reykjavíkurihaldið, sem sagt Framsfl. og Sjálfstfl., hafi ætlað sér að semja um, ef þeir hefðu orðið sammála um það á undanförnum áratug.

Hvað er það þá, sem við höfum gert, þessir verkalýðsflokkar, sem þessir nýju foringjar Framsóknar eru að ráðast á okkur fyrir að hafa tekið saman við Sjálfstfl. um? Hvað er það, sem við erum að gera? Við höfum verið að forða verkalýðshreyfingunni í landinu frá því, að það yrðu innleidd einmenningskjördæmi alls staðar á landinu. Við þurfum ekki frekar vitnanna við. Framsókn var eitthvað feimin í vor við að tala um samþykktirnar sínar frá flokksþinginu og hampaði því mikið: Ja, það er nú eiginlega ekkert að marka þessa samþykkt. — Sumir sögðu meira að segja bak við tjöldin: Þetta var nú eiginlega alveg á óvart, að þessi samþykkt fór í gegn. Það voru einhverjir menn utan af landi, sem voru með þetta. Það voru víst bara dreifbýlismenn. — Og Framsókn vildi gera sem allra minnst úr því, að þessir dreifbýlismenn hafi nokkurn skapaðan hlut að segja. En nú hafa þeir það. Nú hefur Framsókn unnið mikinn sigur í kosningum. Nú kemur einn af þeim og segist vera þessi góði fulltrúi dreifbýlisins og segir: Auðvitað áttum við að taka höndum saman við Sjálfstfl. um að koma á eintómum einmenningskjördæmum á Íslandi. — Og það lengsta, sem hann komst í að segja framsóknarforustunni til syndanna fyrir, hvernig hún hefði hagað sér í þessum málum, það var, að hann sagði: Ja, þetta er náttúrlega einhver klaufaskapur Framsóknar, að semja ekki. — Já, og við hvern? Það var svo sem alveg auðheyrt. Það var svo sem alveg auðheyrt á honum, að Framsókn átti ekki að semja á því 2½ ári, sem við vorum með henni í vinstri stjórn og höfðum undirskrifaðan samning um að semja við okkur um að breyta kjördæmaskipulaginu í lýðræðislega átt. Það var ekki þannig, sem átti að semja, eftir því sem þessi nýi foringi Framsóknar lýsti yfir. Það var ekki við vinstri flokkana, við verkalýðsflokkana, sem átti að semja út af kjördæmaskipulaginu. Nei, það átti að semja við Sjálfstfl., það átti að semja við hann löngu fyrr, og það var mesta vitleysan að hafa ekki samið í tíma. Þetta er klaufaskapurinn hjá framsóknarforustunni, að hafa ekki kunnað að semja við Sjálfstfl. í tíma um einmenningskjördæmi á Íslandi. Því segi ég það: Það er alltaf gott að eiga eina hreinskilna sál, þegar þm. Framsóknar annars skara hér hver fram úr öðrum í hræsninni og lýðskruminu.

Ég skal hins vegar upplýsa hv. þm. A-Húnv., af því að hann er nýr af nálinni hérna í þingsölunum, um, í hverju þessi klaufaskapur Framsóknar fólst, að þeir skyldu ekki semja. Framsfl. vissi aldrei, hvort hann átti að semja til hægri eða vinstri. Hann vissi aldrei, hvort hann átti að semja við Sjálfstfl. eða verkalýðsflokkana. Hann stóð og tvísteig í sömu sporunum allan tímann, öll þessi tíu ár, og núna seinast þau 2½ ár, sem hann var í vinstri stjórninni og var búinn að undirgangast að leysa þetta mál. Hann sat fastur, vissi ekkert, hvert hann átti að fara, vissi ekki, í hvorn fótinn, hægri eða vinstri, hann átti að stíga, og komst þess vegna aldrei neitt úr sporunum. Ég gæti bezt trúað, að þegar hv. þm. A-Húnv. færi að taka við forustunni í Framsókn, þá yrði þó a. m. k. komizt úr sporunum. En það er alveg auðséð, hvert verður haldið. Það verður unnið með íhaldinu.

Við þurfum þess vegna ekki lengur að efast um það, hvað hafi vofað yfir verkalýðshreyfingunni í þessum efnum. Það vofði yfir henni, að þau réttindi, þau lýðréttindi, sem hún hefur verið að berjast fyrir, það jafnrétti í kosningum, sem hún hefur viljað fá, það væri meira eða minna afnumið með því að koma á tómum

einmenningskjördæmum í landinu, og hv. þm. A-Húnv. vildi meina, að í einmenningskjördæmunum fælist öll vörnin gegn kommúnismanum og gegn öllu illu. Það er búið að hrekja það svo oft, að ég ætla ekki að fara út í það, enda er ég hræddur um, að hann verði að gá að sér að tala svona voðalega um kommúnismann eins og hann gerir, því að þegar maður hlustar á suma aðra af hans samflokksmönnum hér á Alþ., þá gæti maður frekar trúað, að þeir ætluðu að taka kommúnismann upp á sína arma og fara að slá okkur hina út, sem höfum verið að bjástra við þetta undanfarið. Þannig er nú róttæknin hjá sumum af þeim, sem tala.

Hann sá náttúrlega eins og alltaf, hv. þm. A-Húnv., í öllum sínum ræðum ekkert annað en þessa voðalegu upplausn, sem biði, ef áhrif Alþb. og annarra slíkra yrðu eitthvað meiri en verið hefur. Þeir vilja upplausn og eyðileggingu þjóðfélagsins, sagði hann hér áðan orðrétt. Þessi nákvæmlega sömu orð voru sögð af hv. 1. þm. S-M., formanni þingflokks Framsfl., 1944, þegar nýsköpunarhugmyndirnar voru ræddar hér á Alþ. Og það var slitið þeim samningum, sem fjórir flokkar þá sátu að um myndun ríkisstjórnar, vegna þess, að þessi forustumaður Framsóknar hélt því fram, að það, sem við vildum, Sósialistaflokkurinn þá, væri ekkert annað en upplausn og eyðilegging þjóðfélagsins. Allar hugmyndirnar um að kaupa 30 togara eða annað slíkt, allt átti þetta eingöngu að vera til að koma á upplausn í þjóðfélaginu. M. ö. o.: það er ekki til neins að bjóða okkur upp á það, þegar menn koma hér nýir af nálinni með 15 ára gömul slagorð, sem eru búin að verða sér eins til skammar og þessi slagorð Framsóknar, sem þá var komið með. Það er betra fyrir menn að koma með eitthvað nýtt.

Hv. þm. A-Húnv. fór ekki heldur dult með það, hvaða tímabil það væri, sem honum virkilega líkaði, þannig ætti það nú að vera. Jú, það var tímabilið 1953—55. Hv. þm. A-Húnv. sagði orðrétt: Þá gekk vel. — Já, þá gekk vel. Það er tímabilið, sem er fyrirmynd. Það er tímabilið, sem á að koma á aftur. Það er tímabilið, sem bíður okkar eftir næstu kosningar. Það verður kannske seinna tækifæri til þess að athuga ofur lítið, hvernig það tímabil var. En það er nokkurn veginn ljóst, að við höfum fengið einmitt í þessari ræðu — þessari mjög svo hreinskilnu og skemmtilegu ræðu ágæta lýsingu á því, hvað það er, sem bíður þjóðarinnar og bíður alþýðunnar og alveg sérstaklega bíður dreifbýlisins undir þeirri nýju samstjórn Sjálfstfl. og Framsóknar, sem hv. þm. A-Húnv. boðar, þegar allt gengi vel, þegar vinnan á Keflavíkurflugvelli gengi af fullum krafti og bændurnir, stórbændurnir og smábændurnir, fengju sínar ávísanir til helminga á vinnuna suður á Keflavíkurflugvelli. Þá gengi vel. Þá liði dreifbýlinu vel. Þá þyrfti ekki að kvíða. Þá gætu menn skilið eftir húskofana sína úti á landi og flutt suður í Keflavík, setzt að kannske hjá Regni, kannske hjá Almenna byggingarfélaginu. Þá gengi vel.

Jú, við sjáum alveg, hvert stefnir í þessu, og það er ákaflega ánægjulegt að fá svona góðan liðsmann úr röðum Framsóknar til þess að afhjúpa það lýðskrum, sem Framsókn hefur verið með hér í þinginu undanfarið um, að hún væri jafnvel einhver sérstakur vinstri flokkur, sem alveg sérstaklega dreifbýlið ætti að mega treysta og allir ættu að mega treysta til þess að hafa aldrei samvinnu við ótætis Sjálfstæðisflokkinn.

Mig langar svo til að víkja nokkrum orðum að hv. þm. N-Þ. Hann er víst því miður ekki inni núna. Það er kannske bezt, að ég geymi það þá ofur lítið.

Hv. 7. þm. Reykv. flutti hér hins vegar mjög skörulega ræðu, og í henni er ýmislegt, sem er eðlilegt fyrir okkur fulltrúa Alþb. að svara, ekki hvað sízt vegna þess, að þar andaði að ýmsu leyti svipaðri stefnu eins og þeirri, sem við viljum sjálfir berjast fyrir, en hvort sú stefna á heima í Framsfl., það er aftur á móti annað mál.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði, að með þeirri stjórnarskrá, sem hér væri verið að setja, væri verið að veikja vald dreifbýlisins. Þegar við notum þetta orð, dreifbýli, þá meinum við kannske ekki alltaf það sama. Ég vil taka það fram, að þegar ég tala um dreifbýlið, þá meina ég eiginlega þá þrjá landsfjórðunga, þar sem byggðin hefur verið að dragast saman á undanförnum áratugum eða staðið í stað. Ég held, að það sé óhætt að beita þeirri notkun, þeirri merkingu á orðinu. Þó að það hafi jafnvel kannske áður verið notað bara yfir sveitirnar, þá er það að mörgu leyti eðlilegt með tilliti til þess, að nú er svo komið, að helmingur Íslendinga er saman safnaður í Reykjavík og Gullbringu- og Kjósarsýslu að heita má og hinn helmingurinn dreifður á alla þessa þrjá landsfjórðunga og þeir hafa raunverulega að miklu leyti þannig vissa samstöðu gagnvart því stóra, mikla þéttbýli hér á suðvesturhorni landsins.

Ég vil taka það fram, að ég álít þetta, sem hann segir, vera rangt. Með þessari stjórnarskrárbreytingu er ekki verið að veikja vald þessa dreifbýlis. Dreifbýlið verður — í þessari merkingu, sem ég nota það orð — sterkara fyrir þessa nýju kjördæmaskipun, ekki vegna þess, að Framsfl. verði sterkari, það verður að veltast eftir því, hvernig gengur um fylgi og traust flokkanna, heldur vegna þess, að alþýðan, starfandi stéttirnar í þessu dreifbýli, bær sameinast betur, þær sameinast í stærri heildir og þar með til stærri átaka, alveg sérstaklega á sviði uppbyggingarinnar, á sviði nýsköpunarinnar, þær sameinast um að breyta þannig grundvelli síns lífs, atvinnugrundvelli síns lífs, að það verði betra að lifa í þessu dreifbýli. Einmitt einmenningskjördæmin og tvímenningskjördæmin, þessi litlu kjördæmi, hafa tvístrað alþýðunni úti um landið, en ekki sameinað hana. Þau hafa gert henni erfiðara fyrir að leggja í þau stóru átök, sem eru grundvöllur fyrir öllu, sem þarf að gera í atvinnulífi nútímans, af því að atvinnulíf nútímans heimtar alltaf stór átök, heimtar alltaf stórrekstur, ef á að vera hægt að standa undir góðum lífskjörum. Ég álít þess vegna, að einmitt þessi stóru kjördæmi verði til þess að gera alþýðu

dreifbýlisins, þær starfandi stéttir dreifbýlisins sterkari, en ekki veikari.

Þá vildi hv. 7. þm. Reykv. segja, að Framsfl. væri alveg sérstaklega með fólkinu í dreifbýlinu, hann væri jafnvel sérstaklega með dreifbýlinu og þess vegna bæri fólkinu í dreifbýlinu að fylkja sér um Framsfl. — Nú skulum við fyrst aðgæta, þegar við tölum um að fylkja sér um eitthvað, — spurningin er þá ekki að fylkja sér um einhvern flokk, heldur að fylkja sér um einhverja stefnu. Um hvaða stefnu Framsfl. á fólkið, á alþýðan í dreifbýlinu að fylkja sér? Á það að fylkja sér um þá stefnu Framsfl. að knýja fram t. d. 8% launalækkun? Á það að fylkja sér um þá stefnu Framsfl. að hindra, að það séu keyptir 15 nýir, stórir togarar? Á það að fylkja sér um þá stefnu Framsfl. að hindra, að hernámsbælinu á Keflavíkurflugvelli sé útrýmt? Hvaða stefna er það, sem fólkið í dreifbýlinu á að fylkja sér um? Það er þetta, sem við þurfum að koma okkur niður á.

Framsfl. hefur sýnt það á undanförnum 15 árum, að hann er ekki aðeins á móti hagsmunum fólksins í dreifbýlinu, heldur beinlínis á móti því, að fólkið byggi í dreifbýlinu og auki þar byggðina og efli hana. Framsfl. var á móti nýsköpuninni, og sú nýsköpun er enn í dag grundvöllur, atvinnugrundvöllurinn, sem það byggist á, að fólk skuli yfirleitt byggja verulega þessa staði enn þá, að Akureyri skuli ekki vera minnkandi staður, að Ísafjörður og Siglufjörður skuli þó a. m. k. haldast. Framsfl. stóð á móti því, að þetta væri gert, barðist á móti þessu, sagði, eins og hv. þm. A-Húnv. sagði áðan, að þetta þýddi bara upplausn þjóðfélagsins, eyðileggingu þjóðfélagsins, sem væri náttúrlega alltaf það, sem ótætis kommúnistarnir stefndu að. Og það var ekki nóg með, að Framsfl. væri á móti sjálfum kaupum nýsköpunartogaranna, hann var líka á móti þeirri löggjöf, sem knúði það fram, að það væru veitt lán allt upp í 85% til þess að gera bæjarfélögunum og öðrum úti á landi mögulegt að kaupa þessa togara. Framsfl. tafði fyrir því máli í heilt ár, barðist á móti stofnlánadeild sjávarútvegsins, lögunum um það, með landsbankavaldið á bak við sig. Ef Framsfl. hefði fengið að ráða, þá væru dreifðu byggðirnar úti um land meira eða minna eyddar. En það var vegna þess, að aðrir höfðu þarna forsjálni og höfðu til allrar hamingju þann kraft og þau samtök að geta knúið þetta fram gegn vilja Framsfl., að þjóðin hefur þennan grundvöll stórútgerðar og annarra stórframkvæmda til þess að byggja á.

Lærði Framsfl. af þessu, og sýndi hann seinna, að hann vildi eitthvað meira og betra, — sýndi hann það þá á næsta áratugnum? Hvar kom þá reyndin á hann? Þá kom reyndin með hernáminu, hættulegasta atriði fyrir dreifbýlið á Íslandi, fyrir landsfjórðungana þrjá, sem eyðingin hefur vofað yfir. Það var Keflavíkurflugvöllur, þær stóru framkvæmdir, sem hernámsliðið var að leggja í, öll sú spilling, sem í sambandi við það stóð, og allir þeir peningar, sem menn drógust að þangað, — fátækt, hálfatvinnulaust fólk utan af landi, bændur, sem voru að flosna upp. Hvað bauð Framsfl. þeim upp á á timabili samvinnunnar við Sjálfstfl., þegar allt gekk vel, eins og hv. þm. A-Húnv. sagði? Hvað bauð Framsfl. þá upp á? Jú, hann bauð þessu fólki að flýja frá landsfjórðungunum þremur og suður á Keflavíkurflugvöll, og þeir höfðu helmingaskipti um að gefa ávísanirnar á vinnuna þar. Var þetta til þess að hjálpa fólki til að viðhalda byggðinni úti á landi? Var þetta til þess að hjálpa fólkinu í dreifbýlinu? Ja, það mætti kannske segja, að það væri verið að hjálpa því til að flytja burt úr dreifbýlinu, en það var ekki verið að hjálpa því til þess að byggja upp atvinnu í dreifbýlinu, vegna þess að til þess þurfti meiri stórhug en Framsfl. hefur nokkurn tíma sýnt. Það þurfti að taka þetta mál stærri tökum. Það þurfti að beita ríkisvaldinu miklu harðvítugar með því að reisa stóriðjufyrirtæki og annað slíkt til þess að skapa sterkan og góðan og öruggan grundvöll fyrir líf fólksins á þessum stöðum, og það er það, sem Framsfl. hefur alltaf verið hræddur við, a. m. k. svo lengi sem það væru Íslendingar, sem ættu að eiga slíkt og ráða því.

Þess vegna hefur Framsfl. sýnt það á þessum síðustu 15 árum, að hann hefur ekki aðeins verið á móti atvinnu fólksins í dreifbýlinu, heldur hefur hann með sinni skammsýnu, þröngsýnu pólitík bókstaflega unnið á móti því, jafnvel þó að hann hafi kannske ekki viljað það, að þessir þrír landsfjórðungar gætu eflzt, að það væri hægt að koma upp stórkostlegri atvinnu, margfalda atvinnuna á þessum stöðum, að það gæti verið hægt að stjórna því, hvernig atvinnuþróunin yrði á Íslandi. Þess vegna hefur Framsfl. alltaf staðið á móti því, að það væri skipulagt með áætlunarbúskap, hvernig byggðin yrði á Íslandi, frá atvinnugrundvellinum og upp úr. Fjandskapurinn við nýsköpunarstefnuna, fylgið við hernámsstefnuna, það sýnir bezt, að þetta tal um dreifbýlið, jafnvel þó að framsóknarmönnum þyki það sjálfsagt fyrir sig sem hjal í kosningum, þá vantar skilninginn á því, hvað þarf að gera til þess að gera fólkinu í dreifbýlinu jafnmögulegt að lifa jafngóðu lífi og fólkinu í þéttbýlinu. Það þarf það mikið efnahagslegt átak til slíks, það þarf svo mikla hugsun og forsjálni og skilning á nútímaatvinnurekstri, að Framsfl. hefur ekki fengizt til þess að setja sig inn í það, hvað þarf til slíks, og þegar aðrir hafa komið með hugmyndir um það, þá hefur hann ekki fengizt til þess að taka tillit til þess. En þeir eru hræddir við allar hugmyndir frá upphafi, alveg eins og hann var hræddur við það 1944, eins og hann stökk burt þá.

Þá segir hv. 7. þm. Reykv., að Framsókn sé raunverulega eini flokkurinn, sem sé á móti íhaldinu, hún sé á móti stefnu Sjálfstfl., og rakti það síðan þó nokkuð ýtarlega, hvernig Framsfl. ætti að vera mótvægið hjá íslenzku þjóðinni á móti því mikla valdi Sjálfstfl. Og það er sérstaklega gaman að fá þetta eins greinilega og vel flutt og hjá hv. 7. þm. Reykv., því að það er engum efa bundið, að Framsfl. er einmitt hér með það, sem á að verða hans höfuðkosningamál í næstu kosningum, — þetta,

að hann sé sá eini flokkur, sem sé raunverulega á móti íhaldinu, Sjálfstfl., og jafnvel þess stefnu, eins og hv. 7. þm. Reykv. minntist á. Að vísu skil ég, að það er óþægilegt fyrir 7. þm. Reykv. að fá svo á eftir sér ræðu eins og hjá hv. þm. A-Húnv. Það er náttúrlega vont að eiga að skilgreina þetta allt saman á eftir, og það verður náttúrlega að gera einhverjar sérstakar ráðstafanir í Framsfl. til þess, að það sé í aðalatriðum bara ein lína, sem hann hefur í kosningunum, nema kannske það sé meiningin að hafa línurnar tvær og fiska sitt á hvoru miðinu með hvorri. En hvernig sem það nú er, við höfum meiri áhuga fyrir þessari vinstri línu, og það er þess vegna rétt fyrir okkur að taka hana dálitið vel til athugunar og þá sérstaklega þessa staðhæfingu hv. 7. þm. Reykv., að Framsfl. sé sá mikli mótpóll í íslenzku þjóðlífi við Sjálfstfl., og nú skulum við athuga íslenzkt þjóðlíf frá því sjónarmiði.

Hverjar eru grundvallarmótsetningarnar í íslenzku þjóðlífi? Grundvallarmótsetningarnar eru þær, að annars vegar er hér auðmannastétt, sem er kannske hvað tölu snertir 5—10% af þjóðinni. Hv. 7. þm. Reykv. hamrar mikið á því, þegar Framsókn er á vinstri línunni, að 20 ríkustu mennirnir í Reykjavík eigi 250 millj. kr. o. s. frv., og það er allt saman mjög rétt. Það sýnir m. ö. o., að auðvaldið í Reykjavík er mjög ríkt. Og hv. 7. þm. Reykv. fellst vafalaust á það með mér, að það sé mikill gróði t. d. nú hjá hraðfrystihúsunum, það sé vafalaust mikill gróði hjá heildsölum, — ég veit ekki, hvort það er hjá S. Í. S., — það sé mikill gróði hjá olíufélögum og þetta voðalega auðvald græði allmikla peninga og það eigi mörg hundruð milljónir króna í skuldlausum eignum. Og við erum vafalaust sammála um það, að þetta er annar mótpóllinn í íslenzku þjóðfélagi. Og hinn, hver er hann? 75% af Íslendingum eru launþegar; 50% eru verkamenn, 25% eru aðrir starfsmenn, sem eru á launum. Milli þessara tveggja aðila stendur baráttan í þjóðfélaginu, milli auðmannastéttarinnar annars vegar, þessara launþega hins vegar, — milli þeirra, sem eiga þessi hundruð milljóna í skuldlausum eignum, sem Tíminn slær öðru hvoru bara vel upp, og hins vegar þeirra 75% Íslendinga, sem vinna og skapa og framleiða m. a. gróðamannaauðinn, sem þessi auðmannastétt á, og milli þessara tveggja aðila í þjóðfélaginu stendur baráttan um, hvort þessum launþegum eigi að líða sæmilega vel, hvort þeir eigi að bæta sín kjör og hvort það eigi að skapa þannig aðhald að auðmannastéttinni, að hún neyðist til þess að reka sín fyrirtæki betur og betur, jafnvel hvort það eigi að stíla í þá áttina, að þessir launþegar eignist ýmist í gegnum samvinnustefnu, þjóðnýtingu eða annað slíkt meira og meira atvinnufyrirtæki, sem auðvaldið hefur átt. Um þetta stendur baráttan í þjóðfélaginu, en þó alveg sérstaklega um sjálfa arðskiptinguna.

Og þá skulum við taka það í fyrsta lagi, þar sem sú arðskipting kemur greinilegast í ljós, það er baráttan um launin. Hver er afstaða þessarar auðmannastéttar í Reykjavík til launagreiðslna? Afstaðan er sú, að þessi auðmannastétt hefur eignazt allan sinn auð, græðir allt, sem hún græðir, í krafti þess, að hún borgar verkamönnunum, launþegunum, minna fyrir vinnuna, sem þeir láta gera, heldur en það, sem þeir skapa að verðmæti. Þannig skapast hennar gróði, sá gróði, sem Tíminn öðru hvoru, þegar hann er á vinstri línunni, er að hampa. Afstaða auðvaldsins, afstaða þessarar auðmannastéttar gagnvart launþegunum er sú, að hún vill halda í við þá, hún vill hindra, að þeirra laun hækki. Hún vill halda launum niðri. Hún vill lækka þau. Þetta er afstaða auðmannastéttarinnar. Þetta er stefna auðmannastéttarinnar. Hún vill sem sé halda í við verkalýðinn.

Hver er hins vegar afstaða launþegastéttarinnar, 75% Íslendinga? Lífsbarátta þeirra hlýtur fyrst og fremst að miðast við það, að svo miklu leyti sem þeir fara ekki að hugsa fyrir allt þjóðfélagið í því að berjast fyrir nýjum atvinnutækjum og öðru slíku, þá hlýtur hún að miðast við það að bæta þessu við launin, að selja sína vinnu dýrara, fá meira fyrir hana, náttúrlega í trausti þess, að stjórnarvöldin noti ekki aðstöðuna til þess að stela því aftur af þeim með verðbólgu. Barátta launþegastéttarinnar í þjóðfélaginu, barátta 75% Íslendinga, hlýtur að miða að því að gera kjör sín betri með því að hækka sín laun, ná aftur og aftur af þeim gróða, sem Tíminn talar um, þegar hann er á vinstri línunni, að auðmannastéttin hafi safnað sér. Þessi launþegastétt hefur átt í þessari baráttu, frá því að hún varð til. En þessi barátta launþegastéttarinnar er ekki aðeins réttlætisbarátta fyrir lífskjörum hennar sjálfrar, þetta er líka aðalframfaraaflið í þjóðfélaginu. Þegar verkamannastétt fær sín kjör bætt, ef við göngum út frá föstu verðlagi, ef við göngum út frá því, að það sé ekki einhver svikamylla sett í gang með verðbólgu og öðru slíku, hvað þýðir það þá fyrir atvinnurekendur? Við skulum segja, að verkamaðurinn fær sitt kaup hækkað um 3%. Það þýðir, að atvinnurekandinn verður að hugsa út í: Hvernig á ég að spara mér þessi 3%, sem ég verð að hækka launin um við verkalýðinn? Með því að hafa minn rekstur betri, með því að framleiða meira og ódýrara, með því kannske að hafa rekstur-inn stærri. Með öðrum orðum: það þýðir, að atvinnurekandinn, ef allt er með felldu, hugsar um, hvernig hann eigi að gera atvinnurekstur-inn betri og arðbærari fyrir sjálfan sig og þjóðfélagið. M. ö. o.: með launabaráttu verkamannastéttarinnar er hún ekki aðeins að bæta sinn eigin hag, heldur að knýja fram framfarirnar í þjóðfélaginu, knýja það fram, að atvinnurekendurnir verði að reka sína atvinnu á skynsamlegri hátt.

Hver er nú afstaða framsóknarmanna, þegar 75% Íslendinga, þegar launþegastéttirnar á Íslandi eru að berjast fyrir því með hækkuðum launum að ná einhverju aftur af þessum hundruðum milljóna króna, sem Framsfl. og Tíminn tala um, þegar þeir eru á vinstri línunni, að hafi safnazt fyrir hjá auðmannastéttinni? Hver er afstaða Framsóknar? Ég get komizt kannske betur inn á það seinna, en ég er hræddur um, að lengst af hafi afstaða Framsóknar

verið sú, að þessi laun mætti ómögulega hækka, að Framsókn hafi tekið nákvæmlega sömu afstöðu og stundum lakari en Sjálfstfl., að Framsfl. vilji halda í fyrir auðmannastéttina og móti verkalýðnum og vilji jafnvel lækka launin við verkalýðinn. M. ö. o.: sé Sjálfstfl. íhald í þessu, sem hann vissulega er, þá er Framsfl. ekki síður íhald. Munurinn er kannske sá, að það væri réttara að tala um, af því að Sjálfstfl. er sterkastur hér í Reykjavík, um Reykjavíkuríhaldið annars vegar og framsóknaríhaldið hins vegar. En það lítur út fyrir, að þessi tvö íhöld séu það, sem auðmannastéttin í Reykjavík fyrst og fremst treystir á til þess að geta hindrað, að verkalýðurinn geti verulega bætt sín kjör.

Þetta er viðvíkjandi launanum og þeirri mótsetningu, sem þar er í íslenzku þjóðfélagi, á milli auðvalds og launþega.

Við skulum taka annað svið, sem snertir það, sem auðvaldið græðir í sambandi við sína álagningu, græðir á neytendunum, verzlunarauðvaldið. Þar kemur gróðinn fram sem álagning á vöruna. Eðlilega berst verkalýðurinn fyrir því, að slík álagning sé yfirleitt sem lægst og ekki hvað sízt á þeim sviðum, þar sem vitað er að gróðinn hjá viðkomandi auðfélögum er mestur. Við þurfum ekki lengi að leita til þess að sjá, hver afstaðan hefur verið, t. d. þegar við vorum að berjast fyrir því að lækka olíuverðið. Hver var afstaða Framsóknar í verðlagsnefndinni? Á móti því, — halda í fyrir olíuhringana. Ég er hræddur um, að við höfum fengið alveg smjörþefinn af því, hvernig afstaðan er þannig, þegar verzlunarauðvaldið á í hlut hins vegar. Það hefur ekki skort samfylkinguna á milli S. Í. S. og stóru heildsalanna, þegar um þessa hluti hefur verið að ræða, inni í olíuhringunum sem utan þeirra.

Við skulum taka annað dæmi, þar sem þessar grundvallarmótsetningar í íslenzku þjóðfélagi eigast við hvað snertir skipulagninguna á þjóðfélaginu. Hv. 7. þm. Reykv. talaði um höftin og verðlagseftirlit og allt saman það í því sambandi. Það er rétt. Sjálfstfl. hefur haft og hefur þá stefnu, að það eigi að vera verzlunarfrelsi og frelsi til brasksins. Framsfl. hefur venjulega í þessum efnum verið með meira eða minna neikvæðum höftum, en aldrei getað hugsað sér að stíga það spor það langt að skipta sér af atvinnulífinu og verzlunarlífinu, að skipuleggja það meira eða minna með þjóðnýtingu. Hann hefur verið á móti áætlunarbúskap. Hann hefur t. d., þegar við höfum barizt fyrir því að reyna að fá fram þjóðnýtingu á olíuverzluninni, staðið á móti því. Þar var þó tækifæri til þess að brjóta á bak aftur einn af sterkustu hringum í landinu og meira að segja undir þeim kringumstæðum, að ríkið sjálft keypti alla olíuna, en átti bara að hætta við að afhenda hana alla saman í hendurnar á þessum hringum til þess að græða á því. Það sýndi sig, hvenær sem reyndi á það, hvort Framsfl. var til í að afnema það frelsi til brasks, sem auðmannastéttin vill viðhalda, að Framsfl. var á móti því. Hann var á móti því, að þjóðin sjálf tæki í sínar hendur slíka hluti eins og olíusöluna. Af hverju? Ég býst við, að okkur hv. 7. þm. Reykv. sé báðum jafnljóst af hverju. Þess vegna er þessi óskaplega barátta á móti auðvaldinu hjá Framsfl. í þessum efnum ákaflega einkennileg. Ég held, að ef hann meinti eitthvað um það, þá hefði hann átt að sýna það í vinstri stjórninni.

Ég skal viðurkenna, að það eru fleiri aðferðir en viðvíkjandi launanum, viðvíkjandi spursmálinu um álagningu á gróðann, viðvíkjandi skipulagningunni á þjóðfélaginu, þar sem reynir á um, hvers konar afstöðu menn taka viðvíkjandi því að bæta t. d. kjör vinnandi stéttanna, bæta kjör launþeganna, t. d. á kostnað auðvaldsins. Það er hægt að gera það með löggjöf. Það er hægt að gera það með löggjöf eins og tryggingalöggjöf. Við fórum fram á það, þegar vinstri stjórnin var mynduð, að við fengjum að gera verulegar endurbætur á tryggingalöggjöfinni. Það var sagt nei. Slíkt kemur ekki til mála.

Þegar við mynduðum stjórn með Sjálfstfl. 1944, fórum við fram á þetta sama, verkalýðsflokkarnir, og það fékkst fram. M. ö. o.: það virðist vera ákaflega fjarri því, að Framsfl. sé einhver mótpóll, sem alþýðan og launþegarnir í landinu geti treyst á í baráttunni við auðvaldið, þetta voðalega íhald í landinu. Meira að segja við sjálfan Sjálfstfl., sem Framsókn að ýmsu leyti réttilega telur þarna höfuðóvininn, þá tekst á tryggingasviðinu að komast að betri samningum en við Framsfl. Samt er það orðið svo núna, þegar t. d. elli- og örorkulífeyririnn er farinn að dragast þannig aftur úr, að á sama tíma sem laun hafa hækkað frá 1947 um 250 stig, þá hefur elli- og örorkulífeyririnn hækkað um 187 stig, þannig að þeir, sem bágast eiga í þjóðfélaginu, eru settir hjá, að samt fást ekki róttækar endurbætur.

Nei, sannleikurinn er sá, að í öllum þessum grundvallarátökum í íslenzku þjóðlífi, baráttunni um það, hvernig arðurinn eigi að skiptast, baráttunni um, hve mikið af því, sem vinnandi stéttirnar skapa, eigi að vera hjá þeim sjálfum og hve mikið eigi að fara til auðmannastéttarinnar, — í þessum grundvallarátökum milli launþegastéttarinnar, 75% Íslendinga, annars vegar og auðmannastéttarinnar hins vegar, þá stendur Framsfl. með auðvaldinu, ekki sem andstæðingur auðvaldsins. Framsfl. stendur ekki sem andstæðingur Sjálfstfl., heldur sem keppinautur hans í fésýslu, keppinautur, sem vill verða kumpáni hans í gróðanum á íslenzkri alþýðu. Þetta er inntakið í því, sem reynt er að dylja undir öllu því vinstra lýðskrumi, sem Framsfl. beitir öðru hverju. Það eru ekki tveir mótpólar, sem þarna eigast við, það eru tveir keppinautar, sem vilja vera kumpánar, en sem slást og eru að fiska á sömu miðunum, eru að skipta sama gróðanum. Gróðinn er skapaður af verkalýðnum og af launþegastéttinni, og það er ákveðinn hlutur og því verður að skipta, og þessir tveir flokkar slást um það, hvernig eigi að skipta því á milli þeirra, en þeir standa saman um að reyna að gera gróðann handa auðmannastéttinni sem mestan og skilja sem minnst eftir hjá verkalýðnum. Og það sýnir öll sagan síðustu 17 ár, að það eru tvö íhöld í þessu landi, ef við eigum að taka það þannig.

Það er Reykjavíkuríhaldið, Sjálfstfl., og Framsóknaríhaldið. Og við skulum athuga, hvernig þessi tvö íhöld hafa starfað saman síðustu 17 árin. En það er ætlunin hjá Framsfl. að reyna að láta reynsluna og söguna falla í dá, þannig að alþýða landsins muni ekki eftir því.

1942 voru það þessir tveir flokkar, íhöldin bæði, Framsóknaríhaldið og Reykjavíkuríhaldið, sem tóku höndum saman um gerðardóminn, sem átti að fyrirskipa það og tryggja það, að engin lífskjarabót yrði hjá íslenzkum verkalýð frá því, sem var fyrst á stríðsárunum, átti að tryggja það, að við byggjum við nákvæmlega sömu neyðina og fátæktina og við bjuggum þá, og við hefðum búið við það enn þá, ef við hefðum ekki brotið það á bak aftur.

Hvernig tók Framsfl. því, þegar okkur tókst að brjóta þetta á bak aftur með skæruhernaðinum gegn gerðardómslögunum, með samkomulaginu við Sjálfstfl. um kjördæmabreytinguna 1942, — hvernig tók Framsfl. því? Hvernig leit hann á þetta? Sætti hann sig við þetta, og vildi hann láta verkalýðinn sitja við þessi kjör, sem hann var búinn að skapa sér á árunum 1942—44? Máske ég rifji upp fyrir hv. 7. þm. Reykv. og öðrum þm. Framsfl., hver var þeirra afstaða þá.

Haustið 1944 var barátta á milli launþeganna og atvinnurekenda á Íslandi, á milli þessa Reykjavíkurauðvalds, sem Tíminn þykist vera svo mikið á móti núna, og verkamannanna. Hver var afstaða Tímans? Tíminn segir í ritstjórnargrein 21. júlí 1944, með leyfi hæstv. forseta: „Ef til andstöðu atvinnurekenda kæmi, mundu líka skapast verkföll og aukinn ófriður í þjóðfélaginu, sem yrði atvinnulífinu til mikils trafala. Þó er vafalaust, að slíkur ófriður væri þjóðfélaginu ekki skaðlegri en þetta algera undanhald atvinnurekenda í kaupgjaldsmálunum.“

Þetta var afstaða Tímans. Afstaða Framsfl. 1944 var sú að eggja atvinnurekendur til að standa sig nú á móti verkamönnum, vera nú ekki að láta undan verkamönnunum í verkföllunum, vera nú ekki að hækka kaupið, halda verkamönnunum niðri. Framsfl. hafði þá um nokkurt skeið tekið þátt í samningum fjögurra flokka um að mynda ríkisstjórn. 3. okt. fór Framsfl. út úr þeim samningum, hætti þátttöku í þeim. — Og á hvaða forsendum? Var það vegna þess, að Framsfl. þætti þeir samningar ekki stefna nógu dyggilega í þá átt að knésetja auðvaldið í landinu? Var það vegna þess, að Framsfl. þætti, að atvinnurekendur ætluðu sér allt of stóran hlut úr þeim samningum? Var það vegna þess, að Framsfl. langaði til þess að mynda stjórn, vinstri stjórn með verkalýðsflokkunum og knésetja auðvaldið? Nei, það var ekki vegna þess. Það var vegna þess að Framsfl. fannst Sjálfstfl. láta of mikið undan verkamönnunum og vilja taka of mikið tillit til þeirra. Og hvað gerði Framsfl. þennan dag, 3. okt. 1944, þegar hann fór út úr 12 manna nefndinni? Hann skrifaði Sjálfstfl. Hvað skrifaði hann Sjálfstfl.? Hann skrifaði honum, að þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., ættu að taka höndum saman og mynda ríkisstj. á Íslandi til þess að halda niðri kaupinu. Og hann taldi upp, hvað ætti að gera, og í öllum þessum liðum, sem átti að gera, var ekki eitt einasta atriði um, að það ætti að afla þjóðinni nýrra atvinnutækja, því að Framsfl. var á móti því. M. ö. o.: Framsfl. bauð Sjálfstfl. upp á að mynda harðvítuga afturhaldsstjórn á Íslandi til þess að hindra, að nokkur nýsköpunartæki yrðu keypt til landsins, og til þess að halda niðri kaupi verkalýðsins og brjóta verkalýðshreyfinguna á bak aftur. Og þegar Framsfl. tókst ekki að fá þessa íhaldsstjórn beggja íhaldanna og fékk nýsköpunarstjórnina í staðinn, lærði hann þá nokkuð? Nei. Það var rétt eins og í kjördæmamálinu, hann getur aldrei lært og engu gleymt. Þegar við vorum búnir að kaupa togarana, og þegar við skrifuðum Landsbankanum, þar sem Framsfl. réð, eins og hann löngum hefur gert, og þar sem hans aðalfjármálavitringur, Vilhjálmur Þór, núverandi aðalbankastjóri seðlabankans, var þá einn voldugasti bankastjórinn, þá lagðist Framsfl. á móti því, að 100 millj. kr. í íslenzkum peningum yrðu lagðar til hliðar til þess að gefa íslenzkum aðilum öðrum en ríkinu. Það var búið að kaupa togarana fyrir útlent fé, en það átti að fá færi á að dreifa þessum togurum út um landsbyggðina, til bæjarfélaganna. Framsfl. undir forustu síns aðalsérfræðings í efnahagsmálum, Vilhjálms Þórs, miðstjórnarmanns í Framsókn, barðist á móti því, að þetta yrði veitt. Það kostaði heilt ár, heils árs baráttu utan þings og innan, þangað til búið var að kúska þetta í gegn á móti vilja Framsóknar. Það var bankavaldið, sem hv. 7. þm. Reykv. meira að segja var nú að lasta, eins og mér hefur stundum orðið á hér í þinginu, það var bankavald Framsóknar, sem með því ætlaði að sýna, að það væri húsbóndinn á heimilinu, í íslenzka þjóðfélaginu, og fékk ekki að sýna það, varð að láta í minni pokann. Og hvað lærði Framsókn af því? Þennan sama mann, sem þá barðist harðvítugast á móti öllum nýsköpunarframkvæmdum, kúskaði hún í gegn að vinstri stjórnin setti sem aðalbankastjóra seðlabankans, nú þegar vinstri stjórnin var. (**BBen:** Var það ekki með samþykki þingmannsins sjálfs?) Það var með samþykki mínu, eins og allt, sem þá var gert, en ég var sá eini, sem varaði við, hvað af því mundi hljótast. Ég þekkti nefnilega manninn. Þannig hefur það verið. (Gripið fram í.) Ég hef lært af reynslunni og reynt að kenna Framsókn, en það hefur aldrei tekizt. En þegar menn eru búnir að vera svona lengi í skóla, þá ættu menn, ef þeir lesa sína lexíu nógu oft eða heyra hana nógu oft lesna, — þá ætti ofur lítið brot af henni að fara að komast inn í höfuðið, jafnvel á framsóknarmönnum. M. ö. o.: alla nýsköpun, allar þær kjarabætur, sem þá voru gerðar, varð að knýja fram á móti vilja framsóknarmanna. Og enn þá hefur Framsókn ekki áttað sig á því, að með því, sem þá var gert, var verið að leggja grundvöll að atvinnulífi Íslands og alveg sérstaklega að atvinnulífi dreifbýlisins. Enn þá eru þeir ekki búnir að skilja það.

Hvað gerðist svo? 1949 fóru fram kosningar. Framsókn var um nokkurt skeið búin að vera í samvinnu við Sjálfstfl., en hafði slitnað upp úr, og í kosningunum 1949 varð Framsókn ákaflega róttæk, alveg sérstaklega róttæk í Reykjavík. Maður skyldi jafnvel ætla, að hún hefði nú verið

farin að læra eitthvað, að hún væri bara farin að snúast á móti auðvaldinu, hefði nú séð, að allt þetta, sem hún gerði 1944 og þar á eftir, var bölvuð vitleysa af henni, og nú ætlaði Framsókn að sýna, hve róttæk hún væri, að nú skyldi hún sýna, að hún væri nú ekki bara bændaflokkur, nei, hún væri nú aldeilis flokkur fyrir Reykvíkinga. Og þá vissi hún, að það dugði ekki að tala eins og hv. þm. A-Húnv. (BP), þá varð hún að tala dálítið öðruvísi, og hún sendi einn af sínum duglegu áróðursmönnum hér út, Rannveigu Þorsteinsdóttur, og hún gaf yfirlýsingu í þeim kosningum, yfirlýsingu, sem að sumu leyti minnir ákaflega mikið á ræðu hv. 7. þm. Reykv. hér síðast, nema hvað hátindurinn í þeirri ræðu var enn þá hærri og glæsilegri. Henni lauk með þeirri yfirlýsingu Framsfl. hér í Rvík: „Ég segi fjárplógsstarfseminni stríð á hendur.“ Það var eins og hv. 7. þm. Reykv. vildi segja með sinni löngu og skýru ræðu, en tókst ekki að hnitmiða það allt saman í einu voldugu vígorði, eins og Framsfl. gerði þá: Ég segi fjárplógsstarfseminni stríð á hendur. — Og svo hófst stríðið. Það var stríð Framsfl. á móti auðvaldinu, á móti Sjálfstfl., sem var sérstaklegur fulltrúi auðvaldsins. Og það var nú meira stríðið. Þarna ruku þeir á þinginu t. d. út á vígvöllinn. Sjálfstfl. hafði myndað einn ríkisstjórn, og það var skellt vantrausti á ríkisstj. tafarlaust. Það átti nú ekki aldeilis að duga að hafa neina ríkisstj. með Sjálfstfl. Sjálfstfl. hafði lagt fram frv. um gengislækkun, annað eins óféti í þágu auðvaldsins í landinu, og Framsfl. sagði nei: nú er ekki að tala um. Þessi Sjálfstfl.-stjórn verður að falla. Nú átti auðvaldið að fá að sjá það, nú átti þjóðin að fá að sjá, hver var höfuðandstæðingur Sjálfstfl., hverjum mátti treysta, hverjum alþýðan mátti treysta í baráttunni við auðvaldið. Og svo féll stjórn Sjálfstfl. Og hvað gerðist? Framsfl. og Sjálfstfl. féllust í faðma. Þar var fyrsta stórorusta, sem var háð á móti fjárplógsstarfseminni. Og um hvað féllust þeir í faðma? Sneri kannske Framsfl. Sjálfstfl. alveg til liðs við sig, lét hann bara falla frá gengislækkun og öllu mögulegu slíku? Nei, Framsfl. tók frv. Sjálfstfl. um gengislækkun og samþykkti það með húð og hári, gleypti það.

Einn forustumaður Framsfl. sagði hér í gamla daga stundum: Sagan endurtekur sig. — Það skyldi þó aldrei vera, að stríðið á móti fjárplógsstarfseminni ætti að standa í kosningunum í haust og eftir kosningarnar ætti að fella gengið með sjálfstæðismönnum, fyrst þeir ekki fengu það í gegn að fella gengið með okkur? Og hvað var svo gert næst, þegar búið var að fella gengið? Hv. 7. þm. Reykv. talaði um það í sinni ræðu, þegar hann var að lýsa hinni ljótu stefnu Sjálfstfl., að Sjálfstfl. vildi meira að segja afnema verðlagseftirlitið, þetta væri aldeilis voðalegur flokkur. En þá var það eitthvað annað með þessa flokka, sem eru að slást á móti fjárplógsstarfseminni? Hvað gerðu Framsfl. og Sjálfstfl., þegar þeir féllust í faðma í þessari ríkisstj. í baráttunni á móti fjárplógsstarfseminni? Þeir afnámu verðlagseftirlitið nokkurn veginn, þeir skópu mesta stórgróða, sem verzlunarauðvald á Íslandi hefur nokkurn tíma þekkt, m. ö. o.: þeir framkvæmdu stefnu Sjálfstfl., sem hv. 7. þm. Reykv. var að tala á móti hérna áðan. Og hefur Framsfl. nokkurn skapaðan hlut lært af því, er hann eitthvað á móti því núna? Hvað segir hv. þm. A-Húnv.? Jú, þá gekk vel, þegar þeir voru búnir að ná þarna höndum saman og fallast í faðma og afnema verðlagseftirlitið, framkvæma þessa ljótu stefnu Sjálfstfl., — já, þá gekk vel, segir hin nýja rödd Framsfl. á Alþ.

Hvað gerðist meira? Hv. 7. þm. Reykv. talaði um það í sinni ræðu, að Sjálfstfl. hafi meira að segja verið svo vondur, að hann vildi afnema höft, og það væri svo sem ekki betra, sem hann vildi setja í staðinn, það væri bara ótætis bankahöft og alls konar bankavald og annað slíkt og það yrði nú ekki betra, að það hyrfi frá innflutningsnefndinni og til hans Vilhjálms eða einhverra annarra niður frá. Hann sagði það nú ekki, en ég bætti því við.

Hvað gerðu Framsfl. og Sjálfstfl., þegar þeir tóku þarna höndum saman? Þeir afnámu þessi höft að meira eða minna leyti, þeir gerðu bankana enn þá voldugri. M. ö. o.: Framsfl. er staðinn að því að framkvæma stefnu Sjálfstfl., sem hv. 7. þm. Reykv. dregur upp sem grýlu, og hv. þm. A-Húnv. segir, að einmitt þegar Framsfl. framkvæmir stefnu Sjálfstfl., þá gangi allt vel.

Svona var nú um þessa baráttu á móti fjárplógsstarfseminni á þessum sviðum, sem hv. 7. þm. Reykv. var sérstaklega að koma inn á, verðlagseftirlitið, höftin og annað slíkt. En hvernig var það á öðrum sviðum, sem hv. 7. þm. Reykv. minntist ekki á? Hvernig var staðið á móti fjárplógsstarfseminni t. d. í áburðarverksmiðjunni? Þá tóku þessir flokkar höndum saman um það að reyna að stela áburðarverksmiðjunni frá ríkinu og gefa nokkrum einstökum hluthöfum tugmilljóna gróða á kostnað ríkisins og kostnað bænda. Og Framsfl. hefur gengið fram fyrir skjöldu í því og ekki fengizt til að breyta því enn þá.

Máske kom þó stríðið, sem Framsfl. lýsti yfir gegn fjárplógsstarfseminni 1949, skýrast í ljós á Keflavíkurflugvelli. Þar átti fjárplógsstarfsemin eftir að komast í algleyming. Þar átti sem sé íhaldið að fá að sitja eitt að þessu, ef það eitt átti að mega ata sig út á svona ljótum hlut eins og fjárplógsstarfsemi. Hvað gerði þá Framsfl.? Hann sagði, að um fjárplógsstarfsemina á Keflavíkurflugvelli yrði að hafa helmingaskipti. Og hvað gerði meira að segja Samband ísl. samvinnufélaga, sem vissulega á að berjast á móti auðvaldi í landinu, — hvað gerði það? Var meira að segja myndað kannske sérstakt hlutafélag, til þess að Framsfl. gæti orðið þátttakandi í fjárplógsstarfseminni á Keflavíkurflugvelli, svo að það bættist ofan á alla fjárplógsstarfsemina viðvíkjandi olíunni, þar sem helmingaskiptin héldu áfram og höfðu verið áður? M. ö. o.: ef einhver vildi efast um, að það, sem ég sagði hér áðan, um að Framsfl. væri ekki andstæðingur Sjálfstfl. eða auðvaldsstefnunnar í landinu, heldur keppinautur í því, þá þarf hann ekki annað en líta á starfsemina í olíufélögunum eða hjá hernámsfélögunum á Keflavíkurflugvelli, til þess að sjá ist, hvernig Framsfl. slæst sem keppinautur við Sjálfstfl., m. a. um atkvæðin í landinu, til þess að

standa betur að vígi til þess að keppa við hann í fésýslunni og til þess að geta náð helmingaskiptum við hann um gróðann, sem auðvaldið í landinu hefur af verkalýðnum, þ. e. að keppa við Sjálfstfl. til þess að verða kumpáni hans í því að njóta þess gróða, sem íslenzkur verkalýður skapar. Er það þessi stefna, sem fólkinu í dreifbýlinu er ætlað að fylkja sér um, myndun þessara gróðafélaga, þessi fjárplógsstarfsemi, þessi helmingaskipti?

Það er hægt að reyna að segja kannske einhverju ungu fólki, sem aldrei hefur fylgzt með í íslenzkum stjórnmálum, að Framsfl. sé einhver mótpóll í þessum efnum. Það er jafnvel hægt að reyna að telja saklausu sveitafólki trú um slíkt, sem aldrei hefur lesið neitt nema Tímann. En það er ekki hægt að segja það við nokkurn mann, sem fylgzt hefur með í stjórnmálum Íslands á síðustu áratugum, að Framsfl. sé eitthvað, sem alþýða landsins geti treyst í baráttunni við það ríka og volduga auðvald Reykjavíkur. Til þess er Framsfl. of ánetjaður því auðvaldi. Til þess er Framsfl. of mikill keppinautur við ákveðna auðmannahópa hér, of mikill kumpán vissra auðmannahópa og allur saman fyrst og fremst hugsandi um það að ná sem beztri aðstöðu í þessari fésýslu. Það er sú spilling, sem orðið hefur í Framsfl. og samvinnuhreyfingunni, sem ég hins vegar veit að fjöldinn allur af framsóknarmönnum og þeir, sem Framsókn fylgja úti um allt land, eru ónæmgðir með, vegna þess að þetta er fjarri þeim hugsjónum, sem Framsfl. reynir að flagga með á hátíðar- og tyllidögum eða fyrir kosningar. Þess vegna þýðir það lítið fyrir hann að koma nú 10 árum eftir kosningarnar 1949, 10 árum eftir að Framsfl. lýsti yfir stríðinu á móti fjárplógsstarfseminni, og fara að endurtaka þann skrípaleik fyrir okkur. Það þýðir ekki. Við vitum, hvernig það stríð fór. En þó að Framsfl. gæfist upp í því stríði, þó að hann í staðinn fyrir að segja fjárplógsstarfsemi auðmannastéttarinnar stríð á hendur gæfist upp og gerðist þátttakandi í stríði fjárplógsmannanna á móti alþýðu landsins, þá gáfust ekki allir upp. Verkalýðurinn í landinu barðist. Hann reis upp 1955 til þess að reyna að ná í sinn hluta nokkru af því, sem stolið hafði verið af honum á 8 árum á undan, þ. e. frá 1947 höfðu kjör verkalýðsins lækkað um hér um bil 20%, og hann reyndi með verkföllunum 1955 að ná einhverju af þessu aftur. Hver var afstaða Framsfl. þá? Nákvæmlega eins og Sjálfstfl., á móti verkalýðnum. Þeir, sem hafa staðið í baráttunni á móti auðmannastéttinni á Íslandi, þeir, sem fara af stað í þeirri baráttu að reyna að ná einhverju meira af því, sem 75% launþeganna á Íslandi skapa, yfir til launþeganna sjálfra frá auðmannastéttinni, þeir vita, hverju þeir eiga að mæta í þeirri baráttu og hvernig Sjálfstfl. og Framsfl. standa saman, þegar sú barátta verður hörðust.

Nú geta menn svo sagt: 1956 hætti þó samvinnan, hættu helmingaskipti á milli Framsóknar og íhalds, og Framsfl. tók upp samstarf við verkalýðsflokkana. Og þá fékk hann tækifæri til sinnaskipta. Ef hann hefði meint eitthvað með öllu því, sem hv. 7. þm. Reykv. var að segja, þá hafði hann tækifærið nú undanfarin 2½ ár til að sýna, hvílíkur andstæðingur auðvaldsins hann var, hvernig hann vildi hnekkja þessu Reykjavíkurauðvaldi, — og hvað gerðist? Framsóknaríhaldið hindraði í vinstri stjórninni allar aðgerðir, sem hefðu orðið til þess að gera auðvaldið í Reykjavík veikara. Það mátti ekki snerta við því. Þegar við lögðum til að þjóðnýta þó nokkuð mikið, taka upp ríkisverzlun og taka mikið af heildverzlun, innflutningsverzlun til Íslands, úr höndum þeirra stóru heildsala hér í Reykjavík, hvað var þá viðkvæðið hjá Framsfl.? Nei, það mátti ekki snerta við þessu, meira að segja ekki olíunni, sem er sérstakur hluti af innflutningi til Íslands, sem ríkið kaupir sjálft inn, að ríkið fengi að halda henni og hafa heildverzlun á henni. Það hefði verið dálítið högg fyrir olíuauðvaldið í Reykjavík. Hvað sagði Framsfl.? Ekki snerta við því. Það mátti ekki veikja auðvaldið. Af hverju? Af því að helmingaskiptin milli Framsóknar og Sjálfstfl. héldu áfram, jafnt meðan vinstri stjórnin var í stól og Framsfl. stóð trúan vörð um gróða og hagsmuni auðmannastéttarinnar, um vald hennar, um ráð hennar yfir innflutningnum, um vald hennar yfir stóratvinnutækjunum. Afstaða Framsóknaríhaldsins breyttist ekkert á þessu sviði. Afstaðan til þess að vernda auðvaldið og þess hagsmuni var eins og áður: Helmingaskiptin á bak við tjöldin við það voru söm og áður. Og ekki nóg með það, meira að segja þar, sem við hefðum þó þurft að gera stóra hluti, sem hefðu komið öllum Íslendingum og allri þjóðinni til góða, eins og að kaupa þá 15 stóru togara, meira að segja þar bilaði Framsfl.

Svo að ég víki aftur að því, sem hv. 7. þm. Reykv. kom inn á, að Sjálfstfl. væri svo vondur, að hann vildi nú setja bankahöftin í staðinn fyrir höftin uppi á Skólavörðustíg, þá komumst við heldur ekki lengra með Framsfl. í því að reyna að hafa áhrif á og nota fé þjóðarinnar þannig, að það væri skynsamlegast fyrir þjóðina í heild. En í staðinn fyrir að koma upp áætlunarráði og áætlunarbúskap í landinu til þess að reyna að stjórna af viti okkar þjóðarbúskap, þá kúskar Framsfl. það í gegn, að eina raunverulega breytingin, sem gerð er á bankamálunum, er að gera Vilhjálm Þór að hálfgerðum einræðisherra.

Og svo, eftir að hafa staðið meira og minna á móti öllu því, sem var nauðsynlegt að gera á móti auðvaldinu í Reykjavík, hvernig endar þá Framsfl. sinn feril í þessari ríkisstj.? Endar hann með því að segja að lokum auðvaldinu stríð á hendur og ganga svo róttækt og djarft fram, að við höfum ekki þorað að fylgja honum eftir, þannig að þjóðin geti nú sannfærzt um héðan af, að Framsfl. einum sé treystandi til baráttu við auðvaldið? Endaði vinstri stjórnin þannig, að Framsfl. gerðist svo róttækur? Ónei, hún endaði ekki þannig. Hún endaði þannig, að Framsfl. gekk fram fyrir skjöldu Reykjavíkurauðvaldsins og gerði þá kröfu til verkalýðsins og launþeganna á Íslandi, að launin væru skorin niður með lögum um 8%. Þegar verkalýðsflokkarnir vildu ekki taka þessu, þá var stjórnarsamvinnunni slitið tafarlaust, stjórnarsamningurinn rofinn og allt svikið, sem ekki hafði verið efnt í honum.

Hvernig var hitt íhaldið? Þegar Framsóknarihaldið klauf vinstri stjórnina á kröfu um 8% launalækkun, hvað sagði þá Sjálfstfl., þegar hann fór að tala við okkur um stjórnarmyndun? Jú, hann bauð upp á bara 6%. Sjálfur aðalfulltrúi Reykjavíkurauðvaldsins var þetta — ja, hvað eigum við að segja — billegri í kröfunum til niðurskurðarins hjá verkalýðnum heldur en Framsókn. Framsókn var þetta dyggari fulltrúi þeirra harðsvíruðustu atvinnurekenda í landinu, að hún vildi ganga lengra gagnvart verkalýðnum en Sjálfstfl. lagði til að ganga á eftir. M. ö. o.: bæði voru íhöldin sammála um þetta tvennt, Reykjavíkurihaldið og Framsóknarihaldið, sammála um þetta tvennt: launin áttu að lækka, launin átti að skera niður, en við heildsalagróðanum mátti ekki snerta, við olíugróðanum mátti ekki snerta.

Nei, það þýðir ekki að koma til okkar og ætla að segja: Framsfl. er sá mikli mótpóll í þjóðfélaginu við Sjálfstfl. Í þeim grundvallarmótsetningum, sem eru í íslenzku þjóðfélagi, þar sem auðmannastéttin stendur annars vegar með gróðann og auðinn og verkalýðurinn hins vegar, sem skapar auðinn og gróðann með sinni vinnu, þá hefur Framsfl. sýnt það allan þennan tíma, að hann hefur jafnt og Sjálfstfl. staðið með auðvaldinu á móti verkalýðnum. Við höfum stundum getað samið við þessa flokka á víxl. Þannig hefur helzt verið hægt að fá eitthvað gott fram í þjóðfélaginu. En þegar við höfum samið um og staðið saman, þá hefur það verið hvað bölvaðast fyrir íslenzka þjóð, enda segir þá hv. þm. A-Húnv.: Ágætt, gekk vel.

Ég held þess vegna, að reykvísk alþýða sé búin að heyra nóg af því, hvernig Framsfl. segi fjárplógsstarfseminni stríð á hendur og heyi það stríð. Ég held, að við 10 árum eftir Rannveigargrátinn ættum ekki að fá að heyra það allt saman aftur. Hitt kann vel að vera, að það séu ýmsir menn innan Framsfl., sem vilja heyja það stríð. Þá er bezt fyrir þá að byrja á því stríði innan Framsóknar. Það er þar, sem ánetjunin við auðvaldið í Reykjavík er. Það er þar, sem tengslin eru. Það er bezt fyrir þá menn innan Framsfl. og hans fylgjendur, sem vilja berjast á móti auðvaldinu á Íslandi, að byrja sína baráttu í Framsfl. sjálfum. Með þeirri stefnu, sem verið hefur ráðandi þar í 17 ár og raunar lengur, þá er auðséð, hvernig fer, á meðan þeim mönnum, sem þar hafa haft forustu og ráðið úrslitum, er ekki bylt frá völdum þar. Ég hef sagt það hér áður, og ég minni á það enn, að hverja einustu stjórn sem Framsfl. í yfir 20 ár hefur myndað með verkalýðsflokki eða verkalýðsflokkum í landinu og jafnvel þótt Sjálfstfl. hafi verið í þeirri stjórnsetu líka, allar slíkar stjórnir hefur Framsfl. sprengt á því að heimta gerðardóma í einu eða öðru formi gegn verkalýðshreyfingunni eða lögbjóða launalækkanir. Allar saman hefur hann sprengt þar. Og það er bezt fyrir þá framsóknarmenn, sem jafnvel sjálfir kynnu að trúa því núna, að Framsfl. væri að ganga í einhverja endurnýjun lífdaganna, að gera upp sakirnar gagnvart þessum flokki og við þá foringja Framsóknar, sem þessari pólitík hafa stjórnað.

Ég held þess vegna, að Framsfl., sem hefur fengið nokkuð mikið að hafa orðið einn hér í þessum umr. og kannske verið farinn að telja sjálfum sér trú um, að það væri hægt fyrir hann að gleyma sinni fortíð og fá þjóðina til að gleyma henni, — ég held, að hann verði að vakna upp við vondan draum, hann verði að líta í sinn aldarspegil og sjá, hvernig hann lítur sjálfur út, og sjá, hvernig hann hefur gert, hvernig hann hefur farið að á undanförnum áratugum, og fyrr en hann gerir iðrun og yfirbót í því efni, þá munu menn ekki trúa honum.

Ég sagði, að grundvallarmótsetningin í íslenzku þjóðlífi væri á milli auðmannastéttarinnar annars vegar og launþeganna, fyrst og fremst verkamannastéttarinnar, hins vegar. Það samsvarar því líka, að grundvallarmótsetningarnar í stefnum í íslenzku þjóðfélagi eru milli auðvaldsskipulagsins eða kapítalismans annars vegar og sósíalismans hins vegar. Og hvernig sem við reynum að loka okkar augum fyrir þessu, þá komumst við aldrei hjá því. Það er ekki til neins eins og strúturinn að stinga höfðinu í sandinn og halda, að hann sjái ekki, hvað það sé, sem gerist í kringum hann.

Það er rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að Sjálfstfl. segist vilja stefna að frjálsri verzlun. Ég veit ekki, að hve miklu leyti hann meinar alvöru með því. Frjálsa verzlunin er orðin allgamaldags fyrirbrigði, og víðast hvar innan auðvaldsskipulagsins sjálfs eru það voldugir auðhringar, sem risið hafa upp, sem meira eða minna hafa troðið þá gömlu frjálsu samkeppni niður. Það má náttúrlega hver hafa sína trú í slíku og reyna að berjast fyrir því. Mín skoðun er sú, að með svokallaðri frjálsri verzlun mundum við Íslendingar aðeins bíða stórfellt tjón.

Framsfl., eins og hv. 7. þm. Reykv. vildi láta líta út, hefur verið að vísu á annarri skoðun en Sjálfstfl. þarna, en hjá Framsókn hefur þetta takmarkazt við neikvæð höft, við það að hafa eftirlit með verzluninni meira eða minna skriffinnskukennt, meira eða minna hlutdrægt, meira eða minna óskynsamlegt, en stundum e. t. v. sem ofur lítið vit var í.

Það, sem við sósíalistar eða við Alþb.-menn viljum í þessum efnum, er jákvæð, skapandi skipulagning í atvinnulífinu og verzlunarlífinu, áætlunarbúskapur þjóðarinnar, þar sem hugsað sé fyrir fram um, að hverju eigi að einbeita hennar kröftum, m. a. hennar fjárfestingu. Við viljum ekki stjórnleysi á athafna- og verzlunarsviðinu, og þar erum við að vísu í algerri mótsetningu við Sjálfstfl.

Engu að síður skal ég ekki neita Sjálfstfl. um það, að hann hefur, þegar mikið hefur legið við, tekið tillit til þessara skoðana, tekið tillit til þeirra sterku raka, sem í þeim felast. Hann gerði það hér á árunum t. d. með stofnun nýbyggingarráðs á sinni tíð. Eitt af þeim fyrstu verkum, sem gert var, eftir að Framsókn og Sjálfstfl. tóku höndum saman, var að afnema allt slíkt. Við héldum því fram, að í vinstri stjórninni hefðum við átt að stýra að þessu, og það er eitt af stefnumálum bæði Alþfl. og Sósfl. og hefur verið á kosningastefnuskrá Alþb. að berjast fyrir slíkum áætlunarbúskap. Gagnvart Framsfl. var aldrei við þetta komandi. Það mátti ekki hugsa þessa

hugsun út, hvernig íslenzk þjóð gæti bezt búið að sínum auðlindum, hvernig bezt væri hægt að hagnýta þessar auðlindir, hvernig bezt væri hægt að byggja upp m. a. stórrekstur um allt Ísland, sem gerði landið sem byggilegast fyrir þá, sem í því búa, en gæfi þeim um leið líka sem bezt kjör. Þessu var alltaf neitað. Ég skal viðurkenna, að í þessari hugmynd eru sósíalistísk áhrif, en áhrif, sem eru orðin það sterk, ekki bara hér heima hjá okkur á Íslandi, heldur líka meira eða minna um allan heim, að jafnvel þótt eitt þjóðfélag starfi áfram á borgaralegum grundvelli, á grundvelli auðvaldsskipulags, þá reyna menn, ef menn hafa einhverja forsjálni, og þá sérstaklega hjá smáum þjóðum, þá reyna menn að taka upp meira eða minna af slíkum áætlunarbúskap, til þess að lítil þjóð, ekki síst ef hún væri fátæk, gæti hagnýtt það fé, sem hún hefur yfir að ráða, og það vinnuafl, sem hún hefur yfir að ráða, þannig að allt hagnýtist sem bezt, — svo að maður tali í líkingum, eins og hv. þm. A-Húnv. var með hér áðan, að hún reyndi að búa vel á sinni jörð, á sinni fósturjörð, að hún reyndi að hafa yfirsýn yfir allan sinn búskap, en væri ekki eins og bóndi, sem ekkert vissi, hvað vinnumennirnir væru að gera úti á engjum, þegar aðrir væru eitthvað að vinna heima á túni. Það er þetta, sem íslenzku þjóðina hefur sérstaklega vantað. Það eru spor áfram í þessa átt, sem þyrfti að stíga og vinstri stjórnin því miður bar ekki gæfu til að stíga, þó að margt gott hefði hún gert, en meira, ef Framsfl. hefði ekki verið svo sterkur í henni, að þótt hann hefði þá lægsta atkvæðatölu af þeim þrem flokkum, sem að henni stóðu, að nafninu til, þá hafði hann flesta þm. og vildi í krafti þess alltaf fá að ráða og réð of miklu. Ég varaði Framsfl. við því, einmitt sérstaklega vorið 1958, að beita ekki þessu valdi sínu af þröngsýni og heimsku, heldur sýna forsjálni og tillitssemi, og ég var áður búinn að vara forustumenn Framsóknar við slíku utan þingsins. En það var þá eins og oftar, að þessir forustumenn Framsóknar báru ekki gæfu til þess að læra neitt af sínum gömlu misfellum, hvorki í sambandi við kjördæmamálið né önnur mál. Þeir báru ekki gæfu til þess að taka neitt tillit til aðvarana og ábendinga, sem þeim voru gefnar af góðum hug, og mér dettur í hug, fyrst hv. þm. N-Þ. (GíslG) kemur hér inn, það, sem hann sagði, þegar hann var að kvarta hér um, hvað þeir þrír flokkar, sem standa saman að kjördæmabreytingunni núna, tækju lítil tillit til Framsóknar nú. Hann sagði: Ég skil ekki þessa óbilgirni. — Ja, ég verð að segja það: Ég skildi oft ekki þessa óbilgirni hjá Framsókn á tíma vinstri stjórnarinnar, því í ósköpunum þessi flokkur hafði ekki þó a. m. k. vit til þess að slaka til gagnvart verkalýðsflokkunum, þó að hann hefði kannske ekki mikinn vilja. Framsfl. hafði tækifæri til þess að sýna, að hann væri laus við slíka óbilgirni, en hann gerði það ekki. Hv. þm. N-Þ. talaði um það núna í sambandi við afgreiðslu á kjördæmamálinu, að það væri ekkert reynt til samkomulags. Það var nú eitthvað annað, þegar við vorum að reyna samkomulag við Framsfl. um kjördæmamálið. Í tvö og hálft ár hafði Framsfl. möguleika til að ganga að samkomulagi. Hann hafði verið beðinn um og það hafði verið brýnt fyrir honum, hvað það væri nauðsynlegt að gera þetta, strax í júlí 1956, þegar vinstri stjórnin var mynduð. Hvað gerir Framsfl. allan tímann? Ja, hann gerir einmitt það, sem hv. þm. N-Þ. var að ásaka okkur, þessa þrjá flokka, sem standa að stjórnarskrárbreytingunni, fyrir, hann reyndi ekkert til samkomulags.

Sannleikurinn er sá: samkomulag var einmitt reynt við Framsfl. í kjördæmamálinu. Ég veit ekki betur en Sjálfstfl. hafi meira eða minna reynt að semja við hann í mörg ár, og hv. þm. A-Húnv. var að segja það einmitt hér áðan, að það hafi nú eiginlega verið meiri klaufarnir, þessir forustumenn Framsóknar, að semja ekki við Sjálfstfl. þá. Og hvað gerist svo? Þegar þeir tveir ná ekki samningum, hefur Framsfl. möguleika til þess að semja við okkur og Alþfl. í 2½ ár. Nei, það væri synd að segja, að það hefði ekkert verið reynt til samkomulags. Framsfl. hefur aldeilis haft möguleika til samkomulags í þessum hlutum. En Framsfl. bara skilur aldrei nein tímanna tákn og tekur aldrei tillit til neinna aðvarana, lærir aldrei neitt af neinu, sem gerist, heldur hagar sér eins og einhver forréttindaaðall, sem getur setið endalaust, þannig að eitt atkvæði hans fylgjenda gildir eins og þrjú annarra. En það er ekki hægt í þjóðfélagi, sem stefnir í átt til lýðræðis, það er ekki mögulegt.

Þess vegna var það ekki óbilgirni, sem var sýnd af okkar hálfu í þessu. Það skorti ekki á, að það væri reynt samkomulag. Framsfl. sleppti öllum tækifærum til samkomulags á þeim tíma, sem hann hafði skriflega skuldbundið sig til þess að gera þetta samkomulag og ljúka þessu máli. Þess vegna er það fyrir þá framsóknarmenn, sem eru óánægðir með sína foringja, eins og mér heyrðist jafnvel hv. þm. A-Húnv. vera, að gera upp sakirnar við þá, að hafa ekki svona klaufa fyrir foringja áfram, svo að ég noti orðin, sem hv. þm. A-Húnv. notaði, þegar hann var að tala um klaufaskap Framsóknar. Hann notaði að vísu miklu sterkari orð í Austur-Húnavatnssýslu.

Því segi ég það: Sú stefna, sem Framsókn hefur framkvæmt á undanförnum áratugum, er ekki stefna fyrir alþýðuna í dreifbýlinu til þess að sameinast um. Fyrir framsóknarmennina, þá, sem eitthvað meina með því að segjast vera til vinstri, er vissulega tími til kominn að sýna það í verki, að þeir meini eitthvað alvarlegt með slíku, meini eitthvað meira en að láta argasta afturhaldið í Framsókn nota sig í kosningum til þess að reyna að blekkja fólkið, til þess að segja fyrir kosningar fjárplógsstarfseminni stríð á hendur og margfalda svo fjárplógsstarfsemina með Sjálfstfl. eftir kosningar.

Ég efast ekki um, að það séu ýmsir framsóknarmenn, sem meina það alvarlega að vilja berjast við auðvald og auðvaldsskipulag. Þá eiga þeir að snúa sér að framsóknarhaldinu. Það eru hæg heimatökin, bezt að byrja þar og láta ekki Framsfl. þá oftar fá tækifæri til þess að eyðileggja vinstri stjórnir á Íslandi og vera niðurdrep fyrir vinstri stefnu.

Björn Pálsson: Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) hélt hér langa ræðu áðan. Það er ef til vill ekki

mikil ástæða til að svara mörgu af því, sem þar kom fram. Örfáum atriðum vildi ég þó svara.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur lagt á það mikla áherzlu, að með þeirri kjördæmaskipun, sem verið hefur, hefðu verkamenn minni atkvæðisrétt en aðrir, það þyrfti 3 verkamenn á móti einum kaupfélagsstjóra. Þetta er ekki að öllu leyti rétt skilið. Það lítur út fyrir, að hv. 3. þm. Reykv. áliti, að verkamenn séu eingöngu hér í Reykjavík. En ef þetta er athugað, kemur í ljós, að svo er ekki. Það eru ef til vill hvergi á landinu færri prósent af verkamönnum, miðað við fólkstölu, heldur en einmitt hér í Reykjavík. Hér er mikill hluti af fólkinu skrifstofufólk og embættismenn, en úti á landsbyggðinni er þetta ekki þannig. Ef við komum í sjávarþorp, má heita, að hver maður sé verkamaður. Annars má deila um, hvað á að kalla verkamenn og hvað ekki verkamenn. Ef það eru taldir verkamenn, sem vinna líkamlega vinnu, þá eru allir bændur verkamenn. Og það er nú svo komið, að flestir bændur eru einyrkjar, þeir eru í raun og veru ekkert annað en verkamenn. Hygg ég, að snúa mætti þessum staðhæfingum hv. 3. þm. Reykv. alveg við, þannig að verkamennirnir eru fyrst og fremst úti á landinu. Það er þar, sem aðalframleiðslan í þjóðarbúið fer fram. Þessi röksemdafærsla er því alveg öfug.

Ég lýsti því áðan, að í Noregi skilur jafnaðarmannastjórnin, að það er önnur aðstaða fyrir þá, sem eru í dreifbýli en borgum. Jafnaðarmenn hafa verið þar í hreinum meiri hluta og álita rétt að hafa tvöfalt fleiri íbúa í Óslóborg bak við hvern þingmann heldur en í sveitunum. Og kjördæmaskipunin er þannig, að þar, sem stórar borgir eru í kjördæmunum, er tekið tillit til þess, þannig að þar séu færri atkvæði á bak við hvern þingmann, t. d. í Þrændalögum og annars staðar þar, sem þéttbýlt er, heldur en þar sem strjálbýlt er, eins og í Norður-Noregi. Þetta skilur verkamannastjórnin norska.

Hv. 3. þm. Reykv. talaði heilmikið um auðvald og arðrán. Hann talar alltaf um þetta, þegar hann heldur ræður. En ég vildi aðeins benda á það, að flokkur hans var í ríkisstj. frá 1944 til 1946, og aldrei hafa dafnað betur heildsalar og braskarar en þá.

Hv. þm. heldur því fram, að menn verði ríkir hér af því, að kaupið sé of lágt, og hann var að tala um það, að ef kaupið væri hækkað um 3%, legðu atvinnurekendurnir sig betur fram og þetta væri fundið fé. En þessu er bara ekki þannig varið. Það hefur gengið þannig til hér á landi, að alltaf er verið að hækka kaup, en verðgildi krónunnar hefur bara minnkað jafnmikið. Menn hafa ekki orðið ríkir hér á landi á því, að þeir hafi grætt á heilbrigðum atvinnurekstri. Þeir hafa orðið ríkir af verðbólgunni og af alls konar braski, ekki af því að reka heiðarlega atvinnu. Þeir einu, sem græða á verðbólgu, eru braskarar. Það eru þeir, sem ráða yfir fjármagni til þess að kaupa eignir og láta þær svo hækka í verði. Ríkustu menn þjóðarinnar hafa fyrst og fremst grætt á þessu.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur ekki viljað gera raunhæfar ráðstafanir til þess að stöðva verðbólguna. Það var óhjákvæmilegt eftir verkfallið 1955 að gera jafnaðarmenn og Alþb. ábyrg. Þetta var það, sem Framsfl. vildi, þess vegna myndaði hann stjórn með þessum flokkum. Nokkur hluti af Alþb. vann að þessu af heilum hug, og í fyrstu gerðu þeir raunhæfar ráðstafanir, þannig að verðbólgan varð stöðvuð. Allan þann tíma, sem þeir voru í stjórn, hækkaði vísitalan ekki nema um 7 stig, eða úr 178 í 185. Þetta mátti heita viðunanlegt. Það skal játað, að þessi stjórn gerði á margan hátt stórvirki. Við getum t. d. tekið efnahagsuppbygginguna í sjávarþorpunum. Það er staðreynd, að fólkinu í sjávarþorpunum hefur aldrei liðið betur. Fólkinu var hjálpað til að byggja frystihúsin, og því voru útvegaðir bátar, þannig að atvinnulífið var í fullum gangi og velmegunin óx. Sama er að segja um rafmagnsmálin. Það var lögð mikil áherzla á að dreifa rafmagninu út um landið. Þetta er í raun og veru frumskilyrði til þess, að fólkið uni í sveitinni. Sama er að segja um landhelgismálið. Það er eitt mesta stórmál þjóðarinnar, og því var hrundið í framkvæmd þá. Og þó að Bretar veiði enn þá í landhelgi, þá eru það algerir smámunir, miðað við það, sem áður var, þannig að landhelgin er þegar farin að gera mikið gagn. Þetta ber að þakka, og þetta ber að meta. Ég er sannfærður um, að það var auðvelt fyrir þessa flokka að stjórna áfram og halda verðbólgunni í skefjum, ef viljinn var einlægur. En hann var bara ekki til staðar. Á þingi verkalýðssamtakanna hélt t. d. 1. landsk. þm. (HV) ræðu, þar sem hann skýrði algerlega raunhæft frá því, hvað gera þyrfti til þess að halda verðbólgunni í skefjum. Við, sem hlustuðum á þessa ræðu, — því að henni var útvarpað, — við álitum, að hann hefði einlægan vilja til þess, að þetta yrði framkvæmt. En í framkvæmdinni var það þannig, að flokkurinn sem slíkur vildi ekki standa að þessum till., sem hv. 1. landsk. þm. gerði. Verðbólgan var þess vegna í örum vexti. Og fyrir forsrh., Hermann Jónasson, var ekki nema um tvennt að velja, annaðhvort að ganga út í fenið eða segja af sér. Og hann tók þann kostinn, hann lét ekki leiða sig út í fenið. Og í raun og veru er það ekki nema þakkarvert. Nú er búið að leika þennan leik. Verkalýðsleiðtogarnir úti um land gera auknar kröfur og þeir fara fram á hærra kaup. En svo hafa jafnaðarmennirnir lýst því yfir, að það hafi verið of langt gengið, og með lagafyrirmælum var kaupið lækkað. Þetta er ekki nema hlægilegur skrípaleikur. Einstök verkalýðsfélög gera kaupkröfur, fá hækkað kaup. Svo kemur ríkisvaldið og lækkar það með lögum. Þetta er afar frumleg leið og athyglisverð í framtíðinni, ef á að halda þessu áfram. Framsóknarmenn hafa aldrei viljað taka þátt í þessum skrípaleik. Þeir hafa viljað raunhæfar ráðstafanir, en ekki loddaraleik. Það er hægt að halda verðbólgunni í skefjum, ef þetta er endurtekið hvað eftir annað. Þetta gæti í raun og veru verið athyglisvert, að láta stéttarsamtökin hafa frjálsar hendur og hækka og hækka, svo komi ríkisvaldið og lækki allt saman með lögum. En þýðingu hefur þetta ekki, þetta er ekki raunhæft.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur alltaf haft á takteinum viss ráð til þess að stöðva verðbólgu, og þau eru, að það eigi bara að kaupa togara. Mér hefur

dottið í hug í þessu sambandi samliking þannig, að ef ég byggi á jörð og nábúi minni ætti 20 kýr og hann tapaði t. d. 1000 kr. á hverri kú, hann hefði ekki lag á að búa, kýrnar mjólkuðu illa og þetta bæri sig ekki hjá honum, — mig langaði til að eignast jörðina hans, svo færi ég og segði við hann: Kauptu bara fleiri kýr, góði. — Og hann keypti 10 kýr í viðbót, svo að þær yrðu 30, og hann héldi áfram að tapa einu þúsundi á hverri kú, og svo lánaði ég honum fyrir kýrnar, og eftir nokkur ár væri ég farinn að eiga það mikið hjá honum, að ég gæti náð í jörðina. Hv. 3. þm. Reykv. kemur alltaf með þessar ráðleggingar: Þið eigið bara að kaupa togara, og Rússar lána ykkur. — En aðalatriðið er, að þeir togarar, sem við eigum, beri sig og að við höfum mannskap á fleiri togara. Það er ekki nóg að kaupa togara, við verðum að hafa menn til þess að vinna á þessum togurum. Það hefur verið þannig, að við höfum ekki haft nóga menn á fiskiskipaflotann. Atvinnulífið verður að vera þannig upp byggt, að það beri sig. Eftir því sem við rekum fleiri togara með tapi og aðkeyptu vinnuafli, eftir því verður útkoman lakari. Það hefur ekki verið athugað, en ég efast um það, áður en þessar síðustu ráðstafanir voru gerðar, þegar við vorum að taka Færeyingana, að nokkuð hafi verið eftir, þegar búið var að borga allan útgerðarkostnað og kaup Færeyinganna, að þjóðin hafi nokkuð grætt á þeim rekstri. Nei, undirstöðuatriðið er að láta búið bera sig. Það þýðir ekki að stækka það, nema það beri sig. Það er allt í lagi að hafa eins stórt bú og hægt er, en hlutirnir verða að bera sig. Og það er ekki nein raunveruleg kjarabót fyrir verkamanninn, þó að hann fái fleiri aura í kaup. Það er ekkert, sem skaðar verkamanninn meira en það, að krónurnar, sem hann fær, séu sviknar, og það er ekki hægt að halda fjárhagskerfi nokkurrar þjóðar í lagi með því að láta verðbólgu stöðugt aukast. Þeir ríku geta grætt á verðbólgu, þeir, sem hafa fjármagnið til þess að kaupa eignirnar, en þeir fátæku hljóta alltaf að skaðast á henni. Það er ekki af umhyggju fyrir verkafólkinu, að hv. 3. þm. Reykv. hefur aldrei viljað gera raunhæfar ráðstafanir til að stöðva verðbólgu, það er af því, að stefna hans græðir á því, að verðbólgan aukist, að braskararnir verði sem flestir. Kommúnistum er ekki illa við ríka menn, þeim er ekki illa við braskara, þeim er illa við heilbrigða umbótastefnu og jafnan efnahag. Þá eru þeirra vaxtarskilyrði verri.

Það er verið að ræða um þetta kjördæmamál. Við vitum, hvernig það fer. Sjálfstæðismenn eiga sína sök á þessu og bera náttúrlega hvað mesta ábyrgð. Þeir hafa leitað til kommúnista til þess að brjóta niður þá kjördæmaskipun, sem fyrir var, hin einstöku kjördæmi úti á landi. Þetta hafa verið eins og smá ríki. Þm. hefur verið fulltrúi byggðarlagsins. Menn hafa raunar skipzt í flokka. En hver sæmilegur maður, sem er kosinn á þing, hefur litið á sig sem fulltrúa allra flokka í kjördæminu, hann hefur litið á sig sem fulltrúa fyrir byggðarlagið í heild, og yfirleitt hafa menn, þó að þeir hafi verið andstæðingar hans, getað snúið sér til hans með alls konar fyrirgreiðslu. Hvert byggðarlag á sína sögu, og það hefur háð sína baráttu. Það hefur unnið sína sigra og beðið sína ósigra. Mörg þeirra eiga ákaflega litið sameiginlegt. Þessi kjördæmaskipun hefur verið í heila öld að mótast. Fólkið hefur verið ánægt með hana. Það hafa tiltölulega litlar kröfur komið fram um breytingar. Húnvetningar óskuðu þess t. d. á sínum tíma, að sýslunni væri skipt. Þetta var gert. Nú er slegið saman fjórum og fimm kjördæmum án þess að minnast nokkuð á það við fólkið í byggðarlögunum. Það er ekki tekið tillit til vilja þess, því að það er vitanlegt, að þó að þessar kosningar væru látnar fara fram, gætu þær ekki haft úrslitaáhrif. Raunverulegar skoðanir fólksins á þessu máli komu alls ekki fram. Þessu hafa sjálfstæðismenn algerlega gengið fram hjá.

Ég lýsti því áðan, að í a. m. k. 11 kjördæmum úti á landi hefur komið í ljós, að það er hreinn meiri hluti á móti kjördæmabreytingunni. Það eru líkur til, að það séu 9 í viðbót, þar sem meiri hlutinn er á móti þessari kjördæmabreyt. Sjálfstæðismenn hafa ekkert tillit tekið til þess. Þeir hafa leitað til kommúnistanna að brjóta vilja fólksins úti í byggðarlögunum á bak aftur. Þetta er dálitið vafasamur hlutur. Auk þess hefur þessi kjördæmaskipun það í för með sér, að grundvöllur skapast fyrir fleiri flokka, og við vitum, að í framkvæmdinni verður verr hugsað um hinar dreifðu byggðir. Þingmennirnir kynnast kjósendunum ekki eins mikið, og kjósendurnir fá ekki eins góða fyrirgreiðslu og þeir hafa fengið hjá sínum þm. undanfarið. Flokkavaldið eykst, en áhrif einstaklinga minnka. Þessu bera sjálfstæðismenn vitanlega höfuðábyrgð á. Bændafulltrúana notuðu sjálfstæðismenn til þess að túlka þetta mál fyrir fólkinu í dreifbýlinu. Þetta voru mætir menn. Þeir höfðu notið trausts og virðingar í heimahéruðum sínum. Það var gott að beita þeim fyrir vagninn. Það var í raun og veru eðlilegt, að fólkið í dreifbýlinu hlustaði á þá, en þegar formaður Sjálfstfl. var búinn að nota þá til þess, þá stakk hann þeim inn í kæliskáp, og 1. þm. Reykv. af meðfæddri reglusemi lét skápinn aftur, og þar eru þeir geymdir, og nú á Sjálfstfl. engan bændafulltrúa á þingi.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í ræðu þeirri, sem 3. þm. Reykv. (EOl) hélt hér í dag, minntist hann á nokkur atriði í þeirri ræðu, sem ég hafði flutt hér á föstudaginn. Mér finnst rétt að gera nokkru af því, sem hann sagði, nokkur skil.

En áður en ég vík að því, finnst mér rétt að vekja athygli á því, að ræða hans var fyrir ýmissa hluta sakir allmerkileg. Það kom mjög ljóst fram í henni, hvert hv. þm. er að fara. Þó virtist eins og hann hefði ekki að öllu leyti góða samvizku vegna þess, og var hann þess vegna að reyna að finna ýmsar afsakanir fyrir því. Ræða hans gekk mjög út á það, að Framsfl. hefði unnið með Sjálfstfl. og Framsfl. kynni að hyggja á að vinna með Sjálfstfl. um að breyta kjördæmaskipuninni aftur. Sjálfstfl. hefði verið sæmilega góður, þegar Alþb. eða Sósfl. vann með honum í ríkisstj. Þannig héldu þessar afsakanir áfram, sem bentu auðsjáanlega til þess, hvert þm. var að fara, og ekki sízt kom það í ljós, þegar hann vék að ræðu hv. þm. A-Húnv., því að þá kenndi dálítils ótta

hjá honum um það, að hv. þm. A-Húnv. kynni að vera í einhverri samkeppni við hann. Þetta sýndi allt ljóst, hvert hv. þm. er að fara, og mun ég kannske víkja að því nánar seinna.

Mér fannst það, sem hv. þm. sagði um nýsköpunarstjórnina, benda til þess, að hann væri ekki kröfuharður umbótamaður, því að ég held, að það sé sannast sagna um þá ríkisstjórn, að af öllum þeim ríkisstjórnum, sem hér hafa setið, síðan sjálfstæðið var endurheimt, þá hefur engin ríkisstj. skilið eins lítið eftir af meiri háttar umbótum og sú ríkisstj., þegar miðað er við þá aðstöðu, sem hún hafði. Við þurfum ekki annað en líta í kringum okkur og athuga nokkur atriði til að sannfærast um þetta. Hvað var t. d. byggt af stórum orkuverum á þeim tíma, sem nýsköpunarstjórnin fór hér með völd? Hvað var gert af rafvæðingu í dreifbýlinu, í landsfjórðungunum þremur, sem hv. þm. talaði mikið um? Hvað var gert af meiri háttar iðnaðarframkvæmdum á þeim tíma? Það var búið að undirbúa byggingu áburðarverksmiðjunnar, þegar sú ríkisstj. komst til valda. Eitt af fyrstu verkum hennar var að stöðva þá framkvæmd. Hún stöðvaði á sama hátt byggingu sementsverksmiðjunnar. Það hefur aldrei verið lagt eins lítið fram af opinberri hálfu til ræktunarmála og á þeim tíma, sem þessi stjórn sat að völdum. Og kannske bezta dæmið um það, hvernig þessi ríkisstj. stjórnaði, er afstaða hennar til byggingarmála alþýðunnar í Reykjavík. Hvað var gert í byggingarmálum alþýðunnar í Reykjavík á þeim tíma, sem nýsköpunarstjórnin sat að völdum? Getur hv. þm. svarað því? Var kannske aukið framlag til verkamannabústaða? Var bætt aðstaða til samvinnubygginga, eða voru aukin lánsframlög til þeirra efnalítilla manna, sem voru að koma upp eigin íbúðum? Nei, það var ekki gert neitt af þessu. En það var gerður viss hlutur samt. Á þeim tíma gerðist það, að hermenn yfirgáfu úrelta hermannabragga hér í höfuðborginni. Það, sem gerðist í byggingarmálum alþýðunnar í Reykjavík á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, var það, að fátækasti hluti verkamannastéttarinnar var látinn flytja inn í þessa bragga. Það var minnisvarðinn, sem nýsköpunarstjórnin reisti yfir sig í byggingarmálum bæjanna. Þannig mætti halda áfram að rekja þessa sögu. Hv. þm. ætti þess vegna ekki að vera að minnast mikið á nýsköpunarstjórnina, ef hann vill halda því fram, að hann sé stórhuga umbótamaður og vilji koma fram meiri háttar umbótum í landinu, því þegar miðað er við þá góðu aðstöðu, sem sú ríkisstj. hafði, — þar sem var ráðstöfun alls stríðsgróðans, — þá hefur áreiðanlega engin ríkisstj. hér á landi haldið eins illa á málum og gert eins lítið af framkvæmdum og þessi ríkisstj. Og ég held, að verkamenn hér í bænum, sem t. d. minnast þess, sem gert var í byggingarmálum á þeim tíma, séu lítið hrifnir af því, þegar hv. þm. er að draga upp myndir af því, að það sé einmitt svona stjórn, sem hann vilji að taki hér við völdum aftur.

Hv. þm. minntist nokkuð á einmenningskjördæmi og hélt því mjög fram, að það væri andstætt verkalýðshreyfingunni að hafa það fyrirkomulag. Ég held, að reynslan sýni það hins vegar alveg greinilega, að verkalýðshreyfingin og verkalýðsflokkar eru hvergi sterkari en einmitt í þeim löndum, þar sem eru einmenningskjördæmi. Frjáls verkalýðshreyfing er hvergi sterkari í heiminum í dag en í Bretlandi og í Bandaríkjunum, þar sem eru einmenningskjördæmi. Verkalýðsflokkar eru hvergi sterkari í heiminum í dag en brezki verkamannaflokkurinn og demókrataflokkurinn í Bandaríkjunum. Það er þess vegna alger misskilningur hjá honum, að það sé andstætt verkalýðshreyfingu og verkamönnum, að höfð séu einmenningskjördæmi. Þvert á móti veitir það fyrirkomulag aðstöðu til þess, að verkalýðurinn og verkalýðssamtökin þoki sér betur saman um einn flokk og tryggi áhrif sín á þann hátt. Það er víst, að ef að því ráði verður horfið hér á landi að taka upp einmenningskjördæmi að meira eða minna leyti, þá mundi það ekki verða til þess að veikja verkalýðinn, það mundi verða til þess að þoka honum saman, eyða sundrungunni í röðum hans og skapa honum meiri áhrif á löggjöf og stjórnarathafnir en hann hefur nú.

Hv. þm. vildi mótmæla því, að dreifbýlið mundi veikjast við þá skipan, sem nú verður tekin upp. Ég held, að það þurfi ekki að fara mörgum orðum um þetta, vegna þess að það er búið að sýna það svo ljóslega hér í hv. d., að sú breyt., sem nú er tekin upp, muni hafa þessi áhrif, nema sérstaklega verði við henni brugðizt af hálfu dreifbýlisfólksins, eins og ég mun síðar koma að.

Þá spurði þm.: Hvaða stefnur á fólkið úti í dreifbýlinu að kjósa um? Ja, spyr sá, sem ekki veit. Hvaða stefna er það, sem hv. þm. hefur verið að boða hér á þingi og annars staðar á undanförnum árum? Það er stefnan um, að það eigi að skera niður fjárfestingu og framkvæmdir í dreifbýlinu, og það er stefnan, sem samstöðuflokkar hans hér á þingi, Alþfl. og Sjálfstfl., halda fram. Það, sem á að kjósa um í dreifbýlinu, er raunverulega það, hvort á að skera þar niður framkvæmdir og framfarir, hvort það eigi að stuðla að því, að jafnvægið raskist í byggð landsins. Það er til þessarar spurningar, sem fólkið í dreifbýlinu á að taka afstöðu í þeim kosningum, sem fram undan eru.

Það er ákaflega einfalt og þægilegt fyrir það að taka afstöðu til þessarar spurningar, vegna þess að reynslan hefur sýnt það, að Framsfl. er eini flokkurinn á undanförnum árum, sem hefur viljað halda uppi nægilegum framförum og framkvæmdum úti um land, svo að jafnvægi héldist í byggð landsins. Af sömu ástæðum er auðvelt fyrir það fólk í þéttbýlinu að fylkja sér um Framsfl., sem vill stuðla að því, að jafnvægi haldist í byggð landsins. Og það er vegna þess, að fólkinu úti um land — í landsfjórðungunum þremur, sem hv. þm. var að tala um — er að verða þetta miklu ljósara en áður, sem vel getur svo farið, að þessi breyt. verði ekki eins mikið til þess að veikja vald þess og til er stofnað af þeim, sem fyrir henni standa. Það er vegna þess, að niðurstaða hennar verður sú, að fólkið úti um landið lærir af þessu að þoka sér betur saman um einn flokk heldur en það hefur gert og vinnur þannig upp þá réttarskerðingu, sem annars mundi hljótast af þeirri kjördæmabreyt., sem nú er verið að framkvæma.

Þá kom hv. þm. að því, sem átti að vera eins

konar skýring á því, hvað væri vinstri stefna. Mér virtist, að þar væri aðalröksemdin hjá honum sú, að vinstri stefna væri fyrst og fremst fólgin í því að berjast fyrir háu kaupgjaldi og eiginlega án tillits til þess, hvort atvinnuvegirnir þyldu það eða ekki. Hann nefndi ýmis dæmi í því sambandi um það, að framsóknarmenn hefðu staðið á móti kauphækkunum á undanförnum árum. Ég sé ekki ástæðu til þess að vera að fara neitt út í þá sögu, sem hann rakti í því sambandi. Ég ætla aðeins að minnast á síðasta atriðið, sem hann minntist á. Hann sagði, að Framsfl. hefði viljað koma því fram í vinstri stjórninni, rétt áður en hún fór frá völdum, að kaupið væri lækkað um 8%, og mun hann hafa átt við þá dýrtíðaruppbót, sem framsóknarmenn vildu að félli niður. Við skulum segja, að hún sé rétt, þessi tala, sem hann nefndi, að Framsfl. hafi talið það nauðsynlegt til að tryggja næga atvinnu í landinu og rekstur atvinnuveganna, að kaupið væri lækkað um 8% með þeim hætti að borga ekki alla vísitöluna. Þm. hældi sér ákaflega mikið af því og sínum flokki, að þeir hefðu komið í veg fyrir, að þessi 8% kauplækkun hefði orðið. En hvað er svo það, sem hefur gerzt í landinu, síðan þessir atburðir áttu sér stað? Hvaða kauplækkun er það, sem hefur átt sér stað í landinu, síðan þetta gerðist? Hver hefur hún verið? Samkv. upplýsingum Þjóðviljans, samkv. því, sem þessi hv. ræðumaður hefur haldið fram hér í þinginu og ræðumenn Alþb. héldu fram í seinustu kosningabaráttu, þá hefur kaupið lækkað um 13.4%, — kaup Dagsbrúnarmanns hefur lækkað um 13.4%. Öll uppskeran hjá verkalýðnum af því, að Alþb. felldi vinstri stjórnina og kom í veg fyrir 8% kauplækkun, er þá sú, að kauplækkun í landinu hefur orðið um 13.4%. Það er víst þetta, sem verkalýður landsins og Dagsbrúnarmenn eiga að þakka Alþb. sérstaklega fyrir, að kauplækkunin hefur orðið þarna miklu meiri en hún þurfti að vera, ef vinstri stjórnin hefði haldið áfram.

En sagan er ekki öll búin með þessu, því að eftir að hv. þm. kom heim úr sinni utanför, þá var það fyrsta, sem hann lagði til að gert væri, að flokkur hans tæki upp mjög nána samvinnu við flokkinn, sem hafði haft aðalforustuna um 13.4% kauplækkunina, og það var alls ekki talað um, að það skilyrði ætti að vera fyrir því samstarfi, að þá kauplækkun ætti að taka aftur. Og öll hans ræðuhöld hér á þingi benda nú til þess, að hann vilji alveg sérstaklega komast í náið samstarf og helzt stjórnarsamvinnu við þá flokka, sem bera meginábyrgð á 13.4% kauplækkuninni. Og svo kemur hann hér og þakkar sér fyrir það, að hans flokkur hafi komið í veg fyrir 8% kauplækkun, þegar hann í raun og veru með því að fella vinstri stjórnina hefur stuðlað að því, að kauplækkunin hefur orðið miklu meiri eða 13.4%. Ég held, að verkalýður landsins og verkalýður Reykjavíkur — alveg sérstaklega þó Dagsbrúnarmennirnir — muni ekki kunna honum eða hans flokki neinar þakkir fyrir frammistöðu eins og þessa.

Ég skal svo láta þetta nægja um það, sem hv. þm. sagði um kaupgjaldsmálin.

Ég skal þá víkja að því, sem frá mínu sjónarmiði er fyrst og fremst sönn vinstri stefna. Meginstefnurnar í þjóðmálunum snúast alveg sérstaklega um það, hverjir það eru, sem eiga að ráða yfir fjármagninu, yfir atvinnutækjunum og yfir verzluninni. Það er takmark íhaldsstefnunnar, að yfirráðin yfir fjármagninu, atvinnutækjunum og verzluninni séu í höndum mjög fárra aðila. Það er aftur tilgangur vinstri manna eða sannrar vinstri stefnu, að yfirráðin yfir þessu séu fyrst og fremst í höndum fólksins sjálfs.

Ég held, að það sé kannske auðveldast að skýra það, sem fyrir framsóknarmönnum vakir í þessu sambandi, með því að rifja upp atriði, sem kemur fram í bók, sem hv. þm., Einar Olgeirsson, hefur skrifað um þjóðveldi Íslendinga að fornu og er að mörgu leyti merkileg bók. Hv. þm. dregur þar upp mynd af því, að hið gamla þjóðveldi Íslendinga hafi verið fullkomnara þjóðfélag en nokkurt annað, sem þá var uppi í veröldinni. Hvað var það, sem átti sinn meginþátt í því að hans dómi, að þetta þjóðfélag okkar var svona fullkomið? Og hvað var það, sem átti svo sinn þátt í því, að þetta þjóðfélag hrundi að verulegu leyti til grunna? Skýring hans á þessu er sú, að hið gamla íslenzka þjóðveldi hafi fyrst og fremst verið byggt upp af stétt sjálfseignarbænda. Það hafi verið stétt sjálfseignarbænda, sem hafi skapað þetta merkilega þjóðfélag. Í öðrum löndum hafi bændastéttin á sama tíma skipzt í stórbændur og leiguliða. Sú stéttaskipting hafi átt sinn þátt í því, að þjóðfélag annarra þjóða á þeim tíma var ekki jafnmerkilegt og okkar þjóðfélag. Það var hin fjölmenna stétt sjálfseignarbænda, sem hélt höfðingjunum í skefjum og tryggði hina heilbrigðu þróun í þjóðfélaginu. Þegar svo kemur fram á 12. og 13. öld, breytist þetta. Þá fer kirkjan að leggja undir sig ýmsar jarðeignir. Þá fara einstakir höfðingjar að leggja undir sig jarðeignir. Þá rís upp stétt stórbænda í landinu, og leiguliðum tekur stórkostlega að fjölga. Það var m. a. þessi þróun, sem varð þess valdandi, að það skapast hér meira höfðingjavald í landinu en áður, og innbyrðis deilur þess og þjónkun við erlent vald áttu svo sinn þátt í því að grafa grunninn undan þjóðveldinu.

Ég held, að með því að rifja þetta upp, þá bregði ég kannske beztu ljósi yfir það, á hvern hátt við framsóknarmenn teljum að byggja eigi upp þjóðfélagið og hvernig hin rétta vinstri stefna sé í framkvæmd. Takmarkið er að stuðla að því, að það séu sem allra flestir einstaklingar í þjóðfélaginu, sem hafi svipaða aðstöðu og sjálfseignarbændastéttin hafði á tímum þjóðveldisins, að sem allra flestir einstaklingar verði efnalega sjálfbjarga og andlega frjálsir. Og við trúum ekki, að það verði gert eftir kokkabókum hins ameríska kapítalisma eða hins rússneska kommúnisma, heldur með því að taka það til fyrirmyndar, sem við finnum bezt í okkar forna þjóðveldi og hv. þm. hefur dregið skýra mynd upp af í bók sinni og ég hef nú lauslega minnzt á. Með því að byggja verzlunarhættina og atvinnuhættina upp á þann hátt, að sem allra flestir einstaklingar verði efnalega sjálfbjarga og andlega frjálsir, þá treystum við bezt heilbrigt þjóðfélag í þessu landi. Þetta verður bezt gert með því,

að það verði viðhaldið einkarekstri í landbúnaði og ýmsum smærri atvinnurekstri, en allur hinn stærri atvinnurekstur verði sameign fólksins í gegnum félagsskap þess, kaupfélög, önnur samvinnufélög, bæjarfélög o. s. frv., og ríkisvaldið eigi svo kannske sumar hinar allra stærstu eignir. Í verzluninni verður að hafa hið sama fyrirkomulag, að verzlunin sé sem mest í höndum fólksins sjálfs í gegnum félagsskap þess, en þar rísi ekki upp neitt voldugt kaupmannavald. Með því að færa valdið yfir atvinnutækjunum, yfir verzluninni, yfir fjármagninu sem mest í hendur fólksins sjálfs á þennan hátt, þá byggjum við áreiðanlega upp hina beztu þjóðfélagshætti á Íslandi. Það er það, sem við eigum að stefna að, og það á einmitt að vera auðvelt fyrir okkur að stefna að þessu marki, vegna þess að við höfum leiðarljósið í okkar eigin sögu, eins og hv. þm. hefur bent á, og þurfum þess vegna ekki að vera að horfa á neinar amerískar eða rússneskar fyrirmyndir um það, sem hér eigi að gera.

Vinstri stefnan byggist á því að færa valdið yfir fjármagninu, yfir atvinnutækjunum, yfir verzluninni í hendur fólksins í landinu. Þeir, sem taka upp samvinnu við Sjálfstfl. í einni eða annarri mynd, vinna gegn því, að slík þróun verði í þjóðfélaginu, vegna þess að það er stefna hans að færa þetta vald sem mest í hendur fárra einstaklinga. Það er um þetta, sem árekstrar hafa verið á undanförnum árum. Það er um þetta, sem árekstrar koma til með að verða á komandi árum. Það er í sambandi við slík mál eins og þessi, sem reynir á um það, hvort við erum sannir vinstri menn eða ekki.

Hv. þm. talaði allmikið um það, að Framsfl. hefði átt samstarf við Sjálfstfl. öðru hverju á undanförnum árum, og það er alveg rétt. En hver er ástæðan til þess, að Framsfl. hefur talið óhjákvæmilegt að hafa þessa samvinnu? Meginástæðan er fólgin í þeirri sundrungu, sem verið hefur hjá vinstri öflum landsins á undanförnum árum og hefur gert ókleift að koma upp stjórn vinnandi fólks í landinu. Þess vegna hefur Framsfl. neyðzt til þess að taka þetta samstarf upp. Og hverjir eru það, sem eiga mestan þátt í því, að þessi sundrung hefur haldizt? Ég held, að það sé alveg hlutlaust og heiðarlega frá sagt, þó að því sé haldið fram, að enginn flokkur hafi átt meiri þátt í þessu en einmitt sá flokkur, sem nú kallar sig Alþb., og því miður hafi kannske enginn maður átt meiri þátt í þessari sundrungu en einmitt hv. 3. þm. Reykv., sem hefur notað sínar miklu gáfur og sína miklu áróðurshæfileika allt of mikið í þágu þessarar sundrungarstarfsemi. Þess vegna vildi ég nú einskis frekar óska honum en að þann tíma, sem hann ætti eftir að standa í stjórnmálabaráttunni, þá gæti hann frekar hjálpað til þess að eyða þessari sundrungu en til þess að auka hana og stuðla að henni, eins og mér virðist að hann sé nú á góðum vegi að reyna að gera.

Og það er líka meira en kunnugt mál, að einn megintilgangurinn, sem vakir fyrir Sjálfstfl. með þeirri kjördæmaskiptingu, sem hann hefur nú beitt sér fyrir, er að auka þá sundrungu vinstri aflanna, sem hefur verið þess valdandi á undanförnum árum, að samvinna þeirra hefur ekki getað átt sér stað. En fólkið í landinu er líka að gera sér grein fyrir því, hver tilgangur Sjálfstfl. er í þessum efnum og að vinstri stefna og frjálslynd stefna verður ekki framkvæmd í landinu, nema það þoki sér meira saman. Þetta hefur aldrei komið eins ljóst fram og í þeim kosningum, sem fóru hér fram í júnímánuði s. l. Þær sýndu alveg glögglega, að vinstra fólk í landinu hefur miklu meira vakandi auga fyrir þessu núna heldur en það hefur nokkru sinni áður haft. Það sér, að eina leiðin út úr þessum ógöngum, sem sundrung vinstri aflanna hefur valdið, er að fylkja sér sem mest um einn flokk og gera hann nógu öflugan og sterkan til andstöðu á móti Sjálfstfl. Og það er ekkert óeðlilegt, þó að fólkið snúi sér sérstaklega að Framsfl. í þessum efnum og treysti honum bezt, vegna þess að reynslan á undanförnum árum hefur sýnt, að það hefur verið Framsfl., sem hefur dugað langsamlega bezt í andstöðu við Sjálfstfl. Þar sem Alþfl. og Alþb. hafa verið til andstöðu, eins og t. d. hér í Reykjavík, þar hefur Sjálfstfl. unnið hvern sigurinn öðrum meiri á undanförnum árum. Aftur á þeim stöðum, þar sem Framsfl. hefur verið fyrst og fremst til mótspyrnu, eins og úti um landið, þar hefur Sjálfstfl. beðið sína ósigra, og það er eingöngu vegna þess styrks, sem Framsfl. hefur haft þar, að Sjálfstfl. hefur ekki náð meiri hl. í öllu landinu, eins og hann hefur gert hér í Reykjavík. Fólkið hefur þetta dæmi alveg fyrir augum sér, og það dregur af þessu réttar ályktanir. Það sér á þessu, að Framsfl. er sá flokkur, sem bezt er hægt að treysta í andstöðunni við Sjálfstfl., og þess vegna fylkir það sér um hann. Þess vegna er nú líka svo komið, að Framsfl. er jafnstór og báðir hinir svokölluðu vinstri flokkarnir, Alþfl. og Alþb., og sú þróun ýtir að sjálfsögðu undir það, að vinstri sinnað fólk í landinu og frjálslynt fólk í landinu fylkir sér miklu meira um Framsfl. hér eftir en það hefur þó áður gert, vegna þess að það sér, að þarna er að rísa upp sterkur andstöðuflokkur á móti Sjálfstfl., sterkari en nokkur einn andstöðuflokkur hans hefur áður verið.

Það bætist svo við þetta, að í þeirri vinstri stjórn, sem nýlega starfaði í landinu, sýndi Framsfl. það, að hann er trúrri vinstri stefnunni en nokkur hinna flokkanna, sem að henni stóðu. Framsfl. var eini flokkurinn, sem stóð óskiptur að þessari ríkisstj., í stað þess að hinir flokkarnir voru báðir klofnir í afstöðu sinni til hennar, og stórir partar í báðum flokkunum byrjuðu strax á að berjast á móti henni og reyna að koma henni fyrri kattarnef, sem þeim að lokum tókst í samstarfi við Sjálfstfl. Framsfl. var einn, sem stóð óskiptur með henni til síðustu stundar. Þessa reynslu hefur vinstra fólkið og frjálslynda fólkið í landinu líka fyrir augum og dregur réttar ályktanir af henni.

Og það bætist svo við þetta allt saman, að fólkið hefur það fyrir augunum, að hinir flokkarnir, Alþfl. og Alþb., hafa það nú fyrst og fremst í huga að taka upp nána samvinnu við Sjálfstfl. Milli Sjálfstfl. og Alþfl. er nú svo náin samvinna, að hún getur alls ekki nánari verið. Og það verður ekki annað séð en hv. 3. þm. Reykv. hafi fullan áhuga á því að leiða Alþb. inn í þetta

samstarf. Það sést bezt á forsetakosningunum hér á Alþ., sem fóru fram fyrir nokkru. Það var engin þörf vegna kjördæmamálsins að hafa þessa samvinnu við forsetakosningarnar og nefndakosningarnar, sem áttu sér stað á þinginu. Það var ekki nein nauðsyn vegna kjördæmamálsins að hafa þessa samvinnu. En það var annað, sem var nauðsynlegt að dómi hv. 3. þm. Reykv., og það var, að það þurfti að hafa eins konar liðsæfingu, áður en gengið væri til víðtækara samstarfs við Sjálfstfl. Þetta var eins konar prófun þess, hvernig liðsmenn flokksins mundu taka því og líta á það, ef tekin væri upp náin samstaða við Sjálfstfl. Það var byrjað að prófa þetta með því að kjósa hv. 1. þm. Reykv. fyrir forseta Sþ. og vita, hvaða undirtektir það fengi í Alþb. Ef fólk í Alþb. sætti sig sæmilega við þetta, þá var kannske hægt að halda lengra áfram í næstu umferð. Þess vegna veltur það ákaflega mikið á viðbrögðum hinna óháðu kjósenda, sem hafa fylgt Alþb. á undanförnum árum, hver þróunin verður í þessum efnum, hvort hv. 3. þm. Reykv. tekst að leiða Alþb. inn í íhaldssamvinnu eða ekki. Þess vegna verður einmitt það fólk, sem hefur fylgt Alþb. að undanförnu, að sýna það í næstu kosningum, að það sé andstætt þessari samvinnu, með því að verðlauna ekki Alþb. fyrir að hafa kosið hv. 1. þm. Reykv. fyrir forseta sameinaðs þings. Ef það veitir verðlaun fyrir það, þá mun það fá meiri íhaldssamvinnu á eftir.

Það, sem ég vildi svo segja að síðustu, er þetta: Það, sem hefur verið að gerast í landinu á undanförnum árum, hefur bent vinstri sinnuðu fólki og frjálslyndu fólki á, að það þarf að sameina sig um einn sterkan flokk. Þó að þessari breyt. væri ætlað að ýta undir aukna sundrung vinstri aflanna í landinu, hinna frjálslyndari afla, þá verður það þetta nýja viðhorf fólksins, sem getur gert það að verkum, að sá tilgangur íhaldsins heppnist ekki. Framsfl. sem forustuflokkur vinstri stefnu í landinu verður miklu sterkari eftir en áður heldur en sjálfstæðismenn reiknuðu með. Þeir töluðu um það mjög vígamannlega fyrir kosningarnar, að þegar þessi breyt. væri komin fram, þá mundi Framsfl. ekki hafa nema kannske 9 eða 10 þm. á Alþingi. Nú sýna kosningaúrslitin hins vegar það, miðað við tölurnar í seinustu kosningum, að Framsfl. mun alltaf hafa 17 þm. eða jafnmarga og hann hafði fyrir breyt. Og þessar tölur sýna enn meira. Þær sýna það, að Framsfl. þarf ekki að bæta við sig nema fáum hundruðum atkv. í vissum kjördæmum, til þess að hann fái 22 þm. kosna. Og þá verður nú niðurstaðan sú út úr öllu þessu braski hjá íhaldinu og bræðraflokkum þess, að í stað þess, sem Framsfl. átti að tapa — ja, hann hafði 17 áður og átti að fara niður í 9 þingsæti, átti að tapa átta þingsætum, — þá getur útkoman orðið sú, að hann bæti við sig 5 þingsætum og fái þannig 5 af þessum 8 þingsætum, sem bætt er við. Vegna þess að fólkið í landinu — vinstra fólkið í landinu og frjálslynda fólkið í landinu — er farið að átta sig á því, hvað hér er verið að gera, og bregzt þess vegna öðruvísi við en íhaldið og bræðraflokkar þess ætluðust til, þá er það trú mín, að þegar upp verður staðið eftir alla þá baráttu, sem hefur verið í frammi höfð til að breyta kjördæmaskipun landsins, þá verði það hvorki Sjálfstfl. né bræðraflokkar hans, sem verða sigri hrósandi.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil gjarnan segja hér örfá orð, áður en þetta mál verður afgreitt hér frá d. En áður en ég kem að því, sem að baki því máli liggur, vil ég fara hér aðeins örfáum orðum um það, sem talsmaður þríflokkanna hér á Alþ., hv. 3. þm. Reykv. (EOl), sagði hér almennt um landsmálin. Er það þó satt að segja að bera í bakkafullan lækinn að minnast á það eftir þær ræður, sem haldnar hafa verið, en þó vil ég minnast á það aðeins örfáum orðum.

Hér um daginn steig hv. 3. þm. Reykv. fram til þess að útlista hugsjón sína um vinstra samstarf, og það duldist engum, sem hlýddi á, að hugsjón hans um vinstra samstarf var fólgin í því að koma á samsteypustjórn með íhaldinu. Það var niðurstaðan af ræðunni. Allir, sem kunna að hlusta, gátu heyrt, að það var þetta, sem vakti fyrir hv. 3. þm. Reykv. Nú geri ég ráð fyrir því, að ýmsum hafi máske hnykkt nokkuð við þetta, t. d. þeim mönnum, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur verið að reyna að fá til fylgis við sig með því að halda því fram, að Alþb. væri sérlega heilt í öllu vinstra samstarfi og líklegasta leiðin til að koma á aftur vinstra samstarfi í landinu væri sú að styðja og efla Alþb. Ég geri ráð fyrir, að mörgum hafi þótt þetta einkennilegt og hv. 3. þm. Reykv. hafi gert sér þetta ljóst og orðið smeykur og haldið e. t. v., að hann hafi farið of langt, og hafi ætlað að gera eins konar bragarbót með þeirri löngu ræðu, sem hann flutti hér í dag. En sú ræða var ekkert annað en nokkrar hnútur til Sjálfstfl. og bullandi skammir um Framsfl., þannig að það var ekkert um að villast, að þó að hv. þm. hafi kannske hugsað sér að halda þá ræðu til þess að reyna að breiða yfir eitthvað ofur lítið af því, sem hann sagði fyrir nokkrum dögum, þá duldist engum, að það var enn ætlunin með þessari ræðu að sýna fram á, að þó að íhaldið væri slæmt, þá væri Framsfl. enn þá verri. Og þess vegna væri auðvitað ályktunin sú, að það væri ekki um annað að ræða en stefna að samvinnu við Sjálfstfl. Það var mjög auðvelt að finna það af ræðunni, að þessi var enn hin sama hugsun hv. þm., þó að hann væri að reyna að breiða yfir þetta af og til með því að tala um, hvað Alþb. og Sósfl. væru sérstaklega skörulegir andstæðingar bæði framsóknarmanna og sjálfstæðismanna. Ef menn hafa verið í nokkrum vafa um það, hvernig skilja bæri þessa langloku hv. þm., þá hefðu menn ekki þurft annað en horfa á hv. þm. Sjálfstfl., t. d. suma liðsodda Sjálfstfl., á meðan hv. þm. var að tala.

Undanfarið hefur ekki orðið annað séð, ef þessir menn hafa tyllt sér hér í stólana, en stólar þeirra væru orðnir að sjóðandi heitri rist. Þeir hafa jafnharðan stokkið upp aftur og verið allir á bak og burt — þangað til hv. 3. þm. Reykv. fór að halda þennan langa fyrirlestur, sem átti að vera eins konar úttekt á Sjálfstfl. og Framsfl., þá sátu þessir hv. þm. í hvíldarstellingum allan tímann, sem hv. 3. þm Reykv. talaði. Það var ekkert um að villast, að þeir fundu, hvað hv. 3. þm. Reykv. meinti, og voru mjög rólegir, á meðan hann talaði, eins og ég var að greina frá.

Ég verð að segja, að mér finnast viðbrögð hv. 3. þm. Reykv. út af kosningaósigri Alþb. harla furðuleg, og hann virðist ekki hafa gert sér neina grein fyrir því, hvað raunverulega gerðist í alþingiskosningunum. Það, sem gerðist m. a. í alþingiskosningunum í sambandi við Alþb., var þetta, að fólkið fann, að Alþb. eða kommúnistarnir réttara sagt höfðu slitið vinstra samstarfinu ófyrirsynju, þeir höfðu komið vinstri stjórninni fyrir kattarnef. Og það var m. a. þess vegna, sem þeir töpuðu í kosningunum, að fólkið fann það mjög glöggt og greinilega, að það var alveg tómt mál um það að tala, að það væri hægt að fá upp öflugan forustuflokk gegn íhaldi, gegn Sjálfstfl. með því að ætla sér að vefja vinstra fylginu í landinu utan um kommúnistakjarnann. Menn sáu þetta glöggt. Menn sáu óheilindin, og menn sáu, hvað hv. 3. þm. Reykv. og þeir, sem fylgdu honum innan Alþb. og Sósfl., höfðu gert, að þeir höfðu enn einu sinni orðið þess valdandi, að ekki var hægt að halda áfram vinstra samstarfi og framkvæmd vinstri stefnu, og m. a. af þessum ástæðum beið Alþb. kosningaósigur. Kjördæmamálið kom nokkuð til, en ekkert síður þetta. Og svo geta menn séð, hvaða ályktanir hv. 3. þm. Reykv. dregur af þessu. Hann herðir bara bókstaflega róðurinn fyrir því, sem honum var áður í huga og fólkið þó fullkomlega hafði hugsað sér alveg vafalaust að vara hann við með þeim kosningaúrslitum, sem urðu, því að sannleikurinn er sá, að allt það, sem hv. 3. þm. Reykv. lagði að sér til þess að koma vinstri stjórninni fyrir kattarnef, var byggt á þeirri hugsun, að ef hægt væri að hlaða upp í þann farveg, þá hlyti rás viðburðanna að leita í annan farveg, og sá farvegur átti að vera það samstarf við Sjálfstfl. eða íhaldið og sennilega Alþfl., ef svo vildi verkast, um kjördæmabreyt., sem nú er verið að samþykkja, og þá efnahagsmálastefnu, sem liggur að baki þeirri framkvæmd. Hv. 3. þm. Reykv. hafði þessa áætlun, að með því að koma vinstri stjórninni fyrir kattarnef, hlyti svo að fara, að samtök myndu úst hina leiðina um þann hugsunarhátt, sem liggur að baki kjördæmabreyt. og þeirri nýju efnahagsmálastefnu, sem hún á að verða grundvöllur að.

Hv. 3. þm. Reykv. hefði átt að geta lesið rétt úr kosningaúrslitunum, og hann hefði átt að hafa sveigju í sinni stefnu og í sinni hugsun til þess að taka tillit til úrslitanna og hætta við þessi áform. En í stað þess forherðist hann, heldur hér hverja langræðuna eftir aðra til þess að undirbúa framhald þessarar stefnu, sem raunverulega beið ósigur í kosningunum. Svo er hann að tína til alls konar einstök atriði í þessu sambandi, sem hefur nú verið mjög greinilega svarað mörgum hverjum, og sum af þeim sannast að segja eru svo fáránleg, að þau eru ekki svaraverð. Ég skal ekki fara langt út í að þreyta þolinmæði hæstv. forseta eða annarra með því að eltast við einstök atriði. En ég vil þó minnast aðeins á tvö eða þrjú.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði t. d., að það sýndi glöggt, hvernig þessi mál stæðu og hve örðugt væri að vinna með Framsfl., að Framsfl. hefði ekki viljað taka þátt í nýsköpunarstjórninni 1944—46. Hvers vegna gat Framsfl. ekki átt aðild að þeirri stjórnarsamsteypu, sem þá var gerð? Hvers vegna? Hv. 3. þm. Reykv. segir, að það sé vegna þess, að Framsfl. hafi ekki viljað nota stríðsgróðann til uppbyggingar atvinnulífi landsins. En hv. 3. þm. Reykv. veit miklu betur, hvernig þessu var háttað. Hann veit, að Framsfl. lagði til, að það yrði mun hærri fjárhæð af gjaldeyriseign landsins lögð til hliðar til þess að standa undir uppbyggingunni heldur en þeir flokkar vildu samþykkja, sem kölluðu sig nýsköpunarflokka. Þetta veit hv. 3. þm. Reykv. mjög vel, og hv. 3. þm. Reykv. og allir, sem kunnugir eru þessum málum, vita, að ástæðan til þess, að Framsfl. gat ómögulega tekið þátt í þessu, var sú, að hann sá fyrir fram, að stefna þessara flokka í efnahagsmálunum var ekki miðuð við nýsköpun eða uppbyggingu, þó að það væri látið í veðri vaka, heldur var stefnan raunverulega miðuð við það að hleypa eyðslunni lausri, láta stríðsgróðann leika lausum hala, — hleypa eyðslunni lausri og haga efnahagsmálunum þannig, að af því hlaut að leiða stórkostlega verðbólguþróun, enda hefur öll reynsla staðfest, að það, sem Framsfl.-menn sáu fyrir við þessa stjórnarmyndun og settu fyrir sig, kom allt fram. Það kom fram, að aðeins lítill hluti af þeim stórfelldu innstæðum, sem Íslendingar áttu þá, var notaður til að kaupa ný tæki fyrir, — hlægilega lítill hluti og ekki nándar nærri það fé, sem þessir flokkar, sem að stjórninni stóðu, þóttust í öndverðu ætla að láta af gjaldeyrinum til þessara framkvæmda. Meginhluti af þessum stórfellda stríðsgróða fór í eyðslu á þeim árum. Það eina, sem gerðist, var það, að keyptir voru nýir togarar í staðinn fyrir þá eldri. Og ég tek undir það, sem hv. formaður Sjálfstfl. sagði hér einu sinni á Alþ. í þessu sambandi: Þakka skyldi mönnum það, þó að það væri af 7 eða 8 hundruð millj., sem þjóðin ætti, hægt að koma því við, að endurnýjaður væri togaraflotinn, keyptir nýir togarar í staðinn fyrir þá gömlu, sem áður voru til. — Slíkt er ekki hægt að kalla neina nýsköpun, eins og hv. 7. þm. Reykv. sýndi fram á hér í sinni skörulegu ræðu áðan.

Það voru engar nýjar atvinnugreinar byggðar upp á þessum svokölluðu nýsköpunarárum. Féð var allt saman farið, áður en kom til greina með rafvæðinguna. Ekkert var afgangs af stríðsgróðanum til þess að leggja í Sogsvirkjun, ekkert til þess að leggja í dreifbýlisrafmagnið, ekkert til þess að byggja sementsverksmiðju, ekkert til þess að byggja áburðarverksmiðju, ekkert til þess að gera nokkurn skapaðan hlut, sem gat gæsalappalaust heitið nýsköpun. Ekkert. Þetta varð allt að gera, eftir að þetta stjórnarsamsæri var farið út um þúfur og eftir að framsóknarmenn höfðu aðstöðu til þess að gera stjórnarsamninga og taka þátt í stjórn landsins. Þá var farið að byggja hér upp nýjar iðngreinar og stíga risaskref í raforkumálunum, en þá voru bara þessir flokkar búnir að eyða meginhlutanum af stríðsgróðanum, þannig að það varð að fá sumpart gjafafé og sumpart lán víðs vegar um lönd til þess að koma í framkvæmd því, sem að réttu lagi hefði átt að vinna fyrir það fé, sem þessir svokölluðu nýsköpunarflokkar höfðu látið sóa á þessum nýsköpunarárum. **(Gripið fram í:** Eytt í

togara.) Eytt í togara, segir hv. þm. einn hér, sem stendur hér í norður frá mér, en ég vil bara segja honum það, sem ég var að greina hér frá áðan, að í togara var ekki látið ganga neitt af þessu fé nema til þess að kaupa togara í staðinn fyrir þá gömlu, sem fyrir voru.

Þá var hv. 3. þm. Reykv. að tala um dreifingu togaranna um landið og Framsfl. í því sambandi, og mátti segja, að það væri nokkuð í samræmi við annað, sem hann sagði um þessi mál. Er hv. 3. þm. Reykv. búinn að gleyma því, að stórfelldur ágreiningur reis upp hjá þessum svokölluðu nýsköpunarflokkum um það, hvort það skyldi yfirleitt aðstoða byggðarlögin úti um land nokkuð til þess að eignast skip? En auðvitað gátu þau alls ekki eignazt skip nema með því móti að fá alveg sérstaka aðstoð umfram alla aðra í þessu skyni. Úr þessum ágreiningi var skorið þannig, að þeir menn úr þessu liði, sem vildu raunverulega dreifa togaraflotanum frá því, sem áður hafði verið, leituðu liðs hjá framsóknarmönnum til þess að fá dreifingarsjónarmiðið fram. Og að sjálfsögðu stóðu framsóknarmenn eins og veggur með því, að byggðarlögin fengju sérstaka hjálp og aðstoð til þess að komast yfir skip, þar sem slík skip höfðu ekki áður verið. Sá var m. a. þáttur framsóknarmanna í því að dreifa skipunum meira en áður hafði verið, og þetta er í örfáum orðum til viðbótar því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, sannleikurinn um þetta nýsköpunarskrum hv. 3. þm. Reykv. Öll veruleg nýsköpun hér hefur orðið eftir að Framsfl. fór að taka þátt aftur í ríkisstjórnum með hinum flokkunum, ýmist með Sjálfstfl. eða hinum flokkunum eftir því, hvernig á hefur staðið um málefnin, og eftir því, hvort mögulegt hefur verið að koma á vinstra samstarfi eða ekki.

Eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði, virðist hv. 3. þm. Reykv. haldinn þeirri, — ja, ég veit ekki, hvað á að segja, — haldinn þeim misskilningi eða hafa það á oddinum, að það eina, sem máli skipti, sé, hvað kaupið er hátt. Og hann segir, að það sé undir öllum kringumstæðum hægt að átta sig á því, hvort menn vilji vinstri stefnu eða ekki, í sambandi við afstöðu manna til kaupgjaldsmála þá og þá, — ævinlega hægt.

Ég man nú ekki betur en sumarið 1956 væri því hreinlega haldið fram af Alþýðubandalagsforkólfunum, að það væri bara til tjóns fyrir launafólk í landinu að taka þá vísitöluhækkun inn í kaup sitt, sem þá var orðin. Og það mætti mæla hollustu manna við vinstra samstarf í landinu eftir því, hvort þeir vildu á þetta fallast eða ekki. Þeir, sem ekki vildu fallast á það að falla frá þessum vísitölustigum og þar með falla frá kauphækkun, sem fram undan var, þeir voru stimplaðir óvinir vinstra samstarfs, en hinir einir höfðu skilning á vinstra samstarfi, sem vildu fallast á það að falla frá kauphækkuninni. Hvernig er hægt að koma þessu heim og saman við þessar bollaleggingar hv. 3. þm. Reykv. um kaupgjald og vinstri stefnu? Maður getur nú sagt, að þetta sé að kunna að haga seglum eftir vindi. Ætli það sé ekki sannleikurinn í þessu máli, að höfuðatriðið sé að hafa kaupgjaldið á hverjum tíma eins hátt og framleiðslan frekast getur borið, — að það sé mest í hag launþegum í landinu? Ég hugsa, að það sé aðalatriðið, en hitt muni koma í ljós, og það munu forráðamenn Alþb. hafa séð oft, alveg eins og aðrir, og sagt það, þegar þeim fannst passa að segja það, að það væri ekki hagkvæmt fyrir neinn að spenna bogann hærra en það, þegar til lengdar léti, en framleiðslan gæti ýtrast borið. Ég er hv. þm. alveg sammála um, að það má gjarnan tefla í þessu efni nokkuð djarft, þannig að atvinnurekstur allur hafi hitann í haldinu að notfæra sér hagfelld úrræði til þess að geta greitt það kaup, sem krafizt er, því að það er alveg rétt, að hátt kaup, sem sett er eins hátt og ýtrast er mögulegt, verður hvöt til eflingar atvinnurekstrinum, alveg eins og hitt er víst, að ef rekin er alveg blind kauphækkunarstefna, gersamlega án tillits til þess, hvað atvinnureksturinn þolir, þá verður það til tjóns fyrir launafólk í landinu.

En hvernig stendur þá á þessum hugleiðingum hv. 3. þm. Reykv.? Það stendur einfaldlega þannig á því, að hv. 3. þm. Reykv. er fyrst og fremst leiðtogi þeirra manna í Alþb., sem aðhyllast kommúnismann, leiðtogi kommúnistanna. Þó að hann vilji máske fallast á það um stutta stund af einhverjum tækifærisástæðum, þá vill hann alls ekki til lengdar eiga þátt í, að fylgt sé fram vinstri stefnu eða efnahagsmálastefnu, sem kemur á stöðugu verðlagi eða varanlegu jafnvægi í framleiðslu og atvinnumálum landsins. Þetta er sannleikurinn í málinu. Og sannleikurinn er sá, að vinstra samstarf hefur ævinlega strandað á þessum hugsunarhætti hv. 3. þm. Reykv. og annarra, sem hafa aðhyllzt hann.

En á hinn bóginn eru til menn í öðrum flokkum, sem líta nokkuð svipað á þessi efni, en bara frá allt öðru sjónarmiði en hv. 3. þm. Reykv. Og það eru verðbólgubraskararnir í landinu, það eru þeir, sem hafa það sem aðaltilgang, — ja, ég vil segja aðaltilgang síns lífs, síns starfs, — að raka saman sem mestum auði. Þessir menn eru fyrir löngu búnir að finna, að líklegasta leiðin til þess, að hér á Íslandi geti safnazt verulegur stórauður á fáar hendur, er einmitt sú að eiga þátt í því, að verðbólguþróunin geti haldið áfram og sem allra örast. Og þeir menn, sem svona hugsa og eru búnir að finna, að þetta er leiðin til þess að raka saman stórgróða, eru ævinlega sammála hv. 3. þm. Reykv. Og ég þekki menn af þessari gerð, sem ævinlega eru með öllum kauphækkunum, sem upp á er stungið, þó að þeir hafi mikið undir höndum. Þeir gera þetta ekki vegna þess, að þeir hafi einhvern alveg sérstaklega brennandi áhuga fyrir hagsmunum verkafólksins. Þeir gera þetta vegna hins, að þeir vita það upp á hár, að eins og okkar þjóðfélag er byggt upp nú með uppbótakerfinu og öllu, sem því fylgir, þá leiða stórfelldar kauphækkanir til áframhaldandi verðhækkana, hækkandi uppbóta, vaxandi verðbólgu og þá hækkandi verðlags á eignum þeim, sem þeir hafa undir höndum og hafa komizt yfir, og lækkandi skulda. Og þessir menn, sem margir hverjir eiga aðgang að bönkunum, skulda þar kannske milljónatugi. Og ein kauphækkun, ef hún er meiri en framleiðslan getur borið, getur fært þessum mönnum í gróða 1, 2 eða 3 milljónir. Og einmitt í þessu liggur ráðningin á þeirri gátu, að hv. 3. þm. Reykv. finn-

ur oft í Sjálfstfl., — einmitt í Sjálfstfl., því að þar eru þessir menn, — hann finnur einmitt oft í Sjálfstfl. menn, sem eru honum sammála um, hvernig reka skuli þjóðarbúskapinn að þessu leyti. Þeim stendur ekki aðeins á sama um, að í landinu sé verðbólguþróun, heldur vilja þeir verðbólguþróun. Og þá eiga þeir alveg öruggan bandamann í hv. 3. þm. Reykv.

Ástæðan til þess, að hægt var að koma nýsköpunarstjórninni á laggirnar, var hreinlega þessi, að þá réðu þeir öllu í Sjálfstfl., sem sættu sig ákaflega vel við það, að verðbólguþróunin yrði á næstunni og gæti haldið áfram. Og nú er bara eftir að sjá: Verða þessi sömu öfl ofan á næst, núna á næstunni, því að nú er alveg auðfundið, að nú er hv. 3. þm. Reykv. tilbúinn? Þá er ein spurningin: Eru þessir menn einnig til í tuskið? Og fá þeir að ráða í Sjálfstfl.? Fær hv. 3. þm. Reykv. að ráða, þegar til kemur? Það eru margar spurningar.

Þetta liggur alls ekki ljóst fyrir enn þá, eins og ég sagði um daginn. Það er nefnilega allt annað að vilja eða koma sínu fram. Þetta er allt saman svo þungt hérna. Það er ekki hægt að gefa hér út eina tilskipun, og þá verður allt eins og það á að vera. Nei, hér er á öllu langur hali og langur aðdragandi og margir, sem eiga eftir að segja sitt orð, og m. a. eru kosningar í millitíðinni. Það er því alveg ómögulegt að segja, hvort það verður nokkuð úr því, að þessi „hugsjón“ hv. 3. þm. Reykv. og þessara aðila í Sjálfstfl., sem ég var að lýsa, rætist. Það eru margir óþekktir liðir í þessu enn. En þarna er bandið, sem hnýtir saman þessar undarlegu andstæður, og það er af þessum ástæðum, sem hv. 3. þm. Reykv. er alltaf að láta skína í, hvað hann vill, — það séu tvö íhöld, eins og hann segir stundum, og fésýsluflokkar, annar sé þó skárri en hinn, og það er flokkurinn, sem þessir menn eru í, með hugsunarháttinn, sem ég var að lýsa. Það er sá flokkur. Þar eru þeir, sem hugsa að skapi hv. 3. þm. Reykv. En að verkamenn græði á slíkri pólitík, því neita ég algerlega.

Sannleikurinn er sá, að þeir, sem af og til ráða mestu um þessi mál í Sjálfstfl., þar sem er mest af fésýslumönnum landsins, og atvinnurekendavaldið, þeir eru í raun og veru fyrir lifandi löngu búnir að finna alls konar úrræði til þess að velta af sér kauphækkunum, — velta þeim bara aftur yfir á fólkið. Ein af leiðunum er sú að eiga nokkra samvinnu við menn eins og hv. 3. þm. Reykv. og þá, sem þannig hugsa um þessi efni. En það eru líka til fleiri leiðir. Ef þeir t. d. fá að leika lausum hala í viðskiptunum, þá er þar líka leið, þá er þar leið til þess að ná miklu til baka. Og ef þeir fá að ráða uppbótakerfinu, þá er þar líka leið til þess að ná miklu aftur. Og eftir er svo ávinningurinn, sem liggur í því, að ef menn hafa miklar eignir undir höndum, þá hækka þær í verði um nokkra milljónatugi, og ef menn skulda mikið, að skuldirnar lækki. Og sá grátlegi sannleikur er, að á undanförnum áratugum hefur varla nokkur maður á Íslandi orðið ríkur á öðru en því að skulda. Þetta er ekki heilbrigt, en svona hefur þetta verið, við verðum að játa það. Þó að hér hafi verið miklar framkvæmdir, þá hvílir á þessi skuggi. Og sú auðsöfnun einstakra, sem af þessu leiðir, er háskaleg orðin. En þetta er ekki sízt að kenna þeim hugsunarhætti, sem ævinlega kemur fram hjá hv. 3. þm. Reykv., þegar hann er að leita sér að sálufélögum.

En nú geta menn kannske sagt um mig: Meinar maðurinn þá, að það sé kannske ekki til neins að hækka kaupið, menn hafi aldrei neitt upp úr því?

Það er allt annað mál. Því fer fjarri. Ef auðna skipar þannig, að aukin afköst verða í framleiðslunni, og sífellt er verið að finna betri og betri aðferðir til að framleiða, þá er lífsnauðsyn að hækka kaupið til þess að dreifa þeim ávinningi, sem af því verður, hækka það hæfilega, til þess að þeir, sem vinna, fái raunverulega réttan hlut af þjóðartekjunum. Og ef ýmsu öðru er skipað á skynsamlegan máta, þá getur orðið af því fullur árangur. En það verður líka margt fleira að taka til greina. Það verður líka t. d. að taka til greina, að ávinningurinn renni ekki frá mönnum aftur í gegnum viðskiptin í landinu.

Og þá segir hv. þm.: Þar er Framsókn alveg ómöguleg. Hún er svo lin við verðlagseftirlit. Heldur nú hv. þm. það raunverulega, sé stórfellt ósamræmi í þjóðarbúskapnum, miklu meiri eftirspurn eftir vörum en hægt er að fullnægja o. s. frv., o. s. frv. og öll sú óreiða og glundroði, sem stafar af hans hugsunarhætti í þessum málum, að það mundi nægja til þess að forða alþýðunni frá afleiðingunum af þessu öllu að hafa verðlagseftirlit? Dettur hv. þm. það í hug? Það má kannske reyna það. Ég hef verið með í að reyna það. Ég veit líka alveg eins vel og hv. 3. þm. Reykv., hvaða þýðingu það hefur haft eða hitt þó heldur í ýmsum dæmum. Nei, sannleikurinn er sá, að það eina verðlagseftirlit og það eina, sem kemur til greina sem öruggt úrræði, til þess að almenningur í landinu geti notið þeirra kjara, sem hann á að hafa, í gegnum eins hátt kaup og mögulegt er, að hið eina, sem dugir, er það, að fólkið í landinu taki viðskiptin í sínar hendur, taki þau í sínar hendur í svo ríkum mæli og veiti svo sterka samkeppni, að samtök fólksins setji sinn aðalsvip á viðskiptin í landinu. Og þetta er ekki hægt að gera nema með uppbyggingu öruggra og sterkra samvinnufélaga.

Við getum skoðað sögu síðustu áratuga, og við komumst alveg óhjákvæmilega að þeirri niðurstöðu, að öll veruleg uppbygging, t. d. úti um land, var algerlega óhugsandi, fyrr en samvinnufélög fólksins komu til sögunnar. Fjármagnið loðir við viðskiptin, fólkið varð að taka viðskiptin í sínar hendur, ef það átti að vera hægt að fá nokkurt fjármagn til uppbyggingarinnar. Við getum tekið hvert byggðarlagið eftir annað á Íslandi, og þá munum við komast að þeirri niðurstöðu, að þetta er rétt og enginn treystir sér til eða getur mótmælt þessu.

Hvaða sögu segir þetta okkur? Það segir okkur þá sögu, að fólkið verður, jafnhliða því sem það passar upp á sitt kaup og lætur ekki snúa á sig í því, að taka viðskiptin í sínar hendur í það ríkum mæli, — ég vil ekki segja öll viðskipti, en í það ríkum mæli, að samkeppnin frá þess stofnunum setji sinn meginsvip á viðskiptin í landinu. Þetta hefur verið gert að talsverðu leyti

hér á landi, og ég veit, að hv. 3. þm. Reykv. hefur ekki verið á móti því, að það væri gert. En það eru aðrir, sem ætla hreint vitlausir að verða út af þessari uppbyggingu fólksins. Það er Sjálfstfl. Það eru þeir, sem gera út Sjálfstfl. Það eru milljónararnir, sem gera út Sjálfstfl. Þeir vita, hvar feitt er á stykkinu. Þeir vita, hvað er að gerast í þessum efnum og hvað það þýðir, ef fólkið sjálft tekur í sínar hendur viðskiptin í landinu og nýtir í sína þágu þá auðsuppsprettu, sem viðskiptin eru. Þeim er þetta ljóst. Þess vegna ofsækja þeir kaupfélögin, þess vegna ofsækja þeir samvinnuhreyfinguna í landinu með öllu mögulegu móti. Þeir eru búnir að finna ýmsar aðferðir til þess að bæta sér upp kauphækkanir hv. 3. þm. Reykv., en þeir hafa engar aðferðir fundið enn þá til að bæta sér upp gróðann af þeim viðskiptum, sem fólkið hefur tekið í sínar hendur. Og það er þarna, ekki síst í sambandi við þetta mál, sem hv. 3. þm. Reykv. bara þykist ekki sjá, það er ekki til í hans huga, hann hleypur algerlega yfir þennan þátt, — það er þarna, sem ein meginvíglínan í íslenzkri pólitík liggur. Það er í sambandi við þessi efni, sem ég hef verið að minnast á. Þetta eru sannarlega þýðingarmikil mál, sem deila vötnum í íslenzkri pólitík, miklu frekar en sumt af því, sem hv. 3. þm. Reykv. var að ræða hér um í þessum löngu ræðum sínum. En ég veit, af hverju hann hleypur yfir þetta. Það er af því, hvert hann stefnir. Hann verður að gera það. Það er vegna þess, hvert hann stefnir. En að þetta sé nokkur mynd, sem hv. þm. dregur upp, það er annað mál. Það er afskræmd mynd af því, hvernig ástatt er um málefni þjóðarinnar. Það er skrípamynd, sem hv. þm. dregur upp, af því að hann heldur, að hún geti orðið sér að gagni og þeim áætlunum, sem hann hefur í huga.

Ég skal nú ekki fjölyrða meira um ræðu hv. 3. þm. Reykv. eða þennan þátt í efninu, en það var óhugsandi annað en bæta fáeinum orðum við það, sem áður hafði verið sagt, út af þeim undarlegu kenningum og furðulega hugsunarhætti, sem kom fram í málflutningi hv. 3. þm. Reykv. En ég vil þá næst fara aðeins fáeinum orðum um málið sjálft, sem hér liggur fyrir, eða öllu heldur meðferð þess.

Það var býsna undarleg ræða, fannst mér, sem hv. frsm. meiri hl. í stjórnarskrármálinu flutti hér á dögunum fyrir málinu. Ég vil aðeins minna á örfátt í þessari ræðu, áður en þessum umræðum lýkur, af því að það gefur svo góða hugmynd, að því er virðist, um það, hvernig á þessu öllu saman hefur verið haldið. T. d. sagði hv. þm., að kosningarnar hefðu nú snúizt fyrst og fremst um kjördæmamálið. en svo sagði hv. þm., — ég held ég hafi náð því orðrétt: „Þó gat aldrei farið hjá því, að önnur mál blönduðust inn í kosningarnar.“ Nei, það gat ekki farið hjá því, náttúrlega, hvernig sem þeir reyndu að koma í veg fyrir það, að annað kæmi þar til greina, ber að skilja af orðalaginu. Hvað segja menn um þennan málflutning, þegar þess er gætt, að þeir lögðu allir sameiginlega, þrír flokkar, meginkraftinn í að telja mönnum trú um, að það ætti í raun og veru ekki fyrst og fremst að kjósa um stjórnarskrárbreytinguna, heldur um allt mögulegt annað, sem þeir héldu fram? Svo kemur þessi hv. þm. hér og segir, að það hafi ekki getað farið hjá því, að inn í kosningarnar blönduðust önnur mál.

Síðan sagði hv. þm., að menn hefðu líka orðið að athuga, að ef Framsfl.-menn hefðu fengið meiri hl., þá hefði alls ekki orðið kosið í haust, sem sé að stjórnarskrármálið hefði þá orðið lagt á hilluna. Þetta var náttúrlega eitt af því, sem þessir hv. forráðamenn málsins héldu fram til þess að fá menn til að kjósa ekki um stjórnarskrármálið, enda þótt þeim væri það algerlega ljóst og búið væri að marglýsa því yfir af hendi framsóknarmanna, að ef meiri hl. fengist móti málinu, þá mundi hann fyrst og fremst verða notaður til þess að leita eins skjótt og unnt væri að lausn á stjórnarskrármálinu, en ekki talið heimilt að nota þann meiri hl. til langrar setu til að fjalla fyrst og fremst um önnur mál. Þessu var marglýst yfir, en samt sem áður segir hv. frsm. þetta.

Í þeim umr., sem hér hafa orðið á hv. Alþ. um þessi mál á aukaþinginu, hefur skýrzt að ýmsu leyti, hvernig framkoma flokkanna hefur orðið í samræmi við það, sem þeir sögðu þjóðinni í kosningabaráttunni. Alþb. hélt því fram, að það ætti fyrst og fremst að kjósa um viðhorfið til vinstri stjórnarinnar í landinu. Alþfl. hélt því fram, að það ætti fyrst og fremst að kjósa um viðhorfið til núv. ríkisstj. og hvað hún hefði gert í efnahagsmálunum. Sjálfstfl. hélt því fram, að það ætti fyrst og fremst að kjósa eftir því, hvað menn álitu um störf vinstri stjórnarinnar, sem hafði látið af völdum, — þeir þorðu náttúrlega ekki að minnast á það svo mjög, að það ætti að kjósa um framtíðarstefnu sjálfstæðismanna í efnahagsmálunum, því að enginn vissi, hver hún var, — en að það ætti að kjósa um afstöðuna til vinstri stjórnarinnar, sem farin var frá, og svo vildu þeir eins og fyrr gera kosningarnar að eins konar krossferð gegn kommúnismanum. En Framsfl.-menn sögðu, að það ætti að kjósa um stjórnarskrárbreytinguna, vegna þess að það ætti að koma saman aukaþing til að fjalla um hana nú í sumar og þá yrði úrskurðað um, hvort hún gengi fram eða ekki.

Hvað finnst mönnum nú um þetta þinghald, sem nú stendur yfir og orðið hefur, samanborið við það, sem flokkarnir héldu fram við kosningarnar? Hvorir sögðu þjóðinni sannara til um það, sem ætti að gerast á þinginu, framsóknarmenn eða hinir? Ég held, að það vefjist ekki fyrir neinum að svara því. Og ég held satt að segja, að hv. talsmenn þriflokkanna eigi eftir að verða varir við það í þeim kosningum, sem nú standa fyrir dyrum að þeirra tilhlutun, að það hefur verið tekið eftir því um allt land, hvað þeir sögðu að ætti að kjósa þá til að gera og hvað þeir gerðu, þegar þeir voru komnir á þing. Ég held, að þeir eigi eftir að verða þessa varir.

Nú hefur verið lögð hér fram í hv. d. af framsóknarmönnum till. um að láta fara fram sérstaka atkvæðagreiðslu um kjördæmabreytinguna eða stjórnarskrármálið. Og ef hv. talsmenn kjördæmabreytingarinnar hefðu haft trú á sínum málstað, þá hefðu þeir átt að hafa drenglund til þess að fallast á þetta, einnig til að leysa menn úr þeirri sjálfheldu, sem þeir hafa sett þá í í sam-

bandi við þetta mál, því að auðvitað er það ekkert annað en sjálfhelda, sem þessir menn hafa viljandi sett sína eigin flokksmenn í, að láta þá velja milli þess tvenns að kjósa flokk, sem þeir voru mótfallnir, Framsfl., eða kjósa menn til þess að samþykkja stjórnarskrárbreytingu, sem þeir voru á móti. En þetta voru þeir tveir kostir, sem þessir hv. þm. buðu sínum fylgismönnum upp á við þær kosningar, sem nú eru nýlega afstaðnar. Það hefði mátt vænta þess, að þeir hefðu séð missmíði á þessu og hefðu getað fallizt á, að það færi fram frjáls atkvæðagreiðsla um kjördæmamálið. Þá var ekki hægt að sakast um það, að farið væri aftan að mönnum í neinu. Og þá hefði hinn rétti vilji manna um stjórnarskrármálið komið í ljós, en alls ekki með öðru móti. Og þó að þessir talsmenn þriflokkanna stæðu á móti þessari uppástungu í vor, þá hefði átt að mega ætlast til þess eftir þá reynslu, sem þeir höfðu af kosningunum, þegar þeir sáu, hversu þetta blandaðist saman, að þeir hefðu þá haft drenglund til þess að fallast á að greiða þetta mál úr öðrum málum og láta fara fram um það sérstaka atkvgr.

En nú er það augljóst orðið, að þessir hv. þm. hafa ætlað sér að berja þetta mál fram í skjóli þess þingmeirihluta, sem þeir hafa fengið með a. m. k. vafasömum aðferðum, að ekki sé kveðið fastara að orði, — með illa fengnum þingmeirihluta, svo að það sé alveg kveðið að því eins og lágmark er, — með illa fengnum þingmeirihluta. Og hefði sannast að segja mátt ætlast til þess, að fallizt hefði verið á að gefa mönnum tækifæri til þess að mynda sér alveg frjálst og án nokkurrar þvingunar skoðun um stjórnarskrármálið og greiða atkvæði um það í samræmi við það. En nú á ekki að sleppa því, sem búið er að ná. Þeir hafa víst þótzt fá sig fullreynda í þeim kosningum, sem fram fóru, og nú á ekki að sleppa því, sem búið er að ná. En ég segi enn og aftur við þessa hv. þm.: Þeir eiga eftir að bíta úr nálinni, því að þeir ættu ekki að ímynda sér, að það veki nokkurn fögnuð hjá almenningi í landinu, sú framkoma, sem þeir hafa látið sér sæma í sambandi við þetta mál núna eftir kosningarnar. Fyrir kosningarnar sögðu þeir við menn: Kjósið þið ekki eftir stjórnarskrármálinu. Kjósið eftir afstöðu ykkar til flokkanna og til annarra mála. — *En jafnskjótt og þeir voru búnir að fá menn* til þess að setja atkvæðin ofan í kjörkassana, meira og minna með þetta í huga frá þeim, þá sögðu þeir blákalt upp í opið geðið á mönnum: Nú hefur meiri hluti þjóðarinnar tjáð sig fylgjandi stjskrbreyt. — Hvernig halda þeir, að þeir menn hugsi núna í dag, sem ef til vill hafa verið í stórfelldum vafa um það, hvað gera skyldi, eins og fjöldi manna hefur verið? En það hefur riðið baggamuninn í hugum þessara manna, að því var haldið fram, að það væri svo margt annað, sem raunverulega væri greitt atkv. um, og þeir hafa jafnvel máske gert það fyrir beiðni, jafnvel grátbeiðni þessara leiðtoga, að greiða atkvæði öðruvísi en sannfæring þeirra í sjálfu stjórnarskrármálinu vísaði þeim til. En svo er búið þannig að þessum mönnum, að þeir eru ekki fyrr búnir að greiða sitt atkvæði en leiðtogarnir, sem þannig komu fram, stíga fram og segja: Nú hafa þeir sagt sitt álit. Þarna sjáið þið, hvað þeir meina í stjórnarskrármálinu. Þeir eru búnir að segja sitt álit, og nú höldum við ótrauðir áfram. Það þarf enga frekari atkvgr. Þessir menn hafa sagt sitt orð.

Jú, að vísu hafa þeir sagt sitt orð í þeim kosningum, sem fram fóru s. l. vor, en þeir hafa ekki sagt sitt síðasta orð. Þessir menn hafa ekki sagt sitt síðasta orð. Þeir eiga eftir að segja það, og það er ómögulegt að segja, hvernig það verður. Það getur jafnvel farið svo, að það komi að ýmsu leyti í bága við það, sem forráðamenn þessa máls gera sér vonir um. Þeir þykjast nú báðum fótum í jötu standa og nú þurfi ekki að vanda neitt kveðjurnar í sambandi við þetta, nú hafi þeir þetta allt í sínum höndum og nú sé bara að leggja út á næsta áfangann, — og hver er hann?

Hver er næsti áfangi? Til hvers er þetta allt saman gert? Til hvers er verið að berja fram *þessa breytingu á stjórnarskipuninni*? Til þess að fullnægja réttlætinu, segja þeir stundum, til að jafna kosningarréttinn. Það var hægt að jafna kosningarréttinn með því að fjölga þingmönnunum í höfuðborginni og á þéttbýlissvæðunum og láta héraðakjördæmin standa. Það var ekki litið við því. Hvers vegna? Vegna þess að það fór í bága við það, sem átti að gera, eftir að búið var að koma stjórnarskrárbreytingunni fram. Það fór sem sé í bága við þann áfanga, sem nú á að hefjast eftir kosningarnar í haust. Og hver er hann? Það er framkvæmd hinnar nýju stefnu. Það er framkvæmd hinnar nýju stefnu í efnahagsmálum og fjárfestingarmálum landsins. Og við erum ekki í neinum vafa um það, hver þessi stefna á að vera. Og þar eru enn ein vatnaskil í íslenzkri pólitík, sem hv. 3. þm. Reykv. þykist ekki vita um, þegar hann er að mála sína mynd af ástandi þjóðfélagsmálanna, en eigi að síður eru þarna og ekki er hægt að komast fram hjá, því að það verður aldrei komizt fram hjá raunveruleikanum, jafnvel þótt menn langi til. Og þessi nýja stefna, sem búið er að undirbúa með svo margvíslegu móti, en ekki verður reynt að framkvæma neitt verulega fyrr en eftir seinni kosningarnar, ef þá áætlanir manna standast, — þessi nýja stefna er fyrst og fremst fólgin í því að draga úr því, sem hv. 3. þm. Reykv. manna mest hefur útlistað sem hina óarðbæru fjárfestingu á *Íslandi, sem væri undirrót allra erfiðleika* í efnahagsmálum landsins. Og hver er þessi fjárfesting, sem hér er um að ræða? Það er fjármagnið, sem á undanförnum árum og áratugum, sérstaklega þegar Framsfl. hefur haft sterka aðstöðu til þess að ráða, hefur verið varið til þess að byggja upp samgöngukerfi og atvinnukerfi víðs vegar um landið. Hv. 3. þm. Reykv. hefur verið óþreytandi í því að halda hér stórar ræður til þess að sýna fram á, hversu þessi fjárfestingarpólitík hafi verið röng, það hafi verið lagðir tugir milljóna t. d. í uppbyggingu landbúnaðarins o. fl. og hv. þm. útlistað með mikilli mælsku, að það hafi verið kastað í þetta, sem hafi svo ekki gefið fullan arð eða nokkurn arð stundum, segir hann, í þjóðarbúið. Þessu verði að hætta og þá verði möguleikar til þess að koma efnahagsmálum landsins á réttan kjöl.

Í sambandi við stjórnarslitin núna á s. l. vetri

var það eitt af því, sem hv. 3. þm. Reykv. var óþreytandi að lýsa, hinn stóri ágreiningur, sem hefði verið um það, hvort menn hefðu viljað lækka fjárlögin eða ekki. Hann og hans menn hefðu viljað lækka fjárlögin um 40 millj. og stundum hefur hann sagt 80 millj., og það væri það, sem Framsfl. hefði ekki með nokkru móti mátt heyra nefnt, og þess vegna sprakk vinstri stjórnin, eins og hv. 3. þm. Reykv. stundum hefur komizt að orði.

Enn fremur hefur hv. 3. þm. Reykv. lýst því fjálglega, hversu kapphlaupið um héraðakjördæmin, sem verið hafa, hafi verið óheilbrigt og haft slæm áhrif á þjóðarbúskapinn, en jafnhliða lýst yfir von sinni og orðað það þannig: Má vera, að lagist, ef kjördæmunum verður breytt. — Það er sem sé kallað kapphlaup um kjördæmin og hreppapólitík, að þingmennirnir hafa eftir eðli málsins keppzt um það sem allra mest að sinna framfaramálum sinna umbjóðenda, knýja fram framfarir í héruðunum. Svo kemur þessi hv. þm. og heldur hjartnæmar ræður um þann óskaplega áhuga, sem hann hafi á framkvæmdum, sér í lagi í dreifbýlinu, og þar hafi eiginlega aldrei gerzt neitt í þeim málum fyrr en hann og hans menn komu þar að, áður hafi það allt verið vanrækt, menn hafi verið sendir suður á völl og orðið að yfirgefa hús sín og jarðnæði víðs vegar um landið. En hv. þm. var á hinn bóginn ekki að taka það fram í sambandi við þetta, að á þeim árum, sem Framsfl. fór með utanríkismálin, var fólkinu, sem starfaði í varnarliðsvinnunni, fækkað úr 3 þús. niður í rúmlega þúsund. Það var á þann hátt, sem Framsfl. fór að því að sópa mönnum utan af landi, af jarðnæði og úr húsum í þorpum landsins til þess að vinna á vegum varnarliðsins. En hvað varðar þennan hv. þm. um staðreyndir? Ekki neitt. Það þurfti á þessu að halda inn í myndina, sem hann var að reyna að búa til, og þá bara setur hann það þar, þó að staðreyndirnar séu þessar, að Framsfl. barðist harðri baráttu til þess að draga úr varnarliðsvinnunni og minnka straum fólksins utan af landsbyggðinni, úr sveitum og kauptúnum, og það sem meira var, að það tókst það giftusamlega til, að þó að svona stórfelld fækkun yrði í varnarliðsvinnunni, þá var ekkert atvinnuleysi samt. Og það er sannarlega ástæða til þess að fagna yfir því.

Og þetta gerðist áður en vinstra samstarfið komst á laggirnar og áður en hv. 3. þm. Reykv. og hans menn höfðu hér nokkuð um að segja, og er ég ekki með því að gera á nokkurn hátt lítið úr því, sem gert var í samvinnu við þá. En þetta er bara staðreynd. Svona var þetta.

En það eru fleiri en hv. 3. þm. Reykv., sem hafa gefið yfirlýsingar um það, hver þessi nýja stefna í efnahagsmálum á að verða. Hv. þm. A-Húnv. fyrrverandi (JPálm) lýsti því yfir hér í útvarpsumræðunum í vetur sem leið, — ég hygg það hafi verið í eldhúsumræðunum, — að menn yrðu að skilja, að það yrði að skera niður, framkvæmdirnar yrðu að minnka. Menn urðu að skilja það: Framkvæmdirnar urðu að minnka. Og það kemur fleira til.

Þegar stjórnarliðið, sem þá var nú ekki á yfirborðinu kallað nema Alþýðufl. og Sjálfstæðisfl., var að vinna að efnahagsmálum í vetur og afgreiðslu fjármála, þá var svo sem ekki vandasamt að sjá, hvert stefndi. Þeir voru að vísu búnir að tala sig hér hása undanfarin ár, sjálfstæðismenn, um þá stórfelldu, gífurlegu, óverjandi eyðslu, sem Eysteinn stæði fyrir og aðrir slíkir, og menn skyldu halda, að þeir hefðu ekki verið í neinum vandræðum með að ryðja út af fjárlögunum einhverju af þessu sukki. Það var ekki vandi að sjá það þá, hvert á að stefna. Þeir ruku sem sé bara beina leið í þá liði fjárlaganna, sem ætlaðir eru til uppbyggingarinnar úti um land. Þeir lækkuðu raforkumálaframkvæmdir á einu ári um nærri 40 millj. kr. Þeir lækkuðu framlög til atvinnuaukningar og fóru þannig í hvern liðinn af öðrum, sem lúta að uppbyggingunni víðs vegar um landið. Og til viðbótar kom svo þessi yfirlýsing hv. þm. A-Húnv., sem talinn var mikill fyrirliði í því liði, um, að menn yrðu að skilja það, að framkvæmdirnar yrðu að lækka. Það væri ekki hægt að finna úrræði til að halda þeim áfram. Hvernig lízt mönnum á þetta? Hvernig lízt mönnum á þessa stefnu?

Og það er fleira, sem sýnir glöggt, hvað niðri fyrir býr. Hefur ekki hv. 1. þm. Reykv. (BBen) gert það hér að árásarefni á framsóknarmenn alveg sérstaklega í löngum þingræðum og öðru máli, bæði rituðu og töluðu, að þeir hafi á undanförnum árum reytt af þjóðinni stórfé umfram það, sem nauðsyn var til, og ráðstafað þessu fjármagni síðan eftir sínum geðþótta? En það kveður nú við annan tón stundum, þegar rætt er um einstakar framkvæmdir, því að þá eru það sjálfstæðismenn, sem hafa staðið fyrir þeim. Og til hvers hefur þetta fé farið, sem hv. 1. þm. Reykv. hefur æst sig svo mjög út af að fallið hafi ríkinu í skaut og verið ráðstafað aftur? Til hvers hefur það farið, þetta fjármagn? Það hefur farið í allar þýðingarmestu greinar uppbyggingarinnar víðs vegar um landið, bæði sjávarútveg, landbúnað, íbúðabyggingar og raforkumál. Og núna síðast í vetur, þegar rætt var um þessi efni enn á ný, þá gerði þessi sami hv. þm. fyrir hönd Sjálfstfl. harða árás á framsóknarmenn fyrir að hafa staðið fyrir því í fyrrverandi ríkisstj. að verja yfirfærslugjaldi af því láni, sem þá hafði verið tekið frá Bandaríkjunum, nokkrum milljónatugum, til fiskveiðasjóðs, ræktunarsjóðs og raforkuframkvæmdanna, — harða árás á framsóknarmenn fyrir að hafa staðið fyrir því. Allt þetta sýnir alveg glöggt, svo að ekkert verður um villzt, og margt fleira, hver þessi hugsunarháttur er, hver sá hugsunarháttur er, sem stendur að baki hinni nýju stefnu eða að baki hinnar nýju valdasamsteypu, — við getum orðað það þannig, — sem stendur að baki þeirrar nýju valdasamsteypu, sem er verið að reyna að byggja upp í landinu. Og kjördæmabreytingin á að vera grundvöllurinn.

Þetta er sem sagt varðandi þann áfanga, sem fram undan er. Þar inn í kemur einnig krossferðin gegn samvinnufélögunum. Það er einn liðurinn í þessari áætlun og alveg í stíl við hugsunarháttinn yfirleitt, eins og hann kemur fram, a. m. k. hjá forráðamönnum Sjálfstfl., eins og þeir hafa flutt sín mál undanfarið.

Það er hægt í þessu sambandi líka að minna á afgreiðslu landbúnaðarmálanna, hvernig fitjað er upp á þar alveg nákvæmlega á sama hátt og gert var um árið, þegar þessi sömu öfl voru að reyna að ná saman. Hvernig var byrjað þarna um árið, þegar gerð var þessi *nýsköpunarstjórn*, sem hv. 3. þm. Reykv. kallar? Hvernig var byrjað þá? Það var byrjað með því þá að lækka einhliða verðlag á landbúnaðarvörum. Það sama var gert í vetur. Það er hugsunin, að sagan endurtaki sig að einhverju verulegu leyti. Og hugsunarhátturinn er alveg nákvæmlega sá sami. Það á að leysa vandann með því að þrengja að í þessum efnum á öllum sviðum, með því að draga úr þessari óarðbæru uppbyggingu í þjóðfélaginu, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur rætt svo mikið um á undanförnum árum og sjálfstæðismenn hafa haft af skiljanlegum ástæðum lægra um, en kemur þó alltaf fram, þegar þeir á hátíðlegum stundum segja sína meiningu — eða þá missa sína meiningu óvart, eða þegar þeir eiga að ráða. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur um það, þegar þeir eiga að ráða. Jafnskjótt og Framsfl. hefur ekki aðstöðu til þess að ráða, þá er byrjað á þessum leik, þá er byrjað að ganga á hlut landbúnaðarins, þá er jafnskjótt byrjað að skera niður framlög til uppbyggingar úti um landið, bæði til sjávar og sveita. Það hefði aldrei getað komið til greina, að raforkuplaninu hefði verið misþyrmt, ef Framsfl. hefði haft aðstöðu til þess að ráða s. l. vetur. Það *dettur engum í hug*, að því hefði þá verið misþyrmt eða annar sá niðurskurður gerður, sem varð, eða hallað á landbúnaðinn, eins og gert var, o. s. frv., — eða t. d. að það hefði verið farið þannig að, þegar ameríska láninu er skipt hér á Alþingi í vetur, að kippt væri út framlaginu til fiskveiðasjóðsins, 25 millj., sem fyrrv. stjórn hafði hugsað sér að rynni til fiskveiðasjóðsins. Þessu er bara hreinlega kippt út úr í tillögum stjórnarsamsteypunnar. Það er ekki verið að hugsa um þar að efla fiskveiðasjóðinn, þó að það sé algerlega ljóst, að fiskveiðasjóðurinn er gersamlega fjárvana til þess að sinna þeim verkefnum, sem hann á að standa undir. Og hugsun fyrrv. stjórnar var, að hann fengi 25 millj. af þeim 150, sem á að taka að láni. Því er hreinlega kippt út. Og þannig mætti nefna dæmin alls staðar, alls staðar kemur þetta *sama fram*. Þegar Framsfl. hefur ekki aðstöðu til þess að ráða annaðhvort í samvinnu við Sjálfstfl. eða í samvinnu við vinstri flokkana, þá kemur þessi stefna í framkvæmd undireins, gerði það hér um árið, er byrjað enn, og lýst yfir, að það verði meira af svo góðu.

Í þessu sambandi er einn ákaflega merkilegur liður, og það er þessi skilgreining á pólitískri og efnahagslegri fjárfestingu, sem við heyrðum hér í vetur. Það er einn liður í því að skapa jarðveg fyrir það, sem á að gera. Og frá sjónarmiði þessara manna er þessi hugsunarháttur þannig, að pólitísk fjárfesting sé yfir höfuð það, sem þarf að styðja eitthvað verulega af almannafé. Það er pólitísk fjárfesting. En efnahagsleg fjárfesting er það, sem þeir ríku vilja leggja í óstuddir. Það er nánast hugsunin. En hvernig halda menn að fari með uppbyggingu þjóðfélagsins, eins og búið er að koma málum hér með verðbólgu þeirri, sem náð hefur að festa rætur á undanförnum árum, hvernig halda menn, að þróunin yrði hér í þessu landi, ef það ætti að verða aðalgrundvöllurinn í hinni nýju stefnu að fordæma það, sem kallað er pólitísk fjárfesting, en hefja til skýjanna og láta fyrst og fremst eiga sér stað það, sem kallað er efnahagsleg fjárfesting? Hvað halda menn að yrði um uppbygginguna til að mynda úti um land, jafnþýðingarmikil og hún er þó fyrir þjóðarbúið, ef þessi hugsunarháttur ætti að ráða, að það ætti allt að sitja fyrir, sem milljónamæringarnir, sem hafa rakað saman fé á verðbólgunni, vilja gera, en hitt allt á hakanum, hversu nauðsynlegt sem það er frá sjónarmiði almennings í landinu, sem almannastuðning þyrfti til þess að koma í framkvæmd? Ég ætla, að þarna liggi líka nokkur vatnaskil í íslenzkri pólitík, sem hafi vantað í þá mynd, sem hv. 3. þm. Reykv. var að draga upp, eins og raunar æði margt fleira, sem höfuðmáli skiptir.

Ein af uppáhaldskennisetningum þessarar nýju samsteypu er sú, að það sé um tvær leiðir að ræða í efnahagsmálum, það sé annaðhvort að *draga úr fjárfestingunni eða neyzlunni*, eins og þeir kalla það, — það mætti líka kalla það eyðslunni. Og höfuðtalsmenn þessarar nýju valdasamsteypu, sem verið er að reyna, — ég segi reyni, ég veit ekki, hvort það tekst, — verið að reyna að koma á, þeir eru ekki í neinum vafa um, hvað eigi að víkja. Það, sem á að víkja, er vitanlega fjárfestingin, framkvæmdirnar. En eyðslan verður að hafa sinn gang. Það er eins og Laxness segir á einhverjum stað: Böllin verða að kontinúerast. Og drottningin verður að fá nýtt tvinn spánskra hesta. En úr framkvæmdunum verður að draga.

En ætli það sé yfir höfuð hægt að halda því fram, að þessi hugsunarháttur sé réttmætur, að það sé réttmætur hugsunarháttur að ætla sér að leysa þann vanda, sem við stöndum frammi fyrir, með því að draga fyrst og fremst úr framkvæmdunum? Ég held ekki. Að vísu eru alveg eðlileg takmörk fyrir *því, hvað hægt er að standa í* miklum framkvæmdum í senn, og þau takmörk eiga fyrst og fremst að miðast við vinnuaflið, hversu mikið vinnuafl er til ráðstöfunar, hversu mikið vinnuafl er hægt að fá. En ég mótmæli því algerlega, að það sé lausn á vanda íslenzkra efnahagsmála að draga úr framkvæmdum fyrst og fremst, láta alla eyðslu eiga sér stað, eins og hún getur mest orðið með frjálsum hætti, en draga úr framkvæmdunum og jafna þann mismun, sem verður í þjóðarbúskapnum, með því að draga úr framkvæmdunum og skapa atvinnuleysi, því að það er óhugasandi annað en það hlyti að verða atvinnuleysi, ef þessi hugsunarháttur ætti að verða ríkjandi.

Nú er ég ekki með þessu að segja, að þetta sé nákvæmlega hugsunarháttur hv. 3. þm. Reykv., en þetta er hugsunarháttur þeirra manna, sem hann *hefur fyrst og fremst áhuga fyrir að gera* samband við og virðist hafa mestan trúnað á. Þetta er hugsunarháttur þeirra, sem standa fyrst og fremst að baki þeirrar valdasamsteypu, sem verið er að byggja upp, og standa að kjördæmamálinu. Það er þetta: að draga úr fjárfestingunni, draga úr uppbyggingunni, en eyðslan verður að hafa sinn gang.

Og það er alveg táknrænt fyrir þetta sjónarmið, að núna er íslenzkur þjóðarbúskapur látinn ganga á því, framleiðslan er látin ganga á því að láta lúxusvörur sitja fyrir gjaldeyrinum, en nauðsynjarnar vantar. Ef eitthvað á að vanta, þá verður að vanta nauðsynjar, fyrst og fremst fjárfestingarvörur, en það verður fyrst og fremst að láta gjaldeyrinn í lúxusvörur til þess þannig að ná inn peningum til að halda ríkissjóðnum gangandi og uppbótakerfinu gangandi. Þetta er vitanlega alröng stefna og þjóðarbúinu hættuleg. Og þarna nær saman hugsunarháttur Alþb. og sjálfstæðismanna einkar vel, vegna þess að það var eitt höfuðáhugamál talsmanna Alþb. í sambandi við fyrrv. ríkisstj. að krefjast þess einmitt, að þessi stefna væri framkvæmd í innflutningsmálunum, það var kallað, að með því móti væru sparaðar álögur á þjóðina að halda framleiðslunni gangandi með svona lagaðri svikamyllu, að láta lúxusvörurnar sitja fyrir gjaldeyrinum, en vanta fjárfestingarvörur og nauðsynjar. En vitanlega hlýtur slíkt, þegar til lengdar lætur, að draga hreinlega úr þjóðartekjunum í heild sinni og þar af leiðandi verða til tjóns fyrir alla, þó að með því sé kannske hægt að hjálpa sér til að dragnast áfram með þetta allt á hælunum í nokkra mánuði. En þetta atriði er á vissan hátt að mínu viti mjög einkennandi fyrir þann hugsunarhátt, sem liggur hér að baki.

Þessar tilraunir til þess að koma þessum samtökum á hafa lengi átt sér stað. Fyrst þurfti auðvitað að koma vinstri stjórninni frá, því að ekkert var hægt að gera fyrr. Þar næst varð að finna einhverja leið til þess að brúa millibilsástand, sem hlaut að eiga sér stað, á meðan var verið að byggja grunninn, þennan líka þokkalega grunn, sem er afnám héraðakjördæmanna. Og þá var Alþfl. notaður til þess. Síðan var meiningin að hlaða utan á þennan kjarna, þó að smár væri. Þaðan stafa allar þessar ástarjátningar hv. 3. þm. Reykv. í garð Alþfl., sem komu manni kynduglega fyrir sjónir, en eru ekkert einkennilegar, samanborið við það, hvernig þetta hefur allt verið í pottinn búið. Næsti liður er svo að fylkja utan um þetta, eins og kemur í ljós í forsetakosningunum, sem farið hafa fram á þessu Alþingi, og síðan, ef hv. 3. þm. Reykv. fær að ráða og þeir menn í Sjálfstfl., sem hafa svipaðan hugsunarhátt og ég var að lýsa hér í dag, — ef þeir ráða þeim megin, þá gæti náttúrlega komið til mála, að úr þessu yrði einhvers konar samsteypa stutta stund. En það mundi verða aðeins stutta stund, vegna þess að á svona löguðu er ekki hægt að byggja neitt varanlegt samstarf, ekki nú frekar en það reyndist mögulegt um árið, því að þetta stóð örstutt þá. Það stóð bara rétt á meðan verið var að eyða innstæðunum. Það mundi standa stutt núna líka af mörgum skiljanlegum ástæðum.

Þetta bandalag, sem ég hef verið að minnast á og staðið hefur gegn byggðastefnunni í kjördæmamálinu, þ. e. a. s. þeirri stefnu að byggja stjórnskipunina áfram eins og verið hefur á sérstökum rétti byggðarlaganna, — þetta bandalag hefur í huga þessa nýju fjárfestingarstefnu, sem ég hef verið með örfáum orðum að minna á, og höfuðkennisetningarnar í því efni eru að ausa ekki fénu í óarðbæra fjárfestingu, að fjárfestingin verði að minnka, en neyzlan verði að hafa sinn gang, hin efnahagslega fjárfesting verði að sitja í fyrirrúmi fyrir þeirri pólitísku, þjóðin verði að skilja, að það verði að skera niður framkvæmdir, það sé ekki hægt að halda þeim uppi o. s. frv. Þannig mætti halda áfram að lýsa einkunnarorðum þessa fyrirtækis. Og aðaloddaliðið í þessu er ráðandi kjarni Sjálfstfl., — fram að þessu a. m. k. hafa þeir haldið sér við þetta, — kommúnistarnir í Alþb. undir forustu hv. 3. þm. Reykv. og svo hægra lið Alþfl.

En í öllum þessum flokkum eru þúsundir manna, sem eru algerlega andvígir þessari stefnu, sem hugsunin er að koma í framkvæmd, — algerlega andvígir þessari stefnu og eiga ekkert sameiginlegt með þeim hugsunarhætti, sem liggur að baki þessara fyrirætlana. Og þetta fólk, sem er andvígt svona lagaðri stefnu, hlýtur að ná saman fyrr eða síðar. Ég fyrir mitt leyti vona, að sem allra flest af því fólki nái saman strax í þeim kosningum, sem eiga að fara fram í haust, og það er ekki nokkur vafi á því, að margt af því nær saman þá strax og sameinast einmitt undir merki Framsfl., sem hann ber fram í kosningunum í haust, gegn þessu samsæri, sem hér er efnt til, hreinlega gegn því, og menn berjast fyrir alhliða uppbyggingu í sömu stefnu og hann hefur gert undanfarna áratugi. Ég fyrir mitt leyti trúi því, að það, sem gerðist í kosningunum í vor, þar sem fólk fylkti sér í vaxandi mæli undir merki Framsfl. á móti þessu, það sé bara byrjunin, því að kjördæmamálið er bara byrjunin á því, sem á að ske. Þessir flokkar þurfa ekki að halda, að þessu stríði sé lokið, þó að þeir samþykki þessa breyt. á stjórnarskrá landsins. Þeir eiga eftir að koma í framkvæmd þeirri stefnu, sem þeir hafa í huga og byggja á þessu, og það verður staðið móti því og haldið uppi merki fyrir alhliða uppbyggingu og gegn þeim hugsunarhætti, sem hér er á byggt. Og ég hef trú á því, eins og ég sagði áðan, að fjöldi manna muni nú þegar í þeim kosningum, sem fara fram í haust, snúast gegn þessu. Og það er ekki hægt nema með einu móti, svo byggilega hafa þeir, sem hér standa, búið um hnútana, — það er ekki hægt nema með einu móti: að sameinast um Framsfl. Það er ekki hægt á annan hátt. Og það mun margur finna, að þannig er þessu fyrir komið. Þess vegna mun, þó að þeir, sem að kjördæmabreyt. standa, telji sig máske eiga einhverjum sigri að fagna, — en ég bara efast um, að þeir telji það inn á sér, eins og nú er komið, en jafnvel þó að þeir telji sig það, þá er það bara ein orrusta, sem þeir hafa unnið með klækjum, sem lokið er, — bara ein orrusta, sem lokið er, sem þeir hafa unnið með klækjum, en margar aðrar orrustur eftir um þessa meginstefnu, sem hér liggur á bak við. Og þeir hafa komið því þannig fyrir, að sú næsta á að verða í haust og hlýtur að verða það, þar sem þeir vilja ekki fallast á neina málamiðlun í þessu máli. Og þá fer hún fram, og í þeirri orrahríð verður haldið fram byggðastefnunni. Byggðastefnunni verður haldið fram í þeirri orrahríð, byggðastefnunni í stjórnskipunarmálinu, því að enginn skal halda, að þetta sé lokaáfangi þessara þríflokka í sjálfu stjórnarskrármálinu, þeir hafa marglýst því yfir,

að hér sé bara áfangi. Það verður haldið áfram baráttu fyrir byggðastefnunni í stjórnarskrármálinu, og menn munu sjá það sífellt fleiri og fleiri, að í því máli er engum að treysta með byggðastefnunni öðrum en Framsfl., en þúsundir manna í öðrum flokkum eru raunverulega fylgjandi byggðastefnunni í kjördæmamálinu, og mun eiga eftir að sýna sig á næstunni. Baráttunni fyrir byggðastefnunni í stjórnarskrármálinu verður haldið áfram, og baráttunni fyrir byggðastefnunni í efnahagsmálum og framleiðslumálum landsins verður einnig haldið áfram.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Það er ánægjulegt að fá tækifæri til þess að ræða dálítið við hv. framsóknarmenn hérna í deildinni einmitt um þau stjórnmál, sem þessar umræður eru nú farnar að koma inn á og vissulega ekki að ófyrirsynju.

Ég ætla að byrja á því, sem hv. þm. A-Húnv. (BP) ræddi um hér áðan. Mér sýndist nú satt að segja rétt eins og búið væri að kippa honum dálítið meira inn á framsóknarlínuna í millibilinu. Það skyldi þó aldrei ætla að fara fyrir honum eins og hefur farið fyrir flestum þeim framsóknarmönnum, sem hafa verið með einhvern uppsteyt, áður en þeir komust inn á þing, að þegar þeir voru komnir hér undir handleiðslu Hermanns og Eysteins, þá var ekki mikið eftir af þeim eftir nokkurn tíma? Það er svo undarlegt með það, að í hvert einasta skipti sem það kemur fyrir, að framsóknarmennirnir hafa, hvort er nú til hægri eða vinstri, einhverjar dálitlar tilhneigingar til þess að vera dálítið sjálfstæðir menn, að ef þeir verða fyrir þeirri ógæfu að lenda inn á þingi, þá er ekki að því að spyrja, að um leið er þessi einræðisklá í Framsfl. búin að hremma þá, búin að stilla þá af, svo að upp frá því taka þeir ekki til máls í þinginu, varla einu sinni á þingflokksfundunum hjá Framsókn, hvað þá að þeir fái nokkurn tíma að fylgjast með eða ráða nokkrum sköpuðum hlut, sem gerist þar. Einu sinni hef ég orðið var við það í þessi rúm 20 ár, sem ég hef setið hérna á þingi, að framsóknarþingmenn hafi haft tilhneigingu til þess að fara að hugsa um málefnin, og það var þegar vinstri stjórnin sprakk. Meginið af framsóknarmönnum og þm. Framsóknar líka var hlynnt vinstri stjórninni og vildi vinstri stefnu. Og það kom alveg aftan að þeim, þegar einn góðan veðurdag er Eysteinn Jónsson, hv. 1. þm. S-M., búinn að sprengja stjórnina. Og þeir skildu ekkert í þessu og fóru að hugsa, tóku upp á þessum skramba, fóru bara að hugsa sjálfstætt án þess að spyrja hv. 1. þm. S-M. (**Gripið fram í:** Á þetta að vera fyndið?) Nei, þetta er því miður bara sannleikur. En mér sýnist, að sú ræða, sem hv. þm. A-Húnv. hélt hér áðan og var tilkynnt alveg sérstaklega úr forsetastóli að mundi verða haldin í kvöld, sem annars er óvenjulegt hér, hafi valdið mönnum mjög miklum vonbrigðum. Menn héldu kannske, að hann mundi fara að segja til syndanna, gefa t. d. lýsinguna á því, þegar Hermann stökk í land af þjóðarskútunni, þegar hún strandaði, með Eystein undir arminum, — þessar skemmtilegu lýsingar, sem urðu landsfrægar og hv. þm. A-Húnv. var að gefa á kosningafundunum. En það kom ekkert af þessu, ósköp meinleysisleg ræða, þar sem verið var að reyna að sýna, að hann ætlaði að vera gott barn.

Hann byrjaði með nokkrar almennar hugleiðingar, sem hv. 1. þm. S-M. líka kom hér inn á á eftir, — hugleiðingar um gróðann og verðbólguna og gróðann af henni. Og hvorugur þessara hv. þm. Framsóknar kemur að aðalatriðinu í sambandi við þetta. Hvað er verðbólga? Hvers konar pólitískt tæki er verðbólgan í okkar þjóðfélagi? Verðbólgan er svar stóratvinnurekendanna í þjóðfélaginu, auðvaldsins í þjóðfélaginu við launahækkunum verkalýðsins, þegar auðmannastéttinni hefur mistekizt að sigra verkalýðinn í átökunum í verkföllum. Auðmannastéttin hefur ríkisvaldið í sínum höndum. Auðmannastéttin ræður Framsókn og Sjálfstfl., sem lengst af hafa verið í meiri hluta á Íslandi og lengst af hafa farið með ríkisstj. síðustu áratugina. Auðvaldið notar þetta ríkisvald til þess, þegar það ber lægri hlut fyrir verkamönnunum í verkfallsbaráttunni, að stela af þeim með því að beita ríkisvaldinu a. m. k. að mjög miklu leyti því, sem þeir hafa áunnið sér í verkfallsbaráttunni, með því að hækka verð á öllum vörum. Það er farið öfugt að við það, sem sagt var í vísunni forðum: Þú hefnir þess í héraði, sem hallaðist á Alþingi. — Þegar hallast fyrir auðvaldinu úti í lífsbaráttunni utan veggja þessarar stofnunar, þá nota þeir sitt vald hér og sína meirihlutaflokka hér til þess að setja verðbólguna af stað. Verðbólgan er sameiginleg svikamylla Sjálfstfl. og Framsóknar, sem hefur verið rekin hér í 20 ár til þess að ræna af verkalýðnum öllum ávöxtum kaupgjaldsbaráttunnar hjá honum. Það er engum öðrum um verðbólguna að kenna en þessum herrum.

Þegar rannsóknardómari stendur frammi fyrir því að rannsaka glæp, sem framinn er, þá byrjar hann venjulega með því að spyrja: Hverjum var þetta til góðs? Og eins mun þjóðin gera, þegar hún sér í gegnum þá svikamyllu, sem þarna hefur verið, og þá hræsnisblæju, sem yfir hana hefur verið breidd. Hún mun spyrja: Hverjir voru það, sem græddu á þessari verðbólgu?

Hv. þm. S-M. kom hér dálítið inn á það áðan og talaði ekki nema um annan partinn af þeim. Það eru fleiri, sem skulda, en núverandi milljónamæringar, eins og Einar Sigurðsson eða slíkir, þó að þeir hafi sérstaklega gert þessa verðbólgupólitík Sjálfstfl. og Framsóknar að fjáröflunaraðferð fyrir sig. Það eru fleiri, sem skulda. Og Framsfl. hefur ekki hvað sízt lagt upp úr því að veita þeim fyrirtækjum, sem hann þykist sérstaklega bera fyrir brjósti, aðstöðu í bönkunum til að skulda, og það má mikið vera, ef það skiptir ekki hundruðum milljóna, sem þau fyrirtæki, sem Framsfl. sérstaklega ber fyrir brjósti, skulda þar, ekki síður en það, sem milljónamæringarnir í Reykjavík skulda. Það er samvinnan á milli þessara aðila um verðbólgupólitíkina, um þessa svikamyllu til þess að svíkja af verkalýðnum kauphækkanirnar, sem hefur einkennt stjórnmálaástandið á Íslandi í 20 ár.

Við höfum meira að segja farið út í verkföll til þess að reyna að stöðva verðbólguna, til þess að reyna að knýja fram verðlækkanir. Þeir, sem svíkja á krónunni í þessu, það eru þessir herrar,

sem þarna hafa ráðið, herrarnir, sem hafa haft helmingaskipti um að græða á verðbólgunni, helmingaskipti um að lána út úr bönkunum á undanförnum 20 árum, lána milljónirnar og milljónatugina og hundruð milljóna til sinna fyrirtækja og lækkað síðan sameiginlega gengið, þegar verðbólgan hefur ekki gengið nógu hratt að þeirra áliti þess á milli. Svo koma þessir menn, eins og jafnvel maður, sem er búinn að vera fjmrh. í 25 ár, og virðist ekki vita þetta. Er von, að þjóðinni sé stjórnað og fjármálum hennar af nokkru viti, á meðan menn, sem eru svona vitlausir, eiga að stjórna, — menn, sem hafa ekki hugmynd um grundvallaratriði í íslenzkri fjárhagsþróun á síðustu áratugum?

Hv. þm. A-Húnv. kom svo með það, að við hefðum unnið stórvirki 1956—58. Jæja, mikið var. Batnandi mönnum er bezt að lifa. Hann hefur batnað þó nokkuð frá því í fyrri ræðunni. Þá sagði hann frá 1953—55, þá hefði allt gengið vel, meðan ekki nokkur skapaður hlutur var gerður til þess að byggja upp úti á landi, á meðan þetta frá 2500 niður í 1500 menn voru í hernámsvinnunni.

Þá gekk vel, segir hv. þm. A-Húnv. Þá voru fleiri menn í hernámsliðinu suður á Keflavíkurflugvelli en nokkru sinni áður. Árið 1952 var því um líkt ekki neitt, 1953, 1954 og 1955 var kraftur í því. Þá gekk vel, sagði hv. þm. A-Húnv. áðan, og hv. 1. þm. S-M. hefur líklega áminnt hann, vegna þess að hann var einmitt að halda því hér fram í sinni ræðu, að það hefði verið stefna Framsóknar á þessum tíma að draga úr þessum hernámsframkvæmdum. Þær voru mestar einmitt þennan tíma. Þetta eru árin 1953—55. Þetta eru ár hernámsframkvæmdanna í stórum stíl. Það er fyrst þegar vinstri stjórnin tekur við og eftir ársbyrjun 1957, sem þetta fer niður í 500 menn, sem starfa hjá hernámsliðinu.

Það er gott, að hv. þm. A-Húnv., sem komst á þing í Austur-Húnavatnssýslu, að því er heyrzt hefur með því að segja sjálfstæðismönnum þar, að hann mundi ganga í Sjálfstfl. á eftir, því að auðvitað hefði hann alltaf í hjarta sínu verið sjálfstæðismaður, — það er ákaflega gott, að hann er farinn að átta sig á því, að vinstri stjórnin gerði dálítið af uppbyggingu og þetta gekk satt að segja ekki eins vel, þegar helmingaskiptin voru milli Framsóknar og íhaldsins, eins og hann augsýnilega hélt, eftir að hann kom út úr kosningabaráttunni þar norður frá. En af því að það var einn fræknasti kosningasigurinn, sem Framsókn vann í þessari kosningabaráttu, þá er þetta nokkurn veginn myndin af, með hvers konar aðferðum þessi sigur hefur verið unninn, og það er bezt fyrir hv. 1. þm. S-M. að státa sem minnst af, hvernig sá sigur var unninn og með hvers konar áróðri.

Það sýnir sig, að hv. þm. A-Húnv. er frekar ókunnugur hlutum. Mér heyrðist hann segja hér áðan, að þessi kauplækkun með lögum, sem gerð hafi verið í vetur, hafi verið eitthvað nýtt, — ég held, að það hafi verið rétt tekið eftir hjá mér. Nei, þetta er svo sem ekki nýtt. Þetta er gamalt Framsóknar- og íhaldsráð, sem Framsókn og íhaldið hafa tekið höndum saman um til þess að drepa hverja einustu stjórn, sem einhver verkalýðsflokkur hefur verið í, alveg frá því að fyrsta vinstri stjórnin var drepin 1938 með gerðardómnum þá. Það ætlar að skipa með lögum, — lögum, sem Framsókn og Sjálfstfl. setja, hvað verkalýðurinn skuli fá í sinn hlut á Íslandi. Þetta er ekki nýtt. Það er bara nýtt fyrir honum að heyra þetta og sjá. Og þetta var alveg rétt hjá honum, það sem hann sagði, að það er satt að segja nokkuð undarlegt, að verkalýðurinn skuli þurfa að standa í harðvítugum verkföllum og svo skuli vera til svo bíræfnir aðilar á eftir, að þeir skuli bara með lögum hér á Alþingi taka það af honum, sem honum tekst að ávinna sér.

Svo kom hv. þm. A-Húnv. því að, að þetta væri nú þokkalegt með okkur, þessa voðalegu kommúnista, við vildum bara, að þjóðin færi að kaupa togara, samt er tap á togurunum. Það þætti þokkalegur búskapur á stórbúinu, þar sem menn ættu nokkrar kýr, að halda slíku áfram. — Það er ofur lítið annað viðhorfið á þjóðarbúinu íslenzka. Það er sama viðhorfið á þjóðarbúinu íslenzka og hjá fátækum smábónda, sem á eina einustu kú og notar hana til þess að fá mjólk handa börnunum sínum. Hann spyr ekki að því, hvort hann græði á kúnni. Spurningin er ekki um, hvort einhverjir menn, sem eiga togara á Íslandi, græða eða tapa á þeim. Það er alveg sama, svo framarlega sem þjóðarbúið græðir á því, lifir á því. Og það er þetta, sem þarf að skilja, hitt eru bara útreikningar. Svo framarlega sem við eigum flota, sem mjólkar okkur allt í okkar bú, til þess að kaupa alla þá vöru, sem við flytjum inn til landsins, þá eigum við ekki aðeins að halda mjólkurkúnni við, heldur eigum við jafnvel að leggja okkur fram um að fjölga kúnum, hvernig svo sem búreikningarnir kunna að vera. Og ég held, að í sveitinni, hjá saklausum sveitamönnum, sé það jafnvel til, að menn geri ekki allar afurðirnar upp, allar búnytjarnar, án þess að ég sé nokkuð að dróttа sérstaklega slæmu að bændum með slíkt. En minn grunur er sá, að þegar reiknað er út það, sem fiskiflotinn íslenzki gefur í íslenzka þjóðarbúið, þá hafi reikningarnir venjulega verið falsaðir, þannig að verzlunarauðvaldið á Íslandi, sem raunverulega hefur þjóðnýtt afrakstur þessa flota handa sér, hefur tekið til sín drýgsta skerfinn af þessum gróða og skilið tapið eftir handa fiskiflotanum.

Þess vegna er barnalegt að vera að tala um tap og gróða undir slíkum kringumstæðum. Það er rétt hjá hv. þm. A-Húnv., að þessar vitlausu hugmyndir, þetta skilningsleysi Framsfl. á því, hvað togarafloti og fiskifloti þýðir fyrir þjóðina, hefur staðið þjóðinni hvað eftir annað fyrir þrifum. Það er eins og áður, þegar Framsókn var hér í stjórn, sem átti að vera vinstri stjórn, og Alþfl. bað um það 1934—38 á hverju einasta þingi að fá að kaupa þótt ekki væri nema einn togara til landsins og fékk það aldrei. Togaraflotinn fékk að hnigna ár frá ári. Þess vegna var það, sem mönnum fannst það vera skýjaborgir, þegar ég kom með þær hugmyndir að kaupa 30 togara í einu. Menn voru orðnir svo vanir því, að ár eftir ár neitaði þáverandi fjmrh., Eysteinn Jónsson, um, að íslenzka þjóðarbúið fengi að kaupa svo mikið sem einn einasta togara, vegna þess að framsóknarmenn skildu ekki,

að þjóðarbúið er borið uppi af þessum fiskiflota. Spurningin er ekki, hvort togararnir beri sig, hvort fiskiskipin beri sig. Staðreyndin er, að þau bera allt þjóðarbúið, líka allan útflutninginn, sem landbúnaðurinn fær. Ég er nú satt að segja búinn að segja þetta það oft hérna í þinginu, að ég hélt ekki, að ég þyrfti að fara að tyggja þetta í menn einu sinni enn þá. Það er auðséð, að þeir, sem koma utan úr sveitinni og ekkert hafa lesið kannske nema Tímann, hafa aldrei fengið ögn af þessu inn í sig, það hafa aldrei smokkazt þar í gegn einföldustu undirstöðuatriðin í íslenzkri hagfræði.

Svo kom hv. þm. A-Húnv. með það, að okkur, þessum voðalegu Alþb.-mönnum og sérstaklega þessum óttalegu kommúnistum væri illa við heilbrigða umbótastefnu. Það er margt, sem ég þarf að fræða þennan hv. þm. um, ef við eigum að vera hérna lengi saman.

Við höfum nú staðið í því áratug eftir áratug, bæði við og stundum Alþfl. líka, að reyna að fá Framsókn inn á umbótastefnu. Og það er það, sem er svona erfitt. Hún heldur það ekki út. Þegar maður loksins er búinn að fá hana inn í vinstri stjórn og búinn að fá hana til þess að lofa einhverjum ofur litlum umbótum, þá springur hún allt í einu og segir: Nei, nei, nei, nú held ég þetta ekki lengur út, nú verður að skera niður launin um 8% og svipta þar með verkalýðinn öllum þeim umbótum, sem hann var búinn að einhverju leyti að knýja fram, nema því eina, sem hún gat ekki tekið frá honum, og það var atvinnan. Við vorum að reyna að fá Framsókn inn á umbætur, umbætur viðvíkjandi hernámsmálunum, með því að láta herinn fara, þær stóru umbætur, sem eru einhverjar þær stórkostlegustu, sem þarf að gera á Íslandi. Við vorum að reyna að fá Framsókn inn á umbætur, sem hún var búin að lofa, og undirskrifuðum bréf upp á það, þ. e. umbætur í kjördæmamálinu. Við vorum að reyna að fá Framsókn inn á umbætur í tryggingamálunum. Það var ekki við það komandi að reka heilbrigða umbótastefnu, en e. t. v. meinar hv. þm. A-Húnv., að heibrigða umbótastefnan felist í því að ákveða með lögum launalækkanir hjá verkalýðnum. Það er þó umbótastefna, sem Framsfl. vildi una við í ríkisstjórn.

Svo kom hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) hér og vildi nú fara að ræða um nýsköpunina. Það er undarlegur hlutur, að menn skuli ekki einu sinni á 15 árum geta lært eitthvað ofur lítið í íslenzkri sögu, og þegar einn hlutur fer að verða eins gamall og nýsköpunarstjórnin er nú, að menn geti ekki, þrátt fyrir það þótt menn hafi verið andvigir því á sínum tíma, litið á það eins og hverja aðra sögulega staðreynd, sem hér skeður. Af hverju var fyrst og fremst lagt í að kaupa togara, en ekki t. d. raforkuver? Það er vegna þess, að togarar og fiskibátar og fiskiðjuver eru undirstaðan, eru grundvöllurinn að öllu atvinnulífi Íslands, að öllu sjálfstæðu efnahagslífi Íslands, að öllum innflutningi Íslands. Þetta er grundvöllurinn. Meginið af allri okkar raforku er til neyzlu. Það er gott, það er nauðsynlegt, svo og svo mikið af því er líka til iðnaðar og annars sliks, en meginið er til neyzlu. Raforkan er hlutur, sem hvað helminginn af allri hennar framleiðslu snertir tilheyrir lífskjörunum. Ef við ætlum að geta veitt okkur allt það, sem við þurfum að veita okkur, til þess að við njótum raforkunnar og getum komið henni upp, ef við eigum að geta keypt inn stöðvarnar, keypt inn þræðina og keypt inn staurana, keypt heimilistækin og annað slíkt, þá þurfum við að framleiða fisk, því að fyrir fisk kaupum við allt, sem tilheyrir raforku og raforkuframkvæmdum og raforkuneyzlu. Þess vegna er það jafnsjálfsagt og ef maður ætlar að byggja hús, að maður byrjar á grunninum, en ekki á þakinu eða húsgögnunum á þriðju hæðinni. Og það er þessi einfalda staðreynd í efnahagslífi Íslands, sem Framsfl. er ekki búinn að skilja enn þá. Þess vegna átti að byrja á þessu, þess vegna var það höfuðatriði að byrja á þessu, og þess vegna er það gæfa Íslands, að það var byrjað á þessu og þetta var knúið í gegn, þótt Framsfl. væri svo skammsýnn að vera á móti því.

Annað dæmi um þessa gersamlegu blindu Framsfl., þegar hann talar um efnahagsmál, er áburðarverksmiðjan. Hv. 7. þm. Reykv. sagði hér áðan: Það var búið að útbúa till. um áburðarverksmiðjuna, þegar nýsköpunarstjórnin kom, og hvað gerði þessi voðalega nýsköpunarstjórn? Hún kastaði þessum till., hún notaði þær ekki. — Um hvað voru þessar till.? Það voru till. frá manni, sem Framsfl. alveg sérstaklega hefur alltaf treyst á og teflt fram sem aðalfjármálamanni landsins, frá Vilhjálmi Þór. Um hvað voru þær? Þær voru um að byggja áburðarverksmiðju á Akureyri, sem framleiddi 1200 tonn og ætti að fá rafmagn úr Laxá. Hvað hefði það þýtt, ef Vilhjálmi Þór og Framsfl. hefði haldizt sú glópska uppi að byggja þá áburðarverksmiðju? Það hefði þýtt, að við hefðum fengið áburðarverksmiðju, sem var ekki nema byrði fyrir íslenzkan landbúnað, sem var til þess að framleiða rándýran áburð, áburð, sem hefði verið miklu dýrari en erlendur áburður.

Ég hef deilt við framsóknarmenn um þetta utan þingsalanna eftir þennan tíma. Þeir hafa sagt við mig: Já, en það hefði þó verið betra að geta byrjað með þessu. — Það að byrja með þessu hefði eyðilagt allt málið. Menn hefðu bent á þessa áburðarverksmiðju, 1200 tonna áburðarverksmiðjuna, og sagt: Sjáið þið, til hvers er verið að koma þessu upp? Skilyrðið fyrir því að koma upp áburðarverksmiðju á Íslandi, sem eitthvert vit er í, var, að það væri stór verksmiðja, vegna þess að eðli þessarar framleiðslu er þannig, að hún heimtar stórrekstur. Það eðlilega hefði verið, að slík áburðarverksmiðja hefði framleitt, við skulum segja 10—15 þúsund tonn, sem hún hefði blandað og gefið yfir 30 þús. tonn af köfnunarefnisáburði, 10—15 þús. tonn af köfnunarefni. Þá hefði verið rekstur miðað við alþjóðlegan mælikvarða.

Hvað gerðum við? Við sáum strax, að þessi della Framsfl. og Vilhjálms Þórs um 1200 tonna áburðarverksmiðju á Akureyri með rafmagni úr Laxá var til þess að eyðileggja þetta mál. Og hvað gerðum við? Við björguðum þessu máli, við sáum til þess, að það var farið að undirbúa þetta af mönnum, sem höfðu vit á því, en ekki af mönnum, sem voru bara að hugsa um einmenningskjördæmasjónarmið. Við sáum um, að

þetta væri undirbúið af mönnum, sem voru að hugsa um landshag í sambandi við það, en ekki um að veifa einhverju framan í Akureyringa eða eitthvert einkenningskjördæmi. Nú, hvað kom þá í ljós? Það kom í ljós, að áburðarverksmiðjan þurfti að vera a. m. k. 6—7 sinnum stærri en sú, sem Framsfl. og Vilhjálmur Þór höfðu lagt til. Og samt var hún of lítil, þegar hún var byggð. Við fluttum hér þá í þinginu, Sósfl., brtt. um að hafa hana stærri. Og við fluttum till. líka um annað. Við fluttum till. um að byggja raforkuver í sambandi við hana, virkja Urriðafoss, vegna þess að við vissum, að til þess að framleiða áburð þurfti rafmagn. Það var Framsfl. ekki ljóst. Framsfl. vildi sníða áburðarverksmiðjuna eftir því, hvað afgangs mundi vera af Sogsvirkjuninni, sem verið var að byggja um leið. Svona var stórhugurinn, það átti að miða þetta við það, hvað var afgangs, verksmiðju, sem átti að standa sín hundrað ár, það átti ekki að miða stærð hennar við það, hvort hún bæri sig og annað slíkt og hvað íslenzkur áburður ætti að kosta íslenzka bændur, — það átti að miða þetta við það, hvað yrði afgangs af einni lítilli virkjun í einum Sogsfossi á ákveðnu árabili, 1950—53. Svona er framsýnin. Svona er þekkingarleysið, skeytingarleysið, fyrirhyggjuleysið í þessum málum.

Og svo koma þessir menn og fara að reyna að telja sjálfum sér trú um, að þeir hafi verið að gera mjög skynsamlega hluti. Á hverju flýtur áburðarverksmiðjan í dag? Hún flýtur á því, að helmingurinn af allri raforku, sem framleidd er í Sogsvirkjuninni, er látinn þangað fyrir hverfandi lítið verð. Og hvernig fer svo? Svo fer þannig, að öðru hverju verður, eins og núna t. d., að draga það mikið úr raforkunni til áburðarverksmiðjunnar, að hún verður að minnka sína framleiðslu það mikið, að Ísland verður að flytja inn á s. l. ári fyrir 10 millj. kr. köfnunarefnisáburð, af því að frá upphafi var ekki hugsað um að byggja raforkuver, um leið og þessi áburðarverksmiðja væri byggð. Það er planleysið, það er skilningsleysið, sem einkennir þessar framkvæmdir. Það er hlaupið til út frá því, hverju menn halda að sé hægt að slá sér pólitískt upp á, í staðinn fyrir að hugsa þessi mál út frá þjóðhagslegu sjónarmiði, í staðinn fyrir að undirbyggja þetta af þeirri vísindalegu umhyggju, sem öll stóriðja nútímans heimtar.

Ég veit ekki, hvort ég á að halda áfram að rekja — það mundi taka upp alla nóttina — allar vitleysur Framsóknar, bæði þær, sem hún hefur gert, og þar sem hún hefur ráðið því, að verr var lagt í hlutina en vera skyldi.

Hv. 7. þm. Reykv. talaði um, hvað vanrækt hefði verið á nýsköpunartímunum. Hann minntist á landbúnaðinn. Ég held nú, að ein bezta löggjöfin, sem til er viðvíkjandi ræktunarmálunum, sé einmitt frá þeim tíma. Hann talaði um byggingarmálin. Ég held, að bezta löggjöfin, sem sett hefur verið um byggingarmálin á Íslandi, sé frá þeim tíma líka. Hann kom inn á braggana. Hvað var gert af hálfu nýsköpunarstjórnarinnar til þess að reyna að útrýma bröggum? Það var sett sérstök löggjöf um að hjálpa bæjunum á Íslandi til þess að útrýma bröggunum, sérstök löggjöf um útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis, löggjöf, þar sem ríkið lagði fram og veitti að láni mjög mikið fé til þess að útrýma einmitt þessum heilsuspillandi íbúðum. Og það var byrjað að vinna samkvæmt þessari löggjöf. Skúlagötuhúsin hérna í Reykjavík, sem voru byggð samkvæmt þeirri löggjöf, og menn fluttu úr bröggunum inn í þau, eru dæmin um, hvernig byrjað var að taka á þeim málum. En hvað gerði svo Framsfl., þegar hann komst í ríkisstj. með íhaldinu rétt á eftir, 1947? Hann afnam þessi lög, hann stöðvaði þessar framkvæmdir í því að útrýma heilsuspillandi híbýlum, hann hindraði bæinn í því að afnema þessa bragga með því að kippa efnahagslega grundvellinum undan þeirri starfsemi. Er hv. 7. þm. Reykv. búinn að gleyma þessu, eða vissi hann það ekki? Og þá eiga menn helzt ekki að venja sig á að tala um hluti, sem menn vita ekki um. — Hann kvartaði um, að það hefði verið lítið byggt á þessum árum. Ef ég man rétt, voru byggðar 1946 yfir 600 íbúðir hér í Reykjavík, og það voru aldrei byggðar fleiri íbúðir á öllum næsta áratug, á áratug helmingaskipta íhalds og Framsóknar. Hvað komst það niður í, eftir að Framsókn hóf stríðið á móti fjárplógsstarfseminni og féll svo í faðma íhaldsins? Árið 1951 komust íbúðirnar hérna, sem byrjað var á á einu ári, niður í 240, held ég, eða eitthvað þar í kring. Það hrapaði niður, þegar Framsókn kom nærri því. Það var takmarkað, hvað byggja mátti af íbúðum fyrir almenning í Reykjavík. Og jafnvel almenningur í dreifbýlinu úti um allt land þurfti að sækja um leyfi til Reykjavíkur til þess að reisa sér þak yfir höfuðið. Svona var farið að þá. Það voru settir fjötrar á byggingarstarfsemi fólksins í dreifbýlinu um allt land, þegar Sjálfstfl. og Framsókn tóku við. Þetta var munurinn viðvíkjandi aðbúnaðinum.

Og á ég að rekja þetta áfram? Á ég að taka tryggingalöggjöfina, þá tiltölulega góðu tryggingalöggjöf, sem við knúðum fram í nýsköpunarstjórninni? Hvað var byrjað að gera viðvíkjandi henni? Það var byrjað að eyðileggja hana, skemma hana, draga úr henni. Og Framsfl. átti sinn þátt í því. Ég skal taka það fram, að ég er ekki að bera af Sjálfstfl. þann þátt, sem hann átti, en ég stend núna í uppgjöri við Framsfl. Ég er reiðubúinn til uppgjörs við Sjálfstfl., hvenær sem er, og hef alltaf verið það, en núna sem stendur er það Framsfl., sem er að tala við okkur, og ég, sem er að tala við hann.

Svo sagði hv. 7. þm. Reykv., að það hefði verið ægileg eyðsla og það hefði verið hverfandi lítið, sem notað hefði verið til nýsköpunar. Það er rétt, að eyðslan var meiri en hún hefði átt að vera. Við gerðum það, sem við gátum, Sósfl. þá, til þess að draga úr því. Við megnuðum ekki meir. Það, sem við megnuðum þó, var að bjarga því, að hús íslenzku þjóðarinnar fékk grundvöll til að standa á. Við gátum múrað grunninn, við gátum komið upp fiskiskipastólnum, við gátum gerbreytt fiskiðnaðinum og tryggt iðnaðinum og landinu þá gerbyltingu hvað vélar snertir, sem hann gat veitt sér með því að fá eins mikil innflutningsleyfi og hann vildi fyrir nýjum vélum, sem stórfyrirtækin hér á Íslandi, eins og Héðinn og önnur slík, enn þá bera vott um, þau fyrirtæki, sem var gerbylt á nýsköpunartímanum.

En hafði Framsfl., eftir að hann fór að ráða í ríkisstj., vit eða vilja til þess að gera þarna betur? Tók hann við og framkvæmdi það, sem okkur tókst ekki að framkvæma af okkar fimm ára áætlun, t. d. togarakaupin? Við ætluðum að kaupa yfir 50 togara. Við gátum ekki keypt nema 32, fengum ekki meira í gegn. Nokkru var bætt við, meðan Alþfl. var enn þá í stjórn. En eftir að Framsókn og Sjálfstfl. tóku við ein, hjúin bæði, 1950, hvernig gekk þá? Voru þá kannske keyptir þessir togarar, sem eftir voru? Sýndi þá fyrirhyggjan hjá Framsókn sig og framtakið hjá Sjálfstfl.? O-sussu-nei. Þá var ekki einn einasti togari keyptur á þeim 6—7 árum, sem Framsókn og Sjálfstfl. voru saman í ríkisstj., en 5000 bílar. Það er fjárfestingin, sem Framsfl. líkar. Hvar er fyrirhyggjan? Það er ekki eyðsla. Nei, íslenzka þjóðin fékk margfalt meira fé en það, sem hún hafði til ráðstöfunar á nýsköpunarárunum, á áratugnum á eftir með gjöfum og lánum og öllu mögulegu, en yfirgnæfandi meiri hlutanum af því fé var varið til eyðslu, þannig að meira að segja þeim fyrirtækjum, sem þá voru sett upp af litilli fyrirhyggju, en kannske góðum vilja, varð vinstri stjórnin, eftir að hún kom, fyrirtæki eins og sementsverksmiðjunni, enn þá að vera að bjarga hvað fé snerti.

Svo kom hv. þm. inn á fjárfestingarmálin. Það er alveg rétt hjá honum, að það er mjög eðlilegt, að um þau mál verði deila, og það er satt að segja hægt í þeim málum og ákaflega auðvelt að afflytja þá stefnu, sem maður er að berjast fyrir, vegna þess að í fjárfestingarmálunum reynir á það að tryggja með fyrirhyggju grundvöll þjóðarbúsins, og nauðsynina á því að byggja upp þann grundvöll skilur kannske meginið af fólkinu venjulega ekki. Ég veit ósköp vel, að það voru fleiri en pólitísku flokkarnir hér, sem kölluðu það skýjaborgir, þegar ég var með 30 togarana og þá skýjaglóparæðu alla saman. Meginið af landsbúum hefur vafalaust verið mjög vantrúað á, að þetta væri hægt. Og það er eingöngu vegna þess, að okkur tókst að mynda ríkisstj. á eftir um að gera þetta og gerðum það, að menn eru á þeirri skoðun í dag, að þetta hafi ekki verið skýjaborgir, heldur raunhæfar, réttar hugmyndir um, hvað þurfti að gera í íslenzku efnahagslífi, Það, sem þarf þess vegna viðvíkjandi fjárfestingu, er að hafa í fyrsta lagi vit á að hugsa um þessi mál og vilja út frá heildarhagsmunum þjóðarinnar og segja þjóðinni og þora að segja henni það, hvað hún þurfi að gera í þessu efni. Ég veit ósköp vel, að það er oft óvinsælt að þurfa að segja henni slíkt. Okkar þjóðartekjur eru — það seinasta, sem við höfum skýrslur yfir — 4800—4900 millj. kr. Af þessum þjóðartekjum verjum við 1600 millj. kr. í fjárfestingu. Það er um þriðjungurinn af öllum þjóðartekjunum. Hvernig eigum við að verja þessum 1600 millj. kr., þannig að það komi öllum landsbúum sem bezt að gagni? Ég veit ósköp vel, að það er ekkert hægara en að fara út til almennings og segja við hann: Hér er einn maður, sem leggur til, að peningarnir séu teknir af þér til þess að kaupa fyrir þá togara, sem ekki bera sig, reisa fiskiðjuver, sem ekki er víst að við getum unnið nokkurn skapaðan hlut í, og annað slíkt. Ætlarðu að láta svona skýjaglóp telja þér trú um, að það eigi að nota peningana þína í þetta? Viltu ekki miklu heldur fá þér bíl? Þá geturðu keyrt með þína fjölskyldu á sunnudögum út úr bænum, og fjölskyldan þín verður miklu ánægðari yfir, að þú eigir bíl, heldur en yfir því, að þjóðin eigi nokkra togara. — Ég veit ósköp vel, að það eru þessar stefnur, sem togast á. Sú stefna, sem Framsfl. og Sjálfstfl. framkvæma þegar þeir ráða, er að lofa hverjum manni í landinu að kaupa það, sem hann langar til, en vera ekki með neinn áætlunarbúskap, vera ekki með neinar áætlanir um það, hvað þjóðinni sé fyrir beztu. Ég skal viðurkenna, að ég er fulltrúi þeirrar stefnu, að þegar þriðjungurinn af öllu því, sem einn maður vinnur sér inn, og meðaltekjur fjölskyldu á Íslandi eru 150 þús. kr., — þegar 50 þús. kr. af þessu eru teknar frá hverri einustu fjölskyldu á Íslandi og notaðar til fjárfestingar, þá er ég á þeirri skoðun, að þessum peningum eigi að verja með hag þjóðarheildarinnar fyrir augum, þannig að það sé búið sem bezt að öllum landsmönnum með því. Og ég skal standa fyrir þessari stefnu, hvar sem er. Ég veit ósköp vel, að það er erfiðara að slást fyrir þessari stefnu og koma fólki í skilning um hana heldur en að fá menn til þess að trúa því, að það sé miklu praktískara fyrir eina fjölskyldu að eiga bíl eða eitthvað annað þess háttar, þegar þessu er stefnt í mótsetningu hvoru við annað. Hitt hugsa menn svo venjulega ekki út í, þegar menn eru að prédika fyrir mönnum að eignast bílana eða framkvæma þá bílastefnu Framsóknar og Sjálfstfl., að það þarf benzin á bíla, það þarf meira að segja gjaldeyri fyrir bílum, og það þarf að borga þessa bíla og þetta benzín með fiski og engu öðru.

Það er þetta, sem þjóðin verður að gera sér ljóst, ef hún ætlar að stjórna sínum fjármálum af viti. Og ef hún ætlar að stjórna sínum fjármálum af viti, þá ætti hvorki Sjálfstfl. né Framsfl. að koma nærri því, sízt af öllu saman. Það sýndu þeir 1950—56, þegar þeir stjórnuðu þessum málum.

1600 milljónum króna á hverju einasta ári má verja á margvíslegan hátt. Það, sem ég hef lagt til í þessum efnum og lagði til í vinstri stjórninni, var, að það væri sett á stofn áætlunarnefnd, sem undirbyggi till. um það, hvernig þessum peningum skyldi varið, og sýndi fram á misræmið í því, hvernig þessu hefði verið varið að undanförnu, og fyrirhyggjuleysið í sambandi við það, og það er þetta, sem Framsfl. síðan alltaf er að deila á. Hann má ekki heyra þetta nefnt, vegna þess að hann vill spekúlera í, rétt eins og Sjálfstfl., fyrirhyggjuleysi fólksins í þessu efni og láta það svo bara standa uppi einn góðan veðurdag togaralaust, fiskiskipalaust, markaðslaust, fátækt og atvinnulaust, en með nóga bíla og kannske meira að segja með sum sveitabýli, þar sem rafmagn og allt er lagt inn og fólkið flutt burt frá.

Nei, spurningin stendur ekki um það, þegar verið er að tala um skynsamlega fjárfestingu, að það eigi að skera niður í dreifbýlinu. Það er vitleysa, og það er rangfærsla, vegna þess að Framsfl. getur aldrei hugsað sér neinn þjóðarbúskap á Íslandi, sem væri áætlunarbúskapur.

En það er ekki hægt að vinna upp dreifbýlið á Íslandi og láta fólkinu fjölga þar og fólkið haldast þar og byggðina aukast nema með slíkum áætlunarbúskap, nema með stórum átökum, nema með því að búa þar til arðbær og stór fyrirtæki. Það er hægt að virkja fljót eins og Blöndu, það er hægt að vinna eins og í Suður-Þingeyjarsýslu úr auðlindunum, sem þar eru, það er hægt að skapa stóriðju á þessum stöðum, svo framarlega sem það er hugsað í tíma fyrir því að gera þessa hluti og þjóðarauðnum er einbeitt að þessu, og með því að gera slíka hluti, sem framsóknarmenn, þegar ég hef verið að lýsa því undanfarið í greinum, sem ég hef skrifað, bæði meðan vinstri stjórnin var og eftir að hún fór, mundu kalla skýjaborgir, ef þeir lesa þær nokkurn tíma. Það er þannig, sem þarf að undirbyggja dreifbýlið, líf þess, gera það að þéttbýli, skapa bændunum, sem þar búa, líka næga markaði með því að láta bæi vaxa þar upp. Það þarf stórhug í sambandi við þetta, það þarf stórátök í sambandi við þetta, og það þarf einbeitingu fjármunanna til þess. Það er þetta, sem Framsfl. aldrei hefur skilið.

Það, sem ég hef lagt til, er, að fjárfestingin sé gerð arðbær og jákvæð, að henni sé einbeitt að atvinnuuppbyggingunni um allt land. Og svo ætla ég ekki að lengja þetta, því að ég held, að ég verði að gefa hv. 7. þm. Reykv. sérprentun af grein, sem ég skrifaði núna seinast um, hvernig ætti að byggja upp í dreifbýlinu. Hann hefur víst ekki haft fyrir að lesa það fyrir kosningarnar, þá hefði hann varla talað eins og hann hefur gert.

M. ö. o.: einbeiting að því að vinna dreifbýlið upp og láta fólkið haldast þar við og fjölga fólkinu þar verður ekki gerð nema með áætlunarbúskap á Íslandi. Haldi Framsókn áfram þeirri stefnu, sem hún hefur rekið á undanförnum áratugum með Sjálfstfl., þá verður þetta ekki gert, fyrr en sósíalisminn kemst á á Íslandi. En þá skal það líka verða gert, þá skal Framsókn ekki takast að hindra þau stórvirki, sem þarf að framkvæma í öllum okkar landsfjórðungum. Þá mundi henni ekki heldur takast að hindra, eins og henni tókst núna í vinstri stjórninni, að 15 togarar væru keyptir.

Svo kom hv. 7. þm. Reykv. inn á ýmislegt, sem ég hafði verið að rekja til kauplækkunarinnar, kaupbaráttunnar, og að öðru líku. Hann sagðist ekki ætla að fara út í söguna. Það var alveg rétt af honum. Það er auðséð, að hann kann að svara fyrir sig. Svoleiðis er einmitt það hárrétta, menn eiga alls ekki að hætta sér út í að ræða um reynsluna, þegar hún er svona ljót, það á bara að láta þá ljótu sögu eiga sig. Hann var bara ekki búinn að kenna hv. 1. þm. S-M. (EystJ) þetta. Hann endaði nefnilega með því, að Framsfl. ætlaði að reka sömu stefnu og undanfarna áratugi. Hann hefur aldrei lært neitt og getur aldrei lært neitt. En ég sé, að hv. 7. þm. Reykv. er byrjaður að læra undireins, a. m. k. að læra að þegja yfir sögu Framsóknar.

Svo kom hann inn á kauplækkunina, — við hefðum ekki viljað 8% kauplækkun, og hvað hefðum við fengið? Jú, við hefðum fengið jafnvel upp í 13% kauplækkun. Ef við hefðum gengið að 8% kauplækkuninni, hvað heldur hann að við hefðum fengið á eftir? Ef Framsfl. hefði komizt að því, að það var hægt að beygja þá, það var hægt að lofa olíuhringunum að halda öllum auðnum, þarna komu þeir þeim niður um 8%, hvað hefði gerzt næst, þegar auðvaldið í Reykjavík þurfti að græða meira? Jú, auðvitað nýjar kröfur. Nei, við skulum alveg gera okkur ljóst, að þessir hlutir verða ekki útkljáðir nema með baráttu, harðvítugri baráttu. Við afstýrðum ekki 13% kauplækkun með því að ganga inn á 8% kauplækkun. Það, sem við gerum, er að fara út í slag út af 8% kauplækkun, út af 13% kauplækkun, og sýna ykkur, að verkalýðurinn þolir hvoruga þeirra. Ef þið viljið reka svona pólitík áfram, þá skuluð þið bara gera það. Við höfum sýnt ykkur það áður, þegar þið stóðuð saman, Framsókn og íhald, 1955, að við beygðum ykkur hérna í Reykjavík, og við gerum það alltaf. Meðan eitthvert frelsi er til hér í íslenzku þjóðfélagi, og það er ekki búið að svipta verkalýðinn öllu því frelsi, sem Framsókn og Sjálfstfl. hafa reynt að svipta hann, allt frá því að gerðardómslögin hófust, þá mun verkalýðurinn berjast áfram fyrir sínum hagsmunum, og sé ekki hægt að fá þann skilning hjá þeim flokkum hér á Alþingi, sem ættu þó ofur lítið að geta lært af sögu Íslands á síðustu 20 árum, að þeir taki tillit til hagsmuna verkalýðsins, þá verðum við að grípa til þess eina ráðs, sem honum er þó eftir skilið, og það er baráttan utan Alþingis. Við ætlum að hrinda þessari kauplækkun. Hvenær við gerum það, það er annað mál? Við erum vanir að kunna að velja þann tíma til slíks, þegar fólkið í landinu stendur saman um það og er öruggt með að sigra. Það kann stundum að líða einhver tími, en við höfum hingað til sýnt, að við kunnum að velja réttan tíma. Við erum ekkert á því að gefast upp í þessum efnum. Við vitum, að framtíðin er okkar, framtíðin er verkalýðsins, framtíðin er alþýðunnar í þessu. Þótt einhverjir flokkar, sem með meira eða minna lýðskrumi geta náð meiri hluta hér á Alþingi um tíma, beiti valdi sínu hér til þess að ræna verkalýðinn því, sem hann hefur samið um með frjálsum samningum, þá vitum við, að verkalýðurinn og launþegarnir, 75% Íslendinga, eru það afl, sem ekkert auðvald hér ræður við, ekki einu sinni þótt Framsfl. hjálpi því alveg eins og hægt er.

Svo kom hv. 7. þm. Reykv. inn á það, að við hefðum nána samvinnu við íhaldið og við hefðum ekki gert neitt skilyrði um, að kauplækkunin yrði tekin aftur. Fer þetta ekki að verða fullmikið tal um þessa nánu samvinnu við íhaldið? Vorum við í mjög náinni samvinnu við Framsókn 1949 eftir kosningarnar, þegar kosið var hérna á Alþingi? Máske man hv. 7. þm. Reykv. ekkert eftir, hvað gerðist? Við kusum framsóknarmann fyrir forseta sameinaðs Alþingis, Steingrím Steinþórsson, hann varð seinna forsrh. upp úr því. Af hverju? Jú, af því að við vildum lofa Framsfl. að sýna það, hann hafði talað svo róttækt, svo langt til vinstri í kosningunum, hvort hann meinti eitthvað með því. Og hann sýndi það líka. Hann var þá í slagnum, stríðinu við fjárplógsstarfsemina, og við ætluðum að lofa honum að sýna, hvernig hann færi að því að heyja stríð-

ið. Þið sáuð, hvað gerðist. Nei, við skulum ekki vera að tala um kosningar í sambandi við forseta á Alþingi sem einhverja nána samvinnu þannig. Íhaldið bauð okkur upp á ríkisstj., það veit hv. 7. þm. Reykv. Ef við værum svo ginnkeyptir fyrir að vera í ríkisstj. eins og hv. 1. þm. S-M. og hv. 7. þm. Reykv. eru að reyna að gefa í skyn, þá stóð okkur sannarlega til boða að fara í ríkisstj. upp á greiðsluskilmála, ef við hefðum fengið með því að vera áfram í stjórninni með Framsókn. Framsókn heimtaði 8% kauplækkun, íhaldið bauð 6% kauplækkun. Ef við hefðum verið að hugsa eins og hv. 7. þm. Reykv. var að skjóta að mér hérna áðan: Ja, við skulum nú afstýra 13% kauplækkuninni, sem núverandi ríkisstj. með valdboði Framsóknar og Sjálfstfl. setti á, með því að samþykkja 8% kauplækkun hjá Framsfl., þá lá náttúrlega alveg í augum uppi, að við hefðum átt að hlaupa til og afstýra þessari 8% kauplækkun, sem Framsókn var að reyna að kúska okkur inn á, með því að samþykkja 6% kauplækkun með íhaldinu bara og vera í ríkisstj. þar að auki. En ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir þá ungu framsóknarmenn, sem hér eru að koma inn, að þeir læri það. Ég er hræddur um, að uppeldið hjá þeim sé nefnilega ekki rétt gott í því sambandi. Það er ekki allt fengið með að vera í ríkisstj., þó að Framsfl. áliti sig helzt ekki geta lifað án þess. Við erum jafnreiðubúnir til að vera utan ríkisstj., móti ríkisstj. á Íslandi, þótt við stöndum aleinir allra flokka á móti ríkisstj., — við höfum staðið það lengst af, — eins og að vera í ríkisstj. Spurningin fyrir okkur er aðeins ein: hvernig getum við þjónað hagsmunum þess fólks, sem við erum fulltrúar fyrir? Ef við getum þjónað því bezt með því að vera utan ríkisstj. og berjast utan þeirrar ríkisstj. og skipuleggja lífsbaráttu fólksins utan þeirrar ríkisstj. og á móti þeirri ríkisstj., þá gerum við það. Ef við getum það með því að vera í ríkisstj., með því að tryggja fólkinu atvinnutæki, með því að tryggja því tryggingalöggjöf, með því að tryggja því ýmsar félagslegar umbætur, með því að tryggja því örugga atvinnu og stórvirk tæki til þess að vinna með, — ef við getum þetta, þá værum við gjarnan í ríkisstj. En ef það á að setja okkur eitthvert skilyrði, að við verðum að bregðast fólki, sem við erum með, að við verðum, þegar við vitum, að auðvaldið í landinu græðir og svo og svo mikið af fé fer í vitleysu, — ef það er heimtað þá um leið, að launin hjá manninum, sem á að lifa af 5000 kr. á mánuði, séu lækkuð, þá segjum við nei, og við förum út úr ríkisstj. Okkur er ekki fyrst og fremst keppikefli að vera í ríkisstj., heldur að tryggja þeirri stefnu, sem við erum að berjast fyrir, framgang í ríkisstj. eða utan hennar annars, að heyja baráttuna fyrir lífshagsmunum fólksins og bregðast því ekki.

Og það er þetta, sem Framsókn getur ekki skilið, vegna þess að Framsfl. er skuldbundinn, ég held helzt Sambandinu, að vera í ríkisstj., hvað sem það kostar. Það er galdurinn, sem gerir það að verkum, að hv. 1. þm. S-M. getur aldrei hugsað eða talað hér öðruvísi en spurningin standi: Ætla þeir að vera í ríkisstj.? Með hverjum ætla þeir að vera í rikisstj.? Eru þeir meira með að vera í ríkisstj. með Framsókn, eða eru þeir meira með að vera í ríkisstj. með íhaldinu? Þetta er misskilningurinn. Mér og okkur flestum, held ég að mér sé óhætt að segja, er það ekki spurning, með hverjum við erum í ríkisstj., heldur um hvað við erum í ríkisstj., hvaða stefnu við erum að reka í ríkisstj. Af hverju höfum við haft sérstaklega trú á ríkisstj. með Framsfl.? Af því að Framsfl. hefur talið sig vinstri flokk, og því er þess vegna búizt við vinstri stefnu af honum, og við viljum gefa honum tækifæri til að framkvæma þá vinstri stefnu og verðum fyrir vonbrigðum, þegar hann gerir það ekki, og reynum að kenna honum.

Við erum alltaf reiðubúnir til þess að mynda stjórn með Framsfl. um vinstri stefnu. Það gæti vel verið, að við værum til í, alveg eins og á nýsköpunartímanum, að mynda stjórn með Sjálfstfl., en ég er ekki til í að mynda stjórn með Sjálfstfl. um 6% launalækkun eða annað slíkt — eða það, sem hér hefur verið reynt að dylgja með, að ég hafi sérstaklega verið að beita mér fyrir slíku. Það vil ég alveg greinilega taka fram. Ég hef enga fordóma móti neinum flokki á Íslandi hvað það snertir að mynda ríkisstj. með honum. Við höfum verið í ríkisstj. með Alþfl., Framsfl., Sjálfstfl., og ég hef aldrei og þeir flokkar, sem ég hef verið hér fulltrúi fyrir, bæði Alþb. og Sósfl., þeir hafa aldrei lýst því yfir, að þeir mundu aldrei vinna með neinum öðrum stjórnmálaflokki. Meira að segja fyrsta spurningin, sem við hv. 1. landsk. (HV) vorum spurðir að, þegar við komum á fund Alþfl. og Framsfl. í júlí 1956, var, hvort við vildum lýsa því yfir, að við vildum aldrei mynda stjórn eða alls ekki mynda stjórn með Sjálfstfl. Við sögðum báðir nei. Við gefum ekki svoleiðis yfirlýsingar. Til þess erum við kosnir hér á þing að reyna að koma ákveðnum málum fram, sem þjóðinni ríður mikið á að sé komið fram. Við erum reiðubúnir til að vinna með hvaða öðrum Íslendingum sem er að því að gera slíkt, en við vinnum ekki að því að gera þveröfugt við það, sem við lofuðum. Okkur þykir hart að þurfa að búa undir því, ef við höfum átt von á, að viss loforð, sem okkur voru gefin, væru efnd, hvort heldur það voru loforð um afléttingu hernámsins eða leiðréttingu um kjördæmaskipulagið, en þegar, eftir að búið er að svíkja allt slíkt, þar að auki er heimtað af okkur, að við göngum inn á að lækka launin við launþegana á Íslandi, sem við erum fulltrúar fyrir, þá segjum við nei. Það er stefnan, sem þarna er barizt um, en ekki það, með hverjum maður er í stjórn. Og það er Framsfl. til skammar, af því að hann er að kalla sig vinstri flokk og hefur stundum verið það, að hann skuli láta það spyrjast um sig að hafa sprengt vinstri stjórnina á því að heimta 8% launalækkun af verkalýðnum á Íslandi og láta svo Sjálfstfl. koma á eftir og bjóða 6%, aðalflokk auðmannastéttarinnar í Reykjavík. Það sýnir bezt blinduna, sem forustumenn Framsfl. eru slegnir, og það væri nær að reyna að lækna þá af þessari blindu heldur en vera að reyna að blinda fólkið til fylgis við þessa blindni. Svo kom hv. 7. þm. Reykv. inn á það, að það væri sönn vinstri stefna í þessum málum, en þar fórum við aftur að nálgast.

Það er alveg rétt að taka einmitt þessi mál efnahagslega eins og hann gerði. Grundvöllurinn fyrir raunverulegri vinstri stefnu er vald þess vinnandi manns yfir hans eigin lífsskilyrðum, yfir hans eigin atvinnutækjum. Þetta er grundvöllurinn. Þetta var grundvöllurinn hjá sjálfseignarbændunum íslenzku í þjóðveldinu, og ég er honum alveg sammála um og þakka honum fyrir það gott, sem hann sagði um mínar hugleiðingar í því sambandi. Þetta var grundvöllurinn. Þessi grundvöllur var einkaeign sjálfseignarbóndans á sinni jörð, á þeim tækjum, sem hann vann með, og jafnframt þessu var svo sameign, sérstaklega á frumstiginu, á afréttunum og þeim sameiginlegu auðlindum, sameign, sem við höfum enn þá meira að segja leifar af í okkar löggjöf, í sambandi við ítöluna og annað slíkt. Það var rík sameign samfara þessari sjálfseign, vegna þess að þetta þjóðfélag var komið upp úr því gamla sameignarþjóðfélagi, sem áður hafði verið, meðan sameign var á jörðinni. Og í hverju fólst, eins og hv. 7. þm. Reykv. sagði réttilega, bardagaaðferð bóndans og bændastéttarinnar, sjálfseignarbændastéttarinnar, hinnar frjálsu bændastéttar á þessum tíma? Hún fólst í því að reyna að halda því rísandi höfðingjavaldi í skefjum, reyna að brjóta það niður, reyna að hindra þá þróun, sem varð úti í Evrópu, — þróun „individúalismans".

Hvernig er samsvarandi viðhorf hjá okkur nú? Tækin, sem við unnum með fyrir nokkrum áratugum, jafnvel öld, voru smátæki. Tveir menn reru máske á sínum bát, stundum fleiri, allt upp í 10, og smiðurinn vann með sín verkfæri í litilli smiðju og bóndinn á sinni litlu jörð. En hver hefur þróun þjóðfélagsins verið, eftir að auðvaldsskipulagið kemur til sögunnar og eftir að vélbyltingin á sér stað? Þróunin hefur verið sú, að stórar afkastamiklar vélar taka við af þessum litlu vélum, sem einn maður réð við. Það taka við verksmiðjur, þar sem hundruð og erlendis þúsundir manna vinna saman, jafnvel kannske 50 þúsundir manna og fleiri í einni einustu verksmiðju að því að framleiða hluti, og með því að framleiða þetta svona með samvinnu í verksmiðjunni, samstarfi allra, þá framleiða þeir þessa hluti margfalt ódýrar en hægt hefði verið af einstaklingum að framleiða þá. M. ö. o.: samvinnan í framleiðslu, sem rekin er í stórum stíl, er búin að ryðja sér til rúms í nútímaþjóðfélagi og útrýma að mestu þessum einkarekstri. Þar sem þessi einkarekstur enn þá er til, þar á hann að halda áfram, og við eigum að búa að honum og sjá um, að sá maður, sem hann hefur, geti verið sjálfstæður og átt þetta sjálfur. En þar sem vélbylting nútímans hefur komið á samvinnu þúsundanna í verksmiðjunum, þar er engin önnur lausn til þess, að vinnandi mennirnir, sem vinna þetta, sem skapa þetta, sem framleiða þessar afurðir, geti ráðið þessu, en sameign þeirra á verksmiðjunum, sósialismi, — ekkert annað.

Af stóriðju kapítalismans getur ekkert annað tekið við en sósialismi, þjóðnýting. Það, sem sjálfseignin og þar með frelsið er bóndanum sem einyrkja, það er sameignin, sósialisminn, verkalýð nútímans, sem sameiginlega verður að valda því að eiga og ráða verksmiðjum, þar sem þúsundir manna vinna saman, þar sem vélarnar renna eftir færibandi og þar sem enginn einn getur svo að segja sagt: Þennan bil t. d. framleiddi ég, þennan traktor framleiddi ég. — Öll vélþróun nútímans knýr fram þessa sameign fyrr eða seinna. En það þýðir, að einyrkjarnir, sem enn þá framleiða í krafti sinnar einkaeignar á sínu litla atvinnutæki eða sinni jörð, og verkamennirnir, sem framleiða saman í stórum stíl og berjast fyrir þjóðnýtingu á þessum samvinnuandi framleiðslutækjum, þeir eiga að standa saman og berjast saman á móti því auðvaldi, þeim auðhöfðingjum, sem þarna eru að rísa upp í þjóðfélaginu og einoka fyrir sig þessar verksmiðjur, skapa sér volduga hringa, ryðja því höfðingjavaldi braut, sem drap okkur á Sturlungaöldinni og glataði okkar frelsi.

Þess vegna eru okkar tillögur um þjóðnýtingu, okkar barátta fyrir þjóðnýtingu þessara tækja barátta fyrir því sama sem þeir bændur, sem það vel sáu í okkar þjóðveldi, að þeir vildu viðhalda sjálfseigninni á móti jarðeignavaldi höfðingjanna, það er sama barátta, barátta vinnandi stétta fyrir að ráða grundvelli sinnar framleiðslu, lífsskilyrðin sjálf. Og hvernig stendur Framsfl. í þessari baráttu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi fyrir þessari þjóðnýtingu, — þjóðnýtingu jafnt verzlunar- sem stóriðjufyrirtækja? Hvernig stendur Framsfl. viðvíkjandi olíueinkasölu, þar sem harðvítugustu auðhringar nútímans eru að verki? Framsfl. stendur með þessum olíuhringum á móti alþýðunni. Ég tala ekki um það, sjálfsagt, að Sjálfstfl. geri það. Það ætlast enginn til annars af aðalflokki auðvaldsins, en menn hefðu ætlazt til annars af flokki, sem telur sig flokk eins og Framsfl.

Hvað gerir Framsfl. viðvíkjandi hlutum eins og áburðarverksmiðjunni, þar sem þjóðnýtingin lá svo í augum uppi, að það var aldrei hugsað um áburðarverksmiðjuna öðruvísi en sem þjóðnýtt fyrirtæki? Framsfl. fellst á það og breytir lagafrv. hér á Alþ. þannig með Sjálfstfl., að þetta sé gert að rekstrarhlutafélagi. Og það var máske ekki verst, ef þeir hefðu haldið sér við lagabókstafinn. Ráðherrar Framsóknar lýsa því síðan yfir á eftir, að þeir skoði þetta fyrirtæki þjóðarinnar sem eign hluthafanna, og í krafti þeirrar yfirlýsingar framsóknarráðherranna fer matið fram í sambandi við stóreignaskattinn á hlutabréfunum í áburðarverksmiðjunni, þannig að þá er búið að marg-tugfalda það litla hlutafé, sem nokkrir auðmenn í Reykjavík og spekúlantar hafa lagt í þetta að undirlagi Framsóknar og Sjálfstfl. til þess að reyna svo með tímanum að ræna af þjóðinni tugum milljóna á þessu fyrirtæki.

Svona fara Framsfl. og Sjálfstfl. að. Ég hef á hverju einasta þingi að heita má reynt að kippa þessu aftur í liðinn. Framsfl. hefur staðið harðvítugast á móti því. Sjálfstfl. hefur verið jafnvel stundum til viðtals um það.

Nei, höfðingjavaldið, sem drap okkur á Sturlungaöld, er að rísa upp núna, og Framsfl. hagar sér eins og hann væri ein höfðingjaætt, sem væri að berjast við hinar höfðingjaættirnar. Helmingaskiptin eru eins og þegar var verið að reyna að bræða saman höfðingjaættirnar hér á Sturlungaöld á móti bændunum, þær höfðingja-

ættir, sem voru búnar að sölsa undir sig mestallar jarðeignir bændanna.

Við erum fulltrúar þeirrar alþýðu, sem ekki vill láta taka þessa eign af sér. Framsfl. og Sjálfstfl. hafa haft helmingaskipti um að ræna því, sem samsvarar jarðeignum frjálsra bænda á Íslandi á 12. og 13. öld. Það er það hættulega í þróuninni, og þessi hætta er nær því að flytja aftur ógæfu yfir okkar þjóð en flestir gera sér ljóst. Höfðingjar Sturlungaaldarinnar enduðu með því í innbyrðis deilunum hjá sér að kalla á erlent vald til þess að taka við völdunum í þessu landi og brjóta það, sem eftir er af *íslenzkri bændastétt, á bak aftur.* Hvað er það, sem höfðingjaflokkar nútímans, — og kann ég satt að segja hálfilla við að nota orðið höfðingjar í sambandi við það, það eimir það mikið eftir af *góðri merkingu í því frá fyrstu árum þjóðveldisins,* — hvað er það, sem þessir fésýsluflokkar nútímans hér á Íslandi, Framsókn og Sjálfstfl., ætla sér í þeim efnum í þeirra harðvítugu baráttu um að ná sem mestum tökum hér á Íslandi? Báðir þessir flokkar eru með fyrirætlanir um að kalla útlent vald hér inn í landið. Þeir hafa þegar kallað á útlent hervald inn í landið. En þeir eru líka með *fyrirætlanir um að kalla á útlent auðvald* inn í landið. Framsfl. og hans aðalforustumenn hafa þegar fyrirætlanir, sem ég get birt nánar, ef þess er óskað, um að selja einhverjar *mestu auðlindir Íslands, gjöfulustu fossana,* sama sem á leigu til erlendra auðfélaga á þann hátt að leyfa þeim að koma upp verksmiðjum hér, sem erlendir auðhringar eigi og séu í þeirra eigu a. m. k. 20 eða 25 ár og starfræki hér í krafti íslenzkra auðlinda, íslenzks rafmagns. Og Sjálfstfl., vissir menn í honum, mun vera með svipaðar fyrirætlanir, og í blöðum Sjálfstfl. hefur óspart verið undir þetta tekið og undirstrikað af einum af efnahagslegum forustumönnum þess flokks, Birgi Kjaran, á síðasta flokksþingi flokksins, að þetta þyrfti að gera. Um þetta eru þessir tveir flokkar sammála, þeir sömu flokkar sem hafa viðhaldið helmingaskiptunum á milli auðmannanna á Íslandi á undanförnum áratugum, þeir eru líka sammála um að kalla það stórauðvald hér inn í landið, það útlenda, ameríska auðvald hér inn í landið, sem gerði það að verkum, að við Íslendingar réðum ekki nokkurn skapaðan hlut við það, það auðvald, sem á 20 eða 25 árum mundi leggja íslenzkt stjórnarfar alveg undir sig.

Hættan af, að sorgarsaga Sturlungaaldarinnar endurtaki sig, er mikil, og þegar ég á árum kalda stríðsins fór einmitt að reyna að grafast fyrir um glæsileik okkar þjóðveldis og þær þjóðfélagslegu undirrætur þess og sorgarleikinn, sem batt enda á glæsilegt tímabil, þá hafði ég alltaf í huga það, sem er að gerast nú, og lokakaflinn í bókinni fjallaði um það og aðvörun í því efni. Hættulegt er bandaríska hervaldið hér á Íslandi núna og spillingin, sem af því stafar. En amerískt auðvald, stóriðjuvald amerísku hringanna, alúmíníumhringanna eða annarra, sem hér væri komið inn í landið, yrði margfalt hættulegra, og skal ég hvorugu mæla bót.

Ég vildi beina því til hæstv. forseta, hvort það mundi vera rétt af okkur að halda öllu lengur áfram í kvöld. Ég sé, að ég á enn þá það mikið eftir að svara hv. 1. þm. S-M., að það mun vart endast til þess, sem mundi vera eftir af sæmilegum fundartíma, svo að ég vildi beina þeirri ósk til hæstv. forseta, að hann leyfði mér að gera hlé á minni ræðu nú og frestaði umræðunum. — [Frh.]

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 5. ágúst, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Einar Olgeirsson [frh.]: Herra forseti. Ég hafði komið þar ræðu minni í gær, þar sem ég var að svara hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) nokkru, — það er rétt, að ég minni á það, sökum þess að ég hafði ekki nákvæmar tölur við í gær, þegar um var að ræða byggingu íbúðarhúsa, af því að hv. 7. þm. Reykv. virtist halda, að það hefði farið svo mikið fram byggingu íbúðarhúsa, eftir að nýsköpunarstjórnin hætti, þá er rétt, að ég segi honum tölurnar nákvæmlega eins og þær voru, af því að ég vitnaði í eftir minni í gær.

Árið 1946 voru byggðar í Reykjavík, þ. e. fullgerðar íbúðir, 634. Síðan tók Framsfl. við, Sósfl. fór út. *Síðan minnka byggingarnar ár frá ári,* þangað til 1951 eru þær komnar niður í það að vera 282. Og upp yfir það, sem þær voru 1946, byggingarnar í Reykjavík, en þá voru þær 634, *fara þær ekki fyrr en á fyrsta ári vinstri stjórnarinnar,* upp í 705 á árinu 1956, og fyrsta skipti, sem þær fara fram úr, er 1957. Svona var nú allt tímabilið, þegar Framsfl. og Sjálfstfl. réðu þessum málum. Það er líklega vegna þess, að ég er hræddur um, að það sé stundum sleppt að skrifa í Tímann upplýsingar um það, sem aðrir flokkar gera, þess vegna getur það jafnvel komið fyrir, að hér komi einn þm. upp í þennan stól, þótt það sé í sameinuðu þingi, og segi, að hann viti ekki til þess, að nokkur löggjöf hafi verið framkvæmd um húsnæðismál frá 1940 líklega eða þar í kring og þangað til 1952, að *smáíbúðalögin séu* sett. (Gripið fram í.) Hvað sagði hv. 1. þm. S-M.? **(EystJ:** Það kemur í hinum blöðunum, það sem hinir gera á árinu.) Já, en það er bara voðalega leiðinlegt, að framsóknarmenn séu fáfróðastir allra í landinu. Þess vegna er viðkunnanlegt, að Tíminn skýri líka frá því, sem tilheyrir almennum barnalærdómi að vita. **(Gripið fram í:** Þeir lesa öll blöðin, framsóknarmenn.) Framsóknarmenn? Ég er ákaflega hræddur um, að Framsfl. sé einhver mesti réttrúarflokkur í landinu hvað það snertir og áliti öll hin blöðin skaðsamleg á sínum heimilum.

Þetta er sem sé rétt að upplýsa, svo að menn hafi þessar tölur nú fyrir sér og viti af því, að einmitt sú löggjöf, sem sett var á árunum 1945 og 1946, *gerbreytti þessari aðstöðu,* en hún var eyðilögð strax á árinu 1947, þegar Framsfl. kom í stjórn. Það er bara leiðrétting á því til að hafa nákvæmar tölur um það, sem ég sagði hér í gær.

Þá talaði hv. 7. þm. Reykv. um samstarfið við Sjálfstfl. Það, sem við verðum að gá að, þegar við ræðum um þessa hluti, er, um hvað er samstarf. Ég skal alls ekki lasta Framsfl., þó að hann hafi samstarf við Sjálfstfl. Hví í ósköpunum skyldi Framsfl. ekki mega hafa samstarf við

Sjálfstfl., ef hann er að vinna að mjög góðum hlutum fyrir alþýðu manna? Ef þessir flokkar koma sér saman um það að fara að hækka launin hjá almenningi, bæta lífskjör almennings og annað slíkt, hví í ósköpunum skyldi Framsfl. ekki mega hafa samstarf við Sjálfstfl.? Nei, það er um hvað samstarfið er, sem er spursmálið. En þessir flokkar hafa aldrei farið saman í ríkisstjórn á Íslandi öðruvísi en til þess að ráðast á lífskjör almennings, og það er það, sem er það slæma í því. Það er ekki það, sem er slæmt, hvort Alþfl. eða Alþb. eða aðrir hafa samstarf við Framsfl. eða Sjálfstfl., heldur um hvað, og það, sem er það undarlega í þessu öllu saman, er, að þegar verkalýðsflokkarnir hafa haft samstarf ýmist við Sjálfstfl. eða við Framsfl., þá hefur verið gert margt gott. En þegar Framsfl. og Sjálfstfl. hafa sameinazt um að vera tveir einir í ríkisstj., þá eru það venjulega verstu ríkisstj., sem til eru á landinu. Þá verður það verra í báðum þessum flokkum algerlega ofan á.

Svo kom hv. 7. þm. Reykv. inn á það, að það, sem hefði verið meinið í vinstri stjórninni, hefði verið sundrung verkalýðsflokkanna. Það var þess vegna, sem vinstri stjórnin hefði farið um koll. Ojæja, vissulega var maður nú stundum búinn að heyra þetta, það væri eiginlega ómögulegt að mynda neina stjórn með verkalýðsflokkunum á Íslandi, vegna þess, hvað þeir væru sundraðir, og alveg sérstaklega þó vegna þess, að þeir gætu aldrei komið sér saman í Alþýðusambandinu. Og þetta kvað við allan tímann, sem vinstri stjórnin var. Ja, það var nú að vísu gott, að það var hægt að mynda vinstri stjórn með ykkur báðum, þessum verkalýðsflokkum, en þið hafið nú ekki getað komið ykkur saman í Alþýðusambandinu. — Ég var satt að segja alltaf hálfhræddur um, að það væri einhver hræsni á bak við þetta. Ég var satt að segja alltaf hræddur um, að Framsfl. þætti vænst um, að verkalýðurinn væri klofinn og verkalýðsflokkarnir kæmu sér ekki saman. Hvað gerðist svo? Það, sem gerðist í nóvember 1958, var það, að loksins komu verkalýðsflokkarnir sér saman, að á þingi Alþýðusambands Íslands var mynduð sameiginleg stjórn Alþýðusambands Íslands af þessum tveim verkalýðsflokkum, skipuð fulltrúum þeirra beggja. Og hvað gerir Framsfl. þá, þegar hann sá nú loksins þessa margþráðu hugsjón sína rætast, sem hann var búinn að tala svona fagurlega um í Tímanum allan tímann, að verkalýðsflokkarnir væru ekki sundraðir, að þeir færu nú að vinna saman? Hvað gerir Framsfl. þá? Hann bara slítur samstjórninni við verkalýðsflokkana á augabragði. Hvernig stóð á því? Hvað var það, sem honum gekk til? Var það, sem Framsfl. mátti ekki sjá, það, að verkalýðsflokkarnir gætu unnið saman? Var það það, að þá óttaðist hann, að hann fengi ekki að ráða eins miklu um pólitíkina, sem rekin væri? Er það hið gamla, rómverska hjá Framsfl.: deildu og drottnaðu, — er það það, sem þeir framkvæma gagnvart verkalýðsflokkunum? Er það þess vegna, sem hann vill halda þeim sundruðum og elur á því? Er það sameining þeirra og samstaða þeirra, sem hann óttast, þannig að hann þýtur til alveg á augabragði, um leið og hann sér verkalýðinn standa sameinaðan í Alþýðusambandi Íslands og verkalýðsflokkana standa saman, til að slíta vinstri stjórn tafarlaust? Það, sem hv. 7. þm. Reykv. segir að sé skilyrðið fyrir því, að vinstri stjórn geti heppnazt, er samstarf verkalýðsflokkanna. En þegar Framsfl. sér framan í það, rýfur hann allt vinstra stjórnarsamstarf, svíkur alla eiða undireins.

Þess vegna er ljóst, hvað það er, sem Framsfl. gengur til í þessu, hann vill fá að drottna, hann vill fá að ráða, hann vill halda verkalýðshreyfingunni klofinni, til þess að hann geti drottnað og ráðið, ef vinstri stjórn er, í krafti slíkrar klofningar, slíks skorts á samstarfi. Hann óttast ekkert meir en þetta samstarf. Þetta hefur verið hans stefna í 25 ár og raunar lengur. Frá því að hann byrjaði að skipta sér af þessu, hefur hann alltaf ætlað sér að hafa helzt einn verkalýðsflokk í landinu, sem væri eins og annexía fyrir hann, væri sem hjáleiga, sem hann gæti drottnað yfir, og ef þeir voga sér að rísa upp, sem hann hefur ætlað svona hlutskipti, og vilja ekki una því, þá segir hann: Þá vil ég ekki hafa með þig að gera, þá ertu orðinn annaðhvort hægri krati, Moskvu-kommúnisti eða eitthvað annað slíkt. — Nei, það þýðir ekki að koma með þetta. Framsfl. er búinn að sanna það, að hann óttast ekkert meira en slíkt samstarf verkalýðsflokkanna.

Svo segir hv. 7. þm. Reykv.: Tillaga og krafa Framsfl. er, að fólkið fylki sér um stefnu hans, hún hafi dugað bezt. — Ég er nú búinn að rekja það hérna og ætla ekki að gera það aftur, hvernig hún hefur dugað í 25 ár, hvernig Framsfl. hefur klofið og sprengt að lokum hverja einustu stjórn, sem hann hefur myndað með einum eða tveimur verkalýðsflokkum í 25 ár, á því að heimta ýmist gerðardóma, lögboðna launalækkun eða eitthvað annað því um líkt, sem sé alltaf á einhverju, þar sem hann gengur þvert á hagsmuni verkalýðsins, þannig að enginn verkalýðsflokkur getur unað því. Hann gerði það 1938 með gerðardómnum þá, sprengdi samstarfið við Alþfl. Hann gerði það 1942 með gerðardómnum þá, sprengdi það samstarf við Alþfl., eins afturhaldssamt og það nú samt var. Hann gerði það 1949, þegar Alþfl. fer út, vegna þess að hann vill m. a. ekki fallast á gengislækkunina, sem Framsókn tekur þá upp með Sjálfstfl. Og hann gerir það núna 1958, þegar hann sprengir vinstri stjórnina á því að heimta lögboðna launalækkun. Og hann hindraði, að það væri mynduð vinstri stjórn 1952, þegar við sátum á níu vikna fundum til þess að athuga það það haust, hvort hægt væri að mynda slíka stjórn, sprengdi hana á því sama, kröfunni um 10% launalækkun þá.

Það, sem gerðist, var, að Framsókn sveik vinstri stefnuna í vinstri stjórninni. Hún sveik hana með því að viðhalda hernáminu, hún sveik það með því að láta ekki byggja 15 togarana, og hún sveik það og sleit síðan samstarfinu með því að heimta 8% launalækkun, þótt það væri samið um, að það ætti að viðhalda og efla lífskjör verkalýðsins í landinu. Og eftir þessa reynslu gera svo hv. framsóknarmenn sér hugmynd um það, að fólkið fari að hafa trú á þeim í landinu, — alþýðan, verkalýðurinn fari að hafa trú á þeim í landinu.

Svo lauk hv. 7. þm. Reykv. ræðu sinni með því, að það væri nú vert fyrir framsóknarmenn að athuga, hvort þeir gætu ekki í vissum kjördæmum náð einhverju pínulítlu meira en þeir mundu eiga hlutfallslega. Lengi loðir það við, svo lengi sem nokkuð verður til eftir í þeirri gömlu kjördæmaskipun, þar sem einhverjum rangindum væri hægt að beita, þá virðist Framsfl. vera til í að reyna að beita þeim. En látum það nú vera, það verður líklega nokkuð lengi, að kjördæmaskipunin á Íslandi verði þannig, að það verður hægt að koma einhverju líku við, og við skulum vona, að Framsfl. fari ekki aftur út í það að reyna að misnota kjördæmaskipunina í svo ríkum mæli eins og hann gerði með Hræðslubandalaginu, að allir aðrir flokkar neyðist til þess að taka höndum saman til þess að breyta einu sinni enn þá til.

Svo var hv. 1. þm. S-M. að halda hér ræðu í gærkvöld. Hann var alveg undrandi yfir því, að ég skyldi ekki vera að skamma Sjálfstfl. Það fær nú hver maður sinn skammt og hver flokkur sinn skammt, þegar um þetta er að ræða. Í þetta skipti er ég að ræða við Framsfl. Það eru reikningsskil við hann, sem við erum að gera í þetta skipti. Sjálfstfl. hefur bara að heita má ekki komið við þessar umr. Hann hefur ekki slett sér fram í þær. Það er Framsfl. og fyrst og fremst hv. 1. þm. S-M., sem hefur verið hér með mikinn áróður út af því, hvað fram undan væri í íslenzkri pólitík.

Hv. 1. þm. S-M. varðist að koma nokkurn skapaðan hlut inn á það, sem ég hafði einmitt reynt að sýna fram á í minni ræðu að væru höfuðandstæðurnar í íslenzku þjóðfélagi, auðvaldið annars vegar, alþýðan eða verkalýðurinn og launþegarnir hins vegar. Af hverju varast hv. 1. þm. S-M. að koma inn á þessa hluti, sem eru grundvallarmótsetningarnar í íslenzku þjóðfélagi? Af því að þá kæmi það of greinilega í ljós, hvernig það er hann, sem alltaf hefur verið fulltrúi fyrir sjálft Reykjavíkurauðvaldið og kumpánaskapinn við það í öllum aðgerðum á móti alþýðu á Íslandi í síðustu 25 ár. Það er einmitt þessi pólitík, sem hann hefur rekið þennan aldarfjórðung, sem ég hef verið að lýsa hérna nokkuð undanfarið. Hann er að reyna með því að snakka um, hvers konar nýtt bandalag sé í uppsiglingu og annað slíkt, að dylja fyrir mönnum, hvers konar pólitík hann hafi rekið, dylja það, hvernig hann hafi farið að viðvíkjandi vinstri stjórninni, hindra, að það sé gerð sú úttekt á Framsfl., sem þarf að gera.

Af hverju erum við fyrst og fremst með þessi reikningsskil við Framsfl.? Jú, við erum með þau vegna þess, að við mynduðum vinstri stjórn með Framsfl. Við mynduðum ekki stjórn með Sjálfstfl. um það, að herinn ætti að fara burt af landinu, að það ætti að kaupa 15 togara, að það ætti að bæta lífskjör almennings. Við mynduðum stjórn með Framsfl. og vorum sviknir um þetta allt saman af honum. Þess vegna erum við að gera hlutina upp við hann. Þess vegna erum við að ræða þessa hluti hér núna, fyrst það á annað borð hefur komið fyrir. Og það er annað, sem við verðum líka að muna. Sjálfstfl. er og hefur verið frá upphafi flokkur auðvaldsins á Íslandi. Maður er ekkert hissa á því, þótt Sjálfstfl. reki auðvaldspólitík. Maður er miklu frekar hissa á hinu, þegar Sjálfstfl. fæst til þess að reka að einhverju leyti einhverja sæmilega pólitík gagnvart alþýðu manna. Þá er maður undrandi. En Framsfl., — til hvers var Framsfl. myndaður? Hann var myndaður af fátækum bændum á Íslandi, af hugsjónamönnum, sem börðust fyrir samvinnustefnu til þess að berjast fyrir hagsmunum þessa fólks. En það eru afturhaldssamir foringjar, sem hafa snúið þessum flokki upp í það að gera hann að verkfæri fyrir auðmannastéttina í Reykjavík. Þess vegna er eðlilegt, að alþýðan í landinu geri hlutina upp við Framsfl. Hún átti í raun og veru litlar kröfur til Sjálfstfl. í líku. Hann er flokkur auðvaldsins. En Framsfl. aftur á móti var myndaður sem flokkur alþýðunnar, og það eru hægri foringjar, eins og hv. 1. þm. S-M., sem hafa snúið honum smám saman upp í það að gera hann eins afturhaldssaman og ég hef lýst.

Hv. 1. þm. S-M. sagði, að kommúnistar hefðu komið vinstri stjórninni fyrir kattarnef. Hver sleit stjórnarsamvinnunni? Hver tilkynnti Alþfl. og Alþb., ráðh. beggja samstarfsflokkanna, það 30. nóv., að féllust þeir ekki á þessa 8% launalækkun, þá væri þetta búið? Það var hv. 1. þm. S-M., þáv. hæstv. fjmrh. Það var hann, sem sleit. Það vorum ekki við, sem slitum, meira að segja ekki Alþfl., þó að það megi ræða um ýmislegt í sambandi við framkvæmdir þessara flokka, en slitin gerðust á þann hátt, að það var Framsfl., sem sleit. Framsfl. sleit vinsælli stjórn, og hann hefði fengið áfellisdóm fyrir að slíta þeirri stjórn í kosningunum, sem núna fóru fram, hefði ekki einmitt fyrir mjög svo sniðuga pólitíska „taktik“ hjá hv. 1. þm. S-M. tekizt að skýla sér á bak við kjördæmamálið. Það er vitanlegt mál, að þegar kjördæmamálið er til umr., þá hefur Framsfl. möguleika á því að vinna stórkostlega kosningasigra. Ég býst við, að sagan líti þannig seinna á, að það hafi verið aumingjaskapur af Framsfl. að vinna ekki stærri kosningasigur en hann vann núna, vegna þess að hann miðaði þetta allt of mikið við sína flokkshagsmuni, hvernig hann var að berjast. Hv. 1. þm. S-M. ætti bara að bera það saman við, hvernig hans fyrirrennarar í forustu Framsóknar unnu kosningasigur 1931, til þess að sjá, að þetta er enginn sigur til þess að státa af, enda var það bara eitt, sem fyrir hv. 1. þm. S-M. vakti í þessum kosningum: það var að skýla sér í kosningunum fyrir þeim ávítum, sem hann átti skilið frá kjósendum fyrir að sprengja vinstri stjórnina. Hann var viss um, að hann mundi fá þessar ávítur, vegna þess að stjórnin var vinsæl og vegna þess, hver hætta var á ferðum, eftir að henni var slitið. En hann sá, að kjördæmamálið, það var fyrir hann það upplagða til þess að reyna að láta nú ekki refsa sér fyrir að hafa sprengt vinstri stjórnina. Kosningasigur Framsóknar í þessum kosningum er lítill. Það má segja, að litlu verður Vöggur feginn, og hv. 1. þm. S-M. blæs sig út hér af þessum sigrum. En ætli að það sé ekki vegna þess, að hann hafi vitað undir niðri, samvizka hans hafi sagt honum, að hann ætti skilið að fá refsingu fyrir það, sem hann hafði gert.

Ég skal segja hv. 1. þm. S-M., ef hann gerir sér allt of miklar vonir út af kosningunum í haust og öðru líku, að það er ekki það, sem er aðalatriðið í þessum málum. Aðalatriðið í þessum málum væri, ef Framsfl. gæti lært eitthvað af sínum óförum og af sínum mistökum og af sínum vitleysum. Það er vitanlegt, að Framsfl. vann mikinn sigur 1931, þó að hann ynni lítinn sigur núna. En framsóknarforingjarnir kunnu ekki að halda á þeim sigri, þeir kunnu ekki að læra neitt, þeir fóru að láta flokkinn minnka aftur á eftir, og ég er hræddur um, að ef hv. 1. þm. S-M. heldur áfram þeirri pólitík, sem hann ætlar sér að reka nú, þá eigi Framsfl. eftir að tapa nokkuð miklu aftur seinna, hvernig sem hann kann að fleyta sér á kjördæmamálinu enn sem komið er.

Ég veit, af hverju þetta stafar. Þetta stafar af því, að hv. 1. þm. S-M. hugsar alltaf svo skammt. Núna t. d. í dag hugsar hann ekki til neins nema kosninganna í haust. Allt, sem hann segir, miðast aðeins við, hvort hann getur fleytt flokknum fram yfir þær kosningar. Ef hann væri að hugsa um einhverja þjóðmálastefnu í þessu, þá mundi hann núna koma og leggja fram og segja: Þetta hérna er mín stefna, þetta ætla ég að gera eftir kosningar. — Það varast hann. Ef hann væri að hugsa um, hvers konar stjórn ætti að mynda, þá mundi hann í dag vilja, að þessir og þessir flokkar gangi inn á þessa og þessa stefnu. Honum dettur ekkert af slíku í hug. Hann er ekki að spekúlera í neinu öðru en hvort hann getur forðað Framsfl. undan þeim eðlilegu áminningum kjósenda, sem hann á að fá fyrir að hafa sprengt vinstri stjórnina, fyrir að hafa svikið alla vinstri stefnu.

En hvernig stendur á, að hv. 1. þm. S-M. hugsar svona? Það kom greinilega fram í allri hans ræðu. Hugsun hv. 1. þm. S-M. snýst eingöngu um það að vera í ríkisstj. Hugsun hans gagnvart vandamálunum er alltaf þetta: Ætla virkilega kommúnistarnir, ætlar Alþb. að fara í ríkisstj. með Sjálfstfl.? Vildu þeir ekki vera í ríkisstj. með Framsókn? Spurningin fyrir hann er alltaf þetta: að vera í ríkisstj. Hugsun um það, hvað sé verið að gera, hvarflar ekki að honum. Og það er þetta, sem gerir það að verkum, að það er bókstaflega eins og við nátttröll að tala við hann um þessi mál. Það er alveg sama, hvernig reynt er að troða inn í heilann á honum því, að það séu stefnurnar og framkvæmdirnar, sem séu aðalatriðið, hann heldur sér alltaf við hitt: Ætla menn að vinna með þessum flokki? Ætla menn að vera í ríkisstj., eða ætla menn það ekki? Öll hans hugsun snýst um þetta eitt. Þess vegna getur hann ekki skilið það hjá okkur, að við höfum einhver prinsip, að við stöndum fast á einhverjum málum og við segjum: Upp á þessi mál skal ég vera í ríkisstj., upp á þessi mál skal ég ekki vera það. — Þess vegna á hann líklega bágt með að skilja, að við skyldum ekki fara í stjórn með Sjálfstfl. um miðjan desember upp á 6% launalækkun, eftir að við vorum búnir að neita að vera í stjórn með Framsfl. upp á 8% launalækkun. Það var þó alltaf skárra 6% en 8%. En ég veit, að ég mætti halda hér ræðu dag eftir dag, hann mundi aldrei skilja þetta. Ég veit, hvað það er, sem bindur hann. Við getum verið utan ríkisstj., verkalýðurinn á Íslandi hefur verið utan ríkisstj. og barizt utan ríkisstj., en Framsfl. getur helzt ekki verið utan ríkisstj.

Hv. 1. þm. S-M. lítur alltaf á það sem ægilegasta tímabil í sinni sögu, þegar hann tók Framsfl. út úr 12 manna samningunum í október 1944 og Framsfl. var utan við ríkisstj. í næstum tvö og hálft ár. Það er það tímabil, sem hann óttast. Hann getur ekki litið meira að segja stjórnina og þetta tímabil, sem þá var, réttu auga, vegna þess að honum finnst það svo voðalegt, að Framsfl. skuli hafa verið utan við ríkisstj. Allur hans hugur snýst um þetta eitt, — og af hverju? Kannske skuldir Sambandsins, kannske valdabrölt þessara foringja hnýti hann alltaf við þá, sem völdin hafa, hverjir svo sem það eru?

Svo talar þessi hv. þm. um, að það sé undarlegt band, sem hnýti saman þessar undarlegu andstæður, ef Sjálfstfl. og verkalýðsflokkarnir skyldu geta tekið höndum saman um eitthvað, eins og kjördæmamálið eða eins og um nýsköpunina. Gleymir hann bandinu, sem hefur bundið Sjálfstfl. og Framsókn saman? Hvað lengi er hann búinn að vera í stjórn með Sjálfstfl., t. d. á síðustu 20 árum? Ætli það séu ekki ein 15 ár? Gleymir hann böndunum, sem binda þá saman, gróðaböndum verzlunarauðvaldsins í Reykjavík, Cóca-cóca-stefnuninni, SÍS og heildsölunum stóru — olían, hernámið, bankarnir? Gleymir hann öllum þessum böndum, sem tengja þessa tvo flokka saman, hvort svo sem það eru 8% eða 6% launalækkanir, sem þeir sameinast um á móti verkalýðnum? Ef hv. 1. þm. S-M. á einhverja hugsjón, þá er hún sú að vera í ríkisstj. En af því að hann er svona mikill afturhaldsmaður, en hefur lent í flokki, sem var stofnaður upphaflega sem flokkur fátækra manna, sem berjast fyrir fallegum hugsjónum, þá hefur hann alltaf reynt að gera hverja þá stjórn, sem hann hefur verið í, að hægri stjórn. Hann hefur að vísu helzt kosið að starfa með Sjálfstfl. og starfað þannig lengst af við rétta hægri stjórn, en hans hugsjón hefur alltaf verið, að svo miklu leyti sem stjórn væri mynduð með vinstri flokkum, að mynda hægri stjórn með vinstri flokkum. Og það er það, sem hann aldrei nokkurn tíma getur skilið, að með því að halda fram hægri stefnu, þegar hann er ráðherra í vinstri stjórn, þá endar hann með því að eyðileggja þá stjórn, vegna þess að vinstri stjórn, sem hefur ætlað að vera meira en nafnið tómt, þolir ekki hægri stefnu. Hans hlutverk hefur verið að reyna að beygja verkalýðsflokkana undir sína afturhaldssemi eða sprengja stjórnina. Þetta hefur verið hans stefna í 25 ár, og hann hefur sprengt allar stjórnir, sem hann hefur myndað með verkalýðsflokkum, á þessari afturhaldssemi. Það að mynda stjórn, sem kölluð er vinstri stjórn, og reyna síðan að fá vinstri flokkana til að svíkja sína umbjóðendur, bregðast þeim, sem hafa trúað þeim til að berjast sinni lífsbaráttu hér á Alþingi, reyna að fá þá til að hörfa frá lífskjarabaráttunni, bregðast þeim málum að koma hernum burt úr landinu, hörfa frá þjóðnýtingu, sem þeir væru að berjast fyrir, það er að reyna að brjóta niður trú fólksins á vinstri stefnu yfir-

leitt. Það er illt verk að reyna að koma á hægri stefnu í vinstri stjórn. Það er níðingsverk gagnvart alþýðu manna.

Ef til vill mundi hv. 1. þm. S-M., ef hann héldi áfram eins og hann var að tala hérna áðan, fara að segja það við mig, að ég vildi þá líklega fara að mynda vinstri stjórn með hægri flokkum. Ég skal ekki segja, ef það væri hægt að mynda vinstri stjórn með flokkum, sem telja sig hægri, — sama væri mér, hvaðan stoð kæmi til þess að framkvæma það, sem íslenzkri alþýðu væri til góðs. Ef það væri flokkur hér til, sem vildi framkvæma það, sem Framsókn sveik okkur um, að láta herinn fara úr landinu, að kaupa 15 togara, að hækka aftur laun við almenning í staðinn fyrir að lækka þau, ja, það væri þá a. m. k. ekki illt verk. Það mætti frekar segja, að það væri kraftaverk. Ég held, að hv. 1. þm. S-M. ætti að reyna að komast ofur lítið niður á það að ræða þessi mál af einhverri alvöru, en ekki halda sér við tóm slagorðin, sem hann ætlar að reyna að beita í næstu kosningum.

Hv. 1. þm. S-M. minntist á nýsköpunarstjórnina, og hann sagði, að ég mundi ekki geta neitað því, að Framsfl. hefði lagt til að setja hærri upphæð en nýsköpunarflokkarnir hefðu lagt til inn í lögin um nýbyggingaráð. Það er rétt. Framsfl. kom fram með till. um það. Það, sem ég var að ræða, var, hver var afstaða Framsfl. til þess að mynda stjórn til þess að leggja þetta fé til hliðar, hvort það væru 300 eða 500 millj. Hún var neikvæð. Framsfl. var á móti því. Hann reyndi að hindra, að slíkt væri gert. Og þegar hv. 1. þm. S-M. skrifaði Sjálfstfl. f. h. Framsóknar 3. okt. 1944, þá var það ekki um að leggja 500 millj. til hliðar til ráðstöfunar fyrir nýbyggingaráð, þá var það bréf um að leggja ekki einn einasta eyri til hliðar. Ég get lesið upp greinina hans í nóvemberbyrjun 1944 í Tímanum, þar sem hann skýrir frá því bréfi og því tilboði. Það var tilboð um að mynda afturhaldsstjórn með Sjálfstfl., þar sem engir peningar væru lagðir til hliðar til að gera neitt. En þegar það mistókst fyrir Framsfl. að fá afturhaldsstjórn með Sjálfstfl., þá og þegar við vorum búnir að mynda nýsköpunarstjórnina og þegar við höfðum ekki komizt lengra en að fá 300 millj. lagðar til hliðar, þá snýr Framsfl. blaðinu við og segir: Það er bezt að koma með till. um þetta og þykjast vera miklu róttækari. Fyrst okkur tókst ekki að eyðileggja þessa andskotans stjórn, þá skulum við a. m. k. sýna, að við séum miklu róttækari. Og þá komu þeir fram með till. Þetta heitir loddaraleikur.

Svo sagði hann, að stefnan í nýsköpunarstjórninni hefði ekki verið miðuð við nýsköpun. Ojæja. Af hverju hefur hv. 1. þm. S-M. sem fjmrh. haft tekjurnar síðan? Er það ekki af fiskveiðunum, fiskinum, sem veiddur er með þeim tækjum, sem þá voru keypt á þeim grundvelli, sem þá var lagður? Hann sagði, að það hefði ekki verið nema lítill hluti notaður til nýsköpunar. Það urðu samt upp undir 300 millj. Það tókst ekki að bjarga meiru. Alveg rétt, það hefði verið gott, ef það hefði verið meira. Og hann sagði: Þakka skyldi, þó að það hefði verið endurnýjaður togaraflotinn. — Það var gert meira en að endurnýja togaraflotann. Það var alger nýsköpun togaraflotans á Íslandi, stærri floti en við höfum átt áður, betri og afkastameiri, fyrir utan 100—200 mótorbáta, sem þar að auki voru keyptir. Hann sagði, að þetta hefði allt saman verið komið á hausinn. Var ekki öll útgerð á hausnum, síðan þessi hv. 1. þm. S-M. varð fjmrh. á Íslandi? Hefur hún ekki alltaf gengið á höndunum eða næstum því á hausnum? Hefur ekki alltaf verið kvartað yfir því, að útgerðin væri á hausnum á Íslandi? Það, sem er aðalatriðið, er, að það sé þó útgerð á Íslandi og að menn séu ekki sektaðir fyrir að afla sér báta, eins og þegar hv. 1. þm. S-M. var fjmrh. á kreppuárunum. Hvaða skilning sýndi hann hins vegar á þessum málum? Hann hafði tækifæri núna til þess að starfa með sömu flokkunum sem voru með Sjálfstfl. í nýsköpunarstjórninni og keyptu þá 30 togara. Hann segir núna: Þakka skyldi þeim, þó að það hefði verið endurnýjaður flotinn. — En hvað gerði hann í vinstri stjórninni, þegar við vildum fá að kaupa 15 togarana, 15 stóra togara, — hvað gerði hann? Hann hindraði það. Hann hindraði það sem fjmrh. Við fengum lög gegnum Alþingi um heimild til að taka lán til þess. Við gátum útvegað lán til þess, en fjmrh. vinstri stjórnarinnar hindraði, að það lán væri tekið og togararnir væru keyptir. Hann hafði valdið. Þá gat hann sýnt það, hvort hann ætlaði að vera skárri en Sjálfstfl. var í nýsköpunarstjórninni og gera meira en endurnýja togaraflotann, svo að ég noti hans eigin orð, en ekki mín. En hvað gerði hann? Hann kom í veg fyrir, að nokkuð væri keypt sem héti af nýjum, stórum togurum, þó að okkur tækist hins vegar að koma því í gegn að kaupa ýmsa smærri og ýmsa báta og hann gæti ekki hindrað það, þó að lengi væri það tafið.

Svo kom hv. þm. S-M. inn á það, hvernig hefði verið með dreifingu togaranna um landið. Þá hefði þurft á aðstoð Framsfl. að halda. Já, hvernig var það? Lögin, sem það byggist á að dreifa nýsköpunartogurunum um landið, voru lögin um stofnlánadeild sjávarútvegsins, lögin um, að 75% skyldi lána til bæjarfélaga og annarra af andvirði togaranna, 100 millj. kr. lagðar til hliðar í þessa sérstöku stofnlánadeild. Ég lýsti því í gær, og ég skal minna á það aftur, að það kostaði heilt ár, heils árs baráttu við framsóknarvaldið, við bankavald Framsóknar og við Framsfl. í þinginu, að knýja þetta fram, þessa löggjöf á móti bönkunum. Heilt ár töfðu þeir fyrir því. Hvað var svo það, sem hv. 1. þm. S-M. uppgötvaði eftir að hafa barizt á móti þessu alla tíð? Jú, þegar að því kom, að litlu bæirnir okkar þurftu að fá og bæjarfélögin yfirleitt meira en 75%, 10% í viðbót, þá sá 1. þm. S-M. alveg nýja hlið á þessum togaramálum. Í hans augum voru nýsköpunartogararnir, togaraútgerðin yfirleitt var í hans augum gums, eins og hann orðaði það, gums, — þessir nýsköpunartogarar væru gums, sem enginn maður vissi, hvað hann ætti að gera við. Af hverju notaði hv. 1. þm. S-M. einmitt þessi orð, að þetta væri gums, sem enginn maður vissi, hvað ætti að gera við? Af því að hv. 1. þm. S-M. vissi ekki sjálfur, hvað átti að gera við þá. Þó að hann hafi verið fjmrh. Íslands í 25 ár, hafði hann þó

ekki skilið, að grundvöllurinn fyrir öllum hans fjárlögum og öllu slíku eru þessar fiskveiðar. En hvað uppgötvar hann svo? Jú, hann uppgötvar það, þegar var farið að ræða að dreifa þessum togurum út um landið, að meira að segja í Suður-Múlasýslu var hægt að hafa togara. Og þá gerbreytist allt í heila hv. 1. þm. S-M. Hann sá sem sé, að það var hægt að gera togara út á atkvæðaveiðar. Það að gera togara út á fiskveiðar, hann skildi aldrei eiginlega, hvaða þjóðfélagslegan tilgang það hafði, en að gera togara út á atkvæðaveiðar í Suður-Múlasýslu, þá opnaðist skilningurinn hjá hv. 1. þm. S-M. Þá var hann með því að setja lánin upp í 85%. Þá var hann með því að beygja bara bankana. Þá voru atkvæði í Suður-Múlasýslu í veði. Og þá varð meira að segja Vilhjálmur Þór að fá að vita af því, að þegar atkvæði Eysteins Jónssonar eru hins vegar, þá dugir engin afturhaldssemi Vilhjálms Þórs. Þannig hefur það verið með afstöðu þessa hv. þm. til þess, sem er grundvöllurinn fyrir íslenzku þjóðfélagi. Hann skilur, þegar kemur að því, að þetta getur haft þýðingu hvað atkvæðaveiðar snertir. En til þess að bæta fyrir þjóðfélaginu í heild, til þess að fá grundvöll fyrir þjóðina í heild til að lifa á, þannig getur hann ekki hugsað. Hann hugsar líklega í einmenningsog tvímenningskjördæmum, en ekki um Ísland.

Svo kom hv. 1. þm. S-M. inn á spursmálið um kaupið og hæð þess og var að tala um, að það væri ekki til neins fyrir verkalýðinn að berjast fyrir hækkuðu kaupi, það þýddi bara verðbólgu. Verkalýðurinn á Íslandi hefur alla tíð barizt fyrir hækkuðu kaupi, án þess að það þýddi verðbólgu, og verkalýðssamtökin hafa einmitt sérstaklega gert ráðstafanir til þess að reyna að hindra, að verðbólga hlytist af þeirra kauphækkunum. Svar ríkisvaldsins, svar auðmannastéttarinnar, sem ráðið hefur ríkisvaldinu, svar Framsóknarfl. alveg sérstaklega hefur hins vegar verið að skipuleggja verðbólguna sem svar við sigri verkamanna í verkföllunum. Þessi hv. þm. hefur verið meira eða minna fjmrh. Íslands í 25 ár. Hann hefur verið höfuðábyrgur fyrir þessari verðbólgu, og þau fyrirtæki, sem hann er sérstakur fulltrúi fyrir, hafa ásamt auðvaldinu í Reykjavík skipulagt þessa verðbólgu allan tímann, af því að þau hafa grætt á henni. Hann hefur haft helmingaskipti allan þennan tíma um að stjórna bönkunum á Íslandi. Hann hefur haft helmingaskipti við Sjálfstfl. um að koma á gengislækkun. Hann hefur skipulagt þessa verðbólgu til þess, að þeir, sem bankarnir lánuðu milljónirnar, tugi milljóna, hundruð milljóna, gætu grætt á því. Verðbólgubraskararnir eru ekki bara Einar Sigurðsson og slíkir. Verðbólgubraskarana er að finna líka í námunda við hv. 1. þm. S-M.

Það er ekkert spursmál um það, að verðbólgan á Íslandi er ekki verkalýðnum að kenna. Hún hefur verið mótráðstöfun auðvaldsins á Íslandi á móti verkalýðnum. Og verkalýðurinn hefur verið knúinn hvað eftir annað til þess að fara í hærri kauphækkanir en hann ella hefði farið í, vegna þess að hann hefur orðið að reikna með því, að sér væri svarað á þennan ósvífna hátt að rýra í sífellu gildi peninganna. Og þessi sífellda gildisrýrnun á peningunum er skipulögð svona vegna þess, að það eru peningar ríkisins og almennings í landinu, sparifjáreigenda, sem þessir tveir flokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., í bankastjórnum bankanna eru að fara með. Ef Sambandið hefði átt Landsbankann eða Kveldúlfur Útvegsbankann og þeir hefðu átt peningana, sem voru þar í, þá hefði ekki verið skipulögð verðbólga á peningunum á Íslandi. Ef það hefði verið einkaauðvald, sem hefði átt þessa peninga, þá hefði það séð til þess, að það væru jafngóðir peningar, sem voru borgaðir til baka. En þegar tveir flokkar setjast að ríkisbönkunum á Íslandi og úthluta eignum almennings og ríkisins til sinna skjólstæðinga sem lánum, þá eru þessir skjólstæðingar þeirra „interessaðir“ í því að láta peningana falla ár frá ári. Þess vegna sameinast Sjálfstfl. og Framsfl. um gengislækkanir á svona 10 ára fresti og skipuleggja verðbólgu þess á milli. Þessa svikamyllu vill þessi hv. þm. dylja fyrir almenningi, og það getur ef til vill tekizt fyrir hann einhvern dálítinn tíma enn þá, en þetta er það, sem er að gerast í íslenzkum efnahagsmálum.

Hann spurði: Eru það kauphækkanirnar, sem færa þeim gróðann, — ég held hann hafi sagt, að þeir væru sumir máttarstólpar íhaldsins? Þeim væri ekkert illa við það, að kauphækkanirnar færu fram, því að það gæfi þeim gróða á eftir. Það eru ekki kauphækkanirnar, sem færa þeim gróða. Það er verðbólgan, sem Framsókn hjálpar Sjálfstfl. til að skipuleggja á eftir, sem gefur þeim gróðann. En þessi hv. 1. þm. S-M. er farinn að líta á verðbólguna sem svo sjálfsagða ráðstöfun fyrir auðvaldið á Íslandi og móti verkalýðssamtökunum, að hann segir: Ja, ef það verður kauphækkun, þá er sjálfsagt að hafa verðbólgu. — Hann tengir það saman. Honum er ekki ljóst, að verðbólga eins og hann stóð að eftir verkfallið 1955 er fjandsamleg ráðstöfun auðvalds í landinu á móti verkalýðnum.

Hv. þm. minntist á það, að við hefðum fallizt á það 1. sept. 1956 að fella niður nokkur vísitölustig. Vissulega. Við féllumst á það. Það er mjög skynsamlegt að fallast á það. Þau vísitölustig, sem þá hefðu hækkað, hefðu verið tekin af okkur í hækkun á landbúnaðarvörunum mánuðinn á eftir. Við ráðguðumst við verkalýðssamtökin um þetta, og öllum kom saman um, að það væri alveg sjálfsagður hlutur og enginn tapaði á honum, hvorki verkamenn né bændur. Svo er hann að bera þetta saman við hans ósvífnu kröfur um 8% launalækkun hjá verkalýðnum á Íslandi skaðabótalaust. Hverja heldur hann að hann sé að tala við?

En svo þótti mér nú mær bregða vana sínum, þegar hv. 1. þm. S-M. sagði, að kaup ætti að vera eins hátt og framleiðslan gæti borið. Jæja, má ég spyrja: Hvenær hefur hv. 1. þm. S-M. álitið, að það ætti að hækka kaupið, að það mætti hækka kaupið? Hvenær í allri hans sögu, 25 ára sögu, hefur hann álitið, að mætti hækka kaupið á Íslandi? Hvenær hefur hann álitið, að framleiðslan á Íslandi bæri hærra kaup? Hvenær hefur hann álitið, að mætti minnka gróða auðmannastéttarinnar á Íslandi? Hann nefnir kannske einhver dæmi um það. En ég þekki aðeins eitt dæmi, aðeins eitt einasta dæmi. Ég

reikna ekki með 5% kauphækkunum svokölluðum vorið 1958, vegna þess að það var bara tekið til baka með 9 vísitölustigum, sem voru látin hverfa, það var bara fyrirframgreiðsla vísitölustiganna. En einu sinni hefur þessi hv. 1. þm. S-M. komið nærri því svo að segja að standa að kauphækkun eða a. m. k. að lýsa því yfir, að það væri eiginlega sanngjarnt, að verkamenn fengju hækkað kaup. Og það er rétt að rifja það upp fyrir hv. 1. þm. S-M., hvenær það var. Það var í september 1958, þegar Dagsbrún ætlaði að leggja út í verkfall til að fá kauphækkun. Þá stóð þessi hv. 1. þm. S-M. á bak við það, að fulltrúi Framsfl. í bæjarstjórn Reykjavíkur lýsti því yfir, að það sé sanngjarnt og rétt að semja við Dagsbrún um þessa kauphækkun. Þetta er í eina skiptið í allri hans sögu, sem ég man eftir að hann hafi komið nærri því að álíta, að framleiðslan gæti borið kauphækkun og kaup ætti að vera eins hátt og framleiðslan gæti borið. Til hvers stóð hann að þeirri kauphækkun í eina skiptið í allri sinni sögu? Var það til þess að segja tveim mánuðum á eftir: Ef þið ekki afsalið þessari kauphækkun tafarlaust, þá er vinstri stjórninni slitið? — Var það eins og flugumaður, að hann kom? Var meiningin ekki meiri í eina skiptið á ævinni, allri sinni stjórnmálaævi, sem hann hefur álitið að verkamaður með 5 þús. kr. laun mætti fá hærra kaup? Ég er hræddur um, þó að hann þykist vilja tala hérna fyrir hönd verkalýðsins stundum núna, að það hefði orðið lítið úr þeim lífskjörum, sem verkalýðurinn býr við á Íslandi nú, ef það hefði átt að njóta hans forustu við til að hækka kaup á undanförnum áratugum og heyja þá baráttu. Það hefur orðið að heyja alla þá baráttu við hann, meira að segja heyja hana þannig, að við höfum orðið að brjóta lög til þess að brjóta hans einræðislög á bak aftur, eins og gerðardómslögin. Svo segir hv. 1. þm. S-M., að við, sérstaklega ég, viljum eyðileggja, ja, ekki bara vinstri stjórn, heldur þjóðfélagið og ég veit ekki hvað og hvað. Hvað er þetta, sem hann meinar, þegar hann talar um að eyðileggja? Það að dirfast að standa upp í hárinu á Framsfl., vilja eitthvað annað en það, sem hans forusta í Framsfl. vill. Það á að þýða að eyðileggja þjóðfélagið.

Sem sagt, þessi einræðis- og yfirgangshneigð Framsóknar er slík, að það getur enginn flokkur unnið með henni til lengdar, nema hún láti af henni. Það er reynsla allra þeirra, sem með Framsókn vinna. Það var einu sinni nokkuð stór karl, sem var formaður Framsóknar og beitti slíkri einræðishneigð og varð að lokum að láta í minni pokann. Hv. 1. þm. S-M. hefur verið lærisveinn hans og hefur verið að reyna að feta í fótspor hans, og ég er hræddur um, að það endi með því, ef hann lærir ekki neitt af sínum mistökum, að það fari verr fyrir honum. Framsfl. neyddist sjálfur til þess að setja þann formann af og hefur ekki beðið þess bætur samt síðan á vissum sviðum. Ég er hræddur um, að það væri eins gott fyrir hv. 1. þm. S-M. að fara að reyna að læra eitthvað, ef hann ætlar að endast sem forustumaður Framsfl.

Svo segir hv. 1. þm. S-M., að Framsfl. sé aðalvinur verkalýðsins í landinu, á hann megi verkalýðshreyfingin treysta. Ójá, vináttuna fékk hann nú aldeilis að sjá, verkalýðurinn. Jú, hann gat fengið vináttu Framsóknar, ef hann vildi beygja sig undir yfirgangsstefnu hennar, beygja sig undir kauplækkunarstefnu hennar. Ég er hræddur um, að verkalýðshreyfingin í landinu megi segja, þegar hún heyrir um þessi vináttutilboð Framsóknar: Guð verndi mig fyrir vinum mínum, ég skal sjálfur vernda mig fyrir mínum óvinum. — Það er engin hætta, að verkalýðshreyfingin á Íslandi standi ekki í ístaðinu gagnvart Sjálfstfl. og gagnvart auðvaldinu. En það, sem hún hefur átt á hættu lengst af, það er, að Framsfl. stæði með því auðvaldi, yrði partur af því auðvaldi, sem hann hefur verið að sogast meira og meira inn í og gengið jafnvel fram fyrir skjöldu til þess að ráðast fyrir hönd þess auðvalds á verkalýðshreyfinguna, eins og hv. 1. þm. S-M. gerði í nóv. 1958 með því að heimta 8% kauplækkunina, þegar jafnvel sjálft íhaldið heimtaði ekki nema 6%. Nei, verkalýðshreyfingin má sannarlega segja, þegar hún fær svona vináttutilboð: Guð verndi mig fyrir vinum mínum, ég skal passa mig sjálfur fyrir mínum óvinum.

Hv. 1. þm. S-M. var að tala um, að það væri sjálfsagt að hækka kaupið, þegar framleiðslan gæti borið það. Hefur þessi hv. þm. nokkurn tíma athugað, hvað framleiðsla og framleiðsluafköst á Íslandi hafa aukizt frá 1947? Eftir 1947 hafa komið í gagnið allir nýsköpunartogarar, öll nýsköpunarskip, öll Marshall-hjálpin, öll uppbyggingin á sementsverksmiðju, áburðarverksmiðju og öðru slíku, öll uppbygging allra þessara aðila, sem hér eru að metast um, hvernig þeir hafi byggt Ísland upp á síðustu 15 árum. En hvað hefur verkalýðurinn fengið í hlut? Framleiðslan á Íslandi ber meira en hún hefur gert nokkru sinni fyrr. En fær verkalýðurinn hærra kaup en hann hafði 1947? Hann hefur lægra kaup í dag en hann hafði 1947. Hann fær minna í sinn hlut af því, sem þjóðin framleiðir, heldur en hann gerði þá, svo að honum er bezt að tala með dálítið meiri þekkingu á þessum málum, þegar hann fer að tala.

Svo fór hv. 1. þm. S-M. að tala um verðlagseftirlitið, — ja, það væri nú ekki mikið varið í þetta verðlagseftirlit. Hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ), hans flokksbróðir, var nú að tala um verðlagseftirlit og að verðlagseftirlit væri alveg sérstök stefna Framsfl. á móti því vonda íhaldi, sem vildi afnema verðlagseftirlit og koma á svokallaðri frjálsri verzlun, þannig að hv. 1. þm. S-M. var fyrst og fremst að deila á 7. þm. Reykv. Hins vegar er ég ekkert hissa á því, þó að hann deili stundum á hann, því að mér sýnist, að hv. 7. þm. Reykv. tali stundum þannig, að það sé ekkert óeðlilegt, þó að hv. 1. þm. S-M. villist á honum og mér. Svo sagði hv. 1. þm. S-M., að hið eina sanna verðlagseftirlit væri, að fólkið í landinu taki viðskiptin í sínar hendur með samvinnufélögunum, öruggt og sterk samvinnufélög. Þetta er alveg ágæt hugsjón. Og hvernig framkvæmir Framsfl. hana? Við skulum taka stærstu vöruna, stærsta liðinn, sem fluttur er inn í landið, sjötta partinn af öllum innflutningi Íslands, olíuna. Öruggt og sterk samvinnufélög. Jú, það vantar ekki. Það er meira að segja sjálft

Sambandið. Það er svo sem ekki verið að láta KRON eða einhver smákaupfélög í landinu sjá um að varðveita þetta verðlagseftirlit fólksins. Nei, sjálft Sambandið er sett í þetta, og Sambandið myndar sterkt félag, svo að fólkið í landinu hafi viðskiptin í sínum höndum eftir kokkabók hv. 1. þm. S-M. Og hvernig er svo reynslan? Reynslan er slík, framkvæmd Framsfl. á því, að fólkið taki þessi viðskipti í eigin hendur undir forustu Sambandsins og yfirstjórn Framsfl., er slík, að Tíminn verður að segja, af því að hneykslin í sambandi við Olíufélagið eru svo slæm, að það séu sjálfstæðismenn, sem séu í meiri hluta í stjórn þar. Hér eru helmingaskiptin um þessa framkvæmd á hugsjón 1. þm. S-M. orðin svona voðaleg, að það á að reyna að klína því á íhaldið.

Hv. 1. þm. S-M. sagði, að samkeppnin frá samvinnufélögunum og þeirra stofnunum þyrfti að vera svo sterk, að hún setti meginsvip á verzlunarlífið í landinu. Jú, samkeppnin frá Esso og Olíufélaginu við hin olíufélögin er víst svona sterk, að hún setur meginsvip sinn á viðskiptalífið í landinu. Eru það kannske Esso-tankarnir, sem farnir eru að setja svip á sveitabæina um allt land, þar sem það er búið að klína þeim niður í íslenzku landslagi því til óprýði? En það setur ekki svip á viðskiptalífið í landinu. Það er viðskiptalífinu í landinu til skammar, það er smánarblettur á samvinnuhreyfingunni að hafa komið nærri því, og það er Framsfl. alveg sérstaklega til skammar, að í tvö ár erum við búnir að biðja hann um að fallast á þjóðnýtingu á olíuverzluninni, og hann er búinn að neita því allan tímann. Við erum búin að biðja hann um, að sjálft fólkið í landinu taki þessi viðskipti í sínar hendur og stjórni þeim, af því að þarna séu olíuhringar að verki, sem séu hættulegir fyrir þjóðina. En hv. 1. þm. S-M. segir nei, fólkið í landinu skal ekki fá að taka þessi viðskipti í sínar hendur. Og nú var það samt meira að segja þannig, að ríkið hafði sjálft innkaupin á þessari olíu, en 1. þm. S-M. segir: Nei, ríkið skal láta þessi viðskipti úr sínum höndum og til olíuhringanna, — og pínir það í gegn. Hvað á þessi hræsni að þýða: að koma hér og tala svona og hafa svo praktísinn eins og olíufélögin eru? Ég er hræddur um, að hv. 1. þm. S-M. megi fara að athuga alla þróun samvinnufélaganna hér á Íslandi. Ástandið er þannig, að það er að verða svo fjarri sums staðar, að það sé fólkið, sem tekur viðskiptin í sínar hendur, — við sjáum það bezt á olíunni, — að það er engu líkara en það sé fólkið, sem er á valdi forstjóra sinna, það séu forstjórarnir, sem vilji ráða yfir fólkinu, og Framsfl., sem vill ráða forstjórunum, olíuforstjórunum líka, meira að segja pína þá inn í Framsfl., ef þeir skyldu vera í öðrum flokki, þó að hann kannske skammist sín fyrir það á eftir.

Svo kom hv. 1. þm. S-M. inn á það, að ég hefði hlaupið yfir það í því, sem ég talaði um, ég hafi talað bara um launin. Það var alveg þveröfugt. Ég tók launin, ég tók verzlunarauðvaldið, ég tók skipulagningu þjóðfélagsins, og ég tók tryggingastarfsemina, alþýðutryggingarnar, ég tók öll þessi hagsmunasvið, þar sem auðvaldi og alþýðu lendir saman. Hann bara hvorki heyrir né sér né skilur. Og fyrst hann minntist á samvinnufélög og sína miklu umhyggju fyrir þeim, kannske ég rifji þá upp fyrir honum hans umhyggju. Man hann, þegar við vorum í vinstri stjórninni að breyta bankalöggjöfinni, man hann, hvað hann og fleiri notuðu sem aðalátyllu þá í umr. á Alþingi það, að KRON hefði orðið út undan með lán í Reykjavík, hefði ekki fengið lán hérna úr bönkunum, eins og það ætti kröfu á? Hefur það batnað síðan? Hafa samvinnufélögin, KRON, fengið að njóta þess, að samvinnufélög ættu að standa eitthvað betur að vígi, eftir að bönkunum var breytt? Nei, það eru ekki samvinnufélögin, sem þessi hv. þm. er að bera fyrir brjósti. Það eru aðrir hlutir. Það er ákveðið valdakerfi Framsóknar og aðstaða til þess að misnota það, líka á móti þeim samvinnufélögum, sem Framsfl. hefur ekki velþóknun á.

Hv. 1. þm. S-M. var svo að tala um illa fenginn þingmeirihluta. Jæja, honum ferst, með illa fenginn þingflokk hér. Hefur hann reiknað út, hvað framsóknarmenn eru margir hér í þinginu? Ætli þeir séu ekki 19, með 27% kjósenda á bak við sig? Og hvað eru margir fulltrúar Alþb. og Alþfl.? Við erum 13 núna. Og hvað höfum við á bak við okkur? 19 þm. hafa á bak við sig 28%, 13 þm. hafa á bak við sig 27%. Þetta er illa fenginn þingflokkur hjá Framsókn, svo að maður tali nú ekki um allan áróðurinn í sambandi við þetta.

Svo kom hv. þm. inn á það, að það mundu verða vatnaskil í íslenzkum stjórnmálum. Hvaða vatnaskil eru þetta, sem hann átti við? Hann er að tala um nýja bandalagið, sem sé í uppsiglingu. Varð hann svona óskaplega hræddur út af einni forsetakosningu á Alþingi, að hann sjái ekki nokkurn skapaðan hlut, eða heldur hann, að hann sé svona voðalega klókur pólitíkus, að hann geti slegið sér upp á þessu í næstu kosningum? Hvað er það, sem er fram undan í íslenzkri pólitík eftir kosningarnar? Það, sem er fram undan, og það, sem er hættan, sem yfir alþýðu Íslands vofir, er, að þeir flokkar taki saman, sem eru sammála um ákveðna pólitík, að þeir flokkar, sem eru sammála um gengislækkun, myndi sameiginlega stjórn, þeir flokkar, sem eru sammála um að viðhalda hernámi og öðru slíku, myndi sameiginlega stjórn, þeir flokkar, sem eru sammála um að lækka kaup verkalýðsins, hvort það er um 6 eða 8%, standi saman um stjórn. Og það er fleira í þessu máli, sem þessir flokkar eru sammála um, sem þeir þora hins vegar ekki að hafa mikið í frammi, en við vitum ósköp vel að er að gerast á bak við tjöldin. Framsfl. og afturhaldssamasti kjarni Sjálfstfl. eru sammála um það að reyna að hleypa amerísku stóriðjuauðvaldi inn á Ísland, að leigja íslenzka fossa amerískum auðhringum til 20—25 ára, og aðalforustumenn Framsfl. hafa þegar undirbúið þetta. Og ef hv. 1. þm. S-M. dirfist að mótmæla því, þá skal ég leggja þau plögg á borðið. Þeir tala ekki um þetta, en þetta er það, sem þeir eru að undirbúa.

Hvað var 1949, þegar Framsfl. sagði fjárplógsstarfseminni stríð á hendur og fór svo í gengislækkunarstjórn með Sjálfstfl. 1950? Hvað gerði hann 1951? Hann kallaði her inn í landið, sem hann hafði áður lofað að kalla ekki inn og hann

hefur svikizt um að láta fara, þó að hann hafi lofað að láta hann fara. Hvað skyldi hann ætla sér eftir þessar kosningar 1959, þegar hann fer í stjórn með Sjálfstfl. eftir 1—2 ár? Skyldi hann ekki ætla sér að reyna að vera búinn að undirbúa það vel í gegnum sín sambönd vestan hafs að fá sér ameríska stóriðju, sem geri helmingaskiptin milli Framsóknar og Sjálfstfl. heldur gróðameiri en þau hafa verið fram að þessu? Það eru þessi vatnaskil, sem fyrst og fremst er hætta á að verði í íslenzkum stjórnmálum á næstunni og alþýða manna þarf að vara sig á.

Hv. 1. þm. S-M. heldur, að allt það, sem komið sé upp úti á landi, þurfi að vera taprekstur. Því fer fjarri. Það er hægt að koma upp íslenzkri stóriðju úti á landi, sem íslenzkt ríki á, alveg eins og hér í nágrenni Reykjavíkur eða í Árnessýslu. En til þess þarf að einbeita fjárhagskröftum íslenzka ríkisins að slíku. Til þess þarf áætlunarbúskap, og það er það, sem hv. 1. þm. S-M. hatast við. Ríkið þarf að geta sett stórfé í slíka uppbyggingu, uppbyggingu á íslenzkum stórrekstri. Til þess þarf m. a. á ýmsum sviðum að spara, að verja fjárfestingunni rétt, að tryggja það, að þjóðarheildin og ekki hvað sízt þeir landsfjórðungar, sem hann var að reyna að leggja í eyði með Sjálfstfl. á hernámstímanum, njóti slíkrar uppbyggingar.

Hv. 1. þm. S-M. hatast ósköp mikið við Sjálfstfl., það veit ég ósköp vel. En það er ekki vegna þess, að það sé auðvaldsflokkur og hann sé andstæður því auðvaldi. Nei, hann hatast við hann út af skiptunum, eins og bræður eiga jafnvel til með að hatast út af skiptum á búi. Hann hatast við hann út af helmingaskiptunum, af því að hann vill alltaf fá meira og meira í sinn hlut, og það vill hinn líka. Þeir berjast um það, hvernig þeir eiga að skipta gróðanum, sem þeir hafa af almenningi. Þeir sameinast um að hafa þennan gróða sem mestan og halda launum verkalýðsins niðri. Og þess vegna skal ég segja honum alveg hreint, hvað gerist eftir næstu kosningar. Það, sem gerist, er það, að þessir tveir flokkar, Sjálfstfl. og Framsfl., sem koma til með að þykjast vera óskaplegir mótpólar í þessum kosningum, ná saman. Og ég skal segja hv. 1. þm. S-M., af hverju þeir ná saman, þó að hvorugur þeirra geti helzt hugsað til þess í dag að eiga að fara að vinna hvor með öðrum. Þeir ná saman á peningum, á gróðanum. Þá langar báða og stofnanirnar, sem ráða þeim, til þess að geta grætt, geta grætt á almenningi í landinu, geta haldið niðri kaupi almennings í landinu, geta safnað auð handa voldugum fyrirtækjum á kostnað almennings í landinu. Og það er þessi gróði, sem rekur þá saman, sem hefur tengt þá saman meira eða minna síðustu tvo áratugi.

Og svo lauk hann ræðu sinni með því að segja, að Framsfl. ætli að halda áfram sömu stefnu og undanfarna áratugi. Þá var hann sem sé í lokin búinn að gleyma öllu saman, sem hann þurfti að muna undir næstu kosningar, að nú ætti sem sé Framsfl. allt í einu að þykjast fara að koma fram sem sá eini sanni vinstri flokkur í landinu.

Hv. 1. þm. S-M. getur ekki hugsað þá hugsun, að hann eigi að vera utan ríkisstj. Og þess vegna held ég, að hann hafi fyllzt hálfgerðri afbrýðisemi gagnvart okkur og honum hafi allt í einu dottið í hug: Það skyldi þó aldrei vera, að Alþb. gæti farið í stjórn með Sjálfstfl. og ég kæmist þar ekki sjálfur? Hugsa sér bara annað eins. Ég skal segja hv. 1. þm. S-M. það, að ef Framsfl. myndar stjórn með Sjálfstfl. á morgun eða eftir kosningarnar t. d. um það að láta herinn fara burt, um að kaupa 15 togara, um að koma upp íslenzkri stóriðju í landinu, um að hækka kaup almennings, um að lækka vextina og hjálpa fólki til að byggja, um að auka alþýðutryggingar, ja, hvað ættum við þá að segja við slíkri stjórn? Gætum við sagt nokkuð annað en þetta væri mjög góð stjórn, jafnvel þótt það væru Sjálfstfl. og Framsfl., sem mynduðu hana, ef þeir mynduðu hana um svona hluti? Ég mundi bara segja fyrir mitt leyti: Þetta er eins og vinstri stjórn á að vera. — Dygði að vera með nokkurn hamagang út í það, þótt hv. 1. þm. S-M. meira að segja væri sjálfur ráðherra í slíkri stjórn með Sjálfstfl., sem væri svona góð stjórn?(**Gripið fram í:** Það er mjög ólíklegt.) Það er mjög ólíklegt. Þar rataðist honum satt á munn. Það er mjög ólíklegt að Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisfl. mynduðu svona stjórn. Ég skal segja honum alveg, hvað er líklegt, hvers konar stjórn Framsfl. og Sjálfstfl. myndi. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn um gengislækkun. Þeir hafa báðir verið sammála um hana. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn um meira hernám í landinu, þegar báðir eru sammála um að græða á hernáminu. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn, sem kaupir aðra 5000 bíla á næstu 4 árum, eins og þeir gerðu, þegar þeir voru í stjórn áður, og kaupi engan togara. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn um að lækka kaupið í landinu, þegar þeir eru sammála um kauplækkunina. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn um að hækka vextina í landinu, þeir hafa alltaf verið sammála um að hækka vextina. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn um að rýra aðstöðina við almenning viðvíkjandi byggingum, þeir hafa alltaf verið sammála um að gera það, þegar þeir hafa verið við völd. Það er líklegt, að þeir myndi stjórn um að rýra alþýðutryggingarnar í landinu, þeir hafa alltaf gert það, þegar þeir hafa verið í stjórn. Hvað mundi maður segja um slíka stjórn? Maður mundi segja, að þetta væri vond stjórn, að þetta væri íhaldsstjórn.

Á ég nú að segja, hvað ég held að hv. 1. þm. S-M. mundi helzt vilja gera? Ég held, að hann mundi vilja mynda svona stjórn með verkalýðsflokkunum, stjórn til þess að framkvæma þetta, framkvæma gengislækkun, framkvæma vaxtahækkun, láta hernám haldast, kaupa ekki togara og annað slíkt. Svona stjórn mundi hv. 1. þm. S-M. vilja mynda með verkalýðsflokkunum. Hann mundi jafnvel vilja kalla hana vinstri stjórn. Og hann mundi jafnvel vilja segja, að hver maður, sem leyfði sér að gagnrýna þetta eða vara við því að kalla svona stefnu vinstri stefnu eða tengja þetta við vinstri stjórn, hann mundi segja, að það væri hættulegur maður, það væri annaðhvort voðalegur hægri krati eða ógurlegur Moskvukommúnisti og náttúrlega erindreki íhaldsins.

Nei, hv. 1. þm. S-M. á ekki að einbeita sér við það í þessum umr. að spyrja: Með hverjum ætla hverjir að mynda stjórn eftir kosningar, heldur hitt, um hvað á að mynda stjórn eftir kosningar? Er hann til í að mynda stjórn um þetta fyrra, sem hann taldi svo ólíklegt að hann myndaði stjórn með Sjálfstfl. um? Ef hann væri til í það, ætti hann að segja það strax. Þá væri hægt að ganga til kosninganna í haust af einhverjum flokkum, sem segðu: Um þessa hluti ætlum við að standa saman, ef við fáum meiri hl. til þess að mynda ríkisstj. — Það var það eina, sem var heiðarlegt í Hræðslubandalaginu, að tveir flokkar sögðu þá: Við ætlum að mynda stjórn um ákveðinn hlut, svo framarlega sem við fáum meiri hl. til þess. — Það væri líka það eina heiðarlega, sem stjórnmálaflokkarnir ættu að gera.

En vill hv. þm. segja þetta? Nei, hann vill ekki tala um, hvað eigi að gera. Hann vill bara vera með bollaleggingar um, hverjir ætli nú að mynda stjórn á eftir. Og út frá hverju eru allar þessar bollaleggingar? Bara út frá því, að hann langar til þess að reyna að gera aðstöðu Framsfl. í kosningunum dálítið skárri en hún á skilið að vera. Hann vill reyna að tjalda vinstri tjöldum í þessum kosningum, eftir að hann hefur sjálfur svikið og sprengt vinstri stefnu og vinstri stjórn. Hann vill reyna að gera Framsókn sterkari í kosningunum í haust, til þess að hún sé sterkari til helmingaskiptanna við íhaldið í næstu helmingaskiptastjórn þess. Hann vill reyna að endurtaka kosningablöffið allt saman frá 1949, frá því fyrir 10 árum. Hann vill segja núna fjárplógsstarfseminni stríð á hendur og reyna að þykjast vera eini vinstri flokkurinn. Og hann vill láta fólkið gleyma því, að stríð Framsfl. á móti fjárplógsstarfsemi endaði í þeirri ömurlegustu uppgjöf fyrir fjárplógsstarfseminni, í þeirri ömurlegustu þátttöku í hermangi, í þeim helmingaskiptum um gróða á íslenzkri alþýðu, sem eru fræg orðin að endemum. Þetta er tilgangurinn með öllu tali hv. 1. þm. S-M., tilgangurinn að reyna að skapa Framsfl. betri aðstöðu til helmingaskipta um afturhaldsstjórn eftir þessar kosningar.

Ég hef nú orðið alllangorður um að svara þessum hv. þm. Framsfl. Þessar umr. hafa farið nokkuð á víð og dreif, eins og ekki er að sumu leyti óeðlilegt og leyfilegt við 3. umr. þessa máls, og ég held, að eftir þessa meðferð láti ég minni ræðu lokið.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Hv. 3. þm. Reykv. (EOl) flutti langa ræðu hér í gær. Hann byrjaði á annarri ræðu í gærkvöld, einnig um þetta mál, og lauk henni núna fyrir skömmu. Þessar ræður hans voru að efni til í beinu framhaldi af því, sem hann sagði við 1. umr. um frv. Það er svo skammt liðið, síðan 1. umr. fór fram, að hv. þm. hefur ekki skipt um línu á þeim tíma. Hann hringdi enn bjöllunni á sama hátt og um daginn, til þess að hljómurinn léti sem bezt í eyrum sjálfstæðismanna. Það var því ekkert undrunarefni, þó að hann beindi máli sínu og ádeilum gegn Framsfl. í þessum ræðum, það var mjög vel skiljanlegt. Af sama toga eru spunnar ádeilur hans nú í seinni ræðunni á samvinnufélögin. Það er alkunnugt, að þáttur samvinnufélaganna í uppbyggingu á atvinnusviðinu um land allt er mjög stór og ákaflega þýðingarmikill. Á viðskiptasviðinu hafa þau einnig á undanförnum áratugum unnið stórmikið gagn. T. d. hafa endurgreiðslur þeirra af vöruverði til félagsmannanna á undanförnum árum numið geysimiklum upphæðum. Þessa ávinnings hefði almenningur ekki notið, ef samvinnufélögin hefðu ekki komið til sögunnar.

Hv. 3. þm. Reykv. hefur aldrei kunnað að meta starfsemi samvinnufélaganna. Hann hefur aldrei kunnað að meta þá geysimiklu þýðingu, sem starfsemi þeirra hefur haft í framfarabaráttu þjóðarinnar. En hér kemur það til fyrst og fremst, að hv. 3. þm. Reykv. þarf að tala illa um samvinnufélögin til þess að þóknast sjálfstæðismönnum, hinum nýju samstarfsaðilum. Það er mjög margt, sem samvinnufélögin hafa gert. Meðal margs annars hafa þau átt nokkurn þátt í því, að í sveitum hafa verið settir upp benzín- og olíugeymar, sem hv. 3. þm. Reykv. var að minnast á áðan í ræðu sinni. Vegna þessa geta íbúar sveitanna fengið þessar nauðsynjar, benzín og olíu, með mjög auðveldu móti. En þetta fer svo í taugarnar á hv. þm., að sjá þessa geyma, að hann getur tæplega ferðazt út fyrir höfuðborgina þess vegna.

Hv. þm. hafði mörg orð um það í ræðu sinni í gær, að framsóknarmenn hefðu ekki samið við Alþfl. og Alþb. um kjördæmamálið, meðan þeir þrír flokkar voru saman í fyrrv. ríkisstj. Það hefði þó verið eitt af stefnuskráratriðum þeirrar stjórnar að leita samkomulags um það mál. Það, sem nú er fram komið um viðhorf flokkanna í kjördæmamálinu, sýnir, að þess var ekki að vænta, að samkomulag gæti orðið um það mál í fyrrv. ríkisstj. Framsóknarmenn vildu ekki ganga til samninga um að leggja niður kjördæmin utan Reykjavíkur. En þetta var það, sem hinir flokkarnir vildu gera. Og Sjálfstfl. vildi vinna með þeim að því óheillaverki. Þess vegna sameinuðust þeir þrír flokkar um þá breytingu, sem hér liggur fyrir.

Í báðum hinum löngu ræðum, sem hv. 3. þm. Reykv. flutti, þeirri fyrri í gærdag fyrri hluta dags og einnig í þeirri, sem hann byrjaði á í gærkvöld, kom hann að frásögninni af því, þegar hann var á freigátunni, þ. e. a. s. þegar hann var í nýbyggingaráði, ráðinu, sem átti að stjórna nýsköpuninni, sem svo var nefnd, á árunum 1944—46. Þá var hv. þm. G-K. (ÓTh) stjórnarformaður í samsteypustjórn Sjálfstfl., Sameiningarflokks alþýðu, Sósialistaflokksins og Alþýðuflokksins. Við, sem höfum setið á þingi með hv. 3. þm. Reykv. undanfarin ár, erum farnir að kannast við þessa sögu. Það er aðalreglan, að þegar hann flytur langar ræður, sem oft kemur fyrir, þá segir hann í þeim ræðum þessa sögu af því, þegar hann var á freigátunni. En nú eru komnir nýir menn á þing, og þeir þurfa auðvitað að kynnast þessu líka. Þeir eru nú búnir að heyra söguna tvisvar í báðum þessum löngu ræðum, og ef þeir verða á fleiri þingum með hv. þm., þá er ég nærri viss um það, að þeir eiga eftir að heyra hana oftar.

Hv. þm. hélt því fram, að við framsóknarmenn hefðum verið á móti nýsköpuninni á sínum tíma. En þarna fór hv. þm. rangt með, um það vitna Alþingistíðindi.

Á haustþinginu 1944 bárum við, ég og hv. 1. þm. S-M., fram frv. til l. um gjaldeyri til kaupa á framleiðslutækjum. Þetta frv. er á þskj. 446 í Alþingistíðindum frá 1944. Aðalefni frv. var það, að af þeim erlenda gjaldeyri, sem Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands áttu 1. okt. 1944, skyldi færa 85% á sérstakan reikning í bókum þeirra. Og af þeim innstæðum átti aðeins að selja gjaldeyri gegn sérstökum leyfum viðskiptaráðs til kaupa á framleiðslutækjum og efni til þeirra, svo sem skipum og efni til skipasmíða, vélum til skipa, landbúnaðarvélum, efni til rafveitna og vélum og efni til verksmiðja o. s. frv.

Nokkru eftir að þetta frv. okkar kom fram á þingi bar ríkisstj. fram í upphafi hérvistar sinnar annað frv., sem var frv. til l. um nýbyggingaráð. Og hin svonefnda nýsköpun var byggð á þessum l. um nýbyggingaráð, sem samstjórn hinna þriggja flokka beitti sér fyrir að setja haustið 1944. Skv. þessum l. var sett á laggirnar nefnd, sem kölluð var nýbyggingaráð. Hlutverk hennar var m. a. að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu 5 ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Hv. 3. þm. Reykv. talar nú og oft áður um nauðsyn þess að semja slíkar áætlanir um þjóðarbúskapinn. Ekki skal ég mæla gegn því, að slíkt geti verið gagnlegt. En hann átti á sínum tíma sæti í nýbyggingaráði, sem átti að gera slíka áætlun. En hvernig fór? Áætlunin kom aldrei. Hún hefur aldrei sézt. Þannig stóð hv. 3. þm. Reykv. í stöðu sinni, því miður ekki betur en þetta. Hins vegar eyddist fé á skömmum tíma, sem var til umráða, sumt til nauðsynlegra hluta, en því miður allt of mikið í ýmislegt annað. Ég get nefnt sem dæmi um ráðstöfun fjármunanna, að í athugasemdum, sem fylgdu frv. stj. um nýbyggingaráð, var m. a. gert ráð fyrir því, að 50 millj. kr. yrði varið til að kaupa vélar og þess háttar til áburðarverksmiðju, vinnslu og hagnýtingar landbúnaðarafurða og jarðyrkjuvéla og efni til rafvirkjana o. fl. En á þessu urðu hinar mestu vanefndir, á þessum fyrirheitum stjórnarinnar.

Hv. þm. var að tala um það í gær, að það hefðu legið fyrir áætlanir um of litla áburðarverksmiðju. En þá skilst manni, ef nýbyggingaráð hefði viljað koma upp slíkri verksmiðju, að þeir hefðu átt að kaupa stærri vélar. En það var ekki gert, ekkert var keypt, engar vélar til áburðarverksmiðju, hvorki stórar né litlar. Og þeir prettuðu landbúnaðinn einnig á annan hátt. Þeir létu ekki til hans nema part af þeirri hungurlús, sem þeir sögðust þó í upphafi ætla að láta til þess atvinnuvegar og uppbyggingar þar. Framfarirnar í landbúnaðinum, hin mikla ræktun og byggingar, það hófst ekki fyrr en eftir að þessi stjórn fór frá völdum og Framsfl. tók aftur þátt í ríkisstj. og hafði þar yfirstjórn landbúnaðarmálanna.

Eins og ég gat um áðan, hélt hv. 3. þm. Reykv. því fram, að við framsóknarmenn hefðum verið á móti nýsköpun. En þetta er ekki rétt. Enginn greiddi atkv. gegn frv. um nýbyggingaráð í hvorugri þingdeildinni. Um þetta vitna þingtíðindin. Þau segja satt, en hv. 3. þm. Reykv. fór ekki með rétt mál. En við framsóknarmenn reyndum að fá lagfæringar á frv. Ég átti þá sæti í fjhn. þessarar d. fyrir Framsfl. Ég bar fram brtt. í nál. minu á þskj. 524, sem út var gefið 19. nóv. 1944. Fyrsta brtt. var um það, að af inneignum Landsbankans og Útvegsbankans erlendis skyldi færa jafngildi 450 millj. kr. á sérstaka reikninga í bókum þeirra, og þennan gjaldeyri átti síðan að láta gegn leyfum til kaupa á framleiðslutækjum ýmiss konar og efni til þeirra, sem nánar var tilgreint í till. Sem sagt, þessi brtt. var um að hækka framlagið til uppbyggingarinnar úr 300 millj. upp í 450 millj. kr. En stjórnarliðið felldi brtt., þar á meðal hv. 3. þm. Reykv. og flokkur hans. Svo gerir þessi hv. þm. sér það enn til gamans að halda því fram í löngu máli, að þeir, sem vildu leggja fram 450 millj. kr. til uppbyggingar atvinnulífsins árið 1944, hafi verið á móti framförum í þjóðfélaginu, en hinir, sem ekki vildu leggja fram nema 300 millj., hafi verið hinir einu sönnu framfaramenn.

Ég hef bent hér á þessar rangfærslur í hinni löngu ræðu hv. 3. þm. Reykv., er hann flutti í gær. Og ég hef sannað mitt mál, en afsannað hans fullyrðingu með tilvitnun í Alþingistíðindi. Ýmislegt fleira var missagt í þessu langa máli, þó að ég geri það ekki hér að umtalsefni, enda margt ekki beinlínis viðkomandi því frv., sem hér er á dagskrá. Ég ætla ekki að sinni að eyða meira af fundartímanum. Vel getur verið, að hv. 3. þm. Reykv. þurfi að fá einhvern tíma hér á eftir til þess að segja okkur söguna af því, þegar hann var á freigátunni forðum. Þá var nú siglt, maður.

Óskar Jónsson: Herra forseti. Það virðist svo, að nú fari senn að líða að lokum umr. um frv. um breytingu á stjórnskipunarlögum Íslands hér í þessari hv. d., — breytingu, sem getur orðið örlagaþrungin, og það fær enginn fyrir það séð í dag, hver áhrif hún kann að hafa á íslenzkt stjórnarfar og framvindu mála hér í þessu landi á komandi tímum.

Við, sem mætum hérna í fyrsta sinn á hv. Alþingi, erum dálítið hissa, a. m. k. sumir hverjir, á því, hvernig staðið er að málum í jafnþýðingarmiklu og stórbrotnu máli sem þetta er, — máli, sem sumir af þeim, sem flytja það fram, segja að sé eitt stærsta mál, sem lagt hafi verið fyrir Alþingi Íslendinga. Við framsóknarmenn höfum haldið uppi þungum ásökunum á flokkana, sem að þessu máli standa, einkanlega þó Sjálfstfl. En hvað skeður? Þessu er engu svarað, ekki einu orði, af þeim hv. flokki. Hvað veldur þessu? Viðurkennir þessi stóri flokkur og öflugi ávirðingar sínar með þögninni? Játa þeir sig seka í þessu máli? Maður gæti haldið, að svo væri. Samt sem áður ætla þessir flokkar að berja höfðinu í stein og knýja það fram hér á hv. Alþ. með valdi síns sterka flokks. Þetta er heldur leiðinleg glímuaðferð, — glímuaðferð, sem kennd hefur verið við bolabrögð og hefur aldrei þótt falleg þeim, sem á hafa horft, enda mun það sannast, að þeir, sem álengdar standa og

fylgjast með gangi þessara mála, munu launa þeim flokkum, sem hljóðir ýta þessu máli á undan sér nú, launa það, þó að síðar verði.

Það er sagt, að þeir, sem þannig glíma, valdi oft slysum. Ég vildi óska þess, að þrátt fyrir það þótt þeir leggist með þunga sínum nú ofan á þetta mál og knýi það fram, þá verði það ekki til stórslysa fyrir íslenzkt þjóðlíf. En svo mætti þó fara.

Það er aðeins einn maður af þeim, sem eru í þríflokkunum, hv. 3. þm. Reykv., sem hér hefur haldið uppi vörn fyrir þetta mál, að sönnu ekki mikilli vörn, en hann hefur þó rætt hér um margs konar þjóðmál að undanförnu, og gæti ég því haldið og við, sem ókunnugir erum málum, að hann hefði verið kosinn sem eins konar einkaframsögumaður og málflytjandi þessarar stóru samfylkingar og þar mætti enginn annar að komast. Ég verð að játa, að mér finnst margt fróðlegt, sem hv. þm. hefur sagt hér. En margt af því orkar þó tvímælis í mínum huga.

Hann var að tala um það m. a. í sinni löngu ræðu í gær, að fulltrúarnir, sem væru kosnir fyrir umbjóðendur sína, yrðu að standa trúan vörð um réttindi þess fólks, sem þeir væru kjörnir fyrir. Þetta er hárrétt. Þetta er mér fullkomlega ljóst, og vegna þess að ég veit, að að minnsta kosti 75% af íbúum þess héraðs, sem hafa kjörið mig til að koma hér og mæta fyrir sína hönd á Alþ., eru á móti þessari kjördæmabyltingu, þá get ég ekki annað en haldið uppi vörnum fyrir þetta mál, enda mín eigin skoðun, — vörnum gegn því, að kjördæmabreytingin nái fram að ganga. Annað væru svik við mína umbjóðendur.

Ég þykist vera umbjóðandi hins vinnandi fólks ekki síður en 3. þm. Reykv., og ég get fullkomlega sagt honum það, að vinnandi fólk með kannske lík sjónarmið og hann hefur í huga væntir þess ekki, þegar komið er inn hér í hv. Alþ. til að fjalla endanlega um þetta mál nú, að hann muni stíga það stóra skref að vinna að því, að þessi kjördæmabreyting nái fram að ganga. Það er áreiðanlegt, að þetta fólk telur það ekki sína hagsmuni. Það er alveg víst.

Það hefði verið fróðlegt að fara hér út í og ræða um ýmis þjóðmál, sem hér hefur verið rætt um á víð og dreif í þessum umræðum, og ekki sízt það, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur verið að ræða um hér undanfarið.

Í rauninni er það svo, að mér virðist, að stefnurnar í íslenzku þjóðlífi séu í meginatriðum þrjár: hin frjálsa samkeppni, kapítalismi, samvinnustefna og sósíalismi. Mér hefur fundizt, að það mætti skilgreina höfuðstefnurnar í þjóðmálum þessar, og það verður að segjast eins og það er, að við framsóknarmenn teljum okkur fyrst og fremst málsvara samvinnustefnunnar. Þessi stefna hefur reynzt vel í landinu. Hún er byggð upp af fjöldanum, af þeim smáu, í upphafi fátækum og veikum, og hefur hjálpað einstaklingunum til þess að verða þó dálítið að manni. Hún er þrautgróin orðin í okkar þjóðfélagi, og það er alveg öruggt, að hún hæfir vel okkar lundarfari og okkar lífsstefnu yfir höfuð. Það er vegna þess, að við byggjum strjálbýlt og stórt land, erfitt, ofvaxið einstaklingnum til þess að nytja og gera sér undirgefið. Fjöldasamtökin hljóta að þurfa að koma til, svo að hér verði eitthvað gert að gagni. Það er því ekki að ófyrirsynju, þó að við viljum eitthvað um þessa stefnu tala. Hitt er annað mál, að ég álít, að hér sé nú ekki tími og tíð til þess.

Það má að sjálfsögðu margt gott segja um allar þessar meginstefnur. Enginn vafi er á því, og allar geta þær í raun og veru tryggt góða lífsafkomu og lífskjör, ef rétt er á spilunum haldið. En það er alveg sama, hvaða stefna er og hversu skýrt og fallega hún setur upp sína stefnuskrá, — það getur allt gengið úr skorðum. Það eina, sem getur bjargað öllu þessu, er það, að við stýrið á hverri stefnu og framkvæmd hennar standi menn, sem eru fyrst og fremst mannvinir. Ef menn eru það ekki og ef þeir reka ekki stefnu sína á þeim grundvelli, með mannúð fyrir augum, af kærleika til náungans, þá er voðinn vís.

Það hefur verið nógu gaman að fylgjast hér að ýmsu leyti með þessum umræðum, sem hér hafa komið fram, og óneitanlega er sumt kátbroslegt, sem ekki er hægt að komast hjá að minnast á. Mér fannst það t. d. vera heldur mikil afbrýðisemi hjá 3. þm. Reykv., þegar hann fór hálfgert að ávíta hv. þm. A-Húnv. fyrir það, að hann hefði lýst sig eitthvað hrifinn af Sjálfstfl. Það er nú svo með alla þessa stjórnmálaflokka og formenn þeirra og foringja, að þeir hafa unnið að málum sitt á hvað, eftir því sem bezt hefur þótt henta á hverjum tíma. En ég er anzi hræddur um, að of mikið fjöllyndi og fát hafi gripið formann Alþb. núna eftir síðasta kosningaósigur og hafi hann því lent upp í skakkt rúm.

Það var ýmislegt, sem kom fram í þessari löngu ræðu, sem ástæða væri til að tala um. Eitt af því, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði hér í gær, var það, að höfuðundirstaða og aðalundirstaða íslenzks útflutnings væru togarar og aftur togarar. Ég fór svolítið að athuga þetta að gamni mínu og vita, hvort þetta stæðist, til þess að fá vitund á því, hvort þetta væri sönnun fyrir því, að allur hans málflutningur hefði verið sannleikanum samkvæmur. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að þetta er ekki alls kostar rétt. Bátaflotinn hefur miklu stærra hlutverki að gegna í þessu efni, samanber það, að 1957 fiska togararnir nálægt 160 þúsund tonnum, en bátaflotinn 275, og 1958, sem var þó eindæma gott ár hjá togurunum, nálægt 190 þúsund tonnum hjá togurunum, en 315 þúsund hjá bátunum, svo að ég álít, að það geti verið varhugavert að halda því fram, að togararnir séu fyrst og fremst undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar. Bátarnir eru það ekkert síður og verða enn meiri þátttakendur og stærri við það, að landhelgin færist út og meira svigrúm fæst til að fiska á hinum smærri skipum í friði fyrir erlendri ágengni við strendur landsins. Ég held, að bátarnir komi til með að gegna enn stærra hlutverki í sjávarútveginum en nokkru sinni áður.

Ég hef nú komið upp í ræðustólinn til þess að minna á þetta sérstaklega og undirstrika, að mér

hefur fundizt dálítið einkennilegt, hvernig flytjendur þessa máls hafa hagað sér við umr. hér í hv. Nd., og ég ætla, að eftir þeim málflutningi eða þeirri meðferð, sem þeir hafa haft um málið, muni þeir upp skera í næstu kosningum. Hitt er annað mál, að ég veit, að í sambandi við afgreiðslu þessa máls á þessu hæstv. Alþ. er það alveg víst, að hinn vinnandi maður í landinu mun vita, hvað til síns friðar heyrir, og hann mun byrja á því í stórum stíl að taka rökrétta ályktun af því, sem hér hefur verið gert, í næstu kosningum.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði nú raunar ekki ætlað mér að taka aftur til máls í þessu stóra máli, þar sem ég hafði tekið fram flest það, sem ég taldi þýðingarmest að fram kæmi af minni hendi. En vegna þess að hv. 3. þm. Reykv. hefur rætt hér almennt um landsmálin enn í dag og vikið nokkuð sérstaklega að mér og Framsfl., þá mun ég bæta við nokkrum orðum. En ég mun reyna að takmarka mál mitt eins og mögulegt er.

Segja má með verulegum rétti, að þær umr., sem orðið hafa um þetta, séu orðnar talsvert víðtækar, og það er ekkert einkennilegt, þó að þær verði allvíðtækar, þegar þess er gætt, hversu mikil áhrif einmitt þetta mál, sem nú er verið að afgreiða, hefur á alla þróun þjóðmála í landinu á næstunni. Ég verð að segja, að mér finnst ræður hv. 3. þm. Reykv. bera vott um ofsahræðslu þingmannsins við, að áfram haldi það hrun, sem varð hjá Alþb. við næstliðnar kosningar, og finnst mér þessi ótti í sjálfu sér ekkert einkennilegur né ástæðulaus. En aftur á móti finnst mér hv. þm. lesa kosningaúrslitin mjög einkennilega og bregðast ákaflega einkennilega við þeim. Ég hélt, að hv. 3. þm. Reykv. mundi hafa gert sér grein fyrir því, að kosningaúrslitin urðu svona óhagstæð fyrir hans fylkingu vegna þess, að hann varð uppvís að því að hafa setið á svikráðum við vinstri stjórnina og komið henni fyrir kattarnef. Ég hélt satt að segja, að hv. 3. þm. Reykv. hefði gert sér grein fyrir þessu. En í stað þess að þetta komi fram í hans máli, þá virðist hann alveg staurblindur að þessu leyti og forherðist hreinlega, forherðist í þeim fyrirætlunum, sem komu í ljós hjá honum fyrir kosningarnar og urðu hans flokki erfiðastar í þeirri kosningabaráttu, sem nýlega var háð. En þessar fyrirætlanir voru einmitt þær að taka upp samvinnu við þá menn í hinum flokkunum, sem vildu standa að því að leggja niður öll héraðakjördæmin og byggja síðan nýja efnahags- og fjárfestingarstefnu á því verki, — stefnu, sem væri miðuð við það að draga úr fjárfestingunni víðs vegar um landið. Það voru einmitt þessar fyrirætlanir, sem urðu svo örlagaríkar fyrir hv. þm. og hans fylkingu í kosningabaráttunni, og hefði mér því virzt eðlilegast, að hann hefði dregið af þessu þá lærdóma að hætta við þessar fyrirætlanir. En þess í stað forherðir hann sig, eins og ræðuhöld hans öll bera ljósan vott um, því þótt hann sé með málflutningi sínum að reyna að láta bera lítið á þeim þætti, þ. e. a. s. fjárfestingarmálunum og stefnu sinni í þeim, sem áður var í hans munni aðalatriðið, þá vitum við, að það er bara af ótta við það uppgjör, sem fram undan er, að hann nú er að reyna að leiða athyglina nokkuð að öðrum atriðum. En með því að reyna þetta tekst honum ekki á nokkurn hátt að strika yfir það, sem hann hefur áður látið frá sér fara um þetta og liggur ljósara fyrir en svo, að nokkuð sé um að villast.

Það er enn sem fyrr höfuðinnihaldið í málflutningi hv. 3. þm. Reykv. varðandi vinstra samstarfið, að Framsfl. hafi viljað launalækkun fyrst og fremst og ágreiningurinn um launapólitíkina hafi þannig orðið þeirri stjórn að fjörtjóni, en þeir í Alþb. hafi haldið þar uppi málstað launafólksins í landinu og verkalýðsins sérstaklega. En hv. þm. verður að gæta þess, að það, sem Framsfl. lagði til að gert yrði í launamálunum, var alveg nákvæmlega það sama sem Alþb. hafði fallizt á sumarið 1956, alveg sama eðlis. Það var að falla frá því að taka inn í launin hækkun vegna vísitölustiga, sem fram voru komin vegna þess, sem áður hafði skeð. Það var nákvæmlega sama eðlis eins og það, sem samþykkt var sumarið 1956. Og ég fullyrði, að alveg eins og því var haldið fram 1956 með réttu, að enginn tapaði á því að láta það vera að taka þessi 6 stig inn í kaupgjaldið, eins hefði enginn tapað á því að láta vera að taka nokkur vísitölustig inn í kaupið haustið 1958, eins og Framsfl. lagði til. En það var bara sá munurinn, að hv. 3. þm. Reykv. og hans fylgismenn, kommúnistarnir í Alþb., höfðu ákveðið að koma vinstri stjórninni frá, og þess vegna gerðu þeir bandalag við hægra lið Alþfl. og Sjálfstfl. um að koma í veg fyrir, að nokkuð yrði slakað til í þessu efni. Það er alveg vonlaust verk fyrir hv. 3. þm. Reykv. að ætla sér að telja almenningi í landinu trú um það, að till. framsóknarmanna í þessu efni hafi verið fjandsamlegar fyrir launafólk í landinu, — alveg þýðingarlaust. Sú plata, sem hv. þm. spilaði um þetta, er fyrir langa löngu gersamlega útslitin orðin og einskis nýt.

Hv. 3. þm. Reykv. ræddi mikið í þessu sambandi um afskipti framsóknarmanna af launamálum yfir höfuð og spurði t. d.: Hvenær hefur hv. 1. þm. S-M. álitið, að hægt væri að hækka kaupið? Þráfaldlega. Þráfaldlega á undanförnum áratugum hef ég álitið, að það væri hægt að hækka kaupið og sjálfsagt að gera það. En hitt er annað mál, að ég hef ævinlega bent á, að ef kauphækkanir væru gerðar þannig, að það vantaði grundvöll í framleiðslunni, þá mundi ekki verða ávinningur af því að hækka, það yrði sem sagt að miða kaupgjaldið við það, sem framleiðslan gæti ýtrast borið, — og ég segi: ýtrast borið. Hv. 3. þm. Reykv. sagði í þessu sambandi, að það væri athyglisverð þróun, sem lægi fyrir í landinu, að almenningur hefði núna lægra kaup en hann hafði 1947. Heldur nú hv. 3. þm. Reykv. og hans menn, sem hafa ráðið miklu um launapólitíkina og verið talsvert mikils ráðandi í landinu yfir höfuð, — heldur hann nú ekki, að það sé eitthvað bogið við þá stefnu, sem þeir hafa framfylgt, þegar niðurstaðan í þessum málum er að hans eigin dómi sú, uppskeran sú, að kjör verkalýðsins séu lakari nú en þau voru 1947? Dettur honum ekki í hug, að eitthvað sé bogið við þetta meira en lítið?

Sé þetta rétt hjá hv. þm., þá er vitanlega meginástæðuna fyrir þessu að finna í því, að hv. 3. þm. Reykv. hefur með afskiptum sínum af íslenzkri pólitík komið í veg fyrir, að kaupháttakanir þær, sem orðið hafi, hafi notazt fyrir verkalýðinn í landinu. Hann hefur komið í veg fyrir það með því að vera sífellt þrándur í götu eðlilegs vinstra samstarfs, vera það afl í íslenzkri pólitík, sem ævinlega hefur orðið þar til sundrungar og komið í veg fyrir, að slíkt gæti átt sér stað, og þarf engan að undra það, þó að hv. þm. hafi komið svona fram, sem hefur hlustað á málflutning hans þessa dagana hér á hæstv. Alþ., að ég nú ekki tali um þá, sem þekktu áður, hvernig hann hefur starfað.

Hv. 3. þm. Reykv. ræddi nokkuð um erfiðleika þá, sem urðu í vinstra samstarfinu, vegna þess að verkalýðsflokkarnir gátu ekki komið sér saman, og hann sagði, að Framsfl. hefði viljað sundra verkalýðsflokkunum. Þetta er gersamlega öfugmæli og engum kunnugra um það en hv. 3. þm. Reykv., að framsóknarmenn gerðu allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að reyna að bera sáttarorð á milli Alþfl.-manna og Alþb.-manna í verkalýðsfélögunum til þess að fá þá til þess að standa saman að þeirri vinstri pólitík, sem stjórnin vildi reka í efnahagsmálum. En þetta var ekki hægt. Það var komið í veg fyrir það, m. a. af hendi hv. 3. þm. Reykv. og þeirra, sem með honum stóðu. Nú segir hann, að það hafi náðst eining einmitt á milli þessara afla, en þá hefði Framsfl. sundrað vinstri stjórninni. Jú, það var þokkaleg eining, sem náðist. Það náðist samkomulag um það milli kommúnistanna í Alþb. og hægri aflanna í Alþfl. að stöðva allar hugsanlegar efnahagsmálaráðstafanir fyrir vinstri stjórninni. Samkomulag við Sjálfstfl. náðist einnig um þetta. Það var samkomulagið, sem náðist og gladdi svo mjög hv. 3. þm. Reykv. Hvað stóð svo það samkomulag lengi? Hvað stóð það lengi? Hvað var langt þangað til Alþýðuflokksmennirnir sneru svo algerlega við blaðinu? Það stóð nákvæmlega á meðan var verið að koma vinstri stjórninni fyrir kattarnef. Þegar því var lokið, þá var samkomulaginu líka lokið, og þá var það, sem Alþfl.-mennirnir söðluðu algerlega um í kaupgjaldsmálunum og tóku að beita sér fyrir því, að fallið yrði frá vísitölustigunum, sem alls ekki mátti falla frá, á meðan vinstri stjórnin sat. En þá var ágætt að gera það. — Þetta var einingin, sem náðist á milli Alþfl.-manna í verkalýðsfélögunum og Alþb.-manna, sem hv. 3. þm. Reykv. var að dásama og hann sagði að hefði bara hreinlega orðið til þess, að Framsfl. hefði slitið vinstra samstarfinu. Einingin, sem náðist, var einvörðungu um að loka öllum leiðum í efnahagsmálunum fyrir vinstri stjórninni. Það er ákaflega eðlilegt, að hv. 3. þm. Reykv. væri ánægður með þetta, vegna þess að þetta var hans plan, sem hann svo er að reyna að útfæra áfram, sem sé að loka fyrir þennan möguleika í því skyni, að þá hljóti að lokum hitt að verða ofan á, að mynda þessa nýju valdasamsteypu, sem hann dreymir um og byggð er á þeirri stefnu, sem liggur að baki kjördæmabreytingunni.

Hv. 3. þm. Reykv. kvartaði yfir því, að ég vildi ekki ræða um mótsetningarnar, sem væru í þjóðfélaginu á milli alþýðu annars vegar og auðmanna hins vegar, og væri blindur fyrir því, hvernig þær andstæður væru. Ég ætla, að ég hafi sýnt fram á það í minni ræðu í gærkvöld svo glögglega, að það þurfi ekkert við það að bæta frá minni hendi, að bezti bandamaður auðvaldsins eða milljóneranna — hinna nýríku milljónera á Íslandi — hefur verið hv. 3. þm. Reykv. Ég sýndi fram á það í minni ræðu í gærkvöld. Og það er með því, að hann hefur sí og æ verið reiðubúinn til þess að beita áhrifum sínum í þá átt, að verðbólgan gæti haldið áfram, og aldrei mátt til þess hugsa að eiga þátt í neinum ráðstöfunum, sem gætu orðið til þess að skapa jafnvægi í þjóðarbúskapnum. En einmitt þetta, að verðbólgan héldi áfram að vaxa, var höfuðráðið til þess að gera þá ríku ríkari. Og þarna liggur þráðurinn á milli hv. 3. þm. Reykv. og þeirra manna, sem hann hyggst nú reyna að ná samstarfi við, hvað sem úr því kann nú að verða, því að eins og ég hef margtekið fram í þessum umr., þá er alveg óvíst, hvernig fer um þessar áætlanir. Það getur svo margt komið til greina í því sambandi, sem óhæfa er að reyna að fara út í nú, því að það mundi lengja allt of mikið þessar umr.

Það er svo bara til gamans, til þess að sýna sýnishorn af málflutningi hv. 3. þm. Reykv., frekar en það hafi mikla málefnalega þýðingu að benda á slíkt, að ég vil aðeins leiða athygli manna að því, að fyrst byggir hann upp ræðu sína að mjög verulegu leyti á því, að ég hafi það sem höfuðhugsjón að slíta allt stjórnarsamstarf í sundur, sem ég hef komið nærri. Síðan byggir hann svo langan kafla í ræðu sinni ofur litlu seinna á því, að ég byggi alla mína meginhugsun á því einu að taka þátt í ríkisstjórn. Hvernig á að koma þessu heim og saman? Ég bendi nú á þetta til gamans meira en þetta hafi nokkra þýðingu. Þetta er lítið sýnishorn. Það er nú of mikið sagt, að það sé ekki heil brú, ég vil ekki viðhafa svo sterk orð, m. a. vegna þess, hvílíka virðingarstöðu hv. þm. hefur með höndum hér í þinginu, þá vil ég ekki segja, að það sé ekki heil brú í þessu, en þetta er lítið sýnishorn af því, hversu samhengislaust þetta spjall hv. þm. er, þegar það er skoðað ofan í kjölinn.

Þá kom hv. þm. enn að nýsköpunarstjórninni og ræddi talsvert mikið um það enn á ný, hversu fráleitt það hefði verið af framsóknarmönnum að taka ekki þátt í henni. Ég hafði nú og aðrir framsóknarmenn gert þessu atriði full skil og skal ekki fara að endurtaka það hér, aðeins segja eina setningu. Framsóknarmenn gátu ekki verið í þeirri stjórn, vegna þess að það var augljóst frá byrjun, að hennar framkvæmdir voru miðaðar við að framfylgja hreinni verðbólgustefnu í efnahagsmálum og ýta undir eyðsluna á öllum sviðum. Það var því augljóst, að þar gat ekki orðið um nýsköpun að ræða, heldur hlaut þetta að verða eyðslustjórn í versta skilningi þess orðs, enda fór það svo, eins og við höfum sýnt fram á í þessum umr., að þannig varð þetta.

Hv. 3. þm. Reykv. viðurkenndi, og það er framför, að framsóknarmenn hefðu viljað leggja 400

millj. til hliðar af gjaldeyrinum eða 100 millj. meira en sjálfir nýsköpunarkapparnir. En hann sagði, að þetta hefði komið svo seint hjá Framsókn, það hefði komið fram fyrst, þegar hún var orðin utan við. En hv. þm. veit vel og mundi viðurkenna það, ef hann vildi bregða upp réttu ljósi af þessum málum, að það var aldrei neinn ágreiningur um það við Framsfl. að leggja til hliðar sem allra mest af gjaldeyrinum til þess að byggja upp ný atvinnutæki. Um það var aldrei nokkur ágreiningur til. Það mundi hv. þm. líka viðurkenna, ef hann kærði sig um að sýna af þessu rétta mynd. Og þess vegna sýndi þessi tillöguflutningur framsóknarmanna alveg rétta mynd af þeirra viðhorfi og var engin uppfinning eftir á, enda er í þessu sambandi líka nauðsynlegt að taka fram, að það var síðar en svo, að framsóknarmenn væru á móti því að setja upp stofnlánadeild fyrir sjávarútveginn og kaupa inn togara. Ágreiningurinn snerist aðeins um það, að framsóknarmenn vildu láta afla raunverulegra fjármuna inn í stofnlánadeildina innanlands, en ekki taka það með verðbólguaðferðum úr seðlabankanum. Þeir vildu láta gera ráðstafanir til þess að skrapa striðsgróðann innanlands inn í stofnlánadeildina. Um þetta var ágreiningurinn, enda þarf ekki annað en kynna sér meðferð þessa máls, til þess að þetta verði algerlega ljóst.

Hv. þm. segir, að þá fyrst hafi ég og aðrir fengið áhuga fyrir að dreifa togurum út um land, þegar við hefðum komizt að þeirri niðurstöðu, að það gæti staðið í einhverju sambandi við pólitískt fylgi. Þetta er nú ágæt gamansemi hjá hv. þm., því að náttúrlega dettur engum manni það í hug, að honum t. d. gæti dottið í hug, að innkaup á togurum eða annað slíkt gæti staðið nokkuð í sambandi við pólitískt fylgi. Nei, svoleiðis hugsanir koma aldrei til greina hjá þeim hjartahreinu, eins og hv. 3. þm. Reykv., að hugsa svo syndsamlega. Nei, það er algerlega útilokað, það er bara Eysteinn, sem gæti látið sér detta slíkt í hug, að setja innkaup á skipum og annað slíkt í samband við pólitík. — Þetta kalla ég nú hræsni, hreinlega hræsni, — málflutning eins og þetta, — og ekkert annað.

Af og til var hv. 3. þm. Reykv. í ræðu sinni að tala um, að ég hafi verið dragbítur á eitt og annað. Ég er ekki að eyða tíma manna til að fara út í einstök atriði um það, því að flest af því er svo þrautrætt hér áður. En jafnframt var hann að segja, að ég hefði verið hér ráðherra í 25 ár. Það er náttúrlega alveg rangt hjá hv. þm. eins og margt fleira, sem hann sagði. Og má segja um það eins og þar stendur, að hann kærir sig ekki um að hafa það svo nákvæmt, en æði langan tíma að vísu. En hvað hefur skeð um framfarir á Íslandi á því tímabili, sem ég hef átt sæti í ríkisstj. og m. a. verið fjmrh.? Hvað hefur skeð? Hefur það verið eitthvert afturhaldstímabil eða kyrrstöðutímabil í sögu landsins? Það held ég ekki. Ég hygg helzt, að það hafi verið glæsilegasta framfaratímabil í sögu þjóðarinnar. Og ég býst við, að það verði ákaflega erfitt fyrir hv. 3. þm. Reykv., verði svona heldur á brekkuna fyrir hv. þm. að sýna fram á, að slíkt mundi hafa getað farið saman við, að fjárútveganir í þessar framfarir hefði átt að annast maður, sem hefði verið alveg sérstakur dragbítur á allar meiri háttar framfarir í landinu. Ég veit ekki, hvort svona málflutningur á að vera gamansemi eða hvað þetta á að vera, en a. m. k. missir þetta algerlega marks.

Þegar hv. þm. er — eins og hann segir stundum sjálfur, hann notar stundum þau orð — að stilla upp þjóðfélagsmyndinni, þá eru æði víða auðir blettir í þeirri mynd, eins og ég sýndi fram á í gærkvöld. T. d. þegar verið er að ræða um viðskiptamál og uppbyggingu í landinu, þá sér hv. þm. alls ekki samvinnufélögin og vill ekki sjá þau og vill alls ekki viðurkenna, að þau séu neinn sérstakur þáttur í þjóðarbúskapnum, sem þurfi að taka tillit til eða ræða um. Það er þarna eyða í heilabúi hv. þm. Hann virðist alls ekki skilja, að samvinnufélagsskapurinn í landinu er einhver allra þýðingarmesti þátturinn í þeirri viðreisnarbaráttu, sem þjóðin hefur háð, og þeirri uppbyggingu, sem átt hefur sér stað síðustu áratugina. Einmitt þessi samtök fólksins eru ein allra þýðingarmestu samtök, sem til eru í landinu. Og ef þeirra hefði ekki notið við, þá hefði alls ekki verið hægt að koma við þeirri uppbyggingu, sem orðið hefur.

Hv. þm. setur þessi samtök fólksins á bekk með heildsölum og öðrum slíkum aðilum í landinu. Hann sér engan greinarmun á því. Það rennur allt út í eitt fyrir hv. þm. Hann a. m. k. lætur ekki sjá þetta. Maður veit svo sem, af hverju þetta er. Það er af því, að hann þarf á þessari falskenningu að halda til þess að flytja þá blekkingu, sem hann lifir á eða reynir að lifa á, þó að það sé nú hálfgert uppdráttarlíf, pólitískt séð, þá stórfelldu blekkingu, að þarna sé enginn munur á, þetta sé allt saman fésýsla, almenn uppbygging í samvinnufélögum sé bara fésýsla, sem eigi að metast á borð við starfsemi heildsala og stórgróðamanna í landinu.

Það er auðvitað ekki von, að hv. þm. geti stefnt rétt, á meðan hann lokar algerlega augunum fyrir þessu, og er full ástæða til þess að benda á þetta.

Þegar ég benti á þennan mikilsverða þátt og hvernig hann skiptir að verulegu leyti vötnum í íslenzkri pólitík: annars vegar þeir, sem vilja gjarnan styðja þessa uppbyggingu fólksins, og hins vegar hinir, sem ofsækja þennan félagsskap, af því að þeir þola ekki samkeppnina frá honum, — þegar ég vakti athygli á þessu, þá fór hv. þm. að tala um olíu. Þar með er það mál afgreitt af hans hendi. Það er bara olían. En hvað er með þessa olíu, sem hv. þm. var að tala um? Jú, það er einn þáttur í þessum efnum, og þótt ég vilji ekki eyða stórfelldum tíma til að ræða fram og aftur um það mál, þá vil ég bara benda á þetta í því sambandi:

Það gerðist fyrir nokkrum árum, að samtök útgerðarmanna í landinu og samvinnufélögin sameinuðust um að búa til félag eða félög — tvö munu þau vera — til þess að hafa olíuviðskipti. Þetta er algerlega innlendur félagsskapur byggður á samvinnusamtökunum annars vegar og samtökum útvegsmanna hins vegar. Nú segir hv. þm., að þessi félagsskapur um olíuviðskipti, sem ég var að greina frá, sé í öllu hliðstæður

þeim olíufélögum, sem til voru hér áður en þetta kom til og voru eins konar útibú frá tilteknum erlendum olíuhringum. En þessi félagsskapur er annars eðlis, vegna þess að hann er byggður á innlendri rót algerlega og samansettur af þessum tveimur aðilum, sem ég var að lýsa. Nú er engin ástæða til að ræða um einstök atriði í þessu sambandi, annað en benda á, að þessi félagsskapur, vegna þess, hvernig hann er uppbyggður, hefur haft nú þegar verulega þýðingu fyrir framleiðsluna og þjóðarbúskapinn, í fyrsta lagi með því að lækka olíuverð og bæta viðskiptakjörin, þegar hann tók til starfa, með samkeppni sinni, og í annan stað með því að skila stórum fúlgum til viðskiptaaðila sinna innlendra í afslætti af því verði, sem annars var gangverð á olíu, þegar þannig hefur árað, að afgangur hefur orðið, og loks vegna þess, að með starfsemi þessa félags, sem byggt er upp á þennan hátt, verður til í landinu myndarlegt dreifingarkerfi fyrir olíu og benzín, sem er á vegum innlends félagsskapar, sem á rætur sínar í útvegsmannasamtökunum annars vegar og samvinnusamtökunum hins vegar. Þetta eru stóru línurnar í þessu máli, sem hv. þm. vill alls ekki eða fæst ekki til að veita neina athygli, líka af því, að hann þarf á þessu að halda til þess að skjóta leirfótum undir sína skökku stefnu.

Ég var að minnast hér áðan á það, sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um nýsköpunarstjórnina eða nýsköpunarmálin, og í hverju ágreiningurinn var raunverulega fólginn, þegar átökin áttu sér stað um það, hvernig þá skyldi haga stjórnarmyndun. Ég fór ekki langt út í þetta, vegna þess að það er ekki aðstaða til þess og var gert hér ýtarlega í gær. En ég get þó ekki stillt mig um vegna þess, hversu mikið veður er í hv. þm. ætíð, þegar hann minnist á þetta fyrirtæki, — þá get ég ekki stillt mig um að minnast á það örfáum orðum til viðbótar. Sérstaklega er hv. þm. mikið í mun að draga það fram, hversu gífurleg framkvæmd það hefði verið að endurnýja togaraflotann. Einu sinni voru þeir að ræðast hér við, hv. 3. þm. Reykv., sem nú er, og hv. þm. G-K. (ÓTh), sem þá var forsrh., — þetta var hér í Nd. 15. des. 1955, — og þá sagði hv. þm. G-K. á þessa lund orðrétt í sambandi við þessi orðaskipti þeirra þá, fornvinanna: „Ég skal nú ekki fara að tala um ræðuna fögru um togarana frá 11. maí 1944.“ Það var ræða, sem hv. 3. þm. Reykv. hafði vitnað til. „Mér þótti hún mjög falleg, líklega af því, að ég hafði skrifað grein um áramótin 1943—44, þ. e. 5 mánuðum áður, um dálítið svipaðar hugleiðingar, svo að það gutlar víðar á hugsjónum en hjá þessum hv. þm.“ Síðar kemur enn orðrétt: „Þurfti nú reyndar enga spekinga til að láta sér detta í hug, að ef við hefðum nokkur hundruð milljónir, þá væri rétt að verja þeim að vissu leyti og að vissu marki til að endurnýja okkar úr sér gengnu atvinnutæki.“ Þetta er nú lýsing hv. þm. G-K. á því, sem raunverulega gerðist þá og hv. 3. þm. Reykv. gumar svo af. Þetta var nú afrekið í augum hv. þm. G-K., sem ásamt fleirum stóð að þessu. Það var sem sé ekki þakkarvert og mátti ekki minna vera en þessi endurnýjun ætti sér stað, miðað við þau gífurlegu auðæfi, sem höfðu safnazt hér fyrir á stríðsárunum.

Til viðbótar þessu vil ég enn og að sumu leyti þá mönnum til gamans í leiðinni, þó að það sé raunar ekkert gamanmál, því að það er sorgarsaga, sem þjóðin í raun og veru bítur aldrei úr nálinni út af, hvernig fór með þau gífurlegu auðæfi, sem söfnuðust einmitt á stríðsárunum, hvernig fór fyrir tilverknað þeirrar eyðslustjórnar, sem settist að og kallaði sig nýsköpunarstjórn, en aldrei ætti að sjást öðruvísi nefnd svo en í gæsalöppum, — en til viðbótar vil ég minna á, hvernig svo fór um þessar 300 millj. kr., sem voru bundnar af þessum auðæfum öllum og áttu að renna til nýsköpunarinnar. Því fór fjarri, að þær rynnu allar til þeirrar uppbyggingar. Og ég vil aðeins nefna mönnum dæmi um það, hvernig útkoman varð og hvað það var, sem þessir framkvæmdamenn þurftu að tína til upp í þessar 300 millj. til þess að reyna að láta líta svo út eins og sá hluti gjaldeyrisins hefði farið í nýsköpun eða uppbyggingu. Ég nefni aðeins örfá dæmi um, hvað tínt var undir þetta.

Fyrst vil ég nefna, að þar voru taldir vörubílar, eins og ekki hefðu verið til vörubílar áður á Íslandi, það hefði verið alveg sérstök uppfinning. Það var sem sé fært undir nýsköpun að endurnýja vörubílakost landsmanna. En þetta er bara byrjunin. Þá var m. a. á nýsköpunarlistanum prentsmiðja Þjóðviljans, Reykjavík, endurbyggðar prentvélar, 70 þús. dollarar. Þetta var einn liður nýsköpunarinnar. Þá var einhver O. K. A. í Reykjavík með rjómaísvél. Það var einn liður nýsköpunarinnar. Ég tala nú ekki um bókunarofna, sem voru taldir alveg stórfelld nýmæli og yrðu að koma á þennan lista. Þá kemur Óskar Halldórsson, Reykjavík: Veritas-klössun á b.v. Sigríði, 139 þús. kr. Það var nýsköpunarframkvæmd að láta fara fram klössun á eldgömlu skipi. Þá var það Morgunblaðið í Reykjavík. Það hefur sjálfsagt verið ákaflega merkileg nýjung, sem kom þar til greina og sett var á nýsköpunarlistann. Það var blýbræðslutæki. Þá var kökugerðarvél. Og svo var liður, sem hét meðalaglös, — það var einn liður uppbyggingarinnar, meðalaglösin. Ég tala nú ekki um strauvél fyrir hálsbindi, því að það mátti nú kallast merkileg nýsköpun samanborið við meðalaglösin, eða sokkaviðgerðarvélar og því líkt, því að það gat nú verið tæknileg framför í því, enda ekki varið til þess nema 2050 kr. Svo var möndluvél fyrir G. Ólafsson & Sandholt. Og loks nefni ég fyrir reiðhjólaverzlunina Fálkann varahluti í reiðhjól, — ekki reiðhjól, heldur varahluti í reiðhjól. Það var einn liður nýsköpunarinnar. Í þetta m. a. fór nýsköpunargjaldeyririnn. Og í hvað haldið þið svo að hitt hafi farið, þegar þurfti að tína þetta til til þess að ná upp í 300 millj. kr. af gjaldeyrissölu þessara ára, sem hægt væri að klína á nafninu „nýsköpun“?

Þetta er nú bara ofur lítið sýnishorn af því, hvers konar uppbygging það var eða nýsköpunarframkvæmdir, sem raunverulega urðu á þessu tímabili, eins og raunar hefur verið kröftuglega sýnt fram á í þessum umr. og yrði bara endurtekning, ef ég færi nánar út í það.

En að lokum vil ég svo aðeins segja þetta:

Það er nú alveg augljóst orðið, að þeir hv. þm., sem standa að þessari kjördæmabreyt., hafa meiri beyg af málinu nú en nokkru sinni áður við meðferð þess, og er þá mikið sagt, enda hafa þeir sannarlega fulla ástæðu til þess. Menn gera sér alveg ljóst, að hér er aðeins verið að byggja grunn. Það er verið að reyna að byggja grunn, ef það mætti líkja svona aðförum við svo göfuga framkvæmd eins og það er að byggja grunn, — hér er verið að reyna að byggja grunn undir það, sem á svo að hlaða ofan á. Og það, sem þeir ætla sér að hlaða ofan á, er hin nýja fjárfestingar- og efnahagsmálastefna, sem ég lýsti hér í gærkvöld og skal ekki ræða nú.

Og þeir munu fá það, sem þeir hafa til stofnað, þeir munu fá það. — Þeir hafa bolmagn til þess að samþykkja þessa stjórnarskrárbreyt., og þeir eru ráðnir í að gera það. Þeir byggja það á meiri hluta á hæstv. Alþ., sem ég segi að sé fenginn með klækjum. Þeir byggja samþykkt stjórnarskrárinnar á meiri hl., sem er þannig fenginn, og síðan efna þeir til áframhaldandi baráttu um þetta mál nú á þessu hausti, og hún fer að sjálfsögðu fram. Og þeir hafa stillt þannig til, að sú barátta verður alveg hiklaust framhald af þeirri baráttu, sem varð í vor. Hún verður barátta um byggðastefnuna í kjördæmamálinu og um byggðastefnuna í fjárfestingar- og efnahagsmálunum. Og það er ljósara núna en nokkru sinni fyrr almenningi í landinu, að Framsfl. er eini flokkurinn, sem fylgir fram byggðastefnunni í kjördæmamálinu og byggðastefnunni í efnahags- og fjárfestingarmálunum. Og það er búið að koma þessum málum þannig fyrir, það hafa hinir gert, að allir þeir, sem byggðastefnunni vilja fylgja, verða og munu fylkja sér um Framsóknarflokkinn í þeim kosningum, sem fram undan eru.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Umr. um það stjórnarskrárfrv., sem hér liggur fyrir, eru nú löngu hættar að vera beinar umr. um það mál og komnar út á miklu víðari vettvang, og segja má, að nú sé hér farið að ræða um stjórnmálaátökin í landinu almennt. Það hefði vissulega verið freistandi að taka hér frekari þátt í þeim umr., sem hér hafa farið fram, en gert hefur verið frá hálfu andstæðinga þeirra framsóknarmanna. En það liggur alveg augljóst fyrir, hvernig á því stendur, að ekki hafa jafnmargir tekið þátt í þessum umr. eða þær verið jafnmiklar og umr. þeirra framsóknarmanna hafa þó gefið tilefni til. Það er mjög augljóst mál, að þeir hafa leitað eftir því hér að halda uppi almennu málþófi og ræða það mál, sem löngu er fullútrætt, stjórnarskrárbreytinguna. Hér fóru fram mjög ýtarlegar umr. um það mál, áður en kosningar fóru fram, að maður segi ekki á kosningafundum um allt land auk þess. Frá hálfu þeirra framsóknarmanna hefur því í umr. hér ekkert nýtt komið fram til viðbótar við það, sem margsinnis hafði komið fram hjá þeim áður varðandi stjórnarskrárbreytingarmálið sjálft. Ég mun því ekki í þessum orðum, sem ég mæli hér, fara að ræða við þá á nýjan leik um þá breyt. á kjördæmaskipuninni, sem nú má telja ákveðið að hér verði lögleidd, en ég vildi víkja hér nokkrum orðum að þeim almennu pólitísku hugleiðingum, sem hér hafa komið fram.

Hv. 1. þm. S-M. (EystJ) hefur lagt á það hér mikla áherzlu, að vinstri stjórnin hafi verið felld á sínum tíma af ýmsum af forustumönnum Alþb. og fall vinstri stjórnarinnar hafi í raun inni orsakazt af því, að þá hafi menn í Alþb. verið að taka höndum saman við andstæðinga vinstri stjórnarinnar um að reyna að koma þeirri stjórn fyrir kattarnef og fundið til þess sérstaklega kjördæmabreytingarmálið og á bak við það mál liggi sú löngun þessara flokka að ráðast sérstaklega á hagsmuni þess fólks, sem býr úti á landi. Á þessu hefur hv. 1. þm. S-M. þrástagazt hér í þessum umr., og enginn veit það þó betur en hann, að þetta er hans eigin uppspuni frá rótum. Hann veit það mætavel, að það vorum ekki við Alþb.-menn, sem lýstum yfir slitum vinstri stjórnarinnar. Það var hann, sem gerði það, og forsrh., Hermann Jónasson, það voru þeir, sem lýstu yfir slitum stjórnarinnar, þó að við samstarfsmennirnir bæði í Alþb. og Alþfl. skoruðum beinlínis á Framsfl. að taka til endurskoðunar þessa yfirlýsingu sína og þó að fyrir lægi sérstök áskorun frá Alþýðusambandi Íslands til forsrh. að taka upp samninga við Alþýðusambandið um lausn á efnahagsmálunum.

Nú vissu allir, að vinstri stjórnin var samningslega skuldbundin til þess að leysa efnahagsmálin í samráði við verkalýðssamtökin í landinu. Því hafði hún lofað. En þegar þingi Alþýðusambandsins er að ljúka, sendir það sérstakt bréf til forsrh. og skorar á hann að taka upp samninga um lausn á efnahagsmálunum við verkalýðssamtökin, en því bréfi var aldrei svarað. Verkalýðssamtökin voru ekki virt svars. Og svo koma þessir menn, sem svona hafa staðið að málunum, og halda því fram, að við Alþb.-menn eða Alþfl.-menn, sem í ríkisstj. voru, að við höfum slitið stjórnarsamstarfið. Nei, hið rétta er, að það var uppi ágreiningur út af kaupgjaldsmálunum, og sá ágreiningur hafði verið uppi um langan tíma. Þeir framsóknarmenn höfðu flutt till. um, að lækka yrði umsamið kaup í landinu um 8%, eða verkalýðssamtökin í landinu yrðu að gefa eftir 15 vísitölustig af kauplagsvísitölunni án allra bóta. Fyrir þetta atriði þýðir ekki að þræta. Þetta liggur skjalfest fyrir. Þetta var krafa Framsfl. Hitt er líka jafnljóst, að verkalýðssamtökin í landinu vildu ekki fallast á þessa kröfu. Auðvitað er hægt að halda enn uppi ágreiningi um það, hvort krafa framsóknarmanna um eftirgjöf á þessum 15 vísitölustigum hefur verið réttmæt eða ekki og hvort það svar verkalýðssamtakanna í landinu að neita því að verða við þessari kröfu hafi verið réttmætt. En það var deilan um þetta atriði, sem dró til þess, að framsóknarmenn ákváðu, þegar þeir komu ekki fram vilja sínum, að slíta stjórnarsamstarfinu. Það er ekki stórmannlegt að neita þessum staðreyndum á þann hátt, sem hv. 1. þm. S-M. hefur gert hér í þessum umr., og enn þá síður er það stórt af hans hendi að búa til sögu um, að það, sem olli slitum vinstri stjórnarinnar, hafi verið það, að við Alþb.-menn hefðum ekki viljað veita nægilegt fjármagn til framkvæmda úti á landi. Hann hefur ekki hér í þessum umr.

getað nefnt eitt einasta dæmi eða þeir framsóknarmenn, sem þessu hafa hér haldið fram, um það, að við Alþb.-menn höfum staðið á móti réttlátum fjárveitingum til eðlilegra framkvæmda úti á landi, — ekki eitt einasta dæmi. Þeir eru aðeins með fullyrðingar út í bláinn um, að þetta hafi verið vilji okkar.

1. þm. S-M. hefur margendurtekið það hér í þessum umr., að það megi hafa til sannindamerkis um, að okkur hafi ekki verið svo mikið áhugamál að standa gegn kauplækkuninni um þetta leyti, að það hefði út af fyrir sig átt að draga til stjórnarslitanna, að haustið 1956 hefðum við fallizt á, að 6 vísitölustig væru þá gefin eftir af kauplagsvísitölunni, og segir, að það, sem þeir framsóknarmenn hafi farið fram á um það leyti, sem vinstri stjórninni var slitið, hafi í rauninni verið það sama sem gert var 1956. Þetta segir hv. 1. þm. S-M. líka gegn betri vitund. Hann veit miklu betur sjálfur, hvernig þessi mál eru. Hann veit það, að haustið 1956, þegar verkalýðshreyfingin í landinu samþykkti einum rómi að falla frá þessum 6 vísitölustigum, þá gerði hún það með þeim skilyrðum, að tilteknar verðhækkanir, sem annars áttu að skella á og vógu jafnmikið í kaupmætti fyrir verkalýðinn í landi og þessi 6 vísitölustig, að þessar verðlagshækkanir yrðu ekki látnar koma til framkvæmda. Hér voru því gerð kaup á sléttu, og kaupmáttur launþega rýrnaði ekki á neinn hátt í sambandi við þessi vísitölustig. En það, sem farið var fram á nú haustið 1958, var það, að strikuð væru út 15 vísitölustig algerlega bótalaust. Þar átti ekkert að koma á móti. Hann getur því ekki borið þetta tvennt saman sem hliðstæður, þegar hann veit hið sanna, nema þá hann sé vísvitandi að fara með rangt mál.

Hv. 1. þm. S-M. sagði, að við Alþb.-menn hefðum raunverulega gert bandalag við Sjálfstfl. og Alþfl. um að koma vinstri stjórninni frá. Ja, er þetta nú ekki nokkuð mikið sagt af hans hálfu, þegar hann veit, að ágreiningsefnin, sem hér var deilt um, voru einmitt þessi kaupgjaldsmál? Hvernig gátu Sjálfstfl. og Alþfl. komið fram þeirri kauplækkun, sem hér hafði einmitt verið deilt um, nema með því að fá beinan stuðning Framsfl. með þessum till. sínum? Þeir gátu ekki komið kauplækkuninni fram með lögum á Alþingi nema njóta á óbeinan hátt stuðnings Framsfl. Það var því Framsfl., sem í framkvæmdinni sýndi það, að hann brást við þannig í sambandi við það deilumál, sem hafði leyst stjórnina upp, að hann hljóp til fylgis við Sjálfstfl. og Alþfl., því að ef Framsfl. hefði ekki stutt þessa lagasetningu varðandi efnahagsmálin, eins og hann gerði eða með þeim hætti, sem hann gerði, þá hefði stjórnin þá þegar gefizt upp. En Framsfl. var það svo mikið í mun að koma fram kauplækkun hjá launþegum í landinu, að hann hleypti þessum lögum í gegn og vissi vel, hvað hann var að gera.

Það hefur verið athyglisvert í þessum umr., sem þeir framsóknarmenn og alveg sérstaklega hv. þm. S-M. hefur sagt um verðbólguna. Hann hefur flutt hér langt mál um það, hvernig verðbólgan hafi á undanförnum árum skapað ýmsum auðmönnum landsins og auðfyrirtækjum mikinn gróða, og hann hefur svo auðvitað í sambandi við allan sinn málflutning reynt að halla þessu á þá lund, að það væru vissir menn í Alþb. og alveg sérstaklega hv. 3. þm. Reykv., sem hafi allan tímann verið að hjálpa auðmönnum í landinu með því að koma þessari verðbólgu sem hæst upp. Ég get að vísu tekið undir það með hv. 1. þm. S-M., að vissulega hefur verðbólgan skapað ýmsum gróðaaðilum í landinu mikinn gróða, ýmsum bröskurum í landinu. Um það er ekki að villast. En það vil ég segja, að enginn maður á Íslandi ber eins mikla ábyrgð á vexti verðbólgunnar á Íslandi á undanförnum tveimur áratugum og einmitt 1. þm. S-M., — enginn einn. Hvað er það, sem hefur orðið stórtækast í þessum efnum? Hvað er að segja um þær miklu verðsveiflur, sem hafa orðið í sambandi við gengislækkanirnar? Kom hann kannske ekki neitt nærri gengislækkununum, sem samþykktar hafa verið? Skyldi það ekki hafa komið ýmsum gróðabrallsmönnum heldur þægilega í þessu landi að fá þá verðsveiflu samþykkta með lögum frá Alþingi, sem þýddi það raunverulega, að miðað við þau skapandi verðmæti, sem voru að falla til, lækkuðu skuldir þessara manna sem gengislækkuninni nam? Og voru það ekki einmitt við Alþb.-menn, sem stóðum á móti þessum verðsveiflum? Og hvað var svo að segja um átökin í efnahagsmálunum, sem urðu hér á Alþingi og innan vinstri stjórnarinnar vorið 1958, eftir einmitt að 1. þm. S-M. hafði lagt fram í vinstri stjórninni hvað eftir annað till. um nýja gengislækkun og eftir að hann hafði lýst því þar yfir, að hann vildi fallast á 90% yfirfærslugjald, sem hefði þýtt stórkostlega aukna verðbólgu frá því, sem áður var? Þá var það, sem einmitt 1. þm. S-M. var að stríða við þetta, sem hann hefur unnið að árum saman, að reyna að spenna verðlagið í landinu sem allra hæst upp, auka einmitt á verðbólgugróða braskaranna. Við Alþb.-menn stóðum á móti þessum till. hans í vinstri stjórninni. Við stóðum á móti því, að verðbólgubraskararnir fengju að græða á þessari pólitík. En við féllumst á það sem síðustu tilraun okkar til þess að halda vinstri stjórninni saman, að þó yrði farin hér millileið inn á mun minni verðhækkun en 1. þm. S-M. hafði sérstaklega barizt fyrir. Þá var 55% yfirfærslugjaldið samþ., sem vitanlega hratt af stað nýrri verðhækkunaröldu í landinu og kallaði vitanlega á eftir á almennar kauphækkanir.

Þegar hv. 1. þm. S-M. greinir hér frá þeirri staðreynd, að kaupmáttur vinnulauna sé jafnvel minni nú árið 1959 en hann var árið 1947, þá er það ekki vegna þess, að það sé að kenna verkalýðssamtökunum í landinu, að þau hafi raunverulega unnið of slælega að því að halda uppi kaupmætti launa sinna meðlima, heldur er það vegna þess, að hann hefur sjálfur haft það mikil áhrif á stjórn landsins, að hann hefur í sífellu verið að koma fram þeim aðgerðum í efnahagsmálunum, sem hafa stefnt til þess að minnka kaupmátt launþeganna í landinu, að hækka verðlagið, auka verðbólguna, auka á gróða braskaranna, verðbólgubraskaranna í landinu. En svo kemur þessi hv. þm. hér fram og spyr hv. 3. þm. Reykv. að því, hvort það muni

nú ekki vera eitthvað gallað í vinnubrögðunum hjá honum og verkalýðshreyfingunni, að kaupmátturinn skuli hafa minnkað. Hann, 1. þm. S-M., hefur hér ekki komið nærri. Hann hefur ekki haft neina aðstöðu til þess að hafa nein áhrif á þessi mál. Hann á hér enga sök. Nei, þetta heitir að snúa við staðreyndum. Þetta heitir að reyna að koma sök af sjálfum sér yfir á aðra.

Það er með öllu rangt, að það hafi staðið á okkur Alþb.-mönnum eða forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar í landinu að vilja standa að vinstri stjórn, sem ræki heilbrigða vinstri stefnu. Hitt hefur legið ljóst fyrir allan tímann og liggur fyrir jafnljóst í dag, að slíkri vinstri stefnu eins og 1. þm. S-M. dreymir í sífellu um, vinstri stefnu, sem miði að því að hækka verðlag í landinu, lækka kaup í landinu, skerða kaupmátt launþega í landinu, — slíkri vinstri stefnu viljum við ekki vinna að með honum. Hann verður að hafa aðra samstarfsmenn en okkur Alþb.-menn til þess að koma slíku fram, enda hefur hann allajafna fundið sér þá, og það er mjög sennilegt, að hann finni slíka samstarfsmenn áfram. En hann ætti ekki eða þeir framsóknarmenn að reyna að halda því fram fyrir hugsandi fólki í landinu, að það, sem þeir berjist fyrir í þessum efnum, sé vinstri stefna. Og finnst mönnum ekki æði kátbroslegt að hlusta á þá framsóknarmenn hér í þessum umr., þegar þeir telja sig vera komna vinstra megin við okkur, þeir eru orðnir aðalvinstriflokkurinn? Við erum víst orðnir einhver miðflokkur?

Ég minnist nú þess, að hv. 1. þm. S-M. hefur ekki alltaf mátt heyra það nefnt, að Framsfl. væri vinstri flokkur. Þá hefur hann þurft að undirstrika það, að hann væri einmitt miðflokkur, Framsfl., á milli öfganna til hægri og vinstri, hann væri miðflokkur, hann vildi ekki láta flokka sig sem neinn vinstri flokk. En nú stendur hann lengst til vinstri, og Alþb. og Alþfl. eru bara miðflokkar. Hann er sá rétti vinstri flokkur. Hvílík ófugmæli.

Það er rangt, að það hafi nokkurn tíma verið stefnt að því af verkalýðssamtökunum í landinu eða okkur Alþb.-mönnum að stöðva eðlilegar efnahagsmálaráðstafanir, t. d. í tíð vinstri stjórnarinnar. En við vildum, að það væri staðið við það, sem heitið var í stjórnarsáttmálanum, en það var að reyna að stöðva verðlagið, reyna að koma í veg fyrir aukna verðbólgu. En það var einmitt krafa þeirra framsóknarmanna, að það væri stefnt að hækkandi verðlagi, að aukinni verðbólgu, og á því sprengdu þeir ríkisstj., þegar þeir fengu ekki vilja sínum framgengt í þeim efnum. Þeir vildu ganga alveg þvert á þann stjórnarsáttmála, sem var lagður til grundvallar samstarfinu.

Þessi málflutningur allur viðvíkjandi samstarfi flokkanna á undanförnum árum og tildrögum til þess, að vinstri stjórnin fór frá völdum, málflutningur þeirra framsóknarmanna í þessum efnum hefur verið svona álíka réttur eins og þegar þeir fara að skýra frá því, hvað var raunverulega að gerast í íslenzkum stjórnmálum á tíma nýsköpunarstjórnarinnar. Nú er það aðalatriðið, að þeir framsóknarmenn vildu sem sagt, eftir þeirra útskýringu nú, gera miklu meira til nýsköpunar á þessum tíma en hinir flokkarnir. Af því gátu þeir ekki verið með þeim. Og svo er reynt að gera eins lítið úr því, sem þá ávannst í sambandi við nýsköpun atvinnutækjanna í landinu, og hugsanlegt er og gleggst kom fram í síðustu ræðu 1. þm. S-M., þegar hann hljóp í það að telja upp hvers kyns innflutning, sem hefði verið heimilaður af þeim reikningi, sem stofnaður hafði verið sérstaklega í sambandi við þessar nýsköpunarframkvæmdir. Auðvitað er rétt, að það þurfti á þessum tíma að veita gjaldeyri til innflutnings á ýmsum almennum neyzluvörum og almennum eyðsluvörum, sem ekki er hægt að komast hjá, vegna þess að svo höfðu verið stjórnarhættirnir, sem m. a. þeir framsóknarmenn báru mesta ábyrgð á og 1. þm. S-M., að það hafði ekki verið hægt að endurnýja vörubílakost landsmanna. Það hafði ekki verið hægt að fá að kaupa eðlilega varahluti í hinar nauðsynlegustu vélar landsmanna, og menn höfðu jafnvel verið sektaðir fyrir að leyfa sér þá ósvinnu að flytja inn fiskiskip. Það þurfti að snúa þessum málum þannig við, að það var ekki hægt að komast hjá því að veita nokkurn gjaldeyri til þessa, til þess að taka nokkuð af þeirri miklu skekkju, sem hans skammsýna stjórn hafði ráðið. En það er ekki nein ástæða til þess að gera lítið úr því, að á þessum tíma voru keyptir 33 nýsköpunartogarar, okkar langsamlega öflugustu og fullkomnustu framleiðslutæki, sem við eigum enn í dag og hafa á undanförnum árum — eða frá því að þeir voru keyptir — malað þjóðinni margfalt innkaupsverð sitt — eða fullt innkaupsverð sitt svo að segja árlega síðan.

Þeir framsóknarmenn skildu það ekki á þessum tíma, þegar efnt var til nýsköpunarsamstarfsins, að við þyrftum að endurnýja togaraflotann. Aðalfjármálasérfræðingur þeirra framsóknarmanna um þessar mundir, sá maðurinn, sem þeir settu af sinni hálfu sem bankastjóra Landsbankans, skrifaði um það fræðilega grein, lagði það til opinberlega og skrifaði um það í blöð líka, að það væri mesta fásinna að taka þennan dýrmæta gjaldeyri þjóðarinnar og kaupa fyrir hann togara. Hann lagði til, að við lánuðum útlendingum þessa peninga og hirtum vextina í staðinn. Hann benti á, að það mundi mega fá árlega í kringum 12 millj. kr. í vexti, ef við lánuðum út alla summuna með 4% vöxtum. Þetta voru tillögur Jóns Árnasonar. Ekki kom það fram á þessum tíma, að þeir framsóknarmenn stæðu á móti þessu. Þeir trúðu meira á það á þessum tíma að lána erlendum aðilum út gjaldeyriseign þjóðarinnar heldur en að við ættum að nota þessa gjaldeyriseign okkar til þess að kaupa okkur framleiðslutæki, sem gætu malað okkur gjaldeyri á hverju ári, og þeir voru með hvers konar fyrirslátt í frammi þá, eins og reyndar hv. 1. þm. S-M. varð að viðurkenna nú. Þá var ástandið þannig hér í efnahagsmálunum, að það þurfti sitt hvað að gera. Það var ekki hægt að taka þann gjaldeyri, sem fyrir lá á reikningum bankanna erlendis, og kaupa fyrir hann skip erlendis. Nei, fyrst þurfti að hans dómi að fara í það, eins og hann sagði hér í umr. núna, að skrapa saman stríðsgróðann innanlands, og ef

ekki náðist samkomulag um það og það var ekki hægt að ná saman nógu miklum fjárfúlgum innanlands, þá urðum við auðvitað að vera án allra togaranna. Nei, hér var um hina herfilegustu skammsýni að ræða, — skammsýni, sem lengi mun tolla við forustu Framsfl.

En það voru ekki aðeins þessir 33 nýsköpunartogarar, sem voru keyptir á þessum tíma þrátt fyrir skilningsleysi þeirra framsóknarmanna. Um þetta leyti endurnýjuðum við okkar bátaflota svo, að í einu vetfangi keyptum við inn nýja báta, sem jafngiltu ⅓ af öllum bátaflota landsmanna, og á þessum tíma réðumst við í mestu framkvæmdir, sem við þekkjum í sambandi við uppbyggingu í okkar fiskiðnaði, byggingu frystihúsa um allt land. Og það er einmitt þessi stofn, sem hefur verið fram til dagsins í dag meginstofninn undir gjaldeyrisframleiðslu þjóðarinnar á undanförnum árum og á þessu ári. Ég held því, að það sé kominn tími til þess, að þeir framsóknarmenn hætti að gera lítið úr því, sem ávannst á nýsköpunartímanum, því að þeir eru einmitt sjálfir búnir að lifa á því, sem þá var gert, nú um margra ára skeið. Það hefði sannarlega orðið þröngt í búi, bæði hjá ríkissjóði og auðvitað öllum landsmönnum, ef ekki hefði verið farið í þessar miklu framkvæmdir, sem þá var ráðizt í. Hefðum við þá farið eftir þessari skammsýnisleið fjármálasérfræðings framsóknarmanna, að lána gjaldeyri okkar út til erlendra aðila í staðinn fyrir að kaupa okkur sjálfir framleiðslutæki, þá hefði farið illa fyrir okkur.

Eitt af því, sem hv. 1. þm. S-M. minntist hér á, voru þær deilur, sem hér hafa verið uppi æði oft um olíufélögin í landinu og þá pólitík, sem Framsfl. hefur rekið í þeim efnum, og eins og jafnan áður, þegar komið er að því, að þeir lýsi sjálfir sínum verkum, þá er allt fallegt þar að sjá. Olíufélag þeirra var ágætt félag, alíslenzkt félag, og að því stóðu samvinnuhreyfingin í landinu og útvegsmenn, og þessi samtök höfðu unnið að því að lækka verð á olíum og verið á margan hátt mjög gagnleg. Þetta var lýsing 1. þm. S-M., og það mátti svo sem skilja, að mikill var munur á þessum olíufélögum og hinum tveimur. En ég er nú hræddur um, að staðreyndirnar séu heldur á annan veg, ef menn vilja skoða þær.

Nei, þessi olíufélög þeirra framsóknarmanna hafa verið byggð upp á alveg hliðstæðum grundvelli og braskararnir hafa byggt upp hin olíufélögin. Það vantar svo sem ekki, að þeir kalla þau félög vera alinnlend félög, sem eigi bara viðskipti við tiltekin útlend félög, nákvæmlega eins og þeir framsóknarmenn gera með sitt. Það vantar ekki, það er íslenzkt nafn á því; það heitir Olíufélagið h/f, þó að það þurfi nú reyndar að merkja mikið af eignum sínum með Esso, vegna þess að það er þetta heimsolíufélag, sem vitanlega ræður þarna öllum lögum og lofum og er alveg hliðstætt því, sem hið brezka B. P. er gagnvart Olíuverzlun Íslands h/f. Það er enginn munur á uppbyggingunni þar. Og útvegsmönnum var ekki gefinn kostur á því að vera í þessu félagi, þegar það var stofnað, nema með þeim skilyrðum, að þeir væru þar í greinilegum minni hluta. Það voru tiltekin 5 félög, sem voru talin upp, sem áskildu sér rétt til að hafa yfir 50% af hlutafénu. Almenn olíusamlög útvegsmanna úti um landið fengu ekki að gerast aðilar að þessu olíufélagi þeirra framsóknarmanna nema undir þessum kringumstæðum, að 5 félög, sem þeir framsóknarmenn réðu algerlega yfir, áskildu sér þar meirihlutarétt. Og mín reynsla af þessum olíusamtökum þeirra framsóknarmanna er sú, að þann tíma, sem ég hafði nokkuð með þessi mál að gera í ríkisstj., þá bar það langt af, að olíufélag þeirra framsóknarmanna var langkröfuharðast um það og setti fram flestar kröfur og hæstar kröfur um að fá hækkun á því verðlagi á olíum, sem gilti á hverjum tíma. Það gekk alltaf fram fyrir bæði Shell og B. P. í kröfum sínum um að fá hækkaða verðlagningu. Og þessi félög hafa hvað eftir annað verið tekin og dæmd af opinberum dómstólum fyrir það að hafa ætlað að taka óréttilega til sín of hátt verð á olíu.

Hið rétta í þessu er, að komið hafa fram tillögur og það æði oft hér á Alþingi og innan fyrrv. ríkisstj., vinstri stjórnarinnar, um það að gera einmitt olíuverzlunina þannig úr garði, að það væri alveg tryggt, að almenningur í landinu eða notendur olíu fengju notið beztu viðskiptakjara, að ríkið t. d. tæki í sinar hendur allan innflutning á olíum og að eðlileg olíusamlög útvegsmanna og annarra, sem vildu stofna til olíusamlaga samkv. þar gildandi lögum, gætu fengið að kaupa olíuna með sannvirði frá ríkisverzlun.

En hvernig fór þá fyrir hinum róttæka vinstri flokki, sem nú stendur til vinstri við alla flokka í landinu? Hvar stóð hann þá? Hann var á móti því, að það væri tryggt, að ríkið annaðist eitt innflutning á olíum til landsins. Hann var á móti því, að það væri tryggt, að einmitt olíusamlögin, sem eru byggð upp á hreinum samvinnufélagsgrundvelli, fengju eðlilega aðstöðu til þess að kaupa til sín olíur á sannvirði. Þá tók einmitt samvinnuflokkurinn, Framsfl., afstöðu með sérhagsmunafélagi sínu, sem var byggt upp á nákvæmlega sama sérhagsmunagrundvellinum og hin olíufélögin tvö, sem voru fyrir, — þá tók hann afstöðu með þeim og móti einmitt samvinnufél., sem höfðu verið stofnuð víða um landið sem olíusamlög til þess að dreifa olíu. Hugsjónin náði nú ekki lengra en þetta. En svona hefur þetta æði oft verið. Þegar reynt hefur á það, hversu mikill vinstri flokkur Framsfl. raunverulega er í framkvæmd, þá hefur það ekki náð lengra en þetta.

Það hefur ekki staðið á okkur Alþb.-mönnum að styðja samvinnuhreyfinguna í landinu. Við höfum yfirleitt alls staðar gert það, þar sem við höfum haft aðstöðu til þess, og það munu engin dæmi þess hér á Alþ., að við höfum ekki viljað veita þeim samtökum eðlilegan styrk. En hitt er annað mál, að það er vitanlega ekki hægt að neita því, að Framsfl. hefur í framkvæmdinni tíðum hagað sér svo, að hann hefur beinlínis stefnt að því, að það yrðu hörð pólitísk átök um starfsemi samvinnufélaganna. Það er ósköp eðlilegt um samvinnufélög, sem eru stofnuð á þeim grundvelli, að það eru menn í þeim úr öllum flokkum, eða fleiri flokkum en Framsfl.

a. m. k., að slíkir menn eru ekkert ánægðir með að sjá það, t. d. í almennum kosningum til Alþ., að þá sé hvert kaupfélagið af öðru gert að kosningaskrifstofu fyrir einn flokk og þar eigi allt starfsliðið að vera, launað starfsfólk hjá samvinnufélagi, að það eigi að vera sérstakt baráttulið á kosningadegi, og nota einnig aðstöðu viðkomandi kaupfélags rétt eins og eignir sins flokks, einum flokki til framdráttar. Þetta vitanlega skapar deilur, slík misnotkun á almennum félögum eins og þetta, og ég segi, að það er Framsfl., sem einmitt ber ábyrgð á því, ef þessar deilur leiða til óhapps fyrir samvinnuhreyfinguna, og hann ætti að sjá að sér í tíma og misnota ekki hreyfinguna á þennan hátt. Hann getur ekki nefnt um það nein dæmi, að við Alþb.-menn t. d. styðjum ekki kaupfélögin eða samvinnuhreyfinguna með eðlilegum hætti, bæði hér á Alþ. og einnig í framkvæmd. En auðvelt er að sanna svona misnotkun Framsfl. á þessari hreyfingu í vissum tilfellum.

Svo er það allsherjarinntak, sem nú er að verða í ræðum þeirra framsóknarmanna, m. a. þegar kjördæmabreytingarmálið er á dagskrá, að þeirra skoðun í því máli og þeirra stefna sé hin svonefnda byggðastefna, þeirra stefna sé byggðastefna, en hinir flokkarnir allir, sem hafa aðra skoðun á skipun kjördæmamálsins, séu á móti byggðastefnunni, þeir séu á móti því, að hlúð sé að landsbyggðinni og því fólki, sem þar lifir. Það er rétt að skoða dálitið nánar, hvernig þetta hefur raunverulega komið fram.

Nýsköpunarstjórnin var svo ósvífin, þessir voðalegu flokkar, sem að henni stóðu og standa líka að þeirri kjördæmabreyt., sem nú liggur fyrir, hún var svo ægileg, að hún ráðstafaði fullum helmingi af togaraflotanum, sem þá var keyptur, út á land, til landsbyggðarinnar. Og þá risu upp margir togaraútgerðarbæir úti um land, sem aldrei höfðu tekið þátt í togararekstri áður. Svona voru nú þessir andstæðingar byggðarlaganna úti á landi voðalegir, sem stóðu að þessari stjórn. En einmitt þessi ráðstöfun hefur orðið einna drýgst til uppbyggingar á þessum stöðum. Og einnig sú uppbygging, sem þá átti sér stað í sambandi við fiskiðnaðinn í landinu og í sambandi við bátakaupin, fór aðallega fram til handa einmitt sjávarbyggðarlögunum úti um allt land. Þar urðu framkvæmdirnar mestar í þessum efnum. Það skipti stórkostlega um frá því, sem hafði verið áður, í tíð þess flokks, sem sérstaklega kallar sig byggðaflokk og flokk með byggðastefnu. Nei, hið rétta er það, að Framsfl. á sinn stóra þátt í því að hafa í nokkur undanfarin ár, sérstaklega á tímabilinu 1952—56, rekið þá stefnu í landinu í atvinnumálum, sem var landsbyggðinni hættulegust og stefndi hreinlega til þess að eyða landsbyggðinni í stórum landshlutum. Það var á þessu tímabili, sem efnt var til hinnar miklu hernámsvinnu suður á Keflavíkurflugvelli, og m. a. þm. Framsfl. þá gengu ötullega fram í að koma fólki utan af landsbyggðinni í þá vinnu. Á þessu tímabili var það, sem fólksflóttinn utan af landi byrjaði fyrir alvöru. Þá var það, sem jafnvel heil sveitarfélög lögðust gersamlega í auðn og önnur minnkuðu um helming. Þessi stefna var vitanlega gegn byggðunum úti á landi. Hún var stórhættuleg. En það voru einmitt forustumenn í verkalýðshreyfingunni, sem á árinu 1955 hófu upp kröfuna um það á þingi Alþýðusambandsins, að það væri alveg lífsnauðsyn að gera stórt átak til atvinnulegrar uppbyggingar úti á landi til þess að reyna að snúa við þessari óheillaþróun. Á þessum tíma hafði Framsfl. ekki fundið upp þetta orð: „byggðastefna". Þá mundi hann ekki eftir byggðunum. Þá var þetta ekkert aðalatriði. En nú er reynt að mála þetta upp þannig, að hann einn sé með því að styrkja hagsmuni landsbyggðarinnar. En í hverju hefur það komið fram? Ja, mér vitanlega ekki í neinu öðru en því, sem framsóknarmenn mundu tilnefna sjálfir, að þeir vilji viðhalda einmenningskjördæmum úti á landi. En það er nú svo, að jafnvel þó að maður líti á það mál, þá er það auðvitað æði einkennilegt, hvernig það má vera aðalatriði fyrir menn úti á landi að hafa þann misjafna rétt, sem einmitt er á milli byggðarlaganna.

Ég vil aðeins nefna dæmi úr minum heimahögum, Suður-Múlasýslu, eða því kjördæmi, að þar voru íbúar samkvæmt síðasta manntali 5700 manns. Og þetta umdæmi átti að kjósa tvo þm., eins og allir vita. En ef við tökum hinn hlutann úr Austfjarðakjördæminu, Norður-Múlasýslu og Austur-Skaftafellssýslu og Seyðisfjörð, þá voru íbúar á þessu svæði ekki 5700 eins og í Suður-Múlasýslu, heldur voru þeir 4600, eða 1100 færri. En á þessu svæði átti að kjósa 4 þm. Ætli það sé eitthvað voðalegt fyrir Austfirðinga almennt, þó að þeir megi allir saman kjósa með jafnþungum og miklum atkvæðisrétti? Er það einhver sérstök byggðastefna að heimta mismun á milli byggðarlaganna í sambandi við kosningarrétt? Ég hef ekki orðið þess var, að þeir framsóknarmenn hvorki nú né fyrr stæðu með nokkrar sérstakar till., sem mættu verða landsbyggðinni til sérstakra hagsbóta, sem aðrir flokkar og þá þeir flokkar, sem vilja standa að kjördæmabreytingunni, stæðu á móti. Hvers vegna ekki að nefna eitthvað af þessum málum? Hvers vegna ekki að sanna með dæmum, í hverju þessi barátta Framsfl. lýsir sér fram yfir aðra flokka að hagsmunamálum fólksins úti á landi? Eða er það kannske þannig, að þeir séu búnir að slengja þessu saman, að sé unnið sérstaklega að hagsmunamálum Framsfl., þá séu það um leið hagsmunamál fólksins úti á landi? En það hefur ekki alltaf farið saman. Framsfl. hefur vegnað allvel stundum, og hann hefur kunnað vel við sig í ríkisstjórnum, þó að fólkið flytti unnvörpum utan af landi og treysti sér ekki til þess að lifa við þau lífsskilyrði, sem því voru búin þar af stjórn Framsfl.

Þegar í þessum umr. var minnt á það, að Framsfl. hafi lagt á það höfuðáherzlu í tíð vinstri stjórnarinnar að fá samþykkta 8% bótalausa kauplækkun og talið það skipta svo miklu máli, að hann þurfti að slíta samstarfinu, þá spurði hv. 1. þm. S-M.: Ja, hvað fengu svo launþegar í staðinn fyrir það að fallast ekki á þessa 8% kauplækkun? Hafa þeir ekki fengið 13.4% kauplækkun í staðinn? — Í fyrsta lagi er hér ekki nákvæmlega með farið, því að þessi samanburður fær ekki fullkomlega staðizt. Krafa

framsóknarmanna var 8% bótalaus kauplækkun, þar sem ekkert átti að koma í staðinn. 13.4% kauplækkunin var ekki alveg af sömu tegund. Þar var að vísu um talsverða alveg bótalausa kauplækkun að ræða. Ríkisstj. heldur því fram og þeir stjórnarflokkarnir, að hún hafi verið 5.4%, þessi bótalausa kauplækkun. Það er skoðun okkar, að hún hafi verið nokkru meiri. En það er þó mjög vafasamt, að hún hafi verið meiri en 8%, vegna þess að vissulega komu hér tilteknar niðurgreiðslur á móti, þó að öll sú verðlækkun, sem ríkisstj. var að spá, hafi ekki komið fram. En ekki viljum við neita því, að það var samþykkt tiltekin niðurgreiðsla á vöru, sem vitanlega kom hér á móti. En hvernig stóð á því, að þessi kauplækkun, hvað sem við köllum hana, 8 eða 9% eða 13.4%, hvernig stóð á því, að hún náði fram að ganga? Það vita þeir framsóknarmenn, að það eru þeir, sem bera höfuðábyrgðina á því, að þetta var samþykkt. Þeir höguðu afstöðu sinni þannig hér á Alþingi við afgreiðslu efnahagsmálafrv., að þeir raunverulega tryggðu því framgang. — [Fundarhlé].

Herra forseti. Ég hafði fyrst í þessari ræðu gert nokkrar athugasemdir við ýmsar ræður framsóknarmanna, sem haldnar hafa verið hér nú í þessari d. í sambandi við umr. um stjórnarskrármálið, og þá nær eingöngu vikið að þeim atriðum, sem fjölluðu um stjórnmálin almennt. Ég átti nokkuð eftir af minni ræðu, en get væntanlega lokið henni á stuttum tíma.

Eitt af því, sem þeir framsóknarmenn hafa í þessum almennu umr. lagt mjög þunga áherzlu á, er það, að nú stefnir til þess, að við Alþb.-menn séum að taka upp samstarf hér á Alþingi með sjálfstæðismönnum og Alþfl.-mönnum, og þessu er sérstaklega haldið fram vegna þess, að við höfum gert samkomulag við þessa tvo flokka um kosningar á forsetum þessa þings. Nú má vera augljóst mál öllum mönnum, að það út af fyrir sig, þó að flokkar komi sér saman um að skipta með sér forsetum, segir harla lítið til um stjórnmálalegt samstarf, enda eru mörg dæmi þess, að flokkarnir hafi unnið þannig saman í sambandi við kosningu forseta, án þess að hafi verið um nokkurt frekara samstarf að ræða. Og hér í umr. hefur verið á það bent, að við höfum t. d. áður kosið forsetaefni þeirra framsóknarmanna, án þess að þar væri um nokkurt frekara samstarf að ræða. En að þessu sinni lá það í rauninni alveg augljóst fyrir, að það eina eðlilega var á þessu þingi, að þeir 3 flokkar, sem saman hafa staðið að stjórnarskrármálinu, héldu áfram nú á þessu sumarþingi og bæru sameiginlega ábyrgð á því, að þetta þing afgreiddi það mál, sem því er ætlað fyrst og fremst að sjá um afgreiðslu á, en það er afgreiðsla stjórnarskrárfrv. og þá um leið kosningalaga, sem séu í samræmi við þessa stjórnarskrárbreytingu. Það hefði ekki verið hægt að skilja það á annan veg en svo, að við Alþb.-menn, ef við hefðum skorazt undan því að taka að okkur forsetastörf til jafns við hina tvo flokkana hér á þessu þingi, værum að skorast undan ábyrgð af því að koma því máli hér fram með eðlilegum hætti, sem við höfðum þó staðið sameiginlega að að samþykkja fyrr á Alþingi, enda vita framsóknarmenn fullvel, að það er ekki um neitt samstarf á milli okkar Alþb.-manna að ræða og sjálfstæðismanna eða Alþfl.-manna um nein önnur málefni en að koma fram þessari stjórnarskrárbreytingu. Það vita þeir fullvel, enda er það auðvitað augljóst mál, að samstarf flokka getur ekki byggzt á þeim grundvelli einum, að þeir hafi komið sér saman um að skipta með sér forsetum deilda eða forsetum í þinginu. Það þurfa að vera ákveðin málefni til grundvallar, og um það þarf vitanlega að gera tiltekið samkomulag.

En í þessu sambandi, þegar framsóknarmenn gera svona mikið úr þessu og að þetta eigi að tákna, að við Alþb.-menn stefnum nú til samstarfs við Sjálfstfl. og Alþfl., sem þeir hafa engin rök getað fært að önnur en þessi, að hér hafi orðið um samkosningu að ræða á Alþingi á milli þessara flokka um forseta þingsins, þá vildi ég benda á, að það virðist svo vera, að þeir framsóknarmenn hafi haft talsverðan hug á því fyrir ekki löngu að komast í samstarf með Sjálfstfl. um stjórn landsins. Ég minnist þess, að þeir voru ekki fyrr búnir að slíta vinstristjórnarsamstarfinu í vetur en þeir gáfu það út, að þeir óskuðu sérstaklega eftir því, að það mætti takast með þeim og Sjálfstfl. og reyndar öðrum flokkum samstjórn. Þegar sem sagt þeir höfðu slitið samstarfinu við Alþfl. og Alþb. gegn þeirra vilja, þá óskuðu þeir eftir sérstöku samstarfi við Sjálfstfl. Þetta liggur ómótmælanlega fyrir. Og það sýndi sig líka, að þar var um að ræða nokkra málefnalega samstöðu í stóru máli, því að það var greinilegt, að það var samstaða á milli Sjálfstfl., Alþfl. og Framsfl. um þær efnahagsmálaráðstafanir, sem gerðar voru einmitt upp úr áramótunum. Í öllum aðalatriðum var þar um samstöðu að ræða. Og ég þykist hafa skilið það rétt, að eitt stærsta atriðið í efnahagsmálastefnu Framsfl. á s. l. ári og reyndar enn sé einmitt krafan um almenna gengislækkun, sem Sjálfstfl. hefur líka sett fram sem sitt stefnuatriði, að það beri að stefna að gengislækkun. Það bendir því vissulega margt til þess, að þessir flokkar ættu að geta náð saman af þessum ástæðum, vegna þess að stefnur þeirra virðast liggja æði mikið saman í þessum stóru atriðum. Það væri því margföld ástæða fyrir okkur Alþb.-menn til þess að halda því fram, að framsóknarmenn stefni að því að setjast í stólana með íhaldinu, miðað við það, sem þeir hafa til þess að halda slíku fram um okkur Alþb.-menn. Hitt er svo annað mál, að eins og við vorum fúsir til þess að halda áfram stjórnarsamstarfi við Framsfl. um þau stefnumál, sem við gátum náð samkomulagi um, ef þeir vildu standa að þeim á heiðarlegan hátt og framkvæma þau, þá munum við ekki heldur neita því að samþykkja hér á Alþingi með Sjálfstæðisflokknum þau málefni, sem við metum mikils og teljum, að fram þurfi að ganga.

Breytingin á stjórnarskránni er eitt af þeim stóru málum, sem við höfum lengi barizt fyrir að fram þyrfti að koma. Það var hægt að ná viðhlítandi samkomulagi við Sjálfstfl. um þá breytingu, og við vitanlega settum það ekki fyrir okkur, þó að það væru Sjálfstfl. og Alþfl., sem stóðu með okkur að þessari breytingu, en

ekki Framsfl. og Alþfl., eins og við höfðum þó gert okkur vonir um áður.

Það er annars þýsna athyglisvert hér í þessum umr., þessum almennu stjórnmálaumr., sem hér hafa farið fram í sambandi við þetta mál, hve mjög þeir framsóknarmenn leggja kapp á það að ráðast á okkur Alþb.-menn. Það er alveg greinilegt, að íhaldið er algert aukaatriði í þeim umr. Það er sérstaklega við okkur að deila. Ég hef að vísu einnig beint máli mínu til þeirra framsóknarmanna, en eingöngu sem svaratriði við því, sem þeir hafa þegar sagt í þessum umr.

Það verður enginn flokkur vinstri flokkur á því, þó að hann hrópi það nokkrum sinnum, að hann sé vinstri flokkur, og þó að hann látist vera það. Hann verður ekki dæmdur vinstri flokkur, nema hann hafi sýnt það í raun og veru, að hann hafi staðið með vinstri málefnum og hans pólitík sé vinstrisinnuð í raun og veru. Það er vitanlega oft og tíðum hægt, ekki sízt rétt fyrir kosningar, að látast vilja allt annað en maður hefur í reyndinni viljað. Ýmislegt af framkomu þeirra framsóknarmanna hér nú, sérstaklega í þessum almennu umr., bendir mjög til þess, að þeir látist nú vera allir aðrir en þeir hafa komið fram með að vera. Ég verð t. d. að segja það, að mér finnst þær till., sem þeir hafa flutt hér *viðvíkjandi húsnæðismálum, einmitt* bera vott um þetta. Ekki það, að ég gæti á margan hátt samþykkt þessar till., sem þeir hafa verið að flytja hér, ég teldi aðeins eðlilegt að samþykkja þær, en hitt er mér jafnljóst, að á undanförnum árum, þegar þeir framsóknarmenn höfðu mjög sterka og góða aðstöðu til þess að koma þessum málum eitthvað áleiðis, þá lágu þeir alltaf þverir í veginum, og þeir vita það manna bezt, að það, sem mest hefur staðið á í þessum efnum, t. d. af hálfu seðlabankans, er einmitt þeirra maður, Vilhjálmur Þór, sem þar hefur verið stærsti þröskuldurinn í veginum. Hann hefur alltaf mælt á móti því, að seðlabankinn stuðlaði að því að útvega fé til íbúðabygginga, og hann hefur rekið þau mál mjög slælega, t. d. hvað viðvíkur því að reyna sölu á vísitölubréfunum. Það kemur því í rauninni úr hörðustu átt, þegar framsóknarmenn hér á Alþingi núna rétt fyrir kosningar eru að reyna að gera sig digra í þessum efnum. Ég vil líka minna á, að í vinstri stjórninni gerðum við Alþb.-menn kröfu um það og fulltrúar í verkalýðshreyfingunni, að vinstri stjórnin legði fram nokkurt aukafé til byggingar á verkamannabústöðum. Það stóð í löngu samningastappi við forustumenn Framsfl. að koma þessu fram, og upphæðin var verulega skorin niður, sem í þetta var lögð, vegna mótstöðu þeirra framsóknarmanna. Ég vil líka minna á þá miklu samninga, sem fram fóru í árslok 1957 og ársbyrjun 1958 milli forustumanna í verkalýðshreyfingunni og ríkisstj. þá um nauðsynleg fjárframlög til íbúðabygginga, sem enduðu með samkomulagi um það, að ríkisstj. skuldbatt sig til að sjá um, að húsnæðismálakerfið fengi þá um 40 millj. kr. til þess að leysa vanda húsnæðismálanna. Þetta hefst ekki fram fyrr en eftir langa og harða samninga, og meginkröfunum frá hálfu fulltrúa verkalýðssamtakanna var neitað. Og allan tímann í vinstri stjórninni stóð það svo, að þáv. fjmrh. neitaði því algerlega, að til mála kæmi að taka erlent lán til þess að greiða fyrir *íbúðarhúsabyggingum í landinu.*

Það má kannske segja, að það sé gott, ef þeir framsóknarmenn hafa skipt um skoðun í þessum efnum og eru nú allir aðrir en þeir voru, og ekki skal standa á okkur út af fyrir sig að vera með þeirra till., sem miða í rétta átt í þessum efnum. En þeir geta ómögulega slegið sig neitt til riddara í þessum efnum á svona till., þegar það er haft í huga, hver þeirra afstaða hefur verið til þessara mála þann tíma, sem þeir gátu raunverulega ráðið hér um framkvæmdir. Hið *sama gildir um önnur atriði í sambandi* við þá vinstri stefnu, sem þeir þykjast nú ætla að reka. Það verður tekið með fullri gætni af öllum að trúa því, hversu mikill vinstri flokkur Framsfl. er, hafandi í huga, hver stefna hans hefur verið einmitt að undanförnu.

Á það hefur verið minnzt hér nokkrum sinnum af þeim framsóknarmönnum, sem hér hafa talað, að allir flokkar aðrir en flokkur þeirra hafi komið ódrengilega fram við kjósendur í síðustu alþingiskosningum í sambandi einmitt við kjördæmabreytingarmálið, þar sem aðrir flokkar hafi lagt áherzlu á, að það væri ekki kosið um kjördæmabreytingarmálið, heldur ýmis önnur *málefni. Ég vil algerlega neita* þessu og tel, að þetta sé alveg rangt. Mér er ekki kunnugt um annað en að einmitt allir hinir flokkarnir hafi tekið það hvað eftir annað fram, jafnt í útvarpsumræðum sem annars staðar, að þeir skoruðust sannarlega ekki undan því að ræða kjördæmabreytingarmálið og þeir teldu það vissulega eitt af stærstu málum sumarkosninganna. Hins vegar bentum við á það, að kosningarnar voru samkvæmt okkar stjórnarskrá þannig, að þær gátu ekki verið eingöngu um kjördæmabreytingarmálið, þær voru jafnhliða almennar alþingiskosningar, það var verið að kjósa alþingismenn, sem vissulega gátu tekið þá afstöðu að afstöðnum kosningum að sitja út allt næsta kjörtímabil. Það var því vitanlega eðlilegt, að flokkarnir væru einnig dæmdir í kosningunum með hliðsjón af því, hver stefna þeirra hafði verið í öðrum stórmálum þjóðarinnar, en auðvitað átti að dæma þá líka — og því héldum við fram — eftir því, hver afstaða þeirra hafði verið til þess stórmáls, sem stjórnarskrárbreytingarmálið vissulega var.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar breyting var gerð á stjórnarskránni árið 1942 — eða síðast — og mjög stóð svipað á og nú, þá fjallaði sumarþingið, sem staðfesti stjórnarskrárbreytinguna, um allmörg önnur mál. Á því sumarþingi voru sett 11 lög, 7 stjórnarfrv. voru gerð að lögum, og 4 frv. þingmanna, og á þessu sumarþingi voru samþykktar 22 þáltill. *Þessi atriði sýna, að reynslan hefur verið sú, að* vissulega hefur hið nýkjörna Alþingi haft vald til þess að afgreiða þýðingarmikil málefni, og það hefur gert það. Ég býst líka við því, að hefðu þessar kosningar farið á annan veg en þær fóru, þá hefði t. d. komið hér upp nú á þessu sumarþingi stjórnarmyndunarmál. Það var vitanlegt mál, að hér var við völd bráðabirgðaminnihlutastjórn, og það mátti alveg búast við því, að

hér yrði það mál tekið upp á þessu sumarþingi, sem ekki hefur verið, eflaust að verulegu leyti vegna þess, að kosningarnar fóru þannig, að hér skapaðist jafnteflisaðstaða. Það má segja, að þeir flokkar, sem studdu ríkisstj., hafi fengið 26 þingmenn, en þeir, sem voru andvígir stjórninni, fengu líka 26. Það var líka algerlega rangt að halda því fram í sumarkosningunum, að þær kosningar snerust einvörðungu um kjördæmabreytingarmálið. En það er rangtúlkun í þessum umræðum frá hálfu þeirra framsóknarmanna að segja, að aðrir flokkar hafi algerlega mótmælt því, að kosið væri um kjördæmabreytingarmálið, því að það var viðurkennt af öllum hinum flokkunum sem eitt af þeim stærstu málum, sem fyrir kjósendum lágu.

Ég held, að stefna sú, sem Framsfl. hefur hvað eftir annað sýnt í ýmsum mikilvægustu þjóðmálum okkar, og stefna sú, sem hann m. a. hefur barizt fyrir í sambandi við kjördæmaskipun landsins og kosningarrétt, sé þess eðlis, að það sé ekki hægt að kalla þá stefnu frjálslynda vinstri stefnu, og miklu oftar hafi sá flokkur rekið beina hægri stefnu, enda lengst af verið í beinu sambandi við Sjálfstfl. í landinu. Það er því ekkert komið fram enn, sem bendir til þess, að Framsfl. geti sérstaklega kallað sig einhvern íhaldsandstöðuflokk. Ég held, að rök þau, sem hafa verið færð fram í þessum umr. af hálfu þeirra framsóknarmanna í þá átt, verði dæmd heldur léttvæg, þegar til dóms kemur hjá hv. kjósendum. Það liggur sem sé alveg skýrt fyrir, að Framsfl. hefur tekið þátt í því á Alþingi á undanförnum árum hvað eftir annað að samþykkja beina launalækkun þvert ofan í gildandi samninga. Hann hefur slitið því stjórnarsamstarfi, sem hann hefur átt með vinstri flokkunum, æ ofan í æ á kröfu sinni um beina launalækkun. Slíkt bendir ekki til þess, að hann sé vinstri flokkur. Hans saga er sú, að hann stóð gegn ýmsum mikilvægustu þáttum í setningu tryggingalöggjafarinnar, og sú fjármálastefna, sem m. a. bankastjórar þessa flokks, eins og Jón Árnason, sem ég minntist á hér áður, og Vilhjálmur Þór nú síðar, hafa sérstaklega sett fram, sú fjármálastefna hefur sannarlega ekki verið lituð mikilli vinstri stefnu. Og boðskapur flokksins um nauðsyn gengislækkunar, sem komið hefur fram æ ofan í æ, er ekki heldur sérstaklega sterk sönnun fyrir því, að Framsfl. sé vinstri flokkur.

Ég skal svo ljúka þessum athugasemdum mínum aðeins með því að víkja að því, að þær breytingar, sem nú stendur fyrir dyrum að gerðar verði á kjördæmaskipun landsins, um það verður ekki deilt, að þær breytingar voru orðnar óhjákvæmilegar. Barátta Framsfl. gegn þessum breytingum er ekki sprottin af því, að þeir framsóknarmenn viðurkenni ekki með sjálfum sér, að það hafi þurft að gera allvíðtækar breytingar á kjördæmaskipuninni, heldur er barátta þeirra eingöngu miðuð við það, að þeir geti hagnazt um nokkur atkvæði á þessari baráttu hjá því fólki víða á landinu, sem er nú þannig sett, að það vill gjarnan halda í gamalt form og gamlar reglur. Það hefur því komið fyrir í hvert skipti, sem kjördæmaskipuninni hefur verið breytt, að Framsfl., sem alltaf hefur verið á móti öllum breytingum, hefur hagnazt nokkuð á þessu brölti sínu í fyrri kosningunum, en svo hefur aftur gengið af honum fylgið í síðari kosningunum, vegna þess að þá hafa kjósendur viðurkennt staðreyndir. Breytingin var orðin, og þá hafa menn farið að glíma við verkefnin, eins og þau lágu þá orðið fyrir, og þá hefur farið svo, að Framsfl. hefur týnt atkvæðum aftur. Og það er spá mín, að það fari á sömu leið í þetta skiptið.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt athugasemd út af ræðu hv. síðasta ræðumanns. Hann sagði, að afstaða Framsfl. hefði jafnan verið sú í efnahagsmálunum að vilja spenna verðlagið upp, en afstaða þeirra Alþb.-manna að halda verðlaginu í skefjum. Sannleikurinn er sá, að afstaða Alþb. í verðlagsmálum hefur byggzt á því að hafa halla í þjóðarbúskapnum, sem hlaut að mynda verðbólgu, og reyna svo að láta dragnast áfram framleiðslulífið með því að flytja inn lúxusvörur til þess að ná tekjum í uppbætur. Þessi stefna ber dauðann í sér og hlaut að reka í strand.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það bæri ekki að taka hart á því, þó að nýsköpunin hefði reynzt meðalaglös og varahlutar í reiðhjól, því að það hefði þurft svo mikinn gjaldeyri. En hefði nú ekki verið ágætt fyrir hv. þm. að athuga, að það var ekki aðeins, að svona færi um þessar 300 millj., sem áttu að fara í nýsköpunina, að þær færu í hluti eins og þetta að verulegu leyti, heldur eyddi sama stjórn á þriðja hundrað millj. af innstæðunum í almennan innflutning þar að auki og svo öllum gjaldeyristekjum í viðbót þann tíma, sem hún sat.

Hv. þm. sagði, að Olíufélagið h/f hefði verið kröfuharðast um verðlagsmál. Hv. þm. munar ekkert um að búa þetta til. En hitt hefði verið rétt fyrir hann að upplýsa, að það voru miklir erfiðleikar í rekstri Olíufélagsins, sem hafa stafað af því, að lögin um verðjöfnun á benzíni og olíum hafa aldrei verið framkvæmd til fulls, og það hefur komið sérstaklega hart niður á rekstri Olíufélagsins vegna þess, hvað það selur mikið af varningi sínum víðs vegar um landið.

Hv. þm. sagði, að hvert kaupfélagið af öðru hefði verið gert að kosningaskrifstofum fyrir Framsfl. Þetta er algerlega tilhæfulaust, enda getur hv. þm. auðvitað ekki fært nein dæmi að slíkum fullyrðingum.

Ég skal láta þetta nægja um einstök atriði, enda þetta aðeins örstutt athugasemd. En ég vil segja að lokum í þessum umr.:

Það er alveg augljóst, að hv. þm. Alþb., og sama er að segja raunar um aðra hv. forgöngumenn þessa máls, eru ofsahræddir. Það sýna þær umr., sem hér hafa átt sér stað, — ég verð að segja þær furðulegu umræður af þeirra hendi. Og við hvað eru þeir svona hræddir? Þeir eru hræddir við, að línurnar hafi skýrzt í þjóðmálum landsins nú undanfarið í þeirri viðureign, sem orðið hefur um kjördæmabreytinguna og annað, sem í sambandi við hana stendur. Það kemur sem sé í ljós, að viss öfl í þessum þremur flokkum, sem standa að stjórnarskrárbreytingunni, standa að flokka-

stefnunni í stjórnarskrármálinu, sem er í því fólgin, að það skuli miða stjórnarskrána eingöngu við flokkana, en að engu leyti við byggðarlögin í landinu. Og þeir ætla sér að halda áfram með þessa stefnu. Þetta er bara áfangi. Enn fremur hefur komið í ljós, að í öllum þessum flokkum eru sterk öfl, sem einnig vilja halla sér að niðurskurðarstefnunni í efnahagsmálum, sem er byggð á því höfuðsjónarmiði, að framkvæmdirnar eigi að víkja, en eyðslan eigi að haldast. Þetta hefur skýrzt mjög á undanförnum mánuðum, og það er þess vegna ekkert einkennilegt, þó að það sé nokkur beygur í talsmönnum þessara sjónarmiða út af því, hvernig fólki muni lítast á blikuna. Og það er þetta, sem gerir þann taugaóstyrk, sem á ber í sambandi við þetta mál og hefur komið þannig fram hjá hv. Alþb.-mönnum, að þeir hafa talað þindarlaust, þannig að með eindæmum má telja, en aftur á móti haft þau áhrif á hv. sjálfstæðismenn, að þeir hafa steinþagað allt aukaþingið. En rótin er sú sama. Það er beygurinn, — beygurinn út af þeirri stefnu, sem upp hefur verið tekin og sameiginlega á að berjast fyrir.

Umr. frestað.

Á 11. fundi í Nd., 6. ágúst, var enn fram haldið 3. umr. um frv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 21:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JóhH, JÁ, JR, KGuðj, KJJ, LJós, MJ, MÁM, ÓTh, RH, SÁ, StSt, ÞK, BBen, BÓ, EmJ, GJóh, GÞG, HV, IngJ, EOl.

nei: ÓlJ, ÓskJ, PÞ, SkG, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BFB, BP, EystJ, GíslG, TÁ, HS.

1 þm. (GÍG) fjarstaddur.

Frv. afgr. til Ed.

Á 5. fundi í Ed., 7. ágúst, skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þetta frv. til stjórnskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944, var samþ. á síðasta Alþ. Eins og lög gera ráð fyrir, var Alþ. síðan rofið og efnt til nýrra kosninga. Þær kosningar hafa þegar farið fram, og niðurstaða þeirra hefur orðið sú, að þeir flokkar, sem vitað var að voru þessari breytingu fylgjandi, hafa hlotið nærri ¾ hluta atkvæða, sem greidd voru í kosningunum, en andstæðingar málsins hlutu fylgi aðeins rúmlega ¼ kjósendanna.

Þetta mál hefur nú verið afgreitt í Nd. á ný til þessarar hv. d., og er því aðeins ólokið afgreiðslu málsins í þessari hv. d., til þess að það öðlist lagagildi. Ég tel óþarft að rekja efni frv. Það er öllum hv. þdm. kunnugt, bæði frá afgreiðslu málsins á síðasta Alþ., frá umr. í blöðum og útvarpi, og raunar mun það einnig hafa verið aðalumræðuefnið á öllum eða flestum þeim framboðsfundum, sem haldnir voru fyrir kosningarnar síðustu.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frekar, en mun aðeins leyfa mér að óska þess, að málið fái sem skjótasta afgreiðslu í þessari hv. d., með því að að því samþykktu er meginverkefni þessa þings að mínu viti lokið og með afgreiðslu kosningalaganna, sem því fylgja.

Ég ætla, að sú n., stjskrn., sem hefur áður verið kosin hér í d., hafi fengið tækifæri til að fylgjast með starfi neðrideildarnefndarinnar, og það til viðbótar þeim kunnugleika, sem allir dm. áður hafa um málið, ætti að geta orðið þess valdandi, að málið gæti fengið skjóta og góða afgreiðslu í þessari hv. deild.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Það er nú þegar séð, hvað er fyrirhugað með afgreiðslu þessa máls, og ég mun ekki þreyta umr. um þetta mál hér í þessari hv. d., a. m. k. ekki verulega, við þessa umr., nema tilefni gefist til. Aðalatriðið í málinu sýnist mér vera það að athuga, hvort framfylgt hefur verið í raun og sannleika ákvæði 79. gr. stjórnarskrárinnar í þessu máli.

Það er þersýnilegt og ekki umdeilt, að í 79. gr. stjórnarskrárinnar er gert ráð fyrir og ætlazt beinlínis til, að kjósendur taki, þegar ný stjórnskipunarlög hafa verið samþykkt í nýjum kosningum, afstöðu til þess og til þess eins, hvort fyrirhuguð stjórnskipunarlög, sem hafa verið samþ. á Alþ., eigi að öðlast samþykkt á því nýja þingi, sem fjallar um málið eftir þær kosningar. Það er ætlazt til þess í þessari grein, að þetta sé raunverulega þjóðaratkvgr. um stjórnskipunarlögin, og með öðru móti en að framfylgja þessu er stjórnskipunarlögum landsins í raun og veru ekki fylgt.

Þegar við athugum, hvernig að þessu hefur verið staðið, kemur í ljós, að þetta hefur ekki verið gert nema að forminu til. M. a. kom það greinilega fram í n., sem fjallaði um þetta mál, þegar við hv. þm. S-Þ. (KK) stungum upp á því að hafa þjóðaratkvgr. um þetta mál. Þá var því svarað, að það kæmi ekki til mála, enda bent á, að kosningarnar, sem færu í hönd, fjölluðu um þetta mál, þær snerust um þetta mál, og var gefið í skyn af ýmsum, að raunverulega færi fram þjóðaratkvgr. og það væri óþarfi að hafa þær tvær. Þetta var fyrir kosningarnar. Það kom greinilega fram hjá ýmsum þm., sem höfðu kjósendafylgi, sem bersýnilega og vitanlega var ekki við það miðað, að þeir gerðu þessar breytingar á stjórnskipunarlögunum, kom greinilega fram í þeirra afsökunum fyrir sínum samþykktum á stjórnskipunarlögunum, að kjósendur fengju tækifæri til þess að taka afstöðu til þessa máls við hinar nýju kosningar. Þannig var talað fyrir kosningarnar, meðan verið var að koma stjórnskipunarlögunum í gegnum þingið. En þegar í kosningarnar kom, var annað hljóð í strokknum. Í kosningunum sjálfum kom greinilega fram, að þeir þrír flokkar hér á Alþingi, sem standa að þessari breytingu á stjórnskipun landsins, vildu sem minnst um þessi mál tala. Ég get fullyrt, að í því kjördæmi, þar sem ég var í kjöri, snerust ræður mótframbjóðenda minna, a. m. k. 90% af öllum ræðunum, um allt annað en kjördæmabreytinguna. Þeir höfðu allir tilbúnar framboðsræður, skrifaðar framboðsræður, sem voru um

allt annað en kjördæmabreytinguna. Og það var með naumindum, að það var hægt að þvinga þá inn á það að ræða þau mál á þeim framboðsfundum. Ég var á allmörgum öðrum fundum, og þar var það sama upp á teningnum, það átti að kjósa um málefnin almennt, en ekki stjórnskipun landsins. Og það er enginn efi á því, að með því flokksvaldi, sem er í þessu landi, með þeim blaðakosti, sem þessir þrír flokkar hafa sameiginlega, og með þeim áróðurstækjum, sem þeir hafa sameiginlega, tókst að blekkja kjósendur í þúsundatali. Ég ætla ekki að rekja það nánar, en á fundum, sem ég sat á Vestfjörðum, var nákvæmlega sama upp á teningnum. Þeir, sem svöruðu af hálfu andstæðinganna, vildu undir engum kringumstæðum tala um kjördæmabreytinguna, heldur fóru út í allt aðra sálma.

Þannig var talað í kosningunum, og þannig var herópið t. d. hér í Reykjavík hjá Sjálfstfl.: „Aldrei framar vinstri stjórn.“ Og haldinn um það stór útifundur. Það sýnir greinilega, hvernig kosningalínan lá. Það var ekki um kjördæmabreytinguna, heldur var það fyrrv. stjórn og hennar verk, sem var fyrst og fremst lögð áherzla á á þeim fundi og í blaði Sjálfstfl. og í blöðum þeirra flokka, sem að kjördæmabreytingunni stóðu, þó að það væri misjafnlega mikið. Þess vegna er það, að það hefur aldrei farið fram sú þjóðaratkvgr., sú óbeina þjóðaratkvgr. um breytingar á stjórnskipun landsins, sem nýafstaðnar kosningar áttu raunverulega að vera. Þetta er alveg ljóst. Það eru notaðir í þessu máli hrekkir og reynt að blekkja kjósendur til fylgis við þessa þrjá flokka og leiða athygli þeirra frá því, að kosningarnar snerust raunverulega um breytingarnar á kjördæmaskipuninni, eins og sést náttúrlega á því, að nú fara fram almennar kosningar, ef þessi stjórnarskrárbreyting verður samþykkt, og þá kemur til þeirra kosninga, sem eru almennar, og þá kemur til þeirra átaka, sem að ýmsu leyti voru notuð í síðustu kosningum til þess að leiða athyglina frá kjördæmabreytingunni.

Það er því alveg óhætt að slá því föstu, að það var talað með allt öðrum hætti fyrir kosningarnar en í kosningunum sjálfum. Og eftir kosningarnar kemur svo þriðja myndin. Þá er því slegið upp með stórum fyrirsögnum á forsíðu allra þessara blaða, að ¾ af kjósendum landsins hafi raunverulega með kosningunum samþykkt stjórnarskrárbreytinguna. Þá allt í einu hafa kosningarnar snúizt um stjórnarskrárbreytinguna. Þá allt í einu snúast þær um stjórnarskrárbreytinguna, sem naumast mátti minnast á í kosningunum sjálfum. Þessi aðferð fyrir kosningarnar, í kosningunum og eftir kosningarnar er pólitískur hrekkur, og þess vegna hefur aldrei farið fram sú þjóðaratkvgr. um stjórnarskrána, sem ætlazt er til að fari fram í þeim kosningum, sem nú eru nýafstaðnar og 79. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir.

Þess vegna er það, að við framsóknarmenn höfum stungið upp á því, að látin verði fara fram þjóðaratkvgr. um málið, og ef þeir þrír flokkar, sem standa að þessu máli, hafa góða samvizku, þá ætti þeim að vera í lófa lagið að fallast á það. Það er bersýnilegt, að kosningar fara ekki fram fyrr en seint í október, og það þarf ekki að tefja kosningarnar. Það tekur litinn tíma að láta þjóðaratkvgr. fara fram. En þeir um það, það sýnir ekkert annað en það, að þeir ætla sér, ef þeir fallast ekki á að hafa þjóðaratkvgr. um málið, þá ætla þessir menn sér að láta sitja við þann leik, sem leikinn var, að vinna þetta mál raunverulega með hrekkjum.

Ég sagði í upphafi máls míns, að ég ætlaði ekki að vera orðmargur um þetta mál, a. m. k. ekki á þessu stigi og án tilefnis. Ég hef fylgzt með því, að í hv. Nd. hefur verið rætt um málið á breiðum grundvelli og það að sjálfsögðu ekki að ástæðulausu. Það liggja að þessu máli pólitískir þræðir, sem fróðlegt er að rekja í sundur og verða sjálfsagt raktir í sundur nánar en gert hefur verið í umr. í hv. Nd. Og það er bersýnilegt, að í þessu máli er nú verið að spinna þræði til að vefa úr pólitískar tjaldbúðir fyrir framtíðina. Ég álít, að ég geti sleppt því að ræða um það á þessu stigi, og ræði e. t. v. ekkert um það í þessum umr. Það er mál, sem kemur til umr. í þeim kosningum, sem fara fram, sennilega innan skamms, og áreiðanlega fara fram, ef þetta mál verður samþykkt. Ég álít, að höfuðáherzluna beri að leggja á það og prófa það hér í þessari hv. þd., hvort þeir þrír flokkar, sem standa að þessu máli, ætla sér að láta sitja við þá afgreiðslu, svo skemmtileg sem hún er, að vinna þetta mál með þeim pólitísku aðferðum, sem ég hef lýst, eða fallast á að láta fara fram heiðarlega skoðanakönnun í landinu um, hvort landsmenn eru þessu máli fylgjandi.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. þm. Str. (HermJ) virtist hafa af því nokkrar áhyggjur, að ekki hefði verið við meðferð málsins farið nákvæmlega eftir ákvæðum 79. gr. stjórnarskrárinnar. Til glöggvunar fyrir hann og aðra hv. þdm. skal ég leyfa mér að lesa upp þessa gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Till., hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái till. samþykki beggja þingdeilda, skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga að nýju. Samþykki báðar deildir ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.“

Ég vil leyfa mér að benda á, að í þessari grein er ekkert um það sagt, hvernig efnt skuli til kosninganna. Það stendur í greininni ekkert annað en það, að kosningar skuli fara fram, eftir að hin nýju stjórnskipunarlög hafi verið samþykkt hið fyrra sinn, og ef þau ná samþykki eftir þessar kosningar á því þingi, sem þá kemur saman á venjulegan hátt, þá eru það gild stjórnskipunarlög.

Þetta segir stjórnarskráin sjálf um málið. En til viðbótar þessu vil ég segja það, að ég ætla, að hverjum einasta íslenzkum kjósanda hafi verið ljóst, ef hann kastaði atkvæði sínu á þá þrjá flokka, sem að málinu stóðu, að þeir hefðu sömu afstöðu til málsins á því þingi, sem saman kæmi eftir kosningarnar, eins og þeir höfðu á síðasta Alþ. Hvað svo sem um málið hefur verið rætt

á þessum fundum og í blöðum fyrir kosningarnar síðustu, þá ætla ég, að öllum Íslendingum hafi verið ljóst, að ef þeir kysu þá flokka, sem að stjórnarskrárbreytingunni stóðu á síðasta þingi, þá um leið gerðu þeir sér það ljóst, hvað þeir væru að gera með tilliti til afgreiðslu málsins á því þingi, sem nú er saman komið.

Hv. þm. sagði, að hér hefðu verið framdir pólitískir hrekkir. Þetta er mjög fjarri því að vera rétt. Öll þjóðin vissi, hvað um var að ræða. Það var komið beint framan að henni með þessa stjórnarskrárbreytingu, og henni var ljóst, að um hana var kosið fyrst og fremst. Þó að í þessum kosningabardaga hafi verið rædd önnur mál, þá kemur það þessu ekki við. Náttúrlega blandast önnur mál inn í, þegar til kosninga kemur, og ekki þetta eina mál, sem þar verður til umr. En það breytir ekki hinu, að afgreiðsla þessa eina máls og aðalmáls er ráðin eftir því, hvaða flokkar eru kosnir til þessa þings. Þeir gáfu allir skýra og ákveðna yfirlýsingu um afstöðu sína í málinu fyrir kosningar.

Hv. þm. sagði, að hér hefði tekizt að blekkja kjósendur í þúsundatali. Þetta er mjög fjarri því að vera rétt, því að ég ætla, að það hafi ekki farið á milli mála hjá neinum íslenzkum kjósanda í þessum kosningum, að þeir flokkar, sem stóðu að kjördæmabreytingunni fyrir kosningarnar, mundu líka standa að henni eftir kosningarnar.

Hv. þm. sagði, að það hefði aldrei farið fram sú óbeina þjóðaratkvgr., sem þessar kosningar eiga að vera. Ég tel þetta alveg fráleitt, því að það hafa farið fram kosningar, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir, og á þann hátt, sem hún gerir ráð fyrir, þannig að afgreiðsla málsins nú eftir kosningarnar er fullkomlega stjórnskipuleg. Upp undir ¾ allra íslenzkra kjósenda hafa kosið þá flokka, sem að breytingunni standa. Það má vel vera, og ég skal ekkert um það segja, hvort einhverjir einstakir menn, sem hafa greitt þessum flokkum atkvæði, séu að einhverju leyti andvígir þessari breytingu, sem hér er verið að gera. Það má vel vera. En þeir hljóta að hafa gert sér það ljóst, að með því að greiða atkvæði eins og þeir gerðu hafa þeir verið að greiða fyrir afgreiðslu málsins eins og hún var fyrr.

Ég vildi aðeins láta þetta koma fram, því að þetta hefur verið ein aðalröksemd Framsfl. og hv. framsóknarþm. gegn afgreiðslu málsins nú, að málið hefði verið lagt fyrir kjósendurna á annarlegan hátt. En ég tel, að svo hafi ekki verið. Ég tel, að málið hafi verið lagt fyrir kjósendurna í landinu á fullkomlega eðlilegan hátt, þó að um leið hafi verið rædd að einhverju leyti önnur mál, sem alltaf ber á góma, þegar til þingmálafunda kemur, og í umr. í blöðum um og fyrir kosningarnar.

Afstaðan fyrir kosningarnar, í kosningunum og eftir kosningarnar hjá hinum pólitísku flokkum tel ég því hafi verið fullkomlega eðlileg, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mál það, sem hér er til umr., er stjórnarskrárfrv. Það er frv. um breyt. á stjórnarskrá Íslands. Allar lýðræðisþjóðir telja stjórnskipunarlög sín höfuðmál sitt og hafa ákvæði um það, að þeim lögum verði ekki breytt, nema þjóðarviljans sé leitað með sérstökum hætti. Slík ákvæði eru einnig í okkar stjórnarskrá, þó að það hafi sýnt sig, að þau ákvæði eru nú orðin úrelt. Þau eru úrelt sökum þess, að þær kosningar, sem bæði nú og stundum í seinni tíð hafa farið fram út af stjórnarskrárbreytingu, hafa raunverulega ekki snúizt um það mál, sem Alþingi hefur verið rofið út af.

Hæstv. forsrh. sagði, að hver einn einasti kjósandi landsins hefði vitað, að þessar kosningar snerust um stjórnarskrármálið og að atkvæði greitt þessum þremur flokkum, sem að því standa, væri þar með greitt framgangi þessa máls. Ég dreg mjög í efa, að þetta hafi ekki fallið í gleymsku hjá ýmsum kjósendum landsins. A. m. k. er mér fullkunnugt um það, að allt var gert, sem hægt var, til að draga athygli kjósenda frá því, að kosningarnar snerust um stjórnarskrármálið. Hvað á flokksmaður að gera, t. d. í Alþfl., sem er annt um flokkinn, en er á móti þessu máli? Hvað átti hann að gera í kosningunum, þegar því var haldið fram, að það þýddi ekkert að ræða um þetta mál, það væri útkljáð, þetta væri samþykkt og yrði samþykkt, hvernig sem kosningarnar færu, því að það vissu allir fyrir fram, að Framsfl. var ekki meirihlutaflokkur meðal þjóðarinnar? En þetta gerðu margir.

Ég get alveg tekið undir það, sem hv. þm. Str. (HermJ) sagði um þá fundi, sem hann hafði verið á. Það gekk eins til á þeim framboðsfundum, sem ég var á, að þar fengust frambjóðendur þessara flokka varla til að ræða um stjórnarskrármálið og deildu á okkur frambjóðendur Framsfl. fyrir að vera að þrástagast á stjórnarskrármálinu, sem væri útkljáð. Frambjóðendur Alþb. og Alþfl. í því kjördæmi ræddu aðallega sín á milli um það, hvor væri betri verkalýðsflokkur og hvor væri meiri svikari við verkalýðinn. Frambjóðendur sjálfstæðismanna ræddu aftur mest um vinstri stjórnina fyrrverandi og það ætti að vera markmið kosninganna frá þeirra hendi, að aldrei framar kæmi vinstri stjórn í þessu landi, o. s. frv. Ég held, að þó að t. d. hv. sjálfstæðismenn hér spyrðu hv. samþingismann minn, 2. þm. Eyf. (MJ), um það, hvort hér sé ekki rétt frá sagt, þá held ég, að hann mundi segja þeim það sanna, að hér væri rétt frá sagt.

Það er áreiðanlega úrelt aðferð að leita eftir vilja kjósenda um stjórnarskrárbreytingu í almennum kosningum. Með því er ég ekki að segja, að það hafi verið neitt ólöglegt, vitanlega var það löglegt og samkvæmt lögum að rjúfa þingið og láta kosningar fara fram nú í vor, af því að stjórnarskrárbreyting hafði verið samþykkt. Það hefur enginn framsóknarmaður haldið því fram, að slíkt hafi verið ólöglegt, og það var það eina, sem hæstv. forsrh. var að sanna, að hér hefði að öllu leyti verið farið löglega að. Það var farið löglega að að vísu, en það hrekur ekki það, að ekki var leitað þjóðarviljans á þann hátt, að hann kæmi í ljós um þetta mál.

Alls staðar hjá lýðræðisþjóðum mun þykja sjálfsagt að vanda sem mest til stjórnskipunar-

laga og til breytinga á þeim. Slík mál eru þaulrædd, oft í mörg ár, nefndir eru settar til undirbúnings, og sjálfsagt þykir í lýðræðislöndum að ná sem víðtækustu samkomulagi um þess konar mál, helzt allra flokka. Það eru örfá ár síðan Danir t. d. breyttu sínum grundvallarlögum. Þeir voru búnir að ræða það mál í mörg ár og hafa í því nefndir, og ég hygg, að síðast hafi tekizt samkomulag allra flokka eða svo til allra flokka um þær breytingar, sem gerðar voru. Var ein sú breyting töluvert róttæk, það var að breyta ríkisþinginu þannig, að í staðinn fyrir tvær deildir skyldi koma ein málstofa. Ákvæðinu um ríkiserfðir var einnig breytt og ýmislegt sett inn í grundvallarlögin, sem orðin var föst venja, en ekki hafði áður staðið í lögunum. Ég hygg, að meðal þessara þjóða sé það alveg óþekkt fyrirbrigði, að þingflokkar hlaupi saman, reikni út, hvað hver þeirra gæti haft mikið upp úr breyttri kjördæmaskipun, breyti svo stjórnskipunarlögum landsins í samræmi við það. En þetta hefur þó skeð hér, og þetta skeði í hinu mesta flaustri á síðasta Alþingi. Og nú er helzt ætlazt til, að þetta mál sé ekki rætt. Það á að ganga mjög hratt í gegnum Alþingi eða í gegnum þessa hv. d., og það er alveg í samræmi við það, sem sagt var í kosningunum í vor, að málið væri raunverulega útrætt, þyrfti ekki meira um það að ræða eða hugsa.

Ég hef enga löngun til að tefja þetta mál, en ég ætla samt að leyfa mér að fara nokkrum orðum um það og víkja þá fyrst og fremst að jafnvel aðallega að meðferð þess hér í þinginu.

Þingið er nú búið að standa hátt á þriðju viku. Allan þann tíma hefur þessi hv. d. verið með öllu aðgerðarlaus. Aðalblað ríkisstj., Morgunblaðið, því að það verður að teljast aðalblað ríkisstj. nú, talaði um það, um leið og þingið var sett, að þetta þinghald ætti ekki að þurfa að standa nema hálfan mánuð, nema svo skyldi nú vilja til, að hinir vondu framsóknarmenn færu að halda uppi málþófi, en málþóf er það víst að ræða málið. En í hv. Nd. hafa framsóknarmenn ekki rætt þetta mál meir en svo, að þess vegna hefði verið hægt að ljúka hverri umr. á einum degi. Það er sjálfur foringi þríflokkanna í þessu máli, hæstv. forseti Nd. (EOl), sem tafið hefur málið. Hann sleit fundi á föstudaginn var eða fyrir viku kl. hálf þrjú að ástæðulausu, að því er séð varð. Og hann hefur haldið lengstar ræður við umr. málsins þar, þó ekki um málið sjálft, heldur um menn og málefni, sem ekkert koma þessu máli við, en hefur þó orðið til þess, að menn hafa talið sig neydda til að svara nokkru af því, sem hann sagði. Að formi til hafa þessar ræður hans verið skammir um Framsfl., en innihaldið og meginkjarninn hefur verið ákaft bónorð til Sjálfstfl. um að lofa nú Alþb.-mönnunum að komast inn í þá stjórn, sem búizt er við að Sjálfstfl. myndi í haust.

Það var auðvitað frá upphafi fjarstæða að gera ráð fyrir hálfs mánaðar þinghaldi nú. Að vísu hefði verið hægt að afgreiða stjórnarskrármálið á þeim tíma, vegna þess að meiri hluti þings var búinn að semja um það, ef hæstv. forseti Nd. hefði ekki tafið það. En það var óframkvæmanlegt að afgreiða kosningalögin, svo að vel væri, á hálfum mánuði. Ég efa ekki, að hæfir menn hafa undirbúið kosningalagafrumvarpið, en þeim var þara gefinn allt of stuttur tími til þess verks. Ég álít, að það hefði borgað sig betur að gefa þeim lengri tíma og kalla þingið síðar saman.

Fyrir seytján árum, 1942, stóð mjög svipað á og nú. Þá hafði verið samþykkt stjórnarskrárbreyting, sem aðallega fjallaði um aðra kosningatilhögun, hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmum, og nokkra fjölgun þingmanna. Ef ég man rétt, kom aukaþingið, sem kallað var saman út af þessari stjórnarskrárbreytingu, saman 4. ágúst, og því var slitið 9. sept. Þetta hygg ég að sé rétt, þó að ég hafi nú ekki skrifaðar heimildir fyrir framan mig um það, og það tókst mætavel að hafa kosningar um haustið, og allt gekk sinn eðlilega gang fyrir því. En þrátt fyrir þau ákvæði í kosningalagafrv., sem eru víst í síðustu grein þess, að það öðlist gildi sem lög jafnhliða stjórnarskrárfrv., þá mundi ég ekki treysta mér til að fullyrða, að það væri löglegt að taka kosningalagafrv. til meðferðar, á meðan sú stjórnarskrá, sem nú gildir, er í gildi, því að kosningalagafrv. kemur að sjálfsögðu algerlega í bága við þá stjórnarskrá, sem nú er í gildi. En þetta hefur verið gert áður, og ég ætla ekkert að átelja það, þó að kosningalagafrv. sé til meðferðar í þinginu samhliða. En ef það er á annað borð löglegt að taka það til meðferðar í þinginu, þá tel ég, að það hefði verið jafnlöglegt að taka það til meðferðar í annarri deild en stjórnarskrárfrv. var lagt fyrir. Ef stjórnarskrárfrv. var lagt fyrir Nd., eins og gert var, þá hefði verið jafnlöglegt að leggja kosningalagafrv. fyrir hv. Ed., og þá hefðum við ekki þurft að vera aðgerðarlausir allan þennan tíma hér í hv. deild.

Þetta hefði ég talið heppilegri og skynsamlegri vinnubrögð og sennilega stytt þinghaldið um eina viku eða svo. En vitanlega mátti ekki afgreiða kosningalagafrv. sem lög frá Alþingi, fyrr en eftir að búið var að samþykkja stjórnarskrárfrv.

Stuðningsflokkar stjórnarinnar, — og ég skýt því inn, að ég tel Alþb. einn af þeim, — sömdu um þetta mál og ákváðu að taka engin rök til greina. Innihald frv. er að afnema öll núverandi kjördæmi landsins utan Reykjavíkur og setja í staðinn sjö stór kjördæmi, þar sem viðhafðar eru hlutfallskosningar, m. ö o.: innihaldið er það að afnema persónulega kosningu þm. eða þær leifar, sem eftir voru af henni, og taka upp í staðinn flokkskosningu. Það verður ekki framar kosið á milli manna, og mun fara lítið eftir því, hvers trausts menn njóta hjá kjósendum, hverjir verða þm., heldur verða flokkarnir kosnir. Þessu verður auðvitað ekki haggað, þar sem meiri hluti þings hefur um það samið, en þess hefði átt að mega krefjast af þessum flokkum, að þeir gengju a. m. k. sæmilega frá þessu atriði, sem þeir eru að koma í kring og eru allir sammála um. En þar finnst mér vera misbrestur á, og skal ég þó ekki eyða tímanum til að rekja það, en minnast aðeins á eitt atriði.

Árið 1874 voru engir flokkar til í landinu, enda nefndi stjórnarskrá sú, sem þá var sett,

ekkert um neina flokka, og þeir voru ekki heldur nefndir, þegar stjórnarskránni var breytt, bæði skömmu eftir aldamótin og síðar. Í fyrsta sinn eru flokkar nefndir 1933, þegar uppbótarþingsætin koma til sögunnar. Þá kom ákvæði um það í stjórnarskránni, að þessi uppbótarsæti skyldu vera til jöfnunar á milli þingflokka, og ekkert annað um þingflokka. Þetta var skilið svo, að flest þau samtök, sem kæmu einum manni eða fleiri inn á þing, skyldu teljast þingflokkur, en það var ekkert skilgreint í stjórnarskránni, hvaða skilyrðum þyrfti að fullnægja öðrum til þess að geta heitið stjórnmálaflokkur eða þingflokkur eða hvers eðlis þeir þyrftu að vera. Það hefur þó sýnt sig, að þess hefði verið þörf, því að það hefur síðan orðið að miklu deilumáli, hvað þingflokkur væri. Það skeði upp úr kosningunum 1956. Þá var því haldið fram, að tveir flokkar, sem báðir höfðu þó starfað í 40 ár, væru einn flokkur. Og það lá við borð, að sá skilningur yrði ofan á hér í hinu háa Alþingi. En hafi verið þörf á því að skilgreina hugtakið þingflokkur eða hugtakið stjórnmálaflokkur áður, er miklu meiri þörf á því nú, þegar öll stjórnskipunin á að fara að hvíla á flokkum. Þá er alveg nauðsynlegt að setja skýr ákvæði um þetta í stjórnarskrána, hvað sé átt við með orðinu þingflokkur. En þetta hefur láðst að gera. Sjálfsagt fæst þó þetta nauðsynlega atriði, sem stendur í beinu sambandi við þær breytingar, sem nú er verið að gera, ekki einu sinni tekið til athugunar í sambandi við þetta mál, og verður þá að sætta sig við það að sinni.

Ég var einn af þeim, sem ræddu nokkuð um þetta mál á síðasta Alþingi, og eins og ég sagði áðan, vil ég ekki tefja málið með því að endurtaka það, sem ég sagði þá. Þó verð ég að láta það sama í ljós og þá, að þessi afgreiðsla sjálfs stjórnarskrármálsins er hrein svik við þjóðina. Það er öllum í fersku minni, þegar lýðveldi var stofnað 1944 og lýðveldisstjórnarskrá sett, þ. e. a. s. bráðabirgðastjórnarskrá fyrir lýðveldið, og því var lofað af þinginu í heild sinni og öllum þingflokkum, og virtust allir sammála um það, að þessa stjórnarskrá lýðveldisins þyrfti að endurskoða og það sem fyrst. Og það voru settar nefndir til þess að vinna þetta verk, og ýmsir samningar fóru fram um það. Ég álít það hreint hneyksli, að nú skuli stjórnarskrá landsins vera breytt, án þess að um heildarendurskoðun lýðveldisstjórnarskrárinnar sé að ræða samkvæmt loforðum þingsins í heild sinni. Því er borið við, að Framsfl. hafi ekki fengizt til að semja um heildarlausn þessa máls vegna kjördæmamálsins. Þetta er vitanlega fjarstæða, því að auðvitað hefði mátt beita atkvæðamagni um þetta atriði stjórnarskrárinnar, þó að heildarendurskoðun hefði farið fram og frv. til lýðveldisstjórnarskrár legið fyrir. Þá hefðu þessir sömu flokkar getað beitt sínu þingvaldi til þess að ákveða kjördæmin eins og þeim sýndist.

Það eru líka ósannindi, sem mjög hefur verið haldið á loft af fyrrv. samstarfsflokkum Framsfl., að hann hafi svikið nokkra samninga frá 1956 um endurskoðun stjórnarskrár. Hann bauð samstarfsflokkum sínum upp á það, og það var sett n. af fyrrv. stjórnarflokkum í þetta mál, og hún var starfandi, þegar upp úr slitnaði. Það var samið um það, að þessu verki skyldi lokið á starfstíma fyrrv. stjórnar, en vitanlega var sá starfstími áætlaður út kjörtímabilið eða til ársins 1960, og liggja skjallegar sannanir fyrir því, að Framsfl. gerði ítrekaðar tilraunir til að fá málið athugað af þessum flokkum með það fyrir augum, að það yrði afgreitt á næsta reglulegu Alþingi.

Það er talið, að þjóðin hafi samþykkt þetta frv. í kosningunum. Að forminu til er þetta rétt, en raunverulega tel ég það mjög vafasamt, eins og hér hefur komið fram, vegna þess að allir stuðningsflokkar þessa máls reyndu að láta kosningarnar snúast um allt annað og sjálft stjórnarskrármálið var hreint aukaatriði. En hvað sem um þetta er, þó að það kunni að vera svo, að hægt sé að halda því fram með nokkrum hætti, að meiri hluti þjóðarinnar hafi í kosningunum samþykkt þetta frv., þá er hitt víst, að einstakir landshlutar, sem þessi breyting á að bitna á, hafa mótmælt því og það kröftuglega.

Eitt af þeim kjördæmum, sem gersamlega hafa mótmælt þessu frv., er mitt kjördæmi. Þar var allverulegur meiri hluti allra kjósenda í kjördæminu, sem kaus Framsfl. Sama er að segja um báðar Þingeyjarsýslur, en þessum sýslum á nú að steypa saman í eitt kjördæmi ásamt Akureyri á móti vilja þeirra sjálfra, og sá vilji kom greinilega fram í kosningunum.

Á síðasta þingi, þegar þetta mál var til umr., sagði hv. 1. þm. Reykv. (BBen) á þá leið, að hér ætti ekki að afnema nein kjördæmi, eins og við framsóknarmenn hefðum haldið fram, það ætti að sameina þau, og líkti hann þessu við það, að það ætti að gifta kjördæmin. Að vísu var þá um fjölkvæni að ræða, því að siður er það í okkar þjóðfélagi, að það sé einungis karl og kona, sem giftast, en ekki margir í einu hjónabandi, kannske fleiri karlmenn og fleiri konur. Ég veit ekki, hvernig hann hefur hugsað sér þetta sem líkingu á giftingu. En hvað sem um það er, þá er það víst og kom ljóslega fram í kosningunum, að t. d. Eyfirðingar og Þingeyingar vilja ekki láta gifta sig á þennan hátt. Það er ekki vegna neinnar óvildar á milli þessara héraða, þvert á móti, það fer mjög vel á með Eyfirðingum og Þingeyingum. En hvort héraðið um sig vill halda sjálfstæði sínu og halda sínum þm., sem það hefur undanfarið haft. Margir ofbeldisseggir á fyrri tímum giftu dætur sínar nauðugar og ævinlega í eiginhagsmunaskyni. Stuðningsflokkar þessa máls ætla auðsjáanlega að feta í fótspor þeirra manna.

Í fullu umboði kjósenda minna mótmæli ég því ofbeldi, sem hér á að fremja gagnvart þeim og öðrum þeim héruðum, sem hafa ótvírætt sýnt það í kosningunum, að þau vilja ekki láta svipta sig sínum sérstöku þingmönnum. Ég veit, að þau mótmæli verða ekki tekin til greina, en það gæti farið svo, að eftir því yrði munað í kosningunum í haust.

Að lokum langar mig svo til að minnast aðeins á eitt mál, sem ekki er beinlínis tilheyrandi stjórnarskránni, en stendur þó í nánu sambandi við þær breytingar, sem hér er verið að gera. Það á að fjölga þm. upp í 60. Þegar þetta

hús var byggt, — 1880 mun það hafa verið, — þá voru þingmennirnir 36, og húsið var miðað við það, að hér ynnu 36 þingmenn. Síðan hefur þingmönnum verið smáfjölgað, og nú eru þeir 52. Og það vita allir, jafnvel nýkosnu þingmennirnir, að hér í þessu húsi eru engin vinnuskilyrði fyrir svo marga menn, ekki nokkur, og þeir, sem hafa þótt ekki sé nema litið inn í þinghús annarra þjóða, t. d. á Norðurlöndum, vita enn betur, hvernig vinnuskilyrðin eru hér og vinnuskilyrðin eru þar. — Ég sé nú ekki betur en hæstv. ríkisstj. sé horfin héðan, og mun það vera framhald af því, sem hún hefur gert, þegar þetta mál hefur verið til umr. í hv. Nd. En ég vildi nú mega spyrja hæstv. ríkisstj. eins, — ja, það bólar ekki á hæstv. ríkisstj. (**Forseti:** Ég vil aðeins skýra þm. frá því, að ég hef gert ráðstafanir til þess, ef ráðherrarnir eru í húsinu, að þeir verði kvaddir hingað.) — Í haust verða þm. 60. Nú vildi ég mega beina þeirri spurningu til hæstv. ríkisstj., hvernig hún hugsar sér, að þessir 60 þm. geti haft vinnuskilyrði hér í þessu húsi og hvernig yfirleitt á að koma þeim fyrir hér í þessu húsi á fundum, þannig að þeir hafi þó sæti og geti setið við borð. Ég heyri sagt, að í brezka þinginu hafi ekki allir þingmenn sæti, enda er það víst sjaldan, að þeir mæti allir. Það á kannske að taka upp það brezka fyrirkomulag að láta einhverja þingmenn vera án sætis, og fyndist mér það þá sanngjarnt, að það yrðu uppbótarþingmennirnir, sem ekki hefðu sæti. Þeir eru hvort sem er ekki kosnir, heldur bara úrskurðaðir inn í þingið með lögum.

Í þessu sambandi þykir mér rétt að skýra frá því, að fyrrv. forsetar gerðu ráðstafanir til þess að fá hæfa menn til þess að athuga möguleika á viðbótarbyggingum fyrir Alþingi hér á lóð þess. Og ég veit, að það hefur komið álitsgerð, kannske ekki mjög ýtarleg, en þó nokkur um þetta, og teikning af því, hvernig a. m. k. einn arkitekt hugsar sér, að koma megi þessu fyrir. Nú vildi ég mega spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ríkisstj. hugsar sér ekki að gera ráðstafanir til þess og það nú í vetur, á aðalþinginu, að koma skriði á þetta mál, t. d. að biðja Alþingi um fjárveitingu, og eins að undirbúa það á annan hátt, að Alþingi fái aukið húsnæði. Ég býst við, að mér komi þetta mál ekki mikið við persónulega og að ég hafi ekki mikil óþægindi af því, þó að hér verði ekki hægt að vinna. Það hefur nú í mörg ár ekki verið hægt að vinna í Alþingi. Það vitum við allir, sem hér höfum verið. Hér er ekki hægt að taka á móti t. d. sendinefndum, sem oft koma til þess að finna þingmenn, eða það eru a. m. k. mestu vandræði, og annað er eftir því. Forsetar Alþingis 3 hafa nú loksins fengið eitt lítið herbergi til umráða fyrir sig, allir 3 í sameiningu. Annars staðar mun það vera, að forsetar þinganna hafa heilar skrifstofur og flestir þingmenn herbergi í þinghúsinu til að geta starfað þar. Mér finnst, þegar nú á að fjölga þingmönnum svo mikið sem nú er gert ráð fyrir, að þá sé óhjákvæmilegt að gera ráðstafanir í þessu efni og sérstaklega þá sökum þess, að það getur óðar en líður orðið of seint að hugsa sér viðbótarbyggingar hér á lóð Alþingis. Ef Reykjavíkurbær ætlar að fara að eyðileggja lóðir Alþingis með því að byggja stórt ráðhús úti í Tjörninni, þá er vitanlega loku fyrir það skotið, að hægt sé að nota lóð Alþingis til nýrra hæfilegra bygginga. Mér hefði nú fundizt, að hæstv. ríkisstj. ætti að gangast fyrir löggjöf um það að óheimila Reykjavíkurbæ slíka fjarstæðu að fara að byggja ráðhús úti í Tjörninni og hæfist eitthvað handa um það, að þessir 60 þingmenn hennar geti þó komizt inn.

Forseti (EggÞ): Í sambandi við þá fsp. síðasta ræðumanns (BSt), er að okkur lýtur, forsetum þingsins, þá vil ég aðeins taka það fram, að það mál, sem hann ræddi hér um, um endurskipulagningu þingsalanna með tilliti til þess, að þingmönnum fjölgaði við hina væntanlegu breytingu stjórnskipunarlaganna, er í athugun, og hafa þegar verið gerðir uppdrættir að nokkrum hugmyndum um það, bæði hvað snertir bráðabirgðabreytingu og eins þá, sem varanleg yrði, ef mögulegt yrði að koma henni á, áður en næsta þing kæmi saman. Og ég get upplýst hv. þm. og aðra þdm. um, að ég hef hugmynd um, að það er ráð fyrir því gert, að allir þm. hafi sæti, jafnt kjördæmakjörnir þingmenn sem uppbótarþingmenn.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Nú í sumar voru liðin 15 ár, frá því að lýðveldi var stofnað á Íslandi 1944. Þá voru þær einar breytingar gerðar á stjórnarskránni, sem óhjákvæmilegar voru vegna hinna breyttu stjórnarhátta, en í rauninni fyrst og fremst formsbreytingar einar.

Um lýðveldisstofnunina ríkti á sínum tíma þjóðareining, og þá einingu vildu menn ekki rjúfa með því að stofna þá til ágreinings um ýmis efnisatriði stjórnarskrárinnar, sem margir töldu að þyrfti að breyta, en vitað var að ekki næðist fullkomin eining um. Fleira olli vitanlega, að ekki þótti þá eðlilegt að stofna til gagngerðra breytinga, m. a. það, að slíkt mál þyrfti mjög ýtarlegs undirbúnings í höndum hinna færustu manna og að nauðsynlegt væri og óhjákvæmilegt alveg að gefa þjóðinni kost á að íhuga vandlega allar slíkar tillögur, áður en til úrslita kæmi. Allir viðurkenndu, og það er viðurkennt með öllum lýðræðisþjóðum, að stjórnarskráin, grundvallarlögin sjálf eru einhver hin þýðingarmestu lög og að flaustursleg vinnubrögð og handahófskennd eru á engan hátt sæmileg við lagasetningu, og allra síst þegar um þau er að ræða.

Strax á þessu ári, 1944, var sett nefnd til að undirbúa breytingar á stjórnskipunarlögunum. Og síðan má segja að stöðugt hafi setið milliþn. í þessu máli. Hitt er svo alþjóð kunnugt, að harla lítill árangur hefur sézt af störfum þessara nefnda. Vafalaust hafa þær þó unnið ýmislegt í málinu, — ég dreg það ekki í efa, — vafalaust safnað gögnum og unnið ýmiss konar undirbúningsstarf, en almenningi sýnilegur árangur af störfum þeirra er lítill. Ég fer ekki út í það hér að rekja orsakir þess, hvers vegna afköst mþn. í stjórnarskrármálinu hafa orðið svona lítil. Þar kemur vitanlega margt til. Og það er

rétt, að á þessu tímabili hafa Íslendingar verið önnum kafnir, á þessu tímabili hefur orðið meiri framþróun í atvinnulífi, menningarmálum og á ótal sviðum heldur en nokkru sinni áður og menn hafa verið almennt talað mjög svo önnum kafnir um þessar mundir. Samhliða þessu hafa, eins og allir vita, hv. alþm. ekki síst, verið miklir erfiðleikar á sviði efnahagsmálanna, margvíslegir erfiðleikar. Og það hefur miklum tíma og miklum kröftum verið varið til þess að leita þar úrræða, þó að árangur hafi ekki orðið eftir erfiði, m. a. vegna þess, hvernig línur hafa legið í stjórnmálunum og hversu sundrung hefur verið mikil með þjóðinni á því sviði.

En sem sagt, endurskoðun stjórnarskrárinnar hefur á þessu tímabili algerlega setið á hakanum, þrátt fyrir það þótt allir stjórnmálaflokkarnir hafi oft og iðulega látið í ljós í orði töluverðan áhuga fyrir þessu máli. Áhuginn hefur orðið miklu minni í verki, — þangað til á s. l. vetri. Þá varð á þessu breyting, mikil og gagnger breyting. Þá gerðist það, að þrír landsmálaflokkar fylltust eldmóði í stjórnarskrármálinu, og meðal þeirra var Sjálfstfl. og hafði þar jafnan forustu, sá flokkur, sem lengst af á þessu árabili, síðan lýðveldið var stofnað, hefur haft forustuna í stjórnarskrárnefndunum, forustuna fyrir því aðgerðarleysi, sem þar hefur ríkt. En hins er að gæta og á það vert að minna, að allur áhuginn beindist að einum punkti og einum punkti aðeins, að einni grein stjórnarskrárinnar, að því að gerbylta kjördæmaskipun landsins. Allt hitt mátti bíða. En nú þurfti að vinna skjótt að. Ýtarlegur undirbúningur var talinn óþarfur og engin þörf á því, að þjóðin fengi neitt verulegt tóm til að íhuga þessi mál. Þvert á móti, það var engu líkara en þetta mætti ekki eiga sér stað, málið skyldi afgreitt með hraði. Og það er talið, að ef upphaflegar ráðagerðir þeirra flokka, sem að kjördæmabyltingunni stóðu, hefðu tekizt, þá væri þetta mál nú löngu klappað og klárt.

Þessi vinnubrögð voru vitanlega alveg fráleit, og bar margt til þess. Það er skylt og sjálfsagt, eins og margsinnis hefur verið bent á, að leita vandlega sem allra víðtækastra samtaka og samstöðu, þegar um er að ræða breytingar á stjórnarskránni. Þetta var ekki gert. Til málamynda var rætt við Framsfl. um þetta mál, en ekki heldur meira. Allt þurfti að ganga með sem mestum hraða.

Og þó var það svo, að ekkert rak í sjálfu sér á eftir að ljúka þessum málum í skyndi. Það má t. d. minna á það, að það lágu engar kröfur fyrir, engar almennar samþykktir úr þeim landshlutum, sem breytingin skyldi verða í, engar almennar óskir um að koma á þeirri breytingu, sem nú er stefnt að, og nú er komin á síðasta stigið. Og það lágu heldur engar almennar óskir fyrir um þetta eða fjöldasamþykktir hér úr höfuðstaðnum, alls ekki. Það var ekkert þess háttar, sem rak þarna á eftir. Aftur á móti var það svo vissulega, að ýmsar þjóðfélagsástæður höfðuðu til varfærni, mæltu gegn því sterklega að kveikja á þessu sumri ófriðarbál tveggja kosninga. Ég nefni efnahagsmálin í þessu sambandi. Það er vitanlega öllum landsmönnum ljóst, hver höfuðnauðsyn okkur er á samstilltum átökum, sem leitt gætu til aukins jafnvægis og aukins öryggis í fjármálalífi þjóðarinnar. Og ég nefni landhelgisdeiluna við Breta, stærsta sjálfstæðismálið í dag. Vitanlega hefði það þýtt aukinn styrk í þeim átökum, ef hér hefði setið sterk ríkisstjórn. Vissulega er þjóðin samstillt í þessu máli. En stjórnarhættir á borð við þá, sem við búum við nú, samfara þeim tvístringi, þeirri sundrun krafta, sem tvennar kosningar með fárra mánaða millibili hljóta að hafa í för með sér, ekki síst hjá jafnlítilli þjóð og okkar, þetta hlýtur að veikja aðstöðuna út á við alveg óhjákvæmilega. En á ekkert af þessu vildu flokkarnir þrír, sem stóðu að kjördæmabyltingunni, líta. Þetta allt var látið lönd og leið. Það gilti eitt hjá þeim og aðeins eitt: að knýja fram breytinguna á þessu eina atriði stjórnarskrárinnar á sem allra stytztum tíma, enda þótt það hafi svo í reyndinni tekið lengri tíma en fyrirhugað var. Því olli sumpart hörð andstaða Framsfl. og sumpart innbyrðis ágreiningur milli þessara þriggja aðila, um aukaatriði þó. Og samt hafa leikar farið svo, að þetta mál er afgreitt með miklu meiri hraða en æskilegt er og eðlilegt.

Eins og ég sagði áðan, eiga veigamiklar breytingar á grundvallarlögum einnar þjóðar að liggja fyrir þjóðinni til vandlegrar íhugunar og athugunar í langan tíma, þannig að hverjum einstökum gefist kostur á því í raun og veru að vega og meta í næði það, sem er að gerast. Grundvallarlögum á ekki að breyta í flaustri, og tíðar breytingar á þeim eru vissulega mjög óheppilegar. Þau eiga að vera eins konar kjölfesta þjóðarskútunnar, og sannarlega er okkur Íslendingum full þörf á slíkri kjölfestu á okkar djörfu siglingu.

Hér hafa að minni hyggju verið viðhöfð mjög óeðlileg vinnubrögð og jafnframt mjög óheppileg. Þau eru óeðlileg að því leyti, að allt virðist vera við það miðað að ná sem mestum hraða í afgreiðslu málsins og gefa þjóðinni sem minnst tóm til íhugunar, og þau eru óheppileg sakir þess, hversu ástatt var á sviði efnahagsmálanna og í landhelgisdeilunni við Breta. Og ég vil segja það hreint út, að þessi vinnubrögð sæma ekki íslenzkum stjórnmálaflokkum og þau eru í hæsta máta ósamboðin hverjum ábyrgum stjórnmálaflokki í lýðfrjálsu landi, hvar sem er.

Hér reyndist þó, þegar fram í sótti, aðeins um að ræða forspil þess, er síðar kom fram. Þetta, sem ég nú hef rakið í fáum orðum, var í raun inni saklausasti þátturinn í þeim fáránlega loddaraleik, sem flokkarnir þrír hafa sett á svið í sambandi við kjördæmabyltinguna.

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar varðandi gildistöku á stjórnarskrárbreytingu eru alveg ótvíræð. Það er ætlazt til þess, að fram fari sérstakar kosningar og breytingin sé samþykkt að nýju á nýkjörnu þingi, áður en hún tekur gildi. Allir vita, að á því er verulegur annmarki í framkvæmd að fá fram við almennar kosningar raunverulegan vilja þjóðarinnar um eitt einstakt mál. Menn hafa ævinlega sterka tilhneigingu til þess hér á landi — og það er svo vafalaust víðar — að fylgja sínum flokkum, að kjósa eftir stefnumálum og eftir dægurmálum, og þetta er vissu-

lega nokkurt vorkunnarmál. Þetta hefur mörgum Íslendingum verið ljóst lengi. Það sést m. a. á því, að úr ýmsum áttum hafa komið fram till. um að efna til sérstaks stjórnlagaþings í sambandi við þá breytingu, sem allir vita að þarf að gera á stjórnarskrá lýðveldisins, og þá jafnframt að setja inn í stjórnarskrána ákvæði um það, að henni skuli jafnan breytt á þann hátt. Nú verðum við að viðurkenna það, að slík tilhögun, sérstakt stjórnlagaþing, tryggir ekki að fullu, að hlutlaus athugun fari fram á þessum málum, þannig að flokkasjónarmiða gæti ekki. En það eykur líkurnar fyrir því stórkostlega, að stjórnarskráin sé tekin fyrir á vettvangi, þar sem ekki liggur fyrir að ræða og taka ákvarðanir um önnur þjóðmál. En vitanlega er það höfuðnauðsyn í sambandi við breytingar á grundvallarlögunum að fá fram óháða skoðanamyndun almennings í landinu.

Þetta hefur löngum reynzt erfitt, eins og ég hef vikið að. Núna, við þá stjórnarskrárbreytingu, sem hér er til meðferðar, hefði þetta þó í eðli sínu átt að vera tiltölulega auðvelt, vegna þess að breytingin núna er eingöngu um breytingu á kjördæmaskipun og kosningatilhögun, og það var alveg fyrirsjáanlegt, að nýjar kosningar færu fram strax með haustinu. Nú kom það nokkuð fram í áróðri við kosningarnar og m. a. í mínu kjördæmi, að færi svo, að andstæðingar kjördæmabyltingarinnar efldu Framsfl. að því marki, að hann næði meiri hluta, þá mundi hann nota þá meirihlutaaðstöðu, sem fengin væri vegna kjördæmamálsins, til þess að sitja í ríkisstj. í 4 ár. Þetta var vitanlega fullkomin fjarstæða, því að slíkur meiri hl. gat ekki farið með stjórn landsins í langan tíma af þjóðfélagslegum ástæðum, sem þarflaust er að skýra fyrir hv. dm.

En sem sagt, það átti að vera tiltölulega auðvelt núna að halda stjórnarskrármálinu einangruðu og láta kosningarnar snúast um það eitt. En hvað skeður? Þegar undirbúningur kosninganna hófst, byrjuðu stuðningsflokkar kjördæmabyltingarinnar æðisgenginn áróður. Þeir sögðu: Málið er til lykta leitt nú þegar. Það er ekki verið að kjósa um þetta mál. — Í þessu fólst náttúrlega megn fyrirlitning á allri sjálfstæðri hugsun, auk þess sem slíkt tal var beinlínis andstætt bókstaf stjórnarskrárinnar. Nei, nú á að kjósa um allt annað en kjördæmamálið, sögðu þessir flokkar. Sjálfstfl. sagði, að kosið skyldi um „aldrei aftur vinstri stjórn“, og ég man, að frambjóðandi Sjálfstfl. í Suður-Múlasýslu talaði mikið um það frelsi, sem ætti nú að kjósa yfir sig með því að efla Sjálfstfl., og eyddi í það löngum kafla úr sinni ræðu. Frambjóðendur Alþfl. héldu því fram, að nú ætti að kjósa um stefnu ríkisstj. Menn ættu að tjá henni traust og virðingu með atkvæði sínu vegna frábærra afreka í sambandi við afgreiðslu fjárlaga t. d. og meðferð efnahagsmálanna almennt! Alþb., a. m. k. austur frá hjá okkur, talsmenn þess, þeir héldu því fram, að nú ætti sérstaklega að kjósa um landhelgismálið, það eina mál, sem á dagskrá var, sem fullkomin þjóðareining ríkti um. Allir flokkarnir þrír lögðust á eitt í þessu efni: Ekki kjósa um kjördæmamálið, kjósa um allt annað! Framsfl. einn lagði málið fyrir alveg á eðlilegan hátt. En rödd Framsfl. hlaut að drukkna að verulegu leyti í samstilltum herópum hinna þriggja, sem ráða margföldum blaðakosti.

Sterkar líkur benda því til þess, að kosningarnar hafi ekki snúizt um kjördæmabreytinguna nema að litlu leyti. Samstilltur og óskammfeilinn áróður þriggja flokka hafði tilætluð áhrif, enda gullu hróp þeirra allt fram á kvöld hins 28. júní. Svo fór fram talning atkvæða. Það varð hlé, og blöðin tóku sér hvíld á mánudaginn. En síðan hófust hrópin að nýju, og þau voru enn samstillt, engu síður en fyrir kosninguna, en nú kvað bara við allt annan tón: þrír fjórðu kjósenda hafa greitt kjördæmabreytingunni atkvæði, einn fjórði á móti! Slíkar voru fyrirsagnir blaða þriflokkanna eftir kosningarnar og náðu yfirleitt yfir þvera síðu. Nú var enginn vafi, um hvað var kosið. Nú hafði verið kosið um kjördæmamálið og ekkert annað en kjördæmamálið, sögðu þriflokkarnir.

Þessi framkoma þriggja flokka við síðustu kosningar er í hæsta máta ósæmileg. Hér hefur verið hafður í frammi í einu hinu stærsta þjóðmáli einhver hinn ódrengilegasti áróður, sem sögur fara af í íslenzkri landsmálabaráttu. Svona vinnubrögð dæma sig vitanlega sjálf, og það má mikið vera, ef þeir, sem fyrir þeim stóðu, eiga ekki eftir að gjalda fyrir það síðar, þótt þeir í krafti fjármagns og áróðurstækni geti e. t. v. varið sig meiri háttar áföllum þeirra vegna.

Ég mun ekki að þessu sinni ræða efnisatriði þess frv. til stjórnskipunarlaga, er nú liggur fyrir hv. d. Það gefst tækifæri til þess síðar. En ég vildi þegar við þessa 1. umr. láta í ljós skoðun mína á þeim endemisvinnubrögðum, sem stuðningsflokkar kjördæmabreyt. hafa viðhaft við meðferð málsins, bæði innan þingsins og utan.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÓÓ, BjörnJ, EJ, GG, FRV, FS, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, EggÞ.

nei: VH, BSt, BjörgJ, HermJ, KK, PZ.

1 þm. (SB) fjarstaddur.

Frv. vísað til stjskrn. með 13 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Ed., 10. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 1, n. 22 og 24).

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Á s. l. vori var samþ. á Alþ. breyt. á stjórnarskrá Íslands, og fól hún það í sér, að kjördæmaskipun þeirri, sem þá hafði að undanförnu gilt hér, yrði breytt á þá lund, sem frv. fjallaði um. Það var flestum, ef ekki öllum landsmönnum orðið ljóst undanfarin ár, að sú kjördæmaskipun og tilhögun alþingiskosninga, sem hér gilti, var með öllu úrelt orðin og fékk ekki staðizt til lengdar, ef við eigum að haga stjórnskipun okkar eftir meginreglum lýðræðisins. Þetta er ekkert einstakt fyrir Ísland, heldur hafa margar eða flestar þjóðir aðrar, sem búa við lýðræðisskipulag, orðið öðru hverju að breyta kjördæmaskipun og kosningatilhögun eftir breyttum þjóðháttum, eftir breyttum atvinnuháttum og tilflutningum fólks í landinu.

Þegar velja skyldi nýja skipan hér til að fullnægja lýðræðiskröfum, voru einkum þrjár leiðir, sem til greina komu. Ein var sú, að eintóm einmenningskjördæmi skyldu höfð, önnur, að landið skyldi gert allt að einu kjördæmi og kosið hlutfallskosningum, og þriðja leiðin sú, að landinu skyldi skipt í nokkur stór kjördæmi, þar sem kosið yrði hlutfallskosningum, og síðan jafnað með uppbótarþingsætum. Síðasta leiðin var valin af ýmsum ástæðum, og er ég ekki í vafa um, að hún muni reynast happasælust fyrir íslenzkt þjóðfélag. Þessi leið var valin af ýmsum ástæðum, en m. a. má benda á það, að þær þjóðir, sem okkur eru skyldastar um menningu, sögu, tungu og allan lýðræðislegan hugsunarhátt, Norðurlandaþjóðirnar fjórar, hafa allar nú um langan aldur búið einmitt við þetta skipulag. Allar þessar fjórar þjóðir hurfu á sínum tíma frá meirihlutakosningu í einmennings- eða fámenniskjördæmum og til þess fyrirkomulags að hafa stór kjördæmi með hlutfallskosningum og að nokkru leyti uppbótarsætum. Við þetta skipulag hafa Danir, Finnar, Norðmenn og Svíar búið frá 30—40—50 árum, og heyrast mér vitanlega engar raddir í þessum löndum um, að hverfa beri frá því skipulagi og til meirihlutafyrirkomulags eða einmenningskjördæma aftur. Miðað við þessa reynslu m. a. er þess að vænta, að hin nýja skipan hér gefist vel.

Ég vil í þessu sambandi minnast á það, að frá hendi andstæðinga þessa frv. hefur því stundum verið hreyft og haldið fram til stuðnings þeirra máli, að í Finnlandi hafi hlutfallskosningar í stórum kjördæmum gefizt svo illa, að liggi við stjórnleysi á köflum með þeirri ágætu þjóð. Hér er um algera rökfölsun að ræða, þegar þessu er haldið fram. Það er vitanlegt, að erfiðleikar Finna um stjórnarmyndanir nú að undanförnu stafa alls ekki af kosningafyrirkomulaginu, heldur eingöngu af utanaðkomandi ástæðum fyrir þá áþján og þær beinar og óbeinar hótanir og þvinganir, sem hinn voldugi granni þeirra beitir þá. T. d. var það eftir síðustu kosningar í Finnlandi, að þá höfðu allir flokkar þar í landi nema kommúnistar náð samstöðu um að mynda stjórn og vinna saman, og ástæðan til þess, að sú stjórnarsamvinna fór út um þúfur og stjórnin varð að segja af sér, var eingöngu hin utanaðkomandi þvingun. Það er því ekki minnsti fótur fyrir því, að kosningafyrirkomulagið í Finnlandi eigi nokkurn þátt í þeim erfiðleikum, sem þeir hafa átt við að etja um stjórnarmyndanir að undanförnu.

Þetta fyrirkomulag, sem samþ. var á síðasta Alþ. með miklum þingmeirihluta, eða þessar till. voru svo bornar undir þjóðina með þeim hætti, sem stjórnarskráin sjálf ætlast til, en hún segir, að þegar breyt. er gerð á stjórnarskránni, samþ. á þingi með venjulegum hætti, skuli þing rofið, efnt til nýrra kosninga, og ef hið nýkjörna þing samþykkir stjórnarskrárbreyt. óbreytta, verður hún að lögum og fær gildi sem stjórnskipunarlög. Þessum fyrirmælum stjórnarskrárinnar hefur í einu og öllu verið hlýtt. En eftir að málið hefur í því formi, sem stjórnarskráin sjálf ætlast til, verið lagt fyrir kjósendur, er niðurstaðan sú af kosningunum, að á hinu nýkjörna þingi eiga sæti 33 þm., sem allir höfðu í kosningunum og fyrir þær lýst yfir stuðningi við þetta mál, en 19 þm., sem höfðu lýst afstöðu sinni gegn því. Það er því ljóst, að ekki aðeins mikill þingmeirihluti, heldur mikill þjóðarmeirihluti er fylgjandi þessari stjórnarskrárbreyt. Þó mun fylgi stjórnarskrárbreyt. með þjóðinni vera miklu meira en þingmannatalan segir til um, vegna þess að til þessa þings var kosið eftir hinni gömlu og úreltu kjördæmaskipun, sem hefur gefið andstæðingum frv. miklu fleiri þm. en þeir eiga nokkurn rétt á eftir atkvæðamagni sínu og fylgi með þjóðinni.

Ég ætla ekki að hafa þessi inngangsorð fleiri, en stjskrn. hefur fjallað um þetta frv. nú, ekki náð um það samstöðu, en meiri hluti hennar, þ. e. 5 nm. af 7, mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Forseti (EggÞ): Mér er tjáð, að prentun sé lokið á nál. minni hl. stjórnarskrárnefndar, en hins vegar hefur ekki unnizt tími til að ná því úr prentsmiðjunni. Ég hefði hins vegar talið eðlilegt, að áður en frekari umr. fara fram, lægi þetta þskj. fyrir, og þar sem ekki getur verið um nema mjög skamman tíma að ræða, þangað til því verður útbýtt, þá tel ég rétt, að fundi sé frestað í 15 mínútur, til kl. 5 mínútur fyrir 2. — [Fundarhlé.]

Forseti (EggÞ): Er þá fundi fram haldið, en þskj. því, sem áðan vantaði að útbýta, hefur nú verið útbýtt. Nú bárust mér óskir frá formönnum þriggja þingflokka um, að enn yrði veittur nokkur fundarfrestur, til þess að hægt væri að skjóta á flokksfundum um mál, sem þeir telja mjög knýjandi. Það hefur orðið að samkomulagi við forseta Nd., að fundi yrði frestað til kl. 3, og vænti ég þá, að þdm. verði viðstaddir, og mun þá fyrir tekið nefndarálitið og frsm. minni hl. taka til máls. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Margt er það í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, sem litið var svo á 1944, þegar lýðveldið var endurreist, að breyta yrði hið fyrsta. Það hefði þótt fjarstæðuspá á því ári, að stjórnarskránni yrði í engu breytt í hálfan annan áratug og loks 1959 aðeins einni grein, ekki af því, að fleiru þætti þá ekki þörf að breyta, heldur vegna þess, að ekki mætti tefja sig á því. Visst augnablik virtist þurfa að nota, hraðfleygt augnablik, sem óvíst var að kæmi nokkurn tíma aftur. Hvaða augnablik var þetta? Það var augnablikið, þegar Alþfl. og Alþb. datt í hug, að þeir flokkar gætu grætt á því að verða við óskum Sjálfstfl. um að breyta kjördæmaskipuninni. Sennilegt þykir mér, að þessir flokkar eða öllu heldur núverandi forsprakkar þeirra komist innan skamms ekki hjá að minnast þessa augnabliks með svipuðum hugsunum og Steingrímur skáld Thorsteinsson setti fram í ljóði á sinn djúpskyggna, en nokkuð meinlega hátt:

Eitt einasta syndar augnablik,
sá agnarpunkturinn smár,
oft lengist í ævilangt eymdarstrik,
sem iðrun oss vekur og tár.

Þegar þetta óvænta, tilviljunarkennda og synduga augnablik rann upp, lá svo mikið á, að engum tíma mátti eyða í að athuga stjórnarskrána að öðru leyti. Eitthvað gat komizt upp á milli flokkanna og valdið samvinnuslitum, ef bið yrði og fleira væri tekið til athugunar. „Treystu þar hver öðrum illa," mátti segja, enda líklega enginn til, sem treystir þeim öllum. Ákafinn var svo mikill að komast í kjördæmamálsflatsæginа, að þeir sögðu á sína vísu eins og brúðguminn frægi: „Ekkert kaffi, bara hátta".

Málið var afgreitt á síðasta þingi með óbilgjörnu atkvæðavaldi, af mikilli hroðvirkni og *engri samvizkusemi að neinu leyti, leyfi ég mér* að segja. Engin leiðrétting fékkst á frv., sem fram var lagt í upphafi, þótt bent væri á galla og þeir jafnvel viðurkenndir af sumum, er að frv. stóðu. Ég á þar ekki eingöngu við höfuðatriði frv. að leggja niður 27 kjördæmi utan Reykjavíkur og taka í þeirra stað upp 7 stór hlutfallskosningakjördæmi, ræna menn í byggðunum ævafornum rétti og sjálfstæði og efla flokksstjórnavaldið í landinu í staðinn. Um þann kjarna hins synduga augnabliks var auðvitað haldið af þríflokkunum með því óhugnanlega samstillingarafli, sem augnablikið veitti flokkunum til óhæfuverksins, sem ég kalla. En ég á við smærri atriði, t. d. ósamræmið, sem er í því, að Norðausturlandskjördæmi, eða Norðurlandskjördæmi eystra, sem það er víst kallað, eigi ekki að hafa nema 6 þm. þrátt fyrir fólksfjöldann þar, úr því að þríflokkarnir þykjast vilja leggja höfðatölu til grundvallar sem aðalreglu. Á síðasta þingi var algerlega neitað um leiðréttingu á þessu, sem hefði þó verið mjög auðvelt til leiðréttingar, og er það til ámælis fyrir alla, sem að stóðu, en þó sérstaklega til ámælis fyrir þá, sem eru af því landssvæði og höfðu aðstöðu til að koma í veg fyrir rangindin.

Fleira var á bent, sem auðvelt var að leiðrétta án þess að raska höfuðstefnu frv. T. d. má nefna þá fjarstæðu, að varamenn skuli vera svo margir „sem til endist" á listum. En það þýðir, að því færri sem komast að sem aðalmenn, því fleiri eru varamenn fyrir þá. Komist t. d. einn maður að á lista í Reykjavík, verða 23 varamenn þess eina, en kæmust 12 að, yrðu 12 varamenn eða einn varamaður á móti hverjum aðalmanni. Þessari vitleysu mátti ekki hagga, og hefði þó mátt strjúka hana burt eins og fis af fati, svo auðvelt var það. Einnig benti ég á d-lið 1. gr. frv., þar sem svo er fyrir mælt, að 11 landsk. þm. skuli vera til jöfnunar milli þingflokka. Eiga þeir að vera 11, hvort sem þeirra þarf með til jöfnunar eða ekki. Verði t. d. 9 þeirra til jöfnunar, þ. e. að þá verði fullum jöfnuði milli þingflokka náð, skal einnig úthluta tveim sætum til viðbótar og það heita til jöfnunar líka, þó að það verði til ójöfnunar að sjálfsögðu, þegar svo er komið. Þetta er svo mikil rökleysa í frágangi, að til skammar er fyrir þingið. En ekki vildu augnabliksmennirnir breyta því á síðasta Alþ.

Ég hreyfði þessum atriðum í stjskrn. nú, en ekki var léð máls á lagfæringum, enda bjóst ég ekki við því, þegar svo langt er á leið komið *málinu. Hins hefði frekar átt að mega vænta*, að fylgjendur málsins sæju sig nú um hönd eftir þær undirtektir, sem þeir og málið fengu við kosningarnar í sumar, og legðu alveg niður þessa sókn sína synduga augnabliks frá í vetur og stofnuðu til endurskoðunar á stjórnarskránni í heild með samstarfi allra flokka, eins og ætlazt var til 1944, á því ári, sem allir litu á stjórnarskrána *með þeirri virðingu, sem vera ber*, og flokkadráttur dægurmála og sérhyggju minnkaðist sín gagnvart henni og dró sig í hlé. En því er ekki að heilsa, að þríflokkarnir vilji gera það. Eftir er þá bara að þrautreyna, hvort þm. þessarar hv. d. fást ekki til þess að gefa þjóðinni tækifæri til að segja já eða nei við aðalefni frv. með hætti þjóðaratkvgr., þar sem önnur málefni falli ekki undir svörin líka. Till. okkar minnihlutamannanna í stjskrn. þessarar hv. d. er um það.

Stjórnarskráin *mælir* fyrir um það, að þegar Alþ. samþykkir breyt. á henni, skuli það rofið og stofnað þá þegar til almennra alþingiskosninga, og samþykki hið nýkjörna Alþingi síðan breyt., eins og hún var gerð á fyrra þinginu, öðlast hún stjórnskipunarlagagildi. Þessi fyrirmæli eru í 79. gr. stjórnarskrárinnar og fela í sér, að þjóðin, almenningur, eigi að segja til um það með atkv. sínu, hvort hann vill staðfesta breyt. eða fella hana. En það er einn af þeim göllum stjórnarskrárinnar, sem afmá þarf nauðsynlega, *að ekki er tekið fram, að greidd skuli* atkv. sérstaklega um stjórnarskrárbreyt., heldur má blanda henni saman við afstöðu til annarra mála eða allra þeirra málefna, sem koma til greina, þegar þm. er kosinn, ef þeim þóknast, sem með málið fara í kosningum. Ég segi: má blanda, því að vitanlega er það ekki skylt að láta kosningu þingmannanna skera úr, en leyfilegt að láta sérstaka atkvgr. fara fram, svo sem gert var 1944.

Við fórum fram á það, framsóknarmennirnir í stjskrn. þessarar hv. d., í vor, að sérstök, almenn atkvgr. yrði viðhöfð, en fengum þær undirtektir, að þríflokkarnir allir væru ákveðnir í því að ganga ekki inn á slíka þjóðaratkvgr. í neinni mynd. Þau svör voru ekki gefin að óyfirveguðu ráði, heldur eftir umhugsunarfrest.

Þessi galli stjórnarskrárinnar, að hún fyrirskipar ekki, að breyt. á grundvallarlögunum skuli lagðar fyrir þjóðina óðruvísi en í kosningum til Alþ., stafar vafalaust af því, að þá -- ja, líklega 1874 — voru ekki skipulegir stjórnmálaflokkar og fastmótaðir eins og nú. Ákvæðið er a. m. k. frá þeim tíma, þegar menn voru ekki eins háðir þess konar samtökum og nú er orðið. Það er eftirtektarvert, að stjórnarskráin hefur þó vara á um *einn flokk mála*. Það er, *ef kirkju*skipun á að breyta. Samþykki Alþingi breyt. á kirkjuskipun ríkisins, segir stjórnarskráin, skal leggja það mál undir atkv. allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar, og skal atkvgr. vera leynileg. Þessi vari, sem þarna er á hafður, gerir ráð fyrir nauðsyn atkvgr. óháðrar öðrum málum, ef kirkjuskipunin á í hlut. Þau mál höfðu þá þegar frá trúflokkum þann hita, sem hinir fastmótuðu stjórnmálaflokkar framleiða nú í öðrum þjóðmálum *og nota til sambræðslu óskyldustu málefna* í deiglum sínum við kosningar. Nú er svo komið,

að við hvaða breyt. sem gerð er á stjórnarskránni ætti að veita almenningi, eins og nauðsynlegt þótti í kirkjuskipunarmálum, þjóðaratkvæðagreiðsluaðstöðuna til þess að losa fólkið við þann hita málefnasambræðslunnar, sem flokkarnir beita við kosningar, en geta miklu síður komið við í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

Setningu stjórnarskrár er tvímælalaust tilætlunin að gera hærra undir höfði en setningu annarrar löggjafar. Gagnvart henni hafa alþingismenn takmarkað umboð. Þegar breyt. á að gera á henni, þarf að leita samþykkis þjóðarinnar á breyt., bera þær undir þjóðina til samþykkis eða synjunar, og því aðeins öðlast þær lagagildi, að næsta Alþingi fallist á þær án nokkurrar breyt. Það segir sig sjálft, að við slíkt málskot til þjóðarinnar á ekki að blanda óskyldum spursmálum inn í, svo að svör þjóðarinnar verði um annað en raunverulega liggur fyrir. Ég fyrir mitt leyti er þess fullviss, að ef Íslendingar manna sig einhvern tíma upp í það að framkvæma heiðarlega heildarendurskoðun á stjórnarskrá sinni, þá verða tekin upp í stjórnarskrána ákveðin fyrirmæli um, að breyt. á henni skuli jafnan bornar undir þjóðina til samþykkis eða synjunar með þjóðaratkvæðagreiðslu leynilegri. Hins vegar er minna vert, að þing sé rofið og kosningar fari fram samtímis. Það nær ekki lengur tilgangi sínum og er nánast að mínu áliti óþarfi.

En þó að lagaákvæði sé úrelt, eins og ákvæði 79. gr. stjórnskipunarlaga okkar eru, var heimilt að bæta úr þeim með því að láta fara fram þjóðaratkvgr., eins og ég hef áður sagt, og mátti telja skylt, en á það var ekki fallizt. Það var vel hægt að reyna að gera svo gott úr hinum úreltu ákvæðum sem unnt var með því að leggja stjórnarskrármálið fyrir einangrað sem kosningafrv. En var það gert af þriflokkunum, sem báru ábyrgð á málinu sem flytjendur? Nei, síður en svo. Þeir reyndu þvert á móti að misnota hin úreltu ákvæði stjórnarskrárinnar sem mest sér í hag, eins og búið er að margsýna fram á hér á Alþingi og alþjóð veit. Blöð þeirra allra sögðu meira að segja, að með samningi þingflokkanna þriggja væri málið þegar afgreitt og þyrfti ekki um það að deila eða um það að kjósa, heldur önnur mál. Ræðumenn þeirra sögðu það sama með ýmsum tilbrigðum, ef þeir þá fengust til að tala um málið. Í mínu kjördæmi minntust frambjóðendur þriflokkanna varla á stjórnarskrármálið ótilneyddir, og það mun ekki hafa verið neitt sérstakt, að mér skilst. Af hálfu þriflokkanna var því haldið fram, að kosningarnar ættu að snúast um allt annað, svo að segja um allt annað en stjórnarskrármálið. Í málflutningi sínum höfðu þessir flokkar í fáum orðum sagt svo rangt við gagnvart 79. gr. stjórnarskrárinnar sem þeir frekast gátu. Kjörorð þeirra allra voru helguð allt öðrum málum. Dæmi þessu til sönnunar hafa ótalmörg verið nefnd hér á Alþ. að undanförnu, og tel ég óþarft að endurtaka þau. Framsfl. einn lagði málið af sinni hálfu fyrir í kosningabaráttunni eins og stjórnarskráin ætlast til. Hann taldi, að um það og það eitt ættu kosningarnar að snúast. En vitanlega mátti truflunarmáttur þriflokkanna sín meira, af því að þeir lögðu krafta sína saman, enda alltaf léttara að trufla.

Ekki er vitað til, að nokkurt kjördæmi í landinu eða samtök úr nokkru kjördæminu, sem breyta á, hafi beðið um stjórnarskrárbreyt., sem hér um ræðir. Hún er tiltæki flokkaforustu að almenningi óspurðum. Henni er ætlað að efla flokksræðið í landinu, auðvitað á kostnað almennings, á kostnað lýðræðisins. Hún er afsprengur tækifærishyggju óframsýnna stjórnmálamanna. Málið er vitanlega ekki neikvætt að öllu leyti, mér dettur ekki í hug að halda því fram, fyrr mætti nú líka vera. Það er ekki sannleikslaust, en það er eitt þeirra mála, sem biskup Íslands sagði í ræðu sinni við setningu þessa Alþingis að væru vegna nokkurs sannleika háskalega ósönn og varaði við.

Það, sem á milli ber efnislega, er ekki, að taka þurfi tillit til þess, að fólki hefur fjölgað í vissum landshluta, og auka eigi fulltrúatölu þess landshluta á Alþ. Um það er yfirleitt enginn ágreiningur. Það, sem veldur ágreiningi, er, að þeir, sem ráða hjá þriflokkunum, tóku það í sig á viðsjálu augnabliki að leggja niður öll núverandi kjördæmi utan Reykjavíkur, en taka upp 7 stór kjördæmi með hlutfallskosningum í þeirra stað. Með því er fornt, sögulegt, landfræðilegt og náttúrlegt byggðasjálfstæði lamað, réttarskerðing framin fyrirvaralaust, upphafin sú verkaskipting þm., sem einmenningskjördæmin hafa haft í för með sér og bæði hefur verið heppileg fyrir þm. og kjördæmin og þjóðfélagið einnig. Í stóru kjördæmunum, sem fyrirhuguð eru, getur enginn þm. komizt yfir að kynna sér svo að segja hvers manns hag og þörf, eins og í núverandi kjördæmum, og kjósendurnir ekki haft samband við þm. á sama hátt. Þm. verða settir á verksvið, sem þeir ná engan veginn út yfir. Og hverjum finnst það í raun og veru æskilegt? Hvaða þm. ætli óski þess fyrir sig, þegar til kastanna kemur?

Í núverandi einmenningskjördæmum er venjulega friður milli kosningahríðanna, og þm. lítur á sig sem þm. allra í kjördæminu og því skyldugan fyrirgreiðslumann allra. Í hinum stóru hlutfallskosningakjördæmum verður þetta ekki þannig. Þar verður „eilífur stormbeljandi“ flokkareipdráttar alla daga. Einn verður talinn þm. þessa manns og annar þm. hins og samt engin verkaskipting.

Hlutfallskosningafyrirkomulagið hefur misst ljóma þann, sem mönnum virtist um það leika, þegar það kom fyrst til sögunnar um síðustu aldamót. Það leiðir til smáflokkaþróunar og sundrungar. Rök þau, sem hv. frsm. meiri hl. var að reyna að færa hlutfallskosningunum til gildis hér áðan, hrökkva ekkert í því sambandi. Það voru allt of yfirborðslegar ályktanir hjá honum í sambandi við Finnana. Og þegar hann talar um, að hlutfallskosningafyrirkomulag það, sem við ætlum að taka upp, eftir því sem frv. hljóðar, hafi gefizt vel á Norðurlöndum, þá gat hann þess alls ekki eða fann ekki ástæðu til þess að geta þess, að það er þar mjög takmarkað, breytilegt í ýmsum efnum, m. a. eru engir uppbótarþm. í Noregi, en það skiptir vitanlega mjög miklu máli, hvernig hlutfallskosningar eru upp

byggðar. Það virðist vera kleyft í íslenzkum stjórnmálaþroska og óstillt þelið, og þess vegna má líka gera ráð fyrir því, að hér verði erfiðara að rísa undir og þola galla þessa kosningafyrirkomulags heldur en er þó meðal frændþjóða okkar á Norðurlöndum. Það má búast við því, að hér verði slíkar allsherjar hlutfallskosningar, sem taka á upp, fljótari að skapa vandræði af flokkafjölda. Þeir eru raunar, eins og er, of margir og hafa á ýmsan hátt gert örðugt fyrir í íslenzkum stjórnmálum. Þetta vita sjálfsagt forustumenn þriflokkanna, en þeir vilja hlutfallskosningar af eigin hyggju syndaraugnabliksins: Forustumenn Alþfl. af því, að hann er smáflokkur og þarf smáflokkagrundvöll til þess að lifa áfram. Forustumenn Alþb. vilja smáflokkagrundvöll, af því að þeir eru uggandi út af smæð sinni líka og þó einkum af því, að þeim, sem ráða þar mestu, þykir æskilegt, að þjóðskipulagið veikist. Forustumenn Sjálfstfl. vilja, eins og á stendur, smáflokkagrundvöll, af því að þeir urðu dauðhræddir við Hræðslubandalagið og vilja nú umfram allt skapa glundroða meðal andstæðinga Sjálfstfl., vilja, að þeir skiptist í stríðandi smáflokka, halda, að með því geti hann helzt náð meiri hluta í landinu eins og í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Af þessum ástæðum fyrst og fremst tókust óskhyggjur þriflokkanna í hendur á augnabliki syndarinnar og haldast enn í hendur, þó að þeim líklega sé sumum ekki orðið það alveg sársaukalaust.

Kosningarnar í sumar leiddu það nefnilega í ljós, svo að ekki verður á móti mælt, að kjördæmabyltingin er mjög óvinsælt mál í öllum flokkum. Þó að áróðursmenn þriflokkanna legðu sig alla fram til þess að reyna að láta kosningarnar snúast um allt annað en stjórnarskrárbreyt. og tækist það að miklu leyti, leyndi þetta sér ekki. Eftir því sem nær dregur því, að taka á kjördæmin utan Reykjavíkur nauðungartakinu, vex gremja manna. Mönnum verður ljósara og ljósara, að flytjendur stjórnarskrárbreyt. voru í feluleik með málið í kosningunum og unnu með hrekkjum, eins og hv. þm. Str. sagði við 1. umr. réttilega, ef annars er rétt að tala um, að þeir hafi unnið kosningarnar um málið. Ég er ekki í vafa um, að sagan, sem „öllu stefnir dómsins til," mun veita þeim ámæli fyrir þetta: að hafa þrátt fyrir aðvaranir misnotað ákvæði 79. gr. stjórnarskrárinnar með því að koma í veg fyrir, að kosningarnar 28. júní snerust, svo sem vera átti, um stjórnarskrármálið eitt. En úr þessu má enn bæta með því að láta, eins og við, sem erum í minni hl. stjskrn., leggjum til á þskj. 24, fara fram þjóðaratkvgr. í sumar um efni stjórnarskrárbreyt. Til þess er nægur tími, og fresta má þessu aukaþingi auðveldlega á meðan.

Þegar skakkt hefur verið gefið í spilum, verður að gefa upp aftur. Þegar beitt hefur verið óleyfilegu bragði í glímu eða óleyfilega fylgt eftir bragði, má ekki minna vera en glímt sé aftur. Drengilegur maður, sem orðið hefur þetta á í glímu, vill sjálfur einmitt glíma aftur. Hann vill ekki vera í vafa um rétt úrslit né að vinningsréttur sinn sé vefengdur.

Líkingar þessar má nota sem sjónauka, þótt stjórnarskrármálið sé vitanlega miklu þýðingarmeira en spil og glíma. Það er svo örlagarík og varhugavert mál, og því fylgir svo þung ábyrgð, hvernig sem annars er á það litið, að mér finnst þeir menn, sem að því standa, undarlegir menn, ef þeir vilja ekki létta á sér ábyrgðina með því að láta þjóðina segja já eða nei um það, hvort hún vill breyt. Auk þess er þetta stjórnlagaskylda, af því að kosningarnar snerust að allt of miklu leyti um óskyld mál, eins og allir vita.

Ástæðurnar til að gera þessa ráðstöfun málanna eru gildar, þó að iðrun syndaraugnabliksins sé máske — ég segi máske — ekki vöknuð enn þá, svo að mikið beri á, og punkturinn sá ekki orðinn að löngu eymdarstriki, svo að ég noti enn orð skáldsins. Till. okkar minnihlutamannanna til rökst. dagskrár á þskj. 24 er á þessa leið:

„Þar sem afstaða kjósenda til annarra mála en þeirrar breyt. á kjördæmaskipuninni, sem þetta frv. fjallar um, réð miklu um viðhorf þeirra í síðustu alþingiskosningum og úrslit kosninganna veita þar af leiðandi ófullnægjandi upplýsingar um vilja manna í því efni, beinir d. því til ríkisstj. að láta fram fara eigi síðar en 30. þ. m. í öllum kjördæmum, hverju fyrir sig, almenna, leynilega atkvgr. kjósenda, er svari með já eða nei, hvort þeir vilja, að niður skuli lögð öll núverandi 27 kjördæmi utan Reykjavíkur og stofnuð í þeirra stað 7 stór hlutfallskosningakjördæmi. Jafnframt leggur d. til, að aukaþingi því, er nú situr, verði frestað og afgreiðslu frv., þar til úrslit atkvgr. eru kunn, og tekur því fyrir að sinni skv. framansögðu næsta mál á dagskrá."

Ég leyfi mér að skora á ykkur, hv. þdm., að samþykkja þessa till. Samþykkt hennar væri til sóma þessari hv. d. Hún væri afneitun á flokksræði, en hófstilling þingræðis og hollusta við lýðræðið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki hér við þessa umr. ræða þau atriði, sem hv. frsm. minni hl. ræddi hér um áðan, það verður verkefni hv. frsm. meiri hl., og er engin ástæða fyrir mig að grípa þar inn í. En hér við 1. umr. féllu ýmis orð, m. a. frá hv. þm. Str., sem gáfu mér tilefni til þess að ræða nokkuð þetta mál, auk þess sem það hefur aldrei verið tækifæri fyrir mig til þess að ræða málið hér á Alþ. áður.

Í stjskrn. þessarar hv. d. lagði hv. minni hl., þeir Hermann Jónasson, hv. þm. Str., og Karl Kristjánsson, hv. þm. S-Þ., fram till. um að afgreiða frv. það til stjórnarskipunarlaga á þskj. 1 shlj. þeirri dagskrá, sem hv. frsm. minni hl. hefur nú lýst hér á þskj. 24 og minni hl. n. hefur nú gert grein fyrir. Minni hl. rökstuddi dagskrártill. sína með því, að kosning sú, sem fram fór 28. júní s. l., hefði ekki snúizt eingöngu um þetta mál, eins og raunverulega hefði átt að gera, heldur samtímis verið haldið uppi áróðri á vinstri stjórnina, sem ríkt hefði 2½ ár af því kjörtímabili, sem lauk 28. júní s. l. Það sé því vitað, að af þessum ástæðum hefði ekki komið fram mynd af vilja þjóðarinnar í stjórnarskrármálinu. Þessari sömu skoðun höfðu

hv. þm. Framsfl. haldið fram í báðum hv. d. Alþ., auk þess sem blaðakostur flokksins beitir þessum rökum óspart gegn samþykkt frv. á þessu þingi. Í sambandi við þennan málflutning sagði hv. þm. Str. við 1. umr. málsins hér í þessari hv. d., að á framboðsfundum fyrir síðustu kosningar hefðu fylgjendur frv. hvergi viljað ræða málið, heldur notað allan ræðutíma sinn til þess að deila á vinstri stjórnina. Eftir kosningarnar væri því hins vegar haldið fram, að málið væri endanlega afgert, þar sem nærri ¾ greiddra atkv. hefðu léð því fylgi. Og þessi sama skoðun kom einnig fram nú hjá hv. frsm. minni hl. Hér hefðu vægast sagt verið notaðir hrekkir í þessu máli, hér væri ekki verið að hugsa um réttlæti, um hag þjóðarinnar eða vilja kjósenda, heldur væri verið að spinna voðir í pólitískar tjaldbúðir fyrir framtíðina, eins og hv. þm. orðaði það. Þm. fullyrti, að þannig hefði málsmeðferðin verið á öllu Vesturlandi og hvarvetna annars staðar á landinu, þar sem hann hefði fréttir af, og það hefði einkum verið Sjálfstfl. og frambjóðendur hans, sem lengst hefðu gengið fram í þessum hrekkjabrögðum í kosningunum.

Hv. 1. þm. Eyf. tók einnig mjög undir þessi ummæli formanns Framsfl. og staðfesti, að þannig hefði málflutningurinn einnig verið í hans kjördæmi af hálfu þeirra frambjóðenda, sem fylgdu frv. En hann bætti því við, að hann hygði það einsdæmi meðal lýðræðisþjóða, að þrír stjórnmálaflokkar þytu saman og reiknuðu út, hve mikinn hag þeir hefðu af breytingu á stjórnarskránni, og hespuðu svo málið í gegn með það fyrir augum og helzt á þann hátt, að ekkert mætti um það ræða. Sami hv. þm. hélt því fram einnig, að nú ætti ekki lengur að kjósa um menn, heldur aðeins um flokka, það væri hneyksli að breyta stjórnarskránni án heildarendurskoðunar, svo sem lofað hefði verið árið 1944.

Þó að stjórnarskrárbreyt. hafi verið þrautrædd, bæði á síðasta þingi, á öllum framboðsfundum fyrir síðustu kosningar, í útvarpi fyrir þær kosningar, í málgögnum allra flokka og nú síðast í báðum d. hæstv. Alþ., sem allt sýnir, að þau ummæli hv. 1. þm. Eyf., að hespa eigi málið í gegn, helzt á þann veg, að ekkert megi um það ræða, eru í fullu ósamræmi við staðreyndir og engan veginn samboðin jafnágætum og jafnmerkum þm. og hann er, þá vil ég við þessa umr. málsins ræða málið nokkuð og þó einkum þær fullyrðingar hv. þm. Framsfl., sem ég minntist hér á í upphafi og ég tel að eigi megi standa ómótmæltar í þingtíðindunum.

Ég átti þess engan kost að ræða þetta mál á framboðsfundum fyrir síðustu kosningar við hv. þm. Str., sem ég þó á engan hátt hefði skorazt undan, ef tækifæri hefði boðizt til þess, en það atvikaðist nú þannig einhvern veginn, að fyrir þær kosningar lágu leiðir okkar ekki saman, eins og oft áður hefur verið. Ég get því ekkert um það sagt, hvernig umr. um málið hefur verið háttað á þeim fundum, sem hann vísar til á Vesturlandi og hann sjálfur var á, né heldur neitt sagt um þá fundi, sem hv. 1. þm. Eyf. eða aðrir frambjóðendur Framsfl. ræddu málið á. En mér er hins vegar vel kunnugt um þá sjö framboðsfundi, sem haldnir voru í Barðastrandarsýslu fyrir kosningarnar, en á þeim fundum munu hafa mætt um ¾ allra kjósenda þar í sýslu. Það tókst svo til, að frambjóðandi Framsfl., þáverandi þm. kjördæmisins, var fyrstur á mælendaskrá og hafði 40 mínútur til umráða í fyrstu umferð. Mestallan þann tíma notaði hann til þess að ræða um stjórnarskrárbreyt. Hann flutti þar skelegga, vélritaða ræðu um málið, taldi þar fram alla galla þess og enga kosti og gekk svo langt í málflutningi sínum gegn málinu að fullyrða, að íslenzk menning væri í mikilli hættu stödd, ef mál þetta næði fram að ganga. Hitt væri aftur óumdeilanlegt og óafturkallanlegt, að sjálfstæði Barðstrendinga væri með samþykkt þessa máls að fullu og öllu úr sögunni og þar með einnig möguleikar þeirra til batnandi lífskjara á öllum sviðum í framtíðinni. Reykjavíkurvaldið, þ. e. Sjálfstfl., eins og hann komst að orði, mundi gera sér íbúa í dreifbýlinu vinveitta og háða, eins og hann orðaði það. En það væri sama sem að gera þá að þrælum sínum, bæði í hugsunum og athöfnum. Ekkert minna var nú í húfi, ef Barðstrendingar fylktu ekki liði gegn þessu voðamáli. Ég skal taka það fram, að ég hneykslaðist ekkert á því, þótt þessi ræða væri flutt af blöðum, eins og hv. þm. Str. virtist hafa gert um ræður þeirra andstæðinga sinna, er hann hlustaði á og hann gaf í skyn að hefðu e. t. v. verið búnar til af öðrum að öllu eða einhverju leyti. Og ég var ekki einn um það að álykta og viðurkenna, að ef frambjóðandinn treysti sér til þess betur að flytja svo alvarlegt mál skriflega en munnlega, þá væri ekkert til þess takandi, það var hans einkamál og kom okkur hinum ekkert við. Hitt vakti hjá mér nokkra furðu að hlusta síðar á nákvæmlega sömu ræðuna í útvarpi flutta af Daníel Ágústínussyni, frambjóðanda Framsfl. í Borgarfjarðarsýslu, og er ég spurði mótframbjóðanda minn að því, hvort hann hefði lánað Daníel sína ræðu eða fengið hana lánaða hjá Daníel, varð honum svarafátt. Upplýstist í þeim umr., að ræðan mundi hafa verið samin af miðstjórn Framsfl. og e. t. v. af sjálfum formanni hans, hv. þm. Str., og útbýtt í hæfilega mörgum eintökum fyrir þá umbjóðendur flokksins, sem ekki væri treystandi til að geta varið málið betur eða haldið betur á sókn málsins á fundunum.

Er því ekki að leyna, að allt varð þetta til þess, að áhrif ræðunnar fóru ekki vaxandi, og var þó ekkert að finna að flutningi hennar. Sjálfstfl. átti á þessu enga sök. Þessa sömu snjöllu ræðu um málið flutti frambjóðandi Framsfl. í Barðastrandarsýslu á fimm af sjö fundum, sem við héldum sameiginlega í sýslunni. En hann gerði meira en það til þess að kynna kjósendum þennan voða, sem af því hlyti að leiða að samþykkja stjórnarskrárbreyt. Hann ferðaðist þar um, svo að segja á hvert einasta heimili, og skýrði kjósendum frá því persónulega og á sinn hátt, hversu mikill voði væri hér á ferðum, og þá var gengið svo langt, að reynt var að telja bændum trú um, að þetta væri nú síðasta skiptið, sem þeir fengju greiddan jarðabótastyrkinn, ef stjórnarskrárbreytingin næði fram að ganga, því að þá mundu einnig þau fríðindi

verða afnumin og kosningin í Barðastrandarsýslu gæti vel orðið lóðið á vogarskálunum, því að ef Framsfl. og Alþb. næðu sameiginlega meiri hluta í þessum kosningum, mundu Sjálfstfl. og Alþfl. ekki hafa þingfylgi einir til þess að koma málinu fram, — og þá mætti svo sem semja um lausn málsins á milli Framsfl. og Alþb. Ég skal ekki leggja á það neinn dóm, hvort slík bardagaaðferð kallast hrekkir á siðferðismælistiku Framsfl., en þetta allt sýnir fyllilega, að þessi frambjóðandi gerði allt, sem í hans valdi stóð, til þess að afla fylgis gegn samþykkt málsins.

Á öðrum framboðsfundinum, sem haldinn var í Flatey, henti það slys, að frambjóðandi Framsfl. gleymdi gersamlega framsöguræðunni í 38 mínútur af þeim 40, er hann hafði til umráða í 1. umferð, og hafði þá og í seinni umferðum nóg með að verjast spjótalögum út af öðrum atriðum, en hann notaði þó síðustu tvær mínúturnar til þess að biðja afsökunar á því, að þetta skyldi hafa farið þannig, að hann fékk engan tíma til þess að ræða aðalmálið; hann yrði því að láta sér nægja að vísa í rök, sem fram væru sett í Tímanum, í Kjördæmablaðinu og menn heyrðu í útvarpinu flutt af öðrum frambjóðendum Framsfl. En allt slysið var því að kenna, að ég notaði 5 mínútur af mínum frumræðutíma til þess að lýsa sök á hendur þm. og Framsfl. fyrir að hafa brugðizt þeirri skyldu sinni að framkvæma skýlaus fyrirmæli Alþ. um afhendingu atvinnutækis til hreppsins og aðstoða hann til þess að reka það, svo að fólksflótti úr hreppnum yrði stöðvaður. Afleiðingin af því hafði orðið sú, að nú vofir sú hætta yfir, — ekki einasta yfir þeim hreppi, heldur og tveim aðliggjandi hreppum, að þeir fari í eyði, — þvert ofan í fyrirmæli þingsins og án nokkurrar heimildar voru hlutir þessa atvinnutækis fluttir í aðra staði, þar sem nóg var um atvinnu, og með því drepin öll von fólksins um möguleika til áframhaldandi búsetu í þeim hluta héraðsins, sem það ekki vildi flýja, en varð að yfirgefa og ganga þar frá eignum sínum, sem verða mundu verðlausar og eyðast að síðustu að fullu vegna niðurníðslu og vanrækslu Framsfl. Og þetta var látið ske, á sama tíma sem margfalt stærri upphæðir voru greiddar til annarra héraða, sem höfðu þess miklu minni þörf, samanber Seyðisfjörð.

Sjálfstfl. átti enga sök á þessu óhappi. Hér var að verki hin sígilda staðreynd, að sök bítur sekan og það svo grimmilega, að hann gleymdi aðalerindi sínu, að halda uppi sókn fyrir málstað flokksins í kjördæmamálinu. Á fimmta framboðsfundinum stytti frambjóðandi Framsfl. frumræðu sína um helming. Við höfðum allir komið okkur saman um að halda aðeins eina ræðu hver og stytta hana um helming, en haga þannig orðum okkar, að ekki gæfist tilefni til andsvara. Var þetta tilkynnt í upphafi fundarins. En þegar við höfðum hver um sig talað þannig hinn tilsetta tíma og bjuggumst við fundarslitum, þá reis upp greind bóndakona og gerði þessa fsp. til frambjóðendanna: Hvers vegna hrökkluðist vinstri stjórnin frá? Ég hef aldrei á pólitískum fundi fundið dýpri þögn en varð við þessa einföldu spurningu, þegar henni var varpað fram. Þegar enginn af okkur frambjóðendum varð til svara eða andsvara, krafðist ég þess af þm., að hann svaraði spurningunni, enda skyldi ég fyrir mitt leyti leysa hann undan því samkomulagi, sem gert hefði verið um ræðutíma. Ég minnist þess ekki að hafa skemmt mér betur á nokkrum framboðsfundi, en engan þátt tók ég í þeim umr., sem út af þesssari spurningu spunnust.

Ég hef hér skýrt frá, á hvern hátt frambjóðandi Framsfl. hélt á þessu máli á framboðsfundum og hve langan tíma hann notaði í frumræðu til þess að skýra málið fyrir kjósendum, en þess skal jafnframt getið, að í svarræðum sínum, sem hver frambjóðandi hafði 30 mín. í tveim umferðum, minntist hann varla á málið, nema hvað hann jafnan í ræðulok bað menn að gleyma því ekki við kjörborðið, hvað við lægi, ef hann næði ekki kosningu og fylgjendur stjórnarskrárbreyt. héldu meiri hluta kjörinna fulltrúa til Alþingis.

Ég skal þá að gefnu tilefni skýra frá málflutningi okkar hinna frambjóðendanna þriggja, sem vorum fylgjendur breyt., vegna þess að það var mjög vefengt hér af hv. þm. Framsfl., að við eða frambjóðendur þríflokkanna vildu nokkuð ræða þessi mál. Ég fullyrði, að hver okkar notaði meira en helming af öllum ræðutíma okkar hvers um sig til þess einmitt að ræða þetta aðalmál kosninganna og sumir miklu meira. Og mér þykir rétt, að hér komi fram efnislega þau rök, sem ég færði fram fyrir því, að samþykkja bæri stjórnarskrárbreyt., bæði til þess að sýna, að þær fullyrðingar hv. þm. Str., að málið hafi ekki verið rætt af frambjóðendum þríflokkanna á framboðsfundum á Vesturlandi, hafi ekki við rök að styðjast, og eins til þess að gera hér grein fyrir afstöðu minni til málsins, en þess hef ég ekki átt kost fyrr við umr. á Alþingi.

Eins og kunnugt er, var stjórnarskipunarlögum breytt síðast 1944 vegna lýðveldisstofnunarinnar. Um sjálfa lýðveldisstofnunina höfðu þá um tveggja ára skeið staðið harðar deilur hér á Alþ., og þótt að lokum tækist að sameina allan þingheim og alla þjóðina um farsæla afgreiðslu málsins og það mest fyrir frábæra sameiningarhæfileika formanns Sjálfstfl., hv. þm. G-K., þá er þó vitað, að Alþfl. og hálfur Framsfl. með formann sinn í broddi fylkingar voru andvígir lausn málsins á því tímabili og stóðu því gegn því svo lengi sem stætt var. Er skemmst að minnast í því sambandi á danska handtakið, sem frægt var lengi fyrir og menn munu lengi muna eftir. Það skal þó viðurkennt, að andstaða Framsóknarflokkshelftarinnar mun að miklu leyti hafa stafað af valdarýrnun flokksins vegna breytingar á stjórnarskipunarlögunum 1942, en það ár var kjördæmaskipuninni breytt í það horf, sem hún er nú í, gegn hörðum og lítt skynsamlegum mótmælum Framsfl. Þá var á lofti haldið öllum þeim hrakspám um réttindamissi dreifbýlisins, sem nú hafa verið færðar fram gegn þessari breyt., sem nú er rætt um og stendur til að lögfest verði. En allt reyndist þetta á annan og betri veg. Þess var því ekki að vænta, að nokkurt samkomulag yrði á þeim tíma um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar eða aðrar

breyt. en þær, sem nauðsynlegar voru til þess að koma lýðveldisstofnun á, enda reyndist það svo.

Það var þá fullt samkomulag um að breyta 1. gr. stjórnarskipunarlaganna frá 1942, en hún hljóðaði þá — með leyfi hæstv. forseta — þannig: „Stjórnskipulagið er þingbundin konungsstjórn.“ Var gr. breytt á þann veg, sem hún er enn í dag, en hljóðar þannig — með leyfi hæstv. forseta: „Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn.“

Það var kaldhæðni örlaganna og sýndi berlega virðingarskort þáv. meiri hl. Alþ. fyrir sjálfri stofnuninni og skilningsleysi þeirra sem fulltrúa þjóðarinnar að samþykkja einróma greinina þannig undir óþingbundinni ríkisstj. Það jók á engan hátt virðingu þingsins, að það skyldi ekki ríkja nægur samstarfsvilji til þess að mynda þingbundna ríkisstj. til að koma fram jafnörlagaríku máli, sem þjóðin þó stóð öll einhuga um að síðustu. Þetta vakti þá slíka gremju meðal þjóðarinnar, að það hrikti um stund raunverulega í sjálfu þingræðinu og háar raddir heyrðust um það, að réttast væri að senda slíka fulltrúa heim, þeir væru sannarlega betur fallnir til einhverra annarra hluta en að sitja á Alþingi sem fulltrúar þjóðar sinnar á örlagastundu. En meginástæðan fyrir því, að þetta tókst ekki, var sú, að Framsfl. á Alþingi með hv. þm. Str. í forsæti fyrir flokknum þar var ekki viðmælandi vegna þeirrar breyt., sem þá hafði nýlega verið gerð á stjórnarskipuninni, á stjórnarskipunarlögunum.

Skömmu eftir lýðveldisstofnunina hrinti meiri hl. Alþ. af sér þessu ámæli, að hér sæti óþingbundin ríkisstj., og myndaði þá undir forustu Sjálfstfl. þá ríkisstj., sem lagði undirstöðu undir allar þær framkvæmdir, sem síðar hafa orðið í landinu og hver útlendur gestur, sem hingað kemur og ber nokkurt skyn á þau mál, undrast yfir og telur ævintýri líkastar. En eins og kunnugt er, átti Framsfl. ekkert sæti í þeirri ríkisstj.

Bæði þá og tvisvar sinnum síðar hefur Sjálfstfl. bægt frá þeim vansa, að hér sætu óþingbundnar ríkisstj., og með því ekki einasta séð um, að þessi ákvæði stjórnarskipunarl. væru haldin, heldur haldið uppi virðingu þingsins og aukið hana. Að uppfyllt yrði hitt ákvæði 1. gr. l., að hér á landi skyldi vera lýðveldi, hefur Sjálfstfl. jafnan barizt fyrir, allt síðan það var lögtekið 1944. En þar hefur Framsfl. staðið á móti af öllu afli og stendur enn með afstöðu sinni til afgreiðslu þessa máls, sem hér er til umr. í dag.

Í þessu sambandi er rétt að spyrja: Hvað er lýðveldi? Er það lýðveldi, að meiri hl. kjörinna þm. með mikinn minni hl. að baki sér fyrirskipi miklum meiri hl. kjósenda að beygja sig undir lög og reglur, sem settar eru af slíkum meiri hl. á Alþ., hversu óvinsæl sem slík lög kunna að vera? Nei, slíkt er ekkert lýðræði. Slíkt stríðir fullkomlega gegn fyrirmælum 1. gr. gildandi stjórnskipunarlaga. En það er þetta lýðræði, sem Framsfl. berst fyrir að skapa og viðhalda beinlínis vegna þess, að honum er það lífsnauðsyn til þess að halda völdum í landinu. Reynslan hefur margsýnt oss, að það er ógerningur að framkvæma jafnvel nauðsynlegustu lagaákvæði fyrir þjóðarheildina, sem þannig ern til orðin, ef þau á sama tíma skerða um stundarsakir hag hennar eða valda henni erfiðleikum. Þegar svo stendur á, vill þjóðin sjálf ráða, á hvern hátt byrðinni er deilt niður á þegnana. Kom þetta og greinilega fram í ræðu hv. 2. þm. S-M. við 1. umr., er hann sagði, að ógerlegt hefði verið fyrir Framsfl. að stjórna landinu í næstu 4 ár, þó að hann hefði hlotið meiri hl. kjörinna þm. við síðustu kosningar og gæti stöðvað kjördæmabreyt., og því hefði það verið rangt að halda því fram, að ekki hefði orðið að kjósa að nýju í haust, þótt svo hefði til tekizt. — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Ég vildi leyfa mér að bera fram í sambandi við það, sem ég hef skýrt frá hér að framan, hvort það sé skoðun þessarar hv. d., að það sé lýðræði, að rétt kjörinn meiri hl. þm. með meiri hl. kjósenda að baki við sig beiti valdi sínu takmarkalaust í löggjöf og framkvæmd. Ég frá mínu sjónarmiði tel það ekki vera. Það eitt er lýðræði að mínu áliti og í samræmi við 1. gr. stjórnskipunarlaganna, að rétt kjörinn meiri hl. þm., sem á bak við stendur meiri hl. kjósenda, beiti valdi sínu í löggjöf og framkvæmd með fullu tilliti til tillagna og óska minni hl., að svo miklu leyti sem það er þjóðinni allri í hag. Ekkert annað er lýðveldi. Allt annað er flokksveldi eða eitthvað annað lakara.

Í Bretlandi, þar sem lýðræðið er talið einna traustast, þó að þar sé annars konungsríki, er þetta viðurkennt á þann hátt, að þar er stjórnarandstaðan launuð til þess að halda uppi gagnrýni, beinlínis til þess að tryggja það, að viturlegar till. minni hl. séu ekki að engu hafðar. En starfaði vinstri stjórnin á slíkum lýðræðisgrundvelli, þegar hún setti sér það takmark að útiloka Sjálfstfl. frá öllum áhrifum í landsmálum, flokkinn, sem hafði þó um og yfir 40% af kjósendum landsins, og sú prósentutala hefur fylgt honum um langt skeið? Ég held nú, að það hafi verið síður en svo. En sú reynsla, sem þjóðin fékk af þeirri stjórn, sýnir bezt, hversu fjarri það er alþjóðarhag að ætla sér að stjórna málum þjóðarinnar á þennan hátt.

Árið 1953 ber Alþfl. fram í Nd. frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis. Í þessu frv. var svo ákveðið, að tveir eða fleiri stjórnmálaflokkar gætu gert með sér bandalag eftir þeim reglum, sem þar voru settar. En þær voru í meginatriðum þessar, að leggja skyldi saman öll atkvæði þeirra frambjóðenda, sem þannig hefðu gert með sér bandalag, í hverju kjördæmi, og ef samanlögð atkvæðatala þeirra varð hærri en atkvæðatala nokkurs annars frambjóðanda í sama kjördæmi, skyldi sá af bandalagsframbjóðendum, sem hæsta atkvæðatölu hefði, vera rétt kjörinn þm. fyrir það kjördæmi og það alveg án tillits til þess, þó að allir bandalagsflokkarnir hefðu hver fyrir sig frambjóðanda í kjöri í sama kjördæmi, deildu þar hver á annan, hefðu óspart kapphlaup um kjósendur og atkv. þeirra og þrátt fyrir það þó að annar frambjóðandi hefði miklu hærra atkvæðamagn, aðeins ef það væri undir samanlögðu atkvæðamagni bandalagsframbjóðendanna.

Við 1. umr. málsins var bent á það af hálfu þm. Sjálfstfl., að hér væri um að ræða breyt. á stjórnskipunarlögum landsins og ætti því að vísa málinu frá skv. fyrirmælum 27. gr. þingskapalaganna. Fyrsti varaforseti d., hv. 2. þm. N-M., Halldór Ásgrímsson, sem þá stýrði þar fundum í fjarveru forseta, hv. þm. N-Ísf., leyfði áframhaldandi umr. um málið, en kvaðst mundu, áður en til atkv. kæmi, kveða upp úrskurð um það, hvort samþykkt þessi bryti í bága við stjórnskipunarlög landsins. Um málið sjálft urðu bæði langar og heitar umr., en er þeim var lokið, kvað 1. varaforseti d. upp svo hljóðandi úrskurð, með leyfi hæstv. forseta:

„Því hefur verið haldið fram, að frv. á þskj. 121 um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis, feli í sér till. um breyt. á stjórnarskránni og beri því að vísa frv. frá skv. 27. gr. þingskapa, þar sem það er ekki í fyrirsögn nefnt frv. til stjórnarskipunarlaga."

Svo er gerð löng grg., sem ég skal ekki tefja hv. deild á að lesa, heldur aðeins lesa úrskurðinn, en hann hljóðar svo:

„Það er því úrskurður minn, að frv. á þskj. 121 um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþ., feli ekki í sér till. um breyt. á stjórnarskránni og beri því ekki að vísa því frá skv. 27. gr. þingskapa."

Með þessu hafði þáv. hæstv. forseti d. ákveðið og úrskurðað, að frambjóðandi, sem fengi minna atkvæðamagn en sá, sem mest fengi, skyldi löglega kosinn. Ég skal ekki hér ræða efnislega um úrskurð þáv. hæstv. 1. varaforseta, en vil aðeins benda á, að ef hann skyldi vera í einu og öllu óskeikull og í fullu samræmi við ákvæði stjórnarskipunarlaga landsins, þá var a. m. k. engin vörn í þeim lögum gegn alls konar pólitiskum hrekkjum, sem fram mætti koma með breyt. á kosningalögunum.

Að málið aldrei kom úr n., bendir til þess, að þrátt fyrir hinn fellda úrskurð hafi fundizt innan þingsala meiri hl. þm., sem höfðu á málinu allt aðra og betri skoðun. En þegar þessi leið lokaðist, var þreifað fyrir sér um aðrar leiðir að sama marki. Var nú myndað kosningabandalag á milli Framsfl. og Alþfl., eins og kunnugt er, og gerðir samningar um kosningarnar, sem fram fóru 1956. Það var að vísu ekki hægt að koma því við að fá kosinn á þing frambjóðanda, sem fengið hafði færri atkv. en annar í sama héraði, eins og áður hafði verið hugsað, eða bandalagsmennirnir gætu boðið fram hver á móti öðrum í sama kjördæmi, en samt sem áður verið bandalagsmenn, eins og einnig var ákveðið í kosningalagafrv. En það var hægt með flokksvaldi og flokksaga að fyrirskipa flokksbundnum kjósendum tveggja flokka að kjósa skv. fyrirframgerðum samningi á milli flokksstjórnanna og flytja kjósendurna þannig í kippum milli frambjóðendanna eftir því, sem snjöllustu reikningsmeistarar flokkanna hefðu komið sér saman um, að mestur hagur yrði að fyrir hvorn flokkinn fyrir sig. Á þennan hátt tókst hvorum flokki fyrir sig að ná í fjögur viðbótarsæti fram yfir það, sem þeir hefðu annars fengið, ef kosningar hefðu farið fram skv. fyrirmælum stjórnarskipunarl. og klækjalaust að venjulegum hætti.

Það er ekki nema 3 ár, síðan þetta gerðist, og þó getur hv. þm. Str. haldið því fram hér í þessari hv. d., að þríflokkarnir, sem standa nú að breyt. á stjórnarskipunarl., séu með pólitíska hrekki við kjósendur, af því að þeir hafi ekki rætt málið nægilega ýtarlega á framboðsfundunum fyrir síðustu kosningar. Mér verður að spyrja: Á hvaða siðferðismælistiku mælir hv. þm. Str. pólitískt siðgæði og pólitíska hrekki? Er allt það pólitískt siðgæði, sem eflt getur Framsfl. og völd hans á Alþ., allt hitt pólitiskir hrekkir, sem kynni að draga úr valdi, sem honum ekki ber skv. anda og orðum stjórnarskipunarlaga landsins? Og ég vil einnig spyrja hv. 1 þm. Eyf. út af þeim ummælum hans, sem hann lét falla við 1. umr. um þetta mál, að ef málið yrði samþ., ætti framvegis að kjósa um lista, en ekki menn, hvort hann hefði algerlega gleymt því, að við kosningarnar 1956 greiddu þeir Alþýðuflokkskjósendur í Eyjafirði, sem skv. fyrirmælum kusu þá Framsóknarlistann, ekki honum atkv. sitt. Þess var hvergi vart, að honum þætti þá við það nokkuð að athuga. Hefur hann nú breytt um skoðun og þykir nú þessi aðferð óréttlát, af því að hún sýnist ekki auka vald Framsfl. á sama hátt og 1956? Annars má í þessu sambandi benda á, að hvort tveggja er það, að kjósendur hafa eftir þá breyt., sem hér á að gera, fullt og ótakmarkað frelsi til þess að ráða frambjóðendum og raða þeim á lista sem og að breyta um röð á þeim við kjörborðið eða strika þá út, allt eftir eigin ósk. Er hér sama rétti haldið og nú er almennt í þeim kjördæmum, þar sem kosið er hlutbundnum kosningum, svo sem verið hefur í kjördæmi hv. þm. Eyf. frá 1952.

Í kosningunum 1956 fær Hræðslubandalagið svonefnda 25 kjörna þm. og vantar þá aðeins 2 til að ná hreinum meiri hluta á Alþingi. Á bak við þessa þingmenn stóðu alls 28 þús. kjósendur af tæpum 83 þús., sem til kosninganna gengu. Með sáralítilli viðbót í atkvæðamagni hefði bandalaginu tekizt að ná hreinum meiri hl. á Alþingi, þótt bak við þann meiri hl. stæði aðeins um þriðjungur kjósenda, og það er þetta réttlæti, sem Framsfl. berst fyrir að við sé haldið í landinu. Það er fróðlegt að athuga, að ef allir þm. frá einmenningskjördæmum, sem kosnir voru 1956, hefðu verið af sama flokki, og það hefði ekki verið alveg óhugsandi, þá hefði sá flokkur fengið kosinn 21 þm. með 16289 atkv. Ef sami flokkur hefði auk þess fengið einn þm. úr hverju tvímenningskjördæmi, hefði hann enn bætt við sig 6 þm., sem kjörnir hefðu verið með 7390 atkv. Hann hefði þannig komið að 27 þm. kosnum af 23670 kjósendum af tæpum 83000, sem atkv. greiddu. Sjá allir, sem ekki eru staurblindir, að hér væri ekki um neitt lýðræði að ræða.

Því var haldið mjög fram í kosningunum í Barðastrandarsýslu, að með þessu móti væri verið að samþykkja stórkostlegt böl, m. a. yfir Vesturland. Út af því þótti mér rétt að fletta upp fundargerð, sem gerð var 14. sept. 1950 í fjórðungssambandi Vestfjarða, en þar er tekið til meðferðar stjórnarskrármálið í heild, og þar koma þeir menn, sem þar eru mættir, sér saman um að leggja til, að sú breyt. verði gerð á kjör-

dæmaskipun landsins, að Reykjavík og Hafnarfjörður verði eitt kjördæmi eða eitt fylki, eins og þeir kalla það, Vesturland frá Hvalfjarðarbotni að Gilsfjarðarbotni, þ. e. a. s. allt það, sem nú er lagt til að verði Vesturlandskjördæmi, verði eitt kjördæmi, en það, sem nú er lagt til að verði Vestfjarðakjördæmi, Vestfjarðakjálkinn allur frá Gilsfjarðarbotni að Hrútafjarðarbotni, þ. e. Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýslur og Strandasýsla, verði allt eitt kjördæmi eða eitt fylki, eins og þeir kalla hér. Og önnur skipting er gerð nákvæmlega eins og tekið er fram hér í frv. Mér þykir rétt að upplýsa, að undir þessa till. rita þeir Jóhann Salberg sýslumaður, Jóhann Skaftason sýslumaður, og hefur verið talið, að þeir væru gjaldgengir framsóknarmenn, Jónatan Benediktsson, Alfreð Halldórsson, Sæmundur Guðjónsson, Óskar Arinbjarnarson, Ólafur Ólafsson, Sigurður Elíasson, Jónas Magnússon, Snæbjörn Thoroddsen, Hjörtur Hjálmarsson, Sturla Jónsson, Páll Pálsson, Jón H. Fjalldal, Einar Guðfinnsson, Hannibal Valdimarsson, Halldór Ólafsson og Kjartan Jóhannsson. (**Gripið fram í:** Þetta var fylkjaskipun.) Þetta er kallað fylki hér í staðinn fyrir kjördæmi annars staðar. (**Gripið fram í:** Það er allt annað mál.) Það er ekkert annað mál, því að það er ætlazt til, að þessir menn kjósi fimm þm. til þings, á sama hátt og hér er lagt til.

Eru nú þessir menn virkilega saman komnir til þess að samþykkja eitthvert stórt böl yfir þetta hérað, sem þeir mættu fyrir? Ég hygg, að það verði ákaflega erfitt að fá nokkurn mann til þess að trúa því.

Ég hygg, að það, sem ég hef tekið hér fram, sé nægilegt til þess að sýna, að nauðsynlegt var að breyta kjördæmaskipuninni. Ég geri ráð fyrir því, að hv. þm. Framsfl. viðurkenni þetta ekki sem nein rök, þeir hafa ekki viðurkennt nein rök í þessu máli. En kosningin í Barðastrandarsýslu sýndi, að kjósendurnir þar tóku þetta sem gild rök, og þess vegna féll hún eins og hún féll. Því verður engan veginn mótmælt, að framsóknarmenn sóttu málið af miklu kappi. Það er eins og ég tók fram, það voru umr. bæði í útvarpi, á þingi, í blöðum o. s. frv. um kjördæmamálið. Það verður varla sagt, að þeir hafi ekki varið mál sitt vel, og hafi málstaður þeirra verið góður, átti það að vera þeim í hag, en ekki í óhag, að ekki var hreyft mótmælum á fundum, þar sem það hefur ekki verið gert. Hvað mundi t. d. dómari segja í sókn eða vörn í máli, ef hinn aðilinn færi í ræðum að ræða um allt annað en málið hljóðar um? Hvað mundi hann þá segja? Hann mundi sannarlega ekki styrkja hann. En það er það, sem framsóknarmenn hér hafa haldið fram, að af því að þeir, sem fylgdu þessu máli, tóku sér leyfi til þess að ræða um ýmislegt annað, þá hafi þeir ekki getað komið fram vilja sínum. Mér sýnist einmitt, að þeir hafi staðið betur að vígi með því, að ekki hafi verið færð sterk rök á hverjum fundi, eins og þeir kalla það, fyrir því, að málið ætti að ná fram að ganga, eins og ég tel að hafi verið færð fram í Barðastrandarsýslu og ég veit að hefur verið færð fram víða annars staðar í sambandi við þessar kosningar.

Rök Framsfl. um till. um frávísun eru því léttvæg og eiga enga stoð í raunveruleikanum.

Hv. þm. Str. hélt því einnig fram hér við 1. umr., að inn í þetta mál hefði verið blandað alls konar áróðri um verk vinstri stjórnarinnar. Það getur vel verið, að það hafi haft einhver áhrif á þetta mál. En þá er ekki heldur hægt að loka augunum fyrir því, að ef menn hafa litið svo á, að þau verk hafi verið svo vond, svo óþjóðholl, að það væri sjálfsagt að fylgja þessu máli, þó að þeir væru andstæðir því, til þess að fyrirbyggja, að slík vandræðastjórn kæmist að völdum, þá á það líka sinn rétt á sér.

Frambjóðandi Framsfl. í Barðastrandarsýslu taldi það eitt af höfuðrökum gegn málinu, að hvorki hann né hv. þm. Str., og veit ég ekki, hvort hann hefur haft umboð til þess að segja það, væru þess megnugir að rækja svo stórt kjördæmi sem væntanlegt Vestfjarðakjördæmi. Og mér heyrðist það nú einnig hjá hv. frsm. minni hl., að hann vantreysti jafnvel sjálfum sér til þess að rækja hið væntanlega nýja kjördæmi, sem hann væntanlega verður frambjóðandi í. En þá er bara að velja til þess aðra menn, sem eru hæfari, aðra menn, sem treysta sér til þess að gera það. Ég sé ekki neina lausn á þeim vanda aðra en þá. Ég trúi því hins vegar ekki, að hv. þm. Str. telji sér það nokkra ofraun að sinna ekki stærri kjósendahóp en er í Vestfirðingakjördæmi.

Ég trúi því fastlega, að breyt. hreinsi andrúmsloftið í íslenzkri pólitík, að dreifbýlið hafi sterkari aðstöðu til baráttu fyrir hagsmunamálum héraðanna, að breyt. sé stórt spor í áttina til, að þingið starfi jafnan eftir 1. gr. stjórnarskrárl., að hún skapi meiri samstarfsvilja á milli þingflokka og meiri virðingu fyrir þinginu, en minnki ekki virðingu þingsins. Þess vegna greiði ég því atkv., að frv. nái fram að ganga án breytinga.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þessi ræða hv. þm. Barð. átti víst að vera sönnun eða tilraun til sönnunar fyrir því, að þetta mál, sem við erum hér að ræða, sú mikla bylting, sem á að gera á stjórnskipunarlögum landsins, hafi verið lögð fyrir kjósendur á þann hátt, sem ætlazt er til í 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Ef það hefur verið ætlunin, þá held ég, að flestir, sem á hafa hlustað, geti viðurkennt með mér, að það fari víðs fjarri, að hann hafi fært nokkrar sannanir fyrir því, að málið hafi verið eðlilega fyrir lagt. Það eru líka svo nærtækar sannanir fyrir því gagnstæða, að það er áreiðanlega ofraun fyrir hann að reyna að gera tilraun til að halda því fram, að málið hafi verið heiðarlega lagt fyrir. Nægir þar að benda á, að þegar málið hafði verið samþ. hér á Alþ., héldu öll blöð stjórnarflokkanna eða öll blöð þeirra flokka, sem stóðu að málinu, og núv. stjórnarflokkar því fram, að málið væri búið. Það þyrfti ekkert að ræða um það meir. Og fyrir þessu eru svo víðtækar sannanir, að það þarf ekki að rekja það, bókstafurinn blífur. Þá var málið alls ekki búið. En það var verið að reyna að telja kjósendum trú um, að þeir hefðu ekkert um málið að segja, málið væri búið, það væri kosið um allt annað.

Það var sagt, að þrír flokkar hefðu tekið höndum saman um að breyta stjórnarskránni, flokksforingjar hefðu tekið sig saman um það að breyta stjórnarskránni og þar með væri málinu lokið, alveg þvert ofan í ákvæði stjórnarskrárinnar, sem segir, að kjósendur eigi að taka afstöðu til þess, eftir að stjórnarskrárbreyt. hefur verið samþ. á einu þingi, hvort þeir gefa alþm. umboð til þess að samþykkja málið að fullu. Og það er alveg hárrétt, sem er tekið fram í nál. minni hl., að til þess er alls ekki ætlazt, að málið sé lagt fyrir kjósendur á þann hátt, sem gert var af þessum þremur flokkum. Það er þvert á móti gert ráð fyrir því, að kjósendur taki afstöðu til málsins alveg óbundnir af flokkum, sem ekki voru til á þeim tíma, er stjórnarskráin var samþ. Flokksvald þriggja flokka, blöð þeirra og áróðurstæki voru öll notuð til þess að blekkja kjósendur, og upphafið var þetta, að málið væri búið, það þyrfti ekki að ræða það meir. Og það var furðanlega vel staðið við þessar fyrstu yfirlýsingar. Það þarf ekki að nefna annað til viðbótar — og þyrfti náttúrlega ekki að nefna neitt til viðbótar þessu, en það má nefna það til viðbótar, að á útifundi í Reykjavík, sem Sjálfstfl. hélt, — og þeir útifundir, sem eiga að ná til sem flestra kjósenda, leggja venjulega megináherzlu á það, sem lögð er áherzla á í kosningunum, — á hvað var þar lögð áherzla, um hvað var rætt á fundinum, hvernig var hann boðaður? Var hann boðaður þannig, að nú ætti að ræða stjórnarskrárbreytinguna til þess að skýra málið fyrir kjósendum og fá þá til þess að taka afstöðu til stjórnarskrárbreytingarinnar? Var það? — Nei, það var lagt þannig fyrir, að nú skyldi aldrei aftur koma vinstri stjórn í landinu. Um þetta snerist útifundurinn.

Ég nefndi það ekki á neinn hátt til niðrunar fyrir Ragnar Lárusson, að hann hefði komið með vélritaða ræðu, síður en svo. Mér hafði ekki dottið í hug með einu einasta orði að fara út í þá sálma hér að tala um mótframbjóðendur mína í sýslunni. Það er bara staðreynd, að hann kom með vélritaða ræðu. Og ég er ekki að lá honum það, og ég lái engum það, þó að hann komi undirbúinn á fund. En það sýndi það í þessari sýslu eins og annars staðar, að áherzlan var lögð á það, og frambjóðendurnir vita ósköp vel, hvað flokksstjórnirnar leggja áherzlu á, þegar þeir fara í framboð, þeir lögðu áherzlu á það, að það væri talað um vinstri stjórnina, um fjármálin og ekki um kjördæmabreyt. Fyrsta ræðan og hver einasta ræða, sem hann hélt upp frá því, þó að hann talaði ekki fyrstur, við skiptumst á um það, hver talaði fyrstur, og skiptum röðinni, eins og ég býst við að sé siður víða á framboðsfundum í kjördæmum, og hann flutti alltaf þessa sömu ræðu, við fluttum að sjálfsögðu svipaðar ræður hver og einn á þessum fundum fund eftir fund, og áherzlan var hjá honum lögð á vinstri stjórnina, pólitíkina í landinu, flokkapólitíkina í landinu, ekki minnzt á kjördæmamálið einu orði í frumræðunni. — Það náttúrlega mætti koma í veg fyrir það, að atkvgr. yrði hér um þetta mál fyrr en kl. 8 eða 9 annað kvöld, ef maður færi að telja upp öll þessi dæmi. — Þess vegna er það algerlega ofmælt hjá hv. þm. Barð. að láta sér detta í hug að reyna að sanna það, að kosningarnar hafi ekki fyrst og fremst snúizt um annað af hálfu þessara þriggja flokka. Þeir hafa reynt að láta þær snúast um annað en kjördæmabreytinguna. Þeir vissu, að hún var óvinsæl, og reyndu að breiða yfir hana með öðrum málum.

Ég ætla nú ekki að fara að rekja þetta, enda gerist þess ekki þörf, og sízt af öllu ætla ég að fara inn á það — hefur aldrei komið það til hugar — að rekja hér sögur af framboðsfundum í Strandasýslu. Ég fullyrti ekkert um Vesturland. Ég sagði, að á þeim fundum, sem ég hefði verið á á Vesturlandi, hefði þetta verið með þeim hætti, að reynt hefði verið að tala um allt annað en kjördæmamálið. Og þar af leiðandi fullyrði ég ekkert um það, hvernig það hefur verið í Barðastrandarsýslu, þó að ég hafi fulla ástæðu til þess að tortryggja hv. þm., því að vitanlega verða að koma fram víti á hann fyrir það að fara að rekja hér sögur af framboðsfundum og niðra mótframbjóðanda sínum, sem ekki er hér til svara. Það verður að víta þá framkomu. En það er bara til bóta, að það tekur enginn mark á því, sem hv. þm. segir um andstæðing sinn, svo að það gerir kannske ekki svo mikið til. En þetta eru ekki mannasiðir, og það á ekki að iðkast hér á Alþ., að menn fari að segja svoleiðis sögur. Ég efast ekkert um það, að hv. mótframbjóðandi hv. þm. Barð. hefur verið fullkomlega maður til að svara honum. Ég þekki ræðuhæfileika hans. Þegar hann er með glósu um það, að hann hafi haldið sömu ræðuna og Daníel Ágústínusson og líklega fengið hana lánaða þar og ég hafi samið báðar, þá er það einfalt mál, að ég er ekki fær um að semja ræður upp í hendurnar á þeim, því að þeir eru a. m. k. báðir eins góðir ræðumenn og ég.

Um Flatey hélt ég nú satt að segja að hv. þm. mundi spara sér að tala. En það grisjaði þarna í gegnum þennan vef, sem hann var að spinna, sem var þó aðallega um það, að mótframbjóðandi hans, Sigurvin Einarsson, hefði talað um kjördæmamálið. Hann talaði ekkert um það, hvernig hann sjálfur hefði talað. Það hefur kannske vantað í ræðu hans, án þess að hann tæki sjálfur eftir því, að hann segði, að kjördæmamálið hefði verið fullkomlega flutt á fundum, vegna þess að Sigurvin Einarsson hefði varið öllum ræðutíma sínum í fyrstu ræðu til þess að ræða málið, sem var vitanlega alveg eðlilegt og það, sem átti að gera. En hann talaði ekki um það, sem er meginatriði, hvernig mótframbjóðendur Sigurvins Einarssonar lögðu málið fyrir. Og það er gefið mál og auðsætt mál, að með blöðum og áróðurstækjum þriggja flokka er auðvelt að hafa í frammi þá hrekki og blekkingar, sem notaðar voru við kjósendur til þess að fá þá til að kjósa um annað en kjördæmabyltinguna, sem nú á að innleiða. En það grisjar í gegn, sagði ég, í Flatey, — hann segir, að það hafi verið minnzt á atvinnumál, og eftir það minntist Sigurvin Einarsson tæpast á kjördæmamálið, vegna þess að hann átti í vök að verjast. Það er nú sennilegt eða hitt þó heldur, að Sigurvin Einarsson hafi átt í vök að verjast út af atvinnumálum í Flatey og í Barðastrandarsýslu.

Það er sennilegt — eða hitt þó heldur. Ég hélt nú satt að segja, að hv. þm. Barð. vissi um það, að framferði hans í Flatey er frægt að endemum um allt Ísland. Þar var byrjað á að hlaða upp grjóti fyrir hverjar kosningar, — ég held þrennar, — og þegar menn lofuðu í einhverjum kosningum, þá var það kallað síðar á Íslandi „Gíslagrjót". Gíslagrjótið í Flatey er of frægt til þess, að það þurfi nokkur maður að segja mér, að hv. fyrrv. þm. Barð. hafi átt í vök að verjast þar, — nema þá hann hafi eytt tímanum í það að rekja hrakfallasögu hv. núv. þm. Barð. í atvinnusögu Barðstrendinga, sem er að endemum og skal ekki eytt tíma í að rekja hér. Átti ekki að byggja allt upp í Flatey og Bíldudal, — og hvar eru þessi atvinnutæki nú?

Ég ætla svo aðeins að vikja örfáum orðum — skal ekki hafa þau mörg, því að ég hef aldrei ætlað mér að lengja þessar umr., að öðrum staðhæfingum hv. þm. Hann sagði, að Sjálfstfl. og nýsköpunarstjórnin hefðu skapað undirstöðuna undir allar þær framfarir, sem hefðu orðið í þessu landi fram á þennan dag, og útlendingar, sem sæju þessar framfarir, undruðust, hve miklar framfarir hefðu orðið í landinu. Ég skal nú ekki fara að ræða það, eins og ég sagði áðan, í löngu máli, þó að hann minntist á nýsköpunarstjórnina. En þá er það kannske við hæfi, að ég segi það, sem satt er, að þessi stjórn, þessi auma stjórn, tók við meiri auðæfum en nokkur önnur stjórn hefur tekið við á Íslandi, og sannleikurinn er sá, að hún var eins og ríkt barn, sem tekur við arfi og sólundar honum á stuttum tíma með óráðsemi. Það er nú það, sem hún gerði. Meginhlutinn af gjaldeyri þjóðarinnar fór í allt annað en framleiðslutæki. Og það er ekki mikill vandi, þegar fjárfúlgur liggja fyrir, svo að mörgum hundruðum milljóna skiptir í erlendum gjaldeyri, að kaupa atvinnutæki. Hún sólundaði þessum fjármunum í margt annað, eins og hefur verið rakið og var rakið m. a. í umr. í hv. Nd., og hún skildi þannig við, og það þarf ekki að fara í neinar grafgötur til þess að finna það, — hún skildi þannig við, að fjórir hagfræðingar, einn óflokksbundinn, einn maður frá Sjálfstfl. og tveir frá öðrum flokkum, lýstu því yfir, að hún væri búin að eyða hverjum einasta eyri í gjaldeyri, og þannig stóð á með byggingar m. a. hér í Reykjavík, að Reykjavík var eins og eftir loftárás, það var byrjað á byggingum, sem ekki var hægt að ljúka við vegna fjárskorts, og þannig hrökklaðist hún frá, stjórn, sem tók við meiri auðæfum en nokkur önnur stjórn, sem hefur tekið við í þessu landi. Og henni tókst á stuttum tíma að gera það, sem margrakið hefur verið, að hækka dýrtíðina um 89 vísitölustig, svo að allt er hégómi, síðan hún stofnaði undirstöðuna undir vísitöluna, hún kvað upp vísitöludrauginn án þess að vera fær um að ráða við hann, og það hefur enginn verið fær um að ráða við afleiðingarnar af því, sem þessi stjórn gerði. Það er hið sanna, og enn eru menn að glíma við það, og það verður glímt við það í haust.

Fullyrðingar eins og þær, að Framsfl. standi gegn lýðræðinu í landinu, — hann minntist á, að það hefðu verið hrekkir, kosningabandalagið milli Framsfl. og Alþfl. Það er kannske óþarfi að vera að ræða þessi mál, því að hver og einn, sem hlustar á þetta, getur svarað því sjálfur, enda það svo oft rætt. Þessir hrekkir voru þá þannig, að einn allra þekktasti lögfræðingur landsins, Jón Ásbjörnsson, dómari hæstaréttar, sjálfstæðismaður og ég held enginn eða fáir, — ég held enginn tortryggi samvizkusemi hans, hann dæmdi ekki, að það væru hrekkir. Hann dæmdi, að það væri löglegt. Og það voru stjórnskipunarlög, sem Framsfl. stóð ekki að að setja, við stóðum ekki að því að setja þessi stjórnskipunarlög, sem svokallað Hræðslubandalag eða Framsóknarbandalag, hvort sem við viljum heldur kalla það, var stofnað samkvæmt. Þetta voru stjórnskipunarlög, sem Sjálfstfl., Alþfl. og Alþb. höfðu samið, og Jón Ásbjörnsson sagði, að það væri löglegt, þetta bandalag. Náttúrlega man hv. þm. ekki heldur eftir því, þegar hann var í sínum ham, að Sjálfstfl. og Bændaflokkurinn voru búnir að stofna sams konar bandalag áður. Ég ætti m. a. að muna eftir því, ég hafði þá í minni sýslu, án þess að vera að rekja það, 350 atkv., Sjálfstfl. 250 og Bændaflokkurinn 250, kosningarnar 1934. Leikurinn var svo einfaldur. Þetta, sem hann kallar hrekki og Sjálfstfl. var þá að drýgja með Bændaflokknum, hann man náttúrlega ekki eftir því. Það voru 500 atkv., 250 og 250 eru 500, og 350 áttu að vera mitt hlutskipti. Það fór nú með öðrum hætti raunar, og ég skal ekki rekja það, en svona var þetta víða. Ef hann kallar þetta hrekki, þá var Sjálfstfl. búinn að gera tilraun til að leika þessa hrekki, þessa sömu hrekki, og okkur framsóknarmönnum datt aldrei í hug að halda því fram, að það væri neitt ólöglegt við það. Nei, þeir máttu leika þetta, sem hann kallar nú hrekki, og þá var það lögmætt. En þegar Framsfl. og Alþfl. stofna sams konar samband, þá eru það hrekkir.

Hann kemur með fullyrðingar eins og þær, að við viljum viðhalda núv. kjördæmaskipun og við stöndum gegn lýðræðislegri stjórnskipun, Framsfl. Hvers konar fullyrðingar eru þetta? Ég ætla ekki að fara að rekja það, hvað var sagt á framboðsfundum. En vitanlega var auðvelt að svara þessu á þessum öllum framboðsfundum, ef einhver kom fram með þessa fjarstæðu. Tilboð okkar til Alþfl. og Alþb. um að reyna að leysa þetta mál er kannske ekki fullkomin sönnun. En sú fullkomna sönnun er það, sem við lögðum fram hér á Alþ., og að minnsta kosti flestir eru í vafa um það, — ég býst ekki við, að hv. þm. Barð. verði í vandræðum með að fullyrða það gagnstæða, — en flestir eru í vafa um það, hvort nokkuð er ólýðræðislegri sú stjórnskipun, sem við stungum upp á án þess að leggja niður héruðin úti um land, heldur en það, sem nú er verið að samþykkja. Við buðum fullkomið réttlæti gegn því, að kjördæmin yrðu ekki lögð niður, og við vorum búnir að bjóða Alþfl. og Alþb. að fara inn á þessar brautir. Svo kemur hv. þm. og segir, að við stöndum gegn því, að lýðræðisskipun sé í landinu. Þetta er vitanlega fjarstæða og ekkert annað en út í bláinn, þvert ofan í staðreyndir, sem liggja fyrir hér í prentuðum þskj.

Svo heldur hann því fram, að útilokun Sjálfstfl. frá stjórnarmyndun, þegar vinstri stjórnin

var mynduð, hafi verið ólýðræðisleg. Þessir þrír flokkar, sem stóðu að ríkisstj., voru í meiri hl., og ég get ekki séð neitt ólýðræðislegt við það, þó að flokkur, sem er í minni hl., sé í stjórnarandstöðu. Þessi vefur er þess vegna allt saman meira og minna fjarstæður.

Svo að lokum þetta, að hann segir, að kosningin í Barðastrandarsýslu hafi sýnt það, að kjósendur þar hafi verið með þessari kjördæmabyltingu. Mér satt að segja finnst nú, að hv. þm. þurfi ekki að vera sérstaklega hreykinn af þessum meiri hl., 11 mönnum, 11 atkvæðum, og þar á meðal var eitt tekið gilt, sem kaus Gísla Sveinsson, svo að það er nú ekki neinn sérstakur glans yfir þessari kosningu, svo að hann þurfi að vera neitt sérstaklega hreykinn af henni. Enn fremur er vitað, að mikið af Alþfl. var fengið til þess að kjósa hv. þm., eins og atkvæðatölurnar frá 1953 sanna. En það er sama, hann getur sagt það með réttu, að það komi ekki málinu við, það hafi verið kjósendur, sem greiddu atkvæði með því, að núverandi stjórnskipunarlög yrðu samþ.

Enn fremur eru fullyrðingar um óvinsældir vinstri stjórnarinnar. Það hefur nú svo mikið verið rætt um það, að ég skal ekki mikið um það ræða. En ég ætla aðeins að segja, að það er dálítið erfitt fyrir þá, sem halda því fram. Það er vitað um vinstri stjórnina, að það var ágreiningur í Alþb. um að standa að vinstri stjórninni. Þetta vita allir landsmenn. Það er svo þaulrætt og hefur komið svo víða fram í nefndum, 19 manna nefndinni, Alþýðusambandsþingi, að þetta vita menn. En þeir vita jafnframt, að Framsfl. stóð heill og óskiptur alla tíð að stjórninni og að það var ekki hans sök, að rofnaði, og ég skal ekki fara að rökræða um það. En þetta hefur fólk á tilfinningunni, og það er erfitt að koma því heim og saman, að vinstri stjórnin hafi verið óvinsæl, en flokkurinn, sem veitti henni forustu, fái einn þann mesta kosningasigur, sem nokkurn tíma hefur þekkzt á Íslandi, út úr kosningunum. Hvernig fer hv. þm. að koma þessu saman? Ef nokkur snefill væri af sannleika í þessum rökum, hefði forustuflokkurinn átt að fara verst út úr því í kosningunum, en það var eitthvað annað, og frekar þarf maður ekki að ræða um það.

Hv. þm. álítur, að þessi kjördæmabreyting muni hreinsa andrúmsloftið, og því hefur verið haldið fram hér við framsögu þessa máls, að hér væri verið að taka upp kosningafyrirkomulag, sem hefði gilt og gilti á Norðurlöndum og vel reynzt. Það getur verið rétt, að Norðurlönd hafi verið nægilega traust stjórnskipulega til þess að þola þetta eitur, sem hlutfallskosningar eru og hafa reynzt í flestum löndum. Það hefur verið svo fram á þennan dag, þó að ekki sé hægt að minnast á það öðruvísi en að minna á Finnland, og ekki er hægt að minnast á það öðruvísi en að geta þess, að jafnaðarmennirnir, sem hafa víða verið sterkir um skeið, hafa myndað meiri hluta í þessum löndum. En hvernig fer þetta, þegar sá meiri hluti hverfur og þarf að fara að mynda stjórnir eins og núna í Danmörk, og hvernig fer það í Svíþjóð, þegar meiri hlutinn þar hverfur? Við höfum fulla ástæðu til þess, að það fari eins og í Hollandi, þar sem ekki hefur verið hægt að mynda stjórn í 3 mánuði núna á þessu og seinasta ári og hvert vandræðatímabilið eftir annað verður, þegar á að fara að mynda nýja ríkisstjórn. Og við höfum raunverulega beztu sannanirnar fyrir því, — ég held, að ég fari þar með rétt mál, ég hef verið að athuga það, og ég hef ekki getað komizt að annarri niðurstöðu en þessari: Hvert einasta land í veröldinni, sem breytir sinni stjórnskipun núna seinustu árin, leggur hlutfallskosningarnar til hliðar, tekur upp meirihlutakosningar. Hvert einasta ríki, sem fær sjálfstæði núna seinustu árin, tekur ekki upp hlutfallskosningar, heldur meirihlutakosningar. Það getur vel verið, að það sé til einhver undantekning, en ég hefði gaman af að heyra, hver hún er og hvar hún er, ef þau á annað borð breyta sinni stjórnskipun og taka upp nýtt stjórnskipulag, vegna þess að þau verða sjálfstæð ríki. Og það er langt frá því, að þetta hreinsi andrúmsloftið. Það hefur hvergi gert það í neinu landi. Þetta er sú mesta óhreinkun á pólitísku andrúmslofti, sem til er fyrir nokkurt land, og það mun ásannast, að þeir, sem samþykkja þetta mál, vinna hér mjög slæmt verk fyrir okkar þjóðfélag. Og það er nú sennilega séð fyrir endann á þessu í bráð. En þó að séð sé fyrir endann á málinu, þá er því miður ekki séð fyrir endann á þeirri ógæfu, sem þetta á eftir að leiða yfir íslenzkt þjóðfélag.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þegar þetta mál var hér til umr. á síðasta þingi, lét ég í ljós skoðun mína á því. Ég lét þá í ljós þá skoðun, að þegar kjósandi einhvers staðar í landinu ætti samtímis að kjósa um það, hvort hann væri með þessari kjördæmabreytingu, og jafnframt, hvort hann væri sammála þeim þm., sem væri honum sammála um stjórnarskrárbreytinguna, í öðrum málum, þá væri það hér um bil ekki hægt. Ég sagði þá, að hver kjósandi yrði að athuga skoðun þingmannaefnanna, sem í framboði væru, og að reyna að velja þann, sem hann fyndi mest í samræmi við sínar eigin skoðanir. Og þegar stjórnarskrá landsins, sem er þeirra laga dýrmætust og talin vera undirstaða undir öðrum lögum, er slengt inn í það „kaos“, sem kjósandinn verður að reyna að gera sér ljóst, þegar hann kýs, og finna samnefnara fyrir, hvort hann er með eða ekki og hvort hann heldur vill kjósa vegna kjördæmamálsins eða annars máls, þá getur hann það ekki. Þess vegna sagði ég þá og hafði reyndar sagt hér áður og meira að segja flutt um það sérstakt frv. einu sinni hér á þingi, að stjórnarskránni ætti að breyta á sérstöku stjórnlagaþingi, það ætti ekki að gera aðrar breytingar á stjórnarskrá landsins af þm. en þá eina að setja inn í hana þau ákvæði, að hún skyldi samþykkt af sérstöku þingi, sem ekkert gerði annað en ræða hana og samþykkja hana, svo að kjósandi fengi að kjósa um það mál eitt, — það mál eitt, hvernig hann vill hafa stjórnarskrána. Það væri eina leiðin til að fá stjórnarskrá, sem væri í samræmi við vilja meiri hluta þjóðarinnar. Þetta hefur enginn viljað hlusta á og enginn viljað sinna, a. m. k. aldrei nógu margir.

Um þetta sannfærðist ég enn betur en áður við kosningarnar í sumar. Ég skal ekki fara að lýsa einstökum fundum, en ég skal segja það þó, að jafnaðarmennirnir tveir, sem þar voru, — annar þeirra rakti á fyrsta fundinum ákaflega ýtarlega kosningar til Alþ. og kjördæmaskipan, frá því að Alþ. var stofnað og til þess dags, en sagði ekkert um sína eigin skoðun. Hann mætti ekki á fleiri fundum. Og hinn frambjóðandinn, sem mætti á þeim öllum, minntist aldrei á stjórnarskrána. Hann sagði mönnum frá því, að Alþfl. hefði nú bara komið á togaravökulögunum, — bara einn, þurfti engan annan flokk til þess, og hann hefði komið á tryggingunum og þess vegna væri borgað svona mikið tryggingarfé í hreppnum núna hérna í ár o. s. frv. Hann minntist aldrei á neitt, sem héti kosningalög eða stjórnarskrárbreyting. Sjálfstæðismennirnir sögðu bara, að þau væru afgreidd og það þýddi ekkert að vera að tala um það, þau væru alls ekki til umr. Þegar ég sagði þeim, að á næsta þingi ætti nú að ræða einmitt stjórnarskrárbreytinguna og svo breytingu á kosningalögunum, og minntist á margt af því, sem þar þyrfti að breyta og er hérna í tillögunum um breytingu á kosningalögum, sögðu sjálfstæðismenn, að á næsta þingi yrði bara rætt um það, hvort það ætti að vera hér í landinu vinstri stjórn eða ekki. Það væri um það kosið. Ef það heppnaðist að stöðva þessa stjórnarskrá, þá væri alveg víst, að vinstri flokkarnir kæmu sér saman og stofnuðu vinstri stjórn og það yrði að fyrirbyggja. Þetta prédikuðu bæði sjálfstæðismennirnir og Alþýðubandalagsmennirnir. Þess vegna er það alveg gefið, að kjósendurnir, sem mynduðu sér skoðun eftir þessum umræðum, gátu ekkert tillit tekið til stjórnarskrárbreytingarinnar, ef þeir voru harðir og ákveðnir flokksmenn, en það eru þeir sjálfstæðismenn, sem enn hanga í Sjálfstfl. Þótt þeir gjarnan vildu breyta stjórnarskránni, þá gátu þeir ekki gert það, þegar þeir áttu yfir sér eftir sögusögn frambjóðenda Sjálfstfl. og Alþb. að fá vinstri stjórn, sem þeir voru á móti. Það voru margir sjálfstæðismenn, sem ekki vildu það, og kusu þess vegna ekki eftir málinu, sem fyrir lá, og málinu, sem við erum núna að ræða, heldur eftir allt öðrum sjónarmiðum. Þetta er alveg deginum ljósara, og ég þyrði að veðja nærri því eins miklu og vera skyldi um það, að ef kosið væri um þetta mál eitt í Norður-Múlasýslu, þá yrðu það ekki 866 atkvæði, sem stæðu með því, — það eru þau atkvæði, sem við fengum seinast, — heldur miklu meira, — líklega í kringum 1100 atkvæði, sem væru með því og þó trúlega meira. Það þori ég alveg að fullyrða, bæði eftir því, hvernig fundirnir lágu, og eins eftir viðtölum mínum við menn. Þess vegna er það í mínum augum glæpur, augljós glæpur hjá þeim, sem standa að þessu máli, að afgreiða mál, sem er undirstaðan undir öllu okkar stjórnarfari, stjórnarskrána, án þess að lofa þjóðinni að greiða um það atkvæði og ráða það með sér.

Ég skal ekki endurtaka það, sem ég sagði hér á síðasta þingi. Ég sagði þá, að þessi breyting leiddi til þess að draga úr sjálfræði kjósenda um það, hverja þeir kysu og hverjir kæmu til með að sitja á þingi, og legði það meira og minna á vald flokkanna, — ég sagði það þá, og ég geri það enn. Ég skal alveg fullyrða, að þegar nokkur ár eru liðin, — ég lifi það kannske ekki, af því að ég er orðinn svo gamall, en þeir, sem yngri eru hérna, og nú eru hér margir ungir menn, þeir lifa það áreiðanlega, líklega ekki þó fyrr en eftir tvennar kosningar, að kjósendurnir verða ekkert spurðir um, hverjir verði í kjöri í kjördæmunum. Það verða bara miðstjórnirnar, sem búa listana til. Og það mætti segja mér, að sums staðar færi það strax svo í haust, að það yrði þannig. Það mætti segja mér, að mennirnir, sem núna t. d. á Sjálfstæðisflokksins vegum eru farnir að ferðast um og reyna að ná meðmælendum með því, að þeir verði efstir á lista í kjördæmi, þar sem eru líkindi til, að ekki komist að nema einn maður, — þá mætti segja mér, að þar yrði flokksstjórnin að koma til með að skera úr, hverjir það yrðu, þegar þeir kæmu allir með lista, er sýndu, að þessi hefði mælt með sér og þessi með hinum. Það mætti segja mér, að það kæmi fram strax í haust hér og þar á landinu, að miðstjórnirnar yrðu að skera úr. Og það er líka auðséð, að að því stefnir, því að ég sé ekki betur af till., sem þarna liggur frammi, ég veit ekki, hvort samþ. verður, að það á ekki einu sinni að lofa mönnum að ráða því, hvort þeir vilji mennina, sem eru á listanum, eða ekki. Þeir eiga ekki að fá að strika þá út. Það á ekki að hafa nein áhrif að strika út, og er því þegar farið að skerða rétt kjósenda. Það er byrjað þar ekki einungis að svipta þá því frelsi, að þeir fái sjálfir að koma saman í þessum stóru kjördæmum, sem er nú hér um bil ómögulegt sums staðar, og ráða framboðslistanum. Þeir, sem vilja hafa röðina á listanum einhvern veginn öðruvísi, þegar þeir kjósa hann, eiga ekki að fá að breyta honum hér um bil neitt. Næsta stigið: landið eitt kjördæmi, og þá geta þeir gottað sér, — hér er staddur 8. landsk. (BjörnJ), þá getur hann brosað breitt, því að næsta stigið verður það að hafa bara einn lista í kjöri og leyfa ekki aðra lista. Þá er kommúnisminn kominn, og hjálpa honum drjúgt til þess þeir, sem nú eru með þessari kjördæmabreytingu. Það er bara stig af stigi áfram. Nú á að bjóða kjósandanum að ráða, hverja hann eigi að kjósa af mönnunum, sem eru á listanum, og þar næst er, að miðstjórnin býr listann til og hætt er að láta kjósendurna koma nærri því, þriðja stigið: einn flokkslisti búinn til af ráðandi ríkisstj. og aðrir komast ekki að. Kosningin verður lík og í Rússlandi. Þá er stigið komið. Og það eru börnin okkar og barnabörnin, sem lifa það.

Nei, þetta stjórnarskrárfrumvarp er ákaflega skaðlegt fyrir þjóðina. Þó er ekki nóg með það. Það er líka skaðlegt á þann hátt, að það dregur úr sjálfstæðri hugsun, sjálfstæðri skoðun kjósandans á málunum, en styður að múgsefjun fjöldans og kosningu eftir augnabliksáhrifum, sem þeir verða fyrir, sem talað er við. Það verður alltaf svona í heiminum, að mennirnir, sem alast upp við margþætt verkefni og verða að hugsa og taka ákvarðanir sjálfstætt um þau, eins og bændur allra landa í öllum heiminum þurfa og útgerðarmenn líka og ýmsir iðnaðar-

menn, það er aðstaðan, svo að þessir menn hafa víðari sjóndeildarhring og eru betur færir og meira hugsandi um hvaða mál sem er heldur en hinir, sem alast upp í stórborgunum, — við eigum nú sem betur fer ekki neitt af þeim enn þá, þó að það sé á leiðinni hér í Reykjavík, þar sem sami maðurinn, frá því að hann byrjar að taka til hendinni, gerir eitt ákveðið verk og þarf aldrei að hugsa um annað en það. Með því fást meiri afköst, meiri tekjur fyrir þjóðarbúið, þegar svo er komið, en þá fáum við um leið menn, sem hafa ekki neina þekkingu eða neina möguleika til að mynda sér sjálfstæða skoðun um þjóðmál, sem þeir hafa aldrei komið nærri og vita ekki nokkurn hlut um. Að þessu styður þessi stjórnarskrárbreyting. Hún styður að múgsálinni. Hún styður að því, að við þessa menn geti einn maður talað, fengið þá til að hrífast með á fallegum mannfagnaði, kannske án þess að þeir komi nokkuð að málinu, sem um er að ræða, af því að tilheyrendurnir hugsa ekkert sjálfir um málið og geta ekki hugsað um það sjálfstætt.

Þess vegna er það alveg rétt, sem hefur verið haldið fram af mörgum í þessum kosningum, að þessi stjórnarskrárbreyting, sem nú er gerð, dregur úr því, sem kallað hefur verið bændamenning hér á landi, sem er reyndar líka í fjöldamörgum bæjum og alveg einráðandi í mörgum smærri bæjum og mikils ráðandi í þeim stærri líka enn sem komið er, en smábreytist, eftir því sem verkaskiptingin vex og við komumst inn á meira einhliða framleiðslu fyrir einstaka menn. Hún styður undir hópsálina, múgmennskuna. Þetta er eins víst og tveir og tveir eru fjórir, og þetta verður til bölvunar fyrir okkar þjóð tvímælalaust. Þess vegna hef ég verið á móti þessu frv. og verð það, og það má náttúrlega enn þá bera það undir þjóðina, eins og hér er till. um, meira segja gera það á tvo ólíka vegu. Það má gera það eins og rökst. dagskráin hljóðar um, og það má líka gera það með því að ákveða, að lögin öðlist ekki gildi, fyrr en þau hafa verið samþykkt með alþjóðaratkvæði.

En annars hef ég talið og tel og hef alltaf talið, að stjórnarskránni eigi ekki, eins og flokkaskiptingin er orðin í landinu núna, harðvítug og menn fastir í flokkum, já, mjög fastir í flokkum, þá á hún ekki að afgreiðast í bendu með öðrum málum, heldur afgreiðast ein sér á sérstöku stjórnlagaþingi, sem þjóðin greiði atkv. um og kjósi til, eftir að fyrir liggur, hvernig þjóðin skiptist í flokka um stjórnarskrána, sem þá lægi fyrir eða menn hugsuðu sér að setja. Því miður hefur það ekki verið, og við því er ekkert að segja, það hefði ekki fengizt fyrir minn hlut. Ég reyndi að friða þá menn, sem ég vissi að voru með okkur framsóknarmönnum í stjórnarskrármálinu, þó að þeir væru á móti okkur í öðrum málum, með því að segja þeim, að stærstu vinningsmöguleikar, sem til væru fyrir Framsfl., væru 5 ný þingsæti, og þó að við héldum öllum okkar gömlu, þá hefðum við samt ekki meiri hluta til að stöðva málið, svo að þeim væri óhætt að kjósa, eins og þeirra sannfæring byði í þessu máli, hvað sem liði verðandi vinstri stjórn, sem Alþb.-mennirnir sérstaklega héldu fram að mundi myndast, ef þeir kysu með stjórnarskránni. En ég reiknaði þá ekki með því, að Alþfl. yrði lánað eins mikið í þessum kosningum af atkv. frá Sjálfstfl. og gert var. Okkar menn komust ekki að nema í 4 af þingsætunum 5, sem ég átti von á að þeir gætu kannske komizt, og það var nú ekki neitt. Sömuleiðis var reynt að hræða þá mikið, sem voru þess sinnis, að þeir vildu nú fella stjórnarskrána, en þó ekki láta Framsfl. fá meiri hluta, á Hræðslubandalaginu. Sérstaklega var það einn frambjóðandi, sem gerði það nokkrum sinnum. Ég minnti hann á, að hann hefði sjálfur verið í framboði og talið sig þá Bændaflokksmann og haft með sér Sjálfstæðisflokksmann, þá átti að kjósa saman, og þeir höfðu gefið því nafnið Breiðfylking, og eftir því sagði sá nú, að hann hefði sjálfur verið notaður sem agn til þess að taka þátt í sjálfri Breiðfylkingunni, — þá hætti hann nú dálítið að tala um Hræðslubandalagið. En sem sagt, allir þeir sjálfstæðismenn, þeir eru nú reyndar ekki nema 300 í sýslunni allri, en af þeim hóp voru þeir margir, sem voru í raun og veru á móti stjórnarskrárbreyt., — þeir voru allir fræddir á því, að ef þeir greiddu atkv. þannig, þá yrði aftur mynduð vinstri stjórn, þá tæki Framsfl. aftur saman við kommana og Alþfl. og myndaði vinstri stjórn og hún hefði verið svona og svona bölvuð. Því svaraði ég nú aldrei, því að því svöruðu Alþb.-mennirnir. Þeir svöruðu því, en ég þurfti ekki að skipta mér af því. Þess vegna fullyrði ég alveg hreint, að kosningin í Norður-Múlasýslu segi ekkert um það, hve margir Norðmýlingar eru á móti þessari stjórnarskrárbreytingu. Þeir eru miklu fleiri en fram kemur í atkvæðatölunum, sem eru 866, sem kusu okkur, og milli 300 og 400, sem kusu hina. Hún segir ekkert um það.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 24 felld með 10:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VH, BSt, BjörgJ, HermJ, KK, PZ.

nei: SB, SÓÓ, BjörnJ, EI, FRV, GíslJ, GuðlG, GGísl, GTh, EggÞ.

1. þm. (FS) fjarstaddur.
1. gr. samþ. með 10:6 atkv.
2. gr. samþ. með 10:5 atkv.
3. gr. samþ. með 10:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 10:6 atkv.

Á 7. fundi í Ed., 11. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég hef gert mér nokkurt far um að fylgjast með umr. um það mál, sem hér liggur fyrir, fyrst við afgreiðslu þess í hv. Nd. og síðar hér í þessari hv. d. Andstæðingar þeirrar breytingar á stjórnarskránni, sem fyrir Alþ. liggur og hér er verið að ræða, halda því mjög á lofti og rökstyðja málstað sinn einna helzt með, að kjósendur hafi í kosningunum í sumar verið blekktir og að þeir hafi raunverulega ekki vitað, um hvað þeir voru að kjósa.

Ég verð að segja, að mér kemur það mjög á óvart, að slíkri fásinnu skuli vera haldið fram hér á hv. Alþingi, að því er virðist í fullri alvöru. Ég get fullyrt, að þar sem ég þekki bezt til, þ. e. í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, þar a. m. k. vissi hver einasti kjósandi nákvæmlega, um hvað hann var að kjósa. Allar fullyrðingar í gagnstæða átt eru fjarstæða, sem enga stoð eiga í raunveruleikanum.

Mál þetta var fyrir kosningarnar rætt mjög ýtarlega af fulltrúum allra flokka, bæði í blöðum þeirra og á framboðsfundum. Meira að segja kom sjálfur formaður Framsfl., hv. þm. Str. (HermJ), til Vestmannaeyja og hélt þar almennan kjósendafund, og var ræða hans síðan birt í málgagni flokksins úti í Eyjum, og sneirist hún aðallega og að mestu leyti um kjördæmamálið. Þó að ekki hafi verið fjölmennt á þessum kjósendafundi, er það þó staðreynd, að málgagn framsóknarmanna fer eins og blöð annarra flokka inn á nærfellt hvert einasta heimili í Vestmannaeyjum. Ef hv. fulltrúar Framsfl. vilja halda því fram, að kjósendur í þessu kjördæmi hafi ekki verið nægilega upplýstir um málið, þá er ekki hægt að álíta annað en formanni flokksins, hv. þm. Str., hafi tekizt illa til í málflutningi sínum. Ég las ræðu hv. þm. Str., og satt að segja held ég, að hann verði ekki sakaður um blekkingar í því skyni að afla kjördæmamálinu fylgis úti í Vestmannaeyjum. Í umræddri ræðu fengu kjósendur í þessu kjördæmi ábyggilega nægilega greinargóðar útskýringar á þeim hættum, sem Framsfl. telur að felist í þeirri breytingu á stjórnarskránni, sem nú er verið að ræða í þessari hv. deild.

Sjálfstfl. í Vestmannaeyjum eins og annars staðar gerði þetta mál, kjördæmamálið, að aðalbaráttumáli sínu í kosningunum. Hann skoraði á kjósendur þar í blaði sínu og á framboðsfundum að styðja flokkinn til þess að tryggja framgang málsins.

Það eru því hrein falsrök, þegar verið er að halda því fram, að Sjálfstfl. hafi farið á bak við kjósendur sína eða blekkt þá. Hver einasti kjósandi, sem greiddi honum atkvæði, vissi, að með því var hann að stuðla að því, að stjórnarskrárbreytingin yrði samþykkt á því þingi, sem nú situr. Mér þykir það því mjög einkennilegt, þegar ég heyri því haldið fram hér á hv. Alþingi, að kjósendur hafi verið blekktir í kosningunum í sumar og ekki vitað, hvað þeir voru að kjósa um. Ég tel slíkar fullyrðingar óraunhæfar og beinlínis móðgandi við kjósendur, ekki einasta í því kjördæmi, sem ég er fulltrúi fyrir, heldur hvar á landinu sem er og í hvaða flokki sem þeir eru.

Í framsöguræðu sinni um þetta mál í þessari hv. d. benti hæstv. forsrh. á, að við alla meðferð málsins hefði þess að sjálfsögðu verið gætt að fylgja í öllum atriðum fyrirmælum stjórnarskrárinnar, einnig því að leggja málið undir dóm kjósenda, eftir að það hafði hlotið löglega samþykkt síðasta Alþingis.

Það, sem að er og nokkuð hefur tafið framgang málsins nú á þessu þingi, er, að hv. fulltrúar Framsfl. hér á Alþingi vilja ekki viðurkenna þann dóm, sem kjósendur kváðu upp um málið í kosningunum 28. júní s. l. Frá þeirra bæjardyrum séð er þetta e. t. v. skiljanlegt, þó að þessi afstaða þeirra sé bæði óraunhæf og algerlega tilgangslaus. Það er öllum ljóst, sem fylgzt hafa með þjóðmálum að undanförnu, að vegna þeirra þjóðflutninga, sem átt hafa sér stað hér á landi undanfarna tæpa tvo áratugi, hefur grundvöllur fyrir kjördæmaskipuninni algerlega raskazt og það svo, að ekki verður við unað. Þessa staðreynd viðurkenndu nær ¾ hlutar kjósenda í kosningunum í sumar. Fram hjá því verður ekki gengið. Ég tel, að hv. Alþingi verði að haga afgreiðslu sinni á því máli, sem hér liggur fyrir, samkvæmt þessum ótvíræða þjóðarvilja.

Ef Framsfl. vildi viðurkenna þessa staðreynd, þyrftu flokkarnir ekkert um þetta mál að deila, svo sjálfsagt sem það er. En því miður virðast hv. fulltrúar Framsfl. meta meir það, sem þeir telja flokkshagsmuni sína, en að veita kjósendum þá sjálfsögðu réttarbót, sem allt heilbrigt og eðlilegt lýðræðisfyrirkomulag byggist á, þ. e. að réttur kjósenda sé sem jafnastur, eftir því sem við verður komið, hvar á landinu sem þeir búa.

Framsóknarmenn mega hvorki né geta ætlazt til þess, að þeir endalaust geti haft sérstöðu til áhrifa á málefni þjóðarinnar. Því fyrr sem þeir gera sér þetta ljóst, því betra fyrir þá sjálfa og fyrir þjóðarheildina. Þeir verða í þessum efnum að sætta sig við sama hlut og aðrir flokkar. Ég tel, að þeir eigi hvorki að hafa þar betri né verri aðstöðu.

Sú niðurstaða, sem minni hl. stjskrn. hefur komizt að í nál. sínu, bæði í hv. Nd. og einnig í þessari hv. d., ber að mínu áliti vægast sagt keim af fyrirlitningu á dómgreind kjósenda. Kjósendum var í kosningunum í sumar alveg ljóst, hvað um var kosið, og þeir höguðu atkvæðum sínum samkvæmt því. Að neita þessari staðreynd og ætla að ómerkja þennan úrskurð kjósenda með einfaldri samþykkt hér á hv. Alþingi og efna til kosninga á ný rúmlega mánuði síðar er að mínu áliti bein móðgun við kjósendur þessa lands.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Mér þykir það næsta undarleg kenning, sem kom fram hjá hv. þm. Vestm. (GuðlG), að það sé lítilsvirðing á þjóðarviljanum að leita hans, svo að ótvírætt sé. Það, sem framsóknarmenn hafa stungið upp á í báðum d. Alþingis, er það, að þjóðaratkvæðis verði leitað um þetta mál. Við skulum segja, að þjóðarviljinn sé eitthvað svipaður um þetta mál og þeir segja, að hafi komið fram í kosningunum. Er þá nokkur goðgá, að gengið sé úr skugga um það, að kjósendur hafi kosið um þetta mál, þegar þeir kusu? Það er ætlazt til þess af sjálfu Alþingi, ef það breytir stjórnarskránni eða setur nýja stjórnarskrá, að þá samþykki Alþingi það tvisvar. Það mætti þá alveg eins segja, að það væri lítilsvirðing á Alþingi að ætla því að samþykkja þetta mál tvisvar.

Nú er það vitanlega alveg rangt, sem hv. þm. Vestm. sagði, að kosið hefði verið um þetta mál í vor og sízt af öllu eingöngu. Við vitum það allir, — ég veit, að hver einasti maður hér í hv. d. veit það og viðurkennir með sjálfum sér, að

þegar gengið er til almennra alþingiskosninga, þá er kosið um flokka. Það er ekki kosið um einstakt mál, jafnvel þó að þing sé rofið af því. Og mér er alveg fullkunnugt um það, að víða var það svo, að það var gert, eins og hér hefur komið fram, allt, sem hægt var, til að leiða athygli kjósenda frá því, að það væri verið sérstaklega að kjósa um stjórnarskrármálið.

Hér var við 2. umr. málsins í gær töluvert rætt um það, einkum af hv. þm. Barð. (GíslJ), hvernig ræður manna hefðu fallið á framboðsfundum í vor. Ég get vottað það úr mínu kjördæmi, að þar voru frambjóðendur annarra flokka en Framsfl. mjög tregir til að ræða um stjórnarskrármálið, sögðu, að það væri útkljáð mál. Fyrri frambjóðandi sjálfstæðismanna ræddi að vísu lítillega um það, eftir að við framsóknarframbjóðendurnir höfðum gefið tilefni til þess. Hinn frambjóðandi sjálfstæðismanna minntist aldrei á það á neinum fundi, og frambjóðendur Alþfl. og Alþb. ræddu mjög lítið um það og reyndar ekki fyrr en annar frambjóðandi Alþb. mætti á tveimur síðustu fundunum, hann talaði um það, en aldrei aðalframbjóðandi Alþb. Það, sem mest gekk út á fyrir þessum tveimur flokkum, voru innbyrðis deilur þeirra á milli, og gæti verið skemmtun að því, — ég man nú dálítið af því, — ef ég færi að segja það hér í d. En þar sem deildarfundir eru engin skemmtisamkoma, tel ég betur sæma að sleppa því. T. d. sagði aðalframbjóðandi Alþfl. mjög skemmtilegar dæmisögur á hverjum einasta fundi, sem e. t. v. væri fróðlegt fyrir menn að heyra.

Hv. þm. Barð. vék lítillega að mér í ræðu sinni í gær undir 2. umr. málsins og minntist eitthvað á það, að ég mundi hafa fengið Alþýðuflokksatkvæði við kosningarnar 1956. Það kann vel að vera, að ég hafi fengið einhver Alþýðuflokksatkvæði, ég veit ekki svo um það, hvernig hver kjósandi kaus í mínu kjördæmi. Ég held enga bók um það, hvernig menn kjósa. En nokkuð er það, að í síðustu kosningum, þegar Alþfl. hafði þar eins og alls staðar annars staðar framboðslista í kjöri, þá fékk ég nú fleiri atkvæði en við kosningarnar 1956, þegar ég átti að vera í bandalagi við Alþfl. Og það væri kannske rétt fyrir hv. þm. Barð. að ráða ofur litla gátu, og hún er um það, hvernig á því muni hafa staðið, að Sjálfstæðisfl. tapaði svo til nákvæmlega jafnmörgum atkvæðum í kosningunum í vor og Alþfl. fékk fram yfir það, sem hann fékk á landslista 1956. Mér virðist sú niðurstaða benda á það, að e. t. v. hafi ekki verið laust við einhvers konar leynibandalag þarna á milli og verkað alveg eins mikið og bandalag við Framsfl. Það virðist mér.

Hv. þm. Barð. hefur — held ég — haft illt af því að vera utan við þingið þessi þrjú ár. Hans ræða í gær var miklu líkari ræðum hans 1942 og fyrstu árin, sem hann var hér á þingi í hið fyrra sinn, heldur en ræðum hans síðari hluta þess tíma, sem hann var á þingi. En það verð ég að játa, að hv. þm. Barð. fór mjög mikið fram þau 14 ár, sem hann sat hér á Alþingi, svo að það, að ræða hans í gær líktist meira frumræðum hans hér, virðist ekki benda á framför þann tíma, sem hann var utan þings. Hann var ekki búinn að vera hér nema fáa daga, eftir að hann hóf hér þingmennsku, þegar hann gerði mótframbjóðanda sinn í Barðastrandarsýslu að aðalumtalsefni í einni ræðu. Sama var upp á teningnum í gær. Það, sem hann hafði aðallega að segja, var um aðalmótframbjóðanda sinn í Barðastrandarsýslu nú. Að vísu var miklu hóflegar í sakirnar farið í gær en fyrir seytján árum, þegar hann talaði þá.

Þetta mál er nú komið á síðasta stig hér í hinu háa Alþingi og gengur sjálfsagt fram í dag og líklega fyrr en síðar og verður að lögum. Þar með er meira en hundrað ára gamalli kjördæmaskipun, sem staðið hefur í öllum aðalatriðum óbreytt allan þann tíma, gerbreytt og algerlega nýtt skipulag tekið upp. En þeir, sem að þessu standa, gera sér sennilega von um, að þessu nýja skipulagi fylgi batnandi tímar að einhverju leyti, og mig grunar, að það eigi sérstaklega að liggja í því, að þeirra eigin flokkar hafi hag af því að taka þessa breytingu upp. Þess vegna finnst mér ekki sitja á hv. þm. Vestm. að vera að tala um það, að flokkar meti þetta mál eftir sínum eigin hagsmunum. Ég held, að það hafi verið hagsmunir þessara flokka, sem nú hafa slegið sér saman í þessu máli, sem komu málinu af stað, og ekkert annað. Það veit ég alveg fyrir víst, og ég hygg, að sumir þm. þessara flokka hér inni muni ekki neita þessu. Það er kannske, að nýir þm. í góðri trú neiti því, en þeir eldri og reyndari munu tæplega gera það margir. Annars þykir mér það ákaflega undarlegt, að hv. þm. Vestm. skuli vera stuðningsmaður þessa máls óbreytts, því að ef nokkurt kjördæmi landsins hefði nú átt að fá að halda sér óbreytt, þá voru það Vestmannaeyjar. Vestmannaeyjar eru fyrst og fremst eyland, allfjarri landinu, og ég hygg, að líf fólks þar og atvinnuvegir séu svo ólíkir því, sem er annars staðar í því kjördæmi, sem þeir eiga að lenda í, að það hefði átt að vera þeirra krafa að fá að vera sérstakt kjördæmi. Ég álít, að þeim veiti ekkert af því að eiga sérstakan fulltrúa á Alþingi, og mér er nær að halda, að fyrri þingmaður Vestmanneyinga hafi raunverulega litið svo á og ekki verið ákaflega áhugasamur um það, að þetta mál næði fram að ganga.

En vitanlega er búið að búa svo um hnútana, að þetta mál gengur fram og það í dag. Og þá verður ekki annað að gera fyrir okkur alla en að óska þess, að það verði þjóðinni helzt til heilla og a. m. k. til svo lítilla óheilla sem auðið er. Ég er viss um það alveg, að þessi breyting verður til óheilla fyrir vissa hluta þessa lands, afskekktar byggðir. Það er alveg gefið mál. Það kann að vera, að þess gæti ekki í fjölmennari byggðum og ég tala nú ekki um þar, sem fjölmennið er mest. Að því leyti er þetta illt verk, sem verið er að vinna, að mínu áliti. Og ég hygg, ef menn hefðu viljað vinna að þessu máli og reyna samkomulag, þá hefði mátt finna þá lausn, að því, sem verið er að ná með þessum breytingum, hefði mátt ná án þess að taka hina sérstöku þm. af öllum byggðum þessa lands, sem verið hafa kjördæmi. Það voru ýmsar leiðir til þess. Það var t. d. hægt að fjölga uppbótarþingsætum, og fleiri leiðir voru til til þess að

ná þessu svokallaða jafnrétti flokka heldur en endilega þetta.

Og svo er enginn kominn til að segja það, að hlutfallskosningar þær, sem nú á að taka upp um land allt, jafni svo á milli flokka, jafnvel að meðtöldum uppbótarsætunum, að atkvæðatala hvers flokks verði á eftir hnífjöfn á hvern þm. Ef litið er á bæjarstjórnir ýmsar, þá hefur það jafnvel sýnt sig sums staðar, að meiri hluti bæjarstjórnar hefur verið kosinn af minni hl. kjósenda, og mér finnst, að það geti vel komið fyrir, að það sama verði upp á teningnum í þessum kjördæmum, að þetta ruglist töluvert, og er óvíst, að uppbótarsæti nægi til þess að gera þetta hnífjafnt.

En hvað sem um það er, ég ætla ekki að lengja þetta meira, — ég hef enga minnstu löngun til þess. Mér finnst þetta þing hafa verið með þeim leiðinlegri, sem ég hef setið á, og eru þau orðin allmörg, og ég hef enga löngun til að lengja það og þar af leiðandi ekki til að lengja mál mitt. Og ég enda með því að endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ég vildi þó þrátt fyrir allt óska þess, að þessi breyting yrði helzt af öllu þjóðinni til blessunar eða a. m. k. til svo lítils ófarnaðar sem kostur er á, og verður það mál þá mest undir kjósendum landsins komið, hvernig það ræðst, og þó ekki eingöngu undir kjósendum landsins komið, heldur einnig undir þeim komið, sem leiðbeina kjósendum. Það er mikið komið undir blöðum landsins og áróðursmönnum flokkanna, hvernig um það muni til takast.

Ég er ekki sérstaklega hræddur við þessa breytingu vegna míns flokks. Ég hugsa, að hann spjari sig nokkuð, þó að þessi breytta kjördæmaskipun verði tekin upp. En ég er meira hræddur um það, að þeir, sem veljast inn á Alþingi, einkum þegar á líður, verði frekar flokksþjónar, sem settir eru þangað inn, vegna þess að þeir hafa traust sinna flokksforingja, a. m. k. til þess að vera góðir flokksþjónar á Alþingi. En áður var það lengi svo, að það komst enginn maður á þing í héruðunum, nema hann hefði sýnt það með einhverju starfi, annaðhvort í sínum einkaatvinnurekstri, í félagsmálum eða einhverju öðru, að hann væri einhvers virði, og eitthvað meira en málpípa flokks. Ég óttast, að það verði breyting í þessu efni til hins verra. En samt sem áður vildi ég mjög óska þess, að þetta yrði allt til hins betra og að þjóðinni vegnaði vel undir þessu nýja skipulagi og þingið yrði ekki verr skipað en það, að það yndi mjög bráðan bug að því, eftir að þessi hríð er afstaðin, að gera ráðstafanir til þess að fullnægja því loforði, sem allt þingið og allir flokkar gáfu við lýðveldisstofnunina, að lýðveldisstjórnarskráin skyldi mjög bráðlega verða endurskoðuð.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það er ekki til þess að blanda mér í þær deilur, sem staðið hafa um þetta stórmál á hv. Alþingi, sem ég kveð mér hljóðs undir lok umr. um það. En ég vildi leyfa mér að benda á það, að hér í hv. Ed. Alþingis er í dag merkilegur og sögulegur atburður að gerast. Hið 1029 ára gamla Alþingi Íslendinga er að leggja nýjan og traustari grundvöll að íslenzku lýðræði og þingræði. Með samþykkt þeirrar breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins, sem nú er að hljóta lokaafgreiðslu, er verið að staðfesta vilja nær 73% íslenzkra kjósenda úr síðustu kosningum. Réttlætið hefur unnið mikinn sigur. Gegn því hefur að vísu verið hörð barátta háð, en það er gömul og ný saga. Það hefur ávallt kostað baráttu að koma réttlætismálum fram, og ekkert er heldur eðlilegra en að menn greini á í lýðræðislandi, þegar um verulegar breytingar er að ræða á skipulagi, sem lengi hefur staðið.

En þróunin hefur gengið sinn gang. Alþingi er nú í tólfta sinn að breyta þeirri kjördæmaskipan, sem erlent konungsvald lagði grundvöll að fyrir 114 árum. Nýir tímar og breyttar þjóðlífsaðstæður skapa nýjar þarfir. Það er hlutverk Alþ., sem í rúm þúsund ár hefur verið brjóstvörn þjóðarinnar í sókn hennar til pólitísks og efnalegs sjálfstæðis, að skilja kall hins nýja tíma, um leið og það heldur trúan vörð um þau verðmæti liðins tíma, sem tilvera þjóðarinnar byggist á.

Frumskilyrði þess, að Alþ. geti rækt þessa skyldu sína og haldið virðingu sinni og trausti meðal þjóðarinnar, er, að það sé sem sönnust og réttust mynd af vilja hennar á hverjum tíma. Því miður hefur þessi forna löggjafarsamkoma vor sjaldnast verið það á síðustu áratugum. Þess vegna hefur hún ekki alltaf notið þeirrar virðingar, sem henni ber, og þess vegna hefur hún ekki heldur alltaf verið fær um að leysa þau vandamál, sem að höndum hefur borið. Það er von og ósk okkar sjálfstæðismanna og vafalaust annarra fylgismanna þessarar stjórnarskrárbreyt., að hún megi treysta aðstöðu okkar fornhelga þings, gera það hæfara til þess að framkvæma vilja íslenzku þjóðarinnar og skapa henni heilbrigt og gott stjórnarfar.

Átökunum um kjördæmaskipunina er nú að ljúka. Fram undan bíður fjöldi óleystra verkefna. Efnahagsleg viðreisn, lausn landhelgisdeilunnar, án þess að í nokkru verði hvikað frá markaðri stefnu Íslendinga, áframhaldandi uppbygging landsins í sveit og við sjó. Það er óbifanleg skoðun okkar sjálfstæðismanna, að hin nýja kjördæmaskipun muni leggja grundvöll að aukinni samvinnu byggðarlaganna í strjálbýlinu og meiri og nánari samvinnu fólksins þar við fólkið í þéttbýlinu. Af slíkri samvinnu mun margt gott leiða, ekki sízt fyrir það fólk, sem vinnur að mikilvægum framleiðslustörfum við erfiðar aðstæður í hinum strjálbýlu sveitum og dreifðu sjávarþorpum Íslands.

Herra forseti. Þjóðin hefur með yfirgnæfandi meiri hluta atkv. í síðustu kosningum lýst sig samþykka þessari nýju kjördæmaskipan. Mikill meiri hluti Alþingis hefur staðfest þann vilja hennar. Þing og þjóð bíður nú dóms reynslunnar, sem örlagaríkastur og réttmætastur er allra dóma. Það er ósk og von vor allra, að það verði þjóðinni, framtíð hennar allri og gæfu í hag.

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Það er ekkert við það að athuga, síður en svo, að haldin sé hátíðleg ræða á þessari örlagastund, eins og hv. þm. N-Ísf. gerði. Ég

get sannarlega tekið undir ósk hans um það, að allt, líka það, sem illa horfir, megi snúast þannig, að gæfa Íslands haggist ekki.

Þetta mál, sem nú er verið að afgreiða, hefur verið mikið baráttumál, eins og þm. sagði. Það er rétt, að stór mál, góð mál þurfa oft á því að halda, að fyrir þeim sé barizt, ef þau eiga að ganga fram. En sérstaklega er það svo, að hin röngu mál og verri mál þurfa mikla baráttu, ef þau eiga fram að ganga.

Hv. þm. Vestm. vitnaði í orð hæstv. forsrh., sem hann viðhafði hér í þessari hv. d., þegar hann fylgdi málinu úr hlaði. Þm. taldi réttilega, að ráðh. hefði sagt, að málið hefði verið lagt löglega fyrir í síðustu kosningum. Hann sagði það, en hann sagði fleira. Hann sagði líka, að verið gæti, að sumir, sem hefðu kosið kjördæmabyltingarflokka, hefðu ekki verið ánægðir með þetta mál. En þeim hefði átt að vera það ljóst, sagði hann, þeir hefðu átt að vita, að með því að kjósa frambjóðendur flokkanna þriggja voru þeir að greiða kjördæmabyltingunni atkvæði. Og þetta er það, sem hv. þm. Vestm. vildi undirstrika. En þegar á það er litið, að blöð þríflokkanna sögðu í kór fyrir kosningarnar, að málið væri þegar afgreitt með samningi þeim, sem flokksstjórnirnar gerðu, og þess vegna væri ekki um það kosið, og blað hæstv. forsrh. sjálfs brýndi það fyrir kjósendum, að þeir ættu að kjósa Alþfl. vegna afreka stjórnar hans í efnahagsmálunum, þá minna orð ráðh. á skrýtlu eina: Maður nokkur bar það upp á annan mann, að hann hefði logið að sér. Maðurinn bar ekki á móti því, en hann sagði: Þú áttir að hafa vit á því að trúa mér ekki. Þú berð ábyrgð á því að hafa trúað mér. — Það er þetta í raun og veru, sem þríflokkarnir segja nú eftir kosningarnar, og það er ekki stórmannlegt.

Hv. þm. Barð. talaði í gær um, að till. þær, sem samband landsfjórðunganna, fylkjasamtökin, fyrir áratug eða þar um bil gerðu um, að landinu yrði skipt í sex fylki, hefðu verið sams konar till. og kjördæmabyltingartill. nú. Auðheyrt var, að hv. þm. vissi bókstaflega ekkert, um hvað hann var að tala. Ef hann hefur vitað það, þá hefur hann svikið lit með köldu blóði. Fylkjaskipunartill. voru ekki líkari kjördæmabyltingartill. en hvítt er líkt svörtu eða Barðaströnd Reykjavík. Fylkjaskipunartill. miðuðust við að auka áhrif dreifbýlisins eða landsbyggðarinnar gagnstætt því, alveg gagnstætt því, sem hinar gera. Í fylkjunum áttu að starfa eftir till. fylkisþing með valdi í ýmsum málum, og það vald átti að flytja frá Alþ. til fylkjanna eða dreifbýlisins. Til þess átti að hafa það fyrirkomulag, að fylkin kysu til þinganna hvert 15 menn með einmenningskjördæmafyrirkomulagi. Fylkisþingin áttu aftur á móti að hafa það verkefni m. a. að kjósa til efri deildar Alþ. 3 menn hvert eða 18 alls, og þessa 3 menn átti að kjósa með hlutfallskosningum, það er rétt. Í því tilfelli voru fylkisþm. hugsaðir kjörmenn. Þeir höfðu verið kosnir í einmenningskjördæmum, og þeir áttu að kjósa hlutfallskosningu 3 menn, hverjir 15, og það var enginn háski. Hlutfallskosningarnar, þegar þær eru þannig framkvæmdar af kjörmönnum, verða allt annars eðlis. Þá er búið að hreinsa úr þeim — ja, eitrið, sem einhver sagði í gær að í þeim fælist. Til neðri deildar Alþ. átti eftir fylkjatill. að kjósa 30 menn, og þeir áttu allir að kjósast í einmenningskjördæmum.

Þess vegna er það svo, að það er ekkert líkt við þessar till. Þessi túlkun hv. þm. Barð. á fylkjatill. er eins og annar rökstuðningur hans og flestra annarra kjördæmabyltingarmanna var í síðustu kosningum. Þeir gerðu allt, sem þeir gátu, til þess að fela kjarna málsins, sem er sá, að með kjördæmabyltingartill, er þríflokkavaldið, sem hefur höfuðstöðvar sínar í þéttbýlinu og aðalstuðning sinn þar, að leitast við að koma á skipulagi, sem lamar sjálfstæði héraðanna úti á landsbyggðinni, einmitt það sjálfstæði landsbyggðarinnar, sem þeir, sem stóðu að fylkjatill., vildu sérstaklega efla og mjög sterklega. Þríflokkarnir hafa fyrst og fremst bækistöðvar sínar hér í Reykjavík og aðalfylgið hér. Sjálfstfl. hefur loks eftir langa hlutfallskosningabaráttu náð í Reykjavík meirihlutafylgi. Sundrung vinstri aflanna á grundvelli hlutfallskosninga, einmitt á grundvelli þeirra, leiddi eftir langstæða baráttu til þessarar niðurstöðu. Þetta er fræðslukvikmynd út af fyrir sig. Þá mynd hefðu Alþfl. og Alþb. átt að skoða vel, áður en þessir flokkar gengu til samninga, eins og þeir gerðu við Sjálfstfl. um kjördæmabyltinguna og upptöku hlutfallskosningafyrirkomulagsins um land allt, því að Alþb. og Alþfl. eru ekki sterkir flokkar, þó að þeir séu sterkastir í Reykjavík. Og þeir voru ekki sterkari þar við síðustu kosningar en að þeir skriðu rétt inn með sinn manninn hvor í Reykjavík, þar sem er aðalfylgi þeirra. Á þeim mönnum hékk allt þingfylgi þeirra, þeysnara var það nú ekki.

Hingað til hefur fólkið úti á landsbyggðinni fengið að kjósa sér sérstaka fulltrúa til Alþ. fyrir strjálbýli sitt með færri atkvæðum en þéttbýlið. Það eru sérréttindi þessa fólks, en ekki sérréttindi neinna stjórnmálaflokka, — engin sérréttindi stjórnmálaflokks, heldur sérréttindi fólksins á landsbyggðinni. Og þau sérréttindi eru réttmæt. Þetta er hið aðstöðulega réttlæti, sem strjálbýlið hefur notið, til þess að jafnvægi héldist frekar í byggð landsins og héruð þess gætu verið sem sjálfstæðust. Nú vilja þríflokkarnir afnema þetta aðstöðulega réttlæti. Ekki er það gert með þeim rökum, að þéttbýlið hafi farið halloka við skiptingu þjóðartekna vegna þess skipulags, sem verið hefur. Nei, alls ekki. Ekki af því, að fólkið leiti of mikið frá þéttbýlinu til þess að njóta þessara réttinda, þessara friðinda strjálbýlisins, sem talað er um. Síður en svo. Enginn maður segir: Aumingja Reykjavík, en hvað hún stendur illa að vígi gagnvart sveitum landsins. — Á þann veg þarf engu að kippa í liðinn. Það er langt frá því, ef vel er að hugað.

Nei, þetta er gert til þess að jafna — ekki milli fólksins í landinu efnahagslega og aðstöðulega, heldur að jafna milli stjórnmálaflokka. Þríflokkarnir hafa ekki getað náð því fylgi úti á landsbyggðinni, sem þeir sætta sig við, af því að þeir hafa ekki skilið hag landsbyggðarinnar og ekki unnið fyrir málstað henn-

ar. Og í stað þess að leggja sig fram til að vinna svo vel fyrir hana að verða samkeppnisfærir um fylgi hennar, þá vilja þeir nú svipta hana hinu staðarlega réttlæti, hinu aðstöðulega réttlæti og ná umboðum hennar til sín í hlutfalli við atkvæðamagn flokka sinna í þéttbýlinu og auðvitað fara með það umboð skv. sínum þéttbýlissjónarmiðum. Þetta er hið flokkslega, gæsalappajafnrétti, sem barizt er nú fyrir. Gegnum það réttlæti, sem ég hef innan gæsalappa, vilja flokksstjórnir á skrifstofum sínum í þéttbýlinu hrifsa til sín valdið, sem áður hefur verið hjá byggðunum, með því að breyta kjördæmaskipuninni þannig, að byggðavaldið hafi ekki aðstöðu til þess að neyta sín, eins og það hefur neytt sín.

Land okkar er stórt, miðað við tölu landsmanna. Til að nytja landið vel af svo fámennri þjóð þarf dreifð byggð að geta þrifizt. Landið er líka land mikilla andstæðna að náttúrufari. Sjaldan er góðæri um land allt í senn. Oft verður hallærisástand í einhverjum landshluta þetta árið, þó að góðæri sé í öðrum. Meira að segja herja stundum harðindi eitt hérað eða tvö samliggjandi héruð, þó að sæmilegt árferði sé í nágrannahéruðum. Atvinnuvegirnir ganga líka misjafnlega eftir árferðinu. Sjórinn er misgjöfull, sjávaraflinn er svipull, góður afli í þessari verstöð í ár, en hinni að ári, eftir einhverjum lögmálum, sem ekki eru útreiknanleg, hvað þá viðráðanleg. Þeim verður bara að mæta með ráðum og dáð á hverjum stað. Þetta allt gerir það að verkum, að héruð landsins þurfa á sjálfstæði að halda, þurfa að hafa sína sérstöku, þaulkunnugu fulltrúa til þess að fara með umboð sín á þingi þjóðarinnar, sem jafnar milli þegnanna eftir því, sem á liggur, eða svo á að vera, eftir því sem þjóðfélag okkar er nú orðið upp byggt. Stofumenn í flokksstjórnum geta ekki verið fulltrúar fyrir landsbyggðina, svo að í lagi sé, eða menn, sem flokksstjórnir velja til framboða úr þeirra hópi. Og engin trygging er fyrir, að þeir menn hafi einu sinni komið út í veður byggðanna, þegar þau eru verst, eða þreifað á erfiðleikunum hjá þeim, en hvort tveggja er nauðsynlegt, — alveg nauðsynlegur skóli fyrir þá, sem eiga að fara með umboðin fyrir byggðirnar. En svona fer það, þegar kjördæmabyltingin er komin á. Þá mun það verða flokksstjórnavaldið, sem velur fulltrúana. Af þessum ástæðum og mörgum öðrum, sem í kjördæmabyltingunni felast og af henni leiðir, hefur hún réttilega verið kölluð landeyðingarstefna, upplausnarstefna, náskyld verðbólgustefnunni, sem hv. þm. Barð. er illa við eins og mörgum góðum mönnum, og nóg að skyldleika við ýmsar aðrar ókindir, sem leika um þessar mundir lausum hala í veröldinni, — ókindir, sem okkur mörgum hverjum kemur mjög vel saman um að þurfi að vinna bug á, hvernig sem á að því að fara, þó að okkur greini alveg sérstaklega á um þessa óheillastefnu.

Það verða fámennustu byggðirnar, eins og hv. 1. þm. Eyf. sagði, sem munu fljótast og fyrst og fremst kenna á kjördæmabyltingunni. Þar mun eyðingin byrja. Þjóðfélagið verður eins og líkami, sem er sjúkur, af því að blóðið sækir allt of mikið til höfuðsins, limirnir visna, og höfuðið, aðalþéttbýli landsins, sýkist líka af blóðsóttinni. Ógæfan verður á báða bóga. Það er máske allra raunalegast og óhugnanlegast við þessar aðgerðir.

Allt þetta reyndu þríflokkarnir í kosningunum þrátt fyrir það, sem hv. þm. Vestm. sagði, að fela með ýmsum hætti, og hv. þm. Barð. var einmitt í gær að reyna að negla blæju yfir þetta með því að segja, að tilteknir, nafngreindir menn, sem eru á móti kjördæmabyltingunni, hefðu flutt efnislega sams konar till., sem kallaðar voru fylkjaskipunartill. Þetta gerði hann, þó að þær till. gangi einmitt í þveröfuga átt og væru miðaðar við að efla sjálfstæði landshlutanna — eins og ég hef tekið fram áður — í samræmi við þarfir þjóðar, sem býr í landi andstæðna, landi sundurleitra og breytilegra lífsskilyrða eftir héruðum, og við hvikult árferði.

Frægasta rit íslenzkra fornbókmennta, en fornbókmenntirnar geyma vizku margra alda, eitt frægasta ritið eða frægasta ritið, Edda, segir frá því á táknrænan hátt, að frömuður hrekkvísi og óhappa meðal ása, Loki Laufeyjarson, fékk hinn ótortryggna Höð, sem var blindur, til þess að skjóta mistilteini að Baldri, sem var ástsælastur allra goðanna, og ráða honum með því óviljandi bana. Ég sé ekki betur en ráðamenn og áróðursmenn kjördæmabyltingarinnar hafi þyrlað upp ryki óskyldustu mála í augu kjósenda sinna til þess að blinda þá í stjórnarskrármálinu og fá þá til þess að vega með atkv. *sínum að hinu mikilsverða og dýrmæta sjálfstæði* héraðanna. Það var ljótur leikur, sem vafalaust hefnir sín. Allir slíkir leikir hefna sín á þeim sem leika þá, hverjir sem það gera. Jafnvel Loki með sínum miklu undanbragðahæfileikum og fjölkynngismætti var, segir Edda, lagður í fjötra, sem eru óleystir enn þá, og eitur drýpur í höfuð honum.

Ég óska öllum mönnum góðs, þó að þeir séu *andstæðingar mínir í skoðunum og hafi unnið* leik, sem ég tel rangan. Mér verður ekki illa við mann persónulega, þó að hann hafi aðra skoðun en ég og beiti sér eins og hann frekast getur hennar vegna. En þegar þetta kjördæmabyltingarmál er nú að fá fullnaðarafgreiðslu á Alþingi, og hefur unnizt á þann hátt, sem það hefur unnizt, og þegar hafnað hefur verið öllum miðlunartill., sem fram hafa komið, þá segi ég fyrir mitt leyti, að ég tel, að stefnur þær, — ég segi: stefnur þær, sem að því standa, verðskuldi örlög Loka að því er uppskeruna snertir.

Og svo bíðum við uppskerunnar og sjáum, hvað setur. Þetta er svo sem ekki síðasti leikurinn, fráleitt að öllum leikjum sé lokið. Þríflokkaforsprakkarnir og blóð þeirra létu óspart í það skína í vetur, að með kjördæmabyltingunni yrði Framsfl. svo að segja þurrkaður út eða a. m. k. gerður áhrifalítill í stjórnmálum. Eftir kosningarnar dró niður í þeim um þetta. Það hefur ekki borið mikið á því í umr. hér á hv. Alþ. nú, en það heyrðist greinilega í vor.

Framsfl. mun einmitt auka fylgi sitt. Honum mun koma liðsauki frá því fólki, sem þríflokkarnir hafa blekkt í þessu máli, og hann mun halda áfram baráttu sinni fyrir sjálfstæði byggð-

anna til hagsældar fyrir þjóðfélagið í heild, sem við óskum allir að farnist sem bezt, eins og hv. þm. N-Ísf. lýsti yfir, — þrátt fyrir allt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að lengja umr. með því að taka til máls við þessa umr. Ég tók eftir, að hv. þm. Str. kastaði að mér ýmsum hnútum í gær, en því er ég nú svo vanur frá fyrri tímum, að ég ætlaði að láta mér það í léttu rúmi liggja.

En mér ofbauð svo hræsni hv. þm. S-Þ. í þessu máli, að ég gat ekki stillt mig um að standa upp, þegar hann leyfir sér að segja, að fram bornar brtt. miði alveg sérstaklega að því að halda við jafnvægi í byggð landsins og það sé Framsfl., sem einn berjist fyrir því. Veit ekki þessi hv. þm., að langsamlega stærsta höggið gegn því máli var reitt af Framsfl. á þinginu 1955? Eftir að búið var að athuga mjög gaumgæfilega alla möguleika til þess að viðhalda jafnvægi í byggð landsins, fullt samkomulag var um þessi mál, fullur samningur var gerður milli Sjálfstfl. og Framsfl. um að tryggja jafnvægissjóðnum á 3. hundrað millj. kr. í stofnfé, sem gaf honum nærri 30 millj. kr. í árlegan arð, þá á síðustu stundu eða við 3. umr. sveik Framsfl. þetta mál, þetta stærsta mál byggðanna og nú þetta hjartans mál Framsfl., eins og marka mátti af ræðu hv. þm. S-Þ. Ætti ekki Framsfl. að blygðast sín fyrir framkomu sína í þessu máli? Mig undrar það, að nokkur þm. Framsfl. skuli leyfa sér að koma hér og tala um, að hann sé að bjarga jafnvægi í byggð landsins eftir slík svik.

Það er svo sem ekkert nýtt að heyra það, að Framsfl. telji sig vera aðalumboðsaðila sveitafólksins á Íslandi þrátt fyrir alla þá ófyrirleitni, sem þessi flokkur hefur hvað eftir annað sýnt þessu fólki í einu og öðru. Það væri hægt að telja hér upp ýmislegt, sem sýndi, að það eru allt aðrir menn, sem unnu fyrir sveitirnar á síðustu árum, heldur en Framsfl. En þó er ekkert mál, sem hefur sýnt hug Framsfl. til byggðanna eins og svikin við jafnvægi í byggð landsins, því að sá blettur verður aldrei þveginn af framsóknarmönnum. Ég held, að þessir menn ættu sem minnst að tala um það, að þeir væru að vinna fyrir dreifbýlið. Nei, þeir eru sannarlega að vinna fyrir sjálfa sig, af hræðslu við það, að þeir missi völd, sem þeir hafa ranglega haldið allan tímann, síðan þessu fyrirkomulagi var komið á og síðan flokkurinn var stofnaður.

Hv. þm., sem var frsm. minni hl. n., datt ekki í hug að gera tilraun til þess að hrekja þau ummæli og þau rök, sem ég færði fram í gær í minni ræðu, hvort það væri lýðræði, að flokkur með 30% atkv. réði yfir 50% þm. Því datt honum ekki í hug að koma nálægt. En hv. þm. Str. lét þau orð falla í gær í sinni ræðu, eftir að ég var búinn að verja meira en helmingi af mínum tíma til þess að sýna fram á, hvaða rök ég hefði fært fram í kosningunum fyrir þessu máli, — hann leyfði sér á eftir að segja, að ég hefði ekki komið nálægt því að tala um það, hvað ég hefði rætt um málið á framboðsfundum. Þetta er málaflutningur framsóknarmanna: Kalla hvítt svart og svart hvítt. Eftir að ég er búinn að standa hér og hv. dm. eru búnir að hlusta á mig lýsa því, hvernig ég færði rök fyrir mínu máli, þá leyfir þm. Str. sér að segja: Hann kom ekki nálægt málinu, minntist ekki á, hvað hann hefði sagt.

En hv. þm. Str. minntist á annað. Hann byrjaði ræðu sína á því hér að eiginlega hálfvíta hæstv. forseta fyrir að hafa ekki vítt mig fyrir mína ræðu og skildi eiginlega ekkert í því, að honum skyldi hafa yfirsézt. Nú vil ég upplýsa hv. þm. Str. um það, að í öll þau 14 ár, sem ég átti sæti hér á þingi, kom það aðeins einu sinni fyrir, að maður væri víttur hér af forseta í þessari hv. d., og átti ég sæti hér allan þann tíma, og það var hv. 1. þm. S-M., formaður þingflokks framsóknarmanna. Hann var margvíttur hér í d. (**Gripið fram í:** Af hverjum?) Af forseta, sem þá var Lárus Jóhannesson. Ég hygg, að hv. þm. S-Þ. (KK) muni eftir því. Hann var ekki víttur af mér, en hafði sannarlega unnið til þess. Nei, ég er ekkert óvanur því, þó að slíkum skeytum sé skotið til mín frá framsóknarmönnum. Í 14 ár var það dagleg venja hjá Framsfl. og hans málgögnum að kasta að mér alls konar hnútum, jafnvel svo, að ég varð að höfða hvað eftir annað mál á flokkinn til þess að fá hann dæmdan. Þetta er ekkert nýtt, svo að það kom mér ekkert á óvart, þótt hv. þm. Str. byrjaði á þessu hér, og hefði ekki heldur staðið upp til þess að hrinda því af mér.

Hann sagði einnig hér, — úr því að ég er byrjaður að ræða hér núna, — að ég hefði varið tímanum til þess að rekja atvinnusögu Barðstrendinga, sem hefði verið með eindæmum á því tímabili, sem ég hefði verið þm. Maður, sem heldur slíku fram eins og þessu og það hér á Alþingi, vitandi það, að alþjóð veit, að það er alveg hið gagnstæða, — ja, honum má ekki mikið trúa, verð ég að segja, því að ég veit, að hann getur ekki fengið einn einasta mann til þess að viðurkenna það, að atvinnusaga Barðstrendinga hafi á mínu þingmannstímabili verið á þann veg, er hann lýsti, þegar hvert þorpið á fætur öðru var reist úr rústum fyrir mínar aðgerðir, eftir að það hafði verið lagt í rústir í ráðherratíð þessa hv. þm., á meðan þeir þá gengu hverja hungurgönguna á fætur annarri í stjórnarráðið til hans til þess að reyna að draga fram lífið, — og að svo skuli þessi hv. þm. koma hér og halda slíku fram, af því að hann er orðinn rakalaus í því máli, sem um er verið að ræða.

Svo minntist hann á það, að stjórnin 1944 hefði verið eins og barn, sem tók við stórum arfi og sóaði honum. Veit nú ekki hv. þm. Str. það, að eitt af því, sem þá var sóað, var að kaupa 32 togara til landsins, — togarana, sem Framsfl. kallaði „gumsið“ á sínum tíma, togarana, sem öll þessi ár hafa staðið undir mestöllum útflutningnum? Og veit ekki hv. þm. Str. það líka, að þegar Framsfl. komst í stjórnaraðstöðu, þá flýtti hann sér að kaupa önnur 10 skip, sem kostuðu 25—30% meira, af því að þá var hann kominn á þá skoðun, að það hefði alls ekki verið „gums“, sem Sjálfstfl. var að kaupa til landsins á árunum 1945—48.

Og svo segir hv. þm. Str., að það sé fjarstæða, að framsóknarmenn standi gegn lýðræði. Ja, það

er sannarlega fjarstæða, að sá flokkur standi gegn lýðræði, sem vill viðhalda því ólýðræði í landinu, að flokkur, sem aðeins hefur 20—25% atkv., ráði meiri hluta Alþ. ýmist með klækjum, eins og var gert 1956, eða á annan hátt.

Hann sagði einnig hér, að Alþfl. hefði fylgt mér að málum við þessar kosningar, þess vegna hefði ég komizt á þing. Hvaðan hefur hv. þm. þessa speki? Vill hann leggja saman atkv. framsóknarmanna, eins og þau hafa verið undanfarin ár í sýslunni, þar til hann fékk hjálp frá Alþfl., og sjá svo, hvaðan viðbótin hefur komið? Vill hann svo reikna út atkv., sem ég fékk 1956 og ég fékk nú, og athuga, hvort ég hafi þurft á nokkurri viðbót að halda? Það skakkar aðeins 4 atkv. á því, sem ég fékk minna nú en 1956. En ætli frambjóðandi Framsfl. í Barðastrandarsýslu hafi ekki 50—60 atkv. meira en flokkurinn hefur nokkru sinni átt, síðan Steingrímur Steinþórsson var í kjöri þar?

Það hefur verið erfitt að koma því saman, að vinstri stjórnin hafi verið óvinsæl, en forustuflokkur hennar hafi þó fengið í kosningum meiri kosningasigur en nokkru sinni áður. Ja, það er m. a. af því, að þetta var það eina mál, sem þeir treystu sér yfirleitt til að ræða um. Þeir lögðu alla sína áherzlu, bæði á fundunum og í öllum sínum málgögnum, til þess að telja fólkinu trú um, að það væri að tapa frelsi sínu, ef það kysi ekki Framsfl. til þess að hindra að kjördæmabreytingin næði fram að ganga. Og það var gengið svo langt, að bændunum var talin trú um, að þeir mundu missa jafnvel jarðabótastyrkinn, ef þetta mál yrði samþ. Svo langt var gengið. Og þeir gátu þó fengið nægilega marga menn til þess að trúa sér, að þeir gátu aukið fylgi sitt á þessu eina máli. Þetta er sannleikurinn í málinu.

Ég vil enda þessi orð mín með því að óska þess, að þegar þjóðin áttar sig á því, hvað hefur skeð hér, þá njóti hún frjálsar en áður hefur verið atkvæðisréttar síns, einnig í hinni dreifðu byggð, því að því er ekki að leyna, að það hefur stundum verið þrýst nokkuð mikið á af því valdi, sem Framsfl. á í hverju héraði.

Ég er einmitt að vona, að þetta verði eitt sporið í áttina til þess, að menn gangi frjálsari að kjörborðinu nú en áður. Ég er alveg viss um, að það verður svo. Hins vildi ég gjarnan óska Framsfl., að hann batnaði, en ekki versnaði, og yrði betri og meiri umboðsmaður dreifbýlisins en honum hefur tekizt að vera hingað til, en þá má hann sannarlega breyta eitthvað um vinnuaðferðir.

Forseti (EggÞ): Ég vil eindregið beina því til hv. þm., að þeir haldi sér svo sem frekast er unnt við það mál, sem á dagskrá er. En því hefur nokkuð brugðið við, bæði í umr. hér í gær og aftur í dag, að frá því væri vikið, og er illt að sjá, hver upphafinu veldur í þeim efnum. Ég vil eindregið mælast til þess, að þeir, sem eiga eftir að taka til máls, haldi sér eingöngu við dagskrármálið.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég skal nú ekki vera langorður, en hins vegar vil ég ekki lofa því að fara ekki svolitið út fyrir efnið, og það er af tilefnum, sem hafa komið fram hér í deildinni.

Því var haldið fram núna, að þetta fyrirkomulag, sem nú er tekið upp með breytingu á kjördæmaskipuninni, tryggi miklu betra jafnvægi í byggð landsins en það fyrirkomulag, sem við búum við. Nú er dálítið erfitt að átta sig á skoðun flokkanna á stundum. Það eru til stefnuskrár, sem segja í meginmálum, að hverju flokkarnir vilji stefna, en oft svo óljóst, að það má túlka á marga vegu. Ég skal t. d. benda á hjá Sjálfstfl., sem viðkemur þessu jafnvægi í byggð landsins, sem talað er um og síðasti ræðumaður vildi gera svo óttalega mikið úr og taldi, að Framsfl. hefði svikið eitthvert samkomulag, sem hann var að tala um, að 1957 hélt Gunnar Bjarnason kennari á Hvanneyri og ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossarækt og tvisvar eða þrisvar sinnum frambjóðandi Sjálfstfl. erindi í útvarpsviku Búnaðarfélags Íslands rétt eftir búnaðarþingið, ég ætla í marzmánuði. Þá hélt hann því fram, að það væri engin þörf á því að hafa fleiri en 1000 bændur í landinu til þess að fullnægja mjólkurþörfinni, og það væri alrangt að framleiða meira en þyrfti til neyzlu í landinu sjálfu. Hann hélt því fram, að það þyrfti einhverja tölu, nefndi ekki hverja, en ákaflega miklu færri en nú væri af bændum í landinu, til þess með fjárbúum sínum að fullnægja kjötþörfinni, og það væri alrangt að framleiða meira kjöt en landsmennirnir sjálfir þyrftu að neyta. Svona vildi hann í erindi sínu láta byggð landsins þróast. Ekki nefndi hann, í hvaða sýslum byggðin ætti að hverfa, en að bændum ætti að fækka um allt að helmingi.

Nokkru seinna sama árið var haldin ráðstefna, sem var kölluð bændaráðstefna ungra sjálfstæðismanna. Ekki var ég þar, en Morgunblaðið sagði frá því, að þar hefðu verið ræðumenn Gunnar Bjarnason, frambjóðandi flokksins tvívegis eða oftar, Árni G. Eylands, frambjóðandi flokksins líka tvisvar eða þrisvar eða oftar, Pétur Gunnarsson, líka frambjóðandi flokksins. Og það var sagt, að mótið hafi verið ákaflega vel sótt af framámönnum yngri hluta Sjálfstæðisfl. í sveitunum af landinu öllu, hafði verið áætlað milli 50 eða 60 manns alls úr öllum kjördæmum landsins. Að hér hafi verið um góða aðsókn að ræða, skal ég nú ekki segja um, en Morgunblaðið sagði, að hún hefði verið góð, gróflega góð. Og Morgunblaðið birtir svo till., sem þarna var samþ., og hún var á þessa leið: „Ráðstefnan telur það þjóðarnauðsyn, að arðvænlegur búskapur blómgist og framleiðslan aukist, eftir því sem markaður fyrir búsafurðir fer vaxandi með auknum mannfjölda.“ Þannig var boginn spenntur. Nú skal ég viðurkenna það, að um svipað leyti og þetta var hér á þingi verið að tala um að leggja fram fé til að stækka öll túnin hjá bændum í landinu upp í 10 ha. hvert tún, og þm. Sjálfstfl. ætlu ekki eða skræmtu á móti því, þeir þögðu bara og greiddu atkvæði með því, flestir. Og það var samþ. En á sama tíma láta þeir hina, ungu mennina, framtíðina, samþykkja hitt á bændaráðstefnunni. Þetta er trúin á byggð landsins, að fram-

leiða bara fyrir innlenda markaðinn. Þetta er jafnvægið, sem á að komast á í byggð landsins. Þeir halda, að þeir nái því með þessu frv., halda, að þeir nái því með því að breyta stjórnarskránni eins og nú er verið að gera.

Í þessu sambandi skil ég vel hugsunarhátt þm. N-Ísf. (SB). Hann er búinn að vera þm., ég man ekki hvað, 15 eða 16 ár, eitthvað svoleiðis, kannske meira, kannske eitthvað í kringum 20 ár. Hann tók við öllum hreppunum í byggð í sýslunni, þar sem voru 1536 menn á kosningaaldri, og hann hefur látið sér svo annt um sýsluna, að einn hreppurinn, sem þá voru í 243 menn, er gersamlega kominn í eyði, ekki einn maður til þar núna. Hann hefur látið sér svo annt um sýsluna, að annar hreppurinn, sem í voru 111 menn, er núna eftir með 38. Hann hefur látið sér svo annt um sýsluna, að í þriðja hreppnum, sem í voru 60 menn, eru núna eftir liðugir 20. Hann er uppgefinn. Hann segir: Ég get ekkert. Ég get ekkert spornað við, að byggðin fari í eyði. Ég er að reyna að gera að þjóðvegum afleggjara heim að Skjaldfönn og Laugabóli og einstökum bæjum í hinum hreppunum, en ekki til þessara hreppa, þar sem byggðin er að fara í eyði. — En hann er uppgefinn, og þá grípur hann í það hálmstrá, sem Sjálfstfl. heldur fram: Jú, jú, ef við getum bara einhvern veginn myndað eina heild úr mörgum sýslum, þá ber minna á þessu, þá verð ég ekki skammaður fyrir mína framkomu þarna, — það ber minna á þessu, Við skulum reyna að fela þetta með því að hafa kjördæmið stórt, svo að þessi mistök, sem orðið hafa þarna, hverfi. — Ég skil þennan hugsunarhátt, en hann er ekki karlmannlegur. Það var miklu nær á síðasta þingi að flytja frv. um það að koma vegi til þessara hreppa, sem nú eru þó eftir með 26 eða 30 menn, heldur en vera að koma vegi heim á bæi, þar sem vegurinn liggur fyrir neðan túnið, í hreppunum, sem eru fjölmennari og fólkið tollir enn þá í. Nei, hann var að hugsa um allt annað. Ég skil þennan hugsunarhátt, og ég kenni í brjósti um hann fyrir að hafa þennan hugsunarhátt, því að mér líkar hann ekki.

Nei, það er langt frá því, að þetta fyrirkomulag, sem nú er tekið upp um kosningar til Alþingis með stóru kjördæmunum, stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Það er alveg þvert á móti. Það er nokkurn veginn alveg gefið, að þegar t. d. 20 þm., fimm af hverjum lista af fjórum, við skulum segja, að það séu fjórir — eða kannske 25, ef þjóðvarnarmenn eru með líka, — fara að tala um og halda sína fundi, þá tala þeir ekki norður í Grunnavíkurhreppi t. d. að taka, svo að ég haldi mig við Norður-Ísafjarðarsýslu, þeir fara ekki í fámennustu hreppana, hvorki á þessum stað né hinum. Þeir láta þá bara eiga sig. Þeir reyna að halda fundina þar, sem þéttbýlið er og þeir eiga von á flestum atkvæðunum. Þar reyna þeir að halda fundina, og þar reyna þeir að ná í fylgið, og svæðin, sem byggðin er gisnust í, verða alveg út úr, enn þá meira út úr en hefur orðið, þar sem hafa verið menn, sem hafa hugsað almennilega um sitt kjördæmi.

Þm. Barð. má eiga það, að hann hefur komið síma og veg út á nes, sem hefur kostað hátt á annað hundrað þús. kr. fyrir eitt einasta heimili, þegar hann var þm. Það er náttúrlega dýrkeypt að halda þannig lagaðri byggð á einum bæ, þó að vel sé þar búið og myndarheimili mesta. Og slík dæmi eru til, að þar sem eru harðvítugir menn, sem ekki gefa sér tíma til að sjá yfir heildina og hafa kannske aldrei haft tækifæri til þess að sjá yfir heildina, ekki sjá nema lítið takmarkað svæði og sjá, hvar þar þrengir að, en þá mega þeir aldrei, þó að þar séu góðir kjósendur, láta það villa sér sýn og fara að mismuna þeim fram yfir aðra, þar sem þörfin er margfalt meiri.

Nei, ég er alveg viss um, að þegar þetta fyrirkomulag er komið á með kosningarnar, þá verður það mjög fljótt svo, að þeir, sem verða á listunum fyrir flokkana, það verða menn, sem þekkja til á þeim stöðunum, sem fólksflestir eru úti í hinum einstöku kjördæmum, en alls ekki skipta sér af sveitunum, sem berjast í bökkum og þurfa á einhvern óbeinan hátt a. m. k. og stundum beinan líka að fá aðstöðu til þess að rétta sig við. Um það verður ekkert hugsað, þó að þau hverfi smám saman úr tölu byggðra svæða á landi hér.

Ég skal ekki segja um það, það er náttúrlega sums staðar, sem hagar þannig til, að ég get fallizt á, að það sé rétt að láta bæi og byggðir hverfa og gera þau að afréttarlöndum frá öðrum þéttbyggðari og betri sveitum, sums staðar, en það er náttúrlega mjög fjarri því, að það sé alls staðar, og það verður ekki heldur hugsað um það, þegar svona er.

Þm. Barð. hefur nú ekki tekizt betur en það þessi ár, sem hann hefur setið á þingi, og þau hafa verið nokkur, og þó að hann hafi nú getað fest byggð á þessu nesinu, sem hann lagði til veginn og símann og fékk stórfé í, þá hefur fólkinu hjá honum fækkað rétt um 200 í þingmennskutíð hans, og sumar sveitirnar þar eru á svipaðri leið og þær eru í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Nei, þeim veitti ekki af að hugsa um sitt. Þeir hafa alveg nóg, bæði þm. N-Ísf. og þm. Barð., um að hugsa um sýslurnar, sem þeir eru núna fulltrúar fyrir, þó að þeir fari ekki að reyna að hugsa um allt Vestfjarðasvæðið í heild. Þeim mun ekki ganga það betur, úr því að þeir hafa ekki getað hugsað meira um þessar sýslur, sem þeir hafa verið fulltrúar fyrir í nokkur ár.

Það er svo langt frá því, að þetta mál, sem hér er til umr. núna, styðji á nokkurn hátt að því að auka jafnvægi í byggð landsins, að það leggur í eyði smám saman heila landshluta.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það kom fram í frumræðu hv. frsm. minni hl. stjskrn., þm. S-Þ. (KK), nú eins og raunar á síðasta þingi, að stjórnarskrána ætti að endurskoða í heild og það væru slæm vinnubrögð að taka kjördæmamálið eitt út úr. Í umr. í vor hér í þessari hv. d. rifjaði ég nokkuð upp þá undirbúningsvinnu, sem unnin hefði verið varðandi heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, og benti þar á nokkra tugi atriða,

sem ég teldi brýna þörf á að breyta í stjórnarskránni, þegar hún yrði tekin til endurskoðunar öll. Ég benti þá líka á það, og ég vil gera það enn, að mín skoðun, mín sannfæring er sú, að það, sem hefur tafið heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar nú í hálfan annan áratug, er eitt og fyrst og fremst eitt, og það er hinn mikli ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna um kjördæmaskipunina. Hvenær sem unnið hefur verið að endurskoðun stjórnarskrárinnar, og nokkrar nefndir hafa verið starfandi í því máli undanfarin 15 ár, — hvenær sem því máli hefur verið eitthvað áleiðis komið, þá hefur jafnan strandað á ósamkomulagi um kjördæmaskipunina. Það er ágreiningurinn um hana, sem hefur tafið heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar og mun tefja hana, þangað til það mál er komið í höfn. Þess vegna er það skoðun mín og sannfæring, að einmitt til þess að hraða heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, sem ég tel brýna og aðkallandi, sé fyrst og fremst nauðsynlegt að afgreiða kjördæmamálið út af fyrir sig. Þess vegna er það síður en svo, að þessi málsmeðferð, að taka kjördæmamálið eitt sér, tefji fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar, þvert á móti greiðir það götu hennar og er nauðsynleg afgreiðsla til þess að fá stjórnarskrána endurskoðaða.

Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, en aðeins drepa hér á nokkur atriði, sem fram hafa komið gegn frv. í ræðum hv. framsóknarmanna.

Ég vil þá fyrst nefna eitt atriði, sem gengur hér aftur og aftur, bæði á þessu þingi og hinu síðasta, þó að það hafi margsinnis verið hrakið, og það er alls konar hugarburður og villukenningar og rangar fregnir framsóknarmanna um hlutfallskosningar og áhrif þeirra bæði innanlands og utan. Því er slegið föstu af framsóknarmönnum, að hlutfallskosningar, sem að allra sanngjarnra manna dómi eru aukið spor í lýðræðisátt og runnar, eins og Þórhallur biskup Bjarnarson orðaði það á þingi, „runnar af rót réttlætishugsjónar“, — nú er því haldið fram af framsóknarmönnum, að hlutfallskosningar leiði til upplausnar og stjórnleysis og hafi gert það víðast, þar sem þær hafa verið lögleiddar. Við skulum nú aðeins líta á það, hver sannleikur er í þessu. Því miður hefur þessi áróður framsóknarmanna náð nokkuð til ýmissa landsmanna, sem virðast trúa því, að hætta sé á stjórnleysi, óyfirstíganlegum erfiðleikum um stjórnarmyndanir, ef hlutfallskosningar eru lögleiddar almennt.

Hlutfallskosningar voru teknar upp í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum hér á landi árið 1908. Þær eru búnar að vera í hálfa öld í gildi, og við skulum líta á, hvort þessar hlutfallskosningar í hálfa öld í bæjar- og sveitarstjórnarkosningum hafa orðið til þess að fjölga flokkum eða skapa stjórnleysi.

Fyrsta árið, 1908, fóru fram bæjarstjórnarkosningar hér í Reykjavík, og hvað ætli flokkarnir eða listarnir hafi þá verið margir? Listarnir voru 18, sem voru bornir fram hér í Reykjavík við bæjarstjórnarkosningarnar. Eftir hálfa öld fóru aftur fram bæjarstjórnarkosningar, í janúar 1958. Þá voru listarnir 5. Einn þeirri náði ekki fulltrúa kosnum, það eru 4 flokkar, sem eiga þar fulltrúa. Og reynslan í þessi 50 ár sýnir, að jafnt og þétt hefur þessum listum og flokkum farið fækkandi, og ef við lítum á heildarmyndina, þá er fækkað úr 18 listum niður í 5 lista.

Ef við lítum á alþingiskosningarnar, þá voru hlutfallskosningar í alþingiskosningum fyrir utan landskjörið lögleiddar eða komu fyrst til framkvæmda 1920, að ég ætla. Ég ætla, að síðustu almennar þingkosningar, þar sem kosið var óhlutbundnum kosningum um allt land, meirihlutakosningu í hverju einasta kjördæmi, hafi farið fram 1916. Hvað voru flokkarnir margir þá? Flokkarnir, sem buðu fram, voru 8 að tölu. Það voru 8 flokkar, sem buðu fram við alþingiskosningarnar 1916, þegar engar hlutfallskosningar voru til, alls staðar kosið meirihlutakosningu og að langmestu leyti í einmenningskjördæmum. Nú á þessu ári, 1959, fóru fram alþingiskosningar. Það voru hlutfallskosningar á nokkrum stöðum, þ. e. í höfuðborginni og í 6 tvímenningskjördæmum, og búnar að vera um hríð. Hafa þessar hlutfallskosningar leitt til fjölgunar flokka? Í síðustu alþingiskosningum, í sumar, buðu fram 5 flokkar. Einn þeirra náði ekki þingmanni kosnum, þannig að 4 flokkar eiga fulltrúa á Alþingi. M. ö. o.: 1916, þegar engar hlutfallskosningar voru, þá voru flokkarnir 8, nú, þegar hlutfallskosningar hafa verið í ýmsum kjördæmum um langan aldur, eru flokkarnir 5.

Hvort sem litið er á alþingiskosningarnar eða bæjarstjórnarkosningarnar, hefur flokkunum fækkað og það verulega, frá því að hlutfallskosningar voru fyrst lögleiddar, en ekki fjölgað, flokkar ekki sundrazt og leitt af sér stjórnleysi, eins og framsóknarmenn leyfa sér að halda fram hvað eftir annað, þó að margsinnis sé búið að leiðrétta þessar villukenningar þeirra.

Ef við lítum á Norðurlöndin, sem — eins og ég gat um í framsöguræðu minni í gær — hafa nú um 30—50 ára skeið haft nokkur stór kjördæmi og hlutfallskosningar og sum þeirra einnig uppbótarsæti, þá fer því fjarri, að flokkum hafi fjölgað þar. Ég held, að það sé ekki hægt að segja, að þessar ágætu frændþjóðir okkar, sem eru meðal viðurkenndustu lýðræðisþjóða í veröldinni, búi við nokkurt stjórnleysi eða hafi átt við sérstaka erfiðleika að etja vegna stjórnarmyndana, þegar eitt landið er frá tekið, sem er Finnland, en eins og ég tók fram í gær, þá stafa erfiðleikar þar um stjórnarmyndanir alls ekki af hlutfallskosningafyrirkomulaginu, heldur af ógnun og áþján hins volduga nágranna.

Dómur hv. þm. Str., form. Framsfl., um þetta frv. er svo byggður á þessari röngu forsendu um hlutfallskosningarnar, og hann kveður svo fast að orði, að hann lauk sinni ræðu hér í gær með því að segja, að ekki væri enn séð fyrir þá ógæfu, sem þetta mál mundi leiða yfir þjóðina. En þessi meginrök hans um afleiðingar hlutfallskosninga eru röng, byggð á tilbúningi og hugarburði og röngum upplýsingum.

Það bar á góma hér í umr. í vor, man ég eftir, m. a., að hlutfallskosningar hefðu orðið þess

valdandi, að nazistar komust til valda í Þýzkalandi, að þegar Weimar-lýðveldið svokallaða var stofnað 1918, eftir fyrri heimsstyrjöldina, þá hafi verið lögleiddar hlutfallskosningar, þær hafi í Þýzkalandi leitt af sér slíkan glundroða og skapað svo marga smáflokka, að það hafi rutt brautina fyrir valdatöku Adolfs Hitlers og nazista hans. Ég upplýsti þá, sem er óvefengjanleg söguleg staðreynd, að það er ekki minnsti fótur fyrir þessari kenningu, vegna þess að áður en hlutfallskosningar voru lögleiddar í Þýzkalandi 1918, voru stjórnmálaflokkarnir fleiri en þeir voru, eftir að hlutfallskosningarnar komu til. Þar mun sem sagt hlutfallskosningafyrirkomulagið engan veginn hafa fjölgað flokkunum. Ástæðurnar til valdatöku nazista eru auðvitað allt aðrar og eiga ekkert skylt við hlutfallskosningafyrirkomulagið.

Fyrir utan þetta tvennt, að stjskr. eigi að endurskoða alla nú þegar í heild og ekki taka þetta mál út úr og svo um hlutfallskosningarnar, sem ég hef hvoru tveggja svarað nú, þá er þriðja röksemd Framsfl. sú, að í kosningunum í sumar hafi alls ekki verið kosið um kjördæmamálið, kjósendurnir hafi ekki fengið tækifæri eða aðstöðu til þess að segja álit sitt um kjördæmamálið, og þess vegna þurfi nú að efna til þjóðaratkvgr. sérstaklega um þetta frv. Nú skal ég taka það fram strax, að ég hef lengi haldið því fram og hélt því m. a. fram í umr. hér í vor, að varðandi stjórnarskrárbreytingar almennt tel ég æskilegt í framtíðinni, að lögleitt sé þjóðaratkvæði, eins og rétt sé að skapa möguleika til þjóðaratkvæðis um ýmis meiri háttar mál, þegar viss skilyrði eru fyrir hendi. Þessi breyting hefur hins vegar ekki komizt á enn. Við skulum vænta þess, að hún verði tekin upp við endurskoðun stjskr. En hingað til hefur það ákvæði stjskr. verið látið nægja og verið talið nægilegt öryggi eða bremsa gegn of tíðum eða vanhugsuðum stjskrbreyt., að ef breyt. á stjskr. verður samþ. á þingi, þá verði þing þegar í stað rofið, efnt til nýrra kosninga og næsta þing þyrfti svo að samþykkja stjskrbreyt. óbreyttra. Og þessari aðferð stjskr., sem verið hefur í gildi nú í yfir 80 ár, hefur verið fylgt í einu og öllu við þessar kosningar eða við þessa stjskrbreyt.

Ég er sannast sagna undrandi yfir því, að reyndir og greindir menn skuli koma hér fram á Alþ. og halda því fram, að ekki hafi verið kosið um stjskr.-málið í sumar, — það hafi verið kosið um allt önnur mál. Stjskr.-málið, kjördæmabreytinguna, ber fyrst á góma að nýju, að ég ætla, opinberlega í des. s. l., og núverandi hæstv. ríkisstj., sem mynduð var í des., lýsti því yfir, að hún teldi það eitt sitt meginverkefni að koma í gegn breyt. á stjskr. til að fá kjördæmaskipunina lagfærða. Í 6—7 mánuði var stanzlaust skrifað í öll helztu blöð landsins, a. m. k. oft í viku og jafnvel daglega, — lengst af daglega, — um þetta mál, um kjördæmabreytinguna. Ég ætla, að um langan aldur hafi ekki fyrir kosningar verið ritað og rætt jafnmikið og jafnlengi um eitt ákveðið mál eins og kjördæmamálið. Jafnvel hið mikla mál landsmanna, landhelgismálið, hefur á þessu tímabili, þessu undanfarna missiri, ekki verið rætt í íslenzkum blöðum nándar nærri eins mikið og kjördæmamálið.

Eftir að þetta liggur fyrir, eftir að það liggur fyrir, að í útvarpsumræðum var ekkert mál rætt meira en kjördæmamálið, á hverjum einasta framboðsfundi var mikið um kjördæmamálið rætt og oftast langsamlega mest, þá leyfa fulltrúar Framsfl. sér að koma hingað og segja, að þetta mál hafi alls ekki legið fyrir, kjósendur hafi ekki átt þess kost að kjósa um það. Málgagn Framsfl., aðalmálgagn, Tíminn, hafði í frammi svo harðvítugan áróður í þessu máli í meira en missiri, að ég held, að hann hafi aldrei beitt sér eins út af nokkru máli fyrr eða síðar, og hann lét sér það ekki nægja, heldur efndi Framsfl. með aðstoð Sambands ísl. samvinnufélaga og að nokkru leyti á kostnað þess til útgáfu á sérstöku blaði, Kjördæmablaðinu, sem sent var inn á hvert einasta heimili í landinu mánuðum saman, helgað eingöngu þessu máli. Hvernig dettur hv. þm. Str. og hv. frsm. minni hl. í hug að koma hingað fyrir þessa hv. d. og segja, að þetta mál hafi alls ekki verið á dagskrá og alls ekki kosið um það? Meina þessir fulltrúar Framsfl., að landslýðurinn hafi alls ekkert mark tekið á Framsfl. eða málgagni hans, sem hélt því fram, að það væri þetta mál, sem ætti um að kjósa?

Nei, um þessa stjórnarskrárbreytingu hefur í einu og öllu verið fylgt settum reglum, ekki aðeins lögboðnum reglum stjórnarskrárinnar, heldur lýðræðisreglum, þar sem þetta mál hefur verið meira rætt og ritað og lagt skýrar og greinilegar fyrir kjósendur en ég ætla um nokkurt mál um langan aldur.

Hv. 1. þm. Eyf. sagði, að Sjálfstfl., — þríflokkarnir, hefur hann víst orðað það, — hafi gert allt, sem hægt var, í þessum kosningum til að leiða athygli frá kjördæmamálinu. Mér finnst þeim góða og greinda manni skjöplast hér heldur alvarlega, því að það vita allir menn, að það var síður en svo, að athyglin væri leidd frá kjördæmamálinu. Að því er varðar sjálfan mig t. d. get ég nefnt það, að í þeirri einu ræðu, sem ég flutti í útvarpsumræðunum fyrir kosningar, talaði ég um kjördæmamálið og ekkert annað en kjördæmamálið, og þannig var það um marga fleiri.

Manni skilst, að í þessum kosningum hefði að áliti framsóknarmanna ekki í rauninni verið leyfilegt að minnast á neitt annað mál en kjördæmabreytinguna. Nú er það vitanlega þannig, að í hverjum einustu kosningum, hvort sem það er í sambandi við stjórnarskrárbreytingu eða annað, þá hljóta kjósendur að hugleiða og mynda sér skoðanir um ýmis mál, bæði ýmis þjóðmál og um stjórnarskrárbreytinguna og um frambjóðendur og um flokka, og byggja svo afstöðu sína og atkvæði á þeirri heildarmynd, sem þeir skapa sér af stjórnmálunum í heild. Það má vera, að þetta mál hafi aðaláhrif á atkvæði þessa kjósanda, annað mál megináhrif á atkvæði hins. En að í þingkosningum sé það óleyfilegt og jafnvel stjórnarskrárbrot, eins og mér skildist á hv. þm. Str., að ræða um á framboðsfundum og í kosningaundirbúningi annað

en stjórnarskrána, það er náttúrlega fráleitt. Þeir framsóknarmenn tala mjög um, að það hafi verið hin mesta goðgá og nálgist lýðræðis- og stjórnarskrárbrot, að minnzt skuli hafa verið á það, að við ættum aldrei að fá aftur vinstri stjórn í landinu. Ja, ég vil segja, að þótt vinstri stjórnin hafi verið afleit og margt af sér brotið, þá get ég ekki fallizt á, að það sé stjórnarskrárbrot að nefna hana á nafn. Vitanlega hlýtur í þessum kosningum eins og öðrum að vera rætt um ýmis mál.

En um leið og hv. þm. Str. telur, að Framsfl. hafi ekki aldeilis tapað atkvæðum vegna vinstri stjórnarinnar, heldur eigi hann sinn stórkostlega sigur, sem hann talar um, mjög að þakka því, að hann hafði forustu í vinstri stjórninni, þá kvað við heldur annan tón hjá hv. 1. þm. N-M. (PZ). Hann sagði, að ýmsir sjálfstæðismenn í hans kjördæmi, sem hefðu verið á móti kjördæmabreytingunni, hefðu verið gerðir svo hræddir við að fá kannske aftur vinstri stjórn, að þeir hefðu samt kosið sjálfstæðismanninn, m. ö. o., að þó að þeir væru í hjarta sínu eindregið á móti kjördæmabreytingunni og teldu hana stórháskalega, þá var í þeirra augum vinstri stjórnin enn þá verri Grýla. Það er svo þeirra mál, hv. formanns Framsfl. og hv. 1. þm. N-M., að gera upp sakirnar, hvor hafi réttara fyrir sér, að vinstri stjórnin hafi verið bezta stjórn, sem Ísland hafi átt því láni að fagna að hafa um sína daga, eða hún hafi verið slík óskapleg Grýla sem 1. þm. N-M. lýsir.

Ummæli hv. 1. þm. N-M. um hópsálirnar og múgsálirnar og hans heimspeki í því efni skal ég ekki gera að umræðuefni, en hans kenning er sú, að fólk, sem býr í þéttbýli, séu múgsálir og hópsálir, sem geti ekki hugsað nokkra sjálfstæða hugsun, en því lengra sem er milli bústaðanna, þeim mun sjálfstæðara verði það í hugsun. Eftir þessu að dæma ætti að fara heldur lítið fyrir sjálfstæðri hugsun hjá hv. 1. þm. N-M., því að hann er búinn að búa mjög lengi í þéttbýli.

Þá er enn ein meginröksemd framsóknarmanna, og fegurst og fjálglegast hefur nú talað um það eins og fleira hv. þm. S-Þ. (KK), — hann flutti hér skáldlegar ræður og var hjartnæmur og klökkur, þó að ekki rynni nú beint út í fyrir honum eins og í útvarpsumræðunum í vor um kjördæmamálið. Hann talar hér um „eitt einasta syndaraugnablik“ og um „eymdarstrik ævilangt“, „um kaffi og háttatíma“ og hitt og þetta fleira. Hann hélt svo friðarræðu mikla og sýndi fram á það, að í einmenningskjördæmum væri sífelldur friður, en í þessum stóru kjördæmum með hlutfallskosningum mundi, eins og hann orðaði það, verða „eilífur stormbeljandi“. (KK: Það er Kiljan, sem ...) Já, ég kannast nú við vísuna. — Ég vil minna á það, að ég ætla, að reynslan sýni nokkuð annað. Í fyrsta lagi held ég, að það sé ofmælt um hinn mikla Fróðafrið í einmenningskjördæmunum, og ég mundi ætla, að ef maður ber saman kosningabaráttuna, friðinn og ófriðinn, í einmenningskjördæmunum og tvímenningskjördæmunum með hlutfallskosningunum undanfarin seytján ár, þá held ég, að það sé flestra dómur, að hlutfallskosningar í tvímenningskjördæmunum hafi einmitt orðið til að koma á meiri friði og ró, friðsamlegu og góðu samstarfi í héruðunum, vegna þess að í flestum þessara tvímenningskjördæma a. m. k. hefur farið svo, að þingmenn hafa verið hvor af sínum flokki og yfirleitt tekizt hið bezta og drengilegasta samstarf milli þeirra, þingmannsins úr Sjálfstfl. og þm. úr Framsfl., um málefni héraðsins. Ég held því, að þessu sé alveg þveröfugt farið við það, sem hv. þm. S-Þ. sagði í sinni ræðu. Ég held einmitt, að friðurinn hafi verið og sé meiri, þar sem hlutfallskosningarnar eru, heldur en í einmenningskjördæmunum, enda ætla ég líka, að af þeim fregnum, sem bárust af kosningabaráttu víðs vegar um land fyrir þessar síðustu kosningar, hafi háværustu sögurnar, mesti hávaðinn og mesti skarkalinn og harðastur bardaginn verið í einmenningskjördæmunum, en ekki tvímenningskjördæmunum.

Hv. þm. S-Þ. talar hér klökkum rómi og hjartnæmum orðum um þau ósköp, sem séu að dynja yfir þjóðina með þessu frv., það verði til þess að efla flokksræðið, að flokksstjórnarvaldið verði allsráðandi hér á landi og jafnvel geti svo farið og muni svo fara, eins og hann orðaði það í sinni seinni ræðu, að það verði flokksstjórnarvaldið, sem ákveður frambjóðendur, en ekki fólkið sjálft, ekki kjósendurnir.

Ég vil nú aðeins minna á það, að ég ætla, að flokksvald og flokksveldi hafi aldrei komizt — ég veit ekki, hvort á að segja á jafnhátt stig eða verið eins yfirgnæfandi og voldugt og einmitt hjá Framsfl. nú og í rauninni síðan hann varð til, ef kannske er undantekinn kommúnistaflokkurinn. En eins og vitað er, hafa kommúnistaflokkar ákaflega sterkt skipulag og mikið flokksvald og sterkan flokksaga. En ef kommúnisminn er frá tekinn, þá er það víst, að flokksstjórnarvald og flokksagi er hvergi og hefur ekki verið á Íslandi neitt svipað því, sem er í Framsfl., og skal ég nú nefna dæmi.

Það gerðist hér á Alþingi 1933, að tveir þm., mikilsmetnir þm. Framsfl., höfðu aðra skoðun varðandi stjórnarmyndun en Framsfl. eða meiri hluti hans, og þeir leyfðu sér að koma þeirri skoðun á framfæri og lýsa því yfir, að þeir stæðu við hana. Þeir neituðu að kasta burt sinni sannfæringu. Hvað gerðist? Framsfl. gerði það, sem ég ætla að hafi aldrei áður komið fyrir í íslenzkri stjórnmálasögu, að Framsfl. samþykkti að reka þessa tvo þm. úr flokknum. Framsfl. rak þessa tvo þm. úr flokknum fyrir það, að þeir leyfðu sér að fylgja sannfæringu sinni. Flokksstjórnarvaldið, hv. þm. S-Þ. hneykslast óskaplega á því. En honum ætti úr Þingeyjarsýslunum báðum að vera nokkuð kunnugt um flokksstjórnarvaldið, því að það hefur komið þar nokkuð við sögu, einnig í sambandi við þingmennsku og í sambandi við undirbúning að hans eigin framboði. Árið 1931 átti hér sæti á þingi og var forseti Nd. einn af hinum merkustu þm. og frumherjum í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, Benedikt Sveinsson. Hann var í Framsfl. þá og bauð sig fram, hafði verið þm. N-Þ. þá um margra ára skeið, og býður sig fram við kosningarnar 1931 sem

Framsfl.-maður eftir ósk sinna kjósenda, sem hann hafði starfað fyrir og þjónað um langan aldur. Hvað gerist þá? Flokksstjórn Framsfl. vildi ekki viðurkenna þennan mæta mann, þótti hann ekki nógu mikill flokksþjónn, eins og einhver framsóknarmannanna orðaði það hér áðan. Þess vegna ákvað flokksstjórnarvaldið í Framsfl. að bjóða fram gegn þessum þjóðkunna, mikilsmetna þingmanni Framsfl., bauð fram annan mann í krafti flokksstjórnarvaldsins og fékk hann kosinn. **(Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Það liggja hér fyrir skýrslur um það, prentaðar, þetta liggur allt saman skjallega fyrir.

Annað skiptið, sem ég vildi nefna og einmitt er í kjördæmi hv. þm. S-Þ., er 1946. Fyrrv. formaður Framsfl., Jónas Jónsson frá Hriflu, hafði þá fallið í ónáð hjá Framsfl. eða meiri hluta hans. Hann hafði verið þm. S-Þ. um langan aldur og ákvað að bjóða sig fram aftur — eftir ósk sinna kjósenda að sjálfsögðu — sem Framsfl.-maður. Hvað var gert? Hvað gerði flokksstjórnarvaldið, sem hv. þm. S-Þ. er svo hneykslaður á? Það ákvað að bjóða fram annan mann í nafni og krafti flokksins, hvað sem hinum gamla þingmanni og kjósendum hans og vilja fólksins liði. Þetta var gert árið 1946. Flokksþjónninn, svo að ég noti orð framsóknarmanna sjálfra, náði að vísu ekki kosningu þá, en þetta var undirbúningurinn að því, að áður en langt um leið var núverandi hv. þm. S-Þ. búinn að ná þar kosningu og situr í því sæti enn.

Þess vegna, þegar litið er á sögu Framsfl., sætir það vissulega furðu, þegar þm. þess flokks leyfa sér að koma fram fyrir alþjóð manna eða Alþingi, berja sér á brjóst og tala klökkum rómi og hjartnæmum orðum um flokksstjórnarvaldið og að þetta frv. verði til að efla flokksræðið. Það er eins og þetta væru hvítir englar, hreinir, með hreina fortíð, í staðinn fyrir að allir, sem eitthvað þekkja til íslenzkrar stjórnmálasögu, vita, að flokksræði, flokksveldi, flokksagi er hvergi neitt svipað því utan kommúnismans sem í Framsfl. Þess vegna er ekki hægt að taka slík hneykslunaryrði alvarlega.

Hv. þm. S-Þ. ræddi um það í sinni síðustu ræðu, að þetta frv. mundi draga stórlega úr valdi dreifbýlisins. Ja, ég vil segja: Maður, líttu þér nær. Hvaða áhrif hefur þetta frv. t. d. á vald þess landshluta, sem hann er þingmaður fyrir? Eftir hinu nýja frv. eiga Eyjafjarðarsýsla, Akureyri og Þingeyjarsýslur báðar að verða eitt kjördæmi og kjósa sex þm. Þessi kjördæmi kjósa núna fimm þm. Þetta frv. fer fram á það, að þessi landshluti, Þingeyjarsýslurnar og Eyjafjörður, fái einum þm. fleira en verið hefur. Er þetta að draga úr valdi þessa landshluta? Nei, vissulega er þessi fullyrðing hv. þm. svipuð rökleysa eins og fjölmargt fleira, sem fram hefur komið í þessu máli frá fulltrúum framsóknarmanna.

Í framhaldi af þessu er sífellt tönnlazt á þessu sama, að það sé verið að afnema kjördæmin, leggja niður öll kjördæmi utan Reykjavíkur. Við höfum á Vestfjörðum nú m. a. þrjú kjördæmi, Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýslur og Ísafjörð. Hver kýs sinn þm. Á dögum Jóns Sigurðssonar var þetta allt eitt kjördæmi. Var það eitthvert lýðræðisbrot, eða var það eitthvert hermdarverk gagnvart þessum landshluta, að þessi þrjú héruð, skulum við segja, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýsla og Ísafjörður, kusu þá sameiginlega einn þm.? Nei, að kalla það árás á héruðin og sjálfstæði þeirra, þó að ákveðið sé, að nokkrar sýslur gangi saman og kjósi sameiginlega þingmenn, það er náttúrlega hin mesta fjarstæða. Og enn meiri fjarstæða er þó kjörorðið, sem framsóknarmenn hafa valið sér, þar sem þeir segjast berjast fyrir byggðastefnunni gegn hinu nýja kjördæmafrv. Ég hef í rauninni aldrei heyrt annað eins öfugmæli í stjórnmálum og þetta. Framsóknarmenn, sem vilja halda dauðahaldi í það gamla skipulag að taka lítið sem ekkert tillit til fólksflutninga, þ. e. a. s. til byggðarinnar í landinu, þeir telja sig fylgja byggðastefnunni, einmitt framsóknarmenn, sem vilja ekki taka tillit til þess, að byggðin breytist, ekki miða við, hvar fólkið býr, hvar byggðin er, heldur við landshlutann. Ég hefði þó álitið, að það væri fyrst og fremst fólkið sjálft, en ekki landið, sem á að velja þingmanninn.

Vitanlega verður að miða þingmannatölu og áhrif á Alþingi við það, hvar fólkið er í landinu. Það var komið svo í Bretlandi fyrir mörgum árum, að sum hinna gömlu kjördæma voru orðin svo að segja mannlaus, en afturhaldsmennirnir þar eins og framsóknarmennirnir hér héldu dauðahaldi í það, að það væri árás á hinar dreifðu byggðir að fara að taka þingmennina af þessum kjördæmum, þar sem voru eftir kannske örfáar manneskjur, en flestallt fólkið flutt burt á aðra staði.

Nei, þetta steinrunna afturhald gengur alltaf aftur og aftur hér í líki Framsfl., í öðrum löndum í líki einhverra annarra afturhalds- og kyrrstöðuflokka, sem í lengstu lög reyna að halda í þau forréttindi, þau sérréttindi, sem þeim hefur tekizt að ná í, eins og aðlinum í mörgum löndum á sínum tíma, — aðlinum, sem verið var í nafni lýðræðis og krafti þess að taka af forréttindi og láta alþýðu manna njóta jafnréttis. Auðvitað barðist aðallinn heiftúðugri baráttu með mörgum sömu kjörorðum og slagorðum og Framsfl. nú fyrir að halda sínum forréttindum. Þetta undrar mann kannske ekki. En þó hefði verið meiri stjórnmálaþroski og manndómur í framsóknarmönnum að taka þessu eins og það er, að skilja þróun tímanna og ganga til skynsamlegrar lausnar á þessu máli. En það vita allir, að langsamlega hyggilegasta lausnin fyrir þjóðina í heild og fyrir strjálbýlið líka er einmitt sú leið, sem við nú förum hér að dæmi frændþjóða okkar á Norðurlöndum: stór kjördæmi með hlutfallskosningum. Að kalla baráttu framsóknarmanna byggðastefnu er auðvitað hið mesta rangnefni, það væri miklu nær að kalla hana stefnu óbyggðanna.

Tilgangur þessa frv. er sá að jafna kosningarréttinn meir en nú er og gera Alþingi Íslendinga að réttari mynd af þjóðarviljanum. Frv. miðar að því að draga úr því mikla misræmi, sem er um áhrifavald byggðarlaga og

stjórnmálaflokka í landinu á skipun Alþingis. Ég er viss um það, og ég er sannfærður um það, að sú kjördæmaskipun og kosningatilhögun, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, mun verða til verulegra umbóta frá því úrelta og ósamstæða skipulagi, sem við nú búum við.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég ætlaði alls ekki að taka aftur til máls undir þessum umr., en af því að hv. 6. þm. Reykv. (GTh) fór hér að segja sögu, sem ég áreiðanlega þekki betur en hann, sökum þess að ég er eldri maður og hef verið lengur hér á þingi en hann, þá þykir mér rétt að gera ofur litla athugasemd við þessa sögu.

Í fyrsta lagi var það, að hann var að tala um, að það hefðu verið fleiri flokkar og fleiri listar í kjöri hér áður fyrr, meðan ekki voru hlutfallskosningar, heldur en aftur síðar. Hann tók árið 1916 til dæmis um það. Þá voru hlutfallskosningar um land allt, þá voru kosnir sex landskjörnir þm. með hlutfallskosningum, og listarnir, þessir mörgu listar, voru í kjöri við þær kosningar. En í flestum kjördæmum var það fyrirtæki hvers einstaks frambjóðanda að bjóða sig fram, og valt á ýmsu um fylgi, og margir voru þá í kjöri og náðu meira að segja kosningu, sem ekki lýstu yfir fylgi við nokkurn sérstakan flokk. En að svo mörgum aðilum datt í hug að bjóða fram við landskjörið, var auðvitað vegna þess, að það fór fram landskjör, því að annars hefði þeim ekki getað komið til hugar, að þeir næðu kosningu.

Sama er að segja um það, þegar fyrst var kosið hlutfallskosningu í bæjarstjórn í Reykjavík. Þá voru ekki pólitískir flokkar, sem buðu fram. Það voru kvenfélög og alls konar félagsskapur í bænum, Iðnaðarmannafélag, ef ég man rétt, og alls konar félög önnur, sem þá buðu fram.

Einmitt á þessum árum, um 1916, var flokkaskipun hér á landi alls ekki skýr. Það höfðu verið tveir aðalstjórnmálaflokkar, Heimastjórnarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, áður fyrr, en þeir voru komnir í nokkra upplausn og þá meðfram vegna þess, að deilan við Dani var þá svo til að enda, og eiginlega voru ekki aðrir stjórnmálaflokkar til í landinu þá en þessir tveir. Sjálfstfl. var að vísu klofinn, flokksbrotin voru kölluð af öðrum langsummenn og þversummenn, og þeir buðu fram tvo lista, eða hvort brotið bauð sinn lista fram. Sigurður Eggerz var efsti maður á öðrum þeirra, Einar Arnórsson á hinum. Og ég held, að það, sem hv. 6. þm. Reykv. nefndi hinn eldri tíma í þessu efni, sanni ekki neitt um það, hvort hlutfallskosningar fjölgi flokkum eða ekki, og afsanni ekki þá kenningu, að líklegt sé, að hlutfallskosningar fjölgi flokkum. Það voru 5 flokkar í kjöri við síðustu kosningar og 6 við kosningarnar næst áður. Og hvernig stóð nú á því, að bæði Þjóðvarnarflokkurinn og Lýðveldisflokkurinn svokallaði fóru að bjóða fram? Þeir höfðu ekki nokkra von um að koma manni á þing annars staðar en í Reykjavík, þar höfðu þeir von um það, vegna hlutfallskosninganna í Reykjavík. Þess vegna höfðu þessir flokkar menn í kjöri. Það er alveg gefið mál.

Ég skal svo ekki eyða tíma til að ræða frekar um þetta.

En svo vék hv. þm. að sögu Framsfl. og fór þar rangt með að ýmsu leyti. Hann rakti þá sögu ekki í réttri tímaröð. Ég ætla að breyta því í rétta tímaröð. Það er alveg rétt, að Benedikt Sveinsson féll við kosningar í Norður-Þingeyjarsýslu vorið 1931. En það var ekki stjórn Framsfl., sem stóð fyrir því að fella hann. Það kann að vera, að einn mikill áhrifamaður í Framsfl. hafi stutt að því, en flokkurinn sem slíkur gerði það ekki. Það voru heimamenn, sem það gerðu. Það var einmitt samþykkt á fundi í Framsfl., þar sem allir þm. flokksins voru, það var meðan stóð á óspektunum út af þingrofinu 1931, að allir þm. flokksins skyldu vera í kjöri í næstu kosningum, Benedikt Sveinsson eins og aðrir. Þess vegna er það, að það voru Norður-Þingeyingar sjálfir eða hluti þeirra, sem vildi skipta um þm., en ekki flokksstjórnin og ekki flokkurinn. Og þm. flokksins verða þó að teljast, eins og þá var a. m. k., frekar stjórn flokksins, því að það var ekki komið eins fast skipulag og nú er á flokkana. Það er rétt, að 1933 voru tveir þm. Framsfl. reknir úr flokknum sökum þess, að þeir neituðu að styðja stjórn, sem flokkurinn hafði samþ. að standa að og styðja. Ég skal nú ekki segja, hvort þetta hefur komið fyrir með sama hætti áður. Ég veit þó, að flokkar hafa áður rekið menn. Þegar ég var unglingur, kom það fyrir, að mikilsmetinn þingmaður var rekinn úr sínum flokki. Það var Guðlaugur Guðmundsson bæjarfógeti á Akureyri. Hann var rekinn úr flokki, sem þá hét Þjóðræðisflokkur, fyrir það, að hann var með því að leggja síma til landsins og um landið, sem flokkurinn var á móti. Og það verð ég að segja, að ef nokkurn tíma á að reka mann úr flokki, þá virðist mér það helzt vera það, ef hann stendur ekki að sömu stjórn og flokkurinn í heild sinni, því að ef nokkuð á að vera flokksmál, þá er það þó stuðningur við stjórn.

Þegar svokölluð nýsköpunarstjórn var mynduð, var einhver þrjózka í sumum sjálfstæðismönnum, og þeir voru hálft um hálft að lýsa yfir því, að þeir styddu ekki þessa stjórn, — ég held þeir hafi verið 5 eða 6. Það varð nú ekki mikið úr þeirri mótstöðu, þeir létu sig flestir og lutu flokknum. En einn af þessum þm. lét ekki undan og lýsti hreinni andstöðu. Hann var ekki kannske beinlínis rekinn úr flokknum, en hann fékk sína refsingu. Hann hafði áður um allmörg ár verið forseti sameinaðs Alþingis, honum var sparkað úr því, og svo var hann sendur til annars lands fljótt á eftir, að vísu í virðulega stöðu, en a. m. k. flokkurinn kærði sig ekki um að hafa hann lengur á þingi. Ég held því, að það þurfi ekkert að tala um það, að Framsfl. hafi mest flokksvald allra flokka, og eitt er víst, og það er það, að skipulag Framsfl. er slíkt, að fólkið á að ráða. Eftir flokkslögum Framsfl. nú eiga fulltrúar fólksins heima í héruðum að ráða því, hverjir eru frambjóðendur flokksins. Ég efast um, að það séu jafnskýr ákvæði um það í öðrum flokkum.

Ég sé, að það er kominn tími til að gefa fundarhlé, og ég skal ekki orðlengja þetta

frekar. En ég held, að hv. 6. þm. Reykv. þurfi ekkert að vera með aðdróttanir til Framsfl. um það, að þar sé meira flokksvald og miðstjórnarvald en t. d. í Sjálfstfl. — [Fundarhlé.]

Frsm. minni hl. (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Hv. þm. Barð. (GíslJ) gerði nokkrar athugasemdir út af því, sem ég hafði sagt. Flestar voru þær ónýtar, og ég lít á þær eins og meinakindur, sem eru sama sem sjálfdauðar. Ein var þó allstór ásökun á Framsfl., því að hann sagði, að aldrei hefði sveitunum og dreifbýlinu verið greitt þyngra högg — eða eitthvað á þá leið, sagði hann — en þegar Framsfl. hefði fellt frv. um jafnvægissjóð. Í þessu er mikill misskilningur hjá hv. þm., eins og oft vill henda á þeim bæ. Frv. þetta lagði hæstv. þáverandi forsrh., Ólafur Thors, fyrir þingið sem stjórnarfrv. Það kom aldrei til úrslitaatkvgr., því að hann tók það aftur á þinginu. Framsfl. greiddi því aldrei þetta högg. En annað gerði Framsfl., sem líklegt er að hafi verið sveitunum meira hagræði en þótt fram hefði gengið þetta frv., sem hv. þm. Barð. átti þátt í að semja og var vitanlega annt um, því að hann er mjög ræktarsamur við sínar hugmyndir: Framsfl. beitti sér fyrir því, að tekið var upp á fjárlög atvinnuaukningarfé, sem hefur orðið dreifbýlinu ákaflega mikils virði, en eftirlæti hv. þm. Barð., núverandi stjórn, lækkaði að verulegu leyti í vetur við afgreiðslu fjárlaganna.

Ég hygg að þetta sé nóg um það atriði.

En það, sem kom mér nú fyrst og fremst til þess að biðja um orðið, var ræða hv. 6. þm. Reykv. (GTh). Hann er nú víst ekki mættur hér núna aftur eftir hléið, en forseti gefur ekki grið með bið, og þess vegna verð ég að minnast á ræðu þm., þó að hann sé ekki viðstaddur.

Hann hélt því fram, að hlutfallskosningar væru ákaflega heppilegt fyrirkomulag og við Íslendingar hefðum sönnun fyrir því, að þær leiddu ekki til smáflokkaþróunar. Hann hélt því fram, að bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík, sem farið hafa fram eftir hlutfallskosningafyrirkomulagi lengi, sýni það, að ekki sé mikil tilhneiging til smáflokkaþróunar, því að aðeins 5 flokkar hafi boðið fram við síðustu kosningar. Það, sem hefur hjálpað Reykjavík í þessum efnum, er það, að hún hefur jafnan miðað sig við landsmálaflokka í kosningum til bæjarstjórnar og það hefur verið boðið fram í Reykjavík eftir stefnum landsmálaflokkanna. Aðalfyrirkomulag í kosningum hefur verið einmenningskjördæmafyrirkomulag utan Reykjavíkur, og þess vegna hefur ekki í landsmálunum getað þróazt flokkafjöldi. Reykjavík hefur þannig notið landsbyggðarinnar, að því er snertir það, að flokkafjölgunin hefur ekki orðið meiri.

Hann vill, eins og hann gerði nú raunar í vor og honum var svarað upp á þá, halda því fram, að Norðurlöndin séu ákaflega góð fyrirmynd, að því er þetta snertir, því að þar séu hlutfallskosningar. En það hlutfallskosningafyrirkomulag, sem verið er nú að taka hér upp, er ekki nákvæmlega sniðið eftir því, sem er á Norðurlöndum. Í Noregi, sem hann nefndi, er ekkert uppbótarkerfi, engin uppbótarþingsæti, en þau skipta ákaflega miklu máli hér í þessu sambandi. Langt er frá því, að höfðatölureglu sé fylgt þar. Í Svíþjóð er tvenns konar fyrirkomulag á kosningunum til þingsins. Amtafyrirkomulagið grípur þar inn í, og að því er það snertir, þá hefur það svipuð áhrif einmitt og við, sem stóðum að fylkjaskipunartill., hugsuðum okkur að fylkin hefðu hér á landi.

Hann vill mæla á móti því, að vandræði Finna í stjórnmálum stafi af þeirra hlutfallskosningakerfi. Hann segir, að þau stafi af því, að þeir séu í nábýli við þjóð, sem þeir eigi mjög örðugt í sambýlinu við og verki mikið inn í þeirra pólitík. En það er ekki það nágrenni, sem veldur því, að það eru 8 flokkar í Finnlandi. Það er grundvöllurinn fyrir kosningafyrirkomulaginu, sem kallar fram þessa flokkaþróun og veikir þá við að þola hið sterka, áhrifaríka nábýli.

Hv. 6. þm. Reykv. lýsti því yfir, að hann vildi í mörgum efnum breyta stjórnarskránni og hann væri þeirrar skoðunar, að það ætti að gera á henni heildarendurskoðun hið allra fyrsta. Og hann sagði annað, að hann teldi, að 79. gr., sem ég hef mikið vitnað í við umr. þessa máls, væri eitt af því, sem þyrfti að breyta, það lægi sem sé fyrir að sínu áliti að taka upp það ákvæði, að allar breytingar, sem gerðar væru á stjórnarskránni, ættu að leggjast undir þjóðaratkvæði. Og hann gekk lengra en ég hef gengið. Hann sagðist álíta, að ýmis meiri háttar mál ættu að fá slíka meðferð að leggjast undir þjóðaratkvæði. Þar af leiðandi kom hann nákvæmlega inn á mína skoðun og annarra framsóknarmanna um það, hvernig ætti að fara að, þegar fyrir liggja brtt. við stjórnarskrána. Og þess vegna þykir mér það ákaflega undarlegt og algerlega í mótsögn við þessi orð, sem hann virtist tala af fullri sannfæringu og ætlast til að tekin væru þannig, að hann skuli ekki hafa gengið inn á till. okkar um að leggja þessa breytingu stjórnarskrárinnar, sem hér er verið að ræða, undir þjóðaratkvæði sérstaklega, og það einmitt fyrir það, að þetta er eitt af þeim atriðum í stjórnarskránni, nefnilega kjördæmaskipun og kosningafyrirkomulag, sem hann sagði að væri viðkvæmast og erfiðast viðfangs til að fá samkomulag um. Hvers vegna vildi hann ekki einmitt í þessu þýðingarmikla atriði, að málið væri borið undir þjóðina til samþykktar eða synjunar eitt út af fyrir sig við atkvgr.? Hann gat ekki neitað því og gerði enga tilraun til þess, að heimilt hefði verið að gera þetta samkvæmt 79. gr. stjórnarskrárinnar, enda var það gert, þegar lýðveldisstjórnarskráin 1944 var afgreidd. Nei, í þessu kemur fram sérstök veila í framkomu hv. 6. þm. Reykv. og yfirlýsingu hans.

Hann vildi mótmæla því, að þjóðinni hefði ekki verið ljóst, að við kosningarnar síðustu hafði líka átt að taka afstöðu til breytinganna á stjórnarskránni. En hann sagði líka: „Meira að segja má vera, að eitt mál við slíkar kosningar hafi áhrif á atkvæði þessa kjósanda og annað á atkvæði hins.“ Með því hreint og beint lýsti hann því yfir, að stjórnarskráin hefði

verið sett undir atkvæði á þann hátt, að verið gæti, að einn og annar hefði greitt atkvæði, án þess að það væri með tilliti til hennar. Atkvgr. í kosningunum er því samkvæmt hreinni yfirlýsingu hans ekki eingöngu atkvgr. um stjórnarskrárbreytinguna. Og hvers vegna er þá slíkur maður á móti því, að hrein atkvgr. eigi sér stað, eins og við höfum lagt til?

Þá minntist hann á það, að ég hefði talað um, að hætt væri við því og raunar sjálfgefið, að flokksstjórnir mundu fá aðstöðu til þess að hafa meiri áhrif en áður á framboð, og það mundi verða flokksstjórnarvaldið, sem réði framboðum og því, hverjir í framtíðinni færu með umboð fyrir fólkið. Og hann vildi halda því fram, að mér færist ekki um þetta að tala, vegna þess að Framsfl. hefði verið sá flokkur, sem hefði beitt sterklegast flokksstjórnarvaldi. Og hann gekk svo langt í átt til mín, að hann benti á það, að einmitt í mínu kjördæmi væri dæmi um þetta, sem hefði komið fram við kosningarnar til þings 1946, þegar Jónas Jónsson var í kjöri og Björn Sigtryggsson á Brún. Hann vildi halda því fram, að þá hefði flokksstjórnarvaldið spillt þessum kosningum. Þetta er reginfjarstæða. Hann gat ekki tekið gleggra öfugdæmi en þetta, því að það var fulltrúaráðið í Þingeyjarsýslu, sem ákvað framboðin. Meiri hluti fulltrúaráðsins ákvað, að Jónas Jónsson skyldi vera í kjöri. Minni hlutinn ákvað aftur á móti, að Björn Sigtryggsson skyldi vera í kjöri. Og það er að vísu rétt, að miðstjórn Framsfl. mælti með Birni Sigtryggssyni, en heimastjórnin, þ. e. a. s. frelsið í flokknum, það var svo mikið, að almenningur réð og varð ekki fyrir nokkru hnjaski af hálfu flokksstjórnarinnar, — ekki nokkru. Þetta var talið sjálfsagt í þeim flokki. Og þetta er einmitt sterkasta sönnunin fyrir því, að innan Framsfl. ríkir lýðræði. Og ég hefði haft gaman af því, ef hv. 6. þm. Reykv. eða einhver, sem hér er, t. d. hv. þm. Barð., sem er nú framgjarn og hýr á brá, vildi sýna fram á, að sambærilegt dæmi væri til í Sjálfstfl. um lýðfrelsið. Nei, þetta dæmi var mesta fjarstæða. Og að því er snertir annað dæmið, sem hann nefndi, býst ég við, að aðrir svari, enda er þegar búið að svara því að nokkru eða jafnvel öllu leyti af hv. 1. þm. Eyf.

Ég er ekki í neinum vandræðum að gefa skýrslu um þetta, að því er Þingeyjarsýslu snertir. Ég var þá í liði því í meiri hlutanum í fulltrúaráðinu, sem studdi Jónas Jónsson, og þetta gat gerzt í Þingeyjarsýslu, án þess að varanleg sundrung yrði í flokknum. Hvergi stendur svo kannske flokkurinn betur saman en þar þrátt fyrir þetta. Og það er einmitt af því, að við vitum það, framsóknarmenn, að þetta verður að geta átt sér stað, og við þolum svona lýðræðisfyrirkomulag.

Þá fór hv. 6. þm. Reykv. að minnast á hið væntanlega stóra kjördæmi, sem ég er í, Norðurlandskjördæmi eystra, og hann vildi halda því fram, að því væri gefinn aukinn hlutur. Það þótti mér nú satt að segja hlægilegt, þegar það er vitað og viðurkennt, að það er fyrir borð borið samkvæmt reglum þeim, sem hinir svonefndu þriflokkar settu sér, þegar þeir gerðu samning um kjördæmamálið. Í Norðurlandskjördæmi eystra ættu eftir fólksfjöldareglunni, ef tekið væri hæfilegt tillit til hennar, að vera sjö þingmenn, en eru nú bara 6 skv. frv.

Ég var að hugsa um það, mér þykir verst vitanlega, að þm. er ekki við, — en ég má til að segja það samt, að ég var að hugsa um það, hvernig á því gæti staðið, að maður með svo hárfínar taugar eins og hann er auðheyrilega, úr því að hann heyrði klökkva í rödd minni, þegar ég var að flytja hér ræður í gær og dag, án þess að þar væri nokkurt klökkvamál eða nokkur klökkvi til, — maður með svona hárfínar taugar skuli geta verið í hópi þeirra, sem vilja taka rétt af dreifbýlinu, vilja skerða sjálfstæði fólksins úti á landsbyggðinni, sjálfstæðið, sem það hefur og það hefur ekkert misnotað gagnvart öðrum landshlutum eða þéttbýlinu. Ég var að velta fyrir mér, hvernig gæti á þessu staðið, að hann skuli ekki skilja það, að samkvæmt kjördæmabyltingarfrv. er stórlega gengið á hlut byggða landsins — og svo mjög, að til mikillar ógæfu mun verða, ef einhver ófyrirsjáanleg góð öfl grípa ekki inn í. En undir lok ræðu hans skildi ég þetta loksins. Hann sagði nefnilega, að nær væri að kalla byggðastefnuna, sem talað hefur verið um í sambandi við þetta mál, óbyggðastefnu. Þá varð mér ljóst, að hann er svo óskyggn út fyrir þéttbýlið, út fyrir sína borg, að honum finnst, að sveitir landsins, sem þó eru byggðar fólki, sem við þekkjum margir vel, séu óbyggðir. Ég hef eiginlega ekki heyrt öll ljótara orð hrjóta af munni manns í þessum umræðum, og átti ég sízt von á slíku af hv. 6. þm. Reykv. Hann er nefnilega sjálfur hvorki meira né minna en Höður hinn blindi, — Höður hinn steinblindi í þessu máli, — svo mikill þéttbýlismaður er hann, svo lítið þekkir hann land sitt þar fyrir utan.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Það má nú vissulega telja, að það sé að bera í bakkafullan lækinn að tala miklu meira um þetta mál. Öllum rökum andstæðinganna hefur verið hnekkt með það miklum rökum frá okkar hendi, að það ætti varla að vera ástæða til þess að hafa um það miklu fleiri orð. En ég vil aðeins undirstrika það, að í þessum umr. hefur frá hendi þriflokkanna verið lögð höfuðáherzla á það, að alþingiskosningarnar síðustu hafi fyrst og fremst verið þjóðaratkvgr. um kjördæmamálið og tæpir ¾ hlutar kosningarbærra landsmanna hafi greitt atkv. með hinni breyttu kjördæmaskipan, en aðeins rúmur fjórðungur hafi verið þar á móti. Ég hygg þó, að fæstir skilji slíkan málflutning. Við, sem lesum flest blöðin og fylgjumst með þeim áróðri, sem rekinn er fyrir kosningar, urðum vissulega varir við það, að af þriflokkanna hálfu var lögð áherzla á flest annað öðru meira en kjördæmamálið.

Sjálfstfl. gekk fyrst og fremst til kosninganna undir vígorðinu um, að aldrei yrði aftur stofnuð vinstri stjórn hér á landi, og þar sem ég gat hlustað á frambjóðendur Sjálfstfl., var það höfuðinntak í þeirra ræðum, kjördæmamálið algert aukaatriði, enda var í áróðri flokksins

lögð höfuðáherzla á það, að kjördæmamálið væri þegar afgreitt mál.

Frá hendi Alþb. var landhelgismálið mjög í hávegum haft, og vildi sá flokkur fyrst og fremst slá sig til riddara á því, að hann hefði verið hinn eini sanni forustuflokkur í því máli.

Frá hendi Alþfl. var fyrst og fremst því haldið fram við flokksmenn, að hreysti flokksins við þá stjórnarmyndun, sem þá var nýafstaðin, og dugnaður hans í stjórninni, þar sem hann stæði einn og nærri því óstuddur, væri svo mikill, að landsfólkið yrði að sýna honum traust.

Þetta kemur berlega fram, jafnvel í ræðu hv. þm. Barð. (GíslJ). Hann eyddi í það miklum tíma í gær að túlka það sjónarmið sitt, að síðustu alþingiskosningar hefðu verið fyrst og fremst þjóðaratkvgr. um kjördæmamálið, og hann endurtók það aftur og aftur í ræðu sinni hér í dag. Síðan sagði hann — ég held orðrétt: Kjördæmamálið var eina málið, sem Framsfl. lagði nokkra verulega áherzlu á í síðustu alþingiskosningum, og hann fékk þó nokkuð af atkvæðum út á þetta mál.

Nei, það rekur sig eitt á annars horn, þegar farið er að flytja mál eins og gert er nú hér á hv. Alþ. Við vitum það, að þriflokkarnir allir lögðu fyrst og fremst höfuðáherzlu á að skýla sér á bak við önnur mál og reyna að vitna til flokkstryggðarinnar og þess, að viðkomandi flokkur mætti ekki tapa þrátt fyrir kjördæmamálið.

Ég gerði kjördæmamálið nokkuð að umræðuefni á síðasta Alþ. og ætla ekki að rekja það mjög, sem ég sagði þá. Í þeirri ræðu lagði ég höfuðáherzlu á, að það væri tvennt, sem þriflokkarnir ætluðu að breyta, eða tvö takmörk, sem þeir ætluðu að ná í sambandi við hina nýju kjördæmaskipun: Fyrra atriðið væri það, að þeir ætluðu að veikja og eyðileggja Framsfl. Seinna atriðið væri það, að þeir ætluðu að auka flokksvaldið. Staðreyndirnar hafa sýnt, eins og ég undirstrikaði í þeirri ræðu, sem ég hélt þá, að þriflokkunum hefur ekki tekizt að veikja Framsfl. Hann hefur aldrei verið sterkari en hann er í dag og verður aldrei sterkari en eftir haustkosningarnar.

En þessi styrkur Framsfl. réttlætir ekkert kjördæmamálið. Kjördæmamálið er mál þjóðarinnar, en ekki mál neins einstaks flokks. Hér er verið að tefla um örlög þjóðarinnar, en ekki um örlög flokkanna, og þar greinir á. Alþfl.-menn héldu því t. d. mjög fram í kosningabaráttunni, að hér væri verið að kjósa um örlög Alþfl. Alþfl. og allir stjórnmálaflokkarnir eru aðeins fyrirbrigði, sem geta horfið, hvaða dag sem er, en þjóðin sjálf, — það er það, sem um er teflt, og það er þjóðarhagurinn, sem hlýtur og verður ávallt að sitja í fyrirrúmi. Og við höfum haldið því fram, framsóknarmenn, og teljum það réttan málflutning og vitum, að það er réttur málflutningur, að í öllum stjórnarskrárbreytingum verður fyrst og fremst að taka tillit til hags þjóðarinnar, en ekki hags flokkanna. Því miður fer þetta ákaflega sjaldan saman.

Það er allt útlit fyrir það og nærri því full og örugg vissa fyrir því, að í dag verður formlega afnumið hið forna byggðavald hér á Alþ. og upp tekið alræði íslenzkra stjórnmálaflokka. Ég ætla bara til að koma í veg fyrir misskilning að taka það fram, að það verður ekki síður alræði Framsfl. í þeirri mynd. Hann er eins og aðrir stjórnmálaflokkar. Það er mannlegur breyskleiki að vilja drottna, og í Framsfl. er vafalaust eitthvert flokksvald líka, og ber ekki að efa það. En í þessu máli höfum við barizt og munum berjast. Við börðumst fyrir því, að byggðavaldið væri afnumið, og við munum berjast fyrir því, þrátt fyrir það þótt við lútum þessum lögum, að valdið verði fært á ný sem mest til byggðanna.

Það kemur líka fljótt í ljós, þetta sem við vöruðum við og töluðum um í sambandi við flokksvaldið. Hér í Nd. hv. Alþ. liggur fyrir kosningalagafrv. Við þetta frv. eru komnar fram margar brtt. Núna síðustu dagana beinast brtt. fyrst og fremst að því að auka flokksvaldið og minnka vald hins óbreytta kjósanda. Síðustu till. eru um það að gera kjósendum nær ómögulegt að færa til á framboðslistum. Það á að vera nær ógerningur fyrir hinn óbreytta kjósanda að láta á nokkurn hátt vilja sinn í ljós um, hverja hann kýs. Hann kýs bara viðkomandi flokk, en það eru flokksstjórnirnar, innstu koppar þar í búri, sem raða upp á listann. — Svo er það með yfirkjörstjórnirnar. Það var talað um það upphaflega í frv., að það yrðu innanhéraðs embættismenn, sem gegndu þessum trúnaðarstörfum. Nú er upp komið, að það er ekki nóg. Þetta vald verður líka að flytja inn á Alþ. og kjósa eftir hlutfallskjöri til þessara trúnaðarstarfa.

Hv. 6. þm. Reykv. (GTh) hélt hér í annað sinn sinn langa fyrirlestur um stjórnarskipunarlög ýmissa Evrópuþjóða. Það má um hann segja, að hann hefur nokkra sérstöðu, því að hann er víst sá einn Íslendinga, sem sendur hefur verið alveg sérstaklega til Evrópu til að kynna sér stjórnarskrár, og þannig hefur hann nokkra sérstöðu, því að almennt hafa þm. ekki jafntæmandi upplýsingar um stjórnarskrár Evrópuþjóða og hann hlýtur að hafa aflað sér á þessari sinni löngu reisu. En hann gat ekki stillt sig um það samt, þessi ágæti þm., að fara að segja hér sögu Framsfl. Þessi saga var nú náttúrlega sögð á eitthvað svipaðan hátt og sagt er, að víss aðili lesi bibliuna. En nóg um það. Það hefur verið rækilega hrakið af 1. þm. Eyf. (BSt) og þm. S-Þ. (KK) allt, sem hann sagði um flokksstjórnarvald Framsfl., og ég hélt nú satt að segja, að þessi hv. þm. yrði jafnvel þm. síztur til að tala mjög mikið um flokksstjórnarvald.

Hv. þm. Barð. (GíslJ) hefur haldið hér langar og miklar tölur. Ég hef nú ekki orðið þeirrar ánægju aðnjótandi fyrr að sitja hér með honum í þessari háu deild eða þessu virðulega Alþ., en það verður um hann að segja, að hann virðist vera mjög röggsamur maður, a. m. k. í málfari. Hann fann til þess sérstaka ástæðu í gær að tala um það, að atvinnutæki hefðu verið flutt úr ákveðnum litlum stað á Vestfjörðum, flutt burt til annarra staða, og fór að ásaka

fyrir það sinn mótframbjóðanda, fyrrv. þm. Barð., og tók þar alveg sérstaklega dæmi, andstætt dæmi, þar sem atvinnufyrirtæki væru allt of mikil, og tók þar til dæmis Seyðisfjörð, það kjördæmi, sem ég er kosinn á þing fyrir. Mér er nú ekki kunnugt um, að þessi hv. þm. hafi komið á Seyðisfjörð, þó má vel vera, að svo sé, en örugglega ekki á seinni árum, og því síður er mér kunnugt um, að það hafi verið nokkuð til hans leitað í sambandi við atvinnumál Seyðisfjarðar. En ef svo hefur verið, þá er það eingöngu af fylgismönnum hans sjálfs á Seyðisfirði. Seyðfirðingar almennt telja, að það sé lágmarksskylda þjóðarbúsins, að þannig verði að þeim stað búið, að þeir, sem vilja vinna við framleiðslustörf og lífræn störf, geti fengið vinnu. Í stjórnartíð vinstri stjórnarinnar stefndi þar allt í rétta átt. Það urðu snögg umskipti, þegar eftir að minnihlutastjórn Alþfl. tók við völdum, því miður. En það virðist ekki að dómi sjálfstæðismanna þar nóg að gert enn þá, því að þessi mikli valdamaður í Sjálfstfl. lét að því liggja, að enn væri hægt að tæta þar einhver atvinnutæki í burtu. Og í ræðu sinni í dag var hann svo að tala um atvinnuuppbyggingu Vestfjarða. Mér varð hugsað til forns málsháttar, sem segir: Miklir menn erum við, Hrólfur minn, — því að hann stakk hendinni í vasann og sagði: Ég hef byggt atvinnulífið upp í þorpunum í Barðastrandarsýslu einu eftir annað. — Já, hann hefur vissulega byggt margt fyrir vestan, hv. þm. Hann hefur byggt þar rækjuverksmiðju. Starfrækir hann hana ekki enn í dag? Ég veit ekki betur en hann hafi gefizt upp við þá starfrækslu og samvinnufélagið á staðnum hafi orðið að yfirtaka hana til rekstrar og að það sé á herðum þess, sem þungi atvinnulífsins á Bíldudal hvílir í dag. Hann byggði þar einnig mikið verzlunarhús. En ég veit ekki betur en kaupfélagið á Bíldudal hafi orðið að yfirtaka þetta hús, til þess að hægt væri að veita fólkinu þar í kring þjónustu. Á stríðsárunum var hann með togaraútgerð frá Bíldudal. En eftir styrjöldina, þegar aðrir notuðu sína nýsköpunarsjóði til að endurnýja togaraflotann, — ja, mér er ekki kunnugt um, að hv. þm. hafi þá keypt togara til útgerðar á Bíldudal.

Það er náttúrlega algert einkamál, hvað menn gera við sitt fjármagn og hvernig þeir verja því. En það kemur úr hörðustu átt, þegar verið er að sneiða að fólki í öðrum byggðarlögum, sem er að reyna að byggja upp sína atvinnuvegi, af mönnum, sem hafa þótzt, hafa sagzt ætla að byggja upp byggðarlögin á einkaframtaki, en hafa flúið frá þessu öllu. Seyðfirðingar eru fyrir löngu búnir að gefast upp á slíku. Það var búið að halda þeim í áratugi í voninni um, að einhver einkafjármagnsprins kæmi til að byggja upp þeirra atvinnuvegi. Þeir eru búnir að uppgötva nú, að það getur enginn byggt upp atvinnuvegi, nema mikil arðsvon sé, annar en fólkið sjálft.

Síðan talaði hv. þm. Barð. um jafnvægi í byggð landsins og um jafnvægisfrv. fræga. Hv. þm. S-Þ. svaraði því ýtarlega, en ég vil aðeins bæta því við: Hverjir voru það, sem stóðu að því á síðasta Alþ., strax eftir að stjórnarskipti urðu, að atvinnuaukningarféð var lækkað um þriðjung? Voru það mennirnir, sem báru hagsmuni hinna dreifðu byggða fyrst og fremst fyrir brjósti? Voru það þeir? Það munar um, þó að það séu ekki nema 5 milljónir. Það munar um það. Það munar um minna.

Hv. 6. þm. Reykv. tók Jónas Jónsson sem sérstakt dæmi um flokksstjórnarvald Framsfl. Hv. þm. S-Þ. svaraði þessu ýtarlega, en ég vil aðeins benda hv. 6. þm. Reykv. á það, að Jónasi Jónssyni hefur ekki verið vikið úr Framsfl. enn þá, og mér er ekki kunnugt um, hvort hann hefur gengið úr honum.

Og svo aðeins að lokum í sambandi við þetta rabb: Hér er talað mikið um, að hlutfallskjörið og hin nýja skipan sé hið háþróaða lýðræði. Hvernig stendur á því, að tveir af þeim þrem flokkum, sem að þessari stjórnlagabreytingu standa, hafa ekki leitt þetta háþróaða lýðræði inn í verkalýðshreyfinguna, þar sem þeir telja sig þó sjálfkjörna til allra starfa? Hér í þessari hv. d. eiga sæti bæði varaforseti Alþýðusambands Íslands og einn af stjórnarmeðlimum þess. Það væri fróðlegt fyrir okkur að fá að vita, hvernig stendur á því, að þessir menn, sem stjórna verkalýðshreyfingunni á Íslandi, skuli halda henni undir því ógurlega oki, að þar séu meirihlutakosningar? Af hverju leiða þeir ekki inn hið háþróaða lýðræði til blessunar fyrir verkalýðshreyfinguna?

Það er vissa mín, að þessi stjórnarskrárbreyting verður okkur til varanlegs tjóns, meðan hún helzt. Þrátt fyrir það verðum við allir að una henni eins og öðrum þeim lögum, sem sett eru. Þessi lög eru sett á stjórnskipulega réttan hátt, þrátt fyrir það, þó að andi stjórnarskrárinnar sé þverbrotinn með því að misnota gamalt ákvæði í sambandi við hana. En ég vil aðeins að lokum vona, að þróttur þjóðarinnar sé þó það mikill, að tjónið verði ekki allt of stórkostlegt.

Forseti (EggÞ): Ég sé ástæðu til þess einu sinni enn að minna hv. þdm. á dagskrármálið og vænti þess eindregið, að reynt verði að halda sér við það, eins og kostur er á.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls aftur í þessum umræðum. En það, sem sagt hefur verið, síðan ég talaði síðast, gefur tilefni til þess, að ég segi enn um þetta mál og sérstaklega það, sem andstæðingarnir hafa haldið fram, nokkur orð.

Ég get orðið við þeim tilmælum hv. forseta að svara hv. þm. Barð. engu, því að það var það, sem hann fór raunverulega fram á. Það var hann, sem hóf þessar umræður, sem ekki var hægt að komast hjá að svara, og ekki sízt get ég komizt hjá þessu vegna þess, að hv. þm. Seyðf. (BjörgJ) hefur gert þessu máli svo rækileg skil, að það er óþarfi að eyða frekari orðum að því að svara þessum hv. þm.

Umr. hafa snúizt um það nokkuð, hvort málið, sem hér liggur fyrir, stjórnarskrárbreytingin, hafi verið lögð eðlilega fyrir þjóðina, og það er aðalverkefni þeirra þriggja flokka,

sem standa að þessu máli, fyrst og fremst að reyna að sannfæra menn um það, gera tilraun til þess að halda því fram, skulum við segja heldur, að málið hafi verið lagt eðlilega fyrir og í samræmi við 79. gr. stjskr. Þó verður þessum hv. þm. eðlilega dálítið hált á svellinu, því að sannanirnar fyrir því, að málið var ekki lagt eðlilega fyrir, liggja fyrir frá óteljandi fundum, frá óteljandi blaðagreinum, og þarf ekki að telja það upp, enda of langt mál að telja slíkt upp í þessum umræðum.

Því er aðallega haldið fram, t. d. af hv. þm. Vestm. (GuðlG) og hv. 6. þm. Reykv. (GTh), að það hafi verið lagt nægilega fyrir, vegna þess að Tíminn, blað Framsfl., og frambjóðendur Framsfl. hafi á fundum og í útvarpsumr. lagt megináherzluna á þetta mál. Þeim gengur eðlilega mjög illa að halda því fram, a. m. k. gengur mjög illa að sannfæra nokkurn mann um það, að þeir hafi ekki gert sitt ýtrasta til þess að ræða sem minnst um málið, reyna til þess að vefja það í aðrar umbúðir og láta hug kjósandans, eins og hv. þm. S-Þ. (KK) tók hér vel og skilmerkilega fram, snúast um annað en kosningarnar áttu að snúast um.

Hér var minnzt á það af hv. 6. þm. Reykv. (GTh), hve mikla áherzlu Framsfl. hefði lagt á það að túlka þetta mál, að hann hefði auk Tímans staðið að því — eða Samband ísl. samvinnufélaga — að gefa út Kjördæmablaðið. Þetta er eitt af ósannindum og blekkingum hv. þm., sem verður að mótmæla. Þetta er söguburður, sem hann tekur hér upp í þinginu og hefur ekki við neitt að styðjast. Það voru áhugamenn, sem gáfu út þetta blað, og vitanlega gerði það mikið gagn til þess að túlka þetta mál. En sama er, — þegar þrír flokkar, eins og hér hefur verið þráfaldlega tekið fram, leggjast á eitt á framboðsfundum, í öllum sínum blaðakosti, með öllum sínum áróðri og útsendum áróðursmönnum að telja kjósendum trú um, að það sé ekki verið að kjósa um kjördæmamálið, heldur vinstri stjórnina og mörg önnur mál, þá leiðir það af sjálfu sér, að þessir flokkar hafa mikil áhrif til þess að blekkja kjósendur, og það er ekki neitt vafamál, að kjósendur voru beinlínis beygðir af flokksaga til þess að kjósa gegn sannfæringu sinni um kjördæmamálið sjálft. Meira að segja hæstv. forsrh. var svo hreinskilinn, að hann sagði: Ég skal ekki neita því, að sumir þeir, sem kusu með þríflokkunum, voru óánægðir með kjördæmabreytinguna, — sagði hann í svarræðu til mín hér í þessari hv. d. Hann var svo hreinskilinn. En hvers vegna kusu menn, sem voru óánægðir með kjördæmabyltinguna, með sínum flokkum, en ekki gegn þeim? Það var vegna þess, að flokksaganum, flokksáróðrinum var beitt til þess að fá þá til þess að kjósa með sínum flokkum þrátt fyrir óánægju með kjördæmabyltinguna. Og ég veit persónulega um fjöldamörg dæmi þess, að þetta átti sér stað, sem forsrh. minntist á. Ég veit um það í einu kjördæmi, að frambjóðandi fór um kjördæmið að nýju, eftir að fundir höfðu verið haldnir, og fékk einhverja tugi af kjósendum til þess að breyta um afstöðu sína, — þeir höfðu ætlað að kjósa gegn kjördæmabreytingunni, — og það þá beinlínis að gera það vegna flokksins. Þessum aðferðum var beitt bæði opinberlega og leynilega, og það þýðir ekki að mótmæla því. Þess vegna er það réttmætt, að þjóðaratkvgr. fari fram um þetta mál, eftir að upplýst er, að þessum aðferðum var beitt, og það er alveg furðulegt, að það skuli koma hér frá háttvirtum þingmönnum, að það sé nú orðið móðgun að leggja mál undir þjóðaratkvæði.

Ég held, að það sé sannast að segja óþarfi að ræða þetta atriði nánar. Það liggur svo ljóst fyrir, að það er óþarfi að bæta þar við.

Ég ætla svo að svara nokkrum atriðum úr ræðu hv. 6. þm. Reykv.

Eitt af þeim atriðum, sem hann ber á borð fyrir okkur hér í þessari hv. d., er það, að ágreiningur um kjördæmamálið hafi tafið endurskoðun stjórnarskrárinnar. Eftir að þetta ágreiningsatriði sé úr sögunni, sé auðvelt að afgreiða stjórnarskrána án ágreinings. Ég er nú satt að segja alveg undrandi yfir, að þessi hv. þm. skuli bera aðrar eins rökblekkingar á borð fyrir okkur þingmenn, eins og hann leyfir sér í þessu máli. Ef samkomulag er um öll meginatriði stjórnarskrárinnar önnur en kjördæmabreytinguna, stjórnarskrárbyltinguna, þá er vitanlega hægt að afgreiða stjórnarskrána í heild og hafa ágreining um þetta atriði, alveg eins og hann er nú, svo að allir sjá, að þetta er ekkert annað en rökblekking. Það gat verið ágreiningur um þetta atriði og ágreiningslaust um önnur atriði, eins og hann heldur fram. En sannleikurinn er sá, að það lá svo mikið á samningunum um þetta mál, að það var afgreitt í flaustri, það var kosið að afgreiða það í flaustri, og það er raunverulega ástæðan fyrir því, að málið er afgreitt á þennan hátt, eins og margoft hefur verið rakið.

Hann segir, að hlutfallskosningar séu af rót réttlætis, eins og merkur Íslendingur hafi sagt. Sannleikurinn er sá um þetta atriði, að margir merkir menn héldu því fram, að hlutfallskosningar væru eðlilegasta og hyggilegasta fyrirkomulagið á kosningum og miðuðu í réttlætisátt. En það er jafnvíst, að fjöldi þessara manna hefur breytt um skoðun, enda er einkennilegt, að það er ekki vitnað í aðra en þá, sem eru komnir undir græna torfu. Það er vitað mál, að hlutfallskosningar hafa yfirleitt, eins og ég skal rekja lítils háttar, reynzt illa, og það er atriði, sem andstæðingarnir eiga ákaflega erfitt með að mótmæla, þó að þeir vitni stöðugt til Norðurlanda, að stjórnskipulagið standi þar föstum fótum og þar sé sama kosningafyrirkomulag og hér, sem er þó rangt, eins og hv. þm. S-Þ. sýndi fram á og oft hefur verið sýnt fram á, bæði hér í þessari hv. d. og í umr. um þetta mál annars staðar.

Það er bisað við að halda því fram, að hlutfallskosningarnar fjölgi ekki flokkum, og það er vitnað til Reykjavíkur. Einnig þetta er fullkomin rökblekking. Þótt verið hafi hlutfallskosningar í Reykjavík, þá er það af eðlilegum ástæðum, að flokkum hefur ekki fjölgað af þeim ástæðum einum, og það er af þeirri einföldu ástæðu, að það er erfitt að mynda flokka

í landinu, nema þeir hafi fylgi og fulltrúa víðs vegar um landið, vegna þess að einmenningsfyrirkomulagið hefur fram að þessu verið í meginatriðum ráðandi, hefur komið í veg fyrir fjölgun flokka, þrátt fyrir það að hlutfallskosningarnar hafa verið í Reykjavík. Þetta að vitna til Reykjavíkur er því hrein rökblekking.

Einnig voru bornar hér á borð þær blekkingar af hv. 6. þm. Reykv. (GTh), — ég man ekki, hvað hann nefndi margra flokka, sem hefðu haft framboð til Alþingis 1916. Hv. 1. þm. Eyf. (BSt) hefur rakið þetta svo rækilega og hrakið, að ég sé enga ástæðu til þess að bæta við það. En ég ætla að minnast örlítið á það, sem hann hefur minnzt á áður hér og oft hefur verið rætt, það er Þýzkaland, að nazistarnir hafi komizt til valda í Þýzkalandi vegna hlutfallskosninga, sem sé rangt. Ég man eftir því í umr. um þetta mál s. l. vetur, þá nefndi hann einhvern sérstakan fræðimann þýzkan, sem hefði sýnt fram á það, að hlutfallskosningarnar ættu ekki sök á því að hafa fjölgað flokkum í Þýzkalandi.

Það muna nú víst flestir svo langt í sögu, að þeir muni stjórnarmyndanirnar, baslið við stjórnarmyndanirnar vegna hinna mörgu flokka í Þýzkalandi fyrir valdatöku nazista, og hvernig basl, stjórnarkreppa, hvað eftir annað féllu stjórnir, — hvernig þetta basl leiddi til þess, að menn gáfust upp á þessu öllu saman og óskuðu eftir að fá hinn sterka mann vegna þeirra vandræða, sem hlutfallskosningarnar höfðu leitt yfir þjóðina. Það er engin sönnun í þessu máli, þó að finnist einhver maður, sem kallar sig fræðimann, sem staðhæfir það gagnstæða. Við sjáum það á okkar eigin þjóð, að það er nægilega mikið til af slíkum mönnum hér í þessu þjóðfélagi, og þeir eru líka annars staðar. Og hvers vegna, fyrst það var svona ágætt þetta hlutfallskosningafyrirkomulag, — hvers vegna tóku Þjóðverjar það ekki upp núna, þegar þeir endurreistu sitt lýðveldi? Hvernig stendur á því? Hvernig stendur á því, að þeir gerðu það ekki? Hvernig stendur á því, að þeir gerðu alveg hið gagnstæða? Þeir tóku upp einmenningskjördæmi til þingsins, eins og vitað er, en samkomulag varð um það að hafa hlutfallskosningar í aðra deildina. Sú deildin, sem aðallega ræður stefnunni, hefur þess vegna fyrirkomulag einmennings-meirihlutakosningar.

Það var jafnframt minnzt hér í seinustu umr., sem urðu um þetta mál, áður en það var samþykkt á fyrra þinginu, á Frakkland. Hann fullyrti það, hv. þm., að það hefðu verið meirihlutakosningar í Frakklandi, og átti að vera búinn að kynna sér það. Þetta var rangt. Það var blandað kerfi. Fulltrúi úr einni deild stjórnarráðsins hefur samið yfirlit yfir fyrirkomulag á kosningum víðs vegar um lönd, og þar er sýnt fram á það, að í Frakklandi var blandað kerfi, í verulegum atriðum hlutfallskosningar. En hvernig stendur á því, að þegar þeir ætla að fara að endurreisa og styrkja sitt lýðveldi eftir þá eymd, sem þar hafði ríkt, nokkrir tugir stjórna eftir heimsstyrjöldina, — hvernig stendur á því, að þeir tóku ekki upp hlutfallskosningar? Gerðu þeir það? Nei, aðalbreytingin var að taka upp meirihlutakosningar til að styrkja lýðveldið.

Hér er talað um fleiri lönd, og það var vitnað til þess í kosningabaráttunni, að ekki hafi Írland viljað taka upp meirihlutakosningakerfið. Það er vitað mál, hvernig hlutfallskosningarnar komust á í Írlandi. Sjálfstæðisflokkur Írlands var sterkur í dreifbýlinu og landsbyggðinni, og þar af leiðandi létu Englendingar innleiða hlutfallskosningar til að reyna að eyða áhrifum hans. En þetta stjórnarkerfi telur einn þekktasti stjórnmálamaður, sem nú er uppi, og forustumaður sinnar þjóðar um langt skeið það skaðlegt, að hann telur það eiga að verða sitt síðasta og stærsta verk að innleiða meirihlutakosningar í Írlandi og barðist fyrir því. En einn stór flokkur og litlu flokkarnir beittu sér allir gegn því til þess að vernda líf sitt, og þeim tókst að koma í veg fyrir það. Þetta sýnir m. a., hve það er erfitt að afnema þennan óskapnað, þó að illa hafi reynzt að áliti beztu manna, einmitt vegna þeirra smáflokka, sem myndast og reyna þar af leiðandi að viðhalda kerfinu með tilliti til flokkshagsmuna sinna, en á kostnað hagsmuna þjóðarinnar í heild.

Ég vil vekja sérstaklega athygli á því, að ég vænti þess, að þegar nú er talað af þessum hv. þm. um það ranglæti, sem felist í þeim till., sem Framsfl. hefur barizt fyrir, þá minnist þeir þess, a. m. k. sjálfstæðismenn, þegar þeir eru að úthúða þessu kerfi, að varaformaður flokks þeirra hefur stungið upp á því að taka upp þetta kerfi í þeirri n., sem starfaði til þess að breyta stjórnarskránni. Og það eru dálítil rök, eða ég býst við, að menn vilji fallast á það, að ég veit ekki til, — ég er ekki svo fróður, að ég þori að fullyrða, en ég veit ekki til, að nokkurt ríki, sem hefur breytt sinni stjórnskipun seinustu árin eftir reynsluna, sem er af hlutfallskosningunum, hafi tekið upp annað en meirihlutakosningar, og ekki eitt einasta ríki, sem hefur verið stofnað, hefur tekið upp hlutfallskosningar, heldur meirihlutakosningar.

Við erum þeir, sem höfum efni á því að ganga á móti reynslunni og móti þróuninni, og erum sennilega eina ríkið eða eitt af fáu ríkjunum, sem leyfa sér slíkt háttalag, enda gefur það að skilja og hefur oft verið til þess vitnað, að þær stjórnarkreppur, sem nú gera vart við sig í þessum löndum, þar sem hlutfallskosningar eiga sér stað, — ég hef vitnað í Holland, þar sem fleiri mánuðir hafa farið í að mynda stjórn, það má benda á Finnland, sem er með það sama, það má benda á það, að hver veit, hvernig er í Svíþjóð núna, að það var eitt stærsta mál Svíþjóðar samþykkt af þeim stjórnarflokki, sem þar er, en þurfti að sækja eitt atkvæði til kommúnistanna til þess að koma þessu máli fram, sem er eitt stærsta mál, sem hefur verið samþykkt á þingi Svía, — það gefur bendingu um það los, sem er að verða og er alls staðar afleiðing þessa fyrirkomulags.

Hins vegar er ekki hægt að benda á, að ég hygg, eða a. m. k. fá dæmi þess, að þar sem meirihlutakosningakerfið gildir, sé ekki auðvelt að mynda stjórn. Það er ekki hægt að benda á dæmi þess, að það sé ekki yfirleitt

sterkasta og eðlilegasta stjórnskipulagið. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með það, að þegar kosið er í Englandi, þá veit hvert mannsbarn, um leið og atkvæðin hafa verið talin úr kössunum, hver verður forsætisráðherra Englands, og aðalspurningin er, hverja hann tekur með sér í ríkisstj. Svo einfalt og sterkt og óbrotið er kerfið. Alveg sama er núna í Þýzkalandi, alveg sama í Frakklandi og Bandaríkjunum. Við höfðum þetta kerfi, og við munum það úr okkar sögu, þegar tveir flokkar áttust við og einmenningskjördæmi voru hér í landinu, þá var enginn vafi á því, hverjir mynduðu ríkisstj., eftir að árangur kosninganna hafði verið leiddur í ljós. Það var ákaflega einfalt.

Það hefur verið reynt að hártoga ummæli hv. 1. þm. N-M. (PZ) um, að það hafi verið kosið um vinstri stjórn, en ég hafi hins vegar sagt, að Framsfl. hafi unnið mikið á og að það hefðum verið við, sem hefðum haft forustuna í vinstri stjórninni. Þetta þarf vitanlega alls ekki á nokkurn hátt að stangast á, þessi ummæli. Ég álít, að það sé ekki hægt að neita því, að kosningarnar eru viðurkenning á tvennu: viðurkenning á forustu Framsfl. í vinstri stjórninni, sem hann stóð að heill, að svo miklu leyti sem var barizt um það, en inn á þær leiðir reyndi Sjálfstfl. að leiða baráttuna, og jafnframt fyrir baráttu hans gegn kjördæmabreytingunni. En ég gæti nefnt fjöldamörg dæmi um sjálfstæðismenn, sem komu til mín eftir fundi og sögðu við mig: Við erum á móti kjördæmabreytingunni, en okkur er sagt af okkar flokksmönnum, — og ég er ekki grunlaus um, að hv. þm. Barð. hafi sagt þetta eitthvað í sínu kjördæmi, því að hann sagði það við mig, að ef við hefðum fengið meiri hl. með Alþb., þá mundum við hafa myndað stjórn með því núna eftir kosningarnar. En þetta var einmitt það, sem þeir sögðu, sjálfstæðismennirnir: Notið þið þá ekki valdið til þess að mynda stjórn með Alþb. gegn Sjálfstfl.?

Þetta var látið ganga á bak við, og þeir komu til mín hver eftir annan og spurðu: Er þetta rétt? Með þessu móti voru menn fengnir til þess að hlýða flokksaganum: Þið kjósið Sjálfstfl., því að annars verður mynduð stjórn gegn honum. — Þetta var eitt af því, sem var beitt.

Svo kom hv. 6. þm. Reykv. hér að flokksvaldinu og sagði, að það væri hvergi meira en í Framsfl. Raunverulega hefur þessu verið svarað svo rækilega, að ég get farið hér fljótt yfir sögu. En það er eftirtektarvert, og það er eins og með önnur rök þessa hv. þm., að þau snúast alveg í hans eigin hendi og eru alveg öfug við það, sem hann vill halda fram. Dæmin, sem hann nefndi, sanna einmitt ekki flokksvaldið í Framsfl., sem vitað var, heldur lýðræðið í Framsfl., og ég hygg, að betur sé ekki hægt að ganga frá því en hv. þm. S-Þ. gekk frá hér í þessari hv. d. Ég veit ekki, hvort hv. 6. þm. Reykv. hefur hlustað á það. Þar eru það flokksmennirnir heima fyrir, sem ráða framboðinu, eins og Karl Kristjánsson lýsti greinilega, alveg fullkomlega með lýðræðislegum hætti, án þess að flokksstjórnin skipti sér af því eða fái þar við ráðið, svo að dæmið snýst alveg við. Hann ætti að nefna sem flest af þessum dæmum, því að þetta eru sannanir fyrir því, hvílíkt lýðræði er í Framsfl. að því er snertir framboð, eins og þetta dæmi sannar, — enn fremur það, sem 1. þm. Eyf. minntist á um framboð í N-Þingeyjarsýslu. Ég minnist þess, að ég var á þeim fundi, þar sem var ákveðið, að allir þm. Framsfl. skyldu bjóða sig fram, og flokksstjórnin stóð að framboði allra þingmannanna. En það var óánægja meðal kjósenda, kannske réttmæt, kannske ekki réttmæt, — ég skal ekkert ræða um það. Þeir tóku fram fyrir hendurnar á samþykkt, sem var gerð samhljóða af flokksstjórninni, sem þá var þingflokkurinn, því að þá var ekki myndað það stjórnarkerfi í flokknum og flokkum yfirleitt, sem nú er, og buðu fram í sýslunni, án þess að samhljóða samþykkt flokksins fengi þar við ráðið. Þetta sannar því öfugt við allt það, sem hann vill sanna.

Síðan nefndi hann, að það hefðu verið reknir menn úr flokknum 1933, hefði verið vikið úr flokknum vegna óhlýðni. Hv. 1. þm. Eyf. svaraði þessu atriði, svo að ég þarf lítið um það að ræða. En ég held, að einnig þetta dæmi sanni ekki það, sem hv. þm. vill sanna, heldur alveg hið öfuga. Það þarf að taka dæmi úr sögu flokksins meira en aldarfjórðung aftur í tímann til þess að sýna fram á það, að flokksvaldi hafi verið beitt, meira en aldarfjórðung aftur í tímann. Og hvaða dæmi getur hann nefnt önnur? Það væri fróðlegt, ef hann gerði það, því að með þeim aga, sem er í Framsfl., get ég sem flokksformaður upplýst, að það er hægt að gera mál að flokksmáli, með því að báðir standi saman, þm., sem eru vitanlega kosnir af kjósendum flokksins, og miðstjórnin, sem í eru fulltrúar fólksins víðs vegar um landið og er æðsta ráð flokksins. Þeir verða að vera sammála, til þess að það sé hægt að gera mál að flokksmáli. En það hefur bara aldrei verið gert síðan. Þetta er flokksvaldið og flokksaginn. En flokkurinn stendur saman og þarf ekki að gera slíka samþykkt, og það er það, sem blekkir hv. þm.

Hann minntist á það, hv. þm., að landið ætti ekki að hafa réttinn til þess að kjósa, heldur fólkið, sem byggði landið, það hefði færzt til eða orðið miklir fólksflutningar og þess vegna væri eðlilegt að breyta kjördæmaskipuninni. Ég þarf ekki að eyða að þessu mörgum orðum. Við framsóknarmenn höfum viðurkennt þessa staðreynd og viðurkennt það, að taka beri tillit til hennar. Þess vegna er það ekkert annað en að stangast við staðreyndir hvað eftir annað að halda því fram, að Framsfl. hafi ekki viljað jafna þennan rétt, eftir að hann er búinn að bera fram till. hér í báðum þd. til þess að jafna réttinn á þann hátt, sem fullnægir á svipaðan hátt þessu tilliti eins og þær till., sem hér eru bornar fram, en aðeins gert án þess að ræna landsbyggðina sínum rétti. Það er munurinn. Það er þess vegna margsýnt fram á það, að Framsfl. vildi viðurkenna það að leiðrétta hlut þéttbýlisins, hafði boðið það í samningum við Alþfl. og Alþb., hefur borið fram um það till.

hér á Alþ. Samt heldur þessi þm. sig knúinn til að standa upp til að stangast við þessar staðreyndir enn einu sinni. Og hann sagði, að þetta fólk úti á landsbyggðinni væri eins og aðallinn, frekt og aðgangshart að því er snerti þann rétt, sem það hefði fengið. Ég held nú, að þetta dæmi hafi verið a. m. k. að hálfu leyti fremur illa valið. Ég get fallizt á það með honum, ef hann á við það, að að mörgu leyti ber fólkið úti á landsbyggðinni ekki síður með sér aðalseinkenni á margan hátt heldur en annars staðar í þessu landi. En að það sé frekt á forréttindi eins og aðallinn í öðrum löndum og eigi að líkja því við réttindaræningja, sem þar hefur orðið að kveða niður, það held ég að sé heldur illa valið dæmi. Og það er kannske engin tilviljun, að hann sagði jafnframt, og það sýnir m. a. hug hv. 6. þm. Reykv., að hann sagði, að þessi stefna Framsfl. væri, — og það er orð, sem lengi má lifa: stefna óbyggðanna. Það er dreifbýlið úti um landið, það eru héruðin, það eru byggðirnar, það eru í hans augum óbyggðir, stefna óbyggðanna. Þetta kemur alveg heim við þann anda, sem ég varð var við á einum framboðsfundi, og það eru orð, sem eru töluð í viðurvist nokkur hundruð manna, að fulltrúi, sem kom á landsfund Sjálfstfl., það var borið á hann á fundi í minu kjördæmi, að hann hefði haldið því fram, að það ætti raunverulega að eyða Strandasýslu norðan Hólmavíkur, og þessu hélt hann fram. Ekki veit ég, hvort þessi andi er frá landsfundinum, en hann kom af landsfundinum, þegar hann hélt þessu fram, og hann stóð upp til þess að vitna um það, að þetta væri sín skoðun. Það ætti raunverulega alls ekki að vera nein byggð norðan Hólmavíkur. Það væri, eins og það virðist vera í augum hv. þm., þar ættu raunverulega að vera óbyggðir.

Hv. þm. N-Ísf. hélt hér hugnæma ræðu, eins og oft er, þegar verið er að koma fram máli, sem er vafasamt. Það er nógu mikið til af krókódílstárum, sagði frægur maður. Réttlætið hefur sigrað, og af því að þetta átti nú að vera ávarp, skyldi maður ætla, að hann gæti nú farið rétt með. Nú hefur kjördæmaskipun, sem erlent konungsvald hefur þröngvað upp á Íslendinga, verið afnumin. — Ég er ekki fróðari í sögu en það, að ég veit ekki betur en þetta konungsvald sé Baldvin Einarsson. Baldvin Einarsson stakk fyrstur upp á þessari kjördæmaskipun, sem var lögleidd á Íslandi. Það er erlenda konungsvaldið. Það er laglega farið með sögu í þessu, sem á að vera ávarp. Og hann kom með þessa sömu tuggu, — fyrirgefið, að ég nota það orð, — að nú yrði þingið sönnust og réttust mynd af þjóðarviljanum, og gaf í skyn, að önnur leið hefði ekki verið fær til þess. Ég hef svarað því áður, hverjar till. Framsfl. voru í því máli, svo að hér er enn einu sinni farið með rangt mál.

Það er talað um, að það verði samvinna milli byggðarlaganna innbyrðis og samvinna milli byggðarlaganna við þéttbýlið. Við vitum ósköp vel, hvað þetta þýðir. Þetta eru því miður innantóm orð. Við þekkjum það, sem höfum setið í ríkisstjórnum undanfarin ár, við hvað hefur verið að stríða til þess að halda uppi rétti byggðarlaganna, — vitum það ósköp vel. Það er orrusta, sem hefur verið háð á bak við tjöldin, og við sjáum ósköp vel, hvert stefnir, þar sem ráðizt var á bændastétt landsins á síðasta þingi og réttur hennar skertur frá því, sem var, og réttur hennar skertur í hlutfalli við aðrar stéttir, sem hefur ekki áður átt sér stað. Þetta þorðu þeir þegar að gera.

1. maí, eftir að þessi kjördæmaskipun var samþykkt, var farið að halda ræður um það af einum formanni eins stéttarfélags, sem er sjálfstæðismaður, — hann segir í opið geðið á bændum og landsbyggðinni, að það þurfi að fækka bændum um helming. Þá hefur maður það. Og það mætti minnast á mörg önnur mál, eins og rafmagnsmálin, og nærtækast er það, að nú er nýbúið að samþykkja í hv. Nd., að það megi ekki trúa byggðarlögunum fyrir að kjósa yfirkjörstjórnir, Alþingi á senda þeim eins konar hirðstjóra til eftirlits.

Allt þetta bendir í þá átt, sem stefnt er og stefnt verður, og það er vitað mál, að það, sem hefur skeð, er það, að Sjálfstfl. ætlaði sér eftir kjördæmaskipuninni, eins og hún var, að fá meiri hluta í þessu landi. Hann lýsti því yfir hvað eftir annað við kosningar, að hann vantaði ekki nema 317 atkv. í vissum kjördæmum til þess að fá hreinan meiri hluta. Á meðan var reynt að gera sæmilega við landsbyggðina, þó held ég, að það sé enginn, sem heldur því fram, að lífskjör fólksins úti á landinu séu betri en þau eru í þéttbýlinu. En Sjálfstfl. bara gefst upp við þessa glímu. Hann vill ekki keppa um kjördæmin. Það er of dýrt. Og það er eins og einn sjálfstæðismaður, mikill sjómaður, sagði: Vitanlega, það er þetta, sem á að ske. Það er þéttbýlið, sem á að leggja áherzlu á, því að hver maður mun leyfa sér eftir þessa kjördæmabreyt. að eltast við gisnu torfurnar, þegar maður hefur þéttu torfurnar rétt við bátinn.

Það, sem hefur gerzt er þetta, að Sjálfstfl. vill ekki keppa um kjördæmin, og nú á að taka upp aðrar vinnuaðferðir, sem ég hef bent á, að þegar bryddir á, og mun þó meira á eftir koma. Þessi stefna, sem hér er tekin upp, byggist á vantrú þessara manna á landsbyggðinni. Hún byggist á vantrú manna á Íslandi öllu. Hún byggist á því, að þeir álíta, að það eigi ekki að byggja Ísland allt. En sannleikurinn er sá, eins og einn vitur maður sagði, að skaðlegustu mennirnir fyrir byggðarlögin úti um land, skaðlegustu mennirnir fyrir Reykjavík og þéttbýlið, skaðlegustu mennirnir fyrir þjóðina í heild eru þeir menn, sem ekki sjá út fyrir Hringbraut. Það er angi af þessu, sem kemur fram í þessu máli, eins og greinilega lýsir sér í þeim aðgerðum, sem þegar hafa átt sér stað, þó að það sé lítið hjá því, sem á eftir kemur.

En ég þykist vita, að þeir hv. þm., sem standa að þessu máli, telji sig nú hafa vissan sigur. Það er nú svo með stríð fyrir réttum málum og baráttu fyrir hverju einu, að það er ekki ein orrusta, sem ræður úrslitum, það er löng barátta, sem það gerir. Við þurfum ekki annað en að fara gegnum okkar þingsögu, og þar er miklu meira en talið verður á fingrum sér af

málum, sem hefur verið barizt fyrir langa tíð og beðinn hefur verið ósigur, en sigrað að lokum. Og eitt er alveg víst, að baráttunni um þetta mál er ekki lokið með þessari orrustu. Það skulu menn vera alveg vissir um. Baráttunni verður haldið áfram. Og þegar koma fram afleiðingar þessa máls stjórnskipulega, sem nú er að brydda á, þá mætti svo fara, að sá tími væri skemmra undan en menn halda, þó að þessi kjördæmabreyt. þurfi sjálfsagt nokkurn tíma og það eitur, sem hún er, til þess að grafa um sig og sýna afleiðingar sínar, — það mætti fara svo, að það væri skemmra en menn halda, þangað til menn, sem núna standa fyrir þessu máli og samþykkja það, eða aðrir menn úr þeirra flokkum yrðu þeirri stund fegnastir að fella þetta mál og taka upp nýja skipun. Þannig fer þetta mál að lokum, því að baráttunni fyrir því verður haldið áfram.

Frsm. meiri hl. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Hv. þm. Str. (HermJ) telur sig vera mjög spámannlega vaxinn, því að hann endar sínar ræður hér í þessum umr. jafnan á spádómum. Í gær spáði hann því, að geysileg ógæfa mundi steðja að þessu landi, ef þetta frv. yrði samþ. Nú telur hann, að það eitur, sem þetta frv. feli í sér, muni grafa svo um sig, að allir muni sjá eftir því að samþykkja það síðar meir.

Hv. þm. Str. getur átt við sjálfan sig um allar sínar hrakspár. Hann veit það með sjálfum sér, að hér er verið að gera nauðsynlega, réttláta og sanngjarna endurbót á úreltri og ranglátri kjördæmaskipun í landinu.

Þessi hv. þm. talar mjög um, að það sé verið að svipta sveitirnar og bændurna valdinu, og það fer því miður fyrir honum og öðrum leiðtogum Framsfl. svipað og sagt er um einn franska konunginn, sem sagði: Ríkið, það er ég. — Þessum leiðtogum Framsfl. finnst alltaf, að strjálbýlið og bændastéttin og fólkið úti á landinu, það sé eitt og hið sama og Framsfl.

Það, sem hér er að gerast með þessu frv., er í fyrsta lagi það, að fólkið í strjálbýlinu heldur fyllilega þeim rétti, sem það hefur, og fær aukinn rétt í mörgum tilfellum, eins og ég sýndi hér fram á áðan. En það, sem gerist um leið, er það, að Framsfl. er sviptur þeim forréttindum, sem hann í skjóli ranglátrar kjördæmaskipunar hefur notið um margra ára skeið.

Þegar Framsfl. eða hv. þm. Str. talar um sig sem sjálfkjörinn og ekki aðeins sjálfkjörinn, heldur eina fulltrúa og málsvara bændastéttarinnar í þessu landi, þá má m. a. minna á það, að í — ja, ég verð að segja eina hreina bændakjördæmi í þessu landi, sem er Rangárvallasýsla, þar hefur Sjálfstfl. um margra ára skeið haft meira fylgi en Framsfl. Hvernig leyfir Framsfl. eða formaður hans sér að koma hér fram og bera það á borð fyrir hv. þdm., að hann einn tali í nafni bændastéttarinnar og dreifbýlisins? Nei, hann ruglast svo gersamlega í ríminu, að hann áttar sig ekki á því fremur en franski kóngurinn, að það er ekki einn maður, það er ekki einn flokkur, sem er sama og þjóðin.

En hv. þm. eyddi þó einna mestum tíma sínum hér til þess að sanna þdm., hve sannur og hreinn lýðræðisflokkur Framsfl. væri. Og ég býst við, að þó að maður heyrði sjálfan Krústjef í Rússlandi eða Kadar í Ungverjalandi tala um ást sína á lýðræðinu, þá mundu þeir ekki taka hv. þm. fram um sannfæringarkraft. En ég býst við, að það yrði ósköp svipað að því leyti, að allir berja sér á brjóst og þykjast elska lýðræðið, Krústjef og Kadar og allir leiðtogar kommúnismans. Þeir eru frumkvöðlar og hetjur lýðræðisins í heiminum, og fólkið stendur á bak við þá, því að í öllum kosningum fá þeir 99.9% atkvæðanna hjá alþýðu manna.

Út af þeim dæmum, sem ég nefndi hér um flokksvaldið í Framsfl., og það var gert að gefnu tilefni vegna krókódílstára sumra þm. Framsfl. út af auknu flokksræði, — þau dæmi, sem ég nefndi, hafa komið svo við kaun framsóknarmanna, að þrír þeirra spruttu hér upp til að afneita. Fyrstur reið á vaðið sá, sem elztur er hér, reyndastur og virðulegastur, hv. 1. þm. Eyf. (BSt), og hann tók að ræða um brottrekstrana úr Framsfl., en ég hafði nefnt það, þegar Framsfl. rak tvo þm. sína úr flokknum 1933, sem dæmi um flokksvald og flokksaga í Framsfl. Hv. 1. þm. Eyf. segir: Ja, ef á annað borð á að reka menn úr flokki, þá er helzt að gera það, ef þeir neita að styðja stjórn, sem flokkurinn vill styðja. — Lengra vildi hann nú ekki fara. En málsvörnin var svo sú hjá honum, að síðar hefðu fimm af þm. Sjálfstfl. neitað að styðja stjórn, sem Sjálfstfl. myndaði, og það var ágætt, að hann nefndi þetta dæmi, því að hér eru tvö alger dæmi til samanburðar um vinnubrögðin og flokksagann. Í báðum tilfellum hefur meiri hl. flokksins ákveðið að mynda stjórn. Í báðum tilfellum eru það nokkrir þm., sem neita að styðja þá stjórn. Í Framsfl. eru þm. reknir úr flokknum. Í hinu tilfellinu, í Sjálfstfl., eru þessir fimm þm., sem neituðu að styðja stjórnina, áfram allir í kjöri og studdir af flokknum við næstu kosningar, hver og einn einasti. Hér er eitt lítið dæmi, sem hefur mjög snúizt í höndum hv. 1. þm. Eyf.

En að því er snertir annað, sem hann nefndi, sem ég ætla að skjóta hér inn í í leiðinni, þó að það snerti ekki flokksvaldið, þá hafði hann algerlega misskilið mín orð. Ég nefndi það, að 1916, í síðasta skiptið, sem óhlutbundnar kosningar voru um allt land, hafi flokkarnir, sem buðu hér fram, verið átta að tölu. Hann misskildi þetta og taldi, að þetta ætti við landskjör, og vil ég leiðrétta það hér. (Gripið fram í.) Já, það er prentað allt saman í hagskýrslum um alþingiskosningar 1916, og þar er hægt að sjá það allt saman, það er talið þar upp. Ég skal sýna hv. þm. það á eftir, en annars ætti það að vera óþarfi.

Varðandi hin tvö dæmin um það, þegar boðinn var annar maður fram á móti Benedikt Sveinssyni 1931 í Norður-Þingeyjarsýslu og annar framsóknarmaður á móti Jónasi Jónssyni í Suður-Þingeyjarsýslu, þá hafa hér verið teknar upp ýmsar varnir í því máli og ég verð að segja harla kyndugar. Út af framboði Benedikts Sveinssonar, sem þá hafði ver-

ið lengi þm. Norður-Þingeyinga, upplýsir hv. 1. þm. Eyf., og það var mjög undirstrikað af formanni flokksins hér áðan, að þingflokkurinn hefði samþykkt, að allir þingmennirnir skyldu bjóða sig fram aftur. Út af fyrir sig er þetta náttúrlega alveg dásamlegt lýðræði. Þingmennirnir ákveða, að þeir ætli allir að vera í kjöri aftur. Það er ekki verið að spyrja flokksmennina heima í héraði. Það er bara gerð samþykkt á þingflokksfundi um það: Við ætlum allir að bjóða okkur fram, hvað sem hver segir. Þetta var orðað þannig hjá þeim báðum. En það kom annað fram *mjög athyglisvert* í þessu, það er varðandi framboð Jónasar Jónssonar. Hv. þm. S-Þ. segir: Það var ágreiningur í flokknum í héraði. Meiri hluti fulltrúaráðsins, þ. e. a. s. flokksstjórnarinnar í héraðinu, skilst mér að hafi verið fylgjandi framboði Jónasar Jónssonar, en minni hlutinn framboði mótframbjóðandans. Nú, gott og vel, eftir lýðræðisreglum skilst mér þá, að meiri hlutinn ætti að ráða og flokkurinn ætti þá að styðja það. Nei, þannig er það ekki í Framsfl. Vegna þess að miðstjórnin hafði verið með þeim manni, sem var í minni hluta í fulltrúaráðinu, þá ákveður miðstjórnin að styðja hann. Þess *vegna er í báðum tilfellum ástæðan ein og* aðeins ein, að þessir þm. báðir tveir, Benedikt Sveinsson í fyrra tilfellinu, Jónas Jónsson í síðara tilfellinu, eru fallnir í ónáð hjá flokksstjórn Framsfl. Þess vegna er unnið á móti því með öllum ráðum, að þeir nái endurkosningu. Þess vegna er allur þessi leikur settur á sjónarsviðið.

Hv. 1. þm. Eyf. segir: Ja, þingmennirnir allir samþykktu það, að þeir skyldu bjóða sig fram, og m. a. Benedikt Sveinsson. Það kann að hafa verið einn maður í flokknum, segir hann, sem vann á móti þessu. Hver var sá maður? Það var sá maður, sem þá var í rauninni einræðisherra í flokknum, Jónas Jónsson frá Hriflu. Það var hann, sem í rauninni fór með flokksvaldið. Hann var á móti Benedikt Sveinssyni, og þess vegna var flokksmaskína Framsfl. sett í gang, annar maður boðinn fram, og Benedikt Sveinsson, hin virðulega og reynda sjálfstæðishetja, verandi þm. í langan tíma fyrir þetta kjördæmi, var felldur frá kosningu.

Nei, góðir framsóknarmenn, það þýðir ekkert að reyna að telja okkur eða öðrum, sem eitthvað þekkja til ferils Framsfl. undanfarna áratugi, trú um, að Framsfl. sé fyrst og fremst lýðræðisflokkur, þar sem fólkið ræður. Nei, þar er flokksveldi og flokksagi í ríkara mæli en *þekkist og þekkzt hefur á Íslandi, eins og ég* gat um í minni fyrri ræðu, nema e. t. v. í kommúnistaflokknum.

Ég skal svo aðeins að lokum — án þess að lengja þessar umr. mikið — minnast á hlutfallskosningarnar, því að eitt aðalverkefni hv. þm. Str. nú síðast var að rökstyðja enn, hvílíkt eitur og hvílík ógæfa hlutfallskosningar væru. Það, sem hann sagði hér um þetta mál, voru að mestu endurtekningar á fyrri fullyrðingum hans frá í vor og nú, sem ekki fá staðizt. Ég skal ekki rekja það hér ýtarlega, en ég vil þó aðeins benda á aðalniðurstöðurnar.

Í fyrsta lagi: Það er ósatt, sem framsóknarmenn halda fram, að vandræðin og stjórnarkreppurnar í Finnlandi stafi af hlutfallskosningum, og þetta vita allir, það stafar ekki af kosningafyrirkomulaginu, heldur af ógnunum nágrannans í austri.

Varðandi Þýzkaland, þá er það líka ósatt, að flokkum hafi fjölgað, þegar hlutfallskosningar voru teknar upp. Það er sannað, að áður en hlutfallskosningar voru lögleiddar 1918 í Þýzkalandi, voru flokkar fleiri þar en þeir urðu eftir þær. Með þessu er það ekki sagt, að fjöldi flokk*anna hafi ekki getað átt sinn þátt í því að koma* nazistum og Hitler til valda. Um það hef ég ekkert sagt. Ég hef bara sagt, að það er upplýst og sannað og óhrekjanleg staðreynd, að hlutfallskosningar urðu ekki í Þýzkalandi til að fjölga flokkum.

Hv. þm. Str. spyr svo: Hvers vegna tóku þá Þjóðverjar ekki upp hlutfallskosningar, ef þær höfðu reynzt svo vel? Hann segir: Vestur-Þjóðverjar tóku einmitt upp einmenningsfyrirkomulag. Þarna fer hann líka með rangt mál. Í Þýzkalandi er fyrirkomulagið þannig, að nærri helmingur allra þm. er kosinn hlutfallskosningu. Þetta er með þeim hætti, að það eru að *vísu einmenningskjördæmi, en a. m. k. 40%* allra þm. skulu vera uppbótarþingmenn, sem eru kosnir hlutfallskosningu. Og ekki aðeins það, heldur leggja Vestur-Þjóðverjar svo mikla áherzlu á það, að flokkarnir fái þm. í réttu hlutfalli við atkvæðamagn sitt, að það er skylt skv. stjórnarskránni að úthluta fleiri uppbótarsætum en almennt er gert ráð fyrir, ef það er nauðsynlegt til að jafna milli flokkanna. M. ö. o.: þó að einmenningskjördæmi séu að þessu leyti í Þýzkalandi, þá hefur hlutfallssjónarmiðið ráðið svo miklu, að það er í rauninni meginatriði kosningafyrirkomulagsins.

Hv. þm. Str. telur, að hlutfallskosningar séu *eitur og ógæfa. Hann telur, að einmenningskjördæmin séu hið bezta fyrirkomulag.* Við skulum segja, að einmenningskjördæmi væru hér lögleidd, — við skulum byggja á því, sem flokksþing Framsfl. sagði að væri sín meginstefna, hvaða málamiðlunarboð sem þm. hafa verið að bjóða hér nú, — einmenningskjördæmi án uppbótarsæta er meginstefna Framsfl., segir síðasta flokksþingið. Hv. þm. V-Húnv. (SkG) mun hafa haldið því sama fram í umr. í Nd.

Ef einmenningskjördæmi eru sú eina rétta lausn við kosningar til þings, þá gildir vitanlega sama um bæjar- og sveitarstjórnarkosningar. M. ö. o.: eftir kenningum Framsfl. ætti að *skipta t. d. Reykjavík* nú til bæjarstjórnarkosninga í einmenningskjördæmi 15 að tölu. Það þýddi, miðað við síðustu kosningar, skulum við segja, að það eru allar líkur til þess, að allir 15 bæjarfulltrúarnir yrðu þá sjálfstæðismenn. Það eru líkur til þess. Ég vil spyrja hv. þm. Str.: Meinar hann þetta? Á hann við það, að það sé hans stefna og Framsfl., að t. d. í bæjarstjórn Reykjavíkur væru 15 einmenningskjördæmi, sem þýddi það að öllu líklegu, að einn flokkur hefði alla bæjarfulltrúana og enginn annar flokkur væri þar til? Er þetta skoðun hans, eða er þetta bara sett fram með þessi

einmenningskjördæmi nú til þess að villa um fyrir mönnum?

Ef einmenningskjördæmi án uppbótarsæta hefðu verið fyrirkomulagið hér við kosningar til Alþingis 1953, þá hefði útkoman orðið sú, að Sjálfstfl. og Framsfl. hefðu fengið alla þingmennina kosna með tölu. Þeir höfðu samtals um 60% atkvæða í landinu. Aðrir flokkar, þrír eða fjórir líklega að tölu, sem höfðu samtals 40% allra landsmanna að baki sér, áttu engan þm. að fá. Er þetta réttlæti, og vill hv. þm. Str. standa við það, að þetta fyrirkomulag með þessum afleiðingum, sem ég hef bent m. a. á tvö dæmi um, sé stefna Framsfl.? Ef það er, þá eru rangindin í Framsfl. og hugsunarhætti hans margfalt meiri en ég hef nokkru sinni trúað, því að ef nokkur maður lætur sér detta í hug, að það fyrirkomulag geti staðizt, að 50—60% af þjóðinni fái hvern einasta þingmann kosinn meðan tæpur helmingur þjóðarinnar fær engan þm. kosinn, að slíkt geti staðizt í lýðræðislandi, þá brestur þessa menn algerlega allt skyn á, hvað er lýðræði og hvað þarf til að stjórna einu þjóðfélagi.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en aðeins bæta því við, að þegar hv. þm. Str. endurtekur þær rakalausu fullyrðingar framsóknarmanna hér áður og málgagna hans, að það sé verið að svipta sveitirnar einhverjum rétti og taka einhvern rétt af þeim, þá eru þetta gersamlega staðlausir stafir. Ég benti hv. þm. S-Þ. á það hér áðan, að hann skyldi tala varlega um þetta, þegar það er sannanlegt, að einmitt sá landshluti, sem hann er þm. í, fær einum þm. fleira með þessu frv. en nú er, að telja það réttindasviptingu fyrir bændur eða fyrir dreifbýlið t. d., þó að Vestfirðingar eigi nú að kjósa í einu lagi þessa fimm þm., en áður hver sýsla fyrir sig. Þetta er ekki berandi á borð fyrir viti borna menn, að halda slíku fram. Á það að vera einhver árás á bændur eða búalið í Vestfirðingafjórðungi t. d., þó að eftir þessu frv. sé búið svo um hnútana, að nú fái allir Vestfirðingar að njóta starfskrafta hv. þm. Str., í stað þess að það eru Strandamenn einir, sem hafa notið þeirra hingað til? Ég fæ ekki séð, að það sé nein árás á bændastéttina, þó að svona sé um hnútana búið, að fleiri fái að njóta slíks manns.

Ég þarf ekki að bæta hér fleiri orðum við, en vil aðeins endurtaka, að það er sannfæring mín alger, að þetta frv. er nauðsynleg réttarbót til þess að tryggja betur lýðræðið og gera Alþingi réttari mynd af þjóðarviljanum en nú hefur verið um hríð.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég hef ekki rétt nema til að gera stutta aths. og skal ekki heldur gera það.

Hv. 6. þm. Reykv. minntist á það, að þegar þm. Framsfl. 1931 ákváðu að vera allir í kjöri í kosningunum, þá hefði það ekki verið lýðræði. Það hefðu svo sem ekki verið kjósendurnir, sem hefðu ákveðið það, heldur þm. sjálfir. Það var nú þannig fyrirkomulag í landinu þá, að framboð var ákveðið af manninum sjálfum. Menn voru ekki boðnir fram í þá daga, heldur buðu þeir sig sjálfir fram. Og það, sem þurfti til þess, var að fá ákveðna tölu meðmælenda. Þetta hafði verið svo frá upphafi, að Alþ. var endurreist, og var svo enn og reyndar utan Reykjavíkur allar götur til 1942 og í mörgum kjördæmum enn, svo að þetta er ekkert athugavert. Lýðræðið kom fram í því, að kjósendur voru vitanlega alveg sjálfráðir að því, hvort þeir kysu þessa þm. eða ekki. En það fór nú bara svo, að allir þm. Framsfl. voru kosnir í kosningunum á eftir og fleiri til, nema þessi eini maður, sem minnzt hefur verið á, Benedikt Sveinsson. En það er hreinn misskilningur, að það hafi verið stjórn flokksins, sem ákvað framboðið á móti honum. Það er alls ekki rétt. Ég get gjarnan sagt hv. þm., hver var þá form. Framsfl. Það var Tryggvi Þórhallsson, og ég fullyrði, að Tryggvi Þórhallsson átti ekki nokkurn minnsta þátt í því, að boðið var fram á móti Benedikt Sveinssyni, — fullyrði það alveg. Og ég ráðlegg hv. þm. að spyrja t. d. tengdaföður sinn um þetta atriði, því að hann var á þingi þá eins og ég og í sama flokki og ég.

Þá minntist hann á það, að þegar tveir þm. Framsfl. neituðu að styðja þá stjórn, sem flokkurinn ætlaði að standa að, þá voru þeir reknir úr flokknum. En þegar það sama skeði í Sjálfstfl., þá segir hann: þeir voru ekki reknir. En það stóð nú ofur lítið öðruvísi á. Þessir 2 þm. Framsfl. 1933 gátu með sinni andstöðu komið í veg fyrir, að þessi stjórn væri mynduð. Það mátti ekki missa þá, til þess að það væri hægt á þingræðislegan hátt. En þegar nýsköpunarstjórnin var stofnuð, þá máttu þessir fimm eða sex þm. vel missa sig, enda láku þeir niður, þessir þm., allir nema einn, Gísli Sveinsson var sá eini, sem í raun og veru stóð við það, sem hann hafði sagt. Og ég vissi ekki betur en hann fengi sína refsingu á næsta þingi á eftir. Honum var sparkað sem forseta sameinaðs þings á næsta þingi, svo að ég held, að það sé ekkert meira lýðræði í því, sem hv. þm. nefndi úr sínum flokki, heldur en kom fram hjá Framsfl. í þessu tilfelli.

Ég lýt þingsköpum og lengi ekki þetta mál, þar sem ég hafði ekki rétt til að flytja hér ræðu.

Hermann Jónasson: Herra forseti. Þetta eru aðeins fáein orð. Ég hefði ekki tekið til máls, ef hv. 6. þm. Reykv. hefði ekki beinlínis skorað á mig að svara hér því, sem hann beindi til mín.

Ég vek athygli á því, að þegar hv. 6. þm. Reykv. nefnir dæmi úr sögu Framsfl., — ég vakti athygli á því áðan og vek athygli á því enn, — þá þarf hann að fara meira en aldarfjórðung aftur í tímann til þess að geta fundið dæmi. Ég skoraði á hann áðan að nefna einhver dæmi síðan, og hann nefndi ekki neitt. — Ég ætla ekki að fara, þó að það væri ástæða til, að svara þessu með langri ádeilu á Sjálfstfl., en hann hefur þetta bara öðruvísi en við höfum það a. m. k. í Framsfl. Þar, ef ágreiningur er um framboð á röðuðum lista, tekur flokksstjórnin að sér að láta strika þá út, sem hún er óánægð með, og breyta röðinni á listanum, eins og saga er um, og veit hv. 6. þm. Reykv.

áreiðanlega, við hvað ég á. En ef á að tala um lýðræði í Sjálfstfl., þá er sannleikurinn sá, að það er ekkert til. Það er ekki talað um, hvort það sé mikið eða lítið úti um landið. Nærtækasta dæmið er það, að það er svo laust við það víða, að það séu til flokksfélög, sem t. d. ákveða fulltrúa á landsfund, að þau eru ekki til í mörgum kjördæmum. Ég skal nefna dæmi. Ég sé, að hv. þm. N-Ísf. er að skrifa hjá sér, en ég skal þá benda honum á það, að það var verið að stofna flokksfélögin núna í kjördæmi formannsins í vetur, og veit hann sennilega um það. Hverjir útnefndu fulltrúana þá? Það er ekkert launungarmál, að fulltrúar, sem mæta hér á landsfundi og ákveða stefnu flokksins, eru tilnefndir af flokksstjórninni, valdir af flokksstjórninni, og borgaður ferðakostnaður fyrir þá til þess að fá þá til þess að koma hingað. (Gripið fram í.) Það er ekkert sussum, sussum, því að ég hef talað við fulltrúa, sem hafa viðurkennt það fyrir mér, sem ég þekki mjög vel.

Hv. þm. er að tala um mikið eða lítið lýðræði í Framsfl. Það hefur allt verið hrakið fyrir honum, og dæmi, sem hann nefnir, eru aldarfjórðung aftur í tímann. Þá ætti hann að minnast lýðræðisins *í sínum eigin flokki, sem væri* ástæða til að gera hér að umtalsefni, en ég skal láta undir höfuð leggjast í þetta sinn.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði um, að stjórnarkreppan í Finnlandi stafaði ekki af því, að þar *væru margir flokkar og hlutfallskosningar.* Hvernig færi hann að koma á stjórnarkreppu, ef það væru meirihlutakosningar í einu landi? Hvar eru stjórnarkreppurnar, þar sem eru meirihlutakosningar í löndunum? Hvar er það? Þess *vegna leiðir* það af hlutarins eðli, að það stafar af hlutfallskosningum, vegna þess að stjórnarkreppur yfirleitt tíðkast ekki, þar sem meirihlutakosningar eru. Í meginatriðum skiptast kjósendurnir í tvo flokka venjulega, þó að til *séu fámennir flokkar,* sem liggja þar utan við stundum, og það liggur í hlutarins eðli, að stjórnarkreppa verður ekki í þessum löndum, eins og ég benti á í seinustu ræðu. Þess vegna stafar vitanlega stjórnarkreppan í Finnlandi og Hollandi af hlutfallskosningunum, vegna þess að þær skapa marga flokka.

En það, sem hann breiddi sig út yfir, var réttlætið í þessu máli, og hann spurði mig að því, hvort ég vildi í raun og veru fallast á það að hafa einmenningskjördæmi um allt landið og þá í Reykjavík. Það er alveg rétt hjá honum, að það hefur ekki verið tekin afstaða til þess, hvort það ætti að breyta því fyrirkomulagi, sem gildir í Reykjavík frá 1916, enda hefur það sýnt sig og sýndi sig, meðan einmenningskjördæmin voru alls staðar, að einmenningskjördæmin réðu alveg ferðinni um þróunina og komu í veg fyrir, eins og ég minntist á áðan, fjölgun flokka. En hann sagði, að það væri þokkalegt lýðræði, ef það yrðu einmenningskjördæmi í Reykjavík t. d. við bæjarstjórnarkosningar. Þá mundu þeir fá alla þm. Það er fjarri því, að þetta sé rétt. Það er nú m. a. þannig, að Sjálfstfl. í Reykjavík hefur haft meiri hluta fulltrúanna í Reykjavík, og sýnir það hve þetta er fullkomið kerfi eða hitt þó heldur, án þess að hafa meiri hluta kjósendanna fyrr en við seinustu kosningar. Er það ekki rétt? **(Gripið fram í:** Nei, það er ekki rétt.) Ja, hvenær var það þá? **(Gripið fram í:** Það hefur oftast verið.) Það hefur ekki oftast verið. Nei, það hefur ekki oftast verið. Og dæmin eru nærtæk líka frá Keflavík og Sauðárkróki og fleiri stöðum, þar sem hlutfallskosningar voru við seinustu bæjarstjórnarkosningar. Þar eru þeir, sem ráða, í minni hluta, bæði í Keflavík og á Sauðárkróki.

Svo er annað náttúrlega, sem þessi rök hans, ef rök skyldi kalla, stranda algerlega á. Hann slær því föstu, að ef einmenningskjördæmi væru í Reykjavík eða annars staðar, þá fengi meiri hlutinn, t. d. í Reykjavík, alla fulltrúana. Þetta er þvert ofan í reynsluna alls staðar annars staðar, því að þar sem stað eins og Reykjavík væri skipt í einmenningskjördæmi, án þess að ég taki á þessu stigi nokkra afstöðu til þess, þar sýnir það sig, að fulltrúarnir skiptast milli flokkanna *í hinum mismunandi kjördæmum,* og þessir flokkar eru í meiri hluta í einu kjördæmi, aðrir í meiri hluta í hinu kjördæminu. Ef Reykjavík væri skipt í 15 kjördæmi við bæjarstjórnarkosningar, þá er alveg víst, að andstæðingar Sjálfstfl. *mundu vera í meiri hluta í* mörgum bæjarhlutum. Þetta er ekkert annað en blekking. Það hefur hvergi skeð, svo að ég viti, þar sem bæjum hefur verið skipt. Og það sýnir bezt, að það er ekki til neins að slá þessu föstu. *Hvernig er það í Englandi og Bandaríkjunum?* Fær meiri hlutinn alla fulltrúana alls staðar? Nei, síður en svo. Vitanlega skiptist það þannig, að minni hlutinn hefur að lokum fulltrúa í mörgum kjördæmum, alveg eins og þegar bæ er skipt. Þess vegna er það ekkert annað en fullkomin blekking að halda því fram, að skipting Reykjavíkur eða einmenningskjördæmi yfirleitt þýði það, að meiri hlutinn í landinu fái fulltrúana í öllum kjördæmum.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að lengja þetta mál og endurtek það að lokum, að ég vildi óska þess, að samþykkt þessa máls yrði ekki til þess tjóns fyrir okkar þjóðfélag, sem allar líkur benda til að það verði. Og ég vil jafnframt vona, að sá tími sé skammt undan, að breyting verði á þessu hér og fullkomnara stjórnskipulag tekið upp í þessu landi en þessi ómynd, sem nú er verið að samþykkja.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til svara nokkrum atriðum í ræðu hv. þm. Str. (HermJ).

Hv. þm. sagði hér í síðustu ræðu sinni, að ekkert lýðræði væri til í Sjálfstfl. Minna mátti nú ekki gagn gera. Ég vil upplýsa hv. þm. og aðra um það, að í öllum kjördæmum landsins eru starfandi og hafa verið starfandi um áratuga skeið annaðhvort héraðsnefndir eða fulltrúaráð sjálfstæðismanna. Þessar stofnanir flokksins velja landsfundarfulltrúa og taka ákvarðanir um framboð í viðkomandi kjördæmum. **(Gripið fram í:** Hver skipar héraðsnefndirnar, má ég spyrja?) Héraðsnefndirnar eru valdar af flokksmönnum í hverjum einstökum hreppi, og yfirleitt eru einn eða tveir menn í

hverjum hreppi í héraðsnefndunum. Í fulltrúaráðunum eru nokkru fleiri menn.

Varðandi stofnun flokksfélaga á s. l. vetri í Gullbringu- og Kjósarsýslu er það að segja, að áður voru starfandi í þessu stærsta kjördæmi landsins utan Reykjavíkur mörg flokksfélög. Það voru fyrst og fremst flokksmenn í nokkrum byggðarlögum, sem til þessa höfðu ekki myndað með sér samtök, sem á s. l. ári og s. l. vetri gengu til myndunar flokksfélaga.

Ég vænti, að af þessu sjáist, hversu rakalausar fullyrðingar hv. þm. Str. eru um það, að innan stærsta flokks þjóðarinnar ríki ekkert lýðræði. En einmitt slíkar fullyrðingar sýna greinilega, hversu fátt er orðið um fína drætti í röksemdafærslu hv. framsóknarmanna gegn því máli, sem hér liggur fyrir til umr.

Aðeins örfá orð að lokum um nokkur önnur atriði úr ræðu hv. þm. Str. Hann sagði, að ekki hefði verið hægt að mynda stjórn í Hollandi í marga mánuði vegna þess, að þar hefði verið hlutfallskosningaskipulag. En mætti ekki varpa þeirri spurningu fram, hvort það hefði verið hlutfallskosningakerfinu að kenna, að á Íslandi var ekki hægt að mynda þingræðisstjórn, stjórn, sem studdist við þingmeirihluta, í tvö ár á árunum 1942—1944? Allir hv. þm. vita, að það hefur oft tekið marga mánuði á undanförnum árum að mynda ríkisstj., þrátt fyrir það að sú kjördæmaskipun hafi gilt, sem hv. framsóknarmenn halda nú dauðahaldi í.

Hv. þm. S-Þ. (KK) hygg ég það hafi verið, sem hélt því fram áðan, að byggð muni eyðast í heilum landshlutum, ef hlutfallskosningar verða teknar upp, eins og ákveðið er með því frv., sem hér liggur fyrir. Í þessu sambandi má á það benda, að á árunum frá 1930 til þessa dags hefur fólki, sem vinnur að landbúnaðarstörfum í sveitum Íslands, fækkað úr u. þ. b. 40 þús. niður í rúmlega 20 þús. manns. Ekki er það hlutfallskosningakerfinu að kenna.

Og hv. 1. þm. N-M. (PZ) dró upp mjög sterkar myndir af því hér áðan, hvernig fólkinu hefði einmitt fækkað í einstökum sýslum. Hann vildi að vísu telja, að það væri fyrst og fremst í kjördæmum sjálfstæðismanna. Allir hv. þm. vita hins vegar, að þrátt fyrir þá ríkjandi kjördæmaskipun, sem nú er verið að breyta, hefur fólki fækkað stórkostlega í fjölmörgum héruðum landsins. Og ég man ekki betur en einmitt hv. þm. S-Þ. hafi í mjög fallegri ópólitiskri útvarpsræðu, sem hann flutti á s. l. vetri, skýrt frá því, hvernig byggð hefði verið að eyðast í einni fjarðarbyggðinni í Suður-Þingeyjarsýslu. Þessi saga hefur því miður endurtekið sig í fleiri héruðum. Hún hefur gerzt í Norður-Þingeyjarsýslu, hún hefur gerzt í Suður-Múlasýslu, hún hefur gerzt í útsveitum Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu, og hún hefur gerzt því miður allt of víða á landinu. Og auðvitað fer því víðs fjarri, að fólkinu hafi fyrst og fremst fækkað í þeim kjördæmum, þar sem sjálfstæðismenn hafa verið kjörnir til trúnaðar og forsvars fyrir héruðin á Alþingi.

Ég vil í sambandi við það, að hv. þm. Framsfl. hafa haldið því fram, að þessi kjördæmabreyting komi fyrst og fremst með valdboði frá þéttbýlinu og þá fyrst og fremst frá Reykjavík, minna á það, að fyrir að ég hygg 6 eða 7 árum var gerð samþykkt á fjórðungsþingi Vestfjarða, sem haldið var á Hólmavík, þar sem lagt var til með miklum meiri hluta atkvæða, og voru sjálfstæðismenn þó í minni hluta á því þingi, að landinu yrði einmitt skipt í nokkur fá og stór kjördæmi með hlutfallskosningu. Á þessu þingi áttu sæti margir framsóknarmenn. Þá voru málin rædd af yfirvegun og skynsemi, og pólitískur æsingur komst þar hvergi að. Þá varð niðurstaðan þessi, að einmitt fulltrúar á fjórðungsþingi þessa strjálbýlasta hluta landsins eygðu þá leið skynsamlegasta til réttlátrar kjördæmaskipunar, að landinu yrði skipt í nokkur fá og stór kjördæmi með hlutfallskosningu.

Hv. þm. Str. minntist á það hér áðan, að varaformaður Sjálfstfl. hefði gert Framsfl. og öðrum flokkum tilboð um það fyrir nokkrum árum í stjórnarskrárnefnd, að landinu skyldi öllu skipt í einmenningskjördæmi og þá einnig Reykjavík. En má ég þá spyrja: Ef framsóknarþingið í vetur hefur meint eitthvað með sinni till. um, að það teldi einmenningskjördæmi skynsamlegustu leiðina í þessum málum, hvers vegna tók þá ekki Framsfl. þessu tilboði Sjálfstfl.? Var þá trúnaðurinn við einmenningskjördæmin eftir allt saman ekki meiri en þetta? Þeir tóku engan veginn í þetta tilboð, sem hv. þm. Str. segir að varaform. Sjálfstfl. hafi gert Framsfl.

Sannleikurinn er auðvitað sá, að síðan hafa framsóknarmenn flutt till. um það, að hlutfallskosning yrði tekin upp á Akureyri og hlutfallskosning héldist í Reykjavík og í tvímenningskjördæmunum. Hræðilegri en þetta eru þá hlutfallskosningarnar eftir allt saman ekki.

Að lokum sagði hv. þm. Str., að kjördæmaskipunin frá 1845 væri ekki runnin undan rifjum konungsvaldsins, heldur Baldvins Einarssonar, hinnar ágætu og elskuðu frelsishetju íslenzku þjóðarinnar. Ég hygg nú, að hv. þm. Str. ætlist til of mikillar vanþekkingar á íslenzkri sögu af hálfu hv. þm. í þessari þingdeild, ef hann heldur, að þm. verði sagt það og að þeir trúi því, að Baldvin Einarsson hafi krafizt þess, að af 26 þm., sem sæti áttu á hinu endurreista Alþingi, væru 6 konungkjörnir. Ég hygg, að það sé vandleitað að þeirri kröfu Baldvins Einarssonar, að konungsvaldið ætti svo ríflegan hluta af hinu endurreista Alþingi.

Á hitt má benda, að þegar á hinu endurreista Alþingi 1845 komu fram hvorki meira né minna en 17 bænarskrár úr öllum landshlutum og flestum héruðum landsins, þar sem óskað var breytinga á kjördæmaskipuninni. Úr Strandasýslu barst meira að segja bænarskrá um það, að þjóðkjörnum þm. yrði fjölgað úr 20 upp í 40 og þm. Reykjavíkur yrði fjölgað um helming. Reykjavík átti einn þm. á hinu endurreista Alþingi, og í bænarskrá sinni lögðu Strandamenn til, að Reykvíkingar fengju tvo þm. Af því má bezt marka, þessum fjölmörgu bænarskrám úr öllum landshlutum, hversu andstæð þjóðinni þessi kjördæmaskipun var, sem konungsvaldið hafði sannanlega sett landsmönnum.

Ég vil svo ljúka máli mínu með því að endurtaka þá ósk, sem ég setti fram hér í minni stuttu ræðu í dag, að þessi nýja kjördæmaskipun megi verða þjóðinni til góðs, í senn fólkinu í sveitum og sjávarþorpum landsins og fólkinu í þéttbýlinu. Allt bendir einnig til þess, að svo muni verða.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 10:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BjörnJ, EI, FRV, GíslJ, GuðlG, GunnG, GTh, SB, SÓÓ, EggÞ.

nei: BSt, BjörgJ, HermJ, KK, PZ.

2 þm. (VH, FS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (A. 35).

Forseti (EggÞ): *Ég vil leyfa mér héðan úr* forsetastól að vænta þess þrátt fyrir þær deilur, sem um mál þetta hafa verið á tveim þingum og í lýðræðislandi verður að telja eðlilegar, að þá getum við nú sameinazt um þá ósk, sem reyndar hefur komið fram hjá fjölmörgum ræðumönnum úr báðum skoðanahópum, að stjórnarskrárbreyting þessi megi verða landi og lýð til blessunar um ókomin ár.

2. Kosningar til Alþingis.

Á 3. fundi í Nd., 23. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um kosningar til Alþingis [3. mál] (stjfrv., A. 3).

Á 4. fundi í Nd., 24. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Lagt hefur verið fyrir þessa hv. d. frv. til stjórnskipunarlaga um breytingu á stjórnarskránni, hið sama og samþ. var á Alþ. í maímánuði s. l. Í frv. þessu eru veigamiklar breytingar á kjördæmaskipun landsins. Verði frv. samþ., sem allar líkur benda til, svo að ekki sé fastara að orði kveðið, verður óhjákvæmilegt að breyta gildandi kosningalögum til Alþingis í samræmi við þær breyt., sem stjórnarskrárbreytingin hefur í för með sér.

Frv. það, sem hér er á dagskrá, um kosningar til Alþ. hefur verið samið og lagt fyrir hv. d. með það fyrir augum, að kosningalögin verði samræmd væntanlegri stjskrbreyt. Eðlilegt þykir, að frv. þetta fylgi í kjölfar stjskrbreyt., þar sem forsenda fyrir samþykkt þessa frv. er sú, að stjskrbreyt. verði samþykkt, og gert er ráð fyrir, að bæði þessi frv., stjórnskipunarlagafrv. og kosningalagafrv., öðlist gildi samtímis.

Kosningalagafrv. þetta er samið af þrem snjöllum lögfræðingum, þeim Þórði Eyjólfssyni, Jónatan Hallvarðssyni og Árna Tryggvasyni hæstaréttardómurum. Í frv. er gert ráð fyrir því, að ákvæði núgildandi kosningalaga verði látin haldast því nær óbreytt, önnur en þau ákvæði, sem stjskrbreyt. tekur til.

Helztu breytingarnar og veigamestu breyt., sem hér er um að ræða á kosningal., eru í fyrsta lagi ákvæðin um kjördæmin og tölu kjördæmakosinna þingmanna, sem breytt er til samræmis við stjórnskipunarlagafrv.

Í öðru lagi er ákvæðum um yfirkjörstjórnir breytt. Skipun þeirra nú er þannig, að sýslumenn og bæjarfógetar — í Reykjavík borgarfógeti — eru formenn yfirkjörstjórna, en aðra yfirkjörstjórnarmenn, 2 í hverju kjördæmi, kjósa hlutaðeigandi sýslunefndir eða bæjarstjórnir, þar sem kaupstaður er sérstakt kjördæmi.

Þessu verður að sjálfsögðu að breyta, þar sem nú verða væntanlega margar sýslur og kaupstaðir í hverju kjördæmi. Um ýmsar leiðir gat verið að velja í þessu efni, en í frv. er gert ráð fyrir því, að sú leið verði farin, að sýslumenn og bæjarfógetar í kjördæminu, þrír hinir elztu að embættisaldri, séu sjálfkjörnir yfirkjörstjórnarmenn, en varamenn þeirra séu skipaðir af ráðh., eins og hann skipar nú varamenn oddvita yfirkjörstjórna. Í Reykjavík er gert ráð fyrir, að hliðstætt fyrirkomulag gildi, þ. e. að borgarfógeti verði formaður yfirkjörstjórnar, svo sem hann hefur verið, en borgardómari og sakadómari eigi samkv. stöðu sinni sæti í yfirkjörstjórn.

Þá er í þriðja lagi breytt nokkuð kaflanum um kjörskrár frá því, sem nú gildir, og í það horf, að kjörskrár til alþingiskosninga verði einungis samdar, þegar slíkar kosningar eiga að fara fram, og gildi um þær kosningar einar. Ákvæði þetta er sett eftir ítrekuðum tilmælum hagstofustjóra, sem hefur mikinn áhuga á þessu máli, enda hvílir vegur og vandi af kjörskrárgerð að mestu á herðum hans eða þeirrar stofnunar, sem hann veitir forstöðu. Rökin fyrir þessu eru einfaldlega þau, að ekki sé ástæða til að sóa fé og starfskröftum til að gera kjörskrár, sem aldrei verða notaðar. Hins vegar getur það að sjálfsögðu átt sér stað og mundi vafalaust eiga sér stað, að gera þurfi kjörskrár, þótt þær verði ekki notaðar við alþingiskosningar eða sveitarstjórnarkosningar. Þetta mundi eiga sér stað t. d., þegar forsetakosningar fara fram og þær falla ekki á sama tíma og alþingiskosningar. Sama getur átt sér stað um einstaka kaupstaði, þegar atkvæðagreiðsla á að fara fram um opnun eða lokun áfengisútsölu, eins og fyrir er mælt í áfengislögum. Það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli, að þegar þannig stendur á, verður að semja sérstakar kjörskrár í því skyni, en slíkt er að sjálfsögðu óviðkomandi lögum um kosningar til Alþingis.

Þá er í þessu frv. í fjórða lagi gert ráð fyrir því, að felld séu niður ákvæðin um röðun á landslista samkv. ákvörðun stjórnmálaflokks. Til álita getur komið hjá n. þeirri, sem væntanlega kemur til með að fjalla um frv., hvort fella eigi niður ákvæðin um landslista með öllu. Ákvæðin um landslista, sem eru í núgildandi stjórnarskrá, eru felld niður í hinu nýja stjórnarskrárfrv., og verða slík ákvæði því ekki bundin af stjórnarskrárákvæðum og því opin leið að fella þau úr kosningalögum, ef hv. Alþ. sýnist svo.

Í fimmta lagi má geta þess, að í frv. er lögð til grundvallar sú aðalregla, að enginn flokkur *skuli fá nema eitt uppbótarþingsæti í hverju* kjördæmi, en regla þessi var á sínum tíma sett

til þess að dreifa uppbótarþingsætunum. Hugsanlegt er þó, að stjórnmálaflokkur hafi ekki haft menn í kjöri í eins mörgum kjördæmum og nemur tölu þeirra uppbótarþingsæta, sem hann á rétt til. Er þess vegna í frv. ráðgert, að víkja megi frá aðalreglunni, þegar þannig stendur á.

Um önnur atriði í frv. sýnist mér ekki að svo komnu ástæða til að ræða sérstaklega. Langflestar breytingarnar, sem eru æði margar að vísu, eru bein afleiðing af hinni fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingu og skýra sig sjálfar. Hins vegar getur að sjálfsögðu komið til álita að breyta ýmsum ákvæðum kosningalaganna, sem snerta önnur efni. Mun nefnd sú, sem málið fær til meðferðar, vafalaust taka afstöðu til þess eða einstakir þm., sem áhuga hafa á breytingum á einhverjum atriðum í gildandi kosningalögum.

Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og stjskrn., sem væntanlega verður kosin, enda hefur sú málsmeðferð á kosningalagafrv. tíðkazt, þegar eins hefur staðið á.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til stjskrn. með 23 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Nd., 5. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Nd., 6. ágúst, var frv. aftur tekið til 2. umr. (A. 3, n. 15 og 17, 14).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Stjskrn. hefur athugað þetta mál allgaumgæfilega og eins og fram kemur í nál. einnig haft nána samvinnu við stjskrn. Ed. Nefndin hefur flutt sameiginlega allmargar brtt. á þskj. 14, og stendur hún öll sameiginlega, eins og ég sagði, að þeim, en hins vegar er það svo, eins og fram kemur í nál. bæði meiri hl. og minni hl. á þskj. 15 og 17, að minni hl. n., þeir þm. Gísli Guðmundsson og Páll Þorsteinsson, skilar séráliti og er í heild á móti löggjöfinni, og það er vegna þess ágreinings, sem verið hefur á milli flokkanna hér á þingi um kjördæmabreytinguna, sem hins vegar nú eins og áður er tekin upp í kosningalögin í 5. gr. Þessir tveir hv. þm. standa hins vegar að því, ef frv. verður samþ., að flytja við það þær brtt., sem þeir telja vera til bóta og samkomulag hefur verið um innan n. — Ég vil strax taka það fram, að einstakir nm. hafa áskilið sér rétt til þess umfram þær brtt., sem eru á þskj. 14, að flytja e. t. v. brtt. við þær og einnig fylgja öðrum brtt. eða flytja aðrar brtt.

Um brtt. á þskj. 14 skal ég fara nokkrum orðum og þá fyrst taka það fram, að þær eru í raun og veru við fyrstu sýn miklu meiri en fram kemur við nánari athugun, og aðallega leiðir þessar mörgu brtt. af því, að nokkur mistök voru við samningu frv., þannig að ekki voru teknar inn í frv. brtt. þær, sem hlaut að leiða af þeirri breytingu hinnar nýju stjskr., að felld er niður heimild stjórnmálaflokka til þess að bera fram landslista. Þetta þurfti að leiðrétta, og er mikið af brtt. eingöngu við það miðað. Um þessar einstöku brtt. skal ég svo reyna að gefa í sem stytztu máli þær skýringar, sem ég held að nægja mundu.

Fyrsta brtt. er við 3. gr. Hefur staðið í kosningalögunum um lengri tíma þetta ákvæði: „Gift kona telst fjárráð, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.“ Þetta leiðir af hlutarins eðli og annarri löggjöf, og er því óþarft að taka það fram og af þeirri ástæðu lagt til, að það falli niður.

Þá er lagt til í 2. brtt., að í 6. gr. breytist 3. mgr., þar sem segir, að í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eigi 20 kjósendur, sem búsettir eru í sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar. Þessi heimild breytist að því leyti, að það sé nægjanlegt, að 15 kjósendur óski þess. Á það er að líta, að samgöngur eru að vísu miklu greiðari nú en áður var, og virðist af þeim sökum ekki ástæða til þess að fækka þessu, en á hinn bóginn hafa sumar byggðir orðið afskekktari en áður vegna þess, að býli hafa í stöku stöðum og einstöku hreppum farið mjög í eyði, og það aftur á móti virðist eðlilega ýta undir þá ósk, að réttara væri að hafa heimildina bundna við færri menn en ella, og varð n. sammála um það. Mundi þetta þá einkum taka til þess, þar sem örfáir bæir eru afskekktir, að þeim yrði hlíft við að sækja kjördeild um langan veg, og liggja fyrir við nánari athugun dæmi þess, að fólk á afskekktum bæjum þarf kannske að fara allt upp í þriggja klukkutíma ferð í bíl, ef það ætlar að fara í aðra kjördeild, en fær ekki að kjósa á þessum stað, þar sem þó eru mjög fáir kjósendur saman komnir. Hitt vil ég svo leggja áherzlu á, að það ber auðvitað að gjalda varhug við, að þessi heimild sé misnotuð.

3. brtt. er við 10. gr., og það er nýmæli. Efni þess er það, að í kaupstöðunum, þar sem kjördeildir séu fleiri en ein, skipi yfirkjörstjórn umboðsmenn til þess að hafa með höndum yfirstjórn undirkjörstjórnanna á hverjum kjörstað, að svo miklu leyti sem hún hefur ekki sjálf aðstöðu til þess að koma slíkri yfirstjórn við. Þetta virðist vera næsta eðlilegt. Í kaupstöðunum, þar sem margar kjördeildir eru, þarf að vera samræmi í afstöðu og úrskurðum undirkjörstjórnanna. Þessu hefur verið auðvelt að koma við hér í Reykjavík. Þá hefur yfirkjörstjórnin setið á fundum allan daginn, og hún hefur haft með höndum yfirstjórn undirkjörstjórnanna. En það er annars staðar þannig ástatt, ef við tökum t. d. Norðurlandskjördæmi eystra, þar er næststærsti kaupstaður landsins, Akureyri, sem áður hefur verið skipt í margar undirkjörstjórnir, yfirkjörstjórn er ekki á Akureyri, heldur fyrir þetta stóra kjördæmi, og ekki víst, að hún hafi aðstöðu eða aðsetur á Akureyri á kjördeginum, og mundi þá í slíku tilfelli skipa umboðsmenn til þess að fara með yfirkjörstjórnina fyrir sína hönd. Sama tilvik gæti að sjálfsögðu verið annars staðar í kaupstöðunum. Í samræmi við þetta er svo bætt við því, sem var ekki áður í kosningalögunum, að yfirkjörstjórnir skuli jafnan

vera reiðubúnar til þess að mæta fyrirvaralaust á fundi á kjördegi til ákvarðana og úrskurða í sambandi við kosningar, ef með þarf.

Þá er 4. brtt., við 13. gr. Þar hefur verið gert ráð fyrir því í kosningalögunum, að allir skipstjórar á íslenzkum skipum, ótiltekið bæði um stærð og atvinnuhætti skipanna, gætu verið kjörstjórar, og í samræmi við það er síðar í lögunum lögð sú skylda á alla skipstjóra á íslenzkum skipum að hafa tiltekið magn af kjörgögnum fyrir hendi, þegar kosningar fara í hönd. Hér sýnist n. rétt að takmarka þessa heimild, eins og lagt er til í a-lið 4. brtt., að kjörstjórar séu aðeins skipstjórar á íslenzkum skipum í millilandasiglingum og á fjarlægum miðum. Er síðari gr. breytt með hliðsjón af þessu varðandi það að hafa tiltæk kjörgögn. Það sýnist engin ástæða til að hafa í skipum, sem eru hér við land, kjörgögn, enda hefur þetta ekki verið notað í framkvæmd og styðst þess vegna bæði við venju og það, sem telja má eðlilegt í þessu sambandi.

Svo er bætt við þessa 13. gr. nýmæli, svo hljóðandi: „Ef kjörstjórar eru í framboði, skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra, og ekki má utankjörfundarkosning fara fram á heimili frambjóðanda.“ — Það sýnist næsta óeðlilegt, að kjörstjóri, sem er í framboði, geti haft með höndum utankjörfundarkosninguna, og eins óviðkunnanlegt, að utankjörfundarkosning fari fram á heimili þess manns, sem er í framboði, en þetta hefur stundum átt sér stað, enda heimilt að lögum. En n. telur, að það sé rétt að breyta þessu, bæði sé það í samræmi við ýmis önnur hliðstæð ákvæði og óviðkunnanlegt, ef fyrir þetta er ekki tekið.

Smávægileg brtt. er við 21. gr., það er 5. brtt. Hún er um það, að hafi komið menn með aðfinnslur um kjörskrá, annaðhvort að þeir hafi fallið út eða aðrir ranglega verið teknir inn, og ef þeir aðilar, sem hlut eiga að máli, geta ekki sjálfir mætt, þegar um þessi mál er fjallað, þá hafi þeir rétt til þess að senda umboðsmenn fyrir sína hönd, og virðist það sjálfsagt.

Þá komum við að 6. brtt., sem er við 26. gr., og hana leiðir eingöngu af því, að heimildin til að bjóða fram landslista fellur niður, og ekki önnur leiðrétting á henni.

7. og 8. brtt. eru af sömu sökum fram bornar. 28. gr. í frv. er um framboð landslista og fellur niður, og þar af leiðandi er skipt greinum, sem *á eftir koma, aðeins til að halda greinatölunni*, og eru brtt. 7 og 8 við það miðaðar, þannig að 28. gr. í frv. fellur niður, en 29. gr. er breytt í samræmi við það, að landslisti er ekki borinn fram, en auk þess er hún klofin, þannig að greinatalan haldist óbreytt.

Þá er 9. brtt., við 30. gr. Hún er einnig aðeins í sambandi við landslistana og engin efnisbreyting önnur en af því leiðir, að heimildin til að bera þá fram fellur niður.

10. brtt. er við 33. gr. og einnig eingöngu breyting, sem leiðir af því, að landslistaframboð eru ekki leyfð.

Sama er að segja um 11. brtt., við 34. gr. Geri ég ráð fyrir, að menn sjái þetta auðveldlega, þegar menn bera það saman við frv.

12. brtt. er við 35. gr., og hún er einnig af sömu rótum runnin vegna landslistanna. Einnig 13. brtt., við 38. gr., en þar falla niður úr frv. 39. og 40. gr., sem fjalla um landslistaframboð, og 38. gr. svarar til þess, sem í frv. er 41. gr. og 38. gr. Það sama er að segja um 14. brtt., að 39. gr. orðist eins og þar stendur, en það var áður 2. málsgr. 38. gr. og er gerð að sérstakri grein til þess að halda greinatölu óbreyttri í frv.

Svo koma 15. og 16. brtt. Þær eru um það, hvernig eigi að merkja listana. Það eru óbreytt ákvæðin eins og þau eru í frv., en varð að taka það hins vegar upp í brtt., vegna þess að greinatala breytist á greinunum. En ég vil taka það sérstaklega fram, að um þetta út af fyrir sig er ekki samkomulag innan stjskrn., að listarnir skuli merktir með bókstöfum. Það var töluvert mikið rætt, bæði sameiginlega milli stjórnarskrárnefnda Ed. og Nd. og eins sérstaklega innan stjskrn. Nd., að fella niður þennan eldri hátt að merkja listana ákveðnum bókstöfum og þá aðallega stungið upp á því að kenna þá aðeins við þann stjórnmálaflokk, sem þeir væru fram bornir fyrir. Það kunna þess vegna að koma fram um þetta brtt. á síðara stigi málsins, vegna þess að þó að þetta sé flutt hér í brtt., þá var það, eins og ég sagði áðan, aðeins vegna þess, að greinatalan breyttist, en ekki vegna þess, að út af fyrir sig væri samstaða innan n. um það, að svo skyldi þetta vera með listabókstafina. Þetta taldi ég nauðsynlegt að taka sérstaklega fram nú á þessu stigi málsins.

17. brtt., við 42 gr., leiðir eingöngu af ákvæðinu um það, að *landslistarnir eru felldir niður*, og engin önnur breyt., sem í henni felst.

Svo kemur 18. brtt., við 47. gr. Hana leiðir af þeirri breyt., sem búið er að leggja til að gerð verði á 13. gr. Þar stóð áður „sérhver skipstjóri á íslenzku skipi“, en er nú lagt til, að skipstjórar þeir, sem eru kjörstjórar við atkvgr. utan kjörfundar samkv. 13. gr., þ. e. a. s. aðeins skipstjórar í millilandasiglingum, skuli gæta þess, að til séu í skipinu fyrir hverjar alþingiskosningar nægar birgðir kjörgagna til utankjörfundaratkvæðagreiðslu. Að öðru leyti er ekki breyt. á 47. gr.

Þá eru 19. og 20. brtt. Þær eru eingöngu afleiðingar af því, að ákvæðin um landslista falla niður, við 51. og 53. gr., og þarf ekki að skýra það nánar.

Næsta brtt., sú 21. í röðinni, er við 62. gr., og það er nokkurt nýmæli. Eins og verið hefur, hafa kjósendur, sem mátti með allmikilli vissu ætla að gætu ekki sótt kjörfund, vegna þess að þeir áttu að leggjast t. d. undir uppskurð og urðu væntanlega á spítala, hins vegar innan síns hrepps og kaupstaðar, eða barnshafandi konur, sem gerðu ráð fyrir, að þær mundu verða forfallaðar á kjördegi, ekki getað neytt síns kosningarréttar, eins og greinin er orðuð, vegna þess að þessir aðilar máttu þá ekki kjósa áður, af því að þeir voru staddir innan kaupstaðar eða hrepps, þar sem þeir áttu að kjósa. En gr. tekur aðeins til þess, að það sé heimilt fyrir þá að kjósa utan kjörfundar, sem staddir eru eða gera ráð fyrir að vera staddir utan þess hrepps eða kaupstaðar, þar sem þeir standa á kjörskrá, þá er kosning fer fram. Og til þess nú að bæta

nokkuð úr þessu, sem oft hefur komið fram að væri nokkuð ósanngjarnt og hefur að vissu leyti líka verið farið nokkuð í kringum í framkvæmdinni, þá er lagt til, að við þessa gr. bætist ný mgr., eins og þarna er orðað, að sömu heimild, þ. e. a. s. til að greiða atkv. utan kjörfundar, hafi þeir, sem samkv. læknisvottorði er ráðgert að dveljast muni á sjúkrahúsi á kjördegi, einnig barnshafandi konur, sem ætla má að muni verða hindraðar í að sækja kjörfund á kjördegi. Þetta þýðir það, að sá, sem gerir ráð fyrir að vera á sjúkrahúsi á kjördegi, þarf, ef hann ætlar að kjósa utan kjörfundar og verður innan síns hrepps eða kaupstaðar, að fá læknisvottorð um þetta, en getur þá fengið að kjósa. Það er ekki krafizt í þessu, eins og gr. er hér orðuð eða nýja till., að barnshafandi konur þurfi í þessu sambandi að hafa neitt læknisvottorð, en hins vegar er lögð sú skylda á báða aðilana, þá sem gera ráð fyrir að vera á sjúkrahúsi og barnshafandi konur, síðar í brtt., sem ég skal þá víkja að, að ef hin ráðgerðu forföll eru ekki fyrir hendi á kjördegi, þá ber þeim að gefa sig fram á kjörfundi eins og öðrum, sem héldu, að þeir mundu ekki verða innan síns hrepps eða kaupstaðar, og kosið hafa utan kjörfundar, en eru svo komnir aftur í sinn hrepp eða kaupstað. Þá ber þeim skylda til að tilkynna komu sína á kjörfundinum, og þá eiga þeir að greiða atkv. þar, en utankjörfundaratkv. á að vera ógilt eða leggjast til hliðar, og það eru bæði viðurlög við því, ef þessi tilkynningarskylda er ekki uppfyllt, og eins eru ákvæði um það, að slíkt atkv. sé ógilt, ef það sannist fyrir kjörstjórninni, að viðkomandi sé staddur innan hreppsins eða kaupstaðarins á kjördegi og hafi ekki gefið sig fram.

Þá kem ég að 22. brtt. Það er umorðun á 66. gr. og þó í raun og veru frekar á 67. gr., eins og hún er í frv., vegna þess að 66. gr. fellur niður, því að þar er eingöngu ákvæði um landslista. Og þá verður 67. gr., sem nú er, 66. gr. og orðast eins og stendur í brtt., en er engin efnisbreyting á henni önnur en sú, að henni er skipt í tvennt til þess að halda greinatölunni, og síðasta mgr. kemur svo í 23. brtt. um það, að 67. gr. orðist á þann hátt, sem þessi málsl. var áður orðaður, að umboðsmenn framboðslista skuli hafa aðgang að bók þeirri, sem um getur í 1. málsgr. 66. gr.

Ég kem þá að 24. brtt., sem er við 71. gr., og sú brtt. er nýmæli. Hún er um það, að nægjanlegt sé að koma bréfi með utankjörfundaratkv. í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá, en þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, þar sem hlutaðeigandi kjósanda hefði borið að kjósa, skal undirkjörstjórn geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf aðskilin til yfirkjörstjórnar. Þetta þótti n. rétt að taka upp núna vegna stækkunar kjördæmanna. Áður var það svo, að það þurfti að koma utankjörfundaratkv., ef það var ekki áður komið en á kjördegi, í viðkomandi kjördeild, þar sem aðili átti að kjósa. Það sýnist í sjálfu sér vera óþarfi. Nú höfum við stór kjördæmi, þar sem t. d. Vestfirðir eru eitt kjördæmi og Austfirðir eitt kjördæmi, og mundi þá vera nægjanlegt fyrir þann, sem er á kjörskrá t. d. í Vestfjarðakjördæmi eða Austfjarðakjördæmi og eins annars staðar, að koma utankjörfundaratkv. sínu í einhverja kjördeild, og mundi það stuðla að því að gera honum greiðara að koma sínu atkv. fram. En þegar svo stendur á, að því er ekki komið í kjördeildina, þar sem viðkomandi átti að kjósa, setur hún þetta atkvæði ekki í kjörkassann, eins og hún ella mundi gera, heldur skráir þessi atkvæði sérstaklega og sendir þau aðskilin til yfirkjörstjórnarinnar, og yfirkjörstjórnin, þegar að talningu kemur, mundi þá athuga þessi atkvæði, hvort viðkomandi aðili sé á kjörskrá í kjördæminu, og setja atkvæðaseðilinn í kjörkassa, áður en talning hefst.

25. og 26. brtt. stafa aðeins af því, að ákvæði um landslista eru felld niður, og eru aðeins bútaðar sundur gr., vegna þess að 79. gr. fellur algerlega niður, þar sem hún innifelur eingöngu ákvæði varðandi landslistana, og þá gert eins og áður til þess að greinatalan haldist óbreytt. Sama er að segja um 27. og 28. brtt., við 85. og 86. gr.

Í 29. brtt. er smávegis nýmæli. Þar er svo kveðið á í frv. og var áður í kosningalögunum, að ef kjósandi framkvæmi einhverja skekkju, merki vitlaust á seðil sinn o. s. frv., þá sé honum heimilt að afhenda kjörstjórninni hinn fyrra seðil og kjósa aftur. Svo var ákvæði um það, að kjörstjórnunum væri heimilt að láta þessa kjósendur víkja frá atkvæðagreiðslunni að sinni og halda atkvgr. áfram, unz allir aðrir kjósendur, sem viðstaddir eru, hefðu átt kost á að greiða atkvæði, og er skylt að nota þessa heimild, ef hætta er á, að kjörseðlaforðinn endist ekki. N. var sammála um að fella þetta niður, m. ö. o.: að það verður strax að afgreiða viðkomandi aðila, sem þannig stendur á um, að hann hefur eyðilagt kjörseðilinn sinn og vill fá nýjan kjörseðil. Í lögunum virðist vera óviðeigandi að gera ráð fyrir því, að kjörseðlaforðinn né ekki nægjanlegur í hverri kjördeild, og ber auðvitað að sjá til þess, að það komi ekki fyrir.

Þá kemur 30. brtt., sem er við 92. gr., og hana leiðir af því nýja ákvæði, sem ég gerði grein fyrir áðan í sambandi við 62. gr., að þeir, sem ætla að vera á sjúkrahúsi, og barnshafandi konur, sem ráðgera að vera forfallaðar, megi kjósa utan kjörfundar, en þessir aðilar eiga eins og aðrir, sem 92. gr. tekur til, að tilkynna það, ef forföllunin er ekki lengur fyrir hendi og viðkomandi aðili er staddur innan síns hrepps eða kaupstaðar, og þá á hann að geta greitt atkvæði aftur á kjörfundinum, en utankjörfundarseðill hans kemur þá ekki til greina eftir kosningu. Þessa brtt. leiðir m. ö. o. af brtt. við 62. gr.

31. brtt., sem er við 94. gr., leiðir af brtt. 29 við 91. gr.

Þá er 32. brtt., mjög smávægileg, við 100. gr. Þar er kveðið á um það, hvernig fara skuli, þegar atkvgr. er slitið, og m. a. sagt, að þegar umslögunum hefur verið lokað, sem kjörgögnin eru í, og á að ganga frá þeim, og því næst, stendur þar, skuli oddviti, er bókun er lokið og kjörbókin hefur verið undirrituð af kjörstjórninni og umboðsmönnum lista, ef viðstaddir eru, ganga frá öllu saman, atkvæðakassa, aðalumslagi og kjör-

bók, í strigapoka þeim, er atkvæðakassanum fylgir, og binda vandlega fyrir og senda þetta svo til yfirkjörstjórnarinnar. Hér er skotið inn smávægis heimild, að ef undirkjörstjórnir óski, megi senda afrit af kjörbókinni og þurfi ekki að þvæla henni, þessu frumriti, fram og aftur, en þá beri líka allri kjörstjórninni að skrifa undir afritið og umboðsmönnum. En þetta er sem sé lagt á vald kjörstjórnanna, heimild til þess að senda afrit af kjörbókinni eða eftirrit úr kjörbókinni.

33. brtt., við 103. gr., er eingöngu afleiðing af því, að landslistar falla niður, og 34. brtt. sömuleiðis. Þar er tekin upp öll orðunin á 105. gr., sem er í frv., og eina breytingin frá því, sem í frv. er, er það, að 5. liðurinn, hvenær atkvæði skuli teljast ógilt, fellur niður, af því að hann fjallar um það, hvernig eða hvenær atkvæði telst ógilt, vegna þess að menn hafa merkt við landslista, en á ekki lengur við.

Þá er smávægileg brtt. við 106. gr. Þar stendur, að atkvæði skuli ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er, hvernig það á að falla, nema augljóslega komi í bága við framangreind ákvæði. Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að merkt sé aftan við listabókstaf, þó að kross sé ólögulegur o. s. frv. Þessu orðalagi er aðeins vikið við og sagt: „Þannig skal taka gilt atkvæði, þó að ekki sé merkt framan við listabókstafinn, en t. d. aftan við hann.“ Það er til þess, að ljósara sé, að þó að merkt sé ofan við eða neðan við eða eitthvað til hliðar við bókstafinn, þá sé það jafngilt og þó að merkt sé framan við, eins og tilskilið er annars staðar í lögunum, en ekki aðeins bundið við, að krossað sé aftan við bókstafinn. Þetta mun sennilega hafa verið skilið á svipaðan hátt í framkvæmdinni áður og er mjög smávægilegt.

Það er hins vegar rétt, að það komi fram hér, að það hafi verið rætt innan n., sem er hins vegar framkvæmdaratriði, að ástæða væri til að gera kjörseðlana nokkuð öðruvísi úr garði en verið hefur. Það hefur verið nokkuð mikil spássía á kjörseðlunum, og það hefur stundum valdið ágreiningi. T. d. er A-listi fremstur og strik fyrir framan listann, og ef strikað er fyrir framan þennan lista í raun og veru eða þetta strik, á sjálfa spássíuna, þá gæti verið ágreiningur um það, en mun í flestum tilfellum hafa verið skilið svo, að A-listanum bæri þetta atkvæði. Einnig hafa verið spássíur fyrir ofan, og þá hafa krossar verið alveg fyrir utan reiti listanna, en þó beint fyrir ofan viðkomandi lista. Stundum hefur atkvæði verið ógilt af þessum sökum og stundum talið gilt. Langæskilegast væri í framkvæmdinni að útbúa listana þannig, að engar spássíur væru þarna fyrir hendi. Það mundi koma í veg fyrir, að nokkur vafi gæti leikið á, hvort atkvæðið væri gilt af þessum sökum, sem ég nú hef talað um.

Þá er 36. brtt., og hún er við 107. gr. Þar hafa því miður orðið mistök í prentuninni, því að þar er kveðið svo á, að 107. gr. skuli orðast eins og þar stendur. 1. mgr. er rétt, en 2. mgr. á ekki þarna að vera. Ég hefði álitið, að þetta væri nægjanlegt að leiðrétta, en það er rétt, að það komi til nánari athugunar. En ákvæðið í 2. málsgr. er það, að sé kosningu frestað samkv. 128. gr., megi talning atkv. aldrei fara fram, fyrr en kosningu er hvarvetna lokið. Það kemur að þessum breyt. síðar, en þetta á að vera aftan við 102. gr. frv., þar sem ákvæði er um talningu atkv.

37. brtt. er að öllu leyti umorðun 109. gr. Hún er eins og hún var áður í kosningal., nema hvað orðalag breytist á stöku stað, vegna þess að landslistaframboðin falla niður.

Þá komum við að 38. brtt., sem er við 110. gr., og sú gr. fjallaði um það að finna út, hvað frambjóðendum teldust mörg atkv. á lista og hvaða áhrif það hefði, ef röð frambjóðenda væri breytt eða ef frambjóðandi væri strikaður út á listanum. Nm. eru allir sammála um það, að áhrif útstrikananna séu allt of mikil, eins og nú er. Í Reykjavík, þar sem eru 12 frambjóðendur og 12 varamenn, fær 1. maður $^{2}/_{24}$ parta af atkv. listans, þeim sem ekki hefur verið breytt, annar maður $^{2}/_{24}$, þriðji $^{2}/_{24}$ o. s. frv. Af þessu leiðir, að það þarf ekki nema $^{1}/_{24}$ part til þess að strika út mann og til þess að breyta þannig röð listans, og það eru rétt rúmlega 4%. Það virðist ákaflega óeðlilegt, að rétt rúmlega 4% af kjósendunum geti breytt röð listans, ef 95—96% vilja hafa hana óbreytta. Áhrifin af breytingunum eru mest, þar sem flestir eru frambjóðendur. Í 6 manna kjördæmunum er það $^{1}/_{12}$ og í 5 manna kjördæmunum er það $^{1}/_{10}$ eða 10% eftir eldri reglunni, sem geta ráðið því í framkvæmdinni að breyta röð listans og t. d. fellt mann frá kosningu, þannig að næsti maður nær kosningu, þótt aðeins tíundi hluti kjósendanna hafi breytt röðinni. Í einhverju af stóru kjördæmunum t. d., þar sem listi fær 1000 atkv., þurfa ekki nema 100 menn að breyta röð á efsta manni til að fella hann niður í annað sæti og hliðstætt um aðra frambjóðendur á listanum.

Hér hafa komið til álita nokkuð mismunandi aðferðir, sem taka mætti upp til þess að gera áhrifin minni af breytingum og útstrikunum og lýðræðislegri, því að það er í sjálfu sér mjög ólýðræðislegt, að svona lítill hluti kjósenda, eins og ég hef nú gert grein fyrir, geti haft þau verulegu áhrif, sem fyrir liggur eftir eldri ákvæðum, og allir nm. eru sem sagt sammála um, að það beri að takmarka þennan rétt kjósendanna meira, þannig að það þurfi meiri hluti þeirra að gera breyt. en áður hefur verið, til þess að það geti ráðið úrslitum um, hverjir nái kosningu. Segja mætti t. d., að það þyrfti einhvern tiltekinn hluta af kjósendum, 20%, 30% eða 50% eða eitthvað svoleiðis. En n. hefur tekið upp í brtt. 38 að svo stöddu þá till. að fylgja í aðalatriðum sömu reglu og áður við útreikninginn, en þó þannig, að eins og gr. er nú orðuð, þurfa helmingi fleiri að breyta en áður var, til þess að breyt. eða útstrikun hafi áhrif, og þeim árangri er náð með annarri reikningsaðferð, sem aðallega felst í því, að samkv. 2. málsgr. skal kjósandi alltaf fá fyrst þau atkv., sem listinn fær og honum ber á listanum eftir þeim hlutföllum, sem ég vék að áðan, eins og engu hafi verið breytt. Síðan bætist þar við þau atkv., sem hann fær á óbreyttum listum, og svo þau atkv., sem hann fær á breyttum listum, alveg eins og áður var eftir 110. gr. Menn sjá á þessu, þegar dæmunum er stillt upp í framkvæmd, að

reglan verkar þannig, að það þurfa u. þ. b. helmingi fleiri kjósendur að breyta listanum, til þess að úrslit hafi.

Nú vil ég taka það fram, að innan n. finnst sumum, að hér sé í raun of skammt gengið, því að þetta eru þá innan við 20% kjósenda í 5 manna kjördæmunum, sem geta breytt lista með þessum hætti, liðlega 15% í 6 manna kjördæmunum og um 8% í Reykjavík, og það er náttúrlega ákaflega lítill hópur kjósendanna, þótt það séu um 8% í kjördæmi eins og Reykjavík, sem geta haft þarna veruleg áhrif. Það er ekki heldur hægt að neita því, að það blandast nokkuð inn í þetta, að þegar í raun og veru má segja, að ekki komi fram almennur vilji kjósenda um að breyta röð, þá veldur þetta bæði óánægju og misklíð manna á milli og mönnum finnst, að þeir séu órétti beittir, að sárafáir menn geti valdið þeim umbrotum að fella þá niður úr því sæti, sem þeir ella áttu að hafa á listanum.

Um þetta mætti, eins og ég sagði, hafa fleiri aðferðir, annaðhvort að miða við einhverja tiltekna prósenttölu eða hafa reikningsdæmi, eins og hér er stillt upp, eða þá með öðrum hætti, sem t. d. verkaði eitthvað meira en þessi regla, sem hér er stillt upp, gerir. Við höfðum hugsað okkur í n. að athuga þessa grein betur á milli umr. og munum því taka þessa 38. brtt. aftur til 3. umr.

39. og 40. brtt. leiðir eingöngu af því, að ákvæðin um landslista eru felld niður.

Þá koma ákvæðin í 122. gr. um uppbótarþingsætin. Á því eru gerðar nokkrar orðalagsbreyt., sem leiðir af því, að landslistaframboðin falla niður. Þannig er ekki boðinn fram landslisti, heldur á, þegar kosningunni er lokið, að gera flokkunum landskjörslista, þannig að rita skal á lista í stafrófsröð nöfn allra frambjóðenda flokksins, sem hafa ekki náð kosningu í kjördæmi. Síðan er fundið samkv. sömu reglu og áður, hvað hverjum flokki ber mörg uppbótarsæti, og þegar á að fara að reikna það, hvaða frambjóðendur hvers flokks fái uppbótarsætin, þá er einnig beitt sömu reglunni og áður, þ. e. a. s. að fyrst kemur þá hjá hverjum flokki á þessum landskjörslista til með að hreppa sætið sá, sem hæsta hefur atkvæðatölu, hann verður efstur, en sá, sem að honum frágengnum hefur atkvæðatölu, er nemur hæstri hundraðstölu gildra kjörseðla í kjördæmi hans, verður næstefstur o. s. frv. Er hér óbreytt gamla reglan um úthlutun uppbótarsætanna, að fyrst komi til greina þeir, sem hæsta atkvæðatölu hafa, síðan hundraðshluta og svo koll af kolli.

42. brtt. er efnislega sú sama og var áður, en er um það, hverjir frambjóðendur á landskjörslista, sem eigi hljóta uppbótarþingsæti, verði varamenn, og ákvæðin um það eru efnislega óbreytt frá því, sem áður var, og þeir halda áfram að verða varamenn á þessum landskjörslista eftir þeim breyt., sem gerðar voru ekki alls fyrir löngu á kosningal., svo lengi sem listinn endist.

43. brtt., við 126. gr., umorðun hennar, er engin efnisbreyting, aðeins leiðir af því, að landslistaframboðin falla niður.

44. brtt. er við 127. gr. Þar leggur n. til að komi ný málsgr., en hún er nákvæmlega samhljóða 2. mgr. 133. gr. kosningalaganna, eins og þau voru, og töldum við við nánari athugun, að þessi mgr. ætti ekki að falla niður. Greinin er um það, ef Alþingi hefur úrskurðað ógilda kosningu lista þingflokks eftir almennar alþingiskosningar og uppkosning hefur farið fram, og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingmanna og þingmannatala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þm. missi við það umboð sitt. Þetta getur farið þannig, ef uppkosning er, að við uppkosninguna nær sæti listi t. d., sem ekki hafði þingsæti áður. Að sjálfsögðu hefur þetta áhrif á úthlutun uppbótarþingsætanna, þannig að hún getur breytzt. Þessi flokkur kannske missir þá við þetta uppbótarsæti, sem hann ella mundi hafa. Það er eðlilegt. En svo er hins vegar hið gamla ákvæði, sem talið er rétt að haldist, um það, að þó að framboðslisti flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, þá miðist uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna, og flokkur, sem við aðalkosninguna hefur ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis. Þetta er vegna þess, að ef uppkosningin er í einu kjördæmi, liggur fyrir í öllum öðrum kjördæmum, hvernig kosningaúrslitin eru, og þá gæti verið freisting t. d. fyrir flokk, sem hefði enga von í þingsætinu, eða kjósendur þess flokks að breyta algerlega afstöðu sinni og greiða nú atkv. gerólíkt því, sem þeir áður gerðu, til þess að koma t. d. að ákveðnum frambjóðanda, sem hefði ella kannske minni líkur eða listi heldur en 3. listinn til þess að koma að manni. Menn hagnast á því, ef sá nær kosningu, sem í síðustu kosningunni er kjörinn, en við það hagnast ekki listinn, þegar úthlutað er uppbótarsætum, og er það byggt á því, að menn geti ekki, eftir að kosningaúrslitin liggja fyrir í öllum öðrum kjördæmum, hagað atkv. sínum þannig, að það geti orðið af þeim ástæðum til góðs flokki við úthlutun uppbótarsæta, sem ella hefði ekki orðið honum til góðs. Þetta virðist eðlilegt við nánari athugun málsins, og erum við því sammála um að leggja til, að þessi mgr. bætist við 127. gr.

Þá er 45. brtt. Hún er við 128. gr., en í þeirri grein er ákvæði um það, ef kosning ferst fyrir: „Nú ferst kosning fyrir í einhverri kjördeild á hinum ákveðna kjördegi sökum óveðurs eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum, og kveður þá undirkjörstjórn innan viku til kjörfundar að nýju.“ Menn hafa velt því fyrir sér, hvernig fara bæri að, ef kjörfundurinn væri byrjaður og síðan kæmu óviðráðanleg atvik, eins og óveður, við skulum segja jökulhlaup, gos eða annað slíkt, sem gersamlega hindruðu kosninguna, og þá eru engin ákvæði um það í eldri l., hvernig fara skuli að. Þess vegna er 45. brtt. fram borin, að undirkjörstjórnin geti frestað kosningu í kjördeild, eftir að hún er hafin, ef hún telur óviðráðanlegar ástæður eins

og óveður hindra það, að kosning geti fram haldið, og allir kjörstjórnarmenn eru þá sammála um frestunina, enda komi til samþykki yfirkjörstjórnar. Um þetta ákveður þá yfirkjörstjórn í Reykjavík. Ef kosningu hefur verið frestað af slíkum sökum, á að kveðja til hennar innan viku, eins og segir í fyrri mgr. um það, ef kosning ferst fyrir. Hér þyrfti sennilega að bæta við ákvæðum um það og mætti gera það við 3. umr., hvernig fara skuli með kjörgögnin, ef kosning hefur farizt fyrir. Það er víst nægilegt að vísa til eldri heimilda um það, sem fyrir hendi eru, þegar ákveðið hefur verið, að kjörfundirnir skyldu vera tveir eða heimilt væri að hafa kjörfundi tvo, og þar hefur verið ákveðið nánar um það, hvernig fara skuli með kjörgögnin, ef frestað er kosningu, til næsta fundar.

Síðasta brtt. er aðeins formleg vegna þeirra breyt., sem áður eru gerðar.

Ég kem þá að lokum að því, að innan n. hefur verið rætt um það, að rétt væri, að í kosningal. nú væru ákvæði til bráðabirgða, hliðstætt því, sem hefur verið áður, einu sinni eða tvisvar, og a. m. k. í kosningalögunum 1942. Þar var ákvæði til bráðabirgða um það, að við fyrstu kosningarnar, sem fram færu, eftir að þessi lög tækju gildi, — sem nú eru fyrirsjáanlega haustkosningar, — skuli vera heimild til þess utan kaupstaðanna að hafa tvo kjördaga. Það mál mun verða athugað á milli umr., en sýnist ekki óeðlilegt, að slíku bráðabirgðaákvæði væri flétttað hér inn í.

Ég hef nú lokið við að fara yfir allar þessar brtt., og ég vil vona, að hv. þm. hafi getað fylgzt með, hvað raunverulega felst í þessum brtt., og sjá þá, eins og ég sagði í upphafi, að sumar eru kannske næsta lítilfjörlegar og aðrar eingöngu til leiðréttinga, vegna þess að heimildir til að bera fram landslista falla niður.

Margt gæti að sjálfsögðu komið til álita um aðrar breyt. á kosningal., en stjskrn. hefur nú ekki farið lengra í sínum brtt. en það, sem allir hafa verið einróma sammála um. En nokkur atriði hafa verið rædd í stjskrn., sem menn hins vegar hafa ekki verið allir sammála um, og það kann auðvitað að koma að því, að slíkar brtt. verði bornar fram af einstökum þm. Ég get t. d. getið um yfirkjörstjórnirnar. Menn eru nokkuð skiptra skoðana um þessa nýju skipan, sem tekin er upp í frv., að tilteknir embættismenn eigi að skipa yfirkjörstjórnir, sumir vilja fara öðruvísi að, t. d. að Alþ. kjósi yfirkjörstjórnirnar og jafnvel að annar háttur yrði á hafður. Ég geri ráð fyrir, að um þetta komi fram sérstakar brtt.

Það liggur því fyrir, að það má vænta þess, að n. athugi sjálf frv. milli umr., og enda þótt hún hafi eftir fremstu getu reynt að ganga þannig frá þessu, að engar misfellur séu á því, þá kann að koma í ljós, að okkur hafi eitthvað yfirsézt og gefist þá tóm til þess að leiðrétta það á milli umræðna. Eins má búast við því, að einstakir nefndarmenn og að sjálfsögðu aðrir þm. kunni að vilja gera frekari breytingar á en hér er lagt til.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð, en læt máli mínu lokið og legg til, að þessu máli verði vísað til 3. umr., þegar þessari umr. er lokið.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Stjskrn. hefur unnið að athugun á þessu máli, fyrst sameiginlega stjórnarskrárnefndir beggja deilda og síðar n. þessarar hv. d. Stjskrn. Nd. hefur gert úr garði margar brtt. við frv., og eru þær prentaðar á þskj. 14, og hefur frsm. hv. meiri hl. n. nú gert grein fyrir þeim. Niðurstaðan varð þó sú, að n. varð ekki einhuga um afgreiðslu málsins í heild, og höfum við, sem skipum minni hl., við hv. þm. N-Þ. (GíslG), skilað sérstöku nál. á þskj. 17.

Breytingum þeim, sem stefnt er að því að koma á skv. þessu frv., má skipta í tvo þætti. Annars vegar eru breytingar, sem eru bein afleiðing af stjórnarskrárbreyt. þeirri, sem nú liggur fyrir hv. Alþingi. En hins vegar eru svo ýmsar breyt. á gildandi kosningalögum, sem telja má lagfæringar eða leiðréttingar á ýmsum ákvæðum þeirra. Við, sem skipum minni hl. n., erum samþykkir brtt. þeim, sem n. flytur á þskj. 14, þó með þeim fyrirvara, sem hv. frsm. meiri hl. tók fram, að n. hefur í hyggju að athuga nánar milli umræðna einstakar brtt. og hefur ekki endanlega tekið ákvörðun um, hvort þær verða bornar fram við 3. umr. eitthvað breyttar eða ekki.

En í þessu frv. til kosningalaga eru ákvæði, sem við í minni hl. og Framsfl. getum ekki fallizt á. Í 5. gr. þessa frv. eru t. d. tekin upp ákvæði stjórnarskrárfrv. þess, sem nú er til umr. hér á hv. Alþ., um hina nýju kjördæmaskipun, sem þrír þingflokkar vilja lögleiða. Stjórnarskrárfrv. hefur ekki náð samþykki í hv. Ed. og er því ekki orðið að lögum nú, þegar þetta mál er hér til umr., og a. m. k. meðan svo er, getum við ekki, sem erum þessu andvígir í grundvallaratriðum, mælt með því, að þessi ákvæði verði lögfest í kosningalögunum.

Afstaða okkar í minni hl. til þessa máls er því sú, að við munum styðja þær brtt., sem n. flytur og að okkar dómi eru réttmætar, en mælum ekki með samþykkt frv. í heild. Við áskiljum okkur enn fremur rétt til þess að flytja sérstakar brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Við framsóknarmenn höfum gagnrýnt hér mjög þann hátt, sem hafður hefur verið á við stjórnarskrárbreytingu þá, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. að taka út úr einn þátt stjórnarskrármálsins og afgreiða hann af nokkurri skyndingu og að lítt athuguðu máli. Ég ætla ekki að fara að rifja þá gagnrýni upp hér, en vil aðeins minna á þetta, vegna þess að ég held, að það sé einmitt óhjákvæmilegt, að þau vinnubrögð, sem hafa verið viðhöfð í sambandi við afgreiðslu stjórnarskrármálsins að þessu leyti, hljóti einnig að setja að nokkru sitt svipmót á afgreiðslu kosningalaga að þessu sinni, þannig að setning kosningalaganna geti ekki orðið jafnvönduð og æskilegt væri að þessu sinni.

Það er að vísu svo, að þetta frv. til kosningalaga er samið af ágætum mönnum, eins og hæstv.

dómsmrh. gat um, þegar hann á sínum tíma lagði þetta frv. fram, en þeir menn töldu það eðlilega sitt hlutverk aðeins að gera þær breyt. á þessu frv., sem óhjákvæmilega leiddi af hinni fyrirhuguðu stjórnarskrárbreytingu, en endurskoða ekki kosningalögin að öðru leyti. En nú er það auðvitað svo um kosningalögin, að þau hafa verið í gildi nokkuð lengi, og á þeim tíma, sem liðinn er, síðan þau voru sett, hefur fengizt af þeim margháttuð reynsla, og þess vegna hefði verið ástæða til þess að athuga, hvort ekki væri þörf á gagngerðari endurskoðun á kosningalögunum en tækifæri er til nú að þessu sinni. Ég hefði þess vegna talið það miklu heppilegri aðferð og raunar nauðsynlega, að það hefði verið sérstök mþn., sem hefði haft slík lög og lagasetningu til meðferðar, og hefði henni þá gefizt kostur á að athuga þau mjög nákvæmlega.

Nú segir að vísu stjskrn. eða meiri hluti hennar a. m. k., sem haft hefur málið til meðferðar, í sínu nál., að hún hafi athugað frv. þetta mjög ýtarlega. Ég verð að segja það, að ég dáist að því, hve miklir afkastamenn þeir eru, sem hafa haft frv. þannig til meðferðar og hafa haft tíma til þess jafnframt þeim störfum, sem þeir hafa haft að sinna hér á Alþingi, að endurskoða þennan mikla bálk ýtarlega. Nú er að vísu ekki því að neita, að afköst þeirra eru allmikil að því leyti til, að frá þeirra hendi liggja hér fyrir mjög margar brtt., að vísu brtt. margar hverjar, sem leiðir beinlínis af þessari stjórnarskrárbreytingu, sem nú skal gera, en þó einnig ýmsar aðrar, og ég verð að segja það, að við fljótlega athugun sýnist mér margar af þessum brtt. og reyndar till. yfirleitt vera til bóta. Hins vegar verður að ætla það, að ef nefndin hefði haft meiri tíma og meira ráðrúm hefði gefizt til athugunar þessa máls, þá hefði kannske fleira getað vakizt upp, sem ástæða hefði verið til að breyta í þessu frv. Um það ætla ég annars ekki að fjölyrða, og ég ætla ekki heldur að fjölyrða um það, sem mér þykir óviðkunnanlegt í þessum tillögum, þ. e. a. s. sá háttur, sem nefndin hefur haft á að því leyti til, að hún hefur endilega viljað halda sér við þá greinatölu, sem var í frv. Þetta er nú kannske smekksatriði. En það leiðir til þess, að mér finnst, að það eru klofnar í sundur greinar, sem er í rauninni óeðlilegt að slitni í sundur. Þetta er sem sagt ekki mikið atriði, og ég ætla ekki að fara að fjölyrða um það, það er kannske smekksatriði, en kemur þó fram, að mér finnst, dálítið óviðkunnanlega á vissum stöðum, þar sem þessi klofningur á greinum á sér stað.

Það er t. d. brtt. 17. Mér finnst það heldur óviðkunnanlegt, þegar ný grein byrjar þannig: „Yfirkjörstjórn gerir síðan ....“ Þetta er orðalagið úr gömlu greininni, þegar þessi grein var 2. mgr., en þegar þetta er gert þarna að nýrri grein, á þetta „síðan“ auðvitað að hverfa. Þannig mætti fleiri dæmi tína til, en ég fer ekki út í slíkt.

En það, sem gaf mér tilefni til þess að standa hér upp, var sú yfirlýsing frsm., að nefndin mundi taka þetta mál til athugunar á nýjan leik fyrir 3. umr., og þess vegna vildi ég koma á framfæri aðeins örfáum aths. í því skyni, að nefndin tæki þær til athugunar.

Ég vil aðeins geta þess í sambandi við brtt. þá, sem nefndin flytur fyrst, við 3. gr., að fyrri málsliður falli niður, sem er á þá lund, að gift kona telst fjárráð, þó að hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum, að ég er þessari brtt. alveg sammála, enda þótt eftir sem áður standi þessi hortittur í stjórnarskránni. En það er náttúrlega ekki um það að ræða. En þá vil ég bara benda á í því sambandi, að jafnframt er náttúrlega alveg sama ástæða og eins mikil ástæða til þess að fella niður 2. málsliðinn, að maður telst fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum. Það er a. m. k. enginn lögfræðingur, sem heldur, að maður sé ekki fjárráður, þó að bú hans sé undir gjaldþrotaskiptum. En ef þetta litla ákvæði ætti að standa þarna enn, þá finnst mér óeðlilegt, að það sé í sérstakri grein, heldur ætti það að bætast við 2. gr. og vera þannig, að í einni gr. væri skýring á ákvæðum í 1. gr.

En það, sem ég vildi sérstaklega benda á, er í sambandi við 11. gr., þar sem segir, að sá, sem sæti á í yfirkjörstjórn eða undirkjörstjórn, skuli víkja sæti, ef hann er í kjöri til Alþingis, og sá, sem á sæti í landskjörstjórn, skuli víkja sæti, þegar úthlutað er uppbótarþingsætum, ef hann getur sjálfur komið til greina í uppbótarþingsæti. Ef á að skilja þessi ákvæði á þá lund, að þau séu tæmandi, að því er tekur til yfirkjörstjórnar- og landskjörstjórnarmanna, að þeim beri ekki að víkja sæti í öðrum tilfellum en þessum, sem þarna greinir, þá finnst mér fyrir mitt leyti allt of vægar kröfur gerðar til þessara manna. Þetta eru aðilar, yfirkjörstjórnir og þó ekki síður landskjörstjórnir, sem fara með mjög þýðingarmikla úrskurði og geta farið með mjög örlagaríka úrskurði, eins og dæmin sanna. Þess vegna ríður á því, að það sé búið svo vel um hnútana sem hægt er og komist ekki að neinn grunur um það, að þeir menn, sem í þessum nefndum sitja og fara með þetta úrskurðarvald, séu vilhallir. Þess vegna teldi ég eðlilegt, að til þessara stjórnvalda væru gerðar ekki öllu minni kröfur en til dómara, þegar þeir fara með einstakt mál, að þeir yrðu t. d. að víkja sæti vegna afstöðu sinnar til frambjóðenda eftir svipuðum reglum og dómarar verða að víkja vegna afstöðu sinnar til málsaðila, t. d. að landskjörstjórnarmaður ætti ekki aðeins að víkja, ef hann sjálfur gæti komið til greina, þegar úthlutað væri uppbótarþingsætum, heldur líka ef t. d. einhver aðili honum skyldur eða tengdur að feðgatali eða niðja eða í annan lið til hliðar gæti þar komið til greina. Þessu vildi ég koma á framfæri og vildi mælast til þess, að n. tæki þetta til athugunar. Ég geri raunar ráð fyrir, að það gæti komið til mála að skýra þessi ákvæði á þessa lund, jafnvel þótt þetta standi nú svo. En það verður a. m. k. ekki um það deilt, að æskilegra væri að taka þetta fram, og ég held, að flestir hljóti að verða mér sammála um, að það væri til bóta að gera þarna strangari kröfur og skýrari en nú er gert. Það miðar að því að búa betur um úrskurðarvaldið

í þessum efnum, og ég held, að allir hljóti að verða sammála um, að það sé æskilegt.

Ég vildi aðeins benda á það, að í sambandi við skiptingu í kjördeildir, sem 6. gr. fjallar um, hef ég orðið var við, að það er nokkuð mismunandi praksís í þeim efnum, þannig að sums staðar er þessi skipting gerð, að ég held, við hverjar kosningar, en annars staðar, — og ég hygg, að það sé nú víðast hvar, — er hún gerð í eitt skipti fyrir öll og látin síðan haldast, en það er ekki glöggt af þessari grein, hver meiningin er. Ég held, að það væri æskilegt að taka það alveg skýrt fram, hver ætlunin er.

Ég skal svo ekki fara út í smáatriði, sem mörg gætu komið hér til greina, það er hlutverk n. að athuga það nánar.

En ég ætla þá að víkja að öðru höfuðatriði, sem mér finnst vera í þessum brtt. og í sambandi við það, sem frsm. meiri hl. sérstaklega gat um, og það er sú grein, sem fjallar um útreikninga á því, hverjir séu kjörnir, eða nánar tiltekið um þýðingu útstrikana og tilfærslna. Ég vildi gjarnan koma á framfæri þeirri skoðun minni hér, að ég álít, að það eigi að gera glöggan greinarmun á útstrikunum og tilfærslum. Ég álít, að það sé algerlega sitt hvað. Ég álít, að í raun og veru eigi ekki að leyfa útstrikanir, það er þessi listi, sem fram er boðinn, listinn er núna kominn í staðinn fyrir eina manninn, sem var í framboði, og það er þessi listi, sem um er að velja, og ekki annað. Ef menn vildu vera rökréttir í þessu og taka afleiðingunni af þessu, að manni er leyft að strika út, þá ætti hún að vera sú, að honum væri heimilt að bæta inn í staðinn nafni. Ég er ekki að gera það að minni till., að sá háttur sé tekinn upp, en í raun og veru er það alveg í framhaldi af hugsuninni um að leyfa útstrikun. Ég er þess vegna í raun og veru alveg á móti útstrikunum og held, að heimildin til þeirra ætti alveg að falla niður. Á hinn bóginn held ég, að það sé jafnsjálfsagt að leyfa tilfærslur á listum. En ég er sammála um það, að þær tilfærslur og þá sérstaklega útstrikanir, sem leyfðar hafa verið, hafa verið látnar vega of þungt til þessa. Hvort sú regla, sem þarna er sett fram, er heppileg eða ekki, treysti ég mér ekki til að dæma um að svo stöddu, en ég býst við, að hún miði í rétta átt: að draga nokkuð úr þýðingu þeirri, sem tilfærslur og útstrikanir hafa verið látnar hafa. En ég vildi gjarnan, að þessi sjónarmið yrðu tekin til athugunar í n., hvort ekki væri ástæða til einmitt að gera þennan greinarmun á, að hverfa frá útstrikunum alveg, enda þótt réttinum til tilfærslna sé að sjálfsögðu haldið.

Þá vil ég að lokum aðeins víkja að 44. brtt., við 127. gr. Ég er ekki alveg viss um, að ég skilji það mál rétt. Sú gr. stóðst algerlega eftir gamla skipulaginu. Það er enginn vafi á því, vegna þess að það var engin nauðsyn að úthluta ákveðinni tölu þingsæta. Nú skilst mér, að það sé ákveðið alveg tvímælalaust, að það eigi að vera 11 landskjörnir þm. Afleiðingin af fyrri mgr. 107. gr. er sú, að landskjörnir þm. geti misst umboð vegna breytingar þeirrar, sem kemur í ljós við uppkosninguna. Ef landskjörinn þm. missir umboð sitt, það hefur verið úthlutað 11 þingsætum, þá á einhver að fá það þingsæti í staðinn, og gæti þá ekki verið, að þessi gamla regla, sem tekin er upp í brtt., stangist á við það? Ég hef ekki athugað þetta, en skýt þessu aðeins fram n. til athugunar. Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Tvennt vil ég nefna í sambandi við brtt. stjskrn., sem fyrir liggja.

Það er fyrst viðkomandi 17. brtt., sem snertir 42. gr. frv. Ég held, að þrjú orð í þessari brtt. ættu að falla niður. Í till. eru fyrirmæli um það, að yfirkjörstjórn skuli gera almenningi kunna listana, sem fram hafa verið bornir, með auglýsingu í útvarpi og Lögbirtingablaði og auk þess í blöðum. Ég held, að orðin „framboðslista í Reykjavík" eigi að falla niður, þeim sé ofaukið þarna og gr. verði skýrari með því að fella þau niður, því að mér skilst, að þessi ákvæði eigi að gilda um öll kjördæmi og það eigi að birta í blöðum í öllum kjördæmum, þar sem annars blöð eru, vikublöð eða dagblöð. Ég vildi skjóta þessu til hv. nefndar.

Þá er það viðkomandi 24. brtt. Þar er um nýmæli að ræða, gert ráð fyrir í brtt., að það sé nægjanlegt að koma bréfi með utankjörstaðaratkvæði í einhverja kjördeild þess kjördæmis, þar sem hlutaðeigandi kjósandi er á kjörskrá. En þegar svo stendur á, að bréfi er komið í aðra kjördeild en þá, sem hlutaðeigandi kjósanda hefur borið að kjósa í, þá á undirkjörstjórn að geta þess sérstaklega í kjörbókinni og senda slík bréf að sjálfsögðu óopnuð til yfirkjörstjórnar. Hv. frsm. gerði grein fyrir þessari brtt., benti á, að þetta gæti orðið til þess að minnka fyrirhöfn við að koma utankjörfundaratkv. til skila. En þá held ég að sé nauðsynlegt að setja inn nýtt ákvæði í 100. gr. Í þeirri gr. er kveðið á um það, hvaða gögn undirkjörstjórn skuli senda til yfirkjörstjórnar með atkvæðakössum, og ég held, ef þessi 24. brtt. verður samþ., þá sé nauðsynlegt að mæla fyrir um það í 100. gr., að undirkjörstjórn skuli senda til yfirkjörstjórnar kjörskrá, merkta kjörskrá, þ. e. a. s. kjörskrá, þar sem hún hefur merkt við nöfn þeirra, sem kosið hafa á kjörstað. Þetta þarf yfirkjörstjórn að hafa til þess að ganga úr skugga um það, að viðkomandi kjósandi hafi ekki greitt atkv. á kjörstað í sinni kjördeild, því að því aðeins að hann hafi ekki gert það, má hún taka utankjörfundaratkv. frá honum gilt og setja það í atkvæðasafnið. Ég hygg, að sumar undirkjörstjórnir hafi gert það að undanförnu að senda kjörskráreintak þannig merkt til yfirkjörstjórnar, en aðrar munu ekki hafa gert það, en þetta þyrfti að gera, ef þessi breyt. verður gerð.

Að svo stöddu er það ekki fleira, sem ég vildi taka fram, en vildi beina þessu til n. til athugunar.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Áður en ég vík að þeim aths., sem fram hafa komið, er rétt, að ég geti þess, að skrifstofustjóri Alþingis hefur bent mér á, að það muni sennilega rétt að bera fram formlegar brtt. nú

til að leiðrétta þær misfellur, sem voru í prentuninni í sambandi við 36. brtt., þar sem 2. málsgr. þar á að vera eftir 102. gr., en ekki þar, sem hún var sett inn í hinu prentaða máli, á eftir 107. gr. Leyfi ég mér því fyrir hönd n., þó að ég hafi ekki borið þetta undir hana nú, vegna þess að hennar till. var ekki, að þessi brtt. væri þarna, heldur aftan við 102. gr., að flytja eftirfarandi brtt.:

„1. Á eftir 32. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi: Aftan við 102. grein bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Sé kosningu frestað skv. 128. gr., má talning atkv. aldrei fara fram, fyrr en kosningu er hvarvetna lokið".

Þetta leiðir af því, — ég ætlaði að víkja betur að því áðan, en gerði ekki, — að ef aðrar óviðráðanlegar ástæður hamla og kosning ferst fyrir, þá er talið nauðsynlegt og rétt, að það sé hvergi talið annars staðar. Það væri mjög undarlegt t. d., ef í einu kjördæmi, eins og hugsanlegt væri í Reykjavík, færist alveg fyrir kosning, að það væri farið að lesa upp öll kosningaúrslitin annars staðar. Eins er það jafnfráleitt, ef kosningu er frestað í einni kjördeild einhvers kjördæmis, að áður en þar verður kosið endanlega og kosningunni lokið, væru birt fyrir mönnum úrslit annars staðar á landinu. Þetta var sem sagt fyrri brtt. og þá önnur, að 2. efnismálsgrein 36. tölul. falli niður, þ. e. a. s. 2. mgr. í 36. brtt.

Um leið vil ég geta þess, að það var alveg rétt aths., sem fram kom hjá hv. þm. V-Húnv. varðandi 17. brtt., að orðin „framboðslisti í Reykjavík" eiga að falla niður, og það hefur líka slæðzt inn fyrir villu, og ég held, að ég verði því einnig að skila hér á eftir skriflegri brtt. um það. Þetta var svona í eldri l., að það átti að auglýsa í dagblöðunum í Reykjavík, en í n. kom okkur saman um að breyta þessu, að auk auglýsingar í útvarpi og Lögbirtingablaði skyldi birta listana í dagblöðum eða vikublöðum í viðkomandi kjördæmum. En þetta er því miður villa, sem hefur slæðzt inn í prentuninni, og er rétt að leiðrétta hana, og mun ég þá bera fram brtt. um það eða afhenda forseta hana einnig á eftir.

Þá vil ég aðeins víkja örfáum orðum að þeim aths., sem fram hafa komið, og þakka ég hv. þm. fyrir þær leiðbeiningar, sem fram komu í þeirra máli.

Ég tel, að alveg rétt sé í sjálfu sér sú aths., sem fram kom hjá hv. 1. þm. Skagf. varðandi 3. gr., og sé rétt að athuga það nánar. Einnig mun verða athugað nánar um 11. gr., hvort ástæða þykir til að gera hana betur úr garði eða nákvæmari, eins og hann vék að.

Um 110. gr. eru hins vegar sjálfsagt nokkuð skiptar skoðanir um það, hvort fella beri algerlega niður heimildina til útstrikana, og a. m. k. var ekki sú skoðun uppi í n. Hins vegar vildu menn breyta reglunum, sem um þetta giltu, og það er auðvitað sitt hvor reglan, sem gildir um útstrikun og röðun, því að breyt. á röðun á lista hefur miklu minni áhrif en útstrikun eftir eldri reglunum og helzt enn, vegna þess að í síðara tilfellinu telst viðkomandi manni ekkert atkv. á listanum. En það er í sjálfu sér ákaflega lítil breyt., við skulum segja t. d. á lista í Reykjavík, ef fyrsti maður er númeraður nr. 2 og annar maður nr. 1. Þá fær fyrsti maður á viðkomandi lista í staðinn fyrir 24/24 23/24 og annar í staðinn fyrir 23/24 24/24. Auðvitað verða þessar breyt. í sambandi við röðunina þeim mun meiri, sem neðri maður er færður hærra upp, og þess vegna breytilegar eftir því, hvar menn áður áttu sæti á listanum.

Ég veit, að sumir eru sömu skoðunar og hv. 1. þm. Skagf. um, að útstrikanir ætti í raun og veru ekki að leyfa, og að því má færa ýmis rök og réttilega þau rök, að ef útstrikanir séu leyfðar, mættu menn taka inn ný nöfn o. s. frv. Þetta má segja að sé allt saman rökrétt. En í meginatriðum held ég, að fleiri muni hallast að því, að miðað við þá venju, sem fengizt hefur, og viðhorf kjósenda almennt sé kannske hæpið að afnema alveg þessa heimild og með því móti e. t. v. gengið of langt á rétt kjósenda til þess að hafa einhver meiri áhrif við kosninguna en það eitt að kjósa listann og þá að láta í ljós vantraust sitt á viðkomandi manni með útstrikun og með þeim afleiðingum, sem um það er svo kveðið á að öðru leyti í kosningalögunum.

Ég tel sjálfsagt að athuga nánar þá aths., sem fram kom hjá hv. 1. þm. Skagf. varðandi 2. mgr. 127. gr. Ég held nú ekki fljótt á litið, að þessi breyt. á úthlutun uppbótarsæta, að þau skuli alltaf vera 11 í staðinn fyrir allt að 11, breyti því, að þessi mgr. eigi rétt á sér, því að enda þótt það sé rétt, að það hafi verið úthlutað allt að 11 uppbótarsætum áður, gat það engu að síður farið svo, að breyt. gat orðið á úthlutun uppbótarsætanna. Ef einhver missti sæti sitt, þá þýddi það ekki þá, að það yrði einum uppbótarþm. færra, því að það gat valdið því vegna nýrra kosninga eða annarrar niðurstöðu í kjördæmakosningunni, að einhver annar fékk uppbótarsætið. Og það er jafnvel hugsanlegt, held ég, að uppbótarþm. hefðu orðið fleiri í slíku tilfelli en þeir voru við fyrstu niðurstöðuna. Ég held, að það sé teoretiskt fljótt á litið hugsanlegt, en það er sjálfsagt að athuga það nánar.

Þá hef ég vikið að annarri aths. hv. þm. V-Húnv., sem réttmæt var, en sú síðari var varðandi 24. brtt., um 100. gr., og það er rétt, að það komi til athugunar, en þá þarf einnig að athuga 101. gr., en aths. sýnist mér hafa verið alveg réttmæt. En í 101. gr. er ákvæði um það, að um leið og kosningu sé lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni, sendir hún kjörskráreintök þau, sem notuð voru við kosninguna, í innsigluðum umbúðum til yfirkjörstjórnar. Það er fyrst það, hvort þetta nægir ekki, því að það er ekki fyrr en að atkvæðatalningunni lokinni, sem yfirkjörstjórn á að skila þessu aftur til sýslumanns eða bæjarfógeta. Mér skilst sem sagt við fyrstu sýn, að þessi mgr. 101. gr. muni nægja til þess að ná því marki, sem efnislega var rétt að vikið hjá hv. þm. í sambandi við 100. gr., en að sjálfsögðu er rétt að hugleiða það nánar.

Ég leyfi mér svo að leggja fram þessa skrif-

legu brtt., sem ég gat um áðan, og vildi biðja forseta aðeins um tóm til að rita hina brtt., sem ég gerði grein fyrir.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 18 og 19) leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

1. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.

Brtt. 14,1 samþ. með 23 shlj. atkv.

3. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
4. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 17:6 atkv.

Brtt. 14,2 samþ. með 20:1 atkv.

6. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
7.—9. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 14,3 samþ. með 23 shlj. atkv.

10. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
11.—12. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,4 samþ. með 21 shlj. atkv.

13. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
14.—20. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,5 samþ. með 19 shlj. atkv.

21. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
22.—25. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 14,6 samþ. með 23 shlj. atkv.

26. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
27. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 14,7 (ný 28. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 14,8 (ný 29. gr) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 14,9 (ný 30. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
31.—32. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 14,10 (ný 33. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 14,11 (ný 34. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 14,12 samþ. með 21 shlj. atkv.

35. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
36.—37. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 14,13 (ný 38. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 14,14 (ný 39. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 14,15 (ný 40. gr.) samþ. með 17:3 atkv.
— 14,16 (ný 41. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 19 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 14,17 (ný 42. gr.), svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.
43.—46. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,18 (ný 47. gr.) samþ. með 19 shlj. atkv.
48.—50. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 14,19 (ný 51. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
52. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 14,20 samþ. með 23 shlj. atkv.

53. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
54.—56. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
57. gr. samþ. með 17:5 atkv.
58.—61. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 14,21 samþ. með 24 shlj. atkv.

62. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
63.—65. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,22 (ný 66. gr.) samþ. með 23 shlj. atkv.
— 14,23 (ný 67. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
68.—70. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,24 samþ. með 20 shlj. atkv.

71. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
72. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
73.—77. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,25 (ný 78. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
— 14,26 (ný 79. gr.) samþ. með 24 shlj. atkv.
80.—84. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,27 (ný 85. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 14,28 (ný 86. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
87.—90. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 14,29 samþ. með 21 shlj. atkv.

91. gr., svo breytt, samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 14,30 samþ. með 21 shlj. atkv.

92. gr., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv.
93. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 14,31 samþ. með 19 shlj. atkv.

94. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
95.—99. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,32 samþ. með 21 shlj. atkv.

100. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
101. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 18,1 samþ. með 22 shlj. atkv.

102. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 14,33 samþ. með 23 shlj. atkv.

103. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
104. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 14,34 (ný 105. gr.) samþ. með 21 shlj. atkv.
— 14,35 (ný 106. gr.) samþ. með 25 shlj. atkv.
— 18,2 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 14,36 (ný 107. gr.), svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
108. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,37 (ný 109. gr.) samþ. með 20 shlj. atkv.
— 14,38 tekin aftur til 3. umr.
110. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
111.—115. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 14,39 samþ. með 21 shlj. atkv.

116. gr., svo breytt, samþ. með 20 shlj. atkv.
117. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.
118.—119. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,40 samþ. með 21 shlj. atkv.

120. gr., svo breytt, samþ. með 19 shlj. atkv.
121. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Brtt. 14,41 (ný 122. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 14,42 (ný 123. gr.) samþ. með 18 shlj. atkv.
124.—125. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.

Brtt. 14,43 (ný 126. gr.) samþ. með 22 shlj. atkv.
— 14,44 samþ. með 21 shlj. atkv.

127. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.

Brtt. 14,45 samþ. með 24 shlj. atkv.

128. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
129.—130. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
131.—132. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.

Brtt. 14,46 samþ. með 19 shlj. atkv.

133. gr., svo breytt, samþ. með 18 shlj. atkv.
134.—135. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
136.—137. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.
138. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
139. gr. samþ. með 18 shlj. atkv.
140.—145. gr. samþ. með 21 shlj. atkv.
146. gr. samþ. með 20 shlj. atkv.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir þess samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A 20, 23, 25, 26, 27).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Eins og gert var ráð fyrir við 2. umr. þessa máls, hefur stjskrn. athugað frv. að nýju og flytur nú á þskj. 23 nokkrar brtt., sem hún stendur öll sameiginlega að. Það voru allmörg

önnur atriði en þessar brtt. taka til, sem til umræðu kom innan n. að breyta, en það eru eins og áður aðeins fluttar þær till. af n., sem menn voru einróma um. Hins vegar hafa nm. enn frjálsar hendur að flytja sjálfir og fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma, og má vænta þess, að einhverjar slíkar till. verði fluttar. Ég skal takmarka mig við það núna að gera grein fyrir þessum brtt. stjskrn.

1. brtt., við 13. gr., er um það, að þegar kjörstjórar eru í framboði, — og hér er átt við, eins og fram kemur í 1. mgr. gr., kjörstjórar utan kjörfundar, — skulu þeir víkja sæti og varamenn gegna störfum þeirra, eins og sagði áður, en hér eru tekin inn ákvæði um það, hverjir þessir varamenn skuli vera, en var ekki áður í greininni. En varamennirnir eru sem sé fulltrúar sýslumanna og bæjarfógeta, í Reykjavík borgarfógeta, og ef hreppstjóri verður að víkja, þá skipar sýslumaður varamann hreppstjórans. Eins er ákvæði um það, að ef skipstjóri þarf að víkja sæti sem kjörstjóri utan kjörfundar, komi í hans stað 1. stýrimaður, sem gengur honum næst á skipinu.

2. brtt., við 33. gr., er þess eðlis, að ákvæði var áður þannig, að ef umboðsmenn lista væru ekki viðstaddir eða viðlátnir, væru það fremstu frambjóðendurnir á listanum, en brtt. þessi segir, að þá geti hvaða frambjóðandi sem er í aðalsæti komið fram fyrir hönd listans sem aðalmaður hans. Þetta er mjög eðlilegt, þar sem kjördæmin eru nú orðin svo stór og ef umboðsmenn vantar, en einhver af aðalmönnunum er viðstaddur, að hver þeirra sem væri gæti komið fram fyrir hönd listans þá sem umboðsmaður hans.

3. brtt. er smávægileg. Hún er aðeins til þess að árétta, hvernig með skuli fara þau bréf með utankjörfundaratkvæðum, sem send eru sérstaklega til yfirkjörstjórnar. En ef svo stendur á, að slíkum bréfum með utankjörfundaratkvæði er komið í aðra kjördeild en þar, sem viðkomandi kjósandi mundi hafa átt að kjósa, á að senda þau bréf sérstaklega til yfirkjörstjórnarinnar. Það er tekið hér inn ákvæði, hvernig yfirkjörstjórn skuli fara með þessi bréf, og þá vitnað til þess, að hún fari með þau á sama hátt og undirkjörstjórnir, þegar þær veita móttöku slíkum bréfum, setja kjörseðlana, eftir að hún hefur athugað þá og borið saman við kjörskrá, í atkvæðakassann.

Kem ég þá að 4. brtt., við 110. gr., sem er náttúrlega nokkurt álitamál um. Hv. þm. taka eftir því, að brtt., sem flutt var við 2. umr. og n. tók aftur, er nú komin fram í annarri mynd en hún var í brtt. n., og aðalefni þeirra breytinga, sem nú hafa orðið á henni, er, að samkvæmt þessari reglu, sem nú er lagt til að samþykkt verði, þurfa fleiri að hafa breytt eða strikað út af listanum, til þess að það geti hróflað við röð manna á listanum, heldur en áður var. Í stórum dráttum verður niðurstaðan þessi, að fyrst telst mönnum atkvæðamagnið, eins og allir listarnir væru óbreyttir eða seðlarnir væru óbreyttir, og af því atkvæðamagni, sem frambjóðandinn á listanum fær þannig, teljast honum 2/3 hlutar, en hins vegar 1/3, þegar aftur er reiknað í tvennu lagi, fyrst þeir seðlar, sem eru óbreyttir, og svo þeir seðlar, sem einhver breyting hefur verið gerð á. En almenna reglan, sú sem áður var í kosningalögunum, helzt, að efsta manni teljist t. d. í 5 manna kjördæmi, þar sem eru 5 aðalmenn og 5 til vara, 10/10 hlutar af atkvæðunum og næsta manni 9/10, 8/10 o. s. frv. og í 6 manna kjördæmi þá 12/12 o. s. frv. og 24/24 í 12 manna kjördæmi, í Reykjavík, aðalmenn 12 og 12 til vara.

Eins og þessi regla var áður í kosningalögunum, þurfti ekki nema rétt yfir 4% að strika einn mann út á lista í Reykjavík, 12 manna kjördæmi, til þess að geta breytt röð listans og fella hann niður í næsta sæti, í 6 manna kjördæmi þurftu aðeins $7^{9}/_{13}$% af kjósendum að strika yfir til þess að geta fellt mann um sæti og í 5 manna kjördæmi $9^{1}/_{11}$%. En eftir reglunni, eins og hún er nú orðuð hér í 4. brtt., hækka þessar tölur verulega, þannig að í Reykjavík þurfa yfir 12% kjósendanna að hafa strikað yfir mann, til þess að það geti haft áhrif á röðina á listanum, í 6 manna kjördæmi $23^{1}/_{13}$% og í 5 manna kjördæmi $27^{3}/_{11}$%.

Menn eru ekki alls kostar ánægðir í n. með þann mismun, sem fram kemur í kjördæmunum eftir því, hve margir þm. eru kosnir í hverju kjördæmi. En þó er á það að líta, að viðhorfið er nokkuð annað í minna kjördæmi en stærra, þar sem fólksfjöldinn er meiri, svo að það er kannske ekki með öllu óeðlilegt, þó að einhver munur væri á þessu. En hann er nokkuð mikill og verulega mikill, eins og er, þar sem annars vegar, eins og ég sagði áðan, þarf í Reykjavík t. d. aðeins yfir 12%, en í hinum kjördæmunum, 6 manna 23% rúmlega og 5 manna kjördæmunum 27% rúmlega. Það var mikið rætt innan nefndarinnar að miða hér aðeins við eina ákveðna prósentu, sömu prósentu í öllum kjördæmunum, að breytingar eða útstrikanir hefðu ekki áhrif á röð frambjóðenda t. d., ef það væru ekki yfir 20%, sem hefðu gert breytingar á röð viðkomandi manns. En þetta var sem sagt niðurstaðan í n. og er í meira samræmi við regluna, sem gilt hefur í kosningalögunum, en hins vegar sú breyting í raun og veru ein gerð, að það þarf allverulega miklu meiri breytingar til þess að hafa áhrif en áður var, og það fæst með því að gefa í raun og veru hverjum atkvæðisseðli, þar sem fyrst er talið eins og ekkert hefði verið breytt, helmingi meira gildi en þeim atkvæðaseðli, sem breytt er á, og þess vegna deilt með 2/3 skv. fyrstu málsgr., en 1/3 í hinum, annarri og þriðju.

Ég vona, að menn geti áttað sig nægjanlega á þessu, þar sem í raun og veru má segja, að í verulegum atriðum sé um sama fyrirkomulag að ræða og áður, með þeim breytingum, sem ég hef nú sagt.

5. brtt. er bara leiðrétting, sem leiðir af 4. brtt.

Svo er í 6. brtt. bætt inn í 128. gr. ákvæðum til nánari skilgreiningar á því, hvernig fara skuli með kjörgögn og kjörkassa og annað slíkt, ef kosningu einhverra hluta vegna hefur verið frestað, en heimild til frestunar var, eins og

menn muna eftir, tekin upp í brtt. n. við 2. umr. og samþykkt þá.

Loks hefur n. flutt ákvæði til bráðabirgða, sem kveður á um það, að þar sem kosningar eru nú væntanlegar á hausti, sennilega ekki fyrr en í októbermánuði, þá skuli vera tveir kjördagar, og er ákvæðið alveg samhljóða og áður hefur verið, 1942, við svipaðar kringumstæður, og 1949, þegar haustkosningar fóru fram.

Ég held ekki, að ég þurfi að hafa fleiri orð til að skilgreina þetta, nema sérstakt tilefni gefist til þess.

Steindór Steindórsson: Herra forseti. Eins og þegar hefur verið tilkynnt, verður útbýtt nú í d. tveimur brtt. við frv. það til kosningalaga, sem nú er til umr., sem ég á þátt í. Aðra brtt. flytjum við í félagi hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og hina flyt ég einn.

Ég vil fyrst ræða ofur lítið um fyrri brtt., þá sem við stöndum að tveir, hv. 3. þm. Reykv. og ég, og er um breytingu á kjördegi.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, standa óbreytt hin gömlu ákvæði um, að kjördagur skuli vera hinn síðasti sunnudagur í júní. Brtt. okkar hljóðar þannig, að í staðinn fyrir síðasta sunnudag kemur annar sunnudagur í júní, þ. e. a. s. kjördagurinn færist fram á vorið um hálfan mánuð. Hann getur, ef sú brtt. verður samþykkt, orðið í fyrsta lagi 7. júní og í síðasta lagi hinn 14.

Ástæðurnar fyrir þessu vil ég rekja í stuttu máli. Ef vér lítum á þær breytingar, sem gerðar hafa verið á kosningalögunum fram að þessum tíma, miða þær yfirleitt í þá átt eða a. m. k. tiltekinn hluti þeirra að gera kjósendum léttara fyrir að neyta kosningarréttar síns. Ef vér lítum á elzta fyrirkomulag kosninganna, þegar kjörstaður var einn í hverju kjördæmi og hver kjósandi varð að koma þar og greiða atkvæði í heyranda hljóði, og vér berum það saman við það, sem nú er, þá sjáum vér, hversu geysilegur munur er á því. Vér sjáum, að í fyrsta lagi eru náttúrlega komnar leynilegar kosningar, það er nú sér á parti, en er vér lítum aðeins á hitt, þá er kjördæmunum skipt í fjöldamarga hluta með mörgum kjörstöðum, og þar að auki er kjósendum gefin heimild til þess að kjósa utan kjörstaðar, ef þeir af einhverjum ástæðum geta ekki verið heima hjá sér eða innan sinnar kjördeildar á kjörfundi. Og sennilega miðar það einnig í sömu átt, að ákvæðinn hefur verið með lögum fastur kjördagur, mig minnir, að fyrr gæti það verið nokkuð af handahófi ákveðið eða réttara sagt: það væri sinn kjördagurinn fyrir hverjar kosningar, þó þori ég ekki að fullyrða, að ég muni það rétt. Ég geri ráð fyrir því, að einnig hafi það verið gert til þess, að mönnum væri léttara að mæta á kjörstað, að ákvæðinn er sunnudagur til kosninganna, en ekki kosið á virkum degi. Nú má segja, að í margra fridaga landi eins og okkar sé það ekki óeðlilegt að nota sunnudag til kosninga, enda þótt ég búist við, að það tíðkist ekki annars staðar í löndum kristinna manna, og að frá því sjónarmiði sé það kannske ekki alls kostar viðfelldið.

Vér sjáum þá, að það er tilætlunin að reyna að velja þann kjördag, sem megi vera mönnum sem heppilegastur, hvernig sem á stendur, bæði með tilliti til árstíðar og tilliti til atvinnuhátta.

Ef vér lítum á utankjörstaðaratkvæðagreiðsluna, þá er hún sprottin af illri nauðsyn, og það er vitanlegt, að það er hverjum og einum manni léttara og eðlilegra í sjálfu sér að kjósa á kjörstað á kjördegi heldur en að ganga fyrir einhvern embættismann, sem valinn er sem kjörstjóri, og greiða þar atkvæði sitt, auk þess sem utankjörstaðaratkvgr. fylgir það, að þar verður að skrifa meira eða minna, en á kjörstað er einungis gerður kross, og einmitt þessi skrift hefur valdið því, eins og vér vitum, að mörg atkvæði verða ónýt hverju sinni. Af þeirri ástæðu er því fullkomlega skylt að gera það, sem unnt er, til að draga úr utankjörstaðaratkvgr., að svo miklu leyti sem lögin geta kveðið á um slíkt. Þau eiga a. m. k. að stuðla frekar að því að draga úr henni heldur en að auka hana. Einnig skulum vér ekki dyljast við þann sannleika, að í sambandi við mikla utankjörstaðaratkvgr. fer fram á marga lund harðvítugri áróður og á alla lund óþægilegri kjósendum heldur en þó sá áróður, sem rekinn er fyrir venjulegar kosningar á kjördegi. Kjósandi, sem fluttur er einn eða farið er með einum á kjörstað utan kjörfundar, er í sjálfu sér á ýmsa lund háðari þeim, sem honum fylgir, heldur en hinn, þó að honum sé ekið á kjörstað. Þetta er líka ástæða til þess að draga úr utankjörfundaratkvgr., ef unnt væri.

Sá kjördagur, sem nú er í lögum og er óbreyttur í frv., hefur á sínum tíma verið settur þannig, að hann væri á marga lund heppilegur, eins og þá stóðu sakir. Hins vegar er nú komið svo, að hann er settur á þeim tíma ársins, að það hlýtur óhjákvæmilega að leiða af honum, að þar verður meira um utankjörstaðaratkvgr. en vera mundi, ef kjördagurinn væri nokkrum tíma fyrr að vorinu. Það er vitað, að þegar kemur fram í miðjan júní og raunar nokkru fyrr, þá tekur t. d. síldveiðiflotinn allur að búast á veiðar. Og þegar kjördagur er seinni hluta júnímánaðar eða jafnvel allt að síðasta degi júnímánaðar, eins og t. d. hann var nú við síðustu kosningar, 28. júní, þá er undantekningarlaust að kalla má hvert eitt einasta skip, sem síldveiðar stundar, komið á haf út. Og allir þeir menn, sem á flotanum eru, hafa því hlotið að greiða atkvæði utan kjörstaðar og verið komnir burt frá heimilum sínum að meira eða minna leyti, þegar meginkosningabaráttan hófst. Það hefur þannig verið hvort tveggja í senn, að þeim hefur verið meinað að koma á kjörstað og greiða sitt atkvæði þar, og þeim hefur líka verið meinað að fylgjast með eða taka þátt í þeirri baráttu, sem fram fer dagana á undan kjördegi, sem vitanlega er alltaf mest um síðustu dagana og síðustu vikurnar. Það má því segja, að þetta hvort tveggja sé ótrúlega mikið tillitsleysi, sem tekið er til svo mikilvægs hluta af kjósendum eins og alls þess mikla fjölda manna, sem síldveiðarnar stunda.

Það má segja, að þetta sé kannske augljósasta dæmið um það, að kjördagur er of seint að vorinu. En það má líka minna á það, að ýmiss konar aðrar fjarvistir eru farnar að vera meiri

og verða stöðugt meiri og meiri, eftir því sem líður á júnímánuð. Sumarleyfisferðir eru nú einu sinni orðnar þáttur í okkar þjóðlífi, sem vér getum ekki komizt fram hjá, og menn leitast við að taka eitthvað af þeim svo snemma sem unnt er, og það verður sjaldan fyrr en seinni hluta júnímánaðar. Atvinnu margra manna er þannig háttað, að þeir hafa oft kannske ofur lítið hlé einmitt síðari hluta júnímánaðar og gripa því þá stundina, ef þeir þurfa að ferðast eitthvað, annaðhvort vegna brýnna nauðsynja eða sér til skemmtunar. Ég hygg, að flestir, sem komið hafa nálægt kosningum, hafi orðið þess varir meira eða minna, að það er mikið los og rót komið á fólkið einmitt síðari helming júnímánaðar, rót, sem er enn þá tiltölulega miklu minna fyrri hluta þess mánaðar.

En það er vitanlega á fleira að líta en þetta eitt. Vér verðum einnig að líta á þá, sem heima sitja, sem hvorki þurfa, vilja né geta farið að heiman og kjósa þess vegna á kjördegi. Þeir eru vitanlega alltaf fleiri en hinir, og ef þeirra hlutur væri verulega skertur með flutningi kjördagsins um þennan hálfa mánuð, þá er það vitanlega ekki unnt, ef um væri að ræða verulega skerðingu á þeirra rétti. En ef vér skoðum nú það mál ofan í kjölinn, þá er þar ákaflega lítið á þeirra hlut gengið.

Þegar þessi kjördagur var settur á sínum tíma, voru, eins og allir hv. þm. vita jafnvel og ég, harðla ólíkar kringumstæður og aðstæður því, sem nú er. Ég geri ráð fyrir, að þessi dagur hafi þá einkum verið ákveðinn með tilliti til strjálbýlisins og sveitanna, en þá voru voryrkjur allar mun síðar á ferðinni en þær eru nú, sláttur byrjaði miklu seinna. Og einmitt þegar kom undir mánaðamótin júní—júlí mátti gera ráð fyrir, að þar yrði ofur lítið hlé á þeim hlutum. Slíkt hlé er orðið fyrr núna. Voryrkjum er lokið fyrr, og sláttur byrjar fyrr, þannig að í mörgum sveitum landsins er hann kominn af stað einmitt þegar komið er að kjördegi, í síðustu viku júní og jafnvel fyrr, þannig að frá þessu sjónarmiði hafa aðstæðurnar breytzt svo verulega, að ég mundi álíta jafnvel heppilegra að hafa þann kjördag hálfum mánuði fyrr en nú er fyrir allan þorra manna í sveitum landsins.

Annað mál er samgöngurnar. Þar hafa breytingarnar þó kannske orðið enn stórfelldari og enn þá augljósara, að það er ekki brýn þörf á að draga kosningar fram undir lok júnímánaðar vegna vega.

Þegar þessi kjördagur var ákveðinn, voru fæstir fjallvegir á landinu öðruvísi en ruddir, og það hefði ekki hvarflað að nokkrum manni þá, að unnt væri að ryðja snjó af vegum að nokkru ráði fyrr en guð og lukkan lét hann hverfa af sjálfu sér fyrir vorleysingunni. Nú vitum vér það, að fjallvegir eru opnaðir mjög snemma, og það er orðið nú áreiðanlega jafngreiðfært, ef ekki greiðfærara um flesta landshluta síðast eða jafnvel snemma í maí og jafnvel síðast í apríl heldur en var í júní fyrir 30—40 árum. Þess vegna er ekki heldur ástæða til að firrast það að flytja kjördaginn þannig, að hann verði fyrr að vorinu en áður.

Ég geri ráð fyrir því, hvað samgöngur snertir, að það sé ekki eingöngu miðað við kjósendurna sjálfa. Það er nú sjaldan, eftir að komið er fram í maí eða júníbyrjun, að það sé ekki fært innsveitis, bæði til að komast á kjörstað og til að komast á kjörfundi. Hitt er annað mál, að það verður náttúrlega líka að taka tillit til hv. frambjóðenda, ekki sízt þegar kjördæmin eru orðin svo stór sem nú verður. En ég held nú samt af þeim kynnum, sem ég hef af vegum og samgöngum á landinu, að mér sé óhætt að fullyrða það, að eftir að kemur að ráði fram í maímánuð, og mikið yfir mánaðartíma býst ég nú varla við að menn taki til yfirreiða um kjördæmin, — en eftir að komið er fram á þann tíma, þá séu vegir það greiðir, að frambjóðendur geti komizt óhindraðir ferða sinna og flutt kjósendum fagnaðarboðskap sinn.

Það mætti ef til vill segja, að það hefði verið ástæða til að ganga enn róttækar til verks og hafa kosningadag fyrr á vorinu. Við flm. höfum þó ekki viljað ganga lengra, og ég held, að það væri kannske ekki alls kostar heppilegt eða a. m. k. það mætti finna fleira á móti því en á móti þessari færslu. T. d. fyrsti sunnudagur í júnímánuði, sem er nú orðinn viðurkenndur sem helgidagur sjómanna, það er óheppilegt að fara að hagga við honum aftur vegna kosninga, og að fara fram í maímánuð mundi vera fullsnemmt. Þess vegna er það þessi dagurinn, sem hér hefur verið hallazt að.

Þetta var önnur brtt.

Hin brtt. er við 4. liðinn af þeim brtt., sem stjrskrn. flytur hér. Ég stend einn að þeirri breytingu.

Þegar við gengum frá þessum till. í stjskrn., mun hafa verið fullkomin samstaða um meginstefnuna, eins og hv. frsm. benti á, þá meginstefnu að draga úr áhrifum útstrikana og tilfærslna á framboðslistum. Og ég held satt að segja, að það sé ekki ágreiningsatriði milli nokkurra manna, a. m. k. engra þeirra, sem ég hef átt tal við hér í Alþingi, að það þurfi að gera eitthvað í þessum efnum.

Það er sýnt, að eins og þetta hefur verið fram að þessu, er raunverulega örfáum mönnum gefinn óeðlilega mikill réttur. Það geta tiltölulega fáir menn innan heils kjördæmis ráðið því, hvort maður fær þingsetu eða ekki, þegar til færslu milli sæta á listum þurfti ekki nema um 10% í 5 manna kjördæmum, og mér skilst, að eins og atkvæðatölur voru nú síðast, muni þingmaður geta náð þar kosningu með 600—700 atkvæðum. Og þá sjáum vér, að það eru ekki ýkjamargar útstrikanir og það er tiltölulega létt að koma þeim af stað. Að 60—70 manns eigi að ráða meiru en hinir 600—700, sem eftir eru, það finnst mér ekki ná nokkurri átt, og þar er yfirleitt enginn ágreiningur um. Hitt er það, sem hefur verið meira um talað, — ég vil kannske varla segja um deilt, það væri of sterkt að orði kveðið, — hversu langt ætti að ganga í því að takmarka þennan útstrikunarrétt kjósendanna. Hv. 1. þm. Skagf. (ÓlJ) lét orð falla að því við umr. hér síðast, að raunverulega væri ekki óeðlilegt að banna útstrikanir með öllu, þar sem ekki kæmi á móti sá réttur kjósandans

að bæta mönnum inn á listann. Og satt að segja virtist það reyndar ekkert óeðlilegt, að þar væri meiri hl., sem réði, að annaðhvort stæði listinn óhaggaður eða þá ef farið væri að strika út, þá yrði a. m. k. helmingur þeirra, sem atkv. greiddu, að má manninn út af listanum. Þó hefur víst enginn nm. viljað ganga svo langt að setja það upp í 50%.

Það hafa því komið fram tvær reikningsreglur, sem þarna er um að ræða, þ. e. a. s. reikningsregla, sem er í brtt., og hins vegar önnur, þar sem í staðinn fyrir ⅔, þ. e. í staðinn fyrir, að deilt er með þremur, þá verður deilt með 4. Ég hef ekki nákvæmlega orðanna hljóðan fyrir mér, þannig að ég geti sagt það orðrétt, en í staðinn fyrir, að í brtt. n. er gert ráð fyrir þriðjungadeilingu eða margföldun með brotinu 2/3, verður eftir till. minni fjórðungadeiling. Annars er reglan eins. En útkoman verður dálítið önnur, þar sem með þeirri reglu, sem núna er, þarf útstrikanir til að fella mann úr sæti, eins og hér hefur verið getið, í Reykjavík 12%, í 6 manna kjördæmum 23 1/13% og í 5 manna 27 3/11%. Með þeirri reikningsreglu, sem tekin er upp í brtt. minni, verða áhrifin þau, að hér í Reykjavík þarf 16%, í 6 manna kjördæmum 30 10/13% og í fimm manna kjördæmum 36 4/11%. M. ö. o.: þar sem þetta verður áhrifamest, þarf rúmlega þriðjungur kjósenda að strika manninn út, svo að hann færist niður um sæti, og satt að segja finnst mér það ekki of mikið tiltekið.

Hv. frsm. minntist á það, sem rætt var um, að það væri kannske ekki alls kostar eðlilegt, að það væri mismunur á milli kjördæma. En þó finnst mér það ekki óeðlilegt, einmitt af þeim rökum, sem hann nefndi hér, og ég fer ekki að endurtaka það.

Það er verið að útdeila brtt., svo að þér sjáið hér nákvæmlega orðamuninn. Það stendur, að í staðinn fyrir ⅔ í 110. gr. komi ¾, og í staðinn fyrir þriðjung atkvæða komi fjórðungur atkvæða, og áhrifin eru þessi, sem ég gat áðan, það verða 16%, 30 10/13% og 36 4/11%.

Málið liggur þá raunverulega þannig fyrir: Það er fullkomin samstaða í meginatriðum að takmarka útstrikunarréttinn eitthvað. Það er einungis það, sem ágreiningur er um milli aðalbrtt. og brtt. minnar við þá brtt., að í staðinn fyrir 12—27% komi 16—36%, sem þurfa að strika út mann, svo að sæti hans breytist, hann færist niður um sæti eða upp um eitt sæti.

Það má ætla, ef vér lítum á þetta, að verið sé að takmarka þarna rétt kjósandans að einhverju ofur litlu leyti, en þá verðum vér samt að líta á annað: Ef allir kjósendur væru nú saman komnir, þegar verið væri að samþykkja listana, og greiddu atkvæði, þá eru ákaflega miklar líkur til þess, að röð listanna yrði samþykkt hverju sinni með nokkrum meiri hluta kjósenda, annars væri ekki hægt að koma honum saman. Við getum sett dæmið þannig upp: Listinn yrði samþykktur með nokkrum meiri hluta, kannske oft litlum, en í hvert sæti, ef greitt væri atkvæði um hvern mann um sig, yrði hann samþykktur með nokkrum meiri hluta kjósenda. Ef svo sama regla og gilt hefur fram að þessu ætti að gilda, getur örlítið brot aftur á móti fellt vilja þessa meiri hluta, og eins og ég sagði áðan: deilan er um, hve stórt þetta brot á að geta orðið.

Við þær kosningar, sem nú fara í hönd, má gera ráð fyrir því, að það verði kannske meiri tilhneiging til breytinga og tilfærslna á listum en áður hefur verið við hlutfallskosningar, vegna þess að kjördæmin eru stærri og fleiri annarleg sjónarmið geta komið fram. Í staðinn fyrir það, að áður hafa útstrikanirnar oft stafað beinlínis af persónulegum ástæðum, — ja, mér liggur við að segja óvild, eða einhverri smámunasemi, þá geta nú komið til mismunandi sjónarmið héraða og annað því um líkt. Þess vegna álít ég, að það sé bráðnauðsynlegt einmitt á þessu þingi að setja rammari skorður við því, að þessar tilfærslur geti haft alvarleg áhrif um úrslit kosninganna. E. t. v., þegar menn eru búnir að venjast þessu, væri hægt að breyta því aftur, ef mönnum svo sýnist. Ég hef enga trú á því, að menn geri það, þegar þetta væri einu sinni komið í kring. En einmitt vegna þessara sérstöku ástæðna vil ég leggja áherzlu á, að það verði gengið svo langt sem þessi till. mín gefur tilefni til, því að mér finnst satt að segja varla mega vera minni hömlur á þessu útstrikanafargani öllu saman.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. Við höfum leyft okkur, fulltrúar þriggja af flokkunum, sem eru í stjskrn., hv. 9. landsk. þm. (StSt), 4. þm. Reykv. (JóhH) og ég, að flytja hér nokkrar brtt., sem eru á þskj. 25.

1. brtt., við 9. gr., er á þá leið, að í staðinn fyrir, að sýslumenn skuli vera sjálfkjörnir sem yfirkjörstjórar í hinum stóru kjördæmum, skuli vera kosin yfirkjörstjórn slíkra kjördæma af sameinuðu Alþingi, á sama hátt og landskjörstjórn er kosin. Okkur finnst þetta eðlilegt. Það er í samræmi við það, sem gert er viðvíkjandi landskjörstjórn, og slík aðstaða á að tryggja a. m. k. eins vel eða jafnvel betur hlutleysi og eftirlit í sambandi við kosninguna heldur en það fyrirkomulag, að sýslumenn séu í því eftir aldri.

Það hefur fallið þarna niður, sem er sjálfsagt líka, og það er, að þeir menn, sem kjörnir séu, skuli búsettir í viðkomandi kjördæmum, og verður þskj. prentað upp með þeirri leiðréttingu.

Þá leggjum við enn fremur til með 2. brtt., við 10. gr., að í síðari mgr. sé þar breytt 1. málslið, þannig að í kaupstöðum, þar sem kjördeildir séu fleiri en ein, kjósi bæjarstjórn þriggja manna kjörstjórn til þess að hafa með höndum stjórn undirkjörstjórna á hverjum kjörstað. Það er í hinum stærri bæjum þannig, að víða eru margar kjördeildir, jafnvel margir kjörstaðir, við skulum segja eins og í Reykjavík, og það þarf að vera hægt að hafa eina nefnd, eina kjörstjórn, sem hefur eins konar verkstjórn á þessum undirkjörstjórnum og samræmir þeirra verk, þeirra úrskurði og þeirra afstöðu. Í öðru lagi mundi slík kjörstjórn hafa það verkefni með höndum að hafa samband við yfirkjörstjórn. Í þessum stóru kjördæmum er alveg

greinilegt, að þarna vantar eins konar millilið á milli, og þessi brtt. okkar ætti að bæta úr því.

Þá leggjum við til í þriðja lagi, að breytt sé 40. gr., þannig að stjórnmálaflokki sé heimilt að velja sér bókstaf, sem er ekki notaður af þingflokki, en tilkynna skuli hann landskjörstjórn slíkt val samstundis. Það hefur verið skoðun ýmissa okkar, að það væri rétt að breyta því fyrirkomulagi, sem nú er, og ég fyrir mitt leyti kom með þær uppástungur í stjskrn., en varð ekki samkomulag um. Það hefði verið rétt nú að mínu áliti, um leið og stjórnarskránni og kosningalögunum er breytt, að hrista upp þetta gamla fyrirkomulag, sem verið hefur nú um nokkur ár, að eldri flokkarnir hafi þarna sérstaka bókstafi, löghelgaða sér, síðan sé haldið áfram með stafrófið gagnvart nýjum flokkum, en um það hefur ekki orðið samkomulag. Við höfum hins vegar gert samkomulag um það, að stjórnmálaflokki væri heimilt að velja sér bókstaf. Það er vitanlegt, að þessir bókstafir, eins og þeir eru núna, geta verið bæði til óþæginda fyrir stjórnmálaflokkana sjálfa og fyrir kjósendurna, sem eiga að skrifa þá, bara vegna þess, hve erfitt er að tryggja það, að hægt sé að skrifa slíka bókstafi þannig, að menn geti alltaf verið öruggir um, hvað eigi að lesa út úr þeirri skrift. Þegar það meira að segja kemur fyrir á Alþingi, að svo ólíkir bókstafir, sem manni finnst A og D vera, eru skrifaðir þannig, að forsetar Alþingis eru í nokkrum vafa um, hvernig lesa skuli, þá getur maður hugsað sér, hvernig sé með aðra bókstafi og almenning, þegar hann á að skrifa þetta.

Þess vegna er það ekki nema eðlilegt, að nýr flokkur og eins flokkar, sem eru þingflokkar, geti valið um það, ef þeim finnst annar bókstafur þægilegri en sá, sem þeir mundu fá eftir stafrófsröðinni, að þeir megi þá kjósa sér hann. Mér virðist það vera mjög sanngjarnt.

Þá hefur enn fremur orðið samkomulag um þá breytingu, sem er hin fjórða á þessu þskj., við 133. gr., að það megi ekki safna undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra eða heyrt geta undir valdsvið Alþingis, eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar.

Í stjórnarskrá og kosningalögum eru gerðar mjög miklar ráðstafanir til þess að reyna að hindra, að á þeim tímum, sem alþingiskosningar fara fram, sé verið að grennslast eftir skoðun kjósenda eða reyna að binda kjósendur með undirskriftum, sem vitanlegt er að menn taka mjög hátíðlega, eins og vera ber. Og í samræmi við það eru mjög ákveðin fyrirmæli í l. um, að ekki megi safna nema ákveðinni tölu undirskrifta til meðmæla með mönnum og ekki megi skora t. d. á menn á slíkum tímum eða annað slíkt. Þetta er allt saman gert með það fyrir augum, að það sé ekki hægt að fá menn til þess að binda sig þannig eða komast eftir skoðunum manna þannig með því að spyrja, hvort þeir vilji skrifa undir þetta og þetta. Nú er hægt oft að gera þetta sama, þegar kannske eitt mál er höfuðmál í einum kosningum, og hefur jafnvel sýnt sig, að slíkt hefur verið gert í allríkum mæli og stundum kannske allir kjósendur í heilum hreppi verið látnir skrifa undir slíka áskorun, sem jafngilti raunverulega, að þeir segðu, hvernig þeir ætluðu að kjósa. Það er þess vegna ekki nema í samræmi við alla þá stefnu, sem í stjórnarskránni er, að það skuli dregið úr og bannað að safna slíkum undirskriftum þennan tíma, sem sjálfar alþingiskosningarnar standa yfir, allur undirbúningur undir þær, þ. e. upp undir tveggja mánaða tíma, og er þetta til samræmis við þær aðrar ákvarðanir, sem eru í kosningalögum og eiga að stuðla að því, að menn séu ekki bundnir með undirskriftum meira en allra nauðsynlegast gerist vegna framboðs eða að ekki sé verið að knýja menn til þess að láta í ljós eða neita sínum skoðunum eða binda sig með þær, þegar búið er að ákveða kosningar. Hins vegar dregur þetta ekki á neinn hátt úr allri þeirri annarri starfsemi, sem flokkar hafa með höndum þess á milli.

Ég er enn fremur meðflm. á þskj. 27 ásamt hv. 9. landsk. að brtt., sem hann þegar hefur mælt vel fyrir, þannig að engin þörf gerist á að bæta þar neinu við.

Þá vildi ég að lokum aðeins segja örfá orð í sambandi við till. stjskrn. á þskj. 23, þá sem er nr. 4, brtt. við 110. gr. Ég stend að vísu með stjskrn. að þeirri till. og vil þó aðeins með nokkrum orðum láta í ljós mína persónulegu skoðun á því máli, eins og ég hafði gert í nefndinni.

Það er almenn tilhneiging í öllum þingflokkunum að takmarka meira en gert hefur verið þann rétt, sem kjósendur hafa til þess að geta breytt á listum. Og þetta verður nokkurt „prinsip“-atriði, þegar einmenningskjördæmin nú hverfa og þessi stóru hlutfallskjördæmi taka við. Í hlutfallskjördæmunum hefur það verið svo hingað til, að þar hefur réttur kjósandans verið mjög víðtækur. Kjósandinn hefur þar haft persónulega ákaflega mikinn rétt til þess að geta breytt til, og það hefur ekki nema lítill hluti kjósenda þurft annaðhvort að taka sig saman um að gera slíkt eða vera á þeirri skoðun, án þess að nokkur samtök væru, að slíkt væri gert, og ég skil vel og viðurkenni alveg réttmæti þeirrar tilhneigingar að takmarka þetta nokkuð, vegna þess að þetta hefur verið ákaflega víðtækt og gefið jafnvel óheilbrigðum tilhneigingum undir fótinn. Hins vegar er gengið ákaflega langt með þeirri breyt., sem við í stjskrn. nú flytjum.

Hins vegar hefur það verið svo með einmenningskjördæmin, að þar hefur raunverulega réttur kjósandans verið hverfandi lítill í þessu efni, þegar uppstilling á annað borð hafði farið fram. Þar hefur það verið svo, að ef einn flokkur á annað borð er sterkastur í einu kjördæmi og á rétt á að koma manni að, þá fer maðurinn inn í einmenningskjördæmi, þó að öll atkv. á hann séu á landslistanum og enginn vilji kjósa hann persónulega, þannig að í þessum einmenningskjördæmum er þannig algert alræði flokksins.

Mér hefur virzt vera nokkur tilhneiging að gera þessi ráð flokkanna mjög mikil í þeim till. og hugmyndum, sem fram hafa komið í umr. um þessi mál. Að vísu eiga kjósendur þess kost, ef þeir eru óánægðir með t. d. 1., 2. eða 3. fram-

bjóðanda eða einhvern þeirra, að bjóða fram annan lista, þó að þeir tilheyri sama flokki, og ef sá listi yrði sterkari, þá er, t. d. ef um einn mann er að ræða, efsti maður af honum kosinn. Hins vegar er bannað, að einn maður sé í kjöri á fleiri en einum lista, líka þó að það sé sami flokkurinn, sem býður báða listana fram, þannig að ef baráttan stendur t. d. um einn mann, en aðra menn eru menn kannske sammála um, þá er ekki hægt að bjóða fram lista með þeim mönnum, sem menn eru sammála um, og án þess manns, sem menn eru ósammála um, þannig að vald kjósendanna er náttúrlega hvað þetta snertir ákaflega mikið takmarkað, erfitt fyrir þá t. d. þannig að ætla beinlínis að fara að kljúfa og bera fram aðra lista, enda náttúrlega finnst engum flokki æskilegt að ýta undir það. En þetta þýðir hins vegar, að breytingarmöguleikarnir eru hverfandi litlir. Fyrir flokk, sem kemur t. d. að þrem mönnum í fimm manna kjördæmi, er svo að segja ómögulegt að fella t. d. fyrsta mann frá kosningu. Ég hef ekki reiknað það nákvæmlega út, en ég býst við, að þó að yfir 75% strikuðu hann út, væri hann ekki fallinn. Og ef flokkur kemur fjórum að í fimm manna kjördæmi, þá held ég, að það sé „teoretískt" útilokað, að efsti maðurinn, þó að hver einasti maður striki hann út, falli, og það er vert, að menn geri sér þetta ljóst.

Hingað til hefur verið auðvelt að breyta, ef hlutfallskosningar hafa verið, og ómögulegt að breyta, ef einmenningskjördæmi hafa verið. Menn hafa getað látið sína skoðun í ljós með því að kjósa landslista. En þó að einn maður í einmenningskjördæmi fái ekki eitt einasta persónulegt atkv. og landslistinn öll og flokkurinn sé þar með nógu sterkur til þess að vinna, þá fer maðurinn jafnt inn fyrir það. Á þessu vildi ég aðeins vekja athygli manna.

Út af fyrir sig er það dálítið óeðlilegt, að einn maður geti farið inn, þó að meiri hluti kjósenda sé á móti honum og striki hann út. En þannig er það, eins og þessi okkar uppástunga er. Hins vegar verður náttúrlega að ganga út frá því, að það komi vart fyrir, að flokkar stilli þannig upp, svo að þetta eru máske þess vegna meira dæmi, sem eru fræðilegs eðlis, heldur en praktísk dæmi. Manni virðist raunverulega, að það hefði kannske verið hið rétta, ef um 50% kjósenda striki einn mann út, þá ætti hann að vera fallinn. Allt eru þetta nú atriði, sem betur má athuga, þegar öll þessi kosningalög verða betur endurskoðuð, það verður náttúrlega alltaf nokkur fljótaskrift á þessum hlutum nú, og þess vegna flyt ég heldur engar brtt. við þetta og stend að þessari brtt., sem samkomulag hefur orðið um í stjórnarskrárnefnd.

Frsm. minni hl. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Breyt. sú, sem nú á að gera á stjórnarskrá hins íslenzka lýðveldis, felur það í sér, að miklar breyt. verður jafnframt að gera á kosningal., eins og rakið hefur verið í umr. um þessi mál. Eitt af því, sem óhjákvæmilegt er að breyta í kosningal., er skipun yfirkjörstjórna í sambandi við stækkun kjördæmanna.

Hin gamla regla í gildandi kosningal. hefur verið sú, að sýslumaður í hlutaðeigandi héraði hefur verið oddviti yfirkjörstjórnar, en sýslunefnd eða bæjarstjórn hefur kosið 2 yfirkjörstjórnarmenn til eins árs í senn úr hópi kjósenda í kjördæminu.

Í frv. því, sem nú liggur fyrir um breyt. á kosningal., er gert ráð fyrir því, að sú regla verði tekin upp í hinum væntanlegu stóru kjördæmum, að þrír embættismenn, sýslumenn eða bæjarfógetar, sem þar eru búsettir, skipi yfirkjörstjórn. Við fulltrúar Framsfl., sem sæti áttum í stjskrn., gátum fallizt á þá skipan, sem í frv. greinir, og það kom fram í umr. í n., enda tekur stjskrn. í heild ekki upp breyt. á þeirri gr. frv., sem um þetta fjallar. En nú fyrir skömmu hefur verið útbýtt hér í d. brtt. á þskj. 25, sem fluttar eru af þremur hv. þm., sem sæti áttu í stjskrn. Nd., og fyrsta brtt. á því þskj. fjallar um það, að tekin skuli upp sú skipan á kosningu yfirkjörstjórna, að þær skuli kosnar af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn.

Það kemur ekki fram í till., eins og hún liggur fyrir á þskj. 25, hvar þessir menn, sem hæstv. Alþ. á að kjósa í yfirkjörstjórn í kjördæmunum, eigi að hafa búsetu, en mér heyrðist, þegar ég kom hér inn í d., fyrsti flm. lýsa því, að þskj. mundi verða endurprentað með leiðréttingu, sem færi í þá átt. Það er einnig eftirtektarvert, að í þessari brtt. kemur það ekki fram, til hve langs tíma kosningin á að gilda, hvort sameinað Alþ. á að kjósa yfirkjörstjórn árlega eða hvort kjörtímabil þeirra verður eitthvað lengra.

Við, sem eigum sæti í stjskrn. þessarar d. af hálfu Framsfl., getum ekki fallizt á að gera þá breyt. á þessari skipan, sem í brtt. hinna þriggja þm. felst. Við teljum það óeðlilegt, en hefðum eftir atvikum, eins og ég tók fram áðan, getað fallizt á þá skipan, sem ráðgerð er í frv.

Þrír sýslumenn eða bæjarfógetar mundu líta á starf sitt í yfirkjörstjórn að okkar dómi ópólitískt. Þetta eru menn, sem vanir eru að gegna dómarastörfum og kveða upp úrskurði án tillits til pólitískra skoðana. En með því að láta kjósa þessa menn af sameinuðu Alþingi, þá er næsta eðlilegt að líta svo á, að yfirkjörstjórnarmenn séu þá fulltrúar hinna pólitísku flokka, þeir séu kosnir til þess starfs beinlínis af hinu pólitíska valdi á hæstv. Alþ.

Hér er og um meira að ræða en það eitt, hvaða menn gegna þessum störfum. Sú regla, sem farið hefur verið eftir að undanförnu, hefur grundvallazt á því, að héruðin sjálf færu með þetta vald og réðu því, hverjir skipuðu yfirkjörstjórn, þar sem sýslunefndir hafa átt að kjósa meiri hluta þeirra, þ. e. 2 menn af 3, en dómarinn í hverju lögsagnarumdæmi hefur verið sjálfkjörinn oddviti yfirkjörstjórnar.

Með þessari till. er stefnt að því að færa þetta vald utan úr héruðunum og í hendur Alþ. Héruðunum á ekki lengur að vera það fært eða treystandi til þess að hafa þetta vald með höndum og ráða þessu heima fyrir. Á þetta getum við fulltrúar Framsfl. ekki fallizt. Við leyfum okkur því, ég og hv. þm. N-Þ. (GíslG), að bera fram brtt. við brtt. á þskj. 25. En þar sem svo skammt er liðið, síðan þskj. var útbýtt, hefur ekki unnizt tími til að láta prenta brtt. okkar,

og verð ég því að bera hana fram skriflega og vænti þess, að hæstv. forseti leiti afbrigða fyrir henni. En brtt. okkar er efnislega um það, að fyrri málsgr. 1. brtt., þ. e. a. s., sem merkt er tölul. 1 á þskj. 25, umorðist og verði þannig:

„Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn.

Í Reykjavík kýs bæjarstjórn fimm menn í yfirkjörstjórn og fimm til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef bæjarfulltrúi krefst þess. Annars staðar kýs hver sýslunefnd og bæjarstjórn í kjördæmi einn mann, er sé búsettur í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, í yfirkjörstjórn og annan til vara.

Nú er tala hinna kjörnu yfirkjörstjórnarmanna ójöfn, og skipar ráðherra þá úr þeirra hópi oddvita yfirkjörstjórnar og varamann hans. Sé tala hinna kjörnu yfirkjörstjórnarmanna jöfn, skipar ráðh. einn mann úr hópi annarra kjósenda í kjördæminu í yfirkjörstjórn, og sé hann oddviti yfirkjörstjórnar. Ráðh. skipar einnig varamann oddvita.

Kosning yfirkjörstjórnarmanna og skipun oddvita gildir til fjögurra ára í senn."

Ég skal að lokum taka það fram, að í gildandi kosningalögum er svo fyrir mælt, að yfirkjörstjórnir skuli kjósa árlega. Ég efast um, að þeirri reglu hafi verið fylgt í framkvæmd, að því er snertir bæði undirkjörstjórnir og yfirkjörstjórnir, og virðist eðlilegt, að kjörtímabil þeirra geti verið hið sama og kjörtímabil sveitarstjórnarmanna og kjörstjórnir séu kosnar t. d. fjórða hvert ár að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa breytingartillögu.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 25, 26, 27, 28 og 29, sem voru of seint fram komnar, og um skrifl. brtt. (sjá þskj. 30) leyfð og samþ. með 22 shlj. atkv.

Umr. frestað.

Á 14. fundi í Nd., 11. ágúst, var fram haldið 3. umr. um frv. (A. 20, 23, 25, 26, 27, 28, 29, 30, 32).

Tómas Árnason: Herra forseti. Það hefur áður verið rætt um það, að þeir flokkar, sem standa að kjördæmabreytingunni, hafi í kosningabaráttunni fyrir kosningarnar lagt á það höfuðáherzlu að reyna að drepa málinu á dreif, eins og þeir hafa getað, og láta önnur mál skyggja á kjördæmabreytinguna í áróðrinum, eftir því sem þeir hafa getað komið því við. Það hefur verið bent á það áður, að t. d. Sjálfstfl. hafi lagt höfuðáherzlu á það í áróðrinum, að kosningarnar snerust um afstöðu manna til vinstri stjórnarinnar. Það hefur verið bent á það, að Alþb. hafi lagt höfuðáherzlu á mörg önnur mál umfram kjördæmamálið, eins og t. d. landhelgismálið. Það hefur verið á það bent, að Alþfl. hafi talið, að kosningarnar snerust um traust eða vantraust á ríkisstjórnina. Svona mætti lengi telja, og hefur verið vitnað til skrifa í blöðum flokkanna, sem stóðu að kjördæmabreytingunni, áður í umræðum á háttv. Alþingi.

En það eru ekki eingöngu ákvæði stjórnarskrárinnar, sem eru þýðingarmikil í sambandi við breytingar á kjördæmaskipuninni. Það eru einnig ýmis ákvæði í kosningalögunum sjálfum, sem snerta beint sjálfan kosningarréttinn, eins og t. d. ákvæðin um úthlutun á uppbótarþingsætum, sem eru hin þýðingarmestu, svo að dæmi sé tekið.

Ég man eftir því á framboðsfundunum fyrir kosningar, að talsmenn eða frambjóðendur þríflokkanna voru spurðir að því, hvaða stefna væri ríkjandi meðal þeirra flokka, sem beita sér fyrir breytingum á kjördæmaskipuninni, í sambandi við úthlutun á uppbótarþingsætum, hvort það væri meiningin að halda sömu reglum í þessu efni og verið hefur eða hvort menn hugsuðu til breytinga. Þessar spurningar virtust koma meira og minna flatt upp á frambjóðendurna, þeir höfðu ekki neina ákveðna sameiginlega stefnu í þessu efni og varð ógreitt um svör. Þó töldu þeir helzt, að það mundi ekki vera ætlað að gera breytingar á þessu, en eins og ég sagði áður, þá var þeim ógreitt um svör. Þannig er það ljóst, að það eru ekki eingöngu ákvæðin um breytingar á kjördæmaskipuninni, sem hafa verið lögð fyrir þjóðina með þeim hætti að reyna að hylja þau reykskýi annarra mála, heldur voru einnig ákvæði, sem kveðið er á um í kosningalögunum, sem þríflokkarnir tjáðu sig ekki sérstaklega um fyrir kosningarnar.

Það hafa verið bornar fram hér við umr. margar brtt. við upphaflega lagafrv. um ýmis efni, og nú hefur borið á því í vaxandi mæli, að einstakir þm. hafi borið fram brtt. um ákveðin efni, og vil ég taka sum af þessum atriðum til nokkurrar nánari athugunar.

Það hefur verið rætt mikið um og bornar fram margar till. um verkanir á tilfærslum á listum og útstrikunum. Flestir hafa verið á þeirri skoðun, að það væri ástæða til að minnka nokkuð þá verkun, sem tilfærslur hafa í þessu efni, og útstrikanir, og hafa fært fram sem röksemdir fyrir þessu, að það væri óeðlilegt, að tiltölulega mikill minni hluti kjósenda gæti kveðið á um það, hverjir væru kosnir, þvert ofan í fullkomið traust og kosningu margfalds meiri hluta kjósenda. Ég hygg, að þetta sjónarmið eigi mikið til síns máls. Það kann að vera spurning um, hvað langt á að ganga í þessu efni, og margs er að gæta. Í frv. sjálfu var í 110. gr., að því er mig minnir, kveðið á um þessar reglur, eins og það var lagt fyrir upphaflega. Síðan hafa komið fram brtt. frá stjskrn. um það, hvernig 110. gr. ætti að orðast, og þar hefur komið fram ný regla frá því, sem áður var, sem er nokkuð flókin eins og þessar reglur raunar allar. Þá hefur komið fram á þskj. 26 brtt. frá hv. 9. landsk. þm. um það að herða enn að í þessu efni og minnka áhrif þau, sem tilfærslur og útstrikanir hafa á röð frambjóðenda á listum. Það er sjálfsagt álitamál í þessu efni, hvað langt á að ganga, fullkomið álitamál. Og það eru mörg sjónarmið, sem þar koma til álita. Það er t. d. hægt að líta á þetta frá sjónarmiði kjósandans sjálfs, sem vill neyta þess réttar að gera tilfærslur á listum eða útstrikanir. Ætla má, að hann vilji, að tilfærslurnar og útstrikanirnar hafi sem mestar verk-

anir. Það má líta á þetta frá sjónarmiði flokksstjórnanna, og þar getur komið tvennt til: annars vegar það, að flokksstjórnirnar vilji gjarnan hafa möguleika á því að skipuleggja sjálfar tilfærslur eða útstrikanir, ef uppstillingarnar eru gerðar gegn þeim, og svo hins vegar það, að ef verkanir tilfærslna og útstrikana eru tiltölulega litlar, þá mætti segja, að það væri verið að auka vald flokksstjórnanna meira en áður hefur verið. Ég mundi telja eðlilegt, að það væri reynt að fara eins konar bil beggja í þessu efni, og vildi aðeins tjá mig um brtt. á þskj. 26, að ég teldi hana ekki vera til bóta frá því, sem er í brtt. 23, þar sem þessi regla er miðuð við ⅔, en aftur á móti á þskj. 26 er miðað við ¾, sem gengur lengra í þá áttina að minnka áhrif tilfærslna og útstrikana.

Ef maður lítur á þessa 110. gr., eins og hún á að orðast eftir till. frá stjskrn., þá er þetta langt mál og flókið, og það þarf mikla athugun til þess að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig tilfærslur og útstrikanir verki. Það er engin ástæða til þess að geta ætlazt til þess, að almennur kjósandi geti gert sér fulla grein fyrir því, hvernig atkvæði hans verkar í þessu efni, því að reglurnar eru svo flóknar.

Ég minnist þess, að það var skrifað um það nokkru fyrir kosningarnar, að því er ég held í Reykjavíkurbréfi Mbl., að hlutfallskosningar væru „fegursta kosningaaðferðin". Það hafði einhver sagt það og blaðið tók undir það, að það væri fegursta kosningaaðferðin. Ef við athugum nú þessar reglur, fyrst og fremst reglurnar um kjördæmin, hlutfallskosningarnar í kjördæmunum, síðan þessar reglur um áhrifin af tilfærslum og útstrikunum, þá verð ég að segja það, að mér finnst þær ekki fallegar. Það verkar ekki þannig á minn fegurðarsmekk, að mér finnist þessar reglur vera fallegar. Þessi regla hérna, þessi mjög svo flókna regla í 110. gr., þessi langa og flókna regla, ekki finnst mér hún vera falleg. Það er nú stundum svo, t. d. með málverk, að mönnum finnst þau ekki falleg, ef menn sjá þau of nærri sér, og það þarf að líta á þau úr dálitilli fjarlægð, til þess að þau njóti sín. Mér finnst þessar reglur yfir höfuð vera dálítið svipaðar málverki, þannig að maður þurfi að líta á þær úr dálitilli fjarlægð, til þess að þær séu fallegar og maður njóti þeirra, helzt úr svo mikilli fjarlægð, að maður geti ekki lesið það, sem þar stendur, og sjái bara myndarlegar greinar og langar og ekkert annað. Um þetta atriði, að þetta séu fegurðarreglur og hlutfallskosningar séu fegursta kosningaaðferðin, á það get ég ekki fallizt fyrir mína parta.

Ef kosningafyrirkomulagið væri öðruvísi en hér er gert ráð fyrir, ef t. d. um einmenningskjördæmi væri að ræða, þá kæmu slíkar reglur sem þessar ekki til neinna greina. Þá þyrfti ekki flóknar og langar útskýringar á því, hvernig atkvæði manna verkaði í ýmsum tilfellum. Þá væri um meirihlutakosningu að ræða, og það væri sá frambjóðandinn, sem fengi meiri hluta eða hæsta atkvæðatölu, sem væri kjörinn, og þar með lægi sú einfalda regla mjög ljóst fyrir. Það er mikill munur á þessu tvennu, og það væri miklu auðveldara fyrir almenning og almenna kjósendur í landinu að skilja til fulls verkanir atkvæðis síns, ef um væri að tefla einmenningskjördæmafyrirkomulag.

Þá eru reglurnar í kosningalögunum eða frv. til kosningalaganna um framboð náttúrlega mjög þýðingarmiklar, sem koma fram hér í 27. gr. frv. í 6. kafla, um framboð.

Þessar reglur eru mjög þýðingarmiklar með tilliti til þess, að hve miklu leyti eða hverra skilyrða á að krefjast til þess, að nýir flokkar geti fengið rétt til þess að bjóða fram frambjóðendur. Það má sjálfsagt deila um það, hvort það eigi að setja einhverjar skorður í þessu efni eða ekki, og í öðru lagi, hve miklar skorður, og koma í því sambandi til athugunar þær röksemdir, sem hafa verið bornar fram af okkur, þeim sem eru andvígir kjördæmabreytingunni, að við teljum hættu á því, að þessi nýja kjördæmaskipun muni, þegar tímar líða fram, leiða af sér fleiri flokka í landinu en verið hefur, og vissulega fleiri flokka en ástæða væri til að ætla að mundu verða stofnaðir, ef um einmenningskjördæmafyrirkomulag væri að ræða. Það gæti því komið til athugunar, hvort ástæða væri til að krefjast strangari skilyrða fyrir framboðum en gert er ráð fyrir í þeim kafla frv., sem fjallar um framboðin. Skilyrðin eru í raun og veru fyrst og fremst fólgin í því, að í Reykjavík er krafizt 100—200 meðmælenda og í öðrum kjördæmum 50—100.

Þessu er talsvert misjafnlega farið í öðrum löndum. Í Danmörku er þetta t. d. þannig, að þar er krafizt 10 þús. meðmælenda fyrir nýja flokka, til þess að þeir fái rétt til þess að taka þátt í þingkosningum. Ef það er borið saman við þessa reglu, sem hér er, þá hygg ég, að þetta sé hlutfallslega strangara í Danmörku en gert er ráð fyrir í frv., og í öðru lagi þess að gæta, að erfiðara er að mynda samtök í stórum stíl, eins og þegar um er að ræða þúsundir kjósenda, heldur en þegar um er að ræða fáa kjósendur, eins og hér er gert ráð fyrir að þurfi. Ein, tvær eða þrjár skipshafnir geta komið sér saman um framboð og boðið fram frambjóðendur, og úr því gæti orðið flokkur.

Menn velta því fyrir sér talsvert, hvaða ástæður liggi til grundvallar þessum breytingum á kjördæmaskipuninni og kosningalögunum, hvaða hvatir það eru hjá flokkunum, sem liggja til grundvallar þessu, hvers vegna þeir séu að þessu og hvers vegna þeir vilji gera það, eins og gert er ráð fyrir í frv. til breytinga á stjórnarskránni, sem er fellt inn í frv. til laga um kosningar til Alþingis. Það eru sjálfsagt mismunandi ástæður, sem valda þessu hjá flokkunum. Kommúnistar vilja að sjálfsögðu kerfi, sem leiðir til upplausnar, einfaldlega vegna þess, að þeir vilja feigt frjálst stjórnskipulag og stjórnarfar. Þeirra hlutverk og hugsjón er að koma á kommúnistísku hagkerfi, eins konar Sovét-Íslandi, ef svo mætti að orði komast. Þeir eygja ekki möguleikann á að koma slíku í framkvæmd með fylgisaukningu í frjálsum lýðræðiskosningum. Þess vegna vilja þeir koma á upplausn og byggja síðan hugsjónaþjóðfélag sitt upp af rústum núverandi þjóðskipulags. Þeirra afstaða í þessu efni er því augljós og eðlileg.

Um Alþfl. gildir það, að hann er að verja tilverurétt sinn eða tilveru sína og gengur svo langt í þeirri baráttu, að hann skirrist ekki við að brjóta kosningabandalag sitt við Framsfl., eins og kunnugt er alþjóð. Hefði verið eðlilegra, að flokkurinn hefði látið einar kosningar líða og slitið þar með því pólitíska samstarfi, sem stofnað var til með hinu svokallaða Hræðslubandalagi, og síðan þar á eftir hugsað til breytinga á kjördæmaskipuninni í landinu.

Á hinn bóginn velta menn því fyrir sér, hvers vegna Sjálfstfl. skuli nú ganga fram fyrir skjöldu um að koma á stórum kjördæmum með hlutfallskosningum. Það liggja fyrir yfirlýsingar frá þeim flokki um, að hann muni aldrei ganga að slíkri skipan, fárra og stórra kjördæma.

Nú verða menn að hafa hugfast, að kjördæmaskipunin er ekkert dægurmál. Um það, hvernig menn vilja hafa hana, hljóta ætíð að liggja til grundvallar sömu röksemdirnar og sömu ástæðurnar. Þetta mál er því ekki dægurmál, heldur stefnuskrármál. Það er því eðlilegt, að menn verði undrandi, þegar Sjálfstfl. kúvendir skyndilega í kjördæmamálinu, kemur fram með nýja stefnuskrá í þessu mjög svo þýðingarmikla máli.

Sjálfstfl. hefur ekki gefið fullnægjandi skýringar á þessari kúvendingu. Foringjar hans hafa að vísu sagt, að hlutfallskosningakerfið sé betra en blandað kerfi. Hins vegar liggja ekki fyrir, svo að mér sé kunnugt um, neinar sérstakar aðdáunaryfirlýsingar frá Sjálfstfl. eða foringjum hans um ágæti hlufallskosninga almennt séð. En hver er þá ástæðan? Það skyldi þó aldrei vera, að Sjálfstfl. tæki flokkshagsmuni fram yfir þá hagsmuni þjóðarinnar að búa við traust og ábyrgt stjórnarfar?

Sjálfstæðisflokkurinn hugsar sér einmitt að fljóta á þeirri upplausn, sem hin nýja kjördæmaskipun er líkleg til að skapa, þegar fram líða tímar. Hann getur ekki gleymt því, á hverju áratugavöld flokksins byggjast í Reykjavík. En völd bæjarstjórnarmeirihlutans í Reykjavík byggjast á því, að það er engin samstæð heild, eða fyrst og fremst á því, að það er engin sameiginleg stjórnarandstaða. Hlutfallskosningarnar hér í Reykjavík tryggja framboð þriggja til fjögurra stjórnmálaflokka eða fleiri við bæjarstjórnarkosningar. Og Reykvíkingum finnst það skárra að búa við slappa og reikula stjórn bæjarins en að kjósa yfir sig sundurleitan hóp stjórnmálaflokka, sem engin trygging er fyrir að komi sér sæmilega saman. Það er þó kapituli alveg út af fyrir sig að ræða, hvernig Sjálfstfl. í Reykjavík framkvæmir stefnuskrá flokks síns, þar sem hann hefur öll völd, og eru talsverðar hugleiðingar manna á meðal um það, að mönnum finnst ekki, að flokkurinn framkvæmi stefnu sína um frjálst framtak og einstaklingsrekstur í Reykjavík eins og vænta mætti, þar sem hann hefur öll völd í hendi sinni og hefur haft um langa hríð.

Sjálfstæðismenn hafa í kosningunum í Reykjavík mjög haldið fram hinni svonefndu glundroðakenningu. Er hún fólgin í því, að skárra sé að styðja Sjálfstfl. áfram en að efla skipta andstöðu til valda. Á þennan hátt hefur Sjálfstfl. haldið völdunum í Reykjavík um áratugi.

Á þessu fyrirkomulagi er sá annmarki, að stjórnarandstaðan er sundurleit og óheilsteypt. Ef hún hins vegar væri ein heild, væri öðru máli að gegna. Þá væri engin hætta á, að með því að kjósa stjórnarandstöðuna væri verið að kjósa neinn glundroða. Hlutfallskosningar viðhalda þessu fyrirbrigði og tryggja sundrungu flokkanna, og þetta veit Sjálfstfl. mætavel, og það er þetta, sem hann ætlast til. Hann álítur, að hlutfallskosningar í stórum kjördæmum muni leiða til þess, að flokkurinn geti notað glundroðakenninguna í landsmálum á sama hátt og hann hefur notað hana hér í Reykjavík. Hann vonast til þess, að svipuð verði þróunin hér og hún er t. d. í Noregi, svo að dæmi sé nefnt. Þar bjóða mjög margir flokkar fram til kosninga. T. d. í kosningunum 1957 munu 10—11 flokkar hafa boðið fram frambjóðendur. Ég hef hér í höndunum eins konar fréttatilkynningu frá norska utanrrn. um seinustu kosningar í Noregi til Stórþingsins, kosningarnar 1957. Þar er flokkaskiptingin þannig, að Verkamannaflokkurinn hefur 78 þingsæti og hinir flokkarnir 5 til samans 72. Það er dálítið fróðlegt að lesa smákafla þessarar fréttatilkynningar í sambandi við það, sem ég var að tala hér áðan um glundroðakenninguna, sem Sjálfstfl. hefur haldið fram. Í þessari fréttatilkynningu segir á þessa leið:

„Eins og oft áður er höfuðbaráttan í þessum kosningum milli Verkamannaflokksins annars vegar, Íhaldsflokksins, Frjálslynda flokksins, Bændaflokksins og Kristilega þjóðflokksins og Kommúnistaflokksins hins vegar. Um útkomuna er erfitt að spá. Það er ljóst, að fjöldinn af kjósendum í Noregi hefur verið tiltölulega staðfastur á s. l. árum, og það er lítil ástæða til þess að álíta, að það muni verða stórar breyt. til neinnar ákveðinnar áttar. Á hinn bóginn getur tiltölulega smár hluti kjósenda valdið því, að Verkamannaflokkurinn tapi sínum hreina meiri hluta í Stórþinginu.“ Og svo kemur að lokum: „Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að norsk blöð hafi undanfarið hugleitt og skrifað mikið um það ástand, sem mundi skapast í landinu, ef Verkamannaflokkurinn tapaði sínum hreina meiri hluta.“

Þarna er dálítið svipað ástatt og er í Reykjavík, að því leyti til, að það, sem við blasir, ef Verkamannaflokkurinn tapar sínum hreina meiri hluta, eða það mætti a. m. k. halda því fram, að það væri e. t. v. eins konar glundroði, ef hinir flokkarnir, sem enginn hefur hreinan meiri hl., þyrftu að koma sér saman um samsteypustjórn í landinu.

Þá vil ég næst víkja hér að nokkrum brtt., sem hafa verið bornar fram við frv., eins og það lá fyrir eftir 2. umr. hér í hv. þd.

Það er brtt. á þskj. 27 frá hv. 9. landsk. þm. og hv. 3. þm. Reykv. um að færa kjördaginn fram frá síðasta sunnudegi í júnímánuði og komi í stað þess annar sunnudagur í júnímánuði. Ef þetta hefði gilt núna í vor, hefði kjördagurinn sennilega komið upp á 14. júní. Ég

hygg, að menn muni það vel, að einmitt um þetta leyti, — það mun hafa verið 6. eða 7. júní, — kom mikið áfelli og stórhríð um mikinn hluta landsins, eða norðanvert Austurland, Norðurland og Vestfirði, þannig að samgöngur á landi tepptust algerlega um hríð. Svo aftur um 17. júní kom annað áfelli, nærri því eins slæmt og það fyrra, og endurtók sig sama sagan í mörgum landshlutum. Þetta sýnir það, að jafnvel þó að samgöngur hafi batnað mjög á síðari árum, þá er það þó svo, að snemma á vorin og jafnvel allt fram yfir miðjan júnímánuð er hætta á, að slíkir atburðir eins og þessir geti gerzt, að snjókoma geti valdið miklum óþægindum allt fram á þann tíma, og við því er í raun og veru ekkert að gera. Þess vegna held ég, að það sé óhyggilegt að breyta til og réttara að halda við það, sem nú er, að seinasti sunnudagur í júnímánuði verði áfram almennur kosningadagur. Sérstaklega á þetta að sjálfsögðu við úti um landsbyggðina, þar sem veðráttan getur hamlað samgöngum, eins og ég hef nú tekið fram.

Þá er önnur brtt. frá þessum sömu hv. þm. á þskj. 29, þar sem lagt er til, að 4. og 5. mgr. 99. gr. frv. falli niður. En þessi ákvæði í 99. gr. frv. eru einmitt um það, sem mætti kalla friðhelgi kjördagsins, þ. e. a. s. um þau atriði, hvort á að taka upp aftur þann hátt að heimila stjórnmálaflokkunum að senda fulltrúa inn á kjörfundi til þess að skrifa upp þá, sem eru búnir að kjósa, og hafa síðan samband við sínar kosningaskrifstofur með slíkar upplýsingar. Ýmislegt fleira er hér, sem þessir hv. þm. leggja til að verði fellt niður. Ég vildi aðeins lýsa minni skoðun á þessu, að ég teldi ekki til bóta að taka upp aftur það, sem búið er að breyta í þessu sambandi. Ég hygg, að breyt., sem gerð var nýlega, hafi yfirleitt reynzt heldur vel og ekki ástæða til þess að taka upp aftur þetta fyrra fyrirkomulag.

Þá er á þskj. 32 brtt. frá hv. 4. þm. Reykv. um það að auðkenna bifreiðar. Ég hefði álitið, að svipuðu máli gegndi í þessu efni. Það hefur verið reynt um hríð að banna það, að bifreiðar væru auðkenndar einstökum stjórnmálaflokkum, og ekki er hægt að sjá, að það hafi komið að sök.

Hér er á þskj. 25 brtt. um yfirkjörstjórnir, hvernig þær eigi að vera skipaðar og hvernig þær eigi að skipast. Brtt. er frá hv. 3. þm. Reykv., hv. 9. landsk. og hv. 4. þm. Reykv. Þessi breyt. er mikil frá því, sem áður var lagt til.

Í 9. gr. frumvarpsins er lagt til, að yfirkjörstjórnir skuli skipaðar ákveðnum embættismönnum, sem eru búsettir í kjördæmunum, og þannig kom frv. fram fyrst. Síðan hafa 3 þm. úr þremur flokkunum, sem standa að kjördæmabreyt., lagt hér fram nýja till. í sambandi við þetta atriði. Nú er það svo, að sú skipan hefur verið á, að yfirkjörstjórnir væru kosnar af sýslunefndum og bæjarstjórnum og oddamaðurinn skipaður af ráðh. í þeim tilfellum, þar sem sýslumaður er ekki búsettur í kjördæminu, annars væri sýslumaður eða bæjarfógeti sjálfskipaður formaður. M. ö. o.: valdið í þessu efni hefur algerlega verið úti í byggðunum. Það hefur verið ákveðið þannig í l. Með þessari breyt. er verið að færa raunverulega valdið í sambandi við skipun yfirkjörstjórna úr byggðunum, utan af landsbyggðinni til Alþ. hér í Reykjavík. Það hefðu margir álitið, að það væri nóg að verið, þegar nýlega er búið að leggja niður 27 kjördæmi utan Reykjavíkur og svipta þau kjördæmi, sem notið hafa þessa mikla réttar í stjórnarskránni, þessum rétti til að minnsta kosti nokkurrar frambúðar, og það væri ástæða til þess að láta staðar numið í sambandi við það að svipta einstakar byggðir þessum þýðingarmiklu réttindum og það væri a. m. k. stöðvuð í bili sú þróun að flytja valdið utan af landsbyggðinni til Reykjavíkur eða til Alþingis hér í Reykjavík. En það virðist vera svo, að allt sé á sömu bókina lært í þessu sambandi. Það virðist vera svo, að það sé ekki nægilegt að svipta landsbyggðina þessum þýðingarmiklu réttindum í stjskr., heldur þurfi að ganga á lagið og ganga áfram á eitt ákvæði l. eftir annað og í öllum tilfellum á þá sveifina að svipta landsbyggðina völdum og flytja þau suður til Reykjavíkur. Þessi till. mun áreiðanlega vekja athygli úti um landið. Það mun vekja athygli, að það er farið að ráðast á önnur réttindi byggðanna en þau, sem ákveðin eru í stjórnarskránni sjálfri, og þetta vekur grunsemdir um það, að stefnan sé ein og hin sama, stefnan sé í þá áttina að svipta landsbyggðina þeim réttindum, sem henni hafa verið ákveðin í landslögum og stjórnarskrá á undanförnum árum og áratugum.

Ég fyrir mína parta er algerlega andvígur þessari brtt., sem hér kemur fram, og tel hana vera hina mestu fjarstæðu og algerlega ástæðulausa, enda hafa þeir, sem sömdu frv. upphaflega, ekki séð neina ástæðu til þess að haga þessu á þennan veg. Þegar stjórnarskráin verður tekin til gagngerðrar endurskoðunar, sem væntanlega verður fyrr en seinna, ef miðað er við yfirlýsingar þingflokka í því máli, þá er áríðandi að dreifa ríkisvaldinu miklum mun meira út um landsbyggðina en nú er, þ. e. a. s. auka völd héraðanna.

Nú hefur verið ákveðið eða svo gott sem, að hin stóru kjördæmi sendi þm. til Alþingis. Þar með er komin ný heild í stjórnskipunina. Þeir, sem eru fylgjandi þeirri skipan mála, geta auðveldlega aukið völd héraðanna eða kjördæmanna, þeirra nýju stóru kjördæma, með því t. d. að setja sérstaka löggjöf um réttindi kjördæmanna. Eðlilegt væri, að kjördæmin réðu sjálf ýmsum af sínum sérmálum. Þar til mætti nefna t. d. samgöngumál, hafnarmál, fræðslumál, tryggingamál, yfirstjórn sveitarstjórnarmálefna og jafnvel gjaldeyrismál að einhverju leyti. Það hafa komið fram kröfur frá einstökum byggðarlögum, eins og t. d. Vestmannaeyjum, man ég eftir, þar sem þeir telja eðlilegt, að þeir hafi aðstöðu til þess að ráðstafa að einhverju leyti þeim mikla gjaldeyri, sem Vestmanneyingar afla til þjóðarbúsins. Það væri nær fyrir kjördæmabyltingarflokkana að vinna á þennan hátt að auknu jafnvægi í þjóðfélaginu í stað þeirrar lúsarleitar, sem nú á sér stað í

því efni að svipta landsbyggðina réttindum, sem héruðin hafa áður haft. Kjördæmin mega ekki einu sinni kjósa sér yfirkjörstjórnir, hvað þá meira.

Nei, stefna þríflokkanna gagnvart landsbyggðinni virðist vera mörkuð, að ganga sífellt lengra og lengra í því að rýra hana réttindum, sem landsbyggðinni hafa verið veitt áður í stjórnarskrá og öðrum landslögum. Það er sannarlega kominn tími til þess fyrir fólkið úti um landsbyggðina að spyrna fótum við þeirri hættulegu þróun, sem hér á sér stað, og kjósa fulltrúa til þings, sem vinna að því að lögfesta aukin réttindi byggðanna á þingi, í stað þess að rýra réttindin með markvissum hætti, eins og nú virðist eiga sér stað, ekki aðeins í sambandi við hinar byltingarkenndu breyt. á kjördæmaskipuninni, heldur og með ýmsum hætti í breyt. í löggjöfinni sjálfri.

ATKVGR.

Afbrigði um brtt. 32, sem var of seint fram komin, leyfð og samþ. með 23 shlj. atkv.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér eina brtt. við kosningalagafrv. Sú till. er á þskj. 28 og er um breyt. við 133. gr. frumvarpsins, eins og hún er nú eftir 2. umr.

Sú grein fjallar um það, sem nefnt er óleyfilegur kosningaáróður eða kosningaspjöll. Í till. minni legg ég til, að 3. tölul. þessarar gr. verði orðaður um, og aðalbreyt. felst í því, að gerð verði nokkru strangari ákvæði en verið hafa um það, hvað leyfilegt sé í sambandi við áróður flokkanna á sjálfan kjördaginn. Hingað til hefur það verið eða var svo í síðustu kosningum, að bannað var að hafa uppi flokksmerki, auglýsingar, ávörp eða annað þ. h. á kosningadaginn í næsta nágrenni við kjörstaðinn sjálfan eða á kjörstaðnum. En mín till. miðar að því að banna þetta að verulegu leyti einnig á öðrum stöðum í kjördæminu á sjálfan kjördaginn. Það atriði, sem ég hafði hér einkum í huga, var það, sem kom mjög greinilega fram í síðustu kosningum, þegar flokkarnir fóru, t. d. hér í Reykjavík, í ofsafengið kapphlaup á kjördaginn sjálfan með að hengja hér upp í nágrenni Reykjavíkur og um allan Reykjavíkurbæ stór máluð skilti og auglýsingar, hvatningar og ávörp, þar sem hver reyndi í rauninni að líma sitt plagg yfir annars plagg o. s. frv. Þetta setti mjög ógeðugan svip á kosningadaginn hér í kring, og ég hygg, að flestir sanngjarnir menn viðurkenni það, að ekki fer vel á slíku auglýsingastríði. Og það ætti að vera sama í raun og veru fyrir flokkana í sambandi við allan þann áróður, sem þeir hafa í frammi, og alla þá möguleika, sem þeir hafa til áróðurs allt fram að kjördegi, þó að þeir neiti sér um slíka starfsemi sem þessa á sjálfan kjördaginn. Að þessu miðar mín till., að gera ákvæði í þessu efni nokkru strangari, að banna það sem sagt að hafa uppi áróðursspjöld og áróðursborða, flokksmerki, merki lista eða önnur slík auðkenni á sjálfum kjörstaðnum og einnig annars staðar í kjördæminu á kjördaginn sjálfan, en heimila aðeins að auðkenna flokkshús og kosningaskrifstofur flokkanna. Ég tel, að allir flokkar mættu vel við una, þó að ákvæðin yrðu gerð nokkru strangari í þessum efnum, en slíkt mundi spara mörgum útgjöld og mikið erfiði og setja ólíkt meiri menningarbrag á kjördaginn en verið hefur undanfarið.

Það er einkum ein önnur till., sem ég vildi víkja hér nokkrum orðum að, sem fram hefur komið til breyt. á kosningal. og mig undrar allmikið að ekki skuli hafa fengið frekari undirtektir í hv. stjskrn., en það er sú till., sem miðar að því að breyta nokkuð til um hinn fasta kosningadag, þegar almennar alþingiskosningar fara fram.

Eins og kunnugt er, hafa ákvæði laganna verið þannig og eru enn í frv., að gert er ráð fyrir því, að fastur kosningadagur sé síðasti sunnudagur í júnímánuði. En nú hefur komið fram till. um að breyta þessu á þá lund, að þessi fasti kosningadagur verði ákveðinn 2. sunnudagur í júnímánuði, eða færa kjördaginn nokkuð fram. Fyrir þessari till. hafa verið færð fram hér alveg augljós rök, sem flestir eða allir hljóta að taka undir, og af því undrar mig það stórlega, að meiri hl. stjskrn. skuli ekki hafa séð sér fært að fallast á þessa sanngjörnu till.

Það er öllum kunnugt, að með því að ákveða kosningadaginn síðasta sunnudag í júní er málum háttað þannig, að það er beinlínis knúið fram, að allir þeir sjómenn okkar, sem stunda síldveiðar, geta ekki fengið að taka þátt í meginhluta kosningaundirbúningsins í sínu heimahéraði, þeir verða að kjósa utan kjörstaðar og eru þannig sviptir að verulegu leyti möguleikum til þess að hafa eðlileg áhrif á gang kosninganna. Hér er um þúsundir manna að ræða. Á venjulegum síldveiðum munu vera á síldarflotanum í kringum 5 þús. manns og allt upp í 7 þús. En miklu fleiri menn en beinlínis þeir, sem eru á flotanum, verða að leita frá heimastöðvum sínum vegna hinnar miklu síldaratvinnu um þetta leyti. Það gildir því sama um þessa menn. Allur þessi stóri hópur er raunverulega sviptur aðstöðu til þess að taka beinan þátt heima í héruðum sínum í eðlilegum kosningaundirbúningi og kosningaþátttöku og dæmdur til þess að verða að neyta atkvæðisréttar síns utan kjörstaðar.

Nú sjá það allir, að hér er um mjög óaðgengileg kjör að ræða fyrir sjómannastétt landsins, og mig furðar alveg stórkostlega, að til skuli vera þeir menn hér á Alþingi, sem að algerlega þarflausu vilja beita sjómannastétt landsins slíkum óréttindum eins og því að reyna að þvinga það fram, að kosningadagurinn verði áfram á þeim tíma hafður, þegar þeir hafa ekki aðstöðu til þess til jafns við aðra landsmenn að fá að njóta kosningadagsins.

Þær röksemdir hefur verið reynt að hafa uppi og m. a. sá, sem hér talaði næstur á undan mér, reyndi það, hv. 2. þm. N-M., að það mundi jafnvel geta staðið svo á, ef kosningadagurinn yrði 14. júní, sem hefði m. a. gert á þessu ári, ef valinn hefði verið annar sunnudagur í júní, þá

hefði tíðarfarið m. a. verið þannig nú á þessu sumri, að sett hefði niður snjó á nokkrum stöðum og þar af leiðandi ferðir manna eitthvað truflazt. Getur það nú verið nokkur maður, sem þekkir til aðstæðna á Íslandi, sem vill telja, að þetta geti verið gild rök? Vissulega eru til dæmi um það, að slíkt hafi átt sér stað einnig 28. júní. Vissulega hefur það líka komið fyrir hvað eftir annað á einstökum stöðum, að orðið hafi önnur slík náttúruspjöll, að það hafi verið erfitt fyrir menn að ferðast á milli, jafnvel innanbæjar í sumum bæjarfélögum. Og hvar skyldi þá eiga að setja kjördaginn á árið, ef maður ætlar að eltast við slíkar algerar undantekningar? Nei, það getur vitanlega enginn maður haldið því fram með nokkrum rökum, að það sé hætta á því, að t. d. dagurinn 14. júní sé miklum mun örðugri fyrir kjósendur almennt í landinu til þess að ganga til kjörborðs heldur en t. d. dagurinn 28. júní. Engin frambærileg rök eru fyrir slíku.

Ég minnist þess, að þau rök, sem lengst af var reynt að halda í í þessum efnum, voru þau, að sagt var, að það mundi vera heldur betra fyrir bændur landsins, að kjördagurinn yrði síðasti sunnudagur í júní, heldur en eitthvað fyrr í þeim mánuði, og það stafaði af því, að störf þeirra í sveitinni væru á þá lund. Ég hef reynt að kynna mér þetta sérstaklega og lagt þessa spurningu fyrir marga bændur, marga starfandi menn í sveitum landsins, og þeim kemur yfirleitt saman um, að það mundi vera, ef nokkuð væri, orðið hentugra fyrir bændur landsins, að kosningadagurinn yrði t. d. annar sunnudagur í júní, fremur en síðasti sunnudagur í júní, enda veit ég, að það er síður en svo, að það sé á nokkurn hátt óhentugra fyrir bændur landsins. Það er því ekki um það að ræða. Hér er annaðhvort um að ræða meðfædda íhaldssemi, eins og mér virðist nú koma fram ákaflega greinilega, m. a. í þessu máli, hjá ýmsum fulltrúum Framsfl., það er sem sagt þessi eiginleiki að vera á móti öllum breytingum, halda að eilífu í það, sem áður hefur verið einhvern tíma, og telja það alltaf bezt. En undan því verður ekki vikizt að þessu sinni, að það verður ekki hægt að leggja það út á neinn annan hátt, ef einstakir flokkar hér á Alþingi ætla að halda fast við að knýja það í gegn, að kjördagurinn skuli áfram verða síðasti sunnudagur í júní, heldur en sem beint fjandskaparbragð við sjómannastétt landsins, það sé beinlínis verið að mismuna þeim stöðum á landinu. Ég vil benda á, að það eru mörg byggðarlög, sem svo stendur á um, að um það bil þriðjungur manna í viðkomandi byggðarlagi leitar til síldveiða, fer í burtu, og það er allhart að gengið þar að knýja þá alla til þess að vera fjarverandi frá sínum heimastað, þegar jafnmikilvæg átök fara fram eins og jafnan fara fram á sjálfum kjördeginum.

Ég tel, að það hefði að skaðlausu mátt ákveða kjördaginn síðasta sunnudag í maímánuði, en tel, að höfð sé svo mikil sanngirni í frammi, þegar farið er fram á annan sunnudag í júní, að það megi telja fullan fjandskap gagnvart sjómannastéttinni að standa gegn því, að slíkt nái fram að ganga.

Ég vil því vænta þess, að hv. alþm. athugi þessa till., sem hér hefur verið flutt um það að breyta kjördeginum, sérstaklega, því að hér er fullt alvörumál á ferð. Þessi tillaga er flutt af fullri nauðsyn. Ég vil líka benda á, að fólk það, sem er í sjávarútvegsbæjum landsins, er búið að búa við það nógu lengi, að kjördagur sé ákveðinn á þeim tíma árs, sem er því hvað óhagstæðastur, þó að það sé ekki gert algerlega að þarflausu. Ég veit, að í minu byggðarlagi hefur það verið svo, að um áraraðir hafa nær allar kosningar verið á þeim tíma árs, að um það bil einn þriðji hluti íbúanna hefur þurft að kjósa utan kjörstaðar. Þegar bæjarstjórnarkosningar hafa farið fram, hafa þær þurft að vera síðasta sunnudag í janúarmánuði, þegar fólk er almennt farið til vertíðar, og þegar alþingiskosningar fara fram, hafa þær þurft að vera síðasta sunnudag í júnímánuði, þegar menn eru almennt farnir til síldveiða.

Nú er hins vegar farið fram á að færa þetta þannig til, að mögulegt ætti að vera fyrir flesta sjómenn að ná því að kjósa heima á kjördegi, ef annar sunnudagur í júní væri valinn, a. m. k. að vera heima meginhlutann af þeim tíma, sem aðalkosningabaráttan stendur yfir, og það er í rauninni algert lágmark.

Ég sagði hér áðan, að mér virtist, að ýmsir af fulltrúum Framsfl. tækju einna helzt þá afstöðu hér í sambandi við þetta mál, að það líktist því, að þeir teldu alltaf bezt að halda sem mest í öll gömul ákvæði, hvernig svo sem þau væru. Mér kom þetta til hugar, þegar ég heyrði, að hv. 2. þm. N-M., sem talaði hér næst á undan mér, talaði af talsvert miklum þunga gegn till., sem hér hefur komið fram um það, að yfirkjörstjórnir í hinum nýju kjördæmum skuli valdar þannig, að þær verði kosnar almennum hlutfallskosningum hér á Alþingi, í stað þess að hafa þá reglu, sem lögð var til í frv. í byrjun, að sýslumennirnir og bæjarfógetarnir í viðkomandi kjördæmum ættu að vera sjálfskipaðir yfirkjörstjórnarmenn, hver í sínu umdæmi. Og svo var lagt út af því af þessum hv. þm., að hér væri í enn einu tilfellinu verið að ráðast á byggðavaldið, það væri verið að ráðast að valdsviði byggðanna og nú væri verið að toga þetta vald hingað suður. Ja, mikil er sú skammsýni að mínum dómi. Hvernig var í rauninni sú till., sem hér lá fyrir um það í frv. að velja bæjarfógeta og sýslumenn í hverju kjördæmi sem sjálfsagða yfirkjörstjórnarmenn? Það er einhver fráleitasta till., sem ég hef séð um slík efni eins og þetta. Ef ég tel t. d. mitt umdæmi á Austurlandi og lít yfir það, þá er þar um að ræða þrjá slíka embættismenn, þeir hefðu allir komizt að sem réttkjörnir menn í yfirkjörstjórn þar í umdæminu. Það er bæjarfógetinn á Seyðisfirði og sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu, sem er einn og sami maðurinn, það er bæjarfógetinn í Neskaupstað, og svo er það sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu. Það eru þessir þrír menn, sem hefðu verið sjálfkjörnir í yfirkjörstjórn.

Nú er það svo, að í síðustu kosningum voru tveir af þessum mönnum í kjöri. Þeir hefðu því báðir þurft að víkja og þá samkv. orðanna

hljóðan hér í frv. hefði ráðherra átt að skipa í staðinn fyrir þessa báða menn. Þá var það orðið á valdi eins ráðherra suður í Reykjavík að skipa meiri hlutann í kjörstjórninni þarna í byggðarlaginu, í þessu héraði, og ótrúlegt þykir mér það að fenginni reynslu, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu hefði ekki fundizt einhvers staðar á 10 manna lista Framsfl., þegar hann var farinn að bjóða þar fram 10, þannig að ráðherrann hér fyrir sunnan hefði fengið að skipa þá alla. Og þessu var þetta líkt um flest kjördæmin í landinu, að þetta hefði orðið þannig, að ráðherra í Reykjavík hefði fengið aðstöðu til að skipa meiri hluta yfirkjörstjórnar eða yfirkjörstjórnina alla í flestum kjördæmum landsins. Þetta lá augljóst fyrir öllum, sem virtu fyrir sér staðreyndir í þessum efnum.

En svo var nú um réttlætið að öðru leyti. Á Austurlandi er nú svo, að tveir af þessum mönnum eru yfirlýstir sjálfstæðismenn og voru báðir, eins og ég sagði, í kjöri fyrir Sjálfstfl. og einn af þeim var yfirlýstur framsóknarmaður. Þá var verið að slá þessu föstu hér á Alþ., að Sjálfstfl. skyldi hafa meiri hluta í yfirkjörstjórninni í Austurlandskjördæmi. Ef hann væri við völd dálítinn tíma, er mjög sennilegt, að hann ætti alla yfirkjörstjórnina. Og alveg eins gat það orðið svo, að einn flokkur ætti alla yfirkjörstjórnina í ýmsum kjördæmum landsins, bara af því að hann átti viðkomandi þrjá bæjarfógeta eða sýslumenn. Hvaða frjálslyndur maður vill nú halda því fram, að það sé eðlilegt og sanngjarnt að búa til slík lög, sem beinlínis gera ráð fyrir því, að einn flokkur geti fengið meiri hlutann í hverri yfirkjörstjórninni af annarri? Það þarf mjög íhaldssaman mann í hugsun til þess að vilja halda við slíka skoðun að mínum dómi. Og svo reyna menn til viðbótar að halda því fram, að þetta væri sjálft byggðavaldið, bæjarfógetarnir og sýslumennirnir, skipaðir jafnvel þvert ofan í lög og reglur stundum af einhverjum pólitískum ráðherrum. Slíkir menn eru skipaðir í héruðin, og þeir eiga að fá þetta vald og á þennan hátt. Þetta heitir byggðavald, sem þarf að vernda. Þetta eru réttindi fólksins úti á landi, sem einhverjir vondir menn í Reykjavík eru að reyna að taka af því, sanngjörn réttindi fólksins þar. Hvers konar hugsunarháttur er þetta?

En svona hefur þetta verið í sambandi við túlkun ýmissa manna hér á aðstöðu fólksins úti á landi, — þetta, sem sumir þykjast vera að vernda og berjast fyrir í einu og öllu og segja, að aðrir vondir menn séu að ráðast á. Ég veit það vel, að ýmsum hér er kært um ýmsa þessa menn úti á landi, sem búið er að setja inn í embættin á þennan hátt, og vilja gera vel við þá, en það þýðir bara ekki hið sama og það sé eitthvert sérstakt áhugamál fólksins úti á landi. Það er mikill misskilningur. Það, sem er eðlilegt um yfirkjörstjórnirnar í landinu, er það, eins og allar kjörstjórnir, að þær séu kosnar á lýðræðislegan hátt, og helzt af öllu, að það sé tryggt sem bezt, að sem flestir flokkar eigi þar fulltrúa í kjörstjórnunum. Það ætti að tryggja það bezt, að kosningarnar fari fram samkvæmt settum reglum og lýðræðislega. Það er engan veginn heppilegt, að einn flokkur af þeim, sem ganga til kosninga, eigi þar alveg ótvíræðan meiri hluta, ég tala nú ekki um alla kjörstjórnarmennina. Það er ekki æskilegt skipulag.

Mér dettur í hug, þegar farið er að minnast á byggðavald, að það er kannske ekki úr vegi að minnast á það, hvernig afstaða manna og flokka hefur verið hér í sambandi við það, sem mætti raunverulega veita fólki úti á landi raunverulegt vald. Hv. 2. þm. N-M. minntist hér á nokkur atriði, sem hafa verið til umtals á Alþ. æði oft áður og til afgreiðslu líka. Ég hafði flutt um það nokkrum sinnum tillögu hér og m. a. barizt fyrir því einnig í síðustu ríkisstj., að það yrði ákveðið, að nokkur hluti af gjaldeyrisvaldinu í landinu, veiting gjaldeyrisleyfa og bein sala gjaldeyris, gæti farið fram m. a. í nokkrum byggðarlögum úti á landi, og ég veit ekki annað betur en einmitt flokkur hv. þm., sem hér var að tala, Framsfl., hafi staðið þar einna rammast á móti. Hann vildi hafa valdið hér í Reykjavík, hjá tiltekinni nefnd hér. Ég minnist þess líka í þessu sambandi, að það var allmikið rætt um það hér á Alþ. á sínum tíma, hvort það væri endilega nauðsynlegt, að öll raunveruleg ákvörðun um úthlutun á lánum til húsbygginga á öllum stöðum á landinu þyrfti endilega að fara fram í einhverri ákveðinni nefnd suður í Reykjavík, hvort það væri ekki hægt að dreifa þessu valdi og hvort það væri nauðsynlegt, að maður, sem væri að fá húsbyggingarlán einhvers staðar úti á landi, þyrfti endilega að ganga frá lánsskjölunum hér suður í Reykjavík, hvort það væri ekki hægt, eftir að búið væri að ákveða, að viðkomandi maður ætti að fá lánið, að senda lánsskjölin heim í hans byggðarlag og ganga frá þeim þar. Nei, m. a. Framsfl., flokkur byggðavaldsins, var á móti slíkri dreifingu valdsins. Og þannig mætti auðvitað nefna mörg dæmi.

Ég vil líka minna á það, það er búið að minnast á það æði oft í sambandi t. d. við Búnaðarbankann og lánveitingar til landbúnaðarins, að það getur nú enginn bóndi úti á landi fengið svo lán í sambandi við búskap sinn, að hann geti t. d. fengið að ganga frá láninu, skrifað undir pappíra sjálfur úti á landi í einhverju útibúi banka eða sparisjóðs þar. Það er óframkvæmanlegt. Hann verður að senda öll gögn hingað suður, og hann verður að senda einhverjum manni suður í Reykjavík umboð fyrir sig til þess að skrifa undir lánið og taka út peningana hér. Vissulega mætti dreifa þessu valdi og gera það á annan hátt. En það eru ýmsir aðilar, sem beinlínis hafa haft af því pólitískan hag að hafa það með þeim hætti, að það þyrftu að vera einhverjir umboðsmenn í Reykjavík, einhverjir milligöngumenn og einhverjir, sem taka umboðið, sem skrifa undir, sem veita peningunum viðtöku og fara með peningana heim og borga þá út þar. Það eru ýmsir aðilar, sem hafa haft þessa hagsmuni og hafa því haldið við þessu kerfi.

Ég er sannarlega með því að dreifa ýmsu því valdi, sem hér hefur verið í Reykjavík, og teldi, að það væri út af fyrir sig gott og lofsvert að dreifa því nokkuð, því að það hafi verið „sentr-

aliserað“ hér óþarflega mikið. En við skulum ekki blanda inn í umr. um þetta mál, um kosningalögin, né heldur kjördæmabreytingarmálið þessu atriði frekar en orðið er. Það er alveg óþarft að reyna að halda því fram, t. d. af fulltrúum Framsfl., að þeir flokkar, sem standa hér að kjördæmabreytingarmálinu og breytingu á kosningalögunum, séu með þessu að ræna byggðarlögin úti á landi einhverju af sínu valdi sérstaklega. Það hefur komið fram í allt öðru. En ég tók nú þetta hliðarspor í minum umræðum um kosningalagabreytingar að gefnu tilefni.

Ég skal svo ljúka þessu spjalli mínu með þeim orðum, að ég vænti þess, að hv. Alþ. sjái sér fært að samþykkja brtt. mína á þskj. 28 um nokkuð frekari friðun á kjördeginum og þá ekki síður þá brtt., sem hér liggur fyrir um breytingu á kjördeginum, þannig að m. a. sjómannastétt landsins verði gert álíka hátt undir höfði og öðrum í landinu með það að geta raunverulega fengið að taka þátt í kosningum heima hjá sér á kjördegi, og knýja það ekki fram, sem algerlega er óþarft og verður að líta á að sé hreinn fjandskapur við sjómannastéttina, ef á að knýja það fram, að kosningadagurinn verði ákveðinn síðasta sunnudag í júní. Ég vona því, að sú brtt., sem gerir ráð fyrir því að ákveða annan sunnudag í júní sem kjördag, verði samþykkt.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Við höfum nú heyrt í dag í sumum tilfellum nokkuð annan tón en í fyrri umræðum um þetta frv., sem hér er nú til meðferðar, að sumir séu með fullan fjandskap við byggðir landsins eða fullan fjandskap við heilar stéttir þjóðfélagsins, og ég sé ekki ástæðu til að fara neitt frekar út í þá sálma, en það eru aðeins brtt. þær, sem fram hafa komið, sem ég vildi víkja lauslega að.

Ég flyt sjálfur brtt. á þskj. 32 við 17. kaflann, um óleyfilegan kosningaáróður og kosningaspjöll, en sú brtt. er við það, að bannað hefur verið með breytingum á kosningalöggjöfinni ekki alls fyrir löngu að hafa flokksmerki, lista eða önnur slík auðkenni á bifreiðum, meðan kjörfundur stendur yfir, svo og að nota gjallarhorn til áróðurs á sama tíma. Um þetta urðu nokkrar deilur á sínum tíma. En þó hef ég aðallega skilið þá, sem settu inn þetta ákvæði, þannig, að þeir vildu koma í veg fyrir, að bifreiðar á kjördegi yrðu notaðar eins og áróðurstæki, og því er þetta sett inn í grein, sem að öðru leyti fjallar um, að það sé óleyfilegur kosningaáróður, eins og greinin hefst, og kosningaspjöll að reyna að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu, hvort heldur er með ræðuhöldum, prentuðum eða skriflegum ávörpum eða auglýsingum o. s. frv., eins og næsti töluliður hér á undan segir, og því hafði ég haldið, að það mundi núna, þegar við erum að breyta kosningalögunum að öðru leyti, geta náðst samkomulag um það, sem lagt er til í minni brtt., að hafa mætti flokkseinkenni á framrúðu bifreiðar, eins og það er orðað, sem sé ekki stærri en 7 cm í þvermál, þ. e. a. s. að hver flokkur gæti haft smáauðkenni á bifreiðunum, sem væri honum til hægðarauka og starfsmönnum hans við kosninguna og að nokkru leyti kjósendum líka í sambandi við heimkeyrslu og annað. Það er gleggra fyrir þá að gera sér grein fyrir, hvert þeir eiga að snúa sér til þess að fá bifreiðar til þess að flytja sig heim frá þeim flokki, sem hefur ekið þeim á kjörstað, oftast eða alltaf eftir eigin beiðni kjósandans sjálfs. Hér getur að sjálfsögðu ekki verið um neinn áróður eða áróðursgildi í slíku auðkenni að ræða eins og þessu.

Um þetta þarf í sjálfu sér ekki fleiri orð að hafa. Sjálfur hef ég hins vegar sniðið till. svona, vegna þess að það er nýlega búið að breyta þessu ákvæði, en annars mundi ég heldur vilja fella ákvæðið í 4. tölulið algerlega niður og láta það vera á mati hvers flokks fyrir sig, að hve miklu eða litlu leyti hann vill auðkenna sínar bifreiðar. Við lifum enn í frjálsu þjóðfélagi, og ef flokkarnir fara út í þá sálma, sem eru til leiðinda, þá er það þeim sjálfum fyrir verstu, og þetta á við það, sem hv. 10. landsk. sagði áðan um upplímingar á spjöldum, auglýsingum og flokksmerkjum fyrir kjördag, að það hefði orðið til leiðinda fyrir síðustu kosningar hér í Reykjavík. Ég held, að þetta sé alveg rétt, og skal ekki mótmæla því, að það hafi ekki verið til neinnar ánægju, sennilega ekki fyrir neinn flokkinn. En þá er ég aftur á þeirri skoðun, að ég vil ekki setja um þetta löggjöf, heldur að flokkarnir eigi sjálfir að finna til ábyrgðar sinnar í þessu efni og haga framkomu sinni þannig, að sómasamlegt sé fyrir þá, og þannig, að engum sé til leiðinda. Og þegar slíkar misfellur hafa komið fyrir, hefði ég álitið, að flokkarnir væru aðilar, sem væri hægt að treysta til þess að koma í veg fyrir það, og mættu þeir hafa að sjálfsögðu í sambandi við kosningar á miklu fleiri sviðum samvinnu og samráð sín á milli um það, hvernig kosningastarfseminni og kosningaáróðrinum er hagað, en sjálfur er ég á móti því að rígbinda þetta í löggjöfinni, hvernig vera skuli.

Ég skal svo aðeins víkja lauslega að öðrum brtt., sem fram hafa komið frá Páli Þorsteinssyni og Gísla Guðmundssyni, hv. þm. A-Sk. og hv. þm. N-Þ., í sambandi við yfirkjörstjórnirnar. Það var ekki samkomulag um það innan stjskrn., hvort eigi að breyta ákvæðinu, eins og það var í frv., eða láta það standa óbreytt, og það er rétt, að menn geri sér grein fyrir því, að það kom þegar fram í stjskrn. mjög djúptækur ágreiningur um það, hvernig ákvæðið var í frv. Það er þess vegna ekkert óeðlilegt, að fram komi frá einstökum þm. brtt. um þetta. Við fluttum um það brtt. á þskj. 25, hv. 3. þm. Reykv. og hv. 9. landsk. þm., að Alþ. skyldi kjósa þessar yfirkjörstjórnir, og síðan, eftir að sú brtt. var flutt, er flutt brtt. á þskj. 30 frá þessum þm., sem ég nefndi áðan.

Ég er alveg sammála hv. 9. landsk. þm., sem talaði áðan, að ég skil ekki þann hugsunarhátt, sem fram kemur í ræðu hv. 2. þm. N-M., að það sé með till. á þskj. 25 verið að taka eitthvert vald af byggðunum. Ég skil ekki svona hugsunarhátt, og ég er alveg undrandi, þegar hv. þm. segir, að slík brtt. eins og þessi muni áreiðanlega vekja athygli úti á landi. Ég veit, að framsóknarmenn vilja með þetta eins og annað reyna

að spinna upp úlfúðina gegn því svokallaða Reykjavíkurvaldi. En Reykjavíkurvaldið ræður a. m. k. ekki enn þá öllu hér í sölum Alþ., og hér er ekki verið að fela bæjarstjórninni í Reykjavík eða Reykjavíkurvaldinu, eins og það er kallað, að ákveða þetta, heldur er það fulltrúasamkoma, sem þjóðin sjálf hefur kosið sér, sem fólkið úti á landi hefur kosið, sem á að kjósa þessar yfirkjörstjórnir. Og það er alveg rétt, að till., eins og hún var í frv. um yfirkjörstjórnirnar, er alls ekki þannig, að byggðunum sé þar fengið sérstakt vald til þess að velja sína yfirkjörstjórnarmenn, því að þegar þeir eru kosnir eða skipaðir, sýslumennirnir og bæjarfógetarnir, verður það ekki neitt vald, sem er hjá byggðunum til þess, heldur er það ráðh. á hverjum tíma, sem gerir það. Þess vegna má segja, að það sé í raun og veru verið að taka valdið úr höndum framkvæmdavaldsins, þ. e. a. s. ráðh., og færa það yfir í hendur Alþ. Auk þess getur þessi skipun, sem ráðgerð var í frv., komið mjög undarlega við, vegna þess, eins og okkur er öllum kunnugt um, hversu þessir aðilar hafa verið mjög riðnir við pólitík, bæði í framboði og þingmennsku hjá flestum flokkum þingsins fyrr og síðar. Í því sambandi er auðvitað rétt að gera sér grein fyrir því og viðurkenna, að hér er um embættismenn að ræða, sem hvílir á dómaraskylda, og mundu því kannske rækja þetta starf sitt í anda slíkrar embættismennsku og dómaraskyldu. En á það fellur að sjálfsögðu nokkur tortryggni og eðlilega frá pólitískum andstæðingum, þegar haft er í huga, hvað störf þessara manna blandast oft mikið inn í stjórnmálin.

Sama má segja um það, sem ekki hefur verið hér til umr. eða rætt sérstaklega nema af hv. frsm., till. á þskj. 30 frá hv. þm. A-Sk. og hv. þm. N-Þ., að þeir gera ráð fyrir því, að í Reykjavík sé yfirkjörstjórnin eins og áður kosin hlutfallskosningu, fimm menn og fimm til vara. Munurinn í Reykjavík er þá bara sá, að eftir till. okkar þremenninga, sem flytjum brtt. á þskj. 25, er það Alþ., sem kýs yfirkjörstjórnina í Reykjavík, en eftir hinum till. kýs hins vegar bæjarstjórnin 3 manna kjörstjórnir væntanlega á a. m. k. 7 kjörstöðum í Reykjavík, eins og verið hefur í síðustu kosningum, því að það er annars staðar lagt til, að í kaupstöðum, þar sem eru margar kjördeildir og fleiri kjörstaðir, kjósi bæjarstjórnin áfram kjörstjórnir, þannig að það má segja, að þarna verði einn millilíður fram yfir það, sem áður hefur verið, það verði undirkjörstjórnirnar og svo kjörstjórnir á hverjum kjörstað í kaupstöðum, þar sem fleiri kjörstaðir eru, og þær kjósa bæjarstjórnirnar eins og yfirkjörstjórnir áður, og svo yfirkjörstjórn kosin af Alþingi. En um önnur héruð landsins gildir eftir þeirra till. það, að þar á hver sýslunefnd og hver bæjarstjórn í kjördæminu að kjósa einn mann, sem sé búsettur í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, í yfirkjörstjórnirnar. Á þessu finnst mér vera verulegur hængur, vegna þess að þessir aðilar, bæjarstjórnirnar og sýslunefndirnar, eru pólitískir aðilar, sem kosið er í rammpólitískum kosningum, eins og öllum er kunnugt um, víðast hvar á landinu. Og svona fyrirkomulag eins og þetta, þegar þessir aðilar eiga að kjósa bara einn mann hver fyrir sig, leiðir hæglega til þess, að mjög pólitískir aðilar eðli málsins samkvæmt, bæjarstjórnir og sýslunefndir, kjósi kannske algerlega einlita og pólitíska yfirkjörstjórn í kjördæminu. Það þarf ekki að vera, en skv. till. getur iðulega leitt til þess og mundi sjálfsagt verða um pólitískar og mjög pólitískar kosningar að ræða, sem gætu fengið þessa niðurstöðu, að allir nm. væru af sama flokki. Það finnst mér ákaflega óeðlilegt, en eðlileg sú hugsun, að yfirkjörstjórnir séu þannig skipaðar, að nokkrar líkur séu til, að fleiri flokkar og kannske allir þingflokkar hafi fulltrúa í þessum nefndum. — Svo á ráðh. að skipa oddamanninn, þar þraut byggðavaldið. Ekki máttu þeir kjósa sér formann sjálfir, þessir menn heima í byggðunum, heldur á að flytja valdið til ráðh. í Reykjavík, ef tala yfirkjörstjórnarmanna er ójöfn, og ef hún er jöfn, þá fór líka byggðavaldið, því að þá á ráðh. að kjósa einn mann úr hópi annarra kjósenda í kjördæminu í yfirkjörstjórn, og hann á að vera oddviti, en ekki máttu þeir heima í byggðinni leysa úr þessum vanda.

Að efni málsins til er ég þess vegna andvígur þessari till. og tel á henni það mikil missmíði, að hún mundi vera í framkvæmdinni fjarri því eins hagkvæm og eðlileg skipun og við leggjum til í brtt. okkar á þskj. 24.

Ég vil aðeins fara örfáum orðum um kjördaginn. Ég viðurkenni mjög margt af því, sem fram kom hjá hv. 9. landsk. þm. Hins vegar fannst mér hann taka allt of djúpt í árinni, alveg sérstaklega þegar hann talar um augsýnilegan fjandskap við heilar stéttir í sambandi við að vilja ekki flytja kjördaginn um 2 vikur í júnímánuði, og þá sérstaklega sjómannastéttina. Það er að vísu alveg rétt, að þessi skipun að hafa kjördaginn seinast í júní kemur mjög illa við þann mikla fjölda manna, sem stundar síldveiðar að sumrinu til, og væri ákaflega æskilegt að geta komið þessu öðruvísi við. Hins vegar er á það að minna, að flestir þessir menn eru úr kaupstöðum og kauptúnum, þar sem þeir eiga tiltölulega hægt um vik að greiða atkvæði utan kjörstaðar, áður en þeir fara í þessa atvinnuleit. En ef aðeins væri um að ræða kjördaginn og mest það, sem fram fer í sambandi við kosningar, færi fram þá, mundi ég vera með því, að dagurinn væri fluttur og væri, eins og lagt er til hér, annar sunnudagur í júní. Hins vegar hef ég ekki getað fallizt á þetta, þegar við ræddum þetta innan n., vegna þess að það er svo margt, sem fer fram fyrir kjördaginn, og þá hef ég í huga yfirreið um landið, eins og kunnugt er, frambjóðenda og annarra stjórnmálamanna til þess að kynna stefnur flokkanna og sjónarmið, og það má búast við því, eftir því sem kjördæmin verða stærri, að þá dragi ekki úr þessu. Þess vegna er það svo, að ef kjördagurinn er fluttur fram, þá tel ég mesta annmarkann í sambandi við það, að miklu erfiðara yrði að stofna til fundarhalda og yfirreiðar um landið, eins og vera ber og vera á í lýðfrjálsu landi, á hæfilegum tíma fyrir kjördag, sem alltaf yrði mánuður, hálfur annar mánuður eða jafnvel

kannske meira. Mig rekur minni til þess í mörgum tilfellum, hversu erfitt hefur verið að komast um landið fyrir frambjóðendur og aðra stjórnmálamenn til fundarhalda, þó að kjördagurinn væri í lok júnímánaðar, þegar menn hafa þurft að leggja á sig slíkar ferðir og þá kjósendurnir auðvitað þurft að koma til fundanna og samkomuhaldanna, kannske í maímánuði, fyrri hlutann af maí, um miðjan maí eða því um líkt, sem alltaf hlýtur eitthvað að verða óhjákvæmilega. Þetta sker úr í mínum huga um það, að svo stöddu, þó að ég skuli alveg viðurkenna það, að ég hef átt nokkuð erfitt með að gera upp hug minn í þessu sambandi. En a. m. k. mótast viðhorf mitt ekki af neinum fjandskap til neinnar stéttar í þessu þjóðfélagi. Það eitt er víst.

Ég man ekki, að það sé fleira, sem ég þarf að taka fram í sambandi við brtt. eða tel ástæðu til að svo komnu.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að fara að taka þátt í þessum umr., enda þótt margt sé í þessu frv., sem athugunar þurfi við og orki tvímælis. Ástæðan til þess eru þær till., sem fram hafa komið um breyt. á yfirkjörstjórninni, sem ég vildi segja mína skoðun á.

Áður en ég vík að því, þykir mér rétt að rifja það upp, að þegar við komum hér til þings að þessu sinni, var gert sérstakt hróp að okkur framsóknarmönnum í blöðum þríflokkanna fyrir það, að við mundum sérstaklega ætla að tefja þetta þing, við mundum nú byrja aftur á sama málþófinu og fyrr, störfum þingsins væri hægt að ljúka á hálfum mánuði, ef framsóknarmenn væru ekki til tafar. Þetta hróp var gert í blöðunum, áður en menn voru farnir að taka þátt í umr. hér á Alþ. Nú hefur hæstv. Alþ. starfað í nærri fjórar vikur. Stjórnarskrárfrv. er til síðustu umr. í hv. Ed., en hér í hv. Nd. eru kosningalögin til 3. umr. Þau eiga eftir að fara gegnum síðari deild hér á hv. Alþingi. Það er búið að vinna sleitulaust í þeim, síðan þing kom hér saman, án þess að nokkuð hafi verið tafið. Samt er málið ekki lengra á veg komið en raun ber vitni um.

Af hverju var þá byrjað á þessum hrópum, áður en þingið hóf störfin, fyrst það átti að leysa verkefni, sem var jafnmikið og þetta er? Það er tvennt, sem hér ber til. Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því, að við framsóknarmenn mundum sýna fram á það sem fyrr, hvert var stefnt með stjórnarskrárbreytingunni, og mundum halda uppi eðlilegri málsvörn gegn þeirri breytingu, sem boðuð var. Það þótti að sumu leyti óþægilegt, og þess vegna þurfti að gera hrópið, áður en málsvörnin var hafin. Hin ástæðan hlýtur að vera sú, að þeir, sem ráða hér málum, hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvaða verkefni sú breyting, sem þeir gerðu á stjórnarskránni, kallaði á. Þeir virðast ekki hafa gert sér grein fyrir því, hvað það tók mikinn tíma og hvað það var mikið vandaverk að semja kosningalög, sem væru í samræmi við þessa breytingu, enda hefur komið á daginn, að það var margt vanhugsað, bæði við stjórnarskrárbreytinguna og það, sem á eftir fór. Og það hefur sannazt, sem við framsóknarmenn héldum fram, að slík mál ætti að leysa að undangenginni athugun og í samstarfi allra flokka, en ekki í hefndarskyni, eins og hér hefur verið stefnt að.

Nei, það hefði verið betra fyrir forustumenn hér á hv. Alþingi að fara sér hægar um það, að við mundum tefja störf þingsins, en láta þá mál vera betur undirbúin en raun hefur borið vitni um.

Það hefur þegar sýnt sig, að fyrsti árangurinn af þeirri kjördæmabreytingu, sem hér er verið að gera og hugsað er að nái samþykki Alþingis í dag, er að koma í ljós. Ýmislegt er það, sem hefur orðið mönnum hugstætt nú upp á síðkastið í sambandi við kosningalögin. Erum við framsóknarmenn ekki einir um þær áhyggjur.

Menn hafa mjög velt því fyrir sér, hvernig með ætti að fara tilfærslur og útstrikanir á listum. Öllum er ljóst, að það er mikið vandamál, og það er vandamál í vaxandi mæli eftir þá skipan, sem nú er verið að gera. Því mega menn samt ekki gleyma, að þegar var verið að tala hér fyrir hlutfallskosningum fyrir rúmum 50 árum, var bent á það sem sérstakt réttlæti, að kjósandinn gæti þar fært til að eigin geðþótta. Hannes Hafstein hélt því fram sem einum helztu rökum fyrir gildi hlutfallskosninga. Nú eru menn í dag, þegar þeir eru að reyna að koma þeim á, að reyna að skafa þennan agnúa af. Sterkustu rökin eru orðin hættulegur agnúi. Og svo fer um fleira í þessu máli, þótt síðar sannist.

Eitt af því, sem hér er til umr., er það, hvernig kjósa á yfirkjörstjórn í hinum einstöku kjördæmum. Sú regla hefur verið gildandi þar, að yfirstjórn í kjördæmunum hefur kosið þessa kjörstjórn. Sýslumaðurinn hefur verið þar oddamaður vegna síns embættis, og sýslunefnd hefur svo kosið hina. Nú kom fram í frv. því, sem ríkisstj. lagði fram, sú till., að embættismenn í þessum kjördæmum skyldu vera einir í kjörstjórn. Það mátti segja, að þar væri fylgt því, að sýslumennirnir voru þar áður vegna síns embættis, en þá voru kosnir með þeim sérstakir fulltrúar, og það var mikils virði. Ég verð að segja það, að frá upphafi hef ég talið þetta atriði hæpið. Þó er svo ástatt í þeim héruðum, sem ég þekki bezt til og kem til með að heyja kosningabaráttu, ef ég tek þátt í henni framvegis, að þar eru embættismenn, sem ég fullkomlega treysti í þessum efnum. En það hefur verið nógu mikið að því gert í sambandi við þetta mál að hugsa það út frá líðandi stund, og þessir menn eru eins og aðrir menn dauðlegir og geta fært sig um set, og út frá því, að þeir séu til staðar, get ég ekki hugsað málið.

Þess vegna finnst mér, að önnur skipan þyrfti að koma til, og sú eina skipan, sem mér finnst þar eðlileg og er í samræmi við það að vera ekki að taka valdið af héruðunum og við getum þess vegna sameinazt um, bæði flm., ég, hv. 10. landsk. og hv. 4. þm. Reykv., sem tala um að

halda valdinu heima hjá héruðunum, það er því aðeins hægt, að við látum yfirstjórnir héraðanna, sýslunefndirnar og bæjarstjórnirnar, kjósa í kjörstjórnirnar. Því aðeins er það hægt.

Ég verð að segja það, að ég skil ekki þau rök hjá hv. 4. þm. Reykv., að það sé hæpið að láta þessa aðila kjósa í kjörstjórnir, vegna þess að þeir séu pólitískir, sýslunefndir og bæjarstjórnir séu pólitískir aðilar, og hætta sé fólgin í því að láta þær kjósa. En Alþingi, er það nú orðin ópólitísk stofnun? Alltaf heyrir maður eitthvað nýtt, og verð ég að segja, að hér eru meiri tíðindi á ferð en ég hef til þessa heyrt.

Nei, við getum ekki komizt hjá því, að pólitískir aðilar kjósi eða skipi þessar stöður. Þessir menn, hvort sem það eru sýslumenn eða aðrir, sem með þessi mál fara, verða pólitískir, og það er eðlilegast, að við setjum það saman á þann veg, að fleiri sjónarmið komi til, og þau munu koma til, ef sýslunefndir og bæjarstjórnir eiga að kjósa yfirkjörstjórnir. Það er því enginn hlutur eðlilegri eða engin lausn betri á þessum vanda heldur en sú leið. En þetta sýnir okkur aðeins eitt lítið dæmi af þeim mörgu vandamálum, sem kjördæmabreytingin kemur til með að skapa. Og ég vil sem sagt undirstrika það, að ef við viljum halda valdinu hjá fólkinu úti um landsbyggðina, eigum við að fylgja þeirri tillögu fram.

Í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. ræddi hér um að merkja bíla á kjördegi, þá held ég, að það muni vera nokkuð almenn skoðun í þessu landi, að þau lög, sem sett voru hér haustið 1957, hafi orðið til bóta í sambandi við framkvæmd kosninga. Bæði það að hafa takmörk á því, hve kjörstaðir mættu vera lengi opnir, og ýmislegt annað í sambandi við framkvæmd kosninganna hefur skapað meiri menningarsnið á kosningar en áður var. Og ég held, að við séum nú komnir of langt í því að nota bifreiðar til smölunar á kjördegi og sé nóg að gert, þó að við höfum ekki merkt þær. Mér er það fullkomlega ljóst á þeim stað, þar sem ég þekki bezt til, að þá er svo háttað, að það mundu allir kjósendur í því kjördæmi, þar sem ég var í framboði við tvennar síðustu kosningar, hafa kosið, þó að flokkarnir hefðu ekki séð þeim fyrir bíl. Það er orðið það mikið af bílum almennt í héraðinu, að það yrði vandræðalaust. Það má vel vera, að flokkar finni til ábyrgðar og gangi ekki lengra í þessu en góðu hófi gegnir. En ég hygg þó, að það muni henda suma, að þeir verði að reka sig alvarlega á, áður en það er gert, ekki sízt þegar svo miklu er nú farið að kosta til, að jafnvel flugvélar eru sendar með atkv., sem utan á er skrifað, að þau séu ógild.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Það liggja fyrir allmargar brtt. við frv., og sést af því, að skoðanir eru nokkuð skiptar um ýmis atriði þess.

Eitt af þeim atriðum, sem menn greinir á um, hvernig bezt sé að koma fyrir, er val manna í yfirkjörstjórnir. Þannig er þetta nú, að bæjarstjórnir og sýslunefndir velja meiri hl. af yfirkjörstjórnunum. Sýslumenn og bæjarfógetar eru lögum skv. oddvitar yfirkjörstjórna í þeim kjördæmum, þar sem slíkir embættismenn eru búsettir, en svo eru allmörg kjördæmi hér á landi, þar sem hvorki er sýslumaður né bæjarfógeti búsettur, og þá er það þannig skv. enn gildandi lögum, að ráðh. skipar formann yfirkjörstjórnar. Þetta held ég að hafi vel gefizt — a. m. k. þar, sem ég þekki til. Í frv., sem hæstv. ríkisstj. lét semja, er hins vegar gert ráð fyrir nýju fyrirkomulagi, þannig að ákveðnir embættismenn, sýslumenn og bæjarfógetar, búsettir í hinum nýju kjördæmum, eigi að skipa yfirkjörstjórn og sé um fleiri slíka embættismenn að ræða á svæðinu en þarf í kjörstjórnina, þá veljist þeir í hana, sem elztir eru. En það hefur komið fram, að í stjskrn. hér í hv. d. hefur orðið nokkur ágreiningur um þetta, og því liggja hér frammi brtt. um það.

Á þskj. 25 flytja 3 hv. þdm. till. um það, að yfirkjörstjórnir í öllum kjördæmum skuli kosnar hlutfallskosningu á Alþ. Með þessu er verið að veita þingflokkunum valdið til þess að velja menn í yfirkjörstjórnir — eða lagt til, að þeim verði fengið þetta vald. Ég held, að það sé búið að gera allt of mikið af því nú á þessu þingi að samþykkja till., sem ganga í þá átt að auka vald stjórnmálaflokkanna, og þurfi heldur við fyrsta tækifæri að draga úr því heldur en auka enn við. Ég held, að það sé heppilegra, ef menn geta ekki fellt sig við þá skipan, sem er í frv., að hafa þetta vald, eins og verið hefur, í höndum bæjarstjórna og sýslunefnda, og það er hægt að gera — koma því svo fyrir með því að samþykkja brtt. á þskj. 30, þar sem gert er ráð fyrir, að allar sýslunefndir og bæjarstjórnir í hinum nýju kjördæmum kjósi menn í yfirkjörstjórnir.

Þá er hér brtt. á þskj. 27 frá 2 hv. þm. um það, að framvegis skuli kjördagur vera annar sunnudagur í júnímánuði, en ekki síðasti sunnudagur í júnímánuði, eins og nú er. Ég vil mæla gegn þessari till. Ég vil benda á það, að þetta yrði miklu óhagkvæmara fyrir bændur og aðra menn í sveitum landsins. Einhver mesti annatími hjá bændum og öðru sveitafólki er sá tími að vorinu, þegar sauðburður stendur yfir, og það hefur oft verið svo undanfarin ár, að bændur hafa ekki getað sleppt sauðfé af húsi fyrr en um miðjan júnímánuð. Þetta er því ákaflega erfiður tími fyrir bændur og aðra, sem vinna við landbúnaðinn.

Það var talað um það áðan af hv. 10. landsk. þm., að það væri mjög óhentugt fyrir sjómenn, að kjördagurinn yrði síðasti sunnudagur í júnímánuði, eins og verið hefur. En ég vil þó benda á það, að sjómenn hafa þann möguleika og hafa haft að kjósa utan kjörfundar, áður en þeir fara að heiman til að stunda veiðar fjarri heimilum sínum. Þetta hafa sjómenn að sjálfsögðu gert, þeir sem hafa stundað sjó annars staðar en á heimamiðum og hafa því ekki getað verið heima á kjördegi. Þessi möguleiki er aftur ekki fyrir bændur og annað sveitafólk, sem á annríkt á heimilum sínum, sérstaklega vissan tíma að vorinu, eins og ég hef þegar getið um. Þeim er ekki heimilt að kjósa utan kjörfundar fyrir

kjördag, ef þeir gera ráð fyrir að verða heima á kjördegi. Þeim er þetta ekki heimilt, jafnvel þó að annríkið sé svo mikið á heimilunum, að þeim sé illmögulegt að sækja kjörfund, ef kjörfundadagurinn er snemma í júnímánuði. Ég vil því leggja gegn þessari brtt. á þskj. 27.

Þá er enn ein brtt., sem ég vil minnast á. Hún er á þskj. 29, frá hv. 9. landsk. og hv. 3. þm. Reykv. Þessi till. fjallar um það að fella niður 4. og 5. mgr. úr 99. gr., en í þessum mgr. eru ákvæði um það, að umboðsmönnum lista sé óheimilt að hafa kjörskrá eða aðra slíka skrá meðferðis á kjörfundi og rita nöfn þeirra, sem kjósa, og senda upplýsingar um slíkt út af kjörfundinum. Á Alþ. 1957 voru gerðar breyt. á l. um kosningar til Alþingis, og þar voru m. a. sett inn þessi ákvæði, sem þessir hv. þm. vilja nú fella niður. Í aths., sem fylgdu lagafrv. 1957, segir um þessa breyt., með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari grein er lagt bann við því, að sendar séu frá kjörfundi upplýsingar um það, hverjir neyta atkvæðisréttar síns. Hefur það farið mjög í vöxt hin síðari ár, a. m. k. í kaupstöðum, að flokkarnir noti rétt sinn til að hafa umboðsmenn í kjördeildum fyrst og fremst til að fylgjast með því, hverjir hafa kosið og hverjir ekki. Á þeirri vitneskju, sem þannig fæst, er síðan byggð kosningasmölun, sem telja verður óæskilega og raskar þeirri leynd og þeim friði um kosningarréttinn, sem hver maður á að njóta."

Meiri hl. Alþingis féllst þá á þessar röksemdir og samþykkti þessi ákvæði, og ég tel ekki rétt að fella þessi ákvæði nú úr lögum. Ég tel enga ástæðu til þess að gefa njósnurum flokkanna aftur aðgang að öllum kjörfundastofum til þess að stunda þar njósnir um það, hverjir komi til að neyta atkvæðisréttar síns.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það eru hér nokkrar till., sem fyrir liggja, sem ég vildi minnast nokkrum orðum á, og ætla ég þá fyrst að víkja að till., sem er á þskj. 25 og flutt er af þremur hv. alþm., en það er seinasta till., nr. 4, sem ég vildi fara um nokkrum orðum.

Það er nú kunnugt þeim, sem þekkja til okkar sögu, að á þeim tíma, er Danir fóru hér með vald, var það eini réttur kjósenda eða landsmanna að mega senda skjöl til stjórnarvaldanna með undirskriftum, þar sem þeir létu afstöðu sína koma í ljós. Þetta var sá eini réttur, sem landsmenn höfðu þá. Þrátt fyrir það, þótt þessi réttur væri ekki meiri en þetta, mun reynslan samt hafa orðið sú, að hann hafi borið verulegan árangur og orðið til þess að þoka ýmsu áleiðis í okkar sjálfstæðisbaráttu. Þess vegna held ég, þó að réttur og frelsi landsmanna sé nú orðið að ýmsu leyti meira en áður var, að þá sé mjög vafasamt að ráðast verulega á þennan rétt og helzt afnema hann með öllu, eins og mér virðist hér vera stefnt að, því að enn getur það verið þannig, að það sé heppilegt fyrir kjósendur að hafa aðstöðu til þess, þegar aðrar leiðir kunna að vera lokaðar, að láta sitt álit uppi við valdhafana á þennan hátt. Það er komizt þannig að orði í till., að menn megi ekki láta uppi vilja sinn með undirskriftum um stuðning eða andstöðu við ákveðin málefni, sem heyra undir Alþ., eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar. Mér finnst, að þetta orðalag: „eftir að almennar alþingiskosningar hafa verið ákveðnar" — sé nokkuð teygjanlegt. Við skulum taka t. d. núna, að þó að það sé ekki búið að auglýsa alþingiskosningar, þá má hins vegar segja, að það sé búið að ákveða alþingiskosningar, því að það liggur fyrir ákveðinn vilji um það hjá meiri hl. þings og ríkisstj., að þær fari fram eftir tiltölulega stuttan tíma. Svo þegar þeim alþingiskosningum er lokið, er einnig skv. ákvæðum stjórnarskrárinnar vitað, að það eru ákveðnar nýjar kosningar að fjórum árum liðnum, nema einhverjar nýjar ákvarðanir verði um það teknar, og þess vegna má a. m. k. túlka þetta þannig, að eiginlega liggi alltaf fyrir ákvörðun um það, hvenær næstu kosningar eigi að fara fram, í okkar stjórnskipunarlögum, nema eitthvað sérstakt komi til og einhver undanþáguákvæði séu notuð. Þess vegna held ég, að með því orðalagi, sem er á till., sé það nokkuð teygjanlegt, hvenær það er, sem kjósendur mega ekki láta uppi vilja sinn með þessum hætti. En satt að segja finnst mér, að það væri þó hið langbezta, að þessi till. yrði ekki samþykkt og kæmi ekki til framkvæmda, vegna þess að hún takmarkar gamlan rétt, sem kjósendur hafa haft og mér finnst á margan hátt eðlilegt að þeir haldi áfram án frekari takmarkana en nú er. Og ég verð að segja það, alveg sérstaklega af því að hæstv. forseti þessarar d. á hér hlut að máli, að mér finnst eiginlega hálfeinkennilegt, að hann skuli vera kominn inn á þá braut að vilja taka þennan frumstæða rétt af kjósendum, vegna þess að oft hefur hann staðið að því, að menn notfærðu sér þessi réttindi. Ég held, að það væri hyggilegast af flm. við nánari athugun málsins að taka þessa till. aftur, vegna þess að hún bætir ekki okkar stjórnarhætti eða eykur ekki rétt kjósenda, eins og nú er talað um að sé tilgangurinn með þeirri stjórnarskrárbreyt., sem verið er að gera, heldur verður til þess að takmarka hann. — Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta atriði.

Mér finnst þá rétt að koma að þeim till., sem hér liggja fyrir og snerta sérstaklega friðhelgi kjördagsins.

Það liggur fyrir till. frá hv. 10. landsk. um, að ekki skuli höfð uppi áróðursspjöld, áróðursborðar, flokksmerki og merki lista eða önnur slík auðkenni í kjördæminu á kosningadaginn, eftir að kjörfundur er hafinn. Ég held, að eftir þeirri reynslu, sem við höfum fengið, muni þessi breyt. vera til bóta. Það bar allmikið á því í Reykjavík, sérstaklega fyrir seinustu kosningar, að það væri háð eins konar barátta milli flokkanna með áróðursspjöldum og áróðursborðum. Það voru sjálfstæðismenn, sem höfðu forgöngu um þetta, aðrir flokkar töldu sér ekki annað fært en mæta þessu á sama hátt og láta Sjálfstfl. sjá, að hann væri ekki einn ráðandi hér í bænum, og það verður áreiðanlega gert aftur, ef Sjálfstfl. heldur þessari venju áfram og ekki verða sett um það nein ný ákvæði. Ég held hins vegar satt að segja, að hér sé um þá

starfshætti að ræða, að það væri til bóta að setja ákvæði um það í kosningalögin, að menn væru lausir við þessa áróðursborða. Ég mun þess vegna verða fylgjandi þessari till., sem er á þskj. 28.

Aftur á móti liggur hér fyrir önnur till., sem einnig snertir friðhelgi kjördagsins, á þskj. 29, frá tveimur hv. þm., og hún stefnir alveg í gagnstæða átt við það, sem till. hv. 10. landsk. fer fram á, því að hún stefnir tvímælalaust í þá átt að auka ófriðhelgi kjördagsins, ef svo mætti að orði komast. Ef þessi till. yrði samþ., má taka upp þann gamla hátt aftur, að flokkarnir geti sent sína njósnara inn í kjörstofurnar til þess að fylgjast með því, hverjir kjósa, svo að það sé hægt að elta þá upp á eftir, sem eru ekki búnir að kjósa og kæra sig kannske ekki um það. Það er áreiðanlegt, að sú breyt., sem var gerð í þessum efnum — að banna þetta — af hálfu vinstri stjórnarinnar, þegar hún fór með völd, varð til stórra bóta um að gera kjördaginn menningarlegri og losa kjósendur við óhæfilega smalamennsku og njósnastarfsemi, og þess vegna held ég, að það væri til hins verra að samþykkja þessa till. og hverfa aftur til þess fyrirkomulags, sem áður var.

Ég held, að það fari tvennt saman, ef við viljum vinna að því að treysta friðhelgi kjördagsins: að samþykkja þá till., sem er á þskj. 28, en fella hins vegar till., sem er á þskj. 29.

Mér finnst þá rétt að víkja nokkrum orðum að þeim brtt., sem hér liggja fyrir í sambandi við 110. gr. og snerta rétt manna til útstrikana. Því hefur verið yfir lýst af hálfu þeirra flokka, sem standa að þeirri stjórnarskrárbreytingu, sem nú er verið að ganga frá endanlega í Ed., að einn megintilgangurinn með henni væri að jafna kosningarréttinn, sem hefði áður verið óeðlilega ójafn meðal landsmanna.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það ákvæði í kosningalögum, sem hefur valdið einna mestum órétti milli kjósenda í þessum efnum, er ákvæðið um útstrikanir, vegna þess að örlitlum minni hluta kjósenda, t. d. í Reykjavík eitthvað um 6%, hefur verið mögulegt að ráða meiru vegna þess ákvæðis en 94% kjósenda, og sjá allir, um hvílíkan órétt er hér að ræða. Það hefði þess vegna mátt ætla, að þegar þrír flokkar réðust nú í það að gera ráðstafanir til þess að gera kosningarréttinn jafnari, væri hér eitthvað meira en lítið stefnt í lýðræðisáttina, ef hefði mátt leggja upp úr þessu lýðræðisskrafi þeirra. En samkvæmt þeim till., sem hér liggja fyrir, eru þeir nú ekki komnir lengra en það, að 12% kjósenda eru látnir hafa meiri rétt en 88%, þ. e. a. s. ef um t. d. 9 manna hóp er að ræða, þá á einn maður að fá að ráða meiru en 8 menn. Mér sýnist, að þetta dæmi, sem hér liggur fyrir, bendi til þess, að það sé ekki eins mikil alvara hjá þríflokkunum um að jafna rétt kjósendanna og þeir hafa verið að tala um að undanförnu og þótzt þurfa að gera stórar og fyrirhafnarmiklar breytingar á stjórnarskrá landsins til þess að gera þennan rétt jafnari.

En hver er nú ástæðan til þess, að þríflokkarnir ganga ekki lengra í lýðræðisáttina í þessum efnum en raun ber hér vitni um? Jú, það er sagt af þeirra hálfu, að þetta sé gert af þeirri ástæðu, að þeir vilji halda valdi hinna vondu flokksstjórna í skefjum. Flokksstjórnirnar geti haft aðstöðu til þess og hafi oftast nær aðstöðu til þess að ráða því, hvernig listarnir séu útbúnir, og þess vegna sé rétt að gefa kjósendunum, þó að það sé lítill minni hluti, þó þetta vald til að hamla upp á móti ofriki flokksstjórnanna. En ef við athugum þá reynslu, sem fyrir liggur í þessum efnum, komumst við að þeirri niðurstöðu, að það er í raun og veru allt annað, sem er hér á bak við. Það, sem er hér raunverulega á bak við, er það að vernda vald flokksstjórnanna og flokksklíknanna, því að í þeim örfáu tilfellum, sem fyrir liggja um það, að útstrikanir hafi átt sér stað í verulegum mæli, voru það flokksklíkurnar eða flokksstjórnirnar, sem hafa verið þar að verki. Það hefur gerzt með þeim hætti, að einhver maður, sem hefur ekki verið í náðinni hjá flokksstjórninni eða flokksklíkunni, sem ráðið hefur, hefur vegna áhrifa frá kjósendum komizt inn á framboðslista, og þá hefur flokksstjórnin eða flokksklíkan beitt því valdi, sem hún hefur yfir flokksskjarnanum, til þess að láta strika þennan mann út. Við höfum frægt dæmi fyrir okkur í þessum efnum, sem sannar, að það er rétt, sem ég er hér að segja. Það var fyrir nokkrum árum, að hv. 2. þm. Reykv. núverandi komst inn á lista hjá Sjálfstfl. hér í Reykjavík í andstöðu við flokksstjórnina og flokksklíkuna, sem réð hér í bænum, vegna þess að hann hafði það mikið fylgi kjósenda á bak við sig, að flokksstjórnin taldi sér ekki fært að útiloka hann, — og hver var þá aðferðin, sem flokksstjórnin greip til til þess að hefna sín á þeim kjósendum, sem knúðu fram þessa skipan listans í hennar andstöðu? Aðferðin var einfaldlega sú að láta strika þennan mann út og fella hann þannig frá kosningu. Það er þetta vald, sem raunverulega er verið að verja áfram, þetta vald flokksklíknanna og flokksstjórnanna til þess að geta hreinsað óþæga menn út, sem menn vilja endilega halda í og vilja þess vegna ekki ganga lengra í lýðræðisáttina en raun ber hér vitni um. Þess vegna fer því fjarri, sem menn eru helzt að halda fram þessu ákvæði til réttlætingar, að það sé verið að hamla á móti valdi flokksstjórnanna eða flokksklíknanna, heldur er þvert á móti verið að gera hið gagnstæða. Það er reynt að hafa þennan minni hluta svo lítinn, að flokksstjórnin með sínum harða kjarna geti haft áhrif á það að strika út mann, sem hún kærir sig ekki um.

Við vitum hins vegar, að meðal óbreyttra kjósenda hafa aldrei komið fyrir svo víðtæk samtök, að það hafi haft áhrif á lista. Ef þessi réttur til útstrikana og tilfærslna hefur haft áhrif á lista, þá er það eingöngu vegna þess, að harður flokkskjarni með flokksklíkuna eða flokksstjórnina í fararbroddi hefur beitt sér fyrir því, og þess vegna er bezt að segja það, sem er sannleikur þessa máls, að með því að halda þarna í rétt mjög lítils minni hl. er verið

að halda í rétt flokksstjórnarinnar til þess að hafa áhrif á skipan lista, ef hún telur sér hann óhagstæðan. Þess vegna er það mikil blekking, þegar verið er að tala um það, að með þessu ákvæði sé verið að vinna á móti ofurveldi flokksstjórna.

Ég mun þá koma að seinustu brtt., sem fyrir liggja og ég ætla að gera hér að umtalsefni. Það mun nú annaðhvort vera búið eða í þann veginn að afgr. stjórnarskrárfrv. frá Ed. Með því verki er áreiðanlega verið að vinna eitt hið mesta óhæfuverk, sem nokkru sinni hefur verið unnið í þingsögunni, með því að skerða stórkostlega vald byggða og héraða frá því, sem verið hefur, en það er vitanlega einn megintilgangur þessarar stjórnarskrárbreytingar. Það var alls engin þörf að ráðast á vald héraðanna eða sérstöðu til þess að tryggja þéttbýlinu aukna þingmannatölu, eins og réttlátt var, heldur var þetta eingöngu gert vegna þess, að menn töldu vald héraðanna og byggðanna of mikið og þess vegna yrði að gera sérstakar ráðstafanir til þess að skerða það.

Því hefur að vísu verið haldið fram af formælendum stjórnarskrárbreytingarinnar, að það væri síður en svo þeirra tilætlun að skerða vald héraðanna og vald byggðanna, heldur ætti það að fá að haldast áfram að verulegu leyti, þrátt fyrir það þótt kjördæmin væru lögð niður, sýslurnar ættu að halda áfram, kaupstaðirnir ættu að halda áfram o. s. frv. En ég held, að það sé táknrænt um hið sanna í þessum efnum, sem er að gerast hér í hv. Nd., á sama tíma og verið er að afgreiða stjórnarskrárbreytinguna frá Ed. Það, sem er að gerast hér í Nd. á sama tíma, er, að það er verið að halda áfram þeirri stefnu, sem við framsóknarmenn höfum haldið fram að sé mörkuð með stjórnarskrárbreytingunni, þ. e. að þurrka út héruðin og sýslurnar sem allra mest, og það er gert með því fyrirkomulagi, sem lagt er til að hér verði tekið upp í sambandi við yfirkjörstjórnirnar. Í stað þess, að það vald var áður úti í héruðum að útnefna yfirkjörstjórnirnar, er ætlunin að færa þetta vald í hendur Alþingis.

Það er algerlega rangt, sem kom hér fram hjá hv. 10. landsk. þm., að það væri einhver sérstök till. Framsfl. að láta bæjarfógeta og sýslumenn úti um land fara með þetta vald. Sú till. hefur aldrei komið frá Framsóknarfl. Hún hefur legið hér fyrir í frv., sem ríkisstj. hefur lagt fram á Alþingi, og það hefur alltaf verið ætlun framsóknarmanna að gera við þetta brtt. eins og nú liggur hér fyrir hv. d., þó að það hafi ekki verið gert fyrr en nú við 3. umr. En það, sem verður skorið úr í sambandi við þá atkvgr., sem hér fer fram, er raunverulega það, hvort framsóknarmenn hafa haft rangt fyrir sér, þegar þeir voru að halda því fram, að tilgangurinn með stjórnarskrárbreytingunni væri að draga úr byggðavaldinu, eða hvort þríflokkarnir hafa haft rétt fyrir sér, þegar þeir voru að halda því fram, að þeirra tilgangur væri alls ekki sá að þurrka út héruðin og sýslurnar, þó að kjördæmin væru afnumin.

Með þeirri brtt., sem þeir leggja nú fram, er gengið lengra í þessa átt, og það ætti að vera kjósendum í dreifbýlinu sönnun þess, að ef þeir mæta ekki kjördæmabyltingunni á þann hátt að þoka sér betur saman um einn flokk og tryggja sér á þann hátt, að réttindaskerðingin, sem hér hefur verið samþykkt, verði þeim ekki eins bagaleg og ella, þá muni þeir fá meira af slíku, meira af svipuðu og því, sem hér liggur fyrir í till. frá þríflokkunum um það, að valdið til að ráða vali yfirkjörstjórna skuli vera algerlega frá þeim tekið. Sú till. er fólkinu í dreifbýlinu ný hvatning til þess að standa betur saman um einn flokk og svara þessum árásum á þann hátt, og hún er á sama hátt hvatning til þess fólks í þéttbýlinu, sem vill viðhalda jafnrétti í byggð landsins og ber tryggð til sinna heimahaga, að fylkja sér um einn flokk til þess að draga úr áhrifum þeirrar kjördæmabyltingar, sem hér hefur verið gerð.

ATKVGR.

Brtt. 30 felld með 19:13 atkv.
— 25,1 samþ. með 19:13 atkv.
— 25,2 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 23,1 samþ. með 21 shlj. atkv.
— 23,2 samþ. með 25 shlj. atkv.
— 25,3 samþ. með 20 shlj. atkv.
— 27 felld með 25:8 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, LJós, ÓskJ, StSt, EmJ, GJóh, GÞG, EOl.

nei: JÁ, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÓlJ, ÓTh, ÞÞ, RH, SÁ, SkG, ÞK, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BBen, BFB, BÓ, BP, EystJ, GíslG, TÁ, HS, IngJ, JóhH.

2 þm. (GÍG, HV) fjarstaddir.

Brtt. 29 samþ. með 19:14 atkv.
— 23,3 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 26 felld með 19:5 atkv.
— 23,4 samþ. með 27:1 atkv.
— 23,5 samþ. með 22 shlj. atkv.
— 23,6 samþ. með 23 shlj. atkv.
— 25,4 samþ. með 20:10 atkv.
— 28 felld með 17:12 atkv.
— 32 felld með 18:13 atkv.
— 23,7 samþ. með 25 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 21 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var frv. útbýtt frá Ed. eins og það var samþ. við 3. umr. í Nd. (A. 34).

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þegar nú hefur verið endanlega samþykkt breyting sú, sem nú um nokkurt skeið hefur verið á döfinni, á stjórnskipunarlögum landsins, þá er ein afleiðing af þeirri samþykkt sú, að breyta verður kosningalögunum a. m. k. til samræmis við þá breytingu, sem á stjórnskipunarlögunum hefur verið gerð.

Hæstv. dómsmrh., sem því miður er fjarverandi, hefur beðið mig að fylgja frv. hér úr hlaði með nokkrum orðum vegna fjarveru sinnar.

Þegar hæstv. dómsmrh. tók þetta mál upp á

milli þinga, eftir að hið fyrra þing hafði samþ. stjórnarskrárbreytinguna, þá ætla ég, að hann hafi ekki í þá breytingu á kosningal. hugsað sér að taka annað en það, sem beinlínis leiddi af stjórnarskrárbreytingunni, og láta þá annað á vald hv. alþm. sjálfra, hvort þeir vildu þá í leiðinni gera frekari breytingar á kosningalögunum. Hann fékk þess vegna til nú í sumar 3 hæstaréttardómara, þá Árna Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórð Eyjólfsson, til þess að finna út, ef ég svo má segja, hvaða breytingar þyrfti nauðsynlega á kosningalögunum að gera vegna stjórnarskrárbreytingarinnar, og að fella þær breytingar inn í hin gömlu kosningalög. Aðrar breytingar en þessar ætla ég að ekki hafi verið gerðar, a. m. k. ekki að neinu ráði, og engar af þessum breytingum, sem beinlínis leiddi af stjórnarskránni, geta orkað tvímælis, vegna þess að þær liggja alveg ljósar fyrir, nema þá aðallega ein, og það er skipun yfirkjörstjórna í hinum nýju kjördæmum.

Hæstaréttardómararnir og dómsmrh. lögðu til, að sýslumenn og bæjarfógetar í þessum nýju kjördæmum gengju saman og mynduðu yfirkjörstjórn á þann hátt, að þeir elztu embættismannanna sætu í yfirkjörstjórninni. Þessu hefur nú verið breytt í hv. Nd. á þann veg, að gert er ráð fyrir, að Alþingi kjósi þessar kjörstjórnir úr hópi heimamanna í héraðinu. Um þetta má að sjálfsögðu deila, og ég skal ekki nú á þessari stundu ræða það frekar. En ég bendi aðeins á, að eins og frv. var lagt fram í upphafi, var raunverulega þetta atriði það eina, sem ég tel að orkað hafi verulega tvímælis eða skoðanir hafi getað verið skiptar um, og kom raunar strax fram nokkur skoðanamunur um þetta efni, sem svo endaði á þann hátt, sem ég nú hef lýst, með breytingu hv. Nd. á þessu ákvæði.

Síðar í meðferð Nd. á málinu eða stjskrn. Nd. voru gerðar allmargar breytingar á frv., sem samkomulag varð um í stjskrn. þeirrar d., þar sem aðalbreytingarnar voru í því fólgnar að fella úr gildi landslistana svokölluðu og öll þau fyrirmæli, sem af því leiddi. Aðalbreytingar stjskrn. Nd. til 2 umr. voru um þetta atriði og voru yfirleitt samþykktar samhljóða, nema hvað hv. framsóknarmenn töldu sig ekki geta verið með frv. af þeim „prinsip"-ástæðum, að þeir voru á móti stjórnarskrárfrv., og þess vegna töldu þeir sig ekki geta heldur verið með þeim breytingum, sem af samþykkt stjórnarskrárfrv. leiddi, þó að mér hafi skilizt, að þeir yfirleitt hafi ekki verið andvígir þeim breytingum, sem stjskrn. bar fram í Nd. við 2. umr. málsins.

Ég hirði ekki um að rekja þessar breytingar. Hv. þdm. hafa kynnzt þeim og alveg sérstaklega stjskrn. þessarar hv. d., sem ég ætla að hafi starfað með stjskrn. Nd. við afgreiðslu málsins og sett sig þá rækilega inn í það og þær brtt., sem þar voru á döfinni.

Við 3. umr. málsins í Nd. nú síðast komu fram nokkrar brtt. frá einstaklingum, sem sumar náðu samþykki og sumar náðu ekki samþykki. En ég tel rétt að nefna nokkrar þeirra.

Ég hef áður lýst, hvernig fór með yfirkjörstjórnirnar, það gerðist við 3. umr. í Nd., að því ákvæði var breytt, eins og ég lýsti áðan.

Þá var gerð einnig sú breyting á frv., sem ég tel allveigamikla og kannske getur orkað nokkurs tvímælis um, hvernig reikna skuli út, hverjir kosnir séu af lista, þegar um útstrikanir eða tilfærslur er að ræða. Um þetta hefur verið nokkur ágreiningur og mönnum yfirleitt ekki sýnzt alveg hið sama í þeim efnum, en þó hygg ég, að flestir hafi orðið sammála um, að það ætti að torvelda nokkuð a. m. k. möguleikana á því, að lítill hluti kjósenda eins ákveðins lista, sem vildi breytingu á listanum í eina ákveðna átt, gæti gert hana í andstöðu við mikinn meiri hluta kjósenda þessa sama lista. Þetta hefur mjög verið rætt, og niðurstaðan varð sú í Nd., að samþ. var að taka upp nýjan hátt við útreikning á atkvæðatölu þeirra, sem á listanum eru, þannig að fyrst verði reiknað með tvöfaldri atkvæðatölu listans óbreyttri og síðan þeim atkvæðum bætt við, þar sem ekki eru breytingar gerðar á kjörseðli, og loks bætt við þeim tölum, sem koma út úr þeim kjörseðlum, þar sem breyting hefur verið gerð. Með þessu er mjög frá því, sem áður var, torveldað að breyta röð á lista, og rökin fyrir því eru auðsæ, því að venjulegast er það svo, að þeir, sem vilja breyta röð á lista, gera það án þess að hinir, sem vilja ekki breyta, viti um það, þannig að segja má, að eins og þetta hefur verið gert, hafi verið til möguleikar fyrir lítinn hluta af kjósendunum til þess að koma aftan að miklum hluta kjósendanna og ná fram gegn vilja þeirra eða gegn vilja meiri hluta kjósenda ákveðins lista breytingum, sem hefðu ekki þurft að verða og ekki átt að verða, ef meiri hlutinn hefði vitað um fyrirætlanir þessa litla minni hluta. Í þeim tilgangi að draga úr þessu hefur þetta ákvæði verið samþykkt, að nú skuli hafður þessi háttur á, að lagðar skuli saman atkvæðatölur hvers manns á listanum óbreyttar og án þess að tekið sé tillit til þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið, tvisvar og síðan, eins og ég sagði, séu lagðar við tölur þeirra atkvæðaseðla, sem óbreyttir eru, og loks þeirra tölur, sem breytt er. Þetta er kannske veigamesta breytingin, sem á lögunum hefur verið gerð.

Þá hefur nokkuð verið rætt í Nd. um áhrif flokkanna á kosninguna á kjördegi og áróður í því sambandi. Þar hefur verið samþykkt að taka upp aftur heimild fyrir flokkana til þess að skrifa upp í kjördeildum, hverjir hafi kosið, og hafa samband við sína kosningaskrifstofu um það. Hins vegar var ekki samþykkt till. um, að heimilt væri að merkja bíla, en hins vegar féll líka till. um, að áróðursmerki hingað og þangað um bæinn mætti ekki uppi hafa.

Það voru fjöldamargar aðrar till., sem fram hafa komið, og ég skal ekki þreyta hv. þdm. með því að rekja það. Ég skal t. d. geta þess, að við 2. umr. komu fram frá stjskrn. sjálfri 46 brtt. og síðan við 3. umr. voru brtt. í tugatali, svo að það verður ekki rakið við þessa umr. af mér, enda ætla ég, að hv. þdm. séu kunnar þessar brtt. og niðurstaða frv., eins og það var afgreitt frá hv. Nd.

Það var eitt þýðingarmikið atriði þó, sem var talsvert rætt, en það var um tilfærslu á kjör-

deginum. Kjördagur er nú ákveðinn, eins og kunnugt er, síðasti sunnudagur í júní. En ýmsum þykir það of seint, vegna þess að hér á Suðurlandi a. m. k. er síðasta sunnudaginn í júní fjöldi manns farinn norður til síldveiða og ýmissa starfa í sambandi við síldveiðar. Þeim, sem þessa skoðun hafa, þykir ekki ósanngjarnt, að þessir menn njóti einhvers svipaðs réttar og t. d. bændur njóta nú, þar sem yfirleitt er ekki talið gerlegt að láta kosningar fara fram á tímabilinu frá 15. sept. til 15. okt., vegna þess að þá séu bændur uppteknir fjarri heimilum sínum, annaðhvort í göngum, við sláturhúsavinnu eða annað þess háttar. Og sem hliðstætt þessu töldu þeir, sem vildu færa kjördaginn fram, að það væri ekki óeðlilegt að gera það af þessum ástæðum, sem ég nú nefndi, með því að gera samanburð við sjónarmið, sem talsmenn bændanna hafa haft uppi. Till. var frá sumum um að færa kjördaginn aftur í maímánuð, síðasta sunnudag í maí, og það varð úr, að till. var sett fram sem miðlunartill., annar sunnudagur í júní, en hún var felld og kemur þess vegna ekki fram í því frv., sem hér liggur fyrir. Ég vil aðeins geta þess, að þetta kom fram og voru færð fyrir þessu talsvert sterk rök.

Ég veit, eins og ég sagði áðan, að hv. stjskrn. þessarar deildar hefur fjallað um málið í sambandi við stjskrn. Nd., og ég ætla þess vegna, að stjskrn. þessarar d., sem málinu verður sjálfsagt vísað til, geti unnið sér hægar og léttar eftir það að hafa yfirfarið málið með neðri deildar n. Ég vildi aðeins leyfa mér að láta í ljós þá ósk, að málinu verði heldur flýtt en hitt, því að ég heyri það á mönnum, að þeir vilja úr þessu, að þinghaldið geti orðið sem stytzt að mögulegt er, og raunar hef ég heyrt mjög ákveðnar óskir um, að reynt yrði að ljúka því í þessari viku. Ég vildi aðeins þess vegna skjóta því til hv. n., hvort hún gæti ekki hugsað sér að vinna hér fljótt að.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. stjórnarskrárnefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 13 shlj. atkv. og til stjskrn. með 13 shlj. atkv.

Á 9. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 34, n. 37, 38, 39).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. og brtt. 39. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Frv. það, sem hér er á dagskrá, var lagt fram í Nd. á fyrstu dögum þingsins. Það var lagt fram sem stjfrv. og hafði verið samið með hliðsjón af gildandi lögum og þeim breytingum á stjórnarskipunarlögunum, sem voru þá til umræðu hér í hv. d., en samþ. voru á síðasta Alþ. Var á fyrstu fundum í þessari hv. d. kosin sérstök stjskrn. til þess að athuga frv. og hafa samvinnu um athugun á því við hv. stjórnarskrárnefnd Nd.

Nefndirnar unnu saman að athugun á frv. og breytingum á fimm fundum, og sé ég ekki ástæðu til þess að ræða þær breytingar, sem gerðar hafa verið á frv. í hv. Nd., og ég sé ekki heldur ástæðu til að ræða einstök atriði frv., það gerði hæstv. ráðh., þegar hann lagði frv. hér fram við 1. umr. í gær.

Eftir að frv. var vísað til hv. stjskrn. þessarar hv. d., tók hún það strax til athugunar og hélt um það tvo fundi í gær. Henni þótti rétt að bera nákvæmlega saman sjálft frv., eins og það lá fyrir, við gildandi lög og við þær breyt., sem hafa verið gerðar á stjórnarskránni, til þess að fullvissa sig um, að þar væri fullt samræmi á milli. Henni þótti einnig rétt í svo stóru máli að fá aðstoð hjá skrifstofustjóra Alþ. til þess að starfa með nefndinni að þessari athugun, og lét hann það fúslega í té við n. Við þessa athugun kom í ljós, að nauðsynlegt þótti að gera nokkrar smávægilegar breyt. til leiðréttingar á frv., og eru þær birtar á þskj. 38. Síðan þessar brtt. voru prentaðar, hefur enn farið fram á ný nokkur athugun á málinu, og þá kom í ljós, að nauðsynlegt mundi þykja að gera eina brtt. enn við ákvæði til bráðabirgða, sem ég skal koma að síðar.

N. er sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. með þessum breyt., sem ég þegar hef lýst og skal nánar skýra frá, en þó eru 2 nm., sem skrifa undir með fyrirvara og hafa auk þess gefið út brtt. á þskj. 39, en annar eða báðir gera grein fyrir því við þessa umr. Leggja þeir til, að gerð sé ákveðin breyt. við 9. gr. Að öðru leyti er n. sammála um, að frv. sé samþykkt óbreytt, að öðru leyti en því, sem ég hef þegar tekið fram um brtt. á þskj. 38 og hina skriflegu brtt., er ég mun bera hér fram.

Í 12. gr. frv., sem er á bls. 3 á þskj. 20, stendur í upphafi gr.: „Varamenn taka sæti í landskjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna.“ En þar hefur fallið út, ætti að vera: „Varamenn taka sæti í landskjörstjórn, yfirkjörstjórn og undirkjörstjórn í forföllum aðalmanna,“ vegna þess að það eru varamenn í öllum þessum stjórnum, og er því þessi fyrsta brtt. borin fram til leiðréttingar á þessu, orðað þannig: „Á eftir orðinu „landskjörstjórn“ í 1. mgr. komi: yfirkjörstjórn.

2. brtt. er við 39. gr. Þar stendur nú: „Nú er framboðslisti úrskurðaður ógildur, og skal þá afrit af úrskurði þá þegar afhent.“ Þetta þótti n. rétt að leiðrétta og láta orðið „þá“ falla niður, en brtt. er orðuð þannig: „Fyrir orðið „skal þá“ komi: skal.“ Er það einnig aðeins til leiðréttingar.

3. brtt. er við 71. gr., 3. mgr. N. þótti rétt að leggja til, að á eftir orðinu „bæjarfógeti“ komi „borgarfógeti“ innan sviga, og er þar átt við Reykjavík, eins og víða er í frv.

Þá er 4. till. við 101. gr. Þar leggur n. til, að síðari málsl. 2. mgr. orðist um og hljóði þannig: „Að lokinni atkvæðatalningu býr yfirkjörstjórn um kjörskrárnar í innsigluðum umbúðum og sendir þær dómsmrn.“ En í frv. stendur nú á þskj. 20, að þetta skuli afhendast sýslumanni

eða bæjarfógeta — í Reykjavík borgarfógeta — til varðveizlu. Nú er það vitað, að eftir að kjördæmin hafa verið stækkuð, þá er um fleiri en einn sýslumann að ræða í kjördæmi, og þótti því rétt að breyta þessu þannig, að þessi gögn yrðu send til dómsmrn.

5. brtt. er við 140. gr., um refsiákvæði. Þar er talað um að refsa sýslunefndum, ef þær gæta ekki embættisskyldu sinnar, svo sem fyrir er mælt í frv. En með því að á sýslunefndir er nú ekki lögð nein embættisskylda í sambandi við frv., eins og það lítur út, þótti rétt að fella þetta orð niður, og er gerð till. um það með 5. brtt.

Í ákvæði til bráðabirgða á þskj. 34 þykir rétt að leggja til, að á eftir 2. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi: „Er kosningu er lokið hinn fyrri kjördag, skal um meðferð kjörgagna fara eftir ákvæðum 4. mgr. 123. gr.“ Það má segja, að það sé ekki alveg óhjákvæmilegt að samþykkja þetta ákvæði, en úr því að málið fer aftur til hv. Nd., þótti rétt að setja inn skýrt ákvæði um þetta, svo að það gæti ekki valdið neinum misskilningi síðar meir.

Þá vil ég leyfa mér að taka fram í sambandi við 6. gr. frv. á þskj. 20, að þar stendur í 3. mgr.: „Í hreppum, þar sem kjördeildir eru færri en fjórar, eiga 15 kjósendur, sem búsettir eru innan sama hreppshluta, rétt á, að hann verði gerður að sérstakri kjördeild, ef þeir krefjast þess, áður en kjörskrá hefur verið lögð fram, enda sé þessi hluti hrepps afskekktur og erfitt um kjörsókn þaðan að áliti yfirkjörstjórnar.“ Hv. 1. þm. N-M. hafði óskað eftir því við mig sem formann n., að ég gerði tilraun til þess að fá þessu ákvæði breytt og lækka þessa tölu niður í 12 kjósendur í staðinn fyrir 15, þar sem honum væri kunnugt um a. m. k. eina kjördeild, sem væri mjög afskekkt og gæti vel komið til mála, að hún færi niður fyrir þá tölu, sem tekin er upp í gr. N. vildi ekki fallast á að gera till. um breyt. á þessu ákvæði, en hins vegar er það samkomulag, að ég lýsi því hér yfir, að það er fullkomlega skilningur stjskrn. efri deildar, og sá skilningur kom einnig fram á sameiginlegum fundi hjá stjskrn. beggja d., að þessa gr. bæri ekki að skilja svo, að það væri heimilt að leggja niður kjördeild, sem áður hefði verið, þótt kjósendatalan færi niður fyrir þá tölu, sem ákveðin er í gr. Það væri hins vegar engin heimild að setja á stofn nýja kjördeild, ef færri en 15 kjósendur óskuðu þess.

Með þessari yfirlýsingu væntum vér í n., að fullnægt sé óskum hv. 1. þm. N-M. og annarra, sem kynnu að hafa sömu ástæðu til þess að óska, að þessari gr. verði breytt. Að sjálfsögðu verður sú kjördeild, sem kynni að verða í færri en 15 kjósendur, að uppfylla öll önnur ákvæði l. í sambandi við kjörfund, eins og þau eru ákveðin í frv.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða að sinni meira um þetta mál hér. Fyrir hönd stjskrn. legg ég til, að frv. verði samþ. með þeim breyt., sem ég hef þegar lýst, og mun afhenda hæstv. forseta hina skrifl. brtt. til þess að bera hana einnig upp við þessa umr., en það hefur ekki gefizt tími til þess að láta prenta hana.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 40) leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Við framsóknarmennirnir í stjskrn. höfum skrifað undir nál. með fyrirvara. Við erum að sjálfsögðu efnislega á móti breyt. kosningalaganna, sem teknar eru upp í frv. vegna stjórnarskrárbreyt., en við viðurkennum þessar breyt. frá formsins hlið sem óhjákvæmilega afleiðingu kjördæmabreyt., sem búið er að afgreiða sem stjórnskipunarlög. Við mælum með þeim lagfæringum á frv., sem stjskrn. flytur á sérstöku þskj., nr. 38, og enn fremur vil ég lýsa því yfir fyrir mitt leyti, að ég mæli með hinni skrifl. brtt. Mér hefur ekki tekizt að hafa samband við hv. þm. Str., og ég veit ekki, hvort formaður n. hefur náð tali af honum um þá brtt., svo að hann er náttúrlega óbundinn af þessari yfirlýsingu minni. Og þó að við hefðum kosið ýmis ákvæði um það, sem óhjákvæmilegt er að setja nýjar reglur um, nokkuð á annan veg, þá viljum við alls ekki tefja þingtímann með þjarki um þau atriði, enda búið að leita án árangurs samkomulags um þau í stjskrn. d., sem störfuðu á fyrstu stigum málsins saman, eins og hv. frsm. n. gat um.

En þó að þessi sé afstaða okkar, eru ákvæðin, sem Nd. setti inn í frv. um kosningu í yfirkjörstjórnir, svo fráleit að okkar dómi, að við hljótum að gera ágreining um þau. Á ég þar við fyrri mgr. 9. gr. á þskj. 34. Þar er svo fyrir mælt, að yfirkjörstjórnir skuli kosnar af Sþ., eins og landskjörstjórnir. Kosning sú er hlutfallskosning að sjálfsögðu. Yfirkjörstjórnir hafa að undanförnu verið þannig skipaðar, að sýslumenn og bæjarfógetar hafa verið sjálfkjörnir oddvitar þeirra, en sýslunefndir og bæjarstjórnir kosið að öðru leyti menn í þær. Sjálfkjör á sýslumönnum og bæjarfógetum verður auðvitað að falla niður vegna samsteypu kjördæmanna. En hvers vegna á að breyta því, sem þarf ekki að breyta, að kjördæmin sjálf velji menn til yfirkjörstjórnarstarfa? Get ég engin frambærileg rök fyrir því fundið. Þetta eru fyrst og fremst trúnaðarmenn kjördæmanna, — eða finnst hv. þm. þetta vera trúnaðarmenn flokksstjórnarvaldsins? Ég lít ekki svo á. Er hugsunarhátturinn strax orðinn svo afbróaður í flokksvaldsstjórnaráttina? Auðvitað er með þessu kjöri á Alþingi verið að koma vali mannanna undir yfirstjórn flokkanna. Yfirkjörstjórnarmenn eiga þó eftir eðli starfa sinna alls ekki að vera fulltrúar neinna flokka. Þeir eiga að vera óhlutdrægir í starfi. Umboðsmenn flokkanna, sem flokkarnir láta fylgjast með störfum yfirkjörstjórnar, eiga að gæta hagsmuna þeirra, eins og kallað er. Þannig er séð fyrir þeirri hlið, eftir því sem rétt er og hóflegt.

Einhver segir nú máske, að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósi líka flokkslega. Reynsla mín er sú, að þær hafa alls ekki lagt áherzlu á það. Þær hafa farið mjög mikið eftir aðstöðu manna til að gegna starfinu, hvernig þeir hafi verið í sveit settir og hvort þeir hafi haft tíma til að sinna slíkum störfum. Og til slíkra aðstæðna þarf að taka tillit. Það hefur þurft og þarf enn

þá frekar nú, þegar kjördæmin eru orðin miklu stærri og verkið þess vegna tímafrekara og meira og útheimtir ferðalög og meiri heimanveru. Alþ. getur ekki vegna ókunnugleika haft nægilega hliðsjón af slíkum ástæðum, eins og sýslunefndirnar og bæjarstjórnirnar geta.

Hvort tveggja er því, að heimamenn á ekki að svipta rétti til þess að kjósa yfirkjörstjórnirnar og flytja þann rétt út úr héruðunum til Alþ. Það er stjórnlega rangt að mínu áliti. Einnig verður Alþ. flokkspólitískt hlutdrægara í vali mannanna, og þeir, sem af því eru kosnir eftir flokkslínunum, líta meira á sig sem umboðsmenn sérstakra flokka en heimakjörnu mennirnir. Til viðbótar er svo það, að héruðin af kunnugleika geta valið til starfsins menn, sem áreiðanlega geta sinnt því hverju sinni. En Alþingi getur það miklu síður.

Till. okkar hv. þm. Str. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stað fyrri mgr. 9. gr. komi:

Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn fimm menn í yfirkjörstjórn og fimm til vara. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef bæjarfulltrúi krefst þess. Annars staðar kýs hver sýslunefnd og bæjarstjórn í kjördæmi einn mann, er sé búsettur í hlutaðeigandi sýslu eða kaupstað, í yfirkjörstjórn og annan til vara.

Nú er tala hinna kjörnu yfirkjörstjórnarmanna ójöfn, og skipar ráðherra þá úr þeirra hópi oddvita yfirkjörstjórnar og varamann hans. Sé tala hinna kjörnu yfirkjörstjórnarmanna jöfn, skipar ráðh. einn mann úr hópi annarra kjósenda í kjördæminu í yfirkjörstjórn og sé hann oddviti yfirkjörstjórnar. Ráðh. skipar einnig varamann oddvita.

Kosning yfirkjörstjórnarmanna og skipun oddvita gildir til 4 ára í senn."

Eins og 3. mgr. þessarar brtt. ber með sér, er ætlazt til, að ráðh. skipi oddvita kjörstjórna, enn fremur, að hann bæti úr því með skipun manns í kjörstjórnina, ef tala heimakjörinna manna verður jöfn, og enginn getur, að ég hygg, talið þetta óeðlilegt, enda er það í samræmi við það, að embættismenn hafa áður verið oddvitar yfirkjörstjórna.

Ég vil nú lýsa því yfir, að ég vænti þess, að hér í þessari hv. d. séu svo miklir heimastjórnarmenn í beztu merkingu þess orðs, að þeir fallist á þessa tillögu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Þó að það sé búið að gera á þessu lagafrv. margar breyt., sem breyta því ákaflega mikið, eru samt nokkur atriði í því enn, sem ég hefði gjarnan viljað óska eftir að nefndin tæki til meðferðar og athugaði milli 2. og 3. umr.

Ég skal leyfa mér að benda á þessi atriði, sem ég tel helzt ástæðu til þess að athuga nánar.

2. gr. frv. mælir svo fyrir, að enginn, sem telst hafa óflekkað mannorð, sem er sekur eftir dómi um verk, sem svívirðilegt er að almenningsáliti, hafi kosningarrétt, nema hann hafi fengið uppreist sinnar æru. Þetta er í samræmi við 4. lið í 1. gr. og í samræmi við stjórnarskrána. Nú er þetta svo, að Reykjavík er eina kjördæmið á landinu, sem framfylgir þessu, þegar kjörskrá er samin. Þegar búið er að gera að henni fyrstu nafnaskrá skriflega, er farið til sakadómara og fengið að sjá, hvaða nöfn eru hjá honum, sem hafa verið svipt kosningarrétti og ekki eiga að standa á kjörskrá, og þau strikuð út. Hvergi annars staðar á landinu er þetta gert. Við síðustu hreppsnefndarkosningar mun hafa skapazt meiri hluti í einum hreppi hér á landi með svona atkvæðum, sem alls ekki áttu á kjörskrá að vera. Og þegar talað var um að kæra það, varð eftir nokkurt stapp samkomulag um að gera það ekki, en sveitarstjórinn var tekinn úr minni hlutanum. Meiri hluti hreppsnefndar, sem varð til á atkvæði manns, sem atkvæðisréttur hafði verið dæmdur af, réð sveitarstjóra, sem var á móti henni. Það varð sættin. Við alþingiskosningar 1956 voru þar a. m. k. tveir menn, sem kosningarréttur hafði verið dæmdur af, látnir kjósa.

Nú er náttúrlega hægt að hugsa sér, að þetta sé lagað á tvo ólíka vegu: annars vegar með því, að þess sé gætt í framkvæmdinni, að þessir menn standi ekki á kjörskrá, en svo er líka hægt að hugsa sér það með því að láta þessa menn hafa kosningarrétt eins og aðra. Alþ. hefur sett þyngingu á refsingu til einstakra manna viðvíkjandi einstaka brotum. En til hvers er Alþingi að setja slík lög, sem ekki eru framkvæmd nema þá af sumum? Það getur vel verið, að menn sjái sér ekki fært að eiga við þetta núna, en ég vil þá beina þessu alvarlega til þeirra manna, sem koma til með, áður en langt um líður, að reyna að gera vit úr stjórnarskránni, sem nú gildir, því þó að þessi breyt. sé komin á hana, sem hér er verið að samþykkja, er hún jafnvitlaus fyrir það og milli 20 og 30 ákvæði í henni, sem allir eru sammála um að þurfi að breyta. Þetta var fyrst af því, sem ég vildi benda á.

Annað, sem ég vildi benda á, er, að það er ætlazt til þess, að kjörstjórnir séu kosnar á Alþingi, eftir því sem l. hljóða núna, en af sýslunefndum í kjördæmunum, eins og brtt. þeirra eru um, þm. S-Þ. og þm. Str. Nú er ekki nein borgaraleg skylda mér vitanlega að taka við kosningu í kjörstjórn. Það er hvergi stafur um það. Maður, sem Alþingi kýs til að vera í kjörstjórn einhvers staðar eftir frv., eins og það er núna, er alls ekki skyldur til að taka við því. Ég þekki það a. m. k. ekki. Hann veit ekki heldur, hvað hann á að fá fyrir það borgað. Það er ekki stafur um það í l., hvað á að borga fyrir það að vera í kjörstjórn. Það er bara sagt, hvernig kostnaði eigi að skipta niður, og það mun hafa verið svo, að kjörstjórnir hafa sett mjög misjafnt upp fyrir að sitja í kjörstjórn. Þarf ekki að setja inn einhver ákvæði um það, að þeir, sem kosnir eru í kjörstjórn, séu skyldugir að taka við kosningu, gera það að borgaralegri skyldu að taka við kosningu í kjörstjórn, og þarf ekki að setja ákvæði um það, hvaða greiðslur þeir eigi að fá fyrir að sitja í kjörstjórn, svo að þeir viti, að hverju þeir ganga, og að það sé eins um allt landið fyrir jafnlangan vinnutíma, hvað ekki hefur verið? Ég held, að eigi að setja ákvæði um þetta. Ég vildi biðja n. að athuga það.

Ef verður horfið að því ráði að láta Alþingi kjósa þessa menn, vil ég líka benda á, að það getur farið svo, að kjörstjórn verði alls ekki starfhæf. Við skulum segja, að Alþingi núna kjósi í þessar kjörstjórnir, og það eru venjulega kosnir í svona starf menn, sem orðnir eru rosknir, reyndir, skynsamir menn, sem hafa hingað til verið kosnir um allt land án nokkurrar flokkapólitíkar, því að þetta eru nokkurs konar dómendur, sem eru hafnir upp yfir það að láta flokkaágreining ríkja. Nú skal ég t. d. taka Norður-Múlasýsluna. Síðan viku fyrir kosningar hafa dáið fjórir af þeim helztu bændum héraðsins, sem mundu hafa verið settir bæði sem varamenn og aðalmenn, kannske tilviljun, en slík tilviljun getur alltaf komið fyrir. Menn, sem við kjósum núna í þetta, geta dáið, áður en á að fara að kjósa í haust. Það er þó nokkuð þangað til, og ekki verður Alþingi kallað saman til að kjósa menn í staðinn, það er útilokað. Sýslumaðurinn hringir í sýslunefndarmennina, þegar á að setja mann í staðinn, og þeir koma sér saman um það í síma eða finnast eftir því, hvað sýslan er stór. En það er alveg útilokað, að Alþingi geti fyllt í skörðin í þessu tilfelli. Þess vegna þarf að setja undir þennan leka, ef Alþingi á að kjósa þá. Ég held a. m. k., að það sé alveg nauðsynlegt að gera það. Þetta vildi ég nú biðja n. að athuga.

Ég er ekki ánægður með þessa 15 menn. Mér er kunnugt um, að þetta hefur ekki verið skilið eins og formaður n. vildi láta skilja það hér. Mér er kunnugt um það af því, að við síðustu kosningarnar voru lagðar niður kjördeildir, sem voru komnar niður í 18 menn, en hafa staðið í stað við undanfarnar kosningar margar, lagðar niður af viðkomandi hreppsnefnd, af því að hún taldi, að samgöngur hefðu batnað þar, að ekki væri beint þörf á sérstakri kjördeild lengur. Þeir fengu þess vegna ekki að halda sinni kjördeild. Allra ljósast dæmi er náttúrlega um Möðrudal og Víðidal, tvo bæi í Norður-Múlasýslu, sem liggja í eitthvað 80-100 km fjarlægð frá kjördeildinni, sem þeir ættu að vera í. Þar eru núna 16 kjósendur. Margt af þeim eru unglingar á aldrinum frá því að vera nýbúnir að fá kosningarrétt og upp í það að vera svona um þrítugt, og náttúrlega fara þeir að fljúga úr hreiðrunum mjög fljótlega. Ég get búizt við, að þeir fari niður í 15, kannske 14 mjög fljótlega, það veit náttúrlega enginn um það. En hví í ósköpunum, jafnvel þó að það væru ekki nema sárfáir þarna, þótt það væri komið niður í 8 eða 9, ætti að neyða þessa menn til að fara alla þá vegalengd, sem þeir þurfa að fara niður á Jökuldal, til að kjósa? Hví á ekki að leyfa þeim að vera, a. m. k. þangað til þeir verða orðnir svona 12 eða eitthvað svoleiðis?

Ég tek nú þetta dæmi, af því að ég þekki það allra bezt, en það eru dæmi til svipuð víðar, ekki kannske eins, — hvergi kannske eins langt og yfir fjöll að fara eins og í þessu tilfelli, en þó samt mjög afskekkt og mjög einangruð, og þar þarf að halda kjördeildinni. Við verðum að gá að því, að þarna getur tvennt komið til greina. Nú er ég ekki að tala um það sérstaklega viðvíkjandi þessari kjördeild. En þarna getur tvennt komið til greina, sem geri það að verkum, að hreppurinn kæri sig ekki um að hafa þessa kjördeild, og þess vegna þurfa mennirnir að hafa sinn rétt. Annað er það, að kjördeildin kostar peninga. Hún kostar kjörstjórn þessi kjördeild, og ef ég man rétt, þá er það hreppurinn, sem borgar hana. Það getur verið þess vegna hrein sparnaðarráðstöfun hjá hreppnum. Það vil ég ekki hafa, heldur leyfa kjördeildinni að vera áfram. Svo getur hitt líka verið, — ég tek það enn fram, að ég er ekki með því á neinn hátt að segja, að slíkt eigi sér stað þarna, ég get sagt það hér í þd., að allir í Möðrudal eru framsóknarmenn, meiri hlutinn í hreppsnefndinni í Jökuldalnum og það mikill meiri hluti eru sjálfstæðismenn, — þarna er hægt að koma við pólitík, með því að hreppsnefndin bara kalt og rólega segi: Ég verð víst að leggja þessa kjördeild niður. — Þá veit hún, að það geta ekki allir sótt, geta ekki allir farið heiman að, það er útilokað. Þess vegna getur þarna verið til staðar aðstaða, sem hægt er að nota pólitískt, og þess vegna er enn síður ástæða til þess að þrengja að því, að svona smástaðir út úr skotnir, liggjandi langt frá öðrum bæjum, geti fengið að vera sérstök kjördeild út af fyrir sig, og þess vegna vildi ég mjög ákveðið mælast til þess, að þeir athuguðu það betur, hvort ekki væri rétt að fara a. m. k. niður í töluna 12.

Það eru hér nokkur atriði fleiri, en ég held nú samt sem áður, að ég láti þetta nægja, en það er þetta: Ég held, að það sé nauðsynlegt að taka fram í l. sjálfum, hvað á að borga kjörstjórnunum, svo að þeim verði borgað sambærilegt dagkaup um land allt, og ef það er meiningin að láta Alþingi kjósa þær, þá þarf að búa betur um það en gert er til að tryggja, að það sé hægt að starfrækja þær, þó að tveir menn deyi samtímis í einni sýslu á t. d. þrem vikum, frá því að Alþ. hefur kosið þá, þangað til á að fara að kjósa, — ég tala nú ekki um, ef það líða 1—2—3 ár á milli. Þær geta orðið gersamlega óstarfhæfar, þegar Alþingi á að skipa menn, þó að það sé einn varamaður fyrir hvern mann.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, en ég vildi benda á þetta. Og ég vil sérstaklega undirstrika það, að ég held, þó að það væri kannske ekki gert núna, að það eigi að hætta að svipta mann kosningarrétti, þó að hann hafi brotið eitthvað af sér, sem kallað er svívirðilegt. En það er ekki hægt að gera það, meðan það stendur í löggjöfinni. Þetta er líkt og var með þeginn sveitarstyrk. Maður, sem hann hafði þegið, hafði ekki kosningarrétt. Þessu var breytt, og eins á að gera hér.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Ég get ekki fallizt á rök þau, sem hv. þm. S-Þ. flutti fyrir þeirri brtt., sem borin er fram á þskj. 39 og hann ásamt hv. þm. Str. er flm. að, eins og ég get ekki heldur fallizt á þau rök, sem fram hafa verið færð í sambandi við þetta atriði í málgagni Framsfl. Hér er raun-

verulega ekki verið að ganga á rétt neinna manna í þessu máli. Það er verið að skipa máli hér á fullkomlega lýðræðislegan hátt. Og hverjum ætti að vera betur trúandi til þess að ákveða endanlega um þetta atriði en sjálfu Alþingi? Fólkið, sem á að búa við þetta skipulag, hefur sjálft kjörið þá menn til Alþingis, sem ákveða, hverjir skuli fara með þessi embætti úti í sveitum landsins. Ég held, að það sé alveg vonlaust verk að telja nokkrum manni trú um, að á þennan hátt sé verið að ganga á rétt þeirra manna, sem sjálfir hafa sett sína umboðsmenn til þess að ákveða, hvernig fara skuli með málið.

Ég get því ekki fallizt á að leggja til, að þessi till. verði samþykkt. Ég sé ekki ástæðu til að ræða um það langt mál, en þetta er skoðun mín, og þess vegna get ég ekki fallizt á að leggja til, að till. verði samþykkt.

Í sambandi við aths. frá hv. 1. þm. N-M. við 1. gr. vil ég taka það fram, að eins og hann gat sjálfur um, er ekki hægt að breyta þessu með einföldum lögum, þar sem þetta er ákveðið í stjórnarskránni, og þar af leiðandi engin ástæða til þess að tefja málið til þess að taka það aftur til n. af þeim ástæðum. Ég vænti því, að hann geti fallið frá þeirri kröfu.

Hann benti á, að ef 9. gr. væri samþ. óbreytt, eins og hún er í frv., gæti farið svo, að það væru engir menn til þess að taka við, ef bæði aðalmenn og varamenn skyldu falla frá á tímabilinu. Ég held, að það þyki nokkurn veginn örugg ráðstöfun, bæði í sambandi við ein og önnur embætti í landinu, sem kosið er til, að kjósa fulla tölu varamanna, og ef svo skyldi nú samt sem áður til takast, að allir aðalmenn og allir varamenn væru horfnir héðan úr þessum heimi, svo að yrði að taka til einhverra ráða um að fá nýja menn, þá væri þó mögulegt fyrir hæstv. dómsmrh. að gefa út bráðabirgðalög, ef þing væri ekki komið saman, og ákveða þannig með bráðabirgðalögum, hvernig skyldi bjarga því máli við, ef ekki væru neinir af þeim mönnum, sem kjörnir hafa verið. En ég hygg nú, að það þyrfti ekkert að gera því á fæturna, það sé alveg óþarfi að breyta greininni þess vegna, að það sé ekki nægilega um hnútana búið að kjósa bæði fulla tölu aðalmanna og fulla tölu varamanna.

Í sambandi við aths. hans um 6. gr. skýrði ég frá því, að þetta hefði verið til umr. í n., og ég sé ekki ástæðu til þess að taka málið aftur til n. af þeim ástæðum. Það var fyrst og fremst rætt um þetta í sameiginlegu n., og þar vildi sú n. ekki ganga lengra en leggja til að lækka töluna niður í 15. Og það var einnig rætt um þetta við n. þessarar hv. d., sem vildi ekki heldur breyta því ákvæði og taldi, að það væri nægilegt að gefa þá yfirlýsingu, sem ég gaf hér áðan.

Ég hef ekki trú á því, að framsóknarmenn eða sjálfstæðismenn eða nein pólitísk hreppsnefnd fari að beita slíkum tökum að leggja niður kjördeild bara af því, að allir kjósendurnir séu af einum flokki. Auk þess er vitað, að kosningin er leynileg, þannig að aldrei er hægt að dæma um það, hvernig menn kjósa. En ætti að fara lengra niður með þessa tölu en gert er hér í frv., þ. e. a. s. niður í 15 manns í kjördeild, þá rís sannarlega upp sú spurning, og henni var hreyft mjög ákveðið í nefndunum, hvort ætti ekki að taka upp leyfi til þess að hafa kosningu á sjúkrahúsunum. Hvers vegna eiga sjúklingar að missa kosningarrétt sinn, þótt þeir sitji þar á kjördegi? Svo má ræða um ýmis önnur atvik. Það þótti vera gengið of langt og nálgast of mikið heimakosningu. Og ég verð að segja það, að ef á að fara niður fyrir 15, niður í 12 eða 10 manns, þá held ég, að hægt sé að benda á, að þar væri maður kominn í heimakosningu, — og hví þá að leyfa einu heimili uppi á fjöllum, í Möðrudal eða einhvers staðar annars staðar, að kjósa, af því að það eru 10 kjósendur á heimilinu, en leyfa ekki neinum öðrum aðilum, sem eiga kannske erfiða aðstöðu, að kjósa þá á sínu heimili? Það er engin ástæða fyrir mig sem formann n. að tefja málið með því að fara með það til n. aftur af þeim ástæðum.

Ég legg því til, að málið verði afgr. nú við þessa umr. og með þeim breyt., sem n. hefur borið fram, og hafði búizt við því, að hæstv. forseti tæki strax annan fund eftir 2. umr. og lyki málinu hér, og ég hafði ekki hugsað mér að kalla n. saman aftur í sambandi við þessi atriði.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, því að það er alls ekki ætlun mín að lengja þessar umr. með þjarki. En út af því, sem hv. frsm. n. sagði, þegar hann minntist á till. þá, sem við hv. þm. Str. flytjum, vildi ég aðeins segja nokkur orð.

Hann sagði, að það yrði erfitt að fá menn til að líta svo á, að með þessum hætti, sem lagt er til í frv. um kjör yfirkjörstjórnarmanna, væri verið að taka nokkurn rétt af kjósendum eða heimamönnum. M. ö. o.: Hann leit svo á, að það væri ekki hægt í raun og veru að kjósa til yfirkjörstjórnar á lýðræðislegri hátt en Alþingi gerði það og þm. væru kosnir af almenningi til þess að fara með svona mál. Rétt er það, að umboð það, sem þm. hafa, er mikið til löggjafar. En víst er þó, að hefðir og almennur hugsunarháttur gerir það nokkuð ákveðið um viss atriði, hvað ætlazt er til að þm. gangi langt í því að beita þessu umboði.

Nú býst ég við því, að þegar farið verður að kjósa hér af hæstv. Alþ. í yfirkjörstjórnir, ef till. okkar framsóknarmannanna verður felld, þá komi það strax í ljós, að það verði lagðir fram listar, flokkarnir tilnefni sína flokksmenn heima í héruðunum og það fari svo eftir styrk þeirra hér á Alþ., hverjir það verða pólitískt, sem koma að mönnum í þessar yfirkjörstjórnir. Ég lýsti því yfir áðan, að ég teldi, að það ætti ekki að kjósa eftir pólitískum línum, og ég fullyrði, eins og hv. 1. þm. N-M. sagði, að það hefur ekki yfirleitt verið gert í héruðunum, enda hafa enn aðrar ástæður verið látnar þar gilda meira, því að það hefur verið litið á mennina eins og menn, sem fara með úr-

skurðar- eða dómsvald. En á Alþingi verður áreiðanlega kosið eftir flokkslínum, svo að það er rangt að segja, að þá verði á fullkomnasta hátt kosið lýðræðislega.

Og svo kemur það til greina, að almenningur hefur alls ekki ætlazt til þess, að í umboði þm. fælist það, að þeir gengju inn á það svið, sem heima fyrir hefur með hefð verið helgað almenningi. Ef farið er að taka réttinn af almenningi heima fyrir til þess að kjósa yfirkjörstjórnir hjá sér, þá er eins hægt að hugsa sér, að næsta skrefið yrði það eftir túlkun hv. þm. Barð., að Alþingi færi að kjósa hreppsnefndirnar og sýslunefndirnar. Umboðið er náttúrlega ekki svo bundið stjórnlagalega, að þetta væri ekki hægt.

Ég er viss um það skv. framansögðu, að till. okkar er miklu lýðræðislegri og beinir þessu máli inn á lýðræðislegri brautir en frv. gerir, einmitt inn á þau svið, sem hefðin ætlast til að valdið í þessum efnum sé. En sé það nú hugmyndin að taka valdið af almenningi og flytja til Alþingis, þá er það satt að segja í nokkru samræmi við stjórnarskrárbreytinguna, en alveg ónauðsynlegt skv. henni að beita því bragði. Það tel ég óþarft og ofgert hjá þeim mönnum, sem annars hafa barizt fyrir stjórnlagabreytingunni, — ofgert að óþörfu og aðeins í þágu hófleysunnar.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Þegar hér var til meðferðar í hv. d. þáltill. um að kjósa sérstaka stjórnarskrárnefnd, áður en því máli var vísað til d., þá var ástæðan sú, sem færð var fyrir þessari till., að n. ætti þegar að vinna með stjskrn. Nd. og þá alveg sérstaklega að athugun kosningalaganna, því að stjórnarskrárfrv. sjálft virtist ekki að því leyti þurfa athugunar við, að meiri hluti þings hafði samið um það og það á síðasta þingi, að það skyldi, eins og það lá fyrir, ganga fram óbreytt, og þýddi þar í raun og veru ekki athugun. En við hinu var hægt að búast, að því er kosningalögin snerti, að þar yrði ekki beitt neinu flokksvaldi, heldur vildu menn hjálpast að því að gera kosningalögin sem bezt úr garði.

Ég hreyfði því þá þegar undir meðferð þessarar þáltill. hér í hv. d., að jafnvel þó að ég hefði ekkert á móti því, að sú nefnd yrði kosin þá þegar hér í d., og ég hefði ekki heldur á móti því, að hún ynni með hv. stjskrn. Nd., þá ætlaðist ég þó til, að það færi fram alveg sérstök athugun á þessu máli, þ. e. a. s. kosningalögunum, þegar það kæmi til þessarar hv. deildar.

Hv. frsm. stjskrn. upplýsti það að vísu, að n. hefði haldið um þetta tvo fundi, eftir að frv. var til hennar vísað, auk þess sem hún vann með stjskrn. Nd., en mér þykja tveir stuttir fundir satt að segja ekki bera vott um mjög mikla sérstaka athugun á málinu hér í hv. deild.

Ég ætla þó ekki að gera miklar athugasemdir við frv., eins og það liggur fyrir, en aðeins nefna örfá atriði.

Mér hefði fundizt, að það hefði ekki mátt minna vera en að frá hv. nefnd kæmu skýringar, sem væru þá birtar almenningi jafnvel, um það, hvernig skilja beri 110. gr. frv. og hvernig hún muni verka. Mér er til efs, að almenningur úti um land muni skilja þessa gr., eins og hún er orðin nú, og jafnvel að allir kjörstjórnarmenn muni skilja það nákvæmlega, hvað við er átt með henni. Allir vita um tilganginn með þessari gr. Hann er sá að torvelda kjósendum að breyta til á framboðslista, að strika þar yfir nöfn eða færa til á listanum — og þó ekki beinlínis að torvelda mönnum að framkvæma þessa athöfn, heldur að draga úr verkunum hennar, sem mjög er dregið úr með þeim ákvæðum, sem nú eru í 110. gr.

Ég álít, að það sé alveg rétt stefnt með því atriði í frv. að draga úr verkunum tilfærslna og yfirstrikana, því að með því fyrirkomulagi, sem áður var, gat það hent og voru dæmi til, að það henti, að mikill minni hluti þeirra, sem lista kusu, réð því raunverulega, hver varð þm., en yfirgnæfandi meiri hluti réð því ekki. Þetta kom fyrir, og ekki er hægt að segja, að það sé lýðræðislegt. Þess vegna er réttmætt að gera ráðstafanir til að draga úr verkunum þessara athafna. En spurningin er: Þurfti að finna svona flókna aðferð til þess að ná þessu marki eins og hér er?

Ég er ákaflega hræddur um, að það verði einhverjir, jafnvel sem um þetta eiga að fjalla, sem ekki verða alveg á því hreina þegar í stað um, hvernig skilja beri ákvæði greinarinnar.

Hér virðist ekki vera ágreiningur í n. nema um eitt einasta atriði. Það er um það, hvernig eigi að skipa yfirkjörstjórnir í hinum einstöku stóru kjördæmum. Hv. þm. Barð. finnst það ekkert vera að draga úr rétti manna úti um land að láta Alþingi kjósa kjörstjórnirnar með hlutfallskosningu. Það hefur þó hingað til verið svo, að vald til að kjósa kjörstjórnirnar, að svo miklu leyti sem ákveðinn embættismaður hefur ekki gegnt þar starfi, hefur verið í höndum sýslunefnda í sýslum og bæjarstjórna í kaupstöðum, og ég tel engan vafa á því, að ef sveitarstjórnarlögunum hefði verið breytt samhliða stjórnarskránni og kosningalögunum, þannig að hvert af þessum kjördæmum hefði verið gert að fylki, eins og stungið hefur verið upp á að skipta landinu í fylki, og hvert þetta svæði hefði haft sitt fylkisþing, þá er ekki nokkur minnsti vafi á, að slíkum fylkisþingum hefði verið falið að velja kjörstjórnirnar nema e. t. v. formenn þeirra. Það hugsa ég, að allir geti verið sammála um. Nú er ekki tilgangurinn með þessum breytingum, sem gerðar eru, að stofna nein slík fylki að sinni, — og er þá nokkuð eðlilegra en að sýslunefndir og bæjarstjórnir haldi sínum rétti til að kjósa þessa starfsmenn, eins og þær hafa haft, eða að svo miklu leyti sem það samrýmist breyttu skipulagi? Ég sé engin rök á móti því, og ég heyrði ekki, að hv. frsm. n. færði nokkur minnstu rök á móti því. Hann var að færa rök að því, að það væri ekkert hættulegt að láta Alþ. gera þetta. Það kann að vera, að það sé ekkert sérstaklega hættulegt. En ég sé engin rök liggja til þess að breyta þarna til. Það er hægt að koma því við, að sýslunefndir og bæjarstjórnir kjósi áfram kjör-

stjórnirnar. Ég held því, að hv. þd. ætti að fallast á þá brtt. við frv., sem þeir flytja hv. þm. S-Þ. (KK) og hv. þm. Str. (HermJ), og ég verð að segja það, að ef sú till. verður ekki samþ., þá fyndist mér réttara að færa þá frv. í hið fyrra horf, eins og það var lagt fyrir, að því er þetta atriði snertir. Ég hygg, að flestir muni treysta því, að dómarar séu öðrum mönnum færari og hæfari til þess að skera úr ýmiss konar ágreiningi, og ég held, að það væri réttari skipun á yfirkjörstjórnum, að þær væru skipaðar eins og upprunalega var ákveðið í frv., að það væru þrír sýslumenn og bæjarfógetar í hverju kjördæmi, heldur en Alþ. væri að kjósa þær. Ég býst við að vísu, að Alþ. sé þannig skipað, að það séu menn til á Alþ., sem þekkja menn í öllum þessum kjördæmum, sem á að stofna, og það valdi ekki vandkvæðum, en vitanlega verður kosningin á Alþ. algerlega pólitísk, eins og við vitum að allar kosningar eru. Ég held líka, að það hefði átt að afnema landskjörstjórnina og fela hæstarétti að vinna það verk, sem henni er ætlað, en út í það fer ég nú ekki.

Það er víst ekki í frv. neitt ákvæði um það, hvaða borgun þessir menn ættu að fá fyrir starfa sinn, því að það verður töluvert verk, því að fyrst eiga þeir, að mér skilst eftir frv., að vera saman komnir kjördaginn, og einhvern dag eða daga verða þeir að vera saman komnir eða a. m. k. *oddviti kjörstjórnarinnar að vera* til staðar á ákveðnum stað, miðsvæðis í kjördæminu, seinustu dagana, sem framboðsfrestur varir, og síðan í þriðja lagi að telja atkvæðin með öllu því vafstri, sem nú verður, því að það er sýnilegt, að það verður mikið verk í hverju kjördæmi að telja atkvæði. Það er býsna *lengi* verið að opna kassana, athuga bókanir hinna einstöku kjördeilda og steypa þessu öllu saman, þegar kjördeildir eru orðnar fjöldamargar, eins og búast má við. Ég man það í síðustu kosningum í mínu kjördæmi og eru kjördeildirnar þar ekki nema 15, en bara þessi undirbúningur tók æði mikinn tíma. Ég sé ekki annað en það geti orðið æði mikið starf að vera í yfirkjörstjórn, og er það sjálfsagt réttmætt, sem 1. þm. N-M. vék að, að það þyrfti að ákveða um greiðslur til þeirra, sem þetta *starf inntu af hendi*. E. t. v. *getur hæstv.* dómsmrh. gefið lögskýringu á því, að það sé sjálfgefið, að þeim beri greiðsla úr ríkissjóði.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er bara til að leiðrétta misskilning eða til að reyna að koma réttum skilningi inn hjá hv. þm. Barð. (GíslJ) á því, sem ég sagði áðan.

Eins og núna er ákveðið í frv., á í Sþ. eftir hverjar almennar alþingiskosningar að kjósa 5 manna landskjörstjórn hlutbundnum kosningum og *jafnmarga til* vara. Svona hljóðar þetta nú í 8. gr. Og eins og nú á að breyta 9. gr., á á sama hátt að kjósa yfirkjörstjórnir í hinum einstöku kjördæmum. Afleiðingin af þessu er, að það þurfa engir fimm menn að deyja á milli þinga, til þess að kjörstjórn verði óstarfhæf. Það þarf bara að deyja einn varamaður og einn aðalmaður frá sama flokki. Ef t. d. Alþfl. á einn mann kosinn á Alþ. og einn varamann, þá er kjörstjórnin óhæf, ef þeir báðir deyja. Það er ósköp vel hugsanlegt á einu ári, ég tala nú ekki um á 4 árum milli kosninga, að það deyi tveir menn, svo að það verði óstarfhæf kjörstjórn. Þess vegna er það, að ef menn vilja virkilega láta Alþ. vera að kjósa kjörstjórnirnar, sem ekki er nein þörf á og ekkert vit í í raun og veru, þó að menn vilji gera sig mikla með því að beita þar valdi sínu gagnvart sýslunefndum, þá þarf að búa öðruvísi um þetta, þá þarf að búa þannig um þetta, að það sé einhver aðili til, sem geti skipað menn í staðinn, þegar Alþ. situr ekki. Það er meira að segja hugsanlegt, að þeir deyi einum, tveimur, þremur, fjórum dögum fyrir kosningu, bæði aðalmaður og varamaður frá einhverjum flokki. Þá er enginn maður til í kjörstjórninni og enginn aðili til, fyrr en næsta Alþ. kemur saman, til að kjósa þá. Þetta hljóta allir menn að sjá, þegar þeir athuga málið. Það er ekki hægt að hafa þetta svona.

Þm. Barð. skildist, að það væri hægt að hafa það þannig, að ef það dæju tveir kjörstjórnarmenn, aðalmaður og varamaður, frá Sjálfstfl., þá mætti bara setja komma í staðinn. Það gerði ekkert til, þó að það væri einhver í kjörstjórninni, sem væri kosinn af kommum. Þá mætti hafa bara komma í staðinn eða einhvern annan. Það er ekki meiningin. Hins vegar er það óforskammað að reyna að gera þessar kjörstjórnir pólitískar með því að kjósa pólitískt í þær. Það á alls ekki við. Kjörstjórn á að vera gersamlega ópólitísk og hafin yfir það. Hún á að líta á málin frá lögfræðilegu og réttlætissjónarmiði og alls ekki vera kosin pólitískt á Alþ. Það er rangt að láta hana vera það. Það er ekki heldur þannig í sýslunefndunum, það er svo langt frá því. Það er alveg sitt á hvað með það í sýslunefndunum. Sýslunefndirnar hafa ákaflega víða reynt að kjósa menn, sem væru ekki langt hver frá öðrum, til þess að spara peninga, og menn, sem allir treystu. Þetta hefur verið sjónarmið sýslunefndanna. Nú á þetta að hætta, Alþingi að kjósa mennina pólitískt, ekki segja eitt einasta orð um það, hvort eigi að borga þeim. Þeir eiga kannske að kjósa annan manninn norður í Skeggjastaðahreppi og hinn manninn suður í Öræfum til að lenda í kjörstjórn í Austfjarðakjördæminu og verða svona tvo daga úr hvorri sýslu að komast á fund. Nei, sýslunefndirnar mundu ekki kjósa þannig, ef þær kysu. Þær mundu kjósa af viti og réttlæti séð frá heildarinnar sjónarmiði.

Ég held nú, að það sé ákaflega misráðið, en ef farið er inn á það að láta þingið kjósa þá, þarf að búa betur um þetta en nú er. Þá þarf að setja inn í frv., að það sé borgaraleg skylda að taka þessari kosningu, ef maður er kosinn. Helmingurinn af þeim mönnum, sem á að kjósa núna, getur neitað að taka kosningu. Það er engin borgaraleg skylda að taka kosningu í þessa nefnd, ekki nokkur. Það vantar alveg inn í frv. Það hefur þm. Barð. ekki heyrt áðan eða leitt það alveg hjá sér að segja nokkuð um það. Og svo er líka

ekkert vit í því að láta einn manninn taka allt upp undir fimm hundruð kr. á dag fyrir að sitja í yfirkjörstjórn, en annan ekki nema á annað hundrað, eins og hefur verið undanfarið. Það á að samræma þetta um landið, og það á að gera það með lögunum, svo að menn viti, að hverju þeir ganga, þegar þeir taka þátt í henni, en ekki að það séu handahófsreikningar eftir á, sem borgaðir eru.

Frsm. (Gísli Jónsson): Mér þykir rétt eftir ræðu hv. 1. þm. Eyf. (BSt) að ræða nokkuð um það atriði, sem hann minntist hér á í sambandi við 110. gr.

Þetta atriði var rætt í n., og það er alveg rétt, sem hann minntist á, að þegar maður les í fyrstu þessa gr., þá virðist þessi aðferð vera allflókin. En þegar betur er að gáð, er þetta ekki eins torskilið og það lítur út fyrir í gr. Höfuðreglan er þessi, að í 5 manna kjördæmi þarf 27 3/11% kjósenda til þess að geta flutt mann úr sæti á lista í næsta sæti og í 6 manna kjördæmi 23 1/13%, en í Reykjavík 12%. Um þetta hefur verið rætt við báðar n., bæði í Ed. og Nd., og það hefur enginn ágreiningur verið um það á milli fulltrúa flokkanna, að þessar tölur þættu of háar. Það hefur einmitt verið álitið, að það ætti ekki að leyfa minni hluta en þetta að ráða yfir meiri hlutanum. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram. **(Gripið fram í:** Þetta liggur ekki í augum uppi.) Þetta er alveg rétt, sem hv. þm. segir, að það liggur ekki í augum uppi, en þannig er útreikningurinn, og skrifstofustjóri Alþ. hefur tjáð mér, að það sé ákaflega auðvelt að reikna þetta út, þegar miðað er við þá reglu, sem nú gildir, það sé aðeins sáralítil breyting á þessu önnur en prósentutalan er hærri en nú, m. a. í Reykjavík er hún eftir gömlu reglunni um 4%, en er sett nú upp í 12% o. s. frv. Þetta þykir mér rétt að láta koma fram. En ég skil vel, að það var ástæða fyrir hv. þm. að hreyfa þessu hér.

Ég skil hins vegar ekki eins vel, hvaða kapp er lagt á að fá samþykkta breytingu á 9. gr. Í fyrsta lagi er það algerlega rangt, sem haldið er fram hér, að aldrei hafi verið kosið pólitískt í yfirkjörstjórnir. Yfirkjörstjórnir hafa verið rótpólitískar, alveg eins og sýslunefndir eru pólitískar. Það þarf ekki að telja mér trú um það, að sýslumenn, sem eru skipaðir af ráðh. eða ráðuneytinu sem oddvitar sýslunefnda, hafi ekki verið pólitískir. Þeir hafa hins vegar e. t. v. ekki beitt sínum pólitísku áhrifum meira en góðu hófi gegnir í kjörstj. — og þó sums staðar reynt að beita þeim alveg til ýtrustu takmarka. Ég veit m. a. um ágætan sýslumann, sem hefur leyft sér að láta uppi þá skoðun sína, þegar útkljáð hefur verið um kosningu, að það sé hart að þurfa að gefa ákveðnum þm. ár eftir ár kjörbréf, af því að hann sé ekki í hans pólitíska flokki. Mér er ákaflega vel kunnugt um, að það dregur hver taum síns flokks í kjörstjórn eins og hvarvetna annars staðar, og ég skil ekki þau rök, að það sé einhver goðgá að kjósa af Alþ. yfirkjörstjórn, úr því að kosin er landskjörstjórn á Alþingi. Hér er kosin á Alþ. landskjörstjórn, sem á að vera fullkomlega ópólitísk. En einnig þar hafa komið fram pólitísk álit, eins og t. d. 1956, þar sem gætti mjög pólitískra skoðana og pólitísks álits í úrskurði landskjörstjórnar í sambandi við úthlutun uppbótarsæta. Þessir menn eru kjörnir til þess að gæta hagsmuna frambjóðendanna, sem eru af ákveðnum flokki og nú m. a., eftir að er búið að breyta stjórnarskránni, boðnir fram af flokkum á ákveðnum listum. Mér finnst því vera ákaflega eðlilegt, að það sé einmitt tekin upp þessi aðferð, að Alþ. kjósi yfirkjörstjórn, sem á að líta eftir þessu. Það eru embættismenn, sem eru kjörnir til þess að gera þetta vel, og mér sýnist vera meiri ástæða til þess að halda, að þeir geri það vel og samvizkusamlega, heldur en ef þeir væru kosnir einhvern veginn öðruvísi, ekki af því, að ég hafi neitt út af fyrir sig á móti því, að ákvæðið hefði staðið óbreytt, eins og það var í frv. En um það varð ekki samkomulag í n. Hins vegar hefur fengizt samkomulag um að halda gr. óbreyttri, eins og hún er nú.

Hv. 1. þm. N-M. sagði, að þetta hefði vanalega verið kosið þannig, að mennirnir gætu verið sem næst hver öðrum. Nú, þegar búið er að sameina 5—6 sýslur í eitt kjördæmi, er ljóst, að ef brtt. er samþ., eins og hún er á þskj. 39, mundi hver sýsla kjósa mann úr héraðinu, en ekki fara að kjósa einhvern annars staðar frá. Og þá byggju þeir ekki hver hjá öðrum. Þá yrðu þeir að koma saman einhvers staðar.

Ég hygg einmitt, að það sé meginatriði hér í gr., eins og hún nú er í frv., að það er skilyrði að kjósa menn heima í héraði. Þar þekkja þeir til, þessir menn, alveg eins og þeir þekkja til nú. Og ég skil ekki þetta ofurkapp, að vilja endilega láta þetta vera í höndum sýslunefnda, því að áreiðanlega yrði það ekkert minna pólitískt, því að það er algerlega rangt hjá hv. 1. þm. N-M., að sýslunefndir séu ekki kosnar pólitískt. Þær eru kannske ekki kosnar pólitískt í Norður-Múlasýslu, af því, eins og hann var að tala um áðan, að það væru mestallt framsóknarmenn í sýslunni og það kæmi þar því ekki til greina að kjósa menn af öðrum flokki. Það getur vel verið. En pólitískt eru þeir sannarlega kosnir. Ég veit m. a. af mjög mætum mönnum og get nefnt fleiri en einn, sem hafa setið í sýslunefnd sem sjálfstæðismenn í 20—30 ár og hefur verið kastað burt fyrir pólitíska skoðun og aðrir teknir í staðinn, sem eru miklu óhæfari til starfans. **(Gripið fram í:** Ég hélt, að sýslunefndirnar kysu kjörstjórnirnar ekki pólitískt.) Ef sýslunefndir eru kosnar pólitískt yfirleitt, velja þær aftur þá menn, sem þær eru að kjósa, pólitískt. Við skulum ekki loka augunum fyrir því.

Hins vegar hef ég enga ástæðu til að halda af þeirri þekkingu, sem ég hef af kjörnefndum og kjörstjórnum yfirleitt, að þær vinni ekki verk sitt vel, af hvaða flokki sem þær eru, því að ef það eru kjörnir til þess sæmilega góðir menn, þá gera þeir þetta verk vel og samvizkusamlega, eftir því sem hægt er á hverjum tíma. Hinu er svo ekki að neita, að

þeir komast í þá aðstöðu m. a. að verða að dæma um það, hvort atkvæði, sem eru gölluð, séu gild eða ekki gild, eins og m. a. kom fyrir í Barðastrandarsýslu við síðustu kosningar, þar sem var á einum seðlinum „Gísli Sveinsson“ í staðinn fyrir „Gísli Jónsson“. Þar kom til atkvæða, hvort taka ætti seðilinn gildan. Mér var það fullkomlega ljóst, og ég er ekkert að deila á það, að framsóknarmennirnir í Barðastrandarsýslu lögðu til, að atkv. yrði gert ónýtt, en féllu svo frá því, eftir að fram kom annað atkv. hjá Sigurvin Einarssyni, sem var jafngallað. Ákvað þá kjörstjórnin að taka bæði atkvæðin gild. Þetta kemur alltaf fyrir, svo að það er sannarlega ekki ópólitískt.

Um það að fresta afgreiðslu bara til að ákveða, hvaða laun þessir menn eigi að hafa, sé ég ekki ástæðu til. Það er sjálfsagt ráðh., sem ákveður, hvaða laun þeir skuli hafa, ef það er ekki ákveðið annars staðar í l., og það er engin ástæða til að tefja málið og setja það til n. til þess og svo aftur til Nd., til þess að það þurfi að fara að ræða um það atriði að setja það inn í frv.

Ég hef ekki sömu skoðun á varamönnunum og hv. 1. þm. N-M. Ég tel, að ef fimm varamenn eru kjörnir og þó að hver flokkur kynni ekki að eiga nema einn varamann, þá sé sjálfsögð skylda að taka næsta varamann, þó að hann sé af öðrum flokki. Þeir eru kosnir sem embættismenn til þess að vinna ákveðið verk, og ég teldi, að það væri alveg sjálfsagður hlutur og skv. ákvæðum l., að þá kæmi næsti varamaður inn, af hvaða flokki sem hann yrði, alveg eins og er tiltekið í kosningal., að þegar ekki eru nægilega margir menn á lista til alþingiskosninga á móts við þau atkv., sem listinn hefur fengið, þá er tekinn hæsti maður á næsta lista. Við þetta ákvæði í kosningalögunum hefur enginn neitt að athuga.

Ég sé ekki ástæðu til þess að ræða þetta atriði meir. En út af því, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði hér, að það væri ýmislegt í þessu frv., sem þyrfti betri athugunar með, þá er ég honum alveg sammála um það. En ég vil þá í sambandi við það leyfa mér að upplýsa, að 13. apríl 1954 voru kjörnir af Alþingi sjö menn til þess að endurskoða þessi lög, og formaður þeirrar n. var hinn ágæti hv. þm. A-Sk. (PÞ). Það eru nú liðin fimm ár síðan, og ég veit ekki, hvort það er búið að halda fleiri fundi en árin eru mörg. Það hefði nú ekki verið neitt lítill léttir fyrir nefndirnar hér á þessu þingi að hafa til hliðsjónar verk þessarar n. En það kom ekkert frá henni. Hún safnaði að vísu ýmsum gögnum frá öllum álfum veraldar, m. a. heilli þykkri bók frá Rússlandi um kosningalöggjöf þar og víðar í heiminum. En að það kæmi nokkuð að gagni frá henni, var nú annað atriði, og þó eru, eins og ég segi, liðin fimm ár síðan n. var sett á laggirnar. Ég held, að það væri því meiri ástæða til þess að álasa okkur, sem vorum í n., því að ég var einn í henni, fyrir að hafa ekki hraðað meira því máli, heldur en þessum nefndum, sem nú sitja á allt of skömmum tíma, — ég skal viðurkenna það, — á allt of skömmum tíma til þess að afgreiða svo mikilvægt mál eins og hér er á ferðinni. En því ber þá ekki að gleyma, að nefndirnar báðar, allir þessir 14 menn, sem hafa verið í n., hafa verið sammála um að halda sér sem mest við þau ákvæði, sem eru gildandi nú í kosningalöggjöfinni, og breyta aðeins því, sem nauðsynlegt er að breyta vegna breytingar á stjórnskipunarlögunum, og svo einstöku atriðum, sem fullt samkomulag var um að væri til hins betra. Þetta hefur verið meginstefnan. Svo hafa komið upp brtt. bæði frá einstökum þm. og meiri hl. eða minni hl. n. Þar hefur ráðið afl atkvæða við afgreiðsluna, og við því er raunverulega ekkert að segja. Ég vil nú vænta þess, að hv. alþm. sætti sig við það á þessu stigi málsins að láta ganga atkvæði um þær till., sem fyrir liggja, og fylgja síðan málinu, eins og það þannig verður afgreitt, úr þessari hv. d., svo að ekki þurfi að tefja það miklu lengur.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Það er aðeins þetta: Ég vil ekki, að þm. Barð. (GíslJ) sé að gera sig heimskari en hann er. Hann veit það vel, að í hverri einustu n., sem Alþingi hefur kosið pólitískt, er varamaður fyrir ákveðinn mann, fiskimálanefnd, síldarútvegsnefnd o. s. frv., o. s. frv., ég gæti talið þær upp, það er heilt legíó, og það er ævinlega varamaður fyrir ákveðinn mann. Ef hv. Barð. er í einhverri n. og forfallast, þá er ekki kallaður kommi í staðinn eða einhver annar, heldur varamaður hans í n., dettur engum í hug að kalla annan. Þess vegna á hann ekki að vera að reyna af einhverjum ástæðum að tala um það, ef það falli frá varamaður, sem Sjálfstfl. kýs í einhverja kjörstjórn, hann falli frá og hinn falli líka frá eða annar deyi og annar flytji sig búferlum í annað kjördæmi, þá er hann ekki lengur kjörgengur þar, — þá á hann ekki að vera að segja: Það á bara að kalla á einhvern annan, fá bara varamann fyrir kommann, ef varamaður deyr. Nei, það er varamaður úr sama flokki, sem þá á að taka sæti, og sé hann ekki til staðar, af því að hann hafi flutt sig í annað kjördæmi, flutzt búferlum t. d. og þar af leiðandi misst kosningarréttinn, þá er enginn til, þá verður hann að gera svo vel að bíða, þangað til næsta Alþingi kemur saman, eða setja inn í lögin ákvæði um það, hvernig þá á að fara að. En þetta getur alltaf komið fyrir, það er alveg greinilegt.

Hann segir, að ráðh. eigi að ákveða launin. Allt í lagi með það. En það bara koma misjafnir reikningar, reikningar fyrir sömu vinnu eru helmingi hærri frá einni kjörstjórninni en annarri, — og hvað getur ráðh. gert? Getur hann farið að skera þá niður, þegar það er enginn stafur fyrir, hvað á að borga þeim, neins staðar í lögunum? Getur ráðh. sagt: Ja, þú, Gísli Jónsson, það var allt of hár reikningur frá þér, við skerum hann niður um 30%, og einhvern annan o. s. frv., o. s. frv.? Nei, reikningarnir eru yfirleitt borgaðir, og þess vegna á hið háa Alþingi, sem setur mennina í þessa vinnu, ef þeir þá eru

skyldugir að taka við því, sem ég veit ekki enn, — það hefur ekki fengizt úr því skorið, hvort það væri borgaraleg skylda að taka við þessu embætti, sem þeir eru þarna kosnir í, — þá á Alþingi líka að ákveða, hvað á að borga þeim, og það á að borga þeim eins öllum.

Og ég bið n. enn á ný að athuga þetta: Eru mennirnir skyldugir að taka við kosningu í þetta? Ef við kjósum mennina núna hér í sameinuðu þingi og þeir eru ekki skyldugir til þess, eigum við á hættu, að svo og svo margir neiti að taka við því og séu engar formlega löglegar kjörstjórnir til, þegar á að kjósa í haust. Þetta er það fyrsta. Annað er það, hvort við eigum að líða það, að kjörstjórnirnar úti um landið sendi reikningana til ríkisstj. eftir því, hvað þeim finnst vera eðlilegt kaupgjald á þessum og þessum stað. Við skulum segja, að enginn spenni það neitt upp, en það er bara mjög misjafnt um landið, því þá að vera að neyða stjórnarráðið til að borga hvern reikning eða fara að rífast við þá, sem eru hæstir? Það verður að setja fyrir sig fram ákvæði um, hvað eigi að hafa fyrir það á dag að sitja í þessum nefndum. Það er alveg sjálfsagt að athuga það. Ef menn vilja setja kjörstjórnunum það í sjálfsvald, hvað þær taka fyrir sitt starf, þá það. En stjórnin verður að spara, og þingmeirihlutinn lætur styðja hana til að spara nú. Hann ætti því að reyna að skapa eitthvert aðhald hér, svo að það lægi beint fyrir. Þess vegna bið ég n. enn á ný að athuga þetta. Það er full þörf á því.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
2.—4. gr. samþ. með 16 shlj. atkv.
5. gr. samþ. með 13:1 atkv.
6. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
7.—8. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 39 felld með 11:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: BSt, BjörgJ, HermJ, KK, PZ, SBB.
nei: BjörnJ, EggÞ, EI, FRV, FS, GíslJ, GuðlG, GGísl, GTh, SÓÓ, SB.
9.—11. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.
Brtt. 38,1 samþ. með 15 shlj. atkv.
12. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
13. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
14.—25. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
26.—32. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
33.—34. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
35.—38. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 38,2 samþ. án atkvgr.
39.—56. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
57. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
58.—61. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
62.—70. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 38,3 samþ. með 15 shlj. atkv.
71. gr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.
72. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
73.—100. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
Brtt. 38,4 samþ. með 12 shlj. atkv.
101. gr., svo breytt, samþ. með 14 shlj. atkv.
102.—117. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
118.—127. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
128.—130. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
131.—132. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
133. gr. samþ. með 13 shlj. atkv.
134.—135. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
136.—137. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
138. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
139. gr. samþ. með 15 shlj. atkv.
Brtt. 38,5 samþ. með 15 shlj. atkv.
140. gr., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv.
141.—145. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
146. gr. samþ. með 12 shlj. atkv.
Brtt. 40 samþ. með 15 shlj. atkv.
Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.
Fyrirsögn frv. og fyrirsagnir kafla þess samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 16 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr. (A. 41).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 15:1 atkv.

Páll Zóphóníasson: Það er svo sem auðséð, að hæstv. forseti ætlar ekki að gefa n., sem hefur haft málið til meðferðar, neitt tækifæri til að athuga þær brtt., sem ég var að tala um að þyrfti að gera. Ég mun þess vegna sjálfur koma með þær. En hins vegar þarf maður þó að hafa tíma til að skrifa þær, en það hefur maður nú ekki einu sinni nú.

Brtt., sem ég mun koma með, er í fyrsta lagi við 7. gr. frv.: „Kjörstjórnir við alþingiskosningar skulu vera þrennar, landskjörstjórn, yfirkjörstjórnir, undirkjörstjórnir. Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn.“ Það er mín viðbót þar.

Hitt var við 9. gr. Greinin hljóðar svo: „Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn, og skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir á sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi.“

Ég er búinn að benda á það, að vel geti svo farið, að kjörstjórn verði ekki fullskipuð, þegar Alþingi á að skipa hana, af þeirri einföldu ástæðu, að menn deyi, sem í hana hafa verið kosnir, eða flytji í burtu, og að það geti komið fyrir, að tveir geri það, bæði aðalmaður og varamaður frá sama flokki. Ég er alveg á móti því fyrst og fremst að gera þessar kjörstjórnir pólitískar og kjósa þær þannig. Það kann að hafa verið gert í kaupstöðunum, en það hefur yfirleitt aldrei verið gert í sveitinni. En það þarf a. m. k. alltaf að tryggja, að það verði til kjörstjórn. Þess vegna vil ég gera brtt. við 9. gr. til að reyna að leiðrétta það: „Í hverju kjördæmi er yfirkjörstjórn. Skal hún skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara, og eru þeir kosnir af sameinuðu Alþingi á sama hátt og landskjörstjórn. Kýs hún sér sjálf formann. Yfirkjörstjórnarmenn skulu allir vera búsettir í hlutaðeigandi kjördæmi.“ Þarna vil ég bæta við: „Deyi kjörstjórnarmaður milli þinga,

skipar forsrh. mann í hans stað eftir till. þess þingflokks, sem hann kaus.“ Þá er þar möguleiki fyrir ráðh. til að gera kjörstjórnina starfandi, sem hún annars ekki er. Að vísu varðar þetta ekkert það, að kjörstjórnin er pólitísk o. s. frv., sem hún alls ekki á að vera, en það lagar þó það, að það er til kjörstjórn, þegar kosið er.

Ég nefndi sem dæmi í minni fyrstu ræðu, að t. d. í Norður-Múlasýslu hafa síðan um kosningar dáið fjórir menn, sem áreiðanlega hefðu einhverjir verið í kjörstjórn, hefði hún verið skipuð þannig. Og nákvæmlega eins gæti farið á þeim tíma, sem líður fram að kosningum, þó að við kysum einhverja núna. Það getur dáið bæði aðalmaður og varamaður fyrir einhvern flokk í einhverju kjördæmi, og þá er kjörstjórnin ekki til löglega skipuð. Þess vegna er það þó svolítil bót í máli að gefa ráðh. heimild til þess að skipa þá mann eftir tilnefningu þess flokks, sem hefur kosið eða tilnefnt manninn eða mennina, sem hafa forfallazt, annaðhvort með því að deyja eða með því að flytjast úr kjördæminu, því að þá eru þeir orðnir ekki einu sinni kjörgengir. (Gripið fram í.) Flokkurinn? Ég geri nú ekki ráð fyrir, að allir flokksforingjarnir deyi svoleiðis í hvelli, að enginn verði til að benda ráðherra á mann eða menn í stað þess, er horfið hefur úr kjörstjórninni. En þetta er ósköp eðlilegt að setja *og sjálfsagt.*

Forseti (EggÞ): Mér var ekki kunnugt um þá ósk, sem hv. þm. lét nú í ljós í sinni ræðu um, að hann hefði óskað eftir frestun á umr. Með hliðsjón af þessari ósk og í samráði við formann stjskrn. tel ég rétt, að n. gefist kostur á því að íhuga þessar brtt., sem hann ræddi um, og með það í huga er þessum fundi frestað til kl. 5. — [Fundarhlé].

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. N-M. lýsti því hér áðan við umr., að hann mundi bera fram 2 skriflegar brtt. við þessa umr., aðra við 7. gr. um, að það skuli vera borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn. Í 12. gr. frv. á þskj. 20 stendur í 2. mgr.: „Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í kjörstjórn,“ — svo að þetta er þegar í frv. og þarf ekki að ræða um það nánar.

Hann lýsti því einnig yfir, að hann mundi bera fram skrifl. brtt. við 9. gr. frv., eins og hún er á þskj. 34, í sambandi við, hver ætti að skipa varamenn í kjörstjórnir, ef aðalmenn skyldu falla frá. Út úr þessu skaut n. á fundi. Hæstv. dómsmrh. var þar til staðar, og við ræddum málið við hann, og þá varð að samkomulagi, að stjskrn. flytti skrifl. brtt. við 9. gr. frv., svo hljóðandi:

„Aftan við fyrri mgr. bætist: Nú forfallast landskjörstjórnar- eða yfirkjörstjórnarmaður eða yfirkjörstjórnarmaður flyzt búferlum úr kjördæmi og varamaður er ekki tiltækur, og skipar ráðh. menn í þeirra stað eftir till. þess flokks, sem kaus þá á Alþingi.“

Það er m. a. álit skrifstofustjórans, að þetta sé ekki alveg nauðsynlegt með tilliti til þeirrar venju, sem hefur skapazt. En um það skal ég ekki ræða frekar, þar sem samkomulag er um að bera fram þessa tillögu.

Hins vegar vildi n. ekki taka upp ábendingu frá hv. 1. þm. N-M. um að ákveða í frv., hver skyldu vera laun kjörstjórnarmanna. Þó að sett væri inn í frv., að ráðherra skuli ákveða laun þeirra, þá er það ekkert nær því takmarki, sem hann vildi ná, að það verði sett ákveðin, föst laun fyrir starfið. Það yrði þá greitt eftir hans áliti, hvort sem væri. Og það var okkar álit og einnig hæstvirts dómsmrh., að það mundi, eins og lögin munu nú verða, ákveðið af ráðh., hvað greitt yrði fyrir þessi störf. Þyki nauðsynlegt síðar, þegar vitað er, hversu víðtæk þessi störf eru, að ákveða þetta með lögum, ber ríkisstj. væntanlega fram breyt. á lögunum. En nefndin sá ekki ástæðu til þess að bera fram slíka brtt. nú, enda allt of stuttur tími til að fastákveða upphæð fyrir þetta starf. Þyrfti þá áður að leita ýmissa upplýsinga um þetta atriði.

Ég hygg, að hv. 1. þm. N-M. *sætti sig við* þessa afgreiðslu.

Önnur atriði ræddi n. ekki, og mun ég því leggja til, að þessi brtt. við 9. gr., sem ég afhenti forseta, verði samþ. Vænti ég, að allir hv. dm. geti fallizt á þá afgreiðslu málsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 43) leyfð og samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 43 samþ. með 15 shlj. atkv.

Frv., svo breytt, samþ. með 13 shlj. atkv. og endursent Nd.

Á 16. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. útbýtt eins og það var samþ. við 3. umr. í Ed. (A. 44).

Á sama fundi var frv. tekið til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. aftur tekið til einnar umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 45).

---

3. Samkomudagur reglulegs Alþingis 1959.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var útbýtt frá Nd.: **Frv. til l. um samkomudag reglulegs Alþingis 1959** [13. mál] (þmfrv., A. 36).

Á 15. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, samþykkti síðasta Alþ. að

fresta samkomudegi reglulegs Alþ., sem samkv. l. á að koma saman ár hvert 15. febr., til 10. okt. n. k. Nú er fyrirsjáanlegt, að þær kosningar, sem fram undan eru, fara sennilega ekki fram fyrr en eftir miðjan október, og ber því brýna nauðsyn til, að þessum samkomudegi næsta reglulegs Alþingis verði frestað.

Í þeim lögum, sem venjulega hafa verið afgreidd um frestun á samkomudegi Alþingis, hefur verið sett eitthvert mark, sem setning Alþingis mætti ekki dragast fram yfir, en heimilt, að Alþingi gæti komið saman fyrr, ef svo þætti henta.

Í þessu frv. er lagt til, að reglulegt Alþingi 1959 skuli koma saman föstudaginn 20. nóv., hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu. Eftir þeirri reynslu, sem fékkst af kosningunum síðustu, sem fram fóru 28. júní s. l., var ekki talið með fyllsta hraða, sem hægt var að hafa á, að Alþingi gæti komið saman fyrr en eftir 20. júlí, eða 21. júlí var það víst, sem Alþingi kom saman nú, og ef þess vegna kosningarnar dragast eitthvað fram eftir októbermánuði, þá er ekki talið öruggt að setja þetta mark fyrr en 20. nóv. Hins vegar útilokar það ekki, að þingið komi saman fyrr, ef það þykir fært af tekniskum ástæðum. Og það verður sjálfsagt látið koma saman eins fljótt og mögulegt er, hvað sem þessu úrslitatakmarki eða lokatakmarki fyrir samkomudaginn líður.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði hraðað í gegnum þingið. Ég sé ekki ástæðu til þess að leggja til, að því verði vísað til n. Málið liggur svo ljóst fyrir, að þessa frestun verður að veita, og eftir þá yfirlýsingu mína, að þingið verði kallað fyrr saman, hvað sem þessari tímasetningu líður, ef mögulegt er, þá ætti ekki að þurfa að vera neinn ágreiningur um þetta tímatakmark sjálft.

Ég leyfi mér svo að leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 2. umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 22 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 23 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 22 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.
Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.
Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðasta þingi var, eins og kunnugt er, samþykkt að fresta samkomudegi reglulegs Alþingis frá 15. febr. til 10. okt. Nú er sýnt, að kosningum þeim, sem fram undan eru, verður ekki hægt að ljúka fyrir þennan dag og þess vegna nauðsynlegt að fresta samkomudeginum enn. Til þess að vera viss um að reka sig ekki á aftur, hefur hér verið gerð till. um 20. nóv. En það þýðir þó ekki, að þingið geti ekki komið saman fyrr, ef það reynist fært, og verður að því stefnt, ef mögulegt reynist, að hafa samkomudag næsta reglulegs Alþingis fyrr, ef kostur er, þó að þetta sé sett sem lokatakmark.

Ég vil leyfa mér að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr., — ég geri ekki till. um n., það fór ekki í n. í Nd. Málið liggur ljóst fyrir.

ATKVGR.
Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 2. umr.
Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 9 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
1. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
2. gr. samþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 3. umr.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Frv. samþ. með 11 shlj. atkv. og afgr. sem lög frá Alþingi (A. 46).

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Almannatryggingar.

Á 4. fundi í Nd., 24. júlí, var úthýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar [4. mál] (þmfrv., A. 4).

Á 5. fundi í Nd., 27. júlí, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram á þskj. 4 frv. um breyt. á l. frá 1956, um almannatryggingar. Í 22. gr. l. um almannatryggingar eru svonefnd skerðingarákvæði, þ. e. a. s. fyrirmæli um lækkun eða niðurfellingu lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, þegar aðrar tekjur aðila fara yfir ákveðið mark.

Í frv. því, sem hér er flutt, er lagt til, að með tekjum, sem takmörkun á lífeyrisgreiðslum miðast við samkv. lagagr., skuli ekki telja lífeyri eða aðrar greiðslur frá sérstökum lífeyris- eða eftirlaunasjóðum og eigi heldur lífeyri, sem menn hafa keypt frá tryggingafélögum eða stofnunum. Ég bar fram frv. shlj. þessu á síðasta þingi ásamt hv. þáv. 5. landsk. þm., en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu, og hef ég því endurflutt frv. nú. Þetta takmörkunarákvæði var upphaflega sett í tryggingalögin 1946, þegar þau voru samþykkt, þá sem bráðabirgðaákvæði til 5 ára, en það hefur verið framlengt síðan nokkrum sinnum. Svipuð ákvæði voru áður í l. um alþýðutryggingar, meðan þau voru í gildi.

Nú á síðari árum hafa verið stofnaðir margir lífeyris- og eftirlaunasjóðir, og fer þeim stöðugt fjölgandi. Með stofnun slíkra sjóða og greiðslum til þeirra tryggja menn sér m. a. elli- og örorkulífeyri. Um þetta tel ég að sé gott eitt að segja. Í því felst aukið öryggi fyrir þá, sem kaupa slíka tryggingu. Þetta er líka gott fyrir þjóðfélagið í heild, m. a. vegna þess, að hjá slíkum sjóðum er um verulega fjársöfnun að ræða, sem full þörf er fyrir, því að vöntun er á sparifé til gagnlegra framkvæmda og atvinnurekstrar. En sá hængur er hér á, að meðan l. er ekki breytt, eiga þeir menn, sem kaupa sér á þennan hátt lífeyri í sérstökum sjóðum, það á hættu að tapa þess vegna lífeyri hjá almannatryggingunum, sem þeir eru um langan tíma búnir að borga fyrir. Því veldur þetta skerðingarákvæði, sem ég áður nefndi.

Þetta er mjög ósanngjarnt. Það er rangt að svipta menn þannig réttindum, sem þeir eru búnir að greiða fé fyrir, og það á alls ekki að vera refsivert athæfi að kaupa lífeyristryggingar til viðbótar þeim tryggingum, sem ákveðnar eru í almannatryggingalögunum. En þannig er þetta nú að óbreyttum lagafyrirmælum.

Í þessu sambandi má geta þess, að á næstsíðasta þingi voru, eins og kunnugt er, sett lög um lífeyrissjóð togarasjómanna. Í þeim lögum segir m. a., að þau réttindi, er togarasjómenn þar öðlast, skuli í engu rýra rétt þeirra til lífeyris samkv. lögum um almannatryggingar. Togarasjómennirnir munu því halda áfram að greiða full iðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins og njóta þar óskerts lífeyris á sínum tíma, þó að þeir fái þá jafnframt lífeyri frá hinum sérstaka lífeyrissjóði. Þetta sýnist vera eðlilegt fyrirkomulag, og það er sjálfsagt, að það gildi einnig um aðra, sem kaupa tryggingar hjá sérsjóðum eða tryggingarfélögum til viðbótar tryggingunni hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Samþykkt þessa frv. hefur engin áhrif á réttindi þeirra manna, sem eru þátttakendur í lífeyrissjóðum, sem stofnaðir eru með lögum, svo sem lífeyrissjóðir starfsmanna ríkisins, og fleiri slíkum sjóðum. Þeir menn njóta framvegis sem áður ívilnunar í gjöldum til Tryggingastofnunar ríkisins og hafa ekki heldur rétt til lífeyris þaðan. Sama gildir um þá, sem eru tryggðir hjá sérsjóðum, sem hafa hlotið svonefnda viðurkenningu hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Þessi takmörkunarákvæði í 22. gr. l. voru síðast framlengd til ársloka 1960. Það er ekki hægt að segja um það nú, hvernig með það mál verður farið, þegar þar að kemur, hvort þetta verður enn framlengt að öllu eða einhverju leyti. En hvað sem kann að verða ákveðið um það, hvort skerðingarákvæðin verða framlengd að öðru leyti eða ekki, þá sýnist sjálfsagt að gera nú þegar þessa breyt., en láta það ekki dragast lengur. Meðan það er ekki gert, dregur það eðlilega úr viðleitni manna til þess að safna fé með þessum hætti, með þeim hætti að kaupa sér aukatryggingar til elliáranna, og það er ekki heppilegt.

Frv. þetta á ekki að geta orðið ágreiningsmál. Ég hygg, að við athugun málsins hljóti menn að komast að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt að gera þessa lagabreytingu. Ég vil leyfa mér að leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. heilbr.- og félmn. Það var á síð-

asta þingi til athugunar hjá heilbr.- og félmn. Hún sendi það þá til Tryggingastofnunar ríkisins og fékk umsögn hennar um málið seint í desembermánuði í vetur. Sú umsögn liggur fyrir hér á skrifstofu Alþingis, og þar sem svo skammt er liðið, síðan hún var fengin, sýnist vera alveg óþarft að afla nýrrar umsagnar um málið frá Tryggingastofnuninni. Það getur n. kynnt sér nú, hvað Tryggingastofnunin sagði um málið, og þetta ætti að geta flýtt fyrir afgreiðslu málsins frá hv. n. Ég vil því vænta skjótrar og góðrar afgreiðslu frv. frá hv. nefnd.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 22 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 4, n. 33).

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Heilbr.- og félmn. þessarar d. fékk í upphafi þings til meðferðar frv. til l. flutt af hv. þm. V-Húnv. um breyt. á l. um almannatryggingar. Efni frv. er það, að greiðslur frá sérstökum lífeyris- og eftirlaunasjóðum svo og tekjur af tryggingum, sem menn hafa keypt sér sérstaklega, skuli ekki valda skerðingu á greiðslum frá almannatryggingunum.

Vissulega mundi samþykkt þessa frv. vera nokkur réttarbót fyrir þá, sem efni hafa á að kaupa sér sérstaka tryggingu eða njóta réttinda í sérstökum lífeyrissjóðum, þar sem hin hvimleiðu skerðingarákvæði almannatryggingalaganna mundu þá ekki lengur ná til þessa fólks. En þá vaknar aftur spurningin: Væri slíkt réttlátt gagnvart þeim gamalmennum og öryrkjum, sem skerðingarákvæði almannatryggingalaganna ná til, ef atvinnutekjur þeirra fara yfir visst hámark? Mér finnst meira en hæpið, að það væri réttlátt.

N. ræddi málið á tveimur fundum, og lét ég strax í ljós þá skoðun, að ég gæti því aðeins fallizt á þessa takmörkun á skerðingu ellilífeyris og örorkubóta, að skerðingarákvæði tryggingal. yrðu þá algerlega felld niður. Á þessa skoðun mína féllust þeir hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) og hv. þm. V-Sk. (ÓskJ), en hv. þm. Ísaf. (KJJ) og hv. 8. þm. Reykv. (RH) óskuðu, að ákvörðun yrði frestað, þar til þeim hefði gefizt kostur á að ræða málið frekar við þingflokk Sjálfstfl. N. varð auðvitað við þessari ósk.

Þar sem ég er ekki viss um, að hv. þm. sé í fersku minni, hvernig þessum umræddu skerðingarákvæðum tryggingal. er háttað, vil ég fara um þau nokkrum orðum.

Eins og menn sjálfsagt muna, er landinu samkv. almannatryggingalögunum skipt í tvö verðlagssvæði. Á 1. verðlagssvæði njóta hinir tryggðu hærri bóta, enda eru iðgjöld þar líka hærri. Á 2. verðlagssvæði er hvort tveggja lægra. Hefur mér alltaf fundizt þessi skipting landsins mjög vafasöm og jafnvel ranglát, þar sem vöruverð af eðlilegum ástæðum hlýtur í mörgum tilfellum að verða hærra úti um land, m. a. sökum aukakostnaðar, sem á vörurnar fellur við flutning frá Reykjavík, og einnig með tilliti til hins, að nú er kaup vinnandi fólks líka orðið yfirleitt jafnt um allt land. Þessi skipting hefur þó ekki fengizt afnumin. En það er ekki vert að orðlengja um það. Réttara er að athuga heldur skerðingarákvæðin sjálf.

Einstaklingslífeyrir á 1. verðlagssvæði er nú 5380 kr. á ári í grunn, eða 448 kr. í grunn á mánuði. Með vísitölu 185 verður einstaklingslífeyrir á 1. verðlagssvæði 9954 kr. á ári, eða tæpar 830 kr. á mánuði að vísitölu meðtalinni. Einstaklingslífeyririnn á 2. verðlagssvæði er nokkru lægri en þetta, eða 4035 kr. í grunn á ári, og gerir það, eins og menn sjá, einar 336 kr. í grunn á mánuði. Með fullri vísitölu verður lífeyrisgreiðslan til einstaklings á 2. verðlagssvæði þannig 7466 kr. eða 622 kr. á mánuði með vísitölu. Ég hygg, að það mundi verða okkur flestum vandlærð list að lifa af slíkum tekjum. Hjónalífeyrir á 1. verðlagssvæði er svo 8609 kr. í grunn á ári, eða 717 kr. í grunn á mánuði. Með fullri vísitölu, 185 stigum, er þetta 15927 kr. á ári, eða 1327 kr. á mánuði. Hjónalífeyrir á 2. verðlagssvæði er hins vegar 6457 kr. í grunn á ári, eða 538 kr. á mánuði. Með vísitölu hafa hjón á 2. verðlagssvæði þannig 11945 kr. á ári, og gerir það á mánuði 995 kr. Þannig ber enn að sama brunni, að mikil má vera kunnátta þeirra hjóna, sparneytni og hagsýni, sem dregið geta fram lífið á tæpum 1000 kr. á mánuði. En þetta verða þó þau gamalmenni og þeir öryrkjar að gera, sem geta ekki aflað sér neinna annarra viðbótartekna.

En þá kemur að hinu fólkinu, sem er svo lánsamt að hafa getu og löngun til þess að vinna eitthvað meira eða minna. Slík gamalmenni halda fullum lífeyrisgreiðslum hjá tryggingunum, þótt atvinnutekjur þeirra verði allt að 50% hærri en fullum lífeyri nemur, og sama regla gildir um öryrkja. En verði atvinnutekjurnar hærri en þetta, skerðast ellilífeyris- og örorkulífeyrisgreiðslur í vaxandi mæli með vaxandi tekjum, unz greiðslur frá tryggingunum falla alveg niður við ákveðið tekjumark. Nánar tiltekið kemur þetta þannig út, að einstaklingur á 1. verðlagssvæði má hafa 14939 kr. árstekjur, án þess að greiðslur frá tryggingunum skerðist við það. M. ö. o.: 1245 kr. mánaðartekjur skerða ekki lífeyrisgreiðslur frá tryggingunum. En verði þær hærri, fara greiðslur frá tryggingunum lækkandi að sama skapi sem atvinnutekjurnar hækka, unz ellilífeyris- eða örorkulífeyrisbætur falla niður með öllu, ef mánaðartekjur nema 2628 kr. eða sem svarar hálfum verkamannstekjum. Virðist sem sé vera stórrefsivert athæfi að afla sér slíkra tekna, enda er það algengt, að gamalmennin segi: Þjóðfélagið vill víst ekki nota vinnugetu okkar gamla fólksins. Það refsar okkur, ef við vinnum. Og í reynd er svarið, sem við fáum, þetta: Ef þið aflið ykkur nokkurra atvinnutekna að ráði eftir 67 ára aldur, þá skuluð þið ekki hafa betra af því, því að þá tökum við af ykkur allan ellilífeyrinn. — Á 2. verðlagssvæði er það þó enn refsiverðara af gömlum manni að afla sér tekna og taka þátt í framleiðslustörfum þjóðfélagsins, því að þar falla allar lífeyrisgreiðsl-

ur frá tryggingunum niður, ef atvinnutekjur hans nema 2282 kr., en á 1. verðlagssvæði voru það, eins og ég áðan sagði, 2628 kr.

Nú er mér spurn: Er nokkur sá hér inni, sem vill telja þetta hyggileg lagaákvæði eða vill nokkur taka að sér að verja þetta sem mannúðleg eða réttlát lagaákvæði? Ég vona a. m. k., að enginn vilji leggja sig í það. Og mér finnst nánast sagt frekar óhugnanlegt að sjá það í álitsgerð frá Tryggingastofnun ríkisins, að á árinu 1957 hafi Tryggingastofnunin sparað, eins og hún orðar það, 15—20 millj. kr. á skerðingarákvæðunum, sem ná til gamla fólksins og öryrkjanna. *Hélt ég þó, að Tryggingastofnunin* væri einmitt til að skapa þessu fólki öryggi, en ekki til að spara á því fyrst og fremst.

Starfsmaður hjá Tryggingastofnuninni hefur sagt mér, að mjög algengt sé, að gamalt fólk komi í Tryggingastofnunina og spyrji: Hvað má ég vinna mikið, án þess að ég missi allan lífeyrinn minn? Ég kæri mig nefnilega ekki um það, segja sumir, að missa það, sem ég á að fá hérna. — Og er ekki von, að menn spyrji á þessa leið, því að við vaxandi atvinnutekjur, eftir að komnar eru rúmlega 1200 kr. á mánuði, fara greiðslurnar frá Tryggingastofnuninni lækkandi að sama skapi, svo að allt ézt upp og situr við sama um einkatekjurnar. Og ellieða örorkustyrkurinn er horfinn, ef tekjurnar eru orðnar rúmlega hálfar verkamannstekjur, *eins og ég áðan sagði.* Þessi lagaákvæði aftra eldra fólki þókstaflega frá því að taka þátt í framleiðslustörfunum, þó að heilsa og kraftar leyfi, og því verra er þetta sem það er alkunn staðreynd, að gamalt fólk, sem erfiðað hefur alla ævi, þolir sízt af öllu að hætta að vinna. En hver getur þó ætlazt til þess, að það vinni kauplaust? Samt gerir margur öldungurinn það heldur en hætta að vinna.

Ég skal segja frá því hér, að ég hitti fyrir skömmu 81 árs gamlan verkamann í blómlegri útgerðarstöð úti á landi. Hann vann enn þá fullan vinnudag í hraðfrystihúsinu. Hann hakaði fisk úr kösinni á gólfinu og lyfti fiskinum upp í fiskþvottavél og hreistrunarvél, og það sögðu mér samverkamenn hans, að þegar mikið bærist að og vinnutíminn yrði langur, þá skorðaði sá gamli sig af upp við þil eða einhvern annan fastan hlut og héldi síðan áfram vinnunni heldur en að gefast upp og þess yrði ekki vart, að vélarnar fengju ekki full verkefni. En hvað um ellilífeyri þessa manns, þessarar vinnuhetju? Ellilífeyririnn hans er ekki einn einasti eyrir. *Hann hefur verið felldur niður,* hann hefur fallið fyrir skerðingarákvæðum almannatryggingal., sem fyrst voru hugsuð sem bráðabirgðaákvæði til 5 ára, en hafa alltaf síðan verið framlengd. Ef hann færi heim í rúm og legði sig, hætti að vinna, þá væri hann kominn á fullan ellilífeyri.

Sumir segja nú: Það liggur ekkert á að fella skerðingarákvæðin niður núna. Það má a. m. k. bíða að athuga það eftir endurskoðun l., sem á að fara fram einhvern tíma á árinu 1960. — Það má kannske segja, að þetta ranglæti sé búið að æpa að okkur svo lengi, að litlu muni, þótt við unum því t. d. eitt ár enn þá. En ég held, að þetta ranglæti eigi að nema úr lögum nú þegar, ekki sé eftir neinu að bíða með það. Auk þess liggur ekkert fyrir um, að ætlunin sé að afnema skerðingarákvæðin, þegar hin almenna endurskoðun almannatryggingal. fer fram. Það væri áreiðanlega sómi þessa þings að afnema skerðingarákvæðin gagnvart ellistyrk og örorkubótum nú þegar án nokkurrar tafar.

Í frv., sem hér er til umr., er lagt til, að keyptar lífeyrisgreiðslur skuli ekki bætast við atvinnutekjur manna og valda þannig aukinni skerðingu. En sé á annað borð farið að hreyfa eitthvað við skerðingarákvæðunum, get ég ekki sætt mig við, að þau gildi áfram gagnvart mönnum eins og ég gat hér um áðan, og þeir eru, sem betur fer, allmargir í okkar þjóðfélagi. Þess vegna hef ég gefið kost á að fylgja þessu frv. með því móti, að 1. gr. þess breytist þannig, að skerðingarákvæðin, sem felast í 1. og 2. mgr. 22. gr. almannatryggingal., *falli alveg niður.* Breyt. á frv. þess efnis er borin fram í nál. á þskj. 33, og stendur meiri hl. heilbr.- og félmn. að till. Minni hl., hv. þm. Ísaf. og hv. 8. þm. Reykv., tók ekki þátt í atkvgr. í n. og þannig ekki afstöðu til málsins, en áskildi sér rétt til að gera grein fyrir afstöðu sinni annaðhvort í sérstöku minnihlutaáliti eða þá undir umræðum.

Ég held, að það væri þess vert, einkum með tilliti til þess, að Alþfl., flokkur hæstv. ríkisstj., sem tryggingamálin heyra undir, á ekki fulltrúa í þeirri n., sem hefur fjallað um málið, að gefið væri hlé, kannske bara nokkurra mínútna hlé, til þess að það yrði tekið til athugunar, hvort flokkarnir gætu ekki komið sér saman um það allir að standa að því að fella skerðingarákvæði almannatryggingalaganna, að því er snertir ellilífeyri og örorkubætur, niður á þessu þingi. Annars má segja, að það er kannske hægt að gefa flokkunum kost á þessari athugun milli 2. og 3. umr. um málið, og legg ég ekki kapp á það, hvort heldur væri gert. En ef málið ætti að fá afgreiðslu, þá má auðvitað engan tíma missa til þess að koma því gegnum Ed. einnig.

Till. okkar þremenninganna, sem skipum meiri hl. heilbr.- og félmn., er sem sé sú, að frv. verði samþ. með þeirri breyt., að 1. og 2. mgr. 22. gr. almannatryggingal., en það eru skerðingarákvæðin varðandi elli- og örorkulífeyri, skuli falla niður.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu og læt í ljós ákveðna von um það, að frv. svo breytt fáist afgreitt sem lög frá þessu þingi.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, var þetta þing kvatt saman fyrst og fremst til að taka afstöðu til stjórnarskrárbreyt., sem samþykkt var á síðasta þingi, og sömuleiðis kosningalagabreytingar, sem að sumu leyti leiðir af þeirri breytingu. Það var rætt um það nú í þingbyrjun af þingflokki Sjálfstfl., að það væri ástæða til að leggja alla áherzlu á það að hraða afgreiðslu þessara tveggja mála, eins og unnt væri, og jafnframt að bera ekki fram lagafrumvörp eða breytingar, sem gætu orðið til þess að tefja þingið, sérstaklega af því að það mætti búast við því, að þótt

slíkar till. væru bornar fram, þá næðu þær ekki fram að ganga, vegna þess að það leit út fyrir, að það væri ætlun allra flokka að hraða þessu þingi svo sem fært væri, meðfram með tilliti til þess, að kosningar gætu farið fram eins snemma í haust og unnt yrði. Það var því meðfram af þessari ástæðu, sem Sjálfstfl. og við tveir fulltrúar hans í heilbr.- og félmn. vildum ekki taka efnislega afstöðu til þessa máls.

Þetta mál var samt að beiðni minni sent til Tryggingastofnunar ríkisins til athugunar, og þar kom fram sú skoðun, þó að hún liggi ekki fyrir bréflega enn þá, af því að tíminn var svo stuttur, að það var ekki tími til þess, en það var rætt á tryggingaráðsfundi í gær, og þar kom fram sú skoðun ráðsmanna frá öllum flokkum, m. a. frá fulltrúa þess flokks, sem hv. frsm. fylgir, fulltrúa Alþb. í tryggingaráði, að það væru ýmsar aðrar breyt. á tryggingalögunum, sem væru enn meira aðkallandi en þessi breyt., sem hér er fram borin, og það væri alveg nauðsynlegt að taka tryggingalögin til frekari endurskoðunar en þegar hefur verið gert. Það hafa verið teknir út úr bæði í fyrra og nú einstakir kaflar tryggingalaganna til endurskoðunar. En það er fyrirsjáanlegt, að það er nauðsynlegt að taka þau til meiri alhliða endurskoðunar en enn hefur verið gert.

Það er alveg rétt og var athugað sérstaklega í sambandi við þá frumtill. hv. þm. V-Húnv., sem hér liggur fyrir, að það er nauðsynlegt að gera breyt., sem verði að nokkru leyti í þá átt, sem hans frv. leggur til. En það er ekki nægilegt. Það þarf að gera aðrar frekari breytingar í sambandi við það, og ég held, að mér sé óhætt að segja frá því, að það sé álit tryggingaráðs, að þær breyt. eru í þá átt, að þetta nái að vísu fram að ganga, sem till. hans ræðir um, að greiðslur frá sérstökum lífeyrissjóðum valdi ekki skerðingu, á meðan skerðing verður eða ef hún verður áfram. En það er enn nauðsynlegra fyrir tryggingarnar að gera aðrar breytingar á l. um þessa sérstöku lífeyrissjóði, og það er í sambandi við það, að nú eru þeir, sem starfa í þeim, undanþegnir greiðslum til almannatrygginganna. Það er sýnilegt, að með þeim vexti, sem er á lífeyrissjóðum, er alveg óhjákvæmilegt að breyta þessu og breyta því í það horf, að þessir sérstöku lífeyrissjóðir verði viðbótartrygging við það, sem almannatryggingarnar veita, en menn verði áfram gjaldskyldir til almannatrygginganna og njóti bóta frá þeim einnig. Ég segi frá þessu, til þess að það sé ljóst m. a., hvað það er, sem breyta þarf, eða sumt af því, sem breyta þarf.

Hitt get ég fallizt á með hv. frsm., 1. landsk., að skipting landsins í 1. og 2. verðlagssvæði er að mínu áliti alveg út í hött nú orðið, eins og málum er komið. Og ég get sagt frá því hér, að ég átti þátt í því, þegar tryggingalögin voru síðast endurskoðuð, og þá var það mín skoðun og ég hélt henni fram í þeirri n., sem fjallaði um endurskoðunina, að rétt væri að breyta þessu og hafa landið framvegis aðeins eitt verðlagssvæði. Væntanlega verður það eitt af því, sem þarf að breyta. Það var gerð smábreyt. á l. í sambandi við sérstakt atriði tryggingalaganna á síðasta þingi, að því er verðlagssvæðunum viðkemur, sem ég skal ekki fara nánar út í hér, en það eru ýmisleg fleiri rök en þau, sem þá voru fram færð, sem knýja á það, að landið verði framvegis aðeins eitt verðlagssvæði á þessum sviðum eins og flestum öðrum.

Hv. frsm. gat þess, að Tryggingastofnunin hefði skýrt heldur ósmekklega frá því, að hún hefði sparað 15—20 millj. árið 1957 á þessum ákvæðum skerðingarinnar. Ég get fallizt á, að þetta hafi verið óheppilegt orðalag. Það, sem fyrir Tryggingastofnuninni hefur vakað, var sjálfsagt ekki það, að hún hafi beint sparað þetta, því að það er ekki nema að nokkru leyti sparað, ef það er hægt að komast þannig að orði. Að sumu leyti er þetta þannig, að þetta fólk hefur frestað að taka ellilífeyri, sem það á rétt á, um eitt eða fleiri ár og öðlast þá um leið aukinn rétt til lífeyris síðar, svo að það er ekki nema að nokkru leyti sparað fyrir Tryggingastofnunina. En hitt mun rétt, að tryggingafræðingur stofnunarinnar hefur álitið, að aukinn kostnaður trygginganna af algeru afnámi skerðingarákvæðisins mundi hafa orðið 15—20 millj. kr. á árinu 1957.

Hitt vil ég aðeins benda á, að þær tölur, sem hv. frsm. var með hér, munu vera réttar, eins og þær eru í dag. En ég vil leyfa mér að benda á, að um næstu áramót breytast þessar tölur verulega vegna laga, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi. Það var samþykkt, eins og menn muna, nokkur hækkun á elli- og örorkulífeyri, sem sjálfkrafa leiðir af sér hækkun á skerðingarmarkinu. Þar að auki er það misskilningur, að breytingar á skerðingarákvæðunum þurfi að bíða þess, að almenn endurskoðun fari fram á tryggingalögunum. Því er ekki þannig varið, heldur er það beinlínis í lögunum, eins og þau eru núna, að ef ekki verða gerðar á þeim breytingar, þá falla skerðingarákvæðin sjálfkrafa niður 1960.

Ég held, að ég hafi tekið fram það, sem mestu máli skiptir í þessu, og skal ekki hafa það lengra að sinni.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Í þeirri grg., sem fylgir þessu frv. mínu á þskj. 4, er m. a. bent á það, að fyrir skömmu voru sett hér á Alþingi lög um lífeyrissjóð togarasjómanna. Í þeim lögum er tekið fram, að þau réttindi, sem togarasjómenn öðlast þar, skuli í engu rýra rétt þeirra til lífeyris samkv. lögum um almannatryggingar. Togarasjómenn greiða eftir sem áður full iðgjöld til Tryggingastofnunar ríkisins og njóta þar á sínum tíma óskerts ellieða örorkulífeyris þrátt fyrir það, þó að þeir fái þá einnig tekjur frá hinum sérstaka lífeyrissjóði. Þegar svo var komið, mátti gera ráð fyrir, að það yrði enginn ágreiningur um það í hæstv. Alþ., að það væri rétt að láta sömu reglur gilda um aðra menn í þjóðfélaginu, sem kaupa sér elli- og örorkutryggingu hjá sérstökum lífeyrissjóðum. Því var það, að á síðasta Alþ. flutti ég ásamt einum af þáv. þm. Alþfl., Benedikt Gröndal, frv. samhljóða þessu, sem hér liggur fyrir. Við gerðum ráð fyrir því, að um þetta gæti ekki orðið ágreiningur, fyrst stigið

var á annað borð út á þá braut að undanþiggja að þessu leyti tekjur frá sérstökum lífeyrissjóðum, þannig að þær yrðu ekki þess valdandi, að lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnuninni yrðu skertar, — að þá mundu menn geta á það fallizt, að það væri eðlilegt, að þetta gilti um alla þá, sem kaupa þannig sérstakan lífeyri hjá sérsjóði.

Það fór nú þannig, að þetta mál dagaði uppi á síðasta þingi, og því bar ég það fram aftur nú í byrjun þessa þings. Nú hefur meiri hl. hv. heilbr.- og félmn. mælt með frv. með þeirri breyt., að þar verði ákveðið að fella alveg niður hina svokölluðu skerðingu á elli- og örorkulífeyri. Ég get vel fallizt á þessa breyt. Ég tel, að það sé orðið tímabært að nema burt þetta skerðingarákvæði. Það má segja, að það hafi kannske ekki verið óeðlilegt að setja þetta í almannatryggingalögin upphaflega, þegar þau voru sett, og má þó um það deila, hvort hafi verið ástæða til þess. En þó að þeir, sem stóðu að þeirri lagasetningu þá, hafi álitið þetta rétt, þá er viðhorfið óneitanlega annað nú. Nú eru menn búnir að borga full iðgjöld til Tryggingastofnunarinnar samkvæmt lögum um almannatryggingar í milli tíu og tuttugu ár, og margir hafa greitt áður til trygginganna samkvæmt eldri lögum um alþýðutryggingar. Þegar svo er komið, að menn eru búnir að greiða svo langan tíma full iðgjöld til stofnunarinnar, er fyllilega tímabært, virðist mér, að afnema þessa skerðingu. Og ýmsar fleiri ástæður koma þar til greina, sem hv. 1. landsk. nefndi í sinni framsöguræðu.

Ég vil einnig taka undir það, sem hann sagði, að ef samkomulag væri milli flokkanna um þetta mál, ætti að vera hægt að fá það afgreitt nú, og það ætti alls ekki að þurfa að tefja neitt þingstarfið, ef samkomulag væri um þetta.

Ég vil þakka hv. heilbr.- og félmn. eða meiri hl. hennar fyrir skjóta afgreiðslu á frv. og vænti þess, að það hafi sem greiðastan framgang gegnum þingið.

Kjartan J. Jóhannsson: Herra forseti. Það voru aðeins nokkur orð, sem hv. þm. V-Húnv. sagði hér áðan, sem ollu því, að ég tek nú hér aftur til máls. Hann taldi, að eðlilegt væri að fella niður skerðingu allra þeirra, sem greiddu til sérstakra lífeyrissjóða. En þó gat hann þess jafnframt, að í ákvæðunum um lífeyrissjóð togarasjómanna er sú breyting gerð, að ekki skuli valda skerðingu þær tekjur, sem sjóðfélagar fá frá lífeyrissjóði togarasjómanna. Þá gat hann þess um leið, að enda greiði þeir nú til lífeyrissjóðs Tryggingastofnunar ríkisins. Það er skilsmunurinn, og það er sá munur, að ég hygg, að Tryggingastofnun ríkisins hefði ekkert haft á móti því, að þetta væri samþ., ef þetta væri svona um hina sjóðina. En þarna er stór munur á, og munurinn er sá, að þessi sérréttindi, sem styrkþegar eða sjóðfélagar hinna lífeyrissjóðanna hafa, að þurfa ekki að greiða til lífeyrissjóðs Tryggingastofnunarinnar, valda því, að Tryggingastofnunin fær minni tekjur vegna þess, hvað þeim sjóðfélögum fer fjölgandi, og tekjurnar leggjast með auknum þunga á hina, sem ekki hafa aðstöðu til að njóta réttinda í þessum lífeyrissjóði, eins og réttilega var tekið fram af hv. frsm. meiri hl. heilbr.- og félmn. Þarna er grundvallarmunur, sem gerir, að ekki var óeðlilegt, a. m. k. frá tryggingasjónarmiði, að svona var litið á þetta mál.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. Mér virtist koma hér misskilningur fram í síðari ræðu hv. þm. Ísaf. Það er vitað, að það er svo um allmarga sérstaka lífeyrissjóði aðra en lífeyrissjóð togarasjómanna, að þeir sjóðir hafa ekki fengið svonefnda viðurkenningu hjá Tryggingastofnun ríkisins, og félagsmenn í þeim sjóðum greiða þess vegna full iðgjöld til Tryggingastofnunarinnar. En þó að frv. mitt yrði samþ., mundi það engu breyta fyrir þá sjóði eða viðkomandi félagsmönnum þeirra sjóða, sem hafa fengið viðurkenningu. Ef þeir hafa einhverju sinni afsalað sér rétti til lífeyris hjá Tryggingastofnuninni, þá breytir þetta frv. engu í því efni. Þeir fá ekki aftur rétt til þess að fá lífeyri frá Tryggingastofnuninni, nema þeir tækju þar upp sérstaka samninga um að greiða iðgjöld fyrir þann tíma, sem liðinn er, sem þeir hafa sloppið undan fullum greiðslum til stofnunarinnar. — Ég vildi aðeins leiðrétta þennan misskilning, sem virtist gæta í ræðu hv. þm.

Frsm. meiri hl. (Hannibal Valdimarsson): Herra forseti. Ég hygg, að það sé nú svo, að enginn vilji láta í ljós, að hann sé á móti því, að skerðingarákvæðin, þessi hvimleiðu, ranglátu og særandi skerðingarákvæði, sem hafa allt of lengi verið í gildi í almannatryggingalögunum, verði felld niður. Hins vegar verð ég að játa það, að ég skil ekki almennilega samhengið í því, þegar menn segja, að þeir séu eiginlega ekki á móti því, að þau verði felld niður, en þeir vilja þó draga að afnema þau, af því að það sé svo margt annað, sem þurfi að breyta í almannatryggingal. Ef það að afgreiða þetta mál og binda þannig endi á það ranglæti, sem í skerðingarákvæðunum felst, tefði fyrir endurskoðun, tefði fyrir leiðréttingu á öðru, sem einnig þurfi að leiðrétta, þá skildi ég þetta sem röksemdafærslu, en annars ekki, því að það væri þó búið að leiðrétta eitt af hinu marga, sem þyrfti að leiðrétta, með því að sameinast um að fella skerðingarákvæðin nú niður.

Það lá fyrir þinginu till. um að hreyfa dálítið við skerðingarákvæðunum og losa nokkra menn í þjóðfélaginu, kannske helzt þá efnaðri, sem höfðu keypt sér sérstakar tryggingar, undan ranglæti skerðingarákvæðanna. Þess vegna tók ég fyrir eingöngu það, sem beint leiddi af þessu, og sagði: Ég vil þá ekki láta þá sitja með skerðingarákvæði laganna, sem afla sér atvinnutekna, sem fara yfir það hámark, sem leyft er án þess að skerða greiðslu frá tryggingunum. Ég fór því ekki út í neitt annað en það, sem lá fyrir í frv., en vildi láta það ná til allra, sem verða fyrir barðinu á hinum margnefndu skerðingarákvæðum tryggingalaganna.

Mér er það engin huggun, þó að það standi nú í tryggingalögunum, að skerðingin skuli falla niður einhvern tíma á árinu 1960, því að það

eru allar líkur til þess, að þau ákvæði verði framlengd enn á ný. Það stóð í tryggingalögunum upphaflega, að þetta ákvæði skyldi bara gilda til 5 ára, þá átti það að falla niður. Ónei, það féll nú ekki alveg niður, það var framlengt þá og hefur verið framlengt, að ég hygg, tvisvar sinnum síðan. Og þegar farið er að tala um, að skerðingarákvæðin hafi í för með sér 15—20 millj. kr. sparnað, þá er komið út á þá braut, að menn eru farnir að hugsa um, að það að afnema ákvæðin valdi tryggingunum miklum útgjöldum. Það er rangur hugsunarháttur gagnvart tryggingum. Ég hef því enga vissu fyrir því, að skerðingarákvæðin verði felld niður á árinu 1960, og tel því, að þetta mál væri fengið úr mikilli óvissu, ef allir flokkar á hv. Alþ. nú vildu sameinast um að fella skerðingarákvæðin niður, fella þau úr lögum. Það væri áreiðanlega þessu sumarþingi til sóma að hafa afgreitt það ásamt stjórnarskrármálinu.

Hv. þm. Ísaf. (KJJ) gat um afstöðu fulltrúa Alþb. í tryggingaráði, og þarf ég varla að láta segja mér um hans afstöðu. Ég veit, að þetta er gamalt og nýtt baráttumál Alþb., að skerðingarákvæðin gagnvart ellilífeyri og örorkubótum verði felld niður úr lögum, og veit, að allir trúnaðarmenn Alþb., hvar sem er, vilja, að svo verði gert. Hitt veit ég, að okkar fulltrúi þar sér og veit, að það þarf að breyta ýmsu öðru í tryggingalöggjöfinni henni til umbóta, og sé ég ekki á nokkurn hátt, að þessi leiðrétting tefði fyrir þeim nauðsynlegu breytingum.

Ég vil því enn láta í ljós ósk og von mína um það, að þetta geti orðið samkomulagsmál hér á hv. Alþ. og fengið afgreiðslu í báðum d. þingsins, áður en þinginu lýkur. Það á ekki að þurfa að tefja störf þingsins eða draga þau á langinn á nokkurn hátt.

ATKVGR.

Brtt. 33 (ný 1. gr.) samþ. með 15 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJóh, HS, HV, KGuðj, LJós, ÓskJ, PÞ, SkG, ÞÞ, ÁÞ, BFB, BP, EystJ, GíslG, EOl.

JóhH, JÁ, JR, KJJ, MJ, MÁM, ÞK, BÓ greiddu ekki atkv.

12 þm. (GÍG, GÞG, TÁ, IngJ, ÓlJ, ÓTh, RH, SÁ, StSt, ÁB, BBen, EmJ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 19 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 21 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 42).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 19 shlj. atkv. og afgr. til Ed.

Á 11. fundi í Ed., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Nd., eftir 3. umr. þar.

Á 12. fundi í Ed., s. d., utan dagskrár, mælti

Björn Jónsson: Herra forseti. Hv. Nd. hefur afgreitt til þessarar d. frv. til l. um breyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar. Þetta frv. hefur verið samþ. í hv. Nd., og kemur nú til kasta þessarar hv. d. að taka afstöðu til þess, svo framarlega að það fáist tekið á dagskrá. Mér þykir sýnilegt, að málið muni ekki geta fengið afgreiðslu á þessu þingi, nema því aðeins að hæstv. forseti leiti eftir því við d. í fyrsta lagi, hvort málið skuli tekið á dagskrá, og í öðru lagi eftir nauðsynlegum afbrigðum til þess, að það sé rætt nú á þessum fundi. Það eru eindregin tilmæli mín með tilliti til þess, að þetta mál hefur hlotið einróma afgreiðslu í Nd., að málið verði tekið nú fyrir á þessum fundi og að það verði borið undir d., hvort svo skuli gert.

Forseti (EggÞ): Vegna þessara ummæla hv. 8. landsk. vil ég skýra frá því, að ég hafði hugsað mér að taka hið umrædda mál fyrir á 3. fundi, sem væntanlega yrði að loknum þessum fundi, þar sem mér þótti sýnt, að málið gæti ekki hlotið fullnaðarafgreiðslu á þinginu, því að vart er mögulegt með svo stórvægilegt fjárhagsmál sem hér er um að ræða, að það fari nefndarlaust í gegnum deildina. Ég taldi af þeim ástæðum ekki mögulegt að taka það fyrir á 1. fundi, en það er á dagskrá þess fundar, sem tilkynntur verður nú á eftir. Hins vegar mun ég taka frv. fyrir skv. þingsköpunum, ef skriflegar óskir liggja fyrir um það frá 3 þdm. og fyrir því er samþykki ¾ hluta þeirra, sem á fundi eru, enda neiti ráðh. ekki um leyfið. Sættir þm. sig við þessa afgreiðslu?

Björn Jónsson: Herra forseti. Mér þykir sýnt, að ef þetta mál er ekki tekið fyrir fyrr en á næsta fundi, þá geti lokaafgreiðsla málsins ekki farið fram á þessu þingi. Hins vegar mundi á það reyna, ef málið yrði tekið fyrir nú á þessum fundi, hvort d. féllist á, að það hlyti afgreiðslu án þess að fara til n. Að vísu mundi þurfa aftur fund í d. En ef meiri hl. hv. þdm. væri þeirrar skoðunar, að unnt væri að afgreiða málið, án þess að það færi til n., þá tel ég víst, að hæstv. forseti mundi ekki telja eftir sér að boða stuttan fund í d. Ég mun því ekki sætta mig við, að þessi háttur verði á hafður, heldur ítreka tilmæli mín um það, að málið verði tekið fyrir nú á þessum fundi, eða **öllu heldur ósk** mína um það, að það verði borið undir d., hvort svo skuli gert.

ATKVGR.

Till. um að taka frv. á dagskrá fundarins hlaut 8:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, KK, PZ, SBB, BSt, BjörgJ, BjörnJ, FRV.

nei: GunnG.

SB, SÓÓ, EI, FS, GíslJ, GuðlG, EggÞ greiddu ekki atkv.

1 þm. (GTh) fjarstaddur.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Bernharð Stefánsson: Herar forseti. Ég vildi gjarnan stuðla að því, að þetta frv. næði fram að ganga. En ég lít svo á, að til þess að svo megi verða, þurfi fundir d. að vera eftir næstu

helgi eða a. m. k. á morgun, og í því trausti, að málið fái, ef það verður tekið fyrir nú, fullkomlega þinglega meðferð, því verði ekki flaustrað af, segi ég já.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Ég hef ekki kunnugleika á því, hvort þetta frv. til l. um breyt. á almannatryggingalögum hefur verið sent Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar. En ég tel, að áður en málið fær afgreiðslu í þinginu, sé óhjákvæmilegt, að svo verði gert, vegna þess að hér er um að ræða stórkostlega mikið fjárhagsmálefni fyrir Tryggingastofnunina, þannig að skipta mun tugum milljóna, og útilokað, að nægilegt sé að ganga frá þessum lögum þannig, að ekki sé jafnframt tryggt, að hægt sé að greiða þær fjárhæðir, sem lögin gera ráð fyrir að greiða verði. Vegna þess að mér er ekki kunnugt um, hvernig þessu er háttað, treysti ég mér ekki til að taka þátt í atkvgr. og greiði ekki atkvæði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Eins og hæstv. dómsmrh. bendir á, er hér um að ræða allmikið fjárhagsmál, þá breyt. á 22. gr., að hér á að fella niður skerðingu. Ég er efnislega samþykkur, að slíkt sé gert. Ég er hins vegar á móti því, að það sé gert að óathuguðu og í flaustri. Og þar sem þessi d. hefur engin gögn haft, sem sýna, hversu mikið fjárhagslegt atriði þetta er, mun ég ekki greiða atkv. um málið, hvort það verður tekið fyrir, en hins vegar gera kröfu um það, að því verði vísað til heilbr.- og félmn., ef málið verður tekið til 1. og 2. umr. hér í þessari hv. d. Ég greiði ekki atkvæði.

Gunnar Gíslason: Herra forseti. Ég sé þess engan kost, að þetta mál fái nú á síðasta degi þingsins þinglega meðferð, og sé því ekki neina ástæðu til þess að taka það á dagskrá og segi nei.

Till. felld, þar eð hún hlaut ekki tilskilinn meiri hl. atkvæða viðstaddra þdm.

Á 13. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá 3. umr. í Nd. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11:1 atkv.

Finnbogi R. Valdimarsson: Herra forseti. Þessi hv. d. neitaði áðan með atkvgr., að þetta mál væri tekið fyrir á þeim fundi d., sem þá stóð yfir, og með því sýndi meiri hluti þessarar hv. d. það þegar, að hann vill ekki stuðla að því, að þetta frv., sem þegar hefur náð fullnaðarsamþykki hv. Nd., nái fram að ganga á þessu þingi. Með því hafa þeir hv. þdm., sem að þessari atkvgr. *stóðu, þegar sýnt hug sinn til þessa* máls, að þeir unna því ekki framgangs á þessu þingi. Mæli ég þetta sérstaklega til þeirra hv. þm. Alþfl., sem hér eiga sæti og stundum hafa látið svo sem þeim væri ljóst, hvílíkt ranglæti felst í þeim ákvæðum almannatryggingal., sem hér er lagt til að fella niður. En þegar á hólminn kemur, kemur það í ljós. Og þegar það er sýnt, að hér getur verið meiri hl. í þessari hv. d. eins og í hv. Nd. fyrir því, að þetta nái fram að ganga og þau ranglátu ákvæði, sem hér er um að ræða, verði úr gildi felld, þá brestur kjark þessara hv. þm. Þá gerir *réttlætistilfinn*ingin, sem glamrað er með fyrir kosningar, ekki lengur vart við sig. Hér í þessari hv. d. á sæti hæstv. félmrh., og mæli ég þetta ekki sízt til hans.

Það þarf ekki að hafa mörg orð til þess að gera grein fyrir því, sem felst í því frv., sem hér liggur fyrir, að fella niður þau ákvæði almannatryggingalaganna, sem skerða elli- og örorkulífeyri, sem gömlu fólki er ætlaður til lífsframfæris. Það hefur svo oft hér á hv. Alþ. verið rætt um þessi ákvæði, hve ranglát þau séu, að ég þarf ekki að halda langa ræðu um það. Það er öllum hv. þm., sem átt hafa sæti á undanförnum þingum, kunnugt, að um þetta hefur verið rætt í hvert skipti, sem almannatryggingalög hafa komið fyrir Alþ. til endurskoðunar, en það er nú orðið oft. Á síðasta þingi var flutt hér frv., sem átti að bæta úr ýmsum ágöllum, sem enn felast í almannatryggingalögunum, og virtist mér, að hæstv. ríkisstj. stæði að því og léti svo sem hún hefði mikinn áhuga á framgangi þess máls.

Það vita allir, að engir, hvorki einstaklingar né hjón, geta lifað á þeim ellilífeyri, sem almannatryggingalögin nú gera ráð fyrir. En skerðingarákvæðin í 22 gr. l. eru þess efnis, að hinn naumi elli- og örorkulífeyrir samkv. 13. gr. l. er því aðeins greiddur, að aðrar tekjur hlutaðeigandi fólks en bætur samkv. tryggingal. fari ekki fram úr lífeyri á 1. verðlagssvæði, en skerðist og fellur að síðustu niður, ef tekjur einstaklinga eru þar fram yfir. Ellilífeyrir á 1. verðlagssvæði fyrir einstaklinga er nú 4680 kr., en 3510 kr. á 2. verðlagssvæði.

Það er vitanlegt, að þessi skerðingarákvæði verka mjög mismunandi fyrir fólk eftir því, hvernig ástatt er með það. Í sveitum t. d., þar *sem gamalt fólk fær ekki greitt kaup í reiðu*fé, verka þessi skerðingarákvæði ekki. Í bæjum, þar sem gamalt fólk fær kaup greitt, sem kemur fram til skatts, verka þessi skerðingarákvæði til fulls, og þá er tekinn af ellilífeyririnn, skertur eða felldur niður með öllu. Þannig eru þess mörg dæmi, þó að ætlazt sé til þess, að fólk fái lífeyri við 67 ára aldur, og látið svo heita, að það eigi að vera lífeyrir, sem það getur dregið fram lífið á, þá er svo ekki og þetta fólk verður að vinna fyrir sér, stundum fulla vinnu, löngu eftir að starfskraftar þess eru þrotnir, og hið opinbera, þjóðfélagið, kemur því þá ekki á nokkurn hátt til hjálpar, með því að elli- og örorkulífeyririnn er þá með öllu felldur niður.

Eins og ég sagði áðan, veit ég, að öllum hv. þm., sem hafa tekið þátt í umr. um almannatryggingalög, er vel ljóst, hvað hér er um að ræða, að hér er um að ræða fullkomið réttlætismál, sem hins vegar kostar almannatryggingarnar ekkert stórfé, — réttlætismál, sem menn hljóta að viðurkenna með sjálfum sér og viðurkenna rétt fyrir kosningar, en hefur skort kjark til að standa að og nema úr lögum, þegar til þings hefur komið. Svo hefur það verið stund-

um með hv. þm. Alþfl., sem átt hafa sæti í þessari hv. d. Ég er oft búinn að standa að því hér á þingi að flytja till. um að fella niður þessi skerðingarákvæði eða draga úr þeim, en það hefur skort til fylgi Alþfl.-þm., sem hér hafa átt sæti, og það er ljóst, að svo er enn. Nú er þessu máli komið svo, að hv. Nd. hefur samþykkt frv. um að fella niður þessi ranglátu ákvæði að fullu, og þannig er þetta mál komið til þessarar hv. d. Það þyrfti því ekki annað en meðferð á tveimur fundum til viðbótar þessum, til þess að þetta réttlætismál næði fram að ganga á þessu þingi.

Ég veit, að þetta mál hefur verið athugað vel í hv. heilbr.- og félmn. Nd., og vafalaust hafa nefndarmenn þar haft samband við Tryggingastofnun ríkisins og gert sér ljóst, hvað kosti að fella niður þessi ranglátu ákvæði. Ég geri því ekki ráð fyrir því, að það þyrfti að tefja lengi störf þessarar hv. þingdeildar að ganga frá þessu máli.

Ég vil enn, þrátt fyrir atkvgr., sem hér fór fram áðan og raunar sýndi, eins og ég áðan sagði, hug vissra hv. þdm. til þessa réttlætismáls, gera mér vonir um það, að hv. þdm. fallist á, að tími sé til kominn að fella þessi ranglátu ákvæði l. úr gildi, og það verði gert hér í hv. þingdeild.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Út af ummælum hv. 5. landsk. (FRV) um okkur, sem greiddum atkvæði á móti því eða sátum hjá við atkvgr., hvort skyldi leyfa að taka þetta mál fyrir, þar sem hann sagði, að með því hefðum við sýnt hug okkar til þessa máls, þá þykir mér ástæða til þess að mótmæla því harðlega. Afstaða mín til þessa máls er algerlega óháð því, hvort ég vil leyfa afbrigðin eða ekki. Ég hef tekið afstöðu til þess að greiða atkvæði gegn því að leyfa afbrigði, vegna þess að ég tel rangt að afgreiða slíkt mál sem hér um ræðir, án þess að það fái þinglega meðferð.

Þessi hv. þm. gat m. a. ekkert upplýst um það, hve mikið fé þetta kostaði tryggingarnar. Hann sagði aðeins, að það kostaði ekkert stórfé. Stórfé á hans mælikvarða getur verið allt milli tugþúsunda og milljóna, og liggur því ekkert fyrir um, hvað það kostar, og það sést heldur ekkert hér í þingskjölum.

Hv. 5. landsk. er vel kunnugt um það, að meðan ég átti sæti hér á hv. Alþingi, var ég mjög fylgjandi þessu atriði, að skerðingarákvæði væru afnumin. Hugur minn til málsins efnislega hefur ekkert breytzt, svo að ég vil engan veginn láta því ómótmælt, að það sé nokkurt samband á milli afstöðu minnar efnislega til málsins og þess að hafa ekki viljað leyfa umr. um það, sem ég tel mjög óheppilegt að leiða hér inn um allmikið deiluatriði, sbr. frumræðu hv. þm., sem notaði hér mjög stór orð í sambandi við afstöðu Alþfl. til málsins. En ég leyfi mér að spyrja hv. þm.: Hvers vegna kom hann ekki þessu máli fram, á meðan hann studdi hina ágætu vinstri stjórn? Þá hefði hann haft þingmeirihluta til þess að koma þessu máli fram. Það er einkennilegt, að hann skuli nú á síðustu stundu á þessu þingi hefja umræður um þetta mál, sem hefur verið mjög til umr. á mörgum þingum og ekki náðst samkomulag um.

Ég vil að síðustu aðeins taka það fram, að mín afstaða til málsins hefur ekkert breytzt og er ekki í neinu sambandi við afstöðu mína til atkvgr.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Ég vil einungis taka það fram í sambandi við þetta mál, að ég og mínir flokksmenn erum að sjálfsögðu sammála því, að fella beri niður skerðingarreglur almannatryggingalaganna, og ég geri ráð fyrir, að allir hv. þm. séu á þeirri skoðun. En það er rétt að benda á það hér í leiðinni, að þessar reglur eiga að falla úr gildi samkvæmt ákvæðum laganna sjálfra í árslok 1960, þ. e. a. s. þær eiga eftir að gilda í eitt ár enn þá, ef ekki verður gerð breyting á því.

En afstaða mín til málsins á síðasta fundi um það, hvort málið skyldi tekið á dagskrá, markaðist einungis af því, að ég tel algerlega óforsvaranlegt, að mál slíkt sem þetta sé afgreitt á þinginu í flaustri, án þess að það fái þinglega meðferð. Sérstaklega tel ég alveg óhjákvæmilegt, að málið fái meðferð í n., að n. sú, sem málið fær til meðferðar, hafi samráð við Tryggingastofnun ríkisins, sem hefur veg og vanda af framkvæmd þessara mála, og það er óforsvaranlegt með öllu að ganga fram hjá þeirri stofnun, þegar jafnmikilvægu máli og þessu er breytt. Það mun skipta háum fjárhæðum, mörgum milljónum, e. t. v. tugum milljóna, sem þetta kostar. Hv. 5. landsk., sem beindi orðum sínum til mín fyrir skömmu, virtist ekki hafa hugmynd um, hvað þetta kostaði mikið fé. Hann gerði ekki heldur grein fyrir því, hvort n. sú, sem um málið fjallaði í hv. Nd., hefði haft um málið samráð við Tryggingastofnun ríkisins og hvort fé væri fyrir hendi til þess að mæta þeim þörfum, sem skapast, ef þessu verður nú breytt, — og ef fé er ekki fyrir hendi, þá hvort séð hefði verið fyrir því að afla þess.

Eins og málið stendur nú, þykir mér sýnt, að það sé vonlaust, að hægt sé með nokkrum hætti að breyta því á þessu þingi, sem nú er að ljúka. Hins vegar er eðlilegt og sjálfsagt, að þetta mál verði tekið fyrir á næsta þingi, sem verður ekki ýkja langt að bíða, og er þess að vænta, að það fái þar betri undirbúning, þannig að hægt verði að fella þessar leiðu skerðingarreglur niður, sem því miður eru búnar að vara allt of lengi.

Finnbogi R. Valdimarsson: Ég vil fagna þeim ummælum hæstv. félmrh., að allir þm. muni vera á því að fella niður þessi ranglátu ákvæði. En hví þá ekki að gera það? Hann getur sagt svo mikið, að hann telji víst, að allir hv. þm. séu á því að fella niður þessi ranglátu ákvæði. Hví þá ekki að gera það? Og hv. þm. Barð. segir, að hann hafi alltaf verið með því hér á þingi að fella niður þessi ákvæði. Ég er ekki viss um, að hans barátta í því efni hafi alltaf verið nógu skelegg. Ég er ekki viss um það, ef við litum í þingtíðindin og rifjuðum upp afstöðu hans til þessara mála. Hitt viðurkenni ég, að hv. þm. Barð. hefur verið skilningsgóður á mörg ákvæði snertandi almannatryggingalög og átt ágætan

þátt í lagfæringum á þeim, sem orðið hafa á síðustu árum, meðan hann átti hér sæti á þingi.

Hæstv. félmrh. segir, að ég hafi ekki hugmynd um, hve mikið það kosti Tryggingastofnun ríkisins að fella niður þessi ákvæði. Skyldi hæstv. félmrh. ekki hafa betri aðstöðu til þess en ég að vita, hvað það mundi kosta? Hann er yfirmaður Tryggingastofnunar ríkisins. Þetta frv. hefur verið til meðferðar í hv. Nd. um langan tíma nú undanfarið. Hefur hæstv. félmrh. ekkert kynnt sér það hjá Tryggingastofnun ríkisins, hvað það muni kosta? Getur hann ekki upplýst hv. þd. um þetta? Ég get ekki upplýst það nákvæmlega, hvað það kosti, og ég álít, að það sé erfitt að segja um það nákvæmlega, því að það er erfitt að segja um það á þessari stund, hve margt af gamla fólkinu verður að strita og vinna fulla vinnu til þess að geta dregið fram lífið og missir allan rétt til ellilífeyris. Það getur ekki lifað á honum einum, en missir réttinn, ef það vinnur fyrir sér. Ég veit ekki, hve margt af því hætti að vinna og reyndi að lifa á ellilífeyrinum, eins og hann er, og hygg ég, að Tryggingastofnun ríkisins geti ekki vitað það heldur. En hæstv. félmrh. hefði verið nær en mér, sem hef ekki haft þetta mál til meðferðar hér í hv. þd. fyrr en í dag, að kynna sér, hvað þetta kostar, meðan málið var í meðferð Nd. Og hann ætti nú að geta upplýst hv. þingdeild um það, hvað það kostaði. En það er auðséð, að þó að hann hafi fullyrt hér, að allir hv. þm. séu með því að fella niður þessi ákvæði, sem allir viðurkenna að séu ranglát og til skammar, þá eru ekki nógu margir í þessari hv. d., sem vilja láta það koma fram í verki, að það sé svo. Það er þegar ljóst.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Ég vil taka það fram, að ég hef alltaf litið á þetta skerðingarákvæði í almannatryggingalögunum sem einhvern allra versta ókost þessara laga. Það er ekki nema eitt ár, þangað til þessi skerðingarákvæði eiga af sjálfu sér að falla á brott, og það er oft svo hér á Alþingi, að það eru afgreidd stórkostleg fjárhagsmál, án þess að nákvæmlega sé vitað um tölur, þannig að á þann hátt væri ekki vikið frá venjum, sem viðgengizt hafa. Nú síðustu dagana er hv. Alþingi t. d. búið að afgreiða ný stjórnskipunarlög, sem fyrirsjáanlega hafa í för með sér mjög verulega útgjaldaaukningu. Ég heyrði engan af forsvarsmönnum þeirra laga tiltaka neinar sérstakar upphæðir, og ég efa, að þeir hafi í stjórnlaganefndunum nokkuð um það sérstaklega sagt. En það er nú kannske öðruvísi vaxið.

Mér finnst alveg sérstök ástæða til þess að afgreiða þetta mál frá þessu þingi, að láta þetta verða síðasta lagafrv., sem afgreitt væri frá því Alþingi, sem kjörið var og er síðasta þingið, sem kjörið er undir hinu gamla skipulagi, sem hér ríkir, — að þetta þing hefði sett í það metnað sinn að afnema nú þegar hið mikla óréttlæti, sem gamla fólkinu hefur verið sýnt með þessu skerðingarákvæði.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil gera grein fyrir, af hverju ég sat hjá við atkvgr., en það var vegna þess, að ég vildi fá þetta mál til n. Mér er kunnugt um það, að heiman úr mínu héraði lá fyrir síðasta hv. Alþingi áskorun um breytingu á 22. gr., sem gekk lengra en þessi till. En ég er ekki tilbúinn að flytja brtt. nú, enda mundi hún ekki ná fram að ganga gegnum báðar d. Þess vegna vil ég fá málinu vísað til n., af þeirri ástæðu einni, að ég vil fá aðstöðu til að geta komið fram þeim sjónarmiðum, sem ég veit að eru í þessu máli frá mínu byggðarlagi, en alls ekki vegna þess, að ég telji þetta ekki réttmæta, eðlilega og sjálfsagða lagfæringu á lögunum.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Hv. 5. landsk. þm. (FRV) fór um það allhörðum orðum, að ég virtist ekki hafa hugmynd um, hvað það kostaði mikið fyrir Tryggingastofnun ríkisins, ef þau ákvæði, sem frv. það, sem hér er á dagskrá, felur í sér, yrðu samþ. Ég hafði ekki hugmynd um, að þetta mál yrði tekið á dagskrá hér í dag, en að sjálfsögðu mundi ég hafa kynnt mér þetta mál betur og rækilegar, búið mig undir það, ef ég hefði um það vitað. Þá mundi ég einnig hafa getað upplýst um það, hvort Tryggingastofnun ríkisins hefði haft málið til meðferðar. En það get ég þó upplýst, að hv. n., sem hafði málið til meðferðar í Nd., hefur ekki rætt við félmrn. um það.

Ég tel ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en ég vil aðeins endurtaka þá spurningu, sem hv. þm. Barð. beindi til hv. 5. landsk.: Hvers vegna barðist hann ekki fyrir þessu máli, meðan vinstri stjórnin sat? Þá hefði hann haft miklu betri aðstöðu til þess að koma því í gegn, ef hann hefði raunverulega haft áhuga á því.

Finnbogi R. Valdimarsson: Mér þykir það undarlegt að heyra það hjá hæstv. félmrh., að hann fylgist ekki neitt með og telji sér ekki skyldu að fylgjast neitt með frumvörpum um félagsmál, fyrr en þau koma hingað til hv. d., þar sem hann á sæti sem þingmaður. Hann upplýsir, að hann hafi ekki gert sér neitt far um að kynna sér þetta mál, fyrr en það kæmi hér til hv. d. Það er búið að fara gegnum 3 umr. í hv. Nd., vera þar í n., og ég skal upplýsa það, að það var frá þeirri n., hv. heilbr.- og félmn. Nd., sent samdægurs, þegar það kom þar fyrir, til Tryggingastofnunar ríkisins til umsagnar. En það hefur staðið á umsögn Tryggingastofnunar ríkisins, og er það ekki sök hv. n. í Nd. né Alþingis. Hæstv. félmrh. getur auðvitað sem ráðh. fylgzt með umr. um mál í hv. Nd. og kynnt sér þau, jafnóðum og þau koma þar fyrir.

Þá spyr hæstv. ráðh., hvers vegna ég hafi ekki beitt mér fyrir þessu máli, meðan vinstri stjórnin sat. Ég veit, hvað er til fyrirstöðu í þessu máli. Það er andstaða hv. þm. og ráðh. Alþfl. gegn því að afnema þessi ákvæði, af því að það kostar nokkuð. Það var eins í vinstri stjórninni. Og það hefur verið eins á undanförnum þingum, þeim tíu þingum, sem ég hef setið, þá hefur það strandað fyrst og fremst á andstöðu hv. þm. Alþfl. að fá þessi ranglátu ákvæði afnumin. Hér átti lengi sæti í hv. d. forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins. Honum

var það ljóst hvort tveggja, að þessi ákvæði voru ranglát, en honum var líka ljóst sem forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, að það kostaði nokkuð þá stofnun að afnema það. Og þess vegna beitti hann sínum áhrifum gegn því, að þau væru afnumin. Þetta er sannleikurinn í málinu. Það hefur ekki staðið á mér sem þm. fyrr né síðar, síðan ég tók sæti hér á hæstv. Alþ., að standa að því að afnema þessi ákvæði. Aldrei, ekki heldur meðan vinstri stjórnin sat. En það stendur á Alþfl. og hefur staðið á honum.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mér þykir það vera í þessu máli eins og oft áður táknrænt um vinnubrögð þessa hv. þm., sem hér var síðast að tala, hv. 5. landsk., og hans flokks, að þeir leggja meira upp úr áróðursgildi máls en úr því raunverulega gildi, sem málið hefur. Þess vegna hafa þeir komið með þetta mál fram nú á þessu þingi illa undirbúið eða réttara sagt óundirbúið, geta ekkert upplýst um, hvað það muni kosta, ekkert haft uppi nema frýjuorð í garð Alþfl. og annarra, sem eru ekki tilbúnir að afgreiða þetta að algerlega óathuguðu máli.

Til viðbótar við þetta vil ég aðeins segja, að það er með öllu rangt, að það hafi staðið á þm. Alþfl. að afgreiða þetta mál, — með öllu rangt. Og ég ætla, að ef alvara hefði fylgt hjá Alþb. og þessum hv. þm., þá hefði félmrh. fyrrv. stjórnar í þau 2½ ár, sem hann sat, a. m. k. átt að láta reyna á það hér á Alþ., hvort ekki væri hægt að koma málinu fram.

Finnbogi R. Valdimarsson: Ég hef rétt til athugasemdar og hún skal vera stutt. Það er út af síðustu orðum hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. sagði, að afstaða mín og ummæli um þetta mál sýndu, að ég hagaði málflutningi mínum og afstöðu til mála eingöngu í áróðursskyni. Ég kannast ekki við, að ég hafi þann tíma, sem ég hef átt sæti hér á hv. Alþ., hagað afstöðu minni til mála og málflutningi eingöngu í áróðursskyni. Ég hygg, að hæstv. forsrh., ef hann vildi kynna sér mína þingsögu, gæti ekki sannað það, að ég hefði fremur öðrum þm. flutt mál eingöngu til þess að láta þau sjást. Ég hef lagt meira upp úr hinu, ef ég hef flutt till., að reyna að koma þeim fram, og þá oft orðið að sætta mig við að ná ekki fram fullri lagfæringu mála, ef eitthvað hefur áunnizt við mínar till. En ég held, að ef væri farið út í það, þá mætti segja, að allir flokkar notuðu öll mál í áróðursskyni. Og ég held, að Alþfl. hafi fullkomlega notað sér tryggingamál í áróðursskyni og það meira en efni standa til.

En helzt eru það þau mál, sem allir flokkar og allir þm. standa að, sem ekki er hægt að nota í áróðursskyni fyrir einn flokk. Og nú stendur svo á um þetta mál, að sjálfur hæstv. félmrh. fullyrðir, að allir hv. þm. séu með þessu máli, og allir hv. þdm., sem hér hafa talað, hafa lýst sig fylgjandi þessu máli, þ. á m. einnig þeir þm. Sjálfstfl., sem hér hafa tekið til máls. Ég held, að það væri því ráð fyrir hæstv. forsrh. og hans flokk, ef hann vildi koma í veg fyrir, að þetta mál væri notað í áróðursskyni, að beita sér fyrir því, að það nái fram að ganga, þannig að allir hv. þdm. standi að því. Ég veit, að þetta er alveg á valdi hæstv. forsrh. og hæstv. ríkisstj.

Flokkur hæstv. ríkisstj. hefur hér forsetavaldið. Hér þarf ekki annað til til þess að koma þessu máli fram en að taka það fyrir, afgreiða það til n., taka það fljótt fyrir þar og láta það til þd. aftur, því að málið hefur þegar fengið meðferð í n. í Nd. Þar hefur verið óskað eftir upplýsingum um það, þær hafa ekki fengizt, en málið hefur verið afgreitt í gegnum 3 umr. í hv. Nd. ágreiningslaust. Það er þess vegna, sem ég tel, að þessi hv. þd. geti líka afgreitt það, þegar það er nú komið hér fyrir, þó að nokkuð sé liðið á þingtímann. Ég get ekki séð, að með þeirri afstöðu minni hafi ég gefið tilefni til þess, að hæstv. forsrh. telji það sérstakan áróður. Það væri eðlilegt og sjálfsagt um mál, sem ágreiningur finnst ekki um hér í hv. d., að það verði afgreitt. Flokkur hæstv. forsrh. hefur völdin. Hans er mátturinn, og hans er ríkið. En við eigum eftir að sjá, hvort hans verður dýrðin í þessu máli.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 15 shlj. atkv. og til heilbr.- og félmn. með 14:1 atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Endurlán eftirstöðva af erlendu láni.

Á 5. fundi í Nd., 27. júlí, var útbýtt:

Frv. til l. um endurlán eftirstöðva af erlendu láni samkv. 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959 [6. mál] (þmfrv., A. 6).

Á 8., 9. og 11. fundi í Nd., 31. júlí, 4. og 6. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Nd., 7. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Herra forseti. Fyrrv. ríkisstj. hafði lagt drög að því, að tekið yrði erlent lán til framkvæmda hér á landi. Á síðasta þingi var núv. hæstv. ríkisstj. heimilað að taka allt að 6 millj. dollara erlent lán, og mun sú heimild verða notuð. Þessi upphæð í erlendri mynt jafngildir með yfirfærslubótum nálega 150 millj. kr. Fulltrúar Framsfl., sem sæti áttu í fjvn. á síðasta þingi, lögðu þar til, að þessar 150 millj. kr. yrðu endurlánaðar þannig, að raforkusjóður fengi 45 millj. kr., ræktunarsjóður 30 millj., fiskveiðasjóður 25 millj. og 50 millj. yrðu lánaðar til hafnargerða. Alþ. ákvað hins vegar eftir till. meiri hl. fjvn. að ráðstafa eigi meiru af þessu fé en um 98 millj. kr., og var sú heimild til þeirrar ráðstöfunar veitt í 22. gr. fjárlaga fyrir árið 1959.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að fjárþörf þeirra stofnana, sem framsóknarmenn lögðu til á síðasta þingi að nytu góðs af þessu fé, er mjög mikil. Skv. heimildinni í 22. gr. fjárl. er ákveðið, að raforkusjóður fái 45 millj., ræktunarsjóður 25 millj. og hafnarsjóðir 28 millj., en fiskveiðasjóði hefur ekki verið ætlað neitt af þessu lánsfé. Fjárþörf ræktunarsjóðs er svo mikil, að sjóðurinn hefur að undanförnu ekki fyllilega getað fullnægt eftirspurn eftir lánum, og allar líkur benda til, að sjóðinn skorti allmikið fé á þessu ári til þess að veita þau lán, sem um er beðið. Svipað má segja um fiskveiðasjóð. Sú lánsstofnun á að veita stofnlán til skipakaupa og fiskvinnslustöðva, og er lánsfjárþörf sjávarútvegsins mjög mikil.

Á þingi 1956 var lögum um fiskveiðasjóð breytt þannig, að numin voru úr gildi hámörk, sem áður höfðu verið í lögum um það, hve sjóðurinn má lána háa fjárhæð til einstakra framkvæmda, og skipaflotinn stækkar þannig, að þau skip, sem fengin eru til landsins, eru yfirleitt stærri og dýrari en skip, sem notuð voru til fiskveiða fyrir nokkrum árum. Þetta veldur auknum stofnkostnaði og kallar á hærri lán frá þeirri lánsstofnun, sem á að veita sjávarútveginum stofnlán, heldur en ella mundi.

Því mun vera svo farið, að fiskveiðasjóður hefur ekki haft fjármagn til að fullnægja eftirspurn eftir lánum. Hann mun hvorki hafa getað veitt lán til skipa af hinum stærri tegundum, sem flutt eru til landsins, né fullnægt eftirspurn eftir lánsfé til fiskvinnslustöðva. Það er því að áliti okkar flm. þessa frv. mjög mikil þörf á að auka fjármagn fiskveiðasjóðs.

Það er undirstaða að blómlegu atvinnulífi við sjávarsíðuna, að hafnarskilyrði séu sem bezt. En það kostar mikið fjármagn að gera hafnirnar svo úr garði sem þörf er á. Því fé, sem ákveðið er að leggja fram til hafnarsjóðanna eða endurlána hafnarsjóðunum skv. heimildinni í fjárl. fyrir þetta ár, mun nú þegar hafa verið ráðstafað. Því mun hafa verið ráðstafað til 19 hafna. En alls eru þær hafnir allt að 60, sem veitt hefur verið fé til í fjárlögum að undanförnu og þar sem um hafnarframkvæmdir er að ræða. Og mér er kunnugt um það, a. m. k. að því er snertir sumar þær hafnir, sem njóta ekki góðs af því fé, sem þegar hefur verið ráðstafað skv. heimildinni í 22. gr. fjárl., að þar eru fyrirhugaðar mjög kostnaðarsamar framkvæmdir nú á næstunni, sem eru nauðsynlegar vegna atvinnulífsins á hlutaðeigandi stöðum.

Hér er því lagt til, að því fé, sem hefur ekki verið ráðstafað áður, verði nú með sérstakri löggjöf ráðstafað þannig, að til ræktunarsjóðs renni 5 millj. í viðbót við það framlag, sem honum var ætlað af hinu erlenda lánsfé skv. heimildinni í fjárl., að fiskveiðasjóður fái 25 millj. kr. og að til hafnarframkvæmda verði varið 22 millj. kr. umfram það, sem þegar hefur verið úthlutað.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta mál nú við þessa umr. og legg til, að frv. verði að umr. lokinni vísað til hv. fjhn. En þar sem þetta þing mun aðeins sitja mjög stuttan tíma úr þessu, þá vænti ég þess, að hv. fjhn. afgreiði málið mjög bráðlega.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Mig langar til þess að víkja nokkrum orðum að þessu máli.

Hv. 1. flm., þm. A-Sk., lagði á það áherzlu, að fulltrúar Framsfl. hefðu á s. l. þingi viljað hafa annan hátt á úthlutun þess erlenda lánsfjár, sem hér um ræðir, og það ekki náð þá fram að ganga, og legðu þeir því nú til, að eftirstöðvum, 50 millj. kr. eða u. þ. b., yrði nú varið á þann hátt, sem segir í þessu frv.

Það er bent á það, að fiskveiðasjóði hafi ekki verið lánað neitt af þessu erlenda lánsfé á s. l. þingi, og það mun hafa staðið í sambandi við það, að frá fiskveiðasjóði lá greinargerð um það, að fjárhag hans væri þannig komið, að hann mundi fær um að sinna þeim verkefnum, sem hann fram að þessu hefur sinnt, án þess að þessi viðbót kæmi þá til, sem lagt var til, eða einhver hluti af þessu lánsfé, og a. m. k. langt fram á ár, kannske til loka ársins 1960. En það er svo alveg rétt, að það eru ýmsar greinar atvinnulífsins við sjávarsíðuna, sem fiskveiðasjóður skv. lögum hefur heimild til að lána, og væri mjög æskilegt, að hann gæti lagt til miklu meira fjármagn en hann hefur gert að undanförnu, eins og til fiskvinnslustöðvanna. Þess vegna væri út af fyrir sig mjög æskilegt að fá meira fé inn í fiskveiðasjóðinn, þó að þessar staðreyndir liggi fyrir, sem ég gerði grein fyrir.

Um fiskvinnslustöðvarnar er hins vegar rétt að minna á það, að þegar Framkvæmdabankinn var stofnaður og tók til starfa og á árunum þar á eftir var yfirleitt gert ráð fyrir því af stjórnvöldunum, bæði stjórnendum fiskveiðasjóðs og Framkvæmdabankans og þáv. og síðari ríkisstj., að það yrði meginhlutverk Framkvæmdabankans að sinna fjárfestingarþörfinni í sambandi við stærri fiskiðjuverin og fiskvinnslustöðvarnar. En því miður hefur ekki úr því rætzt, eins og menn hefðu óskað.

Svona liggur þetta í stórum dráttum.

En það, sem er aðalatriðið og fram kom hjá stjórn fiskveiðasjóðsins, var, að hún taldi sig ekki reiðubúna til þess að taka á móti þessu fé, erlendu fé, án þess að gerðar yrðu breyt. á l. um fiskveiðasjóð. Stjórn fiskveiðasjóðs hefur ekki skv. l. um fiskveiðasjóð heimild til þess að lána þetta erlenda fé með neinni gengisklásúlu, sem kallað er, eða fyrirvara um það, að sá, sem tekur féð, verði að taka það tilsvarandi því, að hann tæki lánið í erlendri mynt og fiskveiðasjóður væri aðeins í raun og veru milliliður. Þessi heimild er beinlínis veitt Framkvæmdabankanum, og hann hefur veitt sín lán af erlendum lánum á þann hátt, að gengisáhættu hefur lántakandinn tekið á sig. Þetta er ekki hægt og ekki fyrir hendi hjá fiskveiðasjóði.

Ég fyrir mitt leyti taldi þess vegna mjög æskilegt, þegar allar þessar kringumstæður eru athugaðar, að ekki væri úthlutað til fulls þessum 50 millj. kr. á s. l. þingi, vegna þess að þá mundi gefast tími til þess á haustþinginu, — ég gerði ekki ráð fyrir, að málið kæmi fyrir á þessu aukaþingi, — að taka málefni fiskveiðasjóðs þannig til meðferðar að gera honum kleift með lagabreyt. að taka á móti þessu lánsfé til aukinna lánveitinga á sviði sjávarútvegsins. En það er

skoðun fiskveiðasjóðs, og ég er einn þeirra, sem eiga þar hlut að máli, að sjóðurinn geti ekki tekið, eins og aðstæðurnar eru og óvissan í okkar þjóðfélagi í efnahagsmálunum, við meira lánsfé en hann hefur þegar gert án þess að hafa heimild til þess að lána það út þannig, að gengisáhættan sé á herðum lántakandans. Fiskveiðasjóður varð að afskrifa hjá sér um s. l. áramót 6 millj. kr. í gengistapi vegna 55% yfirfærslugjaldsins, sem kom á með löggjöfinni í maímánuði 1958, og hann skuldar nú um 40 millj. kr. í erlendu fé, sem hann lánar út nú skv. sínum lögum, án þess að nokkur gengisáhætta sé færð yfir á lántakandann. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef svipuð gengisfelling eða nýtt yfirfærslugjald kynni að koma, álíka og það, sem kom á s. l. ári, þá yrði þarna um 20 millj. kr. skellur til viðbótar fyrir fiskveiðasjóð.

Ég er sjálfur nokkuð undrandi yfir því, að menn telji það hagsmunamál fyrir sjóði eins og t. d. ræktunarsjóðinn að taka við lánsfé með þessum skilyrðum. Og mér þætti fróðlegt, ef hv. 1. flm. málsins eða einhver annarra flm. þessa máls gæti upplýst okkur um það, hvað ræktunarsjóðurinn hefur tapað miklu í gengistöp á erlendum lánum, sem hann hefur fengið og lánað út, án þess að nokkur gengisáhætta fylgdi til lántakendanna, og hvort það muni virkilega vera þannig, að stjórn ræktunarsjóðsins telji sér fært að taka við erlendum lánum áframhaldandi á þann hátt að gera enga breyt. hér á.

Eins og ég sagði áðan, gerði ég ekki ráð fyrir, að þetta mál kæmi fyrir þetta aukaþing, og ég hef ekki heldur mikla trú á, að málið nái afgreiðslu á þessu stutta þingi, sem hefur öðrum störfum að gegna. En ég tel mikilvægast í þessu sambandi fyrir fiskveiðasjóð og tala aðallega um hann, að á haustþinginu, þegar það kemur saman, liggi málið þannig fyrir, að enn sé óráðstafað 50 millj. kr. og hægt verði þá að gera ráðstafanir til þess, að fiskveiðasjóði verði kleift að fá verulegan hluta af þessu lánsfé með þeim hætti, að hann taki ekki á sínar herðar of mikla áhættu um leið.

Flm. (Páll Þorsteinsson): Ég vil segja aðeins fá orð út af þeim aths., sem fram komu hjá hv. 4. þm. Reykv. í sambandi við þetta mál.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að til þess að koma á miklum framkvæmdum í atvinnulífi og uppbyggingu hér á landi þarf mikið fjármagn. Nú er hið innlenda fjármagn, er við höfum til slíkrar ráðstöfunar, mjög takmarkað, og hefur því að undanförnu orðið að hverfa að því ráði að leita eftir erlendu lánsfé. Og ekki er annað sjáanlegt en sá háttur verði hafður á framvegis, að ekki verði annað kleift, ef halda á uppi hér miklum framkvæmdum og blómlegu atvinnulífi. Þær aths., sem hv. 4. þm. Reykv. lét falla út af þessu máli, eiga því ekki sérstaklega við í sambandi við þetta frv., heldur eru þær miklu almennara eðlis. Það er fjárhagslegt vandamál, sem vitanlega verður að taka tillit til og leysa í heild í sambandi við efnahagskerfi þjóðarinnar. En þeir annmarkar, sem hv. 4. þm. Reykv. bendir á, koma vitanlega fram í sambandi við ráðstöfun þess hluta hins erlenda lánsfjár, sem þegar hefur verið ákveðinn. Þó að sú viðbót, sem þetta frv. felur í sér um ráðstöfun þess fjár, verði samþ., þá fylgja því ekki neinir nýir sérstakir annmarkar, heldur er það aðeins brot af miklu stærra máli. Ég verð því að líta svo á, að það sé full ástæða til að samþykkja þetta frv., þó að mér sé hins vegar ljóst, að það fjárhagslega vandamál, sem hv. 4. þm. Reykv. gerði að umtalsefni, þurfi að takast til nánari athugunar í sambandi við fjármál og efnahagskerfi þjóðarinnar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

---

3. Áburðarverksmiðja.

Á 12. fundi í Nd., 7. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju [12. mál] (þmfrv., A 21).

Á 13. og 14. fundi í Nd., 10. og 11. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 15. fundi í Nd., 13. ágúst, var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Ég býst við, að það megi segja um þetta frv., að það verði kannske flutt nokkuð oft sama ræðan um það, áður en það verður samþ. að lokum. Það verður, svo að maður fari að hreykja sér hátt, kannske eitthvað svipað með þetta og var forðum með Cato, þegar hann lauk hverri sinni ræðu með „cetere censeo Cartaginem esse delendam“. Hvað sem öllu öðru líður, þá legg ég til, að Karþagóborg sé lögð í eyði.

Ég hef nú flutt nokkuð oft hér í þessari hv. d. frv. um, að það sé skorið úr því, hvort áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, og hef hugsað mér, jafnvel þó að það mundi kosta það, að maður yrði að flytja sömu ræðuna nokkuð oft, að halda því áfram. Ég satt að segja kann ekki við það, a. m. k. meðan ég sit hér á þingi og hef það sem höfuðstefnu að reyna að vinna að því, að ekki sízt stórfyrirtæki landsins séu eign þjóðarinnar, að horfa upp á það, að verið sé, svo að ég noti þingleg orð, að taka með ólöglegu móti úr eigu þjóðarinnar það, sem hún á samkvæmt lögum, og það þannig, að ráðh. aðstoði við það. Það má vel vera, að það mundi vera vænlegra til þess að vekja athygli, að maður lýsti þessu með nútímaslagorðum, í staðinn fyrir að vera að „sítera“ í Rómverjana, á þá leið, að það hefði komizt upp, að tveir ráðh. hefðu verið gripnir við að stela 180 millj. úr

þjóðarsjóðnum, hefðu verið „nappaðir“ og „settir inn“ og ákærðir, þá hefðu menn kannske farið að hugsa eitthvað ofur lítið um, hvað væri að gerast. Og ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, að menn geri sér ljóst, hvað það er, sem er að gerast í sambandi við Áburðarverksmiðju ríkisins. Það eru nú 10 ár síðan þetta frv. var samþykkt, og alltaf öðru hverju á þessum 10 árum hefur staðið hér á þinginu harðvítug deila um þetta mál, og nú hef ég fengið sönnunargögn fyrir því, að allt, sem ég hef varað við í þessum efnum, er nú þegar að koma í ljós.

Þetta frv. mitt gengur út á það að skera alveg úr um það, að áburðarverksmiðjan sé eign ríkisins, og fella niður 13. gr., sem fjallar um það, að þessi áburðarverksmiðja skuli rekin sem hlutafélag, eins og þar stendur. Allt frá því að farið var að hugsa til þess að koma upp áburðarverksmiðju á Íslandi, var eingöngu talað um það sem ríkiseign, og engum manni datt annað í hug en að ríkið ætti að eiga þessa verksmiðju. Hvaðan sú fluga er komin að láta sér detta það í hug, að þetta ætti að verða eign einstakra manna, skal ég ekkert fullyrða um, en ekki er mér grunlaust um, að þeir amerísku yfirdrottnarar yfir íslenzkum fjármálum og efnahagsmálum, sem fóru að seilast hér til valda fyrir rúmum 10 árum, hafi gert það að skilyrði í sambandi við lán, að e. t. v. yrði lögum breytt þannig á Alþ., að ríkisfyrirtæki væri gert, ef svo mætti verða, að einkafyrirtæki. Um það skal ég ekkert fullyrða, en svo mikið er víst, að á síðustu stundu við umr. þessa máls, eftir að það hafði verið afgr. héðan úr Nd. sem frv. um ótvíræða ríkisverksmiðju, þá var bætt á vordögunum 1949 við síðari umr. í Ed. inn ákvæði, sem nú er 13. gr., að það væri heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr., ekki þrátt fyrir ákvæði 3. gr., sem fjallar um eignina, að reka verksmiðjuna sem hlutafélag, ef ákveðið hlutafé fengist. Það var hv. 2. þm. Reykv. (BÓ), ef ég man rétt, sem kom með þessa brtt., — ef það er rangt, mun það verða leiðrétt, — og virtist vera á bak við tjöldin nokkuð gott samkomulag um það milli þeirra tveggja flokka, sem þá voru að búa sig undir að taka við og skipta hér til helminga, Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir samþ. þetta, en Sósfl. og Alþfl. hér í Nd. og Ed. voru á móti því.

Þetta var fyrsti þátturinn í samsærinu, að fyrirtæki, sem kom til að kosta 130 millj. kr., skyldi vera, að því er 13. gr. l. sagði, rekið sem hlutafélag og hlutafélagið skyldi hafa hlutafé að upphæð 10 millj. kr., ríkissjóður skyldi eiga 6 millj. kr. og einstaklingar eða önnur fyrirtæki skyldu eiga 4 millj. kr. Og það fór svo með þessar 4 millj. kr., að það urðu helmingaskipti um það, eins og víða tíðkaðist á þeim tímum. Sambandið fékk helminginn og — eins og Framsfl. mundi orða það núna — milljónamæringarnir í Reykjavík hinn helminginn. Það var bróðurlega skipt milli Sambandsins og milljónamæringanna.

Þetta var fyrsta atriðið í samsærinu, að lauma þessari 13. gr. inn undir þessu sakleysislega formi, að verksmiðjan skyldi rekin sem hlutafélag, sem að vísu fáir skildu nú í, því að lítið hjálpaði það til með rekstur á fyrirtæki, sem hlaut að koma til með að kosta sínar 100—130 millj. og þurfti náttúrlega mjög svo mikið rekstrarfé, hvort 10 millj. og þar af 4 millj. frá einstaklingum fengjust sem hlutafé eða ekki, ekki sízt ef mann fór nú kannske að gruna, að svo og svo mikið af þessu hlutafé væri beinlínis lánað af bönkum ríkisins til eins ákveðins fyrirtækis, svo að það gæti keypt hlutafé í þessu nýstofnaða hlutafélagi.

Á næstu þingum á eftir, þegar Sjálfstfl. og Framsfl. höfðu myndað ríkisstjórn, helmingaskiptastjórnina, gerðist það svo, að tveir af ráðh. Framsfl., þáv. landbrh., núv. hv. þm. Str. (HermJ), og þáv., — ja, ég þori ekki alveg að fullyrða, hvort það var menntmrh. eða fjmrh., Eysteinn Jónsson, núv. 1. þm. S-M., þeir gáfu þær yfirlýsingar hér á Alþ., að þeir litu svo á, að þessi verksmiðja væri eign hlutafélagsins. Ég mótmælti þessum yfirlýsingum þá hérna og lýsti því yfir, að þessar yfirlýsingar, sem þessir ráðh. gæfu, væru á þeirra persónulegu ábyrgð og hver sá skaði, sem þeir kynnu að baka ríkinu með þessum röngu túlkunum á lögum og yfirlýsingum úr ráðherrastóli, væri á þeirra persónulegu ábyrgð, svo fremi sem svo færi seinna, að við málaferli um eignina á þessari verksmiðju eða mat á þessum hlutabréfum væri vitnað til þeirra yfirlýsinga. Ég varaði þess vegna við þessum yfirlýsingum þá þegar og hvaða fjárhagslegar afleiðingar þær gætu haft fyrir ríkið. Og ég bar þá fram frv. til þess að taka af öll tvímæli um þetta og hef borið slík frv. fram oftar svipuð eins og þetta, sem nú liggur fyrir, þó ekki alveg nákvæmlega eins. Það hefur ætíð farið þannig með þau frv., að í fjhn. þessarar d. hefur Alþfl. staðið þar með þeim, og þegar fyrstu frv. mín komu þess efnis, var fulltrúi Alþfl. þar Stefán Jóhann Stefánsson, núv. sendiherra í Höfn, sem var forsrh. í þeirri ríkisstj., sem samþ. þessi lög upphaflega. Þannig er alveg ljóst, hvers konar skilning forsrh. í þeirri ríkisstj., sem samþ. þessi lög í maí 1949, hefur haft á þessu máli. Hann leit þannig á, að áburðarverksmiðjan væri ótvíræð eign ríkisins, og sömu afstöðu tók sá maður, sem síðar var fulltrúi Alþfl. í fjhn., þegar þessi mál komu seinna til meðferðar, sem er núv. hæstv. herra forseti Íslands, Ásgeir Ásgeirsson. Og ég lagði áherzlu á það í umr., sem hér fóru fram, að þannig stönguðust yfirlýsingar ráðh. Framsfl. annars vegar og afstaða forsrh. þeirrar stjórnar, sem samþ. lögin upphaflega, sá skilningur og sú afstaða, sem fram hafði komið hjá þeim, skilningurinn, sem þeir lögðu í lögin, og afstaða þeirra til 13. gr.

Það, sem svo gerist næst, annað stigið, eftir að þessar yfirlýsingar Framsóknarráðh. höfðu komið fram, — maður getur raunverulega sagt þriðja stigið, ef maður vildi taka lagabreytinguna um 13. gr. sem það fyrsta, yfirlýsingu Framsóknarráðh. sem annað, — og svo kemur þriðja tilraunin 1952. Þá eru helmingaskiptin í algleymingi, og þá er það mjög uppi að eiga að framfylgja þeirri stefnu, sem Sjálfstfl. lýsti yfir fyrir síðustu kosningar, að hann vildi stefna að á mörgum sviðum, sem sé að ná fyrirtækjum ríkisins úr eigu þjóðarinnar og gera þau að ein-

staklingsfyrirtækjum. Þá sameinuðust Framsfl. og Sjálfstfl. eða ríkisstj. þeirra um það að bera fram brtt. eða setja breytingu inn í lög, sem þá voru til meðferðar á þinginu, þar sem ákveðið var, að það skyldi heimila Framkvæmdabankanum, þegar hann var stofnaður, að selja hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni. Og á fundi með fjhn. Ed. 1952 var sá maður, sem varð síðar bankastjóri Framkvæmdabankans og þá var efnahagsmálaráðunautur helmingaskiptastjórnarinnar, Benjamín Eiríksson, að því spurður, hvort hann mundi þá nota þessa heimild og leggja til, að bankaráðið notaði hana, að selja þessi hlutabréf ríkisins upp á 6 millj. kr. einstaklingum, einkaaðilum. Eins og menn vita, var Framkvæmdabankinn samkvæmt hans starfsskrá alveg sérstaklega stofnaður til þess að hlynna að einkaaðilum og einkarekstri í landinu, og hann játaði því. Það vofði sem sé yfir þá og var till. þeirrar ríkisstj., sem Framsókn og Sjálfstfl. stóðu að, að þau hlutabréf, sem ríkið átti í áburðarverksmiðjunni, skyldu seld einstaklingum, og samkvæmt yfirlýstum skilningi Framsóknarráðherranna, Eysteins Jónssonar og Hermanns Jónassonar, hefði það þýtt, að eign ríkisins á áburðarverksmiðjunni var þar með fargað og eignarréttur ríkisins á áburðarverksmiðjunni seldur fyrir, — hvort það hefur nú verið nafnverð, þessar 6 millj., eða eitthvað annað, og umráðarétturinn að þeirra skilningi yfir áburðarverksmiðjunni hefði þá verið látinn fyrir 10 millj. kr. eða þar í kring úr höndum ríkisins í hendur einkaaðila. Þetta var yfirlýst stefna Sjálfstfl. og Framsfl. í helmingaskiptastjórninni 1952. Það tókst að hindra þetta þá, m. a. vegna þess, að það komst upp um þetta. Það sást til þeirra, eins og auglýst er stundum.

Þegar fjhn. Ed. var að fjalla um þetta og tilvonandi framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans, sem ekki var kannske fullkomlega ljóst, hvað þarna var að gerast, gaf þessar yfirlýsingar, þá var það alveg ótvírætt, hver afleiðingin hefði orðið, svo framarlega sem skilgreiningar þeirra ráðherra Framsfl. hefðu staðizt fyrir l. Það var allmikill hávaði út af þessari yfirlýsingu, út af þessari tilraun, því að það varð ekki litið á þetta sem annað en eins konar samsæri fjáraflamanna í þessum tveimur flokkum, Framsfl. og Sjálfstfl., að klófesta fyrirtæki, sem ríkið þá var að byggja fyrir 130 millj. kr. og skaffaði alla peninga til, klófesta þetta og ná því í einstakra manna eign. Og af því að ekki var mjög langt til kosninga þá, hrukku þessir flokkar við, þeir þorðu ekki að framfylgja þessum ákvæðum, og þeim var kippt út úr þeim lögum um Framkvæmdabankann, sem þarna var verið að fjalla um. Lögin voru nógu óvinsæl samt og sótt að hart á mörgum sviðum á móti ýmsum þeim ákvörðunum, sem þá var verið að gera, alls konar ráðstöfunum, þannig að henni þótti réttara að halda undan í þessum efnum og gefast upp við þetta. En það er vert, að menn muni þetta. Það er vert, að menn viti, að þetta var það, sem vofði yfir á tímabilinu 1949—1953. Fyrst er l. breytt, eins og ég hef sagt frá, síðan gefa ráðherrar Framsfl. þessar yfirlýsingar, sem eiga að hjálpa Sambandinu og milljónamæringunum í Reykjavík að stela, svo að maður noti ljótt orð, þessari verksmiðju úr eigu þjóðarinnar til þessara einkaaðila, sem aldrei höfðu gert neitt til þess að afla hennar raunverulega. Síðan gera þeir tilraunir til að selja meira að segja hlutabréf ríkisins þarna í, svo að það væri ótvírætt, að öll verksmiðjan yrði eign þessara einkaaðila, og þetta er gert á því tímabili, 1949—1953, sem Framsfl. hafði sérstaklega lýst yfir, þegar hann gekk til kosninganna 1949, að skyldi verða stríðstímabil á móti fjárplógsstarfseminni. Framsfl. hafði m. a. unnið kosningasigur hér í Reykjavík undir því kjörorði, að nú skyldu fjárplógsmenn og milljónamæringar Reykjavíkur fá að vita af Framsfl. Fjárplógsstarfseminni var sagt stríð á hendur af hálfu Framsfl., og svo byrjaði stríðið, og þetta var e t. v. greinilegasti sigurinn á fjárplógsmönnunum og fjárplógsstefnunni. Samband ísl. samvinnufélaga og útvaldir milljónamæringar í Reykjavík, sem gerðu helmingaskipti á milli sín um að ná til sín með ólöglegu móti, svo að ég aftur noti þingleg orð, upp undir helmingnum af eign í áburðarverksmiðjunni, samkvæmt yfirlýsingum Framsóknarráðherranna, og gerðu síðan tilraun til þess að klófesta hana alla 1952, urðu að hætta við það í miðju kafi, af því að það komst upp um þá, og hafa ekki síðan þorað að gera slíkt.

Árið 1955 bar ég svo fram eitt lagafrv. enn um þetta mál og reyndi að fá þetta fram. Það tókst ekki. Ég skal taka það fram í því sambandi, að þegar fjallað var um þetta mál þá, fyrir kosningarnar 1956, í fjhn. þessarar hv. d., stóð Alþfl. með því, eins og hann hefur alltaf gert, og fulltrúar Sjálfstfl. í n. tóku þá afstöðu, að þeir vildu mjög gjarnan taka þetta til athugunar, og virtust alls ekki andvígir því að gera þessa ráðstöfun. Fulltrúi Framsfl. hins vegar vildi láta Sambandið segja sitt orð um þetta eins og oftar, og varð ekki úr neinu samkomulagi við hann.

Allan tímann, sem vinstri stjórnin stóð, fékkst aldrei neinu hnikað í þessu máli. Ég flutti þetta mál enn fyrir kosningar 1958. Undirtektirnar hjá Alþfl. voru enn þær sömu. Hann stóð með þessu máli. Sjálfstfl. vildi ekki taka afstöðu á móti því, en ekki að svo stöddu afstöðu með því. Það var leitað umsagna, m. a. Sambands ísl. samvinnufélaga, og þá umsögn hef ég hér. Samband ísl. samvinnufélaga tók með bréfi, dags. 19. febr. 1959, afstöðu á móti því, að þessi breyting, sem ég lagði til, næði fram að ganga. Og það fékkst engin samþykkt um þetta mál á því þingi.

Hvað hefur þá gerzt síðan, eða hvaða upplýsingar hef ég fengið síðan? Ég hef fengið upplýsingar, sem ég að vísu veit ekki á þessari stundu, hvort ég má byggja á, en hæstv. ríkisstj. gæti máske upplýst, hvort réttar væru, og ég vil með þessari forsendu, að ég hef ekki gengið úr skugga um, að þær séu réttar, kasta hér fram. Ég hef heyrt, að í mati á hlutabréfum til stóreignaskatts hafi hlutabréf þeirra aðila, sem eiga hlutabréf í þessu rekstrarfélagi, Áburðarverksmiðjunni h/f, verið metin á sjöföldu verði. Ég held, að það sé rétt, að hluthafarnir í þessu félagi hafi aldrei fengið greiddan neinn arð. Þeir eiga samkv. l. að fá greidda, ef ég

man rétt, 6%. Allt að 6% er heimilt að greiða þeim á ári.

Þegar hlutabréf eru metin í rekstrarfélagi, er eðlilegt að meta hlutabréfin með hliðsjón af því, hvaða arð þau geta gefið af sér, og ef það er aðeins reksturinn, sem á að standa undir þessu mati á þessum hlutabréfum, nær engri átt að meta þau svona. Það virðist m. ö. o. vera, að þeir, sem meta þessi hlutabréf, ef þetta reynist rétt, meti þau ekki samkvæmt l. um áburðarverksmiðjuna, með hliðsjón af því, að þessi verksmiðja sé eign ríkisins og hlutabréfin aðeins hlutabréf í fyrirtæki, sem sér um að reka áburðarverksmiðjuna, en á hana ekki. Áburðarverksmiðjan hefur ekki gefið þann gróða, og það er ekki ætlazt til, að hún gefi þann gróða, að það væri hægt að fara að sjöfalda verðmæti hlutabréfanna í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjunni h/f frá því sjónarmiði.

Þarna virðist það liggja á bak við, að þeir menn, sem hafa metið þessi bréf, hafi gengið út frá því, að þessir hlutabréfaeigendur ættu áburðarverksmiðjuna, m. ö. o. gengið út frá yfirlýsingu Framsóknarráðherranna hér á Alþ. um þeirra skilning, að mínu áliti rangan skilning á lögunum. Ef svo væri litið á, að þetta hlutafélag ætti að eiga verksmiðjuna, þá er, eins og ég hef alltaf undirstrikað í sambandi við þessi frumvörp mín, vitað mál, að á 20 árum yrðu þessir menn búnir að eignast 40% af verðmæti áburðarverksmiðjunnar. Og þar sem nú eru liðin ein sex ár síðan áburðarverksmiðjan tók til starfa, þá væri, út frá þessu sjónarmiði, að þeir væru að eignast þetta, eðlilegt að meta þetta nokkru hærra. En ef þetta er rétt, þá eru hlutabréf upp á 4 millj. kr. að nafnverði, sem kannske að allmiklu leyti er lánað úr ríkisbönkunum til þess að kaupa þessi hlutabréf, — þá eru þau því orðin 28 millj. kr. virði núna. Þá er verið að gefa þessum hluthöfum tugmilljónir króna og búa sig undir að gefa þeim enn þá miklu meira, og þá er að koma á daginn það, sem ég varaði við hér fyrir tíu árum í þinginu, hvað þessar yfirlýsingar Framsóknarráðherranna gætu kostað þjóðfélagið. Þessi ranga túlkun þeirra á lögunum og túlkun manna, sem hafa þarna hagsmuna að gæta fyrir það fyrirtæki, sem er aðalbakhjarl þeirra flokks, Samband íslenzkra samvinnufélaga, þetta allt tekið saman, hvernig 13. gr. er smokkað þarna inn í eins og eins konar þjófalykli, yfirlýsingar Framsóknarráðherranna um, að þetta rekstrarhlutafélag eigi að eiga áburðarverksmiðjuna, og tilraunir síðan til þess að selja þetta allt saman úr eigu ríkisins og svo núna að lokum rangt mat á þessum hlutabréfum, — ef það er rétt hjá mér, sem ég hef heyrt og ég því miður hef ekki getað gengið úr skugga um, þá sjáum við, til hvers leikurinn er gerður.

Helmingaskiptin eru þá í góðu gildi enn í dag. Ef þetta reynist rétt, er búið að stela 24 millj. kr. Þá er verið að búa sig undir að koma þessu upp í líklega 80 millj., því að vart held ég, að 1969 eða 1973 verði áburðarverksmiðjan metin undir 200 millj. Þá sést, hvert þeir flokkar, sem að þessu hafa staðið, eru að stefna með þessu.

Ég býst við, að ef hv. 1. þm. S-M. (EystJ), sem hér ætti nú raunverulega að standa fyrir sínu máli, ef hann væri hér viðstaddur, af því að hann er nú ekki hvað sízt sá, sem ákærður er, þá mundi hann vera að spyrja mig, hvern fjandann ég væri eiginlega að skipta mér af þessu. Ekki hefði maður líklega eitt einasta atkvæði upp úr því að vera að flytja hér einhver frumvörp um áburðarverksmiðju, og hann hélt, að það væri yfirleitt ekki siður hjá alþm. að vera að flytja frumvörp, sem ekki væri mögguleiki að hafa einhver atkvæði upp úr. Ég veit, að það er rétt hjá honum, að vafalaust verður enginn einasti maður í landinu, sem greiðir atkvæði með manni vegna þess, að hann standi með því að reyna að hindra, að það sé verið að stela af ríkinu 200 millj. kr. En á meðan ég á hér sæti, fylgi þeirri stefnu, sem stefnir að því að gera stórfyrirtæki í þessu landi að eign þjóðarinnar, mun ég ekki horfa upp á það þegjandi, og þá fer maður að halda sömu ræðuna áratug eftir áratug, að þessum fjáraflaklóm, sem hér eru að verki, þessum tveimur helmingaskiptaflokkum, Sjálfstfl. og Framsfl., takist ekki að stela á þennan hátt eignum ríkisins og skipta þeim á milli sín, en það er það, sem er að gerast. Það er það, sem er að gerast með þessu móti, og ekkert annað. Og það er nauðsynlegt, ekki sízt þegar fer að koma fram í allríkum mæli sú tilhneiging að fara að taka þau fyrirtæki, sem eru í eigu hins opinbera, og selja þau ýmsum aðilum með vafasömum heimildum, og þegar Sjálfstfl. gefur sérstaka yfirlýsingu um það og ríkasti maður landsins, einn af hans frambjóðendum, gerir sérstaka kröfu um það í Morgunblaðinu, að nú sé farið að róa að því öllum árum að selja bæjartogarana, hraðfrystihús bæjanna og ríkisins og annað slíkt, þá er ekki nema rétt að vara við og minna á þær aðgerðir, sem verið er að fremja í sambandi við áburðarverksmiðjuna, ekki sízt þegar svona fréttir berast til eyrna manni eins og þessi, sem ég gat um og ég því miður hef ekki getað fengið staðfesta, um þetta sjöfalda mat á þessum hlutabréfum.

Frv. mitt gengur út á það, að 13. gr. sé felld niður. Þar með stendur þá ekkert annað eftir viðvíkjandi verksmiðjunni en hvernig 3. gr. ákveður hennar eign. Þar stendur: „Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. Verksmiðjuna má hvorki selja né veðsetja, nema heimild sé veitt til þess af Alþingi.“ Þá er þessi 3. gr. að öllu leyti óvefengjanleg. Ég álít, að hún sé óvefengjanleg eins og hún er núna þrátt fyrir 13. gr., vegna þess að í 13. gr. stendur aðeins, að verksmiðjan skuli rekin sem hlutafélag. En með því að fella 13. gr. niður er þetta gert þannig, að ekki einu sinni ráðherrar Framsfl. geta vitnað í neitt í þessum lögum til þess að koma þessari áburðarverksmiðju úr eigu ríkisins.

Hins vegar var mér bent á það í fjhn., að það mundi vera eðlilegt að gera þá breyt. á 4. gr. l., þar sem ákveðið er um stjórn verksmiðjunnar, að í staðinn fyrir, að hún væri skipuð þremur mönnum, þá skyldi hún skipuð fimm mönnum, eins og nú er samkvæmt 13. gr. Þess

vegna hef ég með 1. gr. lagt það til, að í stað orðsins „þremur“ komi þar: fimm, — og séu þeir þá kosnir eins og verið hefur með þá þrjá, sem ríkið hefur kosið með hlutfallskosningu í Sþ.

Það er rétt að minna á það um leið, að þegar kosið var í þessa áburðarverksmiðjustjórn 1954 af hálfu ríkisins og aths. var gerð við það, að þáverandi bankastjóri Landsbankans, Vilhjálmur Þór, var á einum þeim lista, sem fram kom til þeirra kosninga, en bankastjóra Landsbankans var — eins og er enn — bannað að taka þátt í stjórn atvinnufyrirtækja, þá gaf þáverandi hæstv. forseti sameinaðs þings, Jörundur Brynjólfsson, úrskurð, þar sem hann taldi það rétt, að þessi maður mætti vera í þessu embætti, með eftirfarandi rökstuðningi, sem ég vil — með leyfi hæstv. forseta — leyfa mér að lesa upp:

„Hér er um að ræða kjör af hálfu Alþingis til stjórnarstarfa í þessu fyrirtæki, áburðarverksmiðju ríkisins, og umboð þeirra manna, er Alþingi kýs, er veitt af hálfu Alþingis, þess opinbera, til þess að ráða af sinni hálfu þessari stofnun, og á því ekki skylt við einkaatvinnufyrirtæki, heldur er það fyrst og fremst til að ráða þessu opinbera fyrirtæki ríkisins, sem Alþingi með kosningu veitir umboð þeim mönnum, er til þess eru kjörnir.“

Með þessum rökstuðningi leyfði hæstv. forseti Sþ. sér að ákveða um kjör þessa bankastjóra Landsbankans, sem mátti ekki lögum samkvæmt taka stjórn í atvinnufyrirtækjum, að það væri leyfilegt að stilla honum upp og kjósa hann í stjórn áburðarverksmiðjunnar, eingöngu af því að forseti Sþ. úrskurðaði, að þetta væri fyrirtæki ríkisins, þannig að hann lýsti þar skoðun, sem var algerlega andstæð þeirri skoðun, sem ráðh. Framsfl. höfðu lýst.

Nú er mér hins vegar ljóst, sérstaklega eftir þær fréttir, ef sannar reynast, um matið á hlutabréfunum í Áburðarverksmiðjunni h/f, rekstrarfélaginu, að það muni geta orðið nokkrum örðugleikum bundið að fá þessa hluthafa til að láta af hendi skuldabréf sín með góðu móti á þann hátt, sem ég hef í þeim frv., sem ég hef flutt hér undanfarið, gert ráð fyrir, sem sé með því móti, að þeim væru bara greidd þau 6%, sem þeir mættu fá hæst lögum samkvæmt í arð af sínu hlutafé, og þar með leystir út. Ég er mjög hræddur um, eins og Framsfl. mundi núna segja í þeim stríðsham á móti fjárplógsstarfseminni, sem hann er í í svipinn undir kosningar, að þá mundu þeir segja, að hlutabréf þeirra væru þarna allmiklu meira virði, og skírskota til yfirlýsinga Framsóknarráðherranna og gera kröfu til þess, að samkvæmt stjórnarskránni um upptöku fjár, eignarnám, þá yrðu metin sérstaklega þeirra hlutabréf, og það gætu orðið mikil málaferli út af þessu. Ég hef aldrei viljað setja inn í þetta frv. neitt ákvæði um neina upptöku eigna eða neitt slíkt, vegna þess að ég hef aldrei gengið út frá því, að á bak við þessa eign hlutabréfanna stæði nein eign í áburðarverksmiðjunni, heldur væri þetta aðeins réttur til ágóða af rekstri, til hluttöku í gróða af rekstri. Úr þessu gætu þess vegna orðið mikil málaferli, ef ekki næðist samkomulag, og ég get að mörgu leyti vel skilið það, að þessir hluthafar, sem hafa fengið svona góðan stuðning fyrir sína fjárplógsstarfsemi frá ráðherrum Framsfl., mundu gera kröfu til þess að fá eitthvað meira fyrir sinn snúð en bara þessar 4 millj., sem þeir hafa lagt fram. Þess vegna hef ég sett það inn í 3. gr. þessa frv., að hlutabréfin, sem sé upp á þessar 4 millj., væri ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6%, en legg þó til um leið, að ríkisstj. sé gefin heimild til að greiða hærra verð, ef hluthafarnir krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, sem þingflokkarnir finna sér hver einn mann í, samþykkt það mótatkvæðalaust. M. ö. o.: ég legg til, að kosin sé sérstök þingnefnd eða útnefnd af þingflokkunum ríkisstj. til aðstoðar við samninga við þessa hluthafa, þannig að ríkisstj. megi, ef allir fulltrúar þingflokkanna fallast á það, greiða hluthöfunum hærra verð en nafnverð fyrir þessi hlutabréf. Þetta er höfuðbreytingin á mínu frv. frá því, sem hefur verið á undanförnum þingum. Af hverju geri ég þetta? Af því að ég sé, að ef sagan um þetta mat reynist rétt, þótt matið sé rangt, að það þarf að sjöfalda þessi hlutabréf að áliti ríkisskattanefndar eða skattstjóra eða hvaða aðilar það nú eru, sem meta svona, þá er strax verið að gera tilraun til að láta hlutabréf, sem að nafnverði eru 4 millj. kr., kosta 28 millj. kr. og þar með stefnt að því að láta þau kosta 80 millj. kr., sem sé að fléfletta almenning í landinu með þessu móti í helmingaskiptum á milli Framsfl. og Sjálfstfl. samkvæmt sérstökum yfirlýsingum ráðh. Framsfl.

Ég álít, að það þurfi að stöðva þessa starfsemi á því stigi, sem hún er nú. Mér er það ljóst, að því fleiri ár sem líða, því dýrara verður það. Hefði verið farið að mínum ráðum, strax og ég flutti þessi frv. hér, hefðu eigendur þessara hlutabréfa þakkað fyrir að fá sínar 4 millj. og sína vexti. Nú koma þeir til með að færa sig upp á skaftið. Þó vil ég heldur semja við þá nú, meira að segja þó að það færi upp í það að tvöfalda þeirra upphaflegu hlutabréfaeign, þótt þeir ættu að fá einhvers staðar á milli 6 og 8 millj. fyrir þetta, heldur en bíða, ef svona verður haldið áfram eins og nú er stefnt með þessu ósvífna tiltæki, sem þessir helmingaskiptaflokkar, Framsfl. og Sjálfstfl., hafa haft í frammi um þetta fyrirtæki ríkisins. Þess vegna vil ég gefa ríkisstj. heimild til þess að greiða hærra verð en þarna er tilgreint, að því tilskildu, að fulltrúaþing flokkanna fallist á þetta.

Ég vil alvarlega skírskota til hv. þm. þessarar d., — þessi d. hafði alltaf samþykkt áburðarverksmiðjuna, þegar lögin voru upphaflega samþykkt 1949, sem fyrirtæki ríkisins, og það var aðeins þegar þessari d. var stillt frammi fyrir gerðum hlut, að Ed. hafði breytt þessu á síðustu dögum þingsins 1949, fyrir kosningar, að fallizt var á þetta hér í flaustri af tveimur flokkum, Framsfl. og Sjálfstfl., — ég vil nú alvarlega skírskota til þm. þessarar hv. d. að sjá sig um hönd og breyta þeirri afstöðu hjá þeim þeirra, sem hafa verið mótfallnir því fram að þessu að gera þetta fyrirtæki, eitt stærsta fyrirtæki, sem þjóðfélagið á sem sameign, að ótvíræðri eign ríkisins.

Ég vil svo leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. sé málinu vísað til 2. umr. og hv. fjhn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Vegna þess að mér er persónulega vel við hv. 3. þm. Reykv. (EOl) og vegna þess að ég átti nokkurn þátt í því, að 13. gr. var sett inn í lög áburðarverksmiðjunnar, þykir mér ákaflega leiðinlegt, hversu langan tíma 13. gr. hefur truflað sálarlíf hv. þm. Ég get vel skilið, að hann standi hér upp með nokkrum þrautum eftir að hafa haldið sömu ræðuna eða svipaða ræðu á mörgum þingum. En ef hv. þm. vildi nú stytta ræðuna um örlítið brot á hverju þingi, þá skyldi ég ekki telja eftir mér að hlusta á rökin, sem hann hefur fram að bera fyrir máli sínu, sem ég því miður get ekki verið fylgjandi að neinu leyti.

Hann gat þess í upphafi ræðu sinnar, að 13. gr. eða heimildin til þess að reka verksmiðjuna sem hlutafélag og þar með gefa einstaklingum tækifæri til þess að eiga hlut í verksmiðjunni, muni hafa verið til komin vegna kröfu frá amerískum auðmönnum um það, að einstaklingar mættu eiga í verksmiðjunni eða leggja fé til hennar. Ég get skýrt hv. þm. hreinskilnislega frá því og vona, að hann taki það trúanlegt, að þegar ég bar fram þessa till. í samráði við þáv. landbrh., þá var hún ekki borin fram að neinu leyti að kröfu eða fyrir þrýsting frá amerískum auðmönnum, heldur af þeirri sannfæringu, sem kom í ljós við umr. um málið, að fyrirtækið mundi betur rekið, ef einstaklingar ættu hlut að máli, en ef verksmiðjan væri eingöngu ríkisfyrirtæki.

Um það getur varla verið nokkur deila, að ríkisverksmiðjan formlega muni vera eign hlutafélagsins. Mér skilst, að hv. flm. reisi sinn skilning á því, að í 13. gr. segir, að hún skuli þá rekin sem hlutafélag. Það má náttúrlega deila um þetta orðalag, hvort það á eingöngu að eiga við um reksturinn eða það, að verksmiðjan sé rekin sem hlutafélag og sé hlutafélag og þá að sjálfsögðu eign þeirra, sem hluti eiga, hvort sem það er ríkið eða einstaklingar.

Hann ræddi mikið um það, að komið hefði til mála á árunum 1950—53 að gefa heimild til þess að selja verksmiðjuna. Ég var þá í ríkisstj., og ég minnist ekki þess, að það hafi nokkurn tíma komið til mála, nokkurn tíma verið minnzt á að gera þær breytingar, að hægt væri að selja verksmiðjuna, t. d. af hvaða stjórn sem vildi slíkt vera láta, án þess að leita til þingsins með lagabreytingu. Ég álít, að ríkið eigi ekki að selja sinn hlut í verksmiðjunni, — ekki undir neinum kringumstæðum, — og ég álít, að ríkið eigi ekki að kaupa af einstaklingunum, sem eiga í verksmiðjunni. Það er mín skoðun.

Um þessa merkilegu frétt, er ræðumaður gat um, sem hann hafði þó ekki fengið staðfesta, um matið á bréfunum til stóreignaskatts, að bréfin hefðu verið metin sjöfalt, m. ö. o., að þarna væri búið að gefa hluthöfunum þegar 24 millj., þá vil ég segja, að þetta sjöfalda mat á hlutabréfunum er alveg út í hött og er hvorki fugl né fiskur, eins og hv. ræðumaður tók fram. Að sjálfsögðu á að meta bréfin eftir því, hvað þau gefa af sér. Bréf, sem aldrei gefur neinn arð, er ekki meira virði en nafnverð bréfsins, ef bréfið er þá seljanlegt á nafnverði. Þetta sjöfalda mat er því ekki annað en óréttmæt tilraun til þess að skattleggja þessa hluthafa. Þessir hluthafar hafa víst aldrei, eins og hv. ræðumaður tók fram, fengið eyrisvirði í arð af bréfunum, og ég skil ekki, að menn þurfi að öfunda þá af því að hafa lagt þarna inn 4 millj., en aldrei fengið eyrisvirði í vexti af fénu.

Ég held, að það sé almennt álitið, að einkafyrirtæki séu betur rekin en ríkisfyrirtæki. En þó ber nú svo jafnan við, að ríkisfyrirtæki lifa ágætu lífi, þótt þau séu illa rekin. En af hverju er það? Það er vegna þess, að þau lifa á einkaaðstöðu eða einokunaraðstöðu sinni í þjóðfélaginu og geta skammtað sjálfum sér þá álagningu, sem þau taka af þegnunum fyrir þá þjónustu, er þau veita.

Ef áburðarverksmiðju er illa stjórnað, þá hlýtur það að koma fram í hækkuðu verði til bændanna, sem áburðinn nota. En af því leiðir svo, að almenningur verður að súpa seyðið af þeirri hækkun í hækkuðu afurðaverði. Á þann hátt lendir óstjórn fyrirtækisins á almenningi með hækkuðu verði á þeim nauðsynjum, sem landbúnaðurinn framleiðir. Ég held, að það sé ekki annað vitað en þessum fyrirtækjum hafi verið vel stjórnað og sé vel stjórnað. Ég hef ekki heyrt minnzt á annað en ágætt samkomulag væri milli ríkisins og hinna hluthafanna. Tel ég það vel farið, og ég hygg, að einmitt sá hluti þjóðarinnar, sem kaupir framleiðslu verksmiðjunnar, beiti miklu minni tortryggni gagnvart því verði, sem hún setur á framleiðslu sína, einmitt vegna þess, hvernig stjórnin er skipuð og hvernig félagið eða verksmiðjan er skipuð. Það vill brenna við, að almenningur líti með talsverðri tortryggni á það verð, sem opinber fyrirtæki setja á sína þjónustu.

Hv. þm. leggur til, að 13. gr. sé felld niður. Það er út af fyrir sig. En ég get ekki séð, þó að 13. gr. væri felld niður á þann hátt, sem hann vill vera láta, að þar með sé hægt að taka hluti þeirra manna, sem eiga í félaginu. Það er að sjálfsögðu ekki hægt, því að þeir eiga þessa hluti með fullum rétti og mikið vafamál, hvort þingið gæti sett lög um að skylda þá til að selja. Ég er ekki trúaður á, að þingið fengist til þess að gera slíka ráðstöfun. Þetta frv. getur því ekki breytt neinu, ef hluthafarnir vilja ekki selja.

Frv. heimilar ríkisstj. að kaupa fyrir nafnverð plús 6%. Eru það 6% á ári, frá því að félagið var stofnað, eða eru það 6% í eitt skipti fyrir öll? Mér skildist hv. flm. minnast á, að það ætti að borga hlutaféð með 6%, en þá ætti það að vera fyrir allan þann tíma, sem mennirnir hafa átt hlutina og engan arð fengið af þeim. En svo kemur það, að ef þeir skyldu nú ekki vilja selja fyrir þetta verð, þá á ríkisstj. að vera heimilt að borga þeim hærra verð. Hvað má ríkisstj. fara hátt? Eða eiga þeir menn, sem á að kjósa í n. af þingflokkunum, að segja til um, hvað megi fara hátt í að borga fyrir hlutabréfin? En ef hluthafarnir skyldu nú ekki vilja selja, þá virðist vera unnið fyrir gíg að vera að samþ. þetta frv.

Aðalatriðið, sem fyrir hv. flm. vakir, er það, að einstaklingarnir, sem í félaginu eru, geti ekki undir neinum kringumstæðum hagnazt á því að hafa lagt peninga í fyrirtækið. En ég vil nú spyrja hv. þm.: Hvaða hætta er á því, að einstaklingarnir geti hagnazt á þessu? Ég get ekki séð, að nokkur leið sé fyrir þá að hagnast á þessu, nema Alþ. vilji breyta lögunum. Meðan lögin ákveða, að þeir skuli ekki fá nema 6% í arð, þá er hlutaféð ekki meira virði, meðan svo stendur. Ef svo stendur um allan aldur, að aldrei verði borgað nema 6%, þá er ekki hlutaféð, sem lagt er í verksmiðjuna, meira virði en nafnverð + 6% vextir á ári. Ég get ekki betur séð en það þurfi samþykki þingsins til þess að breyta þessu. En meðan það er ekki gert, hefur ríkið eða ríkisstj. í hendi sér allt ráð verksmiðjunnar. Ríkið hefur 60% af hlutafénu, og það hefur undanþágu frá ákvæðum hlutafélagalaganna, sem takmarka atkvæðisrétt, það er numið burt. Ríkið getur ráðið verksmiðjunni eins og það vill, og ríkið getur ráðið því — eða réttara sagt Alþ. getur ráðið því, að ekki fáist meira fyrir bréfin en þessi arðgreiðsla, 6%, gefur til kynna, ef engar breytingar eru gerðar frá því, sem nú er. Ég tel fyrir mitt leyti, að ríkið eigi alls ekki að selja sín bréf, eigi ekki að hafa leyfi til þess. Ég get ekki heldur betur séð en það sé með öllu óheimilt að selja bréf ríkisins nema með breyt. á lögunum. Þegar málið er athugað út frá þessum forsendum, get ég ekki betur séð en þetta frv. hv. flm., sem hann hefur nú flutt í nokkur ár á þinginu, sé gersamlega óþarft.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykv. (BÓ) er þessu máli mjög kunnugur, og mér skildist eiginlega á honum í ræðu hans áðan, að hann staðfesti þá upplýsingu mína, að þessi hlutabréf hefðu verið metin á sjöföldu verði. Var það ekki rétt? (Gripið fram í.) Ég hélt kannske, að hv. þm. vissi betur um þetta en ég. En við erum sammála um, — út frá ólíkum forsendum, — að ef svo væri, væri þetta rangt mat.

Hv. 2. þm. Reykv. minntist á, að það mundi ekki vera rétt hjá mér, að amerískir auðmenn hefðu komið því neitt nærri, að reynt væri að gera áburðarverksmiðjuna að hlutafélagi einstaklinga. Jæja, ef maður leggur saman tvo og tvo um þetta, fer maður kannske að komast nokkuð nærri því, að þeir amerísku bankar, sem hafi átt að veita lán til þeirra fyrirtækja, sem þarna var verið að hugsa um, hafi unnið að því á bak við tjöldin að reyna að fá slíkt í gegn. Ég býst við, að það sé viðurkennt, meira að segja af hv. 2. þm. Reykv., að þegar átti að lána til sementsverksmiðjunnar, var það gert að skilyrði af hálfu viðkomandi amerískra banka, að hún væri ekki ríkisfyrirtæki, heldur hlutafélag. Og það má sú stjórn eiga, sem þá sat að völdum og var sú stjórn, sem ég annars deildi mjög mikið á, stjórn Sjálfstfl. og Framsfl., að hún stóð á móti því og hún lét aldrei undan því. Sementsverksmiðjan er eign ríkisins enn í dag, og lögunum var aldrei breytt.

Það er þess vegna ekkert undarlegt, þó að sá grunur komi upp hjá manni, að voldugir aðilar vestan hafs, með góð sambönd hér heima, hafi litið það hýru auga, að reynt yrði að breyta áburðarverksmiðju ríkisins í hlutafélag einkaaðila. En á meðan hins vegar þeir ráðherrar, sem þá sátu að völdum, opna ekki munninn um þetta, getur maður engar sannanir fært.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um, að það mætti ekki selja hlutabréfin, sem ríkið ætti núna í áburðarverksmiðjunni, og vildi halda því fram, að það hefði aldrei verið reynt að selja þau, — vildi vefengja það, sem ég hélt fram viðvíkjandi því. Þegar frv. um Framkvæmdabanka Íslands var lagt fyrir Alþ., 72. löggjafarþing, 1952, 184. mál, af þáverandi ríkisstj. sem stjórnarfrv., stóð í 3. gr. þess frv.: „Ríkissjóður leggur Framkvæmdabankanum til stofnfé samtals að upphæð 101 milljón“ — og þar stendur svo undir í lið 2: „Eftirtalin hlutabréf: Í Áburðarverksmiðjunni h/f 6 millj. kr.“ Það stóð þá að vísu, að það mætti ekki selja þessi hlutabréf án samþykkis Alþ., en þetta átti að verða stofnhlutafé fyrir Framkvæmdabankann, og á fundi fjhn. Ed., þegar ýmsar spurningar voru þar lagðar fyrir, segir svo í álíti minni hluta fjhn., með leyfi hæstv. forseta, þ. e. á þskj. 543, 16. jan. 1953:

„Ein af þeim spurningum, sem n. lagði fyrir dr. Benjamin Eiríksson, var sú, hvaða tilgang það hefði, að ríkissjóður legði Framkvæmdabankanum til sem stofnfé hlutabréf sín í Áburðarverksmiðjunni, Raftækjaverksmiðjunni og Eimskipafélagi Íslands. Dr. Benjamin svaraði, að hann hugsaði sér, að hlutabréf þessi yrðu seld síðar.“

Það var alveg greinilegt, að hverju var stefnt þá. Það var tillaga þáverandi ríkisstj., sem hv. 2. þm. Reykv. mun hafa verið í, ef ég man rétt, — var það ekki rétt hjá mér? — að afhenda Framkvæmdabankanum sem stofnfé þessi hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni að upphæð 6 millj. kr. Það mun hafa verið hugmynd þess manns, sem var fyrirhugaður sem framkvæmdastjóri Framkvæmdabankans, dr. Benjamíns Eiríkssonar, að þessi hlutabréf yrðu seld síðar meir. Það var að vísu settur þá sá varnagli, að ekki mætti selja þetta án leyfis Alþ., hvorki selja þau né veðsetja, en svona litu alþm. þá á þessa grein, að þetta var fellt út úr lögunum. Í meðferð Alþ. var þetta ákvæði um að afhenda Framkvæmdabankanum hlutabréf ríkisins í áburðarverksmiðjunni sem stofnfé fellt út úr frv., í meðferðinni hér á Alþ., af því að mönnum þótti það ekki nægilega tryggt. Þannig hafa komið upp hugmyndir um að selja öll hlutabréfin í áburðarverksmiðjunni einmitt hjá þeim mönnum, sem þá voru tengiliðurinn á milli þeirra amerísku banka, sem réðu efnahagspólitík Íslands, og ríkisstj. Íslands þá, dr. Benjamíns Eiríkssonar, þess manns, sem var efnahagsmálaráðunautur þeirrar ríkisstj., þess manns, sem kom með gengislækkunarfrv. tilbúið hingað heim og lagði fyrir ríkisstj., hvernig það skyldi fara í gegn, þannig að einn ráðh. í þeirri stjórn sagði: Mér datt aldrei í hug, að þetta væri svona mikið. — Þannig er ekkert undarlegt, þó að maður sé dálítið tortrygginn.

Svo vildi nú hv. 2. þm. Reykv. reyna að lægja alla mína tortryggni og sefa allan minn kvíða, svo að ég þyrfti ekki að halda fleiri ræður um þetta, það væri engin hætta, ríkið ætti þarna meiri hlutann, meira að segja hann sjálfur, 2. þm. Reykv., eins mikið og hann væri með einkaframtakinu, áliti, að ríkið ætti ekki að selja þessar 6 millj. kr. Það væri alveg óhætt að láta þetta vera svona í næstu hundrað ár, bara láta ríkið eiga þessar 6 millj. og hina þessar 4. En hvað lengi heldur hv. 2. þm. Reykv., að Sambandið og þessir milljónamæringar í Reykjavík, svo að ég noti sérstaklega orðalag Framsfl., — hvað lengi heldur hann, að þeir sætti sig við það að eiga í fyrirtæki eftir þeirri skoðun, sem hann lýsir hér og Framsóknarráðh. hafa lýst, 80 millj. kr. eftir skulum við segja 10—14 ár, ef áburðarverksmiðjan væri fyrirtæki, sem jafngilti 200 millj. kr., — hún mun vera nærri því nú, — og allt þetta væri skoðað sem eitt, þá væri 4 millj. kr. eignin, 40% af eigninni, orðin 80 millj. kr., — hvað lengi heldur hann, að þessir hluthafar, sem ættu þarna 80 millj. kr., sættu sig við það að fara ekki að sjá eitthvað af þessum peningum? Og skyldi nú vera, að það kynni ekki einhvern tíma á komandi áratugum að verða hér ríkisstj., — kannske meira að segja eftir næstu kosningar, því að nú kvað Framsfl. allt í einu stríða á móti fjárplógsstarfseminni, — sem dytti í hug, að það væri alveg upplagt sem eitt í sambandi við lausnina á efnahagsvandamálunum að selja þessi hlutabréf ríkisins? Á stefnuskrá Sjálfstfl. er það núna að selja þessi fyrirtæki ríkisins. Og jafnvel þó að hv. 2. þm. Reykv. kynni að slást á móti því, ef hann yrði á þingi þá, sem er ekki víst, þá gætu verið hér miklu ríkari menn en hann og miklu harðvítugri í að sölsa undir sig eignir ríkisins, og þá kynni að vera, að hvorugur okkar gæti ráðið neitt um, hvað verður viðvíkjandi þessu í framtíðinni. Þess vegna er eina ráðið, ef við erum sammála um, að ríkið eigi að eiga þetta, að nota einmitt tækifærið nú í dag til að semja við þessa hluthafa, sem þarna eru. Ég hef satt að segja þá hugmynd, svo að ég noti orðalag Framsfl., að milljónamæringarnir í Reykjavík væru kannske ekki verstir viðureignar um þetta. Þetta eru iðnrekendur, sem eiga þarna í þessu 2 millj., þeir mundu jafnvel vera til í samninga um það. Þá skil ég ekki í öðru en þeir fengju Sambandið inn á það líka. Ég trúi því ekki, að Sambandið verði erfiðara viðureignar með að afhenda almenningi þetta fé, því að allt er nú Sambandið að gera fyrir almenning, svo að ég trúi nú ekki öðru en það næðist tiltölulega gott samkomulag. Þess vegna gerði ég líka þessa till., sem um getur í 3. gr., að gefa ríkisstj. þessa heimild og láta þingflokkana koma þarna að. Ég hef svo mikla trú á þegnskap og hollustu þessara aðila, sem eiga nú þessi hlutabréf upp á 4 millj. og sjá ekki enn sem komið er eyri af þeim, en fá þau metin svona hátt, — ég hef þá trú á því, að við getum samið við þá í dag. En með hverju árinu, sem líður, held ég að verði erfiðara að semja og dýrara fyrir þjóðina.

Því miður er enginn ráðherra Alþfl. hér staddur nú. Ég hef átt tal við þann ráðh., sem þetta mál heyrir undir, hæstv. menntmrh., um, að ég mundi ræða þetta mál í dag og biðja hann um að athuga fyrir sitt leyti, ef svo mætti verða, að þetta mál kæmi seinna til 2. umr. hér, hvers konar yfirlýsingu Alþýðuflokksstjórnin væri reiðubúin til að gefa í þessu máli. Alþfl. hefur alltaf tekið þá afstöðu um þetta mál eins og ég, að þessi verksmiðja sé eign ríkisins. Forsrh. þeirrar stjórnar, sem setti þessi lög, Stefán Jóh. Stefánsson, hefur sjálfur lýst því yfir. Núverandi forseti Íslands hefur sem fulltrúi Alþfl. í fjhn. tekið sömu afstöðu og ég, að 13. gr. merkti eingöngu, að þetta væri rekið sem hlutafélag og þetta væri eign ríkisins, þannig að þarna stangast alveg skilningur hinna ýmsu ráðh. á lögunum, og það væri gott, a. m. k. ef það ættu eftir að verða málaferli út af þessu, að það kæmu einmitt yfirlýsingar frá hæstv. núv. ráðh., sem þjóðin og þjóðfélagið gætu notað sínum réttindum til framdráttar. En einmitt þessi hæstv. ráðh. hefur fjarvistarleyfi í dag og er forfallaður, getur ekki mætt.

Þá spurði hv. 2. þm. Reykv., hvað ég meinti með 6%, hvort ég meinti, að það ætti að borga þeim 6% í eitt skipti fyrir öll. Það er alveg greinilegt í mínu frv. Það á að borga að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni frá því, að hlutabréfin voru keypt, og þeir eiga að fá sín 6%, eins og þeim er áskilið í lögunum að eigi að greiða þeim, og enn fremur megi greiða þeim til viðbótar, ef þeir vilja ekki láta bréfin fyrir þetta verð. M. ö. o.: 3. gr. fjallar um það, að ríkisstj. fær heimild með aðstoð nefndar, sem þingflokkarnir setja, með neitunarvaldi til að borga þeim hærra verð, að semja um hærra verð en nafnverðið plús 6% ársvexti fyrir þeirra hlutabréf.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um, að þessir hluthafar hefðu enga nauðsyn á að láta þessi bréf af hendi, þetta væri þeirra eign og verksmiðjan væri þeirra eign. Þar fer hv. 2. þm. Reykv. alveg með skakkt mál. Þessir hluthafar byggja þann rétt, sem þeir telja sig hafa, einvörðungu á þessari 13. gr. l. Um leið og þessi 13. gr. l. er felld úr gildi, standa þeir raunverulega uppi réttlausir. Þá er Áburðarverksmiðjan h/f ekki lengur til. Það er hlutafélag, sem rekur áburðarverksmiðjuna, og það er fjarri því, að þeir eigi hana. Það er greinilega tekið fram í l., alveg ótvírætt, að hún sé sjálfseignarstofnun, m. ö. o. eign ríkisins, þannig að þessum hluthöfum mundi, ef þeir athuguðu sinn gang í dag, vafalaust þykja eðlilegt að semja við ríkið, reyna að fá eitthvað fyrir sinn snúð, en hætta sér ekki út í nein löng málaferli út af þessu, því að valdið í þessum efnum er algerlega Alþingis. Þótt þessir hluthafar færu í mál, ef þessi till. mín er samþ., geta þeir átt langa lengi í því máli við ríkið, og það er ómögulegt að segja, hvernig það kynni að fara. Mitt álit er, að þeir mundu fara raunverulega illa út úr því. Þeir mundu að vísu reyna að hanga í yfirlýsingunni, sem ráðherrar Framsfl. hafa gefið. En við þær vitlausu yfirlýsingar mundu stangast réttari yfirlýsingar frá ráðherrum Alþfl. og frá núverandi forseta landsins og lögin sjálf, þannig að ég

held, að það mundi alls ekki vera uppi sá gállinn á þessum hluthöfum að ætla að fara í margra ára málaferli við ríkið, ef búið væri að samþykkja að fella 13. gr. niður, því að þá bara svífa þeir í lausu lofti. Þá hafa þeir engan grundvöll til þess að ganga á, enga jörð undir fótum. Ég held þess vegna, að það rétta í þessu máli nú væri að samþykkja þetta frv., láta það ekki bíða. — Þetta hefur þegar beðið of lengi, og því lengur sem það er látið bíða, því dýrara verður það því miður ríkinu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. lengur, nema út af því, sem hv. flm. sagði nú síðast, að væri 13. gr. numin burt, þá væri þar með ekkert hlutafélag lengur, skildist mér.

Við erum að vísu hvorugur lögfræðingur, en ég held, að það sé mjög vafasöm skýring hjá honum, að með niðurfellingu 13. gr. muni hlutafélagið af sjálfu sér verða leyst upp. Ég held, að eitthvað þurfi fleira að koma til í því efni.

Hann vildi enn tortryggja eða efast um það, sem ég sagði um, að það hefði verið krafa frá amerískum auðmönnum, sem lá bak við brtt. við 13. gr. Ég get ekki gert annað en sagt honum satt, eftir því sem ég veit bezt, hann ræður, hvort hann trúir því. Hitt er svo annað mál, að það er rétt, sem hann sagði, og það er kannske á því, sem hann byggir staðhæfingu sína, að við þær umr., sem fóru fram um lán til sementsverksmiðjunnar, var sú ósk sett fram af hálfu væntanlegra lánveitenda, að einstaklingar ættu einhvern hlut að félaginu. En ástæðan fyrir því, að lánveitendur leggja fram slíka ósk, er auðvitað sú, að þeir treysta betur því félagi, sem er að einhverju leyti rekið af einstaklingum, en því félagi, sem að öllu leyti er rekið af ríkinu, og telja, að sá lántakandi, sem þannig er, sé betri lántakandi og traustari en hinn, vegna þess að fyrirtækið verður betur rekið. Það er ástæðan, en ekki nein pólitísk brögð til þess að vinna á móti stefnu hv. 3. þm. Reykv., að enginn megi eiga neitt nema ríkið. Það er bara vantraustið á rekstri ríkisrekinna fyrirtækja.

Hann gat um það, að talað hefði verið um að afhenda hlutabréf verksmiðjunnar sem stofnfé til Framkvæmdabankans. Ég man ekki eftir því, eins og ég tók fram áðan, að það hafi nokkurn tíma komið til tals í ríkisstj. 1950—53, að slíkt yrði gert. Ég skal ekki segja, hvort einstakir ráðh. hafi talað um það sín á milli, að slíkt væri æskilegt, en ég man ekki eftir, að ég hafi nokkurn tíma orðið var við slíkar umr.

Hann sagði, að þetta væri eina ráðið til þess að gera það öruggt, að ríkið ætti verksmiðjuna. Ég hygg, að ekkert sé til, sem er öruggt í þessu efni. Lögum má breyta. Lög má einnig afnema. Einnig má samþ. ný lög. Og þó að eitt sé í lögum í dag, þá getur það orðið numið úr lögum eftir eitt eða tvö ár. Það er allt undir því komið, hvernig straumar tímans breytast. Ég sé þess vegna ekki, ef hann ætlar sér að tryggja eignarrétt ríkisins á áburðarverksmiðjunni, annað en hann neyðist til þess að koma því inn í stjórnarskrána, að áburðarverksmiðju ríkisins megi ekki selja.

Umr. frestað.

Á 16. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til frh. 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

Þingsályktunartillaga samþykkt.

Stjórnarskrárnefnd.

Á 3. fundi í Ed., 27. júlí, var útbýtt:
Till. til þál. um stjórnarskrárnefnd [5. mál] (A. 5).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Ed., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 14 shlj. atkv.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Þegar frv. til breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands liggja fyrir Alþingi, er venja að kjósa sérstaka stjórnarskrárnefnd í báðum deildum þingsins til að fjalla um þau frv. Sá háttur var í samræmi við venju einnig hafður í vor, þegar samþ. var á Alþ. breyt. á stjórnarskránni. Það frv. hefur nú af hæstv. ríkisstj. verið lagt að nýju fyrir Alþingi, og er sjálfsagt að hafa hinn sama hátt á. Hv. Nd., sem fékk stjórnarskrárfrv. til meðferðar fyrst, hefur kosið stjórnarskrárnefnd, og til þess að nefndirnar geti þegar á þessu stigi átt þess kost að starfa saman, þá er þessi till. á þskj. 5 flutt um, að þessi hv. d. álykti að kjósa nú sjö manna stjórnarskrárnefnd. Ef þessi háttur væri ekki á hafður, þyrfti að bíða með kosningu n., þangað til málið kæmi hingað frá hv. Nd.

Hæstv. ríkisstj. hefur einnig lagt fyrir þetta þing frv. til laga um kosningar til Alþ., sem felur í sér þær breyt. á kosningalögunum, sem munu leiða af samþykkt stjórnarskrárfrv. Er eðlilegt, að stjórnarskrárnefndirnar fái einnig það mál til meðferðar.

Við flm. leggjum til, að þessi till. sé samþ., og óskum þess, að kosning stjórnarskrárn. gæti, ef till. verður samþ., farið fram nú í dag.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég skal ekki hafa á móti því, að það sé kosin sérstök stjórnarskrárnefnd núna í hv. d., og sá háttur mun áður hafa verið hafður á, að kosin hefur verið sérstök stjórnarskrárnefnd, þegar það mál hefur legið fyrir þinginu, og í síðari deild áður en málinu var þar formlega vísað til n. Ég ætlaði að rannsaka þetta nánar, en var truflaður við það, svo að það varð ekki af því. En það man ég, að árið, sem lýðveldið var stofnað, var sá háttur hafður á, að kosin var svo kölluð skilnaðarnefnd 12 manna og stillt svo til, að það voru 7 menn í henni úr Nd. og 5 menn úr Ed., og síðan voru sömu menn kosnir í stjskrn. d. En það var þessi lýðveldisnefnd, sem kosin var í Sþ., sem fjallaði aðallega um stjórnarskrármálið.

En út af því, sem hv. aðalflm. þessarar till. sagði og liggur í augum uppi, að aðaltilgangurinn með því að fara að kjósa nú stjskrn. er sá, að n. vinni saman, sú n., sem hér er lagt til að kjósa, vinni með stjskrn. hv. Nd., þá er það að athuga, að ég sé ekki, að þingsköp geri ráð fyrir, að slíkt geti orðið á formlegan hátt. Hér stendur í 16. gr. þingskapa:

„Til fastanefnda getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir d. eru lögð og þörf þykir, að nefnd íhugi, og skal þá að jafnaði vísa hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman."

Svo stendur hér í næstu málsgr.: „Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga sérstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara". Hér er ekkert nefnt um það, að lausanefndir geti unnið saman.

Þetta er nú e. t. v. ekki svo þýðingarmikið atriði í sjálfu sér, því þó að n. vinni saman, gæti það ekki verið beinlínis á formlegan hátt, því að vitanlega yrði málinu vísað til stjskrn. hér, þegar stjórnarskrárfrv. kemur hingað. Og þýðingu hefur þetta ekki að því er stjórnarskrármálið snertir, því að því er marglýst yfir af forsvarsmönnum mikils meiri hluta Alþingis, að stjórnarskrárfrv. verði samþykkt óbreytt, og það mun ekki þurfa mikillar athugunar við í nefndum.

En öðru máli gegnir um kosningalögin aftur á móti. Ég hef lítillega farið yfir þau, og mér sýnist frv. munu þurfa mjög mikillar athugunar við og vera vandasamt að fjalla um það og afgreiða það, svo að vel fari. Nú er það tilgangurinn með því að skipta þinginu í deildir, að fram fari tvisvar sinnum sérstök athugun hvers máls, það er tilgangurinn. Og með því að þessar nefndir vinni saman algerlega, virðist tilgangurinn vera sá, sem kemur í bága við deildaskipunina, að það fari fram ein athugun

á málinu. Ég vildi því nú þegar undir umræðunni um þessa þáltill. láta það álit í ljós, að jafnvel þó að nú verði kosin stjórnarskrárnefnd, taki hún sjálfstæða afstöðu til kosningalagafrv. og bindi sig ekki við það endilega, hvað skeður í hv. stjskrn. Nd. Ég get vel hugsað það, að það veiti ekkert af, að kosningalagafrv. fari í gegnum tvo hreinsunarelda.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Í 16. gr. stjórnarskrárinnar segir svo:

„Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að íhuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara."

Undir þetta ákvæði falla þær stjórnarskrárnefndir, sem kosnar hafa verið, bæði nú í hv. Nd. og áður á þingi, þegar stjórnarskrárbreytingar hafa verið á döfinni.

Það er svo að segja um vinnubrögðin, að vitaskuld er málinu eða frv. formlega vísað til stjskrn. í hvorri deild um sig. Þegar frv. eða frumvörpin, sem hér er um að ræða, stjórnarskrárbreytingin og kosningalögin, koma til þessarar deildar, geng ég að sjálfsögðu út frá því, að þeim verði vísað til stjskrn. þessarar d. og hún afgreiði málin frá sér með venjulegum þinglegum hætti. Ástæðan til þess, að farið er fram á, að n. sé kosin nú þegar, er sú, og það er réttilega fram tekið af hv. 1. þm. Eyf. (BSt), að það er fyrst og fremst kosningalagafrv., sem hér er um að ræða. Það þarf allmikillar athugunar við að sjálfsögðu, og kosning stjskrn. nú yrði til þess að hraða meðferð málsins og þar með stytta þingtímann, ef n. beggja deilda gætu unnið saman að þessari athugun.

Það var gefið í skyn í ræðu hv. 1. þm. Eyf., að þetta væri ekki alls kostar í samræmi við ákvæði stjórnarskrár og þingskapa um deildaskiptinguna. *Þetta ætla ég að sé á nokkrum misskilningi byggt*, því að það er löng þingvenja, að um ýmis meiri háttar mál vinna samkynja nefndir beggja deilda saman. Það er bæði til þess að hraða málum og jafnvel til þess að fá betri upplýsingar og fleiri sjónarmið komi til greina. Og sérstaklega vil ég minna á það, að hv. 1. þm. Eyf. var á síðasta kjörtímabili formaður fjhn. þessarar hv. d., og undir hans forustu kom það iðulega fyrir, að fjhn. beggja d. athuguðu í sameiningu ýmis hin meiri háttar mál, sérstaklega þó t. d. frv. 1958 um efnahagsráðstafanir, frv. ríkisstj., og oftar hefur það komið fyrir undir hans forustu, svo að þetta er ekkert nýmæli. En til að fyrirbyggja misskilning, þá vil ég sem sagt taka það skýrt fram, að vitanlega er til þess ætlazt, þó að n. þannig vinni saman að athugun mála, að frv. fái formlega afgreiðslu n. í þessari hv. deild.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég held, að það sé í fyrsta skipti, síðan ég kom á Alþingi, að talað er um að kjósa nefnd í mál, áður en málið er komið til d. Það er ekki einu sinni búið formlega að útbýta öðru málinu, kosningafrv., öðru hefur verið útbýtt í Sþ. og hinu útbýtt í Nd., en hefur ekki enn verið útbýtt í þessari d. En það á að kjósa n. í málið í þessari d., áður en d. er búin að fá það til meðferðar. Ég held, að það hafi aldrei komið fyrir áður, a. m. k. síðan ég kom á þing, að það hafi verið gert nema kannske einu sinni. Þetta á að vera gert til þess að hraða þessum málum. Ég skal þess vegna ekki leggja mig á móti því. Það má náttúrlega alltaf skapa nýjar þingvenjur. Ef maður á von á einhverju máli inn í Alþ. einhvern tíma á þingtímanum, má kannske kjósa n. strax annan daginn, sem þingið situr, ef maður á von á, að málið komi einhvern tíma seinna, áður en það kemur einu sinni fyrir viðkomandi deild. Það er það, sem hér er verið að gera. En ég mótmæli því, að það sé ekki skipuð nefnd hér í kosningalagafrv., sem athugað verði gaumgæfilega, því þó að það sé byggt upp og samið af 3 hæstaréttardómurum, ef ég man rétt, sem mig minnir, að hæstv. ráðh. segði í Nd., þá er það svo illa undirbúið, að það nær engri átt að leggja það inn í Alþ. eins og það er. Það þarf að gera við það óteljandi brtt., leiðrétta það og yfirvega, og skilst mér, að þær brtt., sem þurfi að gera við það, séu minnst 36—40, bæði að efni til og formi, og að ætla sér að fleygja svoleiðis undirbúnu frv. inn í eina sameiginlega nefnd beggja deilda, það nær engri átt. Til þess eru þingsköpin að tryggja, að hvert mál komi til beggja deilda og sé í báðum deildum athugað af nefnd, að það er ætlazt til þess, að þá fái málin betri athugun. Og þegar maður hefur mál eins og þetta, sem er í sjálfu sér dálítið vandasamt, ekki svo mjög mikið, en dálítið, en er undirbúið eins laklega og hér er gert, er ég algerlega á móti því, að það sé höfð samvinna í n. til að athuga það mál, í stað þess að það fái þinglega meðferð í báðum deildum, — algerlega á móti því. Mig hefði langað til að fá að vita hjá hæstv. forseta, hvenær hefur yfirleitt verið tekinn upp sá siður í Alþ. og við hvað það styðst í þingsköpum *að setja nefndir í mál, sem ekki eru* komin inn í d., en búizt við að komi einhvern tíma.

Forseti (EggÞ): Ég vil í tilefni af þessum orðum síðasta ræðumanns taka það fram, að ég skírskota aðeins til þess, sem sagt hefur verið í framsögu fyrir málinu, en svo vill nú til, að ég er einn af flm. málsins. Að öðru leyti man ég ekki svo gjörla þingsöguna í einstökum atriðum, að ég geti nú þegar frætt hv. þm. í þessum efnum, sem setið hefur hér mun lengur en ég.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. — Það er rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það hefur komið fyrir, að nefnd, sem ég hef verið form. í, hefur unnið með samkynja nefnd úr hv. Nd. að rannsókn og athugun mála. En þetta hafa verið fastanefndir. Hv. þm. mun aðallega hafa átt við fjhn., sem ég hef í mörg ár verið form. í, og þingsköpin gera ráð fyrir því um fastanefndir. Ef þær vinna saman, er það samvinnunefnd. En þingsköpin gera ekki ráð fyrir þessu um lausanefndir, og stjskrn. hlýtur að skoðast lausanefnd. Það er ekkert nefnt um það. Samt held ég, að það sé nú svo, — og það segi ég út af því, sem hv. 1. þm. N-M. sagði, — að a. m. k. 1944, þegar undirbúningur

lýðveldisins fór fram hér á Alþ., þá skýrði ég nokkuð frá því áðan, hvernig því var hagað til. Það var kosin 12 manna skilnaðarnefnd, eins og ég sagði, í Sþ. Formlega átti hún að fjalla aðeins um yfirlýsingu um það, að Ísland skildi við Danmörku, en í reyndinni fjallaði hún um lýðveldisstjórnarskrána, og þeir menn, sem voru kosnir í skilnaðarnefndina, voru síðar kosnir í stjskrn. deildanna. Hvort sú n. var kosin formlega hér í Ed., áður en málið kom hingað, skal ég ekki fullyrða um, en þó hygg ég, að svo hafi verið, að það hafi verið gert. En að vísu stóð alveg sérstaklega á þá. Annars er ég fyrir mitt leyti ekkert að hafa á móti því, að þessi nefnd sé kosin nú og hún fari að athuga kosningalögin. En það er hitt, sem ég vildi leggja áherzlu á og lagði áherzlu á, að hún athugaði málið sjálfstætt, sér, fyrir þessa hv. d. og léti sér ekki á allan hátt nægja sameiginlega athugun í báðum n., og það er líka samkvæmt venju, sem hér hefur verið. Hv. 6. þm. Reykv., sem einmitt hefur verið með mér í fjhn. þessarar d. í mörg ár, veit það, að þó að við höfum unnið með fjhn. hv. Nd. að máli, sem hefur legið fyrir Nd., höfum við tekið málið fyrir sérstaklega á fundum, eftir að því var til okkar vísað, og ég vona og legg áherzlu á það, að sá háttur verði hér á hafður, að þessi n., sem stendur til að kjósa, athugi kosningalögin mjög rækilega, hvað sem líður sameiginlegri athugun. Eins og hv. 1. þm. N-M. sagði, eru þar fjöldamörg atriði, sem a. m. k. orka mjög tvímælis.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. Það er að vísu tekið fram í 16. gr. þingskapa um fastanefndir, að þegar þær vinni saman, kallist þær samvinnunefndir. Sams konar ákvæði er ekki um lausanefndir. En ég tel enga heimild til þess að álykta á þann veg, að af þessu leiði, að lausanefndum sé óheimilt að vinna eða tala saman í þingi. Ég held, að þessar n. ráði því sjálfar og það fari eftir samkomulagi þeirra, hvort þær vilja vinna eingöngu hvor í sínu lagi eða einnig sameiginlega.

Vitanlega verða vinnubrögðin þau, eins og hv. 1. þm. Eyf. gat um varðandi störf fjhn. þessarar hv. d., að þó að n. starfi saman að þessari athugun, munu þær auðvitað hvor um sig sjálfstætt athuga frv. og skila sérstöku áliti, og ég held, að það sé engin ástæða til að óttast, að þessi hv. d. eða stjskrn. hennar tapi nokkru af sjálfstæði sínu, þó að hún sé kosin nú, í stað þess að kjósa hana þegar frv. kemur formlega til deildarinnar: En ég ætla, að með þessum hætti verði málin ekki verr athuguð, heldur fái betri og gagngerari athugun en ella.

Röksemdafærslu hv. 1. þm. N-M. skil ég ekki fyllilega. Hann heldur því fram, að kosningalagafrv., sem hann telur ákaflega illa undirbúið af hálfu hæstaréttardómaranna,— og efast ég ekki um það, að hæstaréttardómarar þekkja heldur meira inn á kosningalögin en hv. 1. þm. N-M., — fái þá miklu lélegri athugun og meðferð í þinginu. Eins og ég tók fram áðan, mun hvor nefnd að sjálfsögðu athuga málið sjálfstætt, en ég fæ ekki skilið, að það spilli neitt málsmeðferðinni, þó að n. tali einnig saman og fari sameiginlega yfir frv. Það gæti þá aðeins verið út frá því sjónarmiði, að hv. 1. þm. N-M. vilji taka sér í munn orð Ólafs þá, að þeim mun verr gefist heimskra manna ráð sem fleiri komi saman. En að mínu áliti á það spakmæli alls ekki við um allan þorra þingmanna.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 11:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 8).

Forseti (EggÞ): Samkvæmt þeirri ákvörðun, sem nú hefur verið tekin, ber að kjósa sjö manna nefnd til þess að athuga fram komið frv. til stjórnskipunarlaga um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands og frv. til laga um kosningar til Alþingis. Ég vil biðja um lista.

Nefndarkosning.

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmargir menn og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti *forseti* yfir, að kjörnir væru án atkvgr.:
Gunnar Thoroddsen (A),
Karl Kristjánsson (B),
Sigurður Bjarnason (A),
Gísli Jónsson (A),
Hermann Jónasson (B),
Eggert G. Þorsteinsson (A),
Björn Jónsson (A).

Á 5. fundi í Ed., 7. ágúst, áður en gengið væri til dagskrár, mælti

forseti (EggÞ): Á fundi þessarar þd. 27. júlí s. l. gerði hv. 1. þm. N-M (PZ) þá fyrirspurn til mín, hvort þess mundi nokkurt fordæmi, að n. hefði verið kosin í stjórnarskrármálum, áður en slík mál væru komin til d., en þá var hér til umr. till. um kosningu stjórnarskrárnefndar. Ég átti þess ekki kost þá að svara þessari fyrirspurn, en hef hins vegar aflað mér upplýsinga um þetta mál nú, og fara niðurstöður hér á eftir:

Á Alþingi 1919 var á 1. fundi Sþ., 1. júlí, útbýtt frv. til stjórnarskrár konungsríkisins Íslands. 1. umr. í Nd. um frv. fór fram 7. júlí, og á 3. fundi í Ed. var sama dag, 7. júlí, útbýtt till. til þál. um skipun n. til að íhuga stjórnarskrármálið. Flm.: Eggert Pálsson, Guðmundur Ólafsson og Magnús Torfason. Þáltill. var síðan samþ. og n. kosin. Stjskrn. Ed. gekk síðan í samvinnunefnd með stjskrn. Nd. til athugunar á stjórnarskrárfrv., og n. skiluðu sameiginlegu áliti til Nd. 25. ágúst. Málið kom síðan til Ed. 2. sept. Því var ekki vísað til n. þar, en einn nm. hafði framsögu um málið í d. Taka skal fram, að ákvæði þingskapa um lausanefndir hefur ekki verið breytt, síðan þetta gerðist.

Á aukaþinginu 1933 var á 1. fundi Nd., 3. nóv., útbýtt frv. til stjórnskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920. Í lok 1. umr. um frv. í Nd., 7. nóv., var kosin stjskrn. til að fjalla um frv. Á 4. fundi

í Ed., 9. nóv., var útbýtt till. til þál. um skipun stjskrn. Flm.: Jón Þorláksson, Einar Árnason og Jón Baldvinsson. Till. var samþ. og n. kosin sama dag. Frv. um stjórnarskrárbreytingu kom til Ed. 14. nóv., og því var vísað til n. 16. nóv., en ekki er bókað um störf n. fyrir þann tíma nema um kosningu formanns og fundaskrifara.

Á sumarþinginu 1942 var hafður á annar háttur um afgreiðslu stjórnarskrárbreytingar. Frv. um breytta kjördæmaskipun fékk venjulega afgreiðslu í Nd., en Einar Árnason, 2. þm. Eyf., óskaði eftir skjótri afgreiðslu þess í Ed. og fór það nefndarlaust gegnum deildina. Um frv. til laga um kosningar til Alþingis var þá fjallað í allshn. deildarinnar.

Á Alþingi 1944 var á 2. fundi Sþ., 12. jan., útbýtt frá Nd. frv. til stjórnskipunarlaga um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Á 4. fundi Sþ., 14. jan., var útbýtt frá Ed. till. til þál. um skipun stjskrn. Flm.: Bjarni Benediktsson, Jónas Jónsson, Brynjólfur Bjarnason og Hermann Jónasson. Till. var tekin til 1. umr. 18. jan., samþykkt og n. kosin sama dag. 1. umr. um stjskrfrv. í Nd. fór fram 17. jan., og þann dag var kosin sérstök n. í þeirri d. til að athuga málið. Stjskrn. unnu síðan saman að athugun stjskrfrv. og skiluðu sameiginlegu nál. til Nd. 22. febr. Málið kom síðan til Ed. 25. febr. Því var ekki vísað til n. þar, en einn nm. hafði framsögu um málið í d. Taka má fram, að sömu þm. og kosnir höfðu verið í stjórnarskrárnefndir deildanna voru síðar, þann 20. jan., kosnir í skilnaðarnefnd, lausanefnd í Sþ.

Eins og ég sagði í upphafi, taldi ég nauðsynlegt, að þessar upplýsingar væru gefnar, þar sem ákveðið var eftir þeim óskað.

Ég vil nú taka fram vegna fjarvistar hv. 1. þm. N-M., að ég hafði sýnt honum þessar niðurstöður og hann hafði haft tækifæri til að kynna sér þær.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Byggingarsjóður ríkisins.

Á 1. fundi í Sþ., 22. júlí, var útbýtt:
Till. til þál. um ráðstafanir til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð ríkisins [2. mál] (A. 2).

Á 4. fundi í Sþ., 28. júlí, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 5. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Hæstv. forseti. Þessi till., sem hér liggur fyrir, er þess eðlis, að um hana þarf ekki langa framsögu. Málið, sem hún fjallar um, er öllum þm. kunnugt og sömuleiðis nauðsyn á ráðstöfunum, sem þar er gert ráð fyrir, að gerðar verði.

Þörfin fyrir aukið fjármagn byggingarsjóðs er öllum kunnug. Það munu nú liggja fyrir eitthvað 200 umsóknir um íbúðalán, sem ekki hefur verið hægt að fullnægja nema þá að mjög takmörkuðu leyti, og það er mjög nauðsynlegt, að úr þessu verði bætt.

Tilgangurinn með starfsemi byggingarsjóðs er, eins og kunnugt er, að styðja efnalítið fólk til að eignast sínar eigin íbúðir, hjálpa mönnum þannig til sjálfsbjargar, og það er áreiðanlega hin rétta stefna af hálfu þess opinbera að styðja slíka viðleitni.

Samkvæmt athugunum, sem gerðar hafa verið, er nú fjármagnsþörf byggingarsjóðs mjög mikil, áætlað í ársbyrjun 1959, að þá þyrfti einar 170 millj. í sjóðinn, til þess að hægt yrði að fullnægja þeim lánsbeiðnum, sem þá lágu fyrir, og síðan hefur sennilega lánsþörfin frekar aukizt en hið gagnstæða. Í þeim till., sem hér liggja fyrir, er hvergi nærri gert ráð fyrir því að fullnægja allri þessari þörf, heldur aðeins að mjög takmörkuðu leyti, og þetta er gert vegna þess, að ég hef talið líklegra til samkomulags að ganga ekki mjög langt í þessum efnum, heldur fyrst og fremst miðað við þær till., sem hafa verið gerðar um þetta mál í húsnæðismálastjórn og fulltrúar allra flokka þar hafa orðið sammála um. Þrátt fyrir það, þótt samkomulag hafi nú orðið um þessar tillögur í húsnæðismálastjórninni, hafa þær enn þá ekki verið framkvæmdar, og þess vegna hygg ég, að það mundi verða stuðningur bæði fyrir húsnæðismálastjórnina og ríkisstj. að fá þessa ályktun eða samþykkt húsnæðismálastjórnar áréttaða hér. Og til þess að vekja ekki ágreining um málið, sem gæti orðið til þess að tefja fyrir afgreiðslu þess hér, hef ég eingöngu tekið upp þá liði úr samþykkt húsnæðismálastjórnar, sem fulltrúar allra flokka þar voru sammála um. Af þeim ástæðum treysti ég því, að þetta mál fái góðar undirtektir hér í þinginu og skjóta afgreiðslu, en það er till. mín, að umr. um till. verði frestað og málinu vísað til allshn. til nánari athugunar.

Þorvaldur G. Kristjánsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu alveg rétt, sem hv. flm. sagði hér áðan, að það væri mikil ástæða til þess að afla byggingarsjóði aukins fjár. Ég hygg, að það sé enginn ágreiningur um það. En þegar athuguð er sú till., sem hér liggur fyrir, og athugaðar eru þær leiðir, sem þar er gert ráð fyrir til þess að vinna að þessu marki, leyfi ég mér að efast um, að þar sé bent á leiðir, sem eru sérstaklega raunhæfar í þessu sambandi, og ég tel, að það sé ekki ástæða til þess að gera minna úr þeim vandkvæðum, sem eru á því að leysa þetta mál, en rétt er. Ég tel, að það sé alveg rétt að gera sér grein fyrir þeim erfiðleikum, sem á því eru, og að gera sér grein fyrir því, að í þessum till. er ekki bent, að mínu viti, á leiðir, sem hafa raunhæfa þýðingu, a. m. k. ekki án þess að gerðar séu víðtækar ráðstafanir að öðru leyti.

Ég vil þannig benda á, að í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er bent á leiðir til þess að efla byggingarsjóðinn í fimm liðum. Fyrsti liðurinn gerir ráð fyrir því, að ríkisstj. sé falið að hlutast til um, að veðdeild Landsbankans gefi út vísitölutryggð bankavaxtabréf fyrir a. m. k. 20 millj. kr. Þetta lítur vel út á pappírnum, ef það þyrfti ekki að gera annað en gefa út þessi bréf. Sannleikurinn er að sjálfsögðu sá, að það hefur verið prentað nú þegar og er til prentað nægilega mikið af þessum vísitölubréfum. Það eru engin vandræði í sam-

bandi við útgáfuna út af fyrir sig, en vandkvæðin eru þau, að það er ekki hægt að selja þessi bréf á frjálsum markaði, og ég hygg, að það sé ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, að þessi till. hv. flm. er algerlega óraunhæf, meðan ástandið er þannig.

Þá er 2. tölul. þessarar till. á þá leið, að ríkisstj. hlutist til um, að bankarnir kaupi A-flokksbréf fyrir a. m. k. 20 millj. kr. á árinu 1959. Það má segja, að það sé svipað ástatt hvað snertir þennan tölulið eins og fyrsta tölulið-inn. Það er svipað ástatt að því leyti, að eins og málum er nú háttað, er hvort tveggja álíka óraunhæft. Það er fullkunnugt, að bankarnir hafa ekki talið sér fært að kaupa þessi bréf á þessu ári, og raunar hefur stöðugt dregið úr kaupum bankanna á þessum bréfum, frá því að almenna veðlánakerfið var sett á stofn árið 1955. Fyrst eftir að almenna veðlánakerfið var sett á stofn, keyptu bankarnir slík bréf samkvæmt ákveðnu samkomulagi, þannig að það munaði verulega um það, en það var mögulegt vegna þess, að á þeim tíma var um að ræða mjög mikla aukningu á spariinnlánum í bönkunum. Á þeim tíma, sem liðið hefur síðan, hefur það verið að smábreytast, svo sem kunnugt er, þannig að það hefur raskazt að verulegu leyti sá grundvöllur, sem almenna veðlánakerfið var byggt á og tekjuöflun til byggingarsjóðsins. Ég hygg, að það hafi verið gert allt, sem hefur staðið í valdi ríkisstj., til þess að fá fjármagn hjá bönkunum í þessu skyni, en það hefur ekki tekizt og það hefur ekki verið hægt af þessum ástæðum. Ég sé ekki, að þessu verði breytt með einfaldri samþykkt þessarar þáltill.

Þá er 3. tölul. þessarar till. um það, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að atvinnuleysistryggingasjóður kaupi A-flokksbréf fyrir allt að 10 millj. kr. eða veiti samningsbundið lán til skemmri tíma. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef, virðist mér, að þessi leið sé ekki raunhæf fyrir tekjuöflun til byggingarsjóðs nú á næstunni. Það er talað um í grg. með þessari till., að hún sé miðuð við það, að gerðar séu ráðstafanir fljótlega til þess að bæta úr fjárskortinum. Ég held, að það sé ekki hægt að gera það, þó að þessi till. yrði samþ., hvað snertir atvinnuleysistryggingasjóðinn, hreinlega vegna þess, að þar er ekki fyrir fé eins og stendur til ráðstöfunar í þessu skyni. Mér skilst, að því fjármagni, sem hefur verið til ráðstöfunar eða verður til ráðstöfunar á þessu ári, sé þegar ráðstafað í aðrar þarfir.

Þá er 4. tölul., sem er á þá leið, að ríkisstj. sé falið að beita sér fyrir því, að Tryggingastofnun ríkisins, Brunabótafélag Íslands og önnur tryggingafélög kaupi á þessu ári A-flokksbréf fyrir allt að 10 millj. kr. Um þetta atriði er það að segja, að Tryggingastofnunin hefur á undanförnum árum lagt fram í þessu skyni eða keypt þessi bankavaxtabréf, að svo miklu leyti sem fært hefur verið talið, og það sama hefur átt sér stað á þessu ári. Ég hygg því, að hér sé ekki bent á sérlega raunhæfa leið í þessu máli, Þá er hér enn fremur talað um Brunabótafélag Íslands. Ég held, að það sé algerlega út í loftið að benda á þann aðila í þessu sambandi, þótt ekki væri nema af þeirri ástæðu, að samkv. lögum um Brunabótafélag Íslands er það tilgangur félagsins m. a. að lána fé til vatnsveitna, hitaveitna og sjóveitna, eftir því sem ástæður félagsins leyfa. Ég hygg, að Brunabótafélagið hafi ekki fullnægt eftirspurn eftir þeim lánum, sem tilgangur félagsins er að veita, hvað þá heldur að það hafi aðstöðu til þess að gera meira.

Þá er að lokum 5. liður þessarar till. Hann er á þá leið, að ríkisstj. sé falið að vinna að því, að hinir ýmsu sparisjóðir kaupi A-flokksbréf fyrir a. m. k. 5 millj. kr. árið 1959. Hér er í rauninni það sama að segja og ég hef sagt áður í sambandi við Tryggingastofnun ríkisins. Þessir aðilar hafa á undanförnum árum lagt fram fé í þessu skyni, eftir því sem þeir hafa talið sér fært, og það er engin ástæða til að ætla, að það hafi ekki verið fullur vilji hjá þessum aðilum til þess að gera sitt bezta í þessu efni.

Nei, mér virðist, eftir að hafa athugað þessa till., að þá sé hún því miður ekki sérlega vænleg til þess að ráða bót, þó að ekki sé nema til bráðabirgða, á þeim mikla vanda, sem hér er við að etja.

Eins og ég sagði áðan, þá hlýtur okkur öllum að koma saman um, að það er ákaflega mikil þörf á því að gera ráðstafanir til þess að efla byggingarsjóðinn. En þær ráðstafanir, eins og ég tók fram áðan, eru þó ekki þess eðlis, að þær nái ekki út yfir víðara svið en það að setja fyrirmæli um beina tekjuöflun í sjóðinn. Það, sem er aðalatriðið í því sambandi, er, að skapað sé í landinu það ástand, að það fáist grundvöllur fyrir þá tekjuöflun. Eins og ég sagði áðan, var sá grundvöllur, þegar almenna veðlánakerfið var stofnað, hin aukna sparifjármyndun í landinu. Til þess að ráða einhverja verulega bót á þessum vanda verður þess vegna að koma efnahagsmálunum, efnahagskerfinu í það ástand, að sparifjármyndun leyfi tekjuöflun fyrir byggingarsjóðinn í eins ríkum mæli og nauðsynlegt er. En það er annað mál og miklu viðtækara og svo viðtækt, að ég ætla ekki að fara út í það hér í þessum orðum, sem ég mæli nú. Margt kemur að sjálfsögðu til athugunar og til greina í því sambandi. Það er m. a. spurningin um það, hvað fjárfestingin á að vera mikil og hvort fjárfestingin sé of mikil. Því dettur mér þetta í hug, vegna þess að í grg. með þessari till. er tekið alveg sérstaklega fram, að það séu ekki þau rök nú gegn framlögum til eflingar byggingarsjóðnum, að þau verði til þess að auka verðbólguna, því að, eins og segir í grg., fátt eða ekkert sé mikilvægara í baráttunni við hana en draga úr húsnæðisskortinum og koma framboði og eftirspurn eftir húsnæði í eðlilegt horf. Hér er komið fram með kenningu, sem vægast sagt er út frá almennum forsendum nokkuð vafasöm. En það bregður ákaflega kynlega við, að þetta skuli koma í grg. hjá flm. þessarar till., vegna þess að menn eru ekki búnir að gleyma því, að fyrir nokkrum árum var haldið uppi miklum áróðri af hálfu Framsfl. og í höfuðmálgagni hans, Tímanum, blaði hv. flm., að það væri sérstakur voði, sem stafaði af því, að fjárfestingin væri of mikil. Þetta var sérstaklega tekið fram í stjórnmálayfirlýsingu Framsfl. á

árinu 1956, og þetta virtist vera ein af forsendunum fyrir því, að Framsfl. rauf samstarfið við Sjálfstfl. á því ári. Og það, sem átt var við með þessu tali, var, að það væri of mikið byggt af íbúðum í landinu. Þá stóðu málin þannig, að af því stóð sérstök hætta fyrir verðbólguna. Nú segir ritstjóri þessa sama blaðs, hv. flm. þessarar till., að nú sé ekki hægt að færa þessi rök gegn framlögum til byggingarsjóðs. Ég bendi aðeins á þetta til þess að sýna fram á, hvert samræmi er hér á milli.

Enn fremur er sagt í grg., að ef menn vilji hamla gegn verðbólgunni með einhverjum samdrætti, verði hann að eiga sér stað á öðrum sviðum, t. d. með minnkuðum innflutningi miður nauðsynlegra vara. Hér er líka komið með kenningu, sem frá almennu sjónarmiði er vægast sagt vafasöm. En hún er meira en vafasöm, ef ætti að leggja til grundvallar henni stefnu og verk Framsfl., flokks hv. flm. Í grg. segir hv. flm., að hægt sé að hamla gegn verðbólgunni með því að minnka innflutninginn. En í framkvæmd hefur það verið þannig, að Framsfl. hefur allajafna ekki haft raunhæfari ráð til þess að berjast gegn verðbólgunni en að afla ríkissjóði tekna af innflutningi og miður nauðsynlegum innflutningi til þess að greiða niður vísitöluna. Og þetta gerði þessi flokkur eða ríkisstj. undir forustu þessa flokks með þeim árangri, að útgjöld úr ríkissjóði til niðurgreiðslu vísitölunnar hækkuðu í tíð vinstri stjórnarinnar um 100%.

Ég bendi á þetta til þess að sýna fram á, að það mál, sem hér er hreyft, er miklu viðtækara en gert er ráð fyrir í till. þeirri, sem hér liggur fyrir. Það þarf að gera miklu meira og aðra hluti en þar er lagt til. Það kann að vera, að undir vissum kringumstæðum geti það, sem hér er lagt til, verið raunhæft. En undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi, hygg ég, að það sé ekki. Og ég held, að það sé óhætt að fullyrða það, að þessar till., þótt samþykktar yrðu, kæmu ekki að neinum notum fyrir þann tíma, sem gert er ráð fyrir í grg. flm., eða áður en haustþingið kemur saman. En þótt svo sé, er hér hreyft ákaflega þýðingarmiklu máli, og það verður þó a. m. k. til þess að vekja athygli okkar á því og minna okkur á það, hversu þessi mál eru öll þýðingarmikil.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það kom mér nú satt að segja ekki neitt á óvart, þó að úrtölur gegn þessari till. kæmu fram frá þeim flokki, sem hv. síðasti ræðumaður fylgir, því að það hefur verið hlutverk hans frá fyrstu tíð að vera með úrtölur í sambandi við mál sem þessi.

Þegar Framsfl. fyrst hreyfði því hér á þingi fyrir rúmum 30 árum, að veitt yrðu lán til bygginga í sveitum landsins, risu forustumenn Sjálfstfl. upp í þinginu og sögðu, að með þeirri starfsemi, sem hér væri rætt um að byrja á, væri stefnt að því að gera bændur landsins að ölmusulýð. Þegar svo nokkru seinna forustumenn Alþfl. fluttu till. um það í þinginu að koma á löggjöf um verkamannabústaði, risu hér upp talsmenn Sjálfstfl. og héldu fram þeirri skoðun, að hið bezta, sem hægt væri að gera í byggingamálum kaupstaðanna, væri, að hið opinbera gerði ekki neitt. Þetta hefur raunverulega alltaf verið stefna Sjálfstfl. í þessum málum, þó að hann hafi stundum drattazt til þess að styðja aðra flokka til að gera ýmsar framkvæmdir í þessum efnum, eins og á árunum 1950—56, þegar Framsfl. fór með félagsmálin og byggingamálin og kom því til leiðar, að hafizt var handa um ýmsar merkilegar ráðstafanir til þess að styðja að auknum íbúðabyggingum alþýðu manna í bæjunum. Sjálfstfl. drattaðist með til þess að styðja þetta, en gerði það samt ekki með neitt glöðu geði. Og það kemur líka fram strax núna, þegar hann er kominn í stjórnaraðstöðu síðan um áramótin, að þá er dregið úr þessari starfsemi frá því, sem verið hefur. Og núna sendir hann einn af talsmönnum sínum fram til þess að mæla gegn því, að þær ráðstafanir verði gerðar, sem fjallað er um í þeirri till., sem hér liggur fyrir og byggð er á samþykkt húsnæðismálastjórnar.

Vitanlega er það alveg rétt hjá hv. þm. V-Ísf., að allar till. eru óraunhæfar, þegar viljann vantar til þess að framkvæma þær. Og það gildir náttúrlega um þessa till. eins og aðrar, að þegar vantar vilja af hálfu stjórnarvaldanna til þess að framkvæma það, sem gera þarf, eru till. óraunhæfar að því leyti. En hitt er alveg víst, að þessar till. eru vel framkvæmanlegar og raunhæfar, ef það er vilji fyrir hendi hjá stjórnarvöldunum til þess að standa að framkvæmd þeirra. Þennan vilja vantar hins vegar hér.

Það hefur alls ekki verið farið út á þá braut að prófa það, hvort hægt væri að selja vísitölubréf byggingarsjóðs hér á markaðinum að undanförnu. Það hafa engin slík bréf verið til á markaðinum og engar auglýsingar verið hafðar í frammi í sambandi við sölu á þeim. Það var hins vegar reynt fyrir nokkrum missirum að selja slík bréf, og það tókst sæmilega þá. Hins vegar hefur ekki verið reynt neitt að ráði að tryggja slíka sölu að undanförnu, og það er vegna þess, að það vantar vilja stjórnarvaldanna og vilja bankanna til þess að vinna að því, að slík bréf séu seld.

Það er ekki heldur óraunhæft, að bankarnir kaupi A-bréf af byggingarsjóði fyrir 20 millj. kr. Ég held, að samkvæmt opinberri skýrslu, sem nú liggi fyrir, nemi útlán bankanna eitthvað á fjórða milljarð kr. Það er því alveg víst, að ef nokkur vilji væri til þess hjá bönkunum og stjórnarvöldunum að verja 20 millj. kr. í það að kaupa bréf af byggingarsjóði, þá er náttúrlega mjög auðvelt að draga einhvers staðar úr þessari miklu veltu og fá peninga til þess að kaupa þessi bréf og styrkja þar með þessa starfsemi. Það, sem vantar hér, er ekkert annað en vilji bankanna og vilji stjórnarvaldanna.

Í sambandi við þetta vil ég segja það, að ég álít, að það sé verkefni ríkisstjórnar og Alþingis að móta stefnu bankanna, en ekki bankanna sjálfra. Bankarnir eiga að vera þjónar ríkisvaldsins, en ekki húsbændur, og ef það er einhver þrjózka í bönkunum að framkvæma þá stefnu, sem Alþ. og ríkisstj. mælir fyrir um að framkvæmd sé, eiga stjórnarvöldin að taka í taumana og láta bankana hlýða þeim fyrirmælum,

sem þau gefa þeim. Þess vegna er ég fullviss um það, að ef slík till. eins og þessi verður samþ. hér á þingi og fylgt sæmilega fram af ríkisstj., þá muni bankarnir láta undan síga og kaupa bréfin fyrir þessar 20 millj. og kannske fyrir stærri upphæð.

Hvað snertir atvinnuleysistryggingasjóðinn, liggur það í augum uppi, að eigi sá sjóður að hafa nokkra lánastarfsemi með höndum, sem hann vafalaust gerir og ætlar sér að gera, á hann ekki að lána til neinna hluta frekar en til byggingarsjóðsins, vegna þess að þeir, sem njóta lána úr byggingarsjóðnum, eru fyrst og fremst efnalitlir launamenn bæjanna. Hvaða menn á atvinnuleysistryggingasjóðurinn frekar að styrkja með lánastarfsemi en þessa aðila? Ég sé það ekki. Það væri þess vegna undarlegt, ef það væri sótt sæmilega ákveðið við stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs að lána eitthvað af fjármagni sínu til þessarar starfsemi, að hún segði nei við því. Það væri mjög einkennileg og undarleg framkoma.

Af öllu þessu er það ljóst um þær till., sem hér liggja fyrir og eru komnar frá húsnæðismálastjórn, að það er auðvelt að framkvæma þær, ef ekki vantaði vilja stjórnarvaldanna til þess. Ef þær eru óraunhæfar, er það eingöngu vegna þess, að það vantar viljann til þess að framkvæma þær, en ekki af neinum ástæðum öðrum.

Þessi till. er flutt til þess að lýsa þeim vilja Alþ., að það vilji, að þessar till. húsnæðismálastjórnar séu framkvæmdar, og leggi þannig að ríkisstj. og bönkunum að sjá um það, að þær verði framkvæmdar. Ég trúi því ekki, ef þessar till. yrðu samþ. hér á þingi, að þessir aðilar mundu ekki framkvæma það, sem hér er talað um.

Þá skildist mér á hv. þm., að hann teldi þessar till. vafasamar vegna þess, að þær mundu verða til þess að auka óhæfilega fjárfestinguna í landinu. Ég skal ekki fara að ræða það atriði sérstaklega hér, hvort fjárfestingin sé of mikil í landinu eða of lítil. Ég er helzt þeirrar skoðunar, að það hafi verið gert allt of mikið úr því, að fjárfestingin hafi haft áhrif á það að auka verðbólguna hér á landi, heldur reki hún rætur til allt annarra orsaka en þess, að framfarirnar og framkvæmdirnar hafi verið of miklar. En ég skal ekki ræða um það í þessu sambandi. Hitt vil ég segja, að ef fara á inn á þá braut að takmarka fjárfestingu í landinu, verður það að gerast á öðrum sviðum en þeim að draga úr þeirri starfsemi, að efnalítið fólk geti eignazt sínar eigin íbúðir. Það er fjárfesting, sem á að hafa forgangsrétt, og þess vegna eiga þær röksemdir alls ekki við í sambandi við þetta mál, að það eigi ekki að efla byggingarsjóðinn, vegna þess að það geti orðið til þess að gera fjárfestinguna óeðlilega mikla í landinu. Þvert á móti, eins og bent er á í grg. og hv. þm. V-Ísf. minntist á, á einmitt að efla þessa starfsemi, vegna þess að auknar byggingar á hæfilega stórum íbúðum, eins og hér er rætt um, verða til þess að draga úr húsnæðisskortinum, og það er kannske ekkert áhrifameira til að vinna gegn verðbólgunni í landinu en einmitt það að draga úr húsnæðisskortinum.

Það, sem ég vildi svo segja að lokum, er þetta: Til þess að framkvæma þessar till. vantar fyrst og fremst vilja viðkomandi aðila. Ef Alþingi lýsir yfir stuðningi sínum við þessar ályktanir húsnæðismálastjórnar, sem fulltrúar allra flokka þar standa að, þá hjálpar það til þess að setja pressu á þá aðila, sem hafa þrjózkazt við að framkvæma það, sem hér er rætt um, og stuðlar þess vegna að því, að sjóðurinn fái það fjármagn, sem hér er um rætt, en fullnægir þó ekki nema lítillega þörfum hans nú til bráðabirgða. Hins vegar er þörf á því, að þetta þing geri eitthvað í þessum málum, vegna þess að það er þannig ástatt um fjöldamargt þess fólks, sem sótt hefur um lán við byggingarsjóðinn, að það þolir ekki lengri bið. Margt af þessu fólki þarf að komast í íbúðirnar, jafnvel þó að þær séu ekki fullgerðar. Um annað er þannig ástatt, að það getur misst þessar íbúðir sínar, ef það fær ekki hjálp mjög fljótlega. Þess vegna má það ekki dragast að gera nú þegar ráðstafanir til þess að bjarga því fólki, sem versta á aðstöðuna. Þess vegna þarf þetta þing að gera sérstakar ráðstafanir í þessu máli, en láta það ekki dragast fram á haustþingið og fram yfir kosningar, enda er erfitt að treysta á, hvað muni verða gert þá, þegar kosningar eru um garð gengnar.

Hitt kann svo vel að vera, eins og ég minnist líka á í grg., að það geti komið til greina fleiri leiðir en þær, sem hér er rætt um, til fjáröflunar fyrir byggingarsjóð, og eins og í grg. segir, þá er ég alveg fús til samvinnu um það, — og það gildir áreiðanlega um allan minn flokk, — að athuga aðrar leiðir, sem til greina geta komið í þessum efnum og náð geta þeim tilgangi, sem till. fjallar um. En það, sem ber að leggja áherzlu á fyrst og fremst, er það, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til þess að auka fjármagn byggingarsjóðsins og til þess að hjálpa þeim, sem nú eru í mestum vanda í sambandi við sín byggingarmál.

Jóhann Hafstein: Herra forseti. Ég get ekki stillt mig um að leggja dálítið orð í belg í sambandi við þær umr., sem hér fara fram, og einhverjum hefði vissulega þótt það tímanna tákn, að það ætti eftir að verða fyrsta mál hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) hér á Alþ. að flytja till. um eflingu byggingarsjóðs, eftir þá hörmungarsögu Framsfl. og fulltrúa hans bæði hér á Alþingi og í bæjarstjórn höfuðstaðarins einmitt í þessu máli, sem fyrir liggur. Og ég held, að það sé alveg rétt fyrir hv. 7. þm. Reykv. að gera sér ljóst í upphafi, að því mun ekki verða tekið með neitt sérstaklega mikilli hrifningu af þm., þegar hann ætlar að fara að fræða þá á Tímavísu um pólitíska sögu mála eins og byggingarmálanna og annarra. Honum er náttúrlega ekki of gott að koma hér og þylja upp gömul ranghermi og ósannindi úr Tímanum um afstöðu flokka til mála, jafnvel 20 og 30 ára gamalla, en þm. gera ekki annað en brosa að slíkum tiltektum.

Þessi hv. þm. kemur og segir, að það hafi verið hlutverk Sjálfstfl. frá fyrstu tíð að vera með úrtölur í málum eins og byggingarmálum. Þó hygg ég, að það sé leitun á því, ekki aðeins

hér á landi, heldur jafnvel þó að farið sé í önnur lönd, að önnur eins átök hafi verið gerð í byggingarmálum og fyrir almenning og gerð hafa verið einmitt hér á Íslandi og sérstaklega í höfuðstað landsins undir forustu Sjálfstfl. Þessu taka allir menn eftir og er það fyrsta, sem útlendingar, sem hingað koma, reka augun í. Þessi hv. þm. kemur hér og er starblindur og talar um, að það hafi verið hlutverk þessa flokks frá fyrstu tíð að vera með úrtölur í slíkum málum eins og þessum. Menn eru ekki hissa á því hér í höfuðstaðnum, hversu lítið hefur verið byggt. Það er ekki það, sem vekur undrun manna, þegar menn koma hingað og kynnast aðstöðunni í Reykjavík. Nei, það er það, hversu gífurlegt átak hefur verið gert, einmitt undir forustu sjálfstæðismanna bæði fyrr og síðar. Og það er alveg rétt, sem hv. þm. V-Ísf. (ÞK) sagði, að það var það, sem m. a. var haldið fram af fulltrúum Framsfl., að hefði legið til grundvallar fyrir stjórnarslitunum 1956. Æ ofan í æ er þessi hv. 7. þm. Reykv. búinn að halda því fram í sínu málgagni, Tímanum, og fulltrúar Framsfl. hér á þingi, að ein höfuðorsökin til þess, að slitnaði upp úr stjórnarsamstarfinu við sjálfstæðismenn, væri það, að þeir hefðu viljað gefa frjálsa fjárfestinguna til íbúðabygginga, sem þó var ekki gefin frjáls nema til hæfilegra íbúðabygginga og einmitt sérstaklega miðað við það, að menn kæmu upp eigin íbúðum.

Þetta hefur klingt við hér í þingsölunum fyrr og síðar, og svo kemur þessi hv. þm., 7. þm. Reykv., nú og segir, að það sé dæmalaus vitleysa og það séu engin rök, að framlög til byggingarframkvæmda verði til þess að auka verðbólguna, þegar sé of mikil fjárfesting. Það kann að vera, að þetta sé nokkuð rétt hjá honum í grg., en þetta er bara allt annað en hefur alltaf staðið í hans eigin blaði og alltaf hefur verið haldið hér fram af fulltrúum Framsfl. á mörgum undanförnum árum.

Ég hygg, að byggingarmálum sveitanna hafi ekki verið gert betra en með þeirri löggjöf, sem sett var á sínum tíma í tíð nýsköpunarstjórnarinnar og ævinlega hefur verið studd síðan af hálfu sjálfstæðismanna varðandi byggingarsjóð sveitanna. Pétur Ottesen hafði forgöngu um það á sínum tíma, þáv. þm. Borgf., þegar hann var hér, að helmingurinn af mótvirðissjóðnum skyldi fara til Búnaðarbankans til þess að efla byggingarsjóð ásamt ræktunarsjóði sveitanna. Þetta er eitt langöflugasta og sterkasta framlagið til byggingarsjóðs sveitanna, sem fram hefur komið og framkvæmt hefur verið á undanförnum árum. Svo er verið að halda því hér fram, að sjálfstæðismenn hafi unnið á móti byggingum í sveitum landsins.

Eins er það með verkamannabústaðina. Þeir, sem þekkja þá sögu, vita það og það er fullkomlega viðurkennt af fulltrúum verkamanna í byggingarfélögum verkamanna, að fáir hafa lagt þeim málum meira lið á undanförnum árum en einmitt sjálfstæðismenn. Hafa verkamenn sýnt þetta með sérstökum viðurkenningum, sem þeir veittu forustumönnum sjálfstæðismanna fyrir sérstakan dugnað þeirra og árvekni í málefnum verkamanna, eins og bæði Jakob Möller á sínum tíma og Bjarna Benediktssyni einnig, þegar þessir menn voru fyrirsvarsmenn þessara mála í bæjarstjórn Reykjavíkur.

Þá talaði hv. 7. þm. Reykv. um merkilegar ráðstafanir Framsfl. á árunum 1950—56. Það var Sjálfstfl., sem hafði forgöngu um það eftir alþingiskosningarnar 1949 að leggja grundvöllinn að nýjum viðreisnartill. í efnahagsmálunum með gengisbrtt., sem þá voru lagðar fram, ásamt hliðarráðstöfunum, sem þeim fylgdu. Framsfl. vann sér það til ágætis að bera fram vantraust á Sjálfstfl. fyrir framburð þessa máls, en myndaði síðan stjórn með Sjálfstfl. á eftir til þess að framkvæma í öllum meginatriðum þær till., sem þarna voru fram bornar. Og það voru þessar nýju till. og nýja stefna í efnahagsmálunum, sem mörkuð var í frv. sjálfstæðismanna eftir kosningarnar 1949, meðan Sjálfstfl. fór einn með stjórn landsins, sem lagði grundvöllinn að því jafnvægi í efnahagsmálunum og því jafnvægi í verðlagsmálunum, sem skapaðist á árunum eftir 1951 og 1952, eftir að áhrif gengislaganna voru verulega farin að koma í ljós, sem leiddu m. a. til þess, að á árunum 1953—56 jókst sparifé landsmanna á þessum fjórum árum, um 700 millj. kr. Og það er rétt hjá hv. þm. V-Ísf., að það er þessi öra sparifjáraukning á þeim árum, sem lagði grundvöllinn að því, að hægt var að setja hér á sínum tíma löggjöfina um veðlán til íbúðabygginga eða hina nýju íbúðalánalöggjöf, sem jafnframt var grundvöllurinn og undirstaðan undir hinni merkilegu rafvæðingaráætlun sveitanna, sem samið var um í stjórnartíð sjálfstæðismanna undir forustu Ólafs Thors 1953. Og þó að það sé rétt, að það hafi fallið í hlut ráðherra Framsfl. þá, sem var Steingrímur Steinþórsson, að fara bæði með byggingarmálin, félagsmálin og raforkumálin, þá er það kunnug saga, að tryggð framlög af hálfu bankanna á þeim tíma til þessara mála og sérstaklega raforkuframkvæmda í sveitunum voru fyrst og fremst fyrir forgöngu þáv. forsrh., formanns Sjálfstfl., Ólafs Thors. Forgangan í raforkumálunum var í höndum forsrh. þessarar ríkisstj., en ekki þess manns, sem fór með þessi mál. Og ég hygg, að við sjálfstæðismenn undir allri meðferð íbúðamálsins, undirbúningi málsins í sérstakri n., sem ríkisstj. skipaði, áður en löggjöfin var sett, og undir meðferð málsins hér á þinginu höfum engir eftirbátar verið í framkvæmd málsins, miðað við fulltrúa Framsfl., enda varð aldrei neinn ágreiningur um það við þáv. félmrh. (StgrSt). En það er ekki ónýtt að heyra það nú frá fulltrúa og nýbökuðum þingmanni Framsfl. hér á Alþingi, að það vanti ekkert nema viljann, það vanti ekki nema það að ráðast gegn þrjózkunni í bönkum landsins, til þess að nóg fé sé í íbúðabyggingar, eins og hann leggur hér til að veitt sé fé í. Það eru ekki liðin núna nema 2 ár, síðan Framsfl. hafði forgöngu um það, að hann og stuðningsflokkar hans tóku hreinan meiri hluta í öllum bankaráðum landsins og stofnuðu 13 nýjar bankaráðsstöður og bankastjórastöður eða veittu þessar stöður. Og nú, eftir að ástandið hefur verið þannig, að það er í fimm manna bankaráðum í bönkunum einn sjálfstæðismaður fyrir til-

verknað þessara manna, þá er það upplýst af fulltrúa og þm. Framsfl., að það sé ekkert annað en viljaskortur hjá bönkunum og þeim mönnum, sem þar ráða, að nægilegt fé skuli ekki vera lagt fram af þeirra hálfu til byggingarmála og annarra slíkra framkvæmda, og það þurfi að gera einhverjar ráðstafanir hér á þinginu til þess að ráða við þrjózkuna í þessum mönnum, sem nú ráða þessum málum. Hv. þm. sagði: Það er ekki reynt að selja vísitölubréfin. — Það var þó komið fyrir tilverknað þessara manna nýju sniði á seðlabankann í landinu. Seðlabankinn hefur með að gera sölu vísitölutryggðu bréfanna. Ég held, að fulltrúar vinstri flokkanna svokölluðu hafi góða aðstöðu í seðlabankanum, bæði í yfirstjórn hans og á annan hátt. Hvernig stendur á því, að það þarf nú með þáltill. á Alþingi að fara að píska þessa menn til þess að auglýsa vísitölubréfin?

Sannleikurinn er sá hins vegar, að seðlabankinn hefur auðvitað gert æ ofan í æ tilraunir til þess að selja þessi bréf og margsinnis auglýst þau, þó að það hafi farið fram hjá þessum hv. þm. En það er einkennilegt að heyra þetta nú og þess vegna sé slík till. fram borin.

Varðandi það, að það sé ekkert óraunhæft, að bankarnir og þá væntanlega aðrir en seðlabankinn kaupi svo aftur A-bréfin, þá er það sannast bezt að segja svo, að þegar hin nýja húsnæðismálalöggjöf var upphaflega sett á árinu 1954, meðan Sjálfstfl. hafði stjórnarforustu, var samið um það við bankana, að þeir legðu svo og svo mikið fé til byggingarmálanna og raforkumálanna, og því var lofað, en með vissum fyrirvara, a. m. k. af hálfu sumra bankanna, og sá fyrirvari var, að sparifjármyndunin héldi áfram í hlutfallslega jafnríkum mæli og verið hefur. Því miður hefur það ekki verið. Enda þótt sparifé hafi að krónutölu aukizt töluvert undanfarin ár, hefur það ekki verið neitt svipað því, sem áður var, miðað við auknar þjóðartekjur og aukna verðbólgu, allra sízt miðað við aukna rekstrarlánaþörf atvinnuveganna og alveg sér í lagi eftir þær efnahagsráðstafanir, sem gerðar voru á árinu 1958, í maímánuði. Öllum var þá ljóst, að það mundi þurfa gífurlega mikið aukið rekstrarfé til atvinnuveganna vegna þessara ráðstafana, og skal ég ekki fara neitt að víkja að efni ráðstafananna út af fyrir sig. Hins vegar voru engar sérstakar ráðstafanir gerðar til þess að sjá atvinnuvegunum fyrir auknu rekstrarfé. Hin aukna þörf atvinnuveganna lagðist því með síauknum kröfum dag frá degi á viðskiptabankana í landinu, sem m. a. leiddi til þess, að það blandaðist engum hugur um það, sem fóru með stjórn bankamálanna, og um það var enginn ágreiningur, að framlög, sem áður var búið að lofa til takmarkaðs tíma og með fyrirvörum til íbúðabygginganna, urðu að sitja á hakanum. Ég kannast ekki við neinn í þeim banka, þar sem ég á hlut að máli, sem hefur ekki viðurkennt þessa staðreynd, og kannast allra sízt við nokkurn viljaskort af hálfu nokkurra manna, sem þar eiga hlut að máli, því að mér er persónulega kunnugt um, að það hefur verið fullkominn vilji og áhugi einmitt til þess að styðja þessi mál, byggingarmálin, á hverjum tíma eftir fyllsta mætti. Það er því aldeilis að ófyrirsynju að taka á móti ásökunum eins og þeim, sem hér eru fram bornar, að ekki þurfi annað en einhverjar till. eins og þessa, sem á að vera einhver píska til þess að hafa þrjózkuna úr þeim mönnum, sem fara með stjórn þessara mála í bönkunum.

Því miður held ég, að það sé réttur skilningur t. d. hjá hv. þm. V-Ísf., að till. eins og þessi, þó að hún yrði samþ., mundi litlu fá áorkað, miðað við þann tíma, sem hún er hugsuð. Hitt er svo annað mál, að ef það tekst að taka efnahagsmál okkar fastari tökum en að undanförnu hefur tekizt, standa vissulega vonir til þess og er mikilvægast, að skapazt geti það jafnvægi í efnahagsmálunum, að traust manna vakni aftur á verðgildi peninganna og sparifjármyndun aukist í landinu. Og þá munu bæði bankarnir og sparisjóðirnir og aðrar peningastofnanir, sem þarna eru nefndar, verða færar til þess að leggja af mörkum meira fé til þessara mála en verið hefur til þessa og mundi þá sennilega nægja til þess að leysa úr þeim sárasta skorti, sem hér er fyrir hendi.

Ég hef sjálfur á mörgum þingum álitið, að það þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að ráða bót á húsnæðisskortinum, og þær ráðstafanir hef ég talið að þyrftu að vera að veita svo og svo miklu af erlendu fjármagni til þess að ljúka þeim byggingum, sem hér væru í smíðum. Við höfum horft upp á það á undanförnum árum, ef við lítum hér á höfuðstaðinn, að þá hafa verið frá 1500 til 1800 og 1900 fokheldar íbúðir í gangi jöfnum höndum á hverjum tíma, og ef heildin hefur verið tekin yfir landið, mun hafa látið nærri, að þetta hafi verið kannske um 2500 íbúðir. Margar af þessum íbúðum hafa verið í smíðum ár frá ári, og við það hafa tapazt ógurlega mikil verðmæti hjá viðkomandi aðilum og einnig hjá þjóðfélaginu í heild. Ég hef á fyrri tímum leitt rök að því, að það þyrfti ekki nema takmarkað átak til þess að ljúka þessum íbúðum, sem í smíðum væru, en naumast yrði það þó gert nema með einhverri erlendri lántöku, og það mundi geta ráðið bót á skömmum tíma á þeim húsnæðisskorti, sem hér hefur verið fyrir hendi og annars staðar á landinu. Menn getur að vísu nokkuð greint á um það, hvort taka eigi erlent lán til íbúðabygginga. En sjálfur er ég þeirrar skoðunar, að miðað við það ástand, sem hér hefur verið á undanförnum árum og ég hef nú lýst, hafi verið sjálfsagt að taka lán til þess að ljúka þessu átaki og fá hina miklu erfiðleika í byggingarmálunum úr vegi, en þau mál í eðlilegt ástand. Ég hygg enn, að það muni reynast erfitt að ráða fram úr þessum málum nema með einhverjum slíkum aðgerðum. Það kemur einnig til nú, að gjaldeyrisaðstaðan hefur verið mjög erfið og þá hæpið, hvort við hefðum getað gert stórátak, þótt við hefðum haft fé innanlands til þess að ljúka þessu, af gjaldeyrisástæðum, og erlend lántaka hefði að því leyti komið sérstaklega til góða í því sambandi að kaupa það inn af erlendum efnum, sem í íbúðirnar og byggingarnar þyrfti að fara.

Ég skal svo ljúka máli mínu með því að end-

urtaka það, sem ég hef sagt, að það er engin hætta á því, að þessi till. bæti nokkuð úr þessu máli að því leyti, að hún verði til þess að vekja af einhverjum dvala menn í peningastofnunum landsins og koma í veg fyrir, að þrjózka þeirra standi í vegi fyrir því, að einstaklingarnir, sem standa í hinum erfiðu byggingum, fái nægilegt lánsfé. Það er einlæg von mín, að málum megi skipa svo hið bráðasta hjá okkur, að lagður verði grundvöllur að heilbrigðu efnahagslífi með jafnvægi í efnahagsmálunum og stöðugu verðlagi, þannig að það veðlánakerfi, sem stofnað var með íbúðalöggjöfinni 1955 og síðan breytt að nokkru leyti með löggjöfinni frá 1957, geti átt fyrir sér að eflast og dafna og leysa fullkomlega úr þeim verkefnum, sem því er ætlað að sinna; að þeir, sem vilja koma upp húsum yfir sjálfa sig, fái nægilegt fjármagn eða lánsfé til þeirra þarfa.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Á síðasta Alþingi fluttum við nokkrir þm. Framsfl. till. til þál. um ráðstöfun á tekjuafgangi ríkissjóðs, og var þá m. a. gert ráð fyrir því, að hann gengi til byggingarsjóðs ríkisins. Það, sem fundið var að þeirri till., var það, að hún væri allt of raunhæf. Ef hún næði fram að ganga, væri hægt að framkvæma hana strax. Við bentum þar á fé, sem var fyrir hendi, en þá var talið, að hér væri um allt of raunhæfa aðgerð að ræða, svo að það væri ómögulegt að samþykkja þá till. Nú er því hins vegar haldið fram af hv. þm. V-Ísf., að till., sem nú er flutt af hálfu framsóknarmanna, sé óraunhæf. Það henti ekki að fara að samþykkja svo óraunhæfa till., hún komi ekki að neinu gagni, þó að samþykkt sé. Ég verð nú að segja það, að mig skortir skilning til þess að skilja, hvar meðalvegurinn er þarna á milli, þegar annars vegar er um að ræða till., sem er of raunhæf, af því að það er hægt að framkvæma hana strax og gera hana að veruleika, en hins vegar er svo till., sem er ekki nógu raunhæf. Ég held, að þá sjálfstæðismenn skorti einhvern skilning þarna líka.

Ég minnist þess, að á haustþinginu 1956 fluttu nokkrir þm. Sjálfstfl., — og var hv. 4. þm. Reykv. (JóhH), sem var að fara hér úr ræðustólnum, 1. flm. að þeirri till., tillögu til þál. um aðstoð vegna íbúðalána. Það var till. um að taka 100 millj. kr. erlent lán í þessu skyni. Nú leyfi ég mér að spyrja: Af hverju er sú till., sem er hugsuð eftir meðalveginum, hæfilega raunhæf, ekki framkvæmd, þegar þeir ráða málum, eins og nú er? Á fylgiskjali, sem prentað var með þeirri till., var birt till., sem fulltrúar Sjálfstfl. í húsnæðismálastjórn höfðu þá flutt. Ég hygg, að þar hafi hv. núv. þm. V-Ísf. verið 2. flm. Þar gerðu þeir ráð fyrir, að 150 millj. kr. af sparifé landsmanna yrði ráðstafað til byggingarsjóðsins. Þeir gerðu ráð fyrir 100 millj. kr. erlendri lántöku í sama skyni. Og þeir lögðu áherzlu á það, að lánunum yrði úthlutað strax. Þessi till. hefur sennilega verið raunhæf að þeirra dómi. Ég hygg þó, að hún sé ekki raunhæfari en sú till., sem hér er á ferðinni nú.

Hv. 4. þm. Reykv. kom að því nú eins og hann gerði í vetur í ræðu, sem hann flutti í sambandi við till. okkar framsóknarmanna þá, að saga okkar framsóknarmanna í byggingarmálunum væri nú ekki svo góð, að það væri ástæða til þess að vera að rifja hana upp, og hann var alveg hissa á því, að hv. 7. þm. Reykv. (ÞÞ) skyldi nú gera það. En er nokkur ástæða til þess fyrir okkur framsóknarmenn að vera að leyna því, að við stóðum að því að setja lögin um byggingar- og landnámssjóð, þá löggjöf, sem hefur verið undirstaða undir öllum byggingum í sveitum landsins? Ég sé ekki ástæðu til þess, að við þurfum, framsóknarmenn, að biðja afsökunar á því eða vera að leyna því á nokkurn hátt. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess, að við framsóknarmenn þurfum að vera að leyna því, þó að við höfum staðið að því með Alþfl. að setja lögin um verkamannabústaðina, og ég sé ekki heldur ástæðu til þess, að við séum að leyna því, að það kom fjörkippur í þá lánastarfsemi, einmitt þegar vinstri stjórnin fór með völd. Það hafði verið alger láðeyða í starfsemi sjóðsins, þangað til sú stjórn kom að völdum 1956. En hvað gerðist svo, þegar Sjálfstfl. og Alþfl. fóru að stjórna nú eftir áramótin? Þá var dregið úr framlögunum til verkamannabústaða og heilsuspillandi íbúða, því að framlög ríkisins voru lækkuð þar um 5%. Ég sé ekki ástæðu til þess, að við framsóknarmenn séum að liggja á þessu. Hví má ekki segja frá þessu? Er það óþægilegt fyrir okkur? Nei. Ég sé ekki heldur ástæðu til, að við séum að liggja á því, að við stóðum að því að setja lögin um byggingarsamvinnufélög. Þessi lög hafa haft einhverja mestu þýðingu í byggingarmálum kaupstaða og kauptúna. Hví má ekki skýra frá þessu eins og hverjum öðrum málum, sem eru staðreynd, að við stóðum að þessari löggjöf? En hvað gerðist svo? Það gerðist ekkert í húsnæðismálunum frá því um 1940 og þangað til lögin um smáíbúðir voru sett 1952. Það er ekki nein löggjöf um sérstaka lánastarfsemi eða neina aðstoð við byggingar í kauptúnum eða kaupstöðum á þessu tímabili. Mér er ekki kunnugt það, og ef mér sést þar yfir, þá vona ég, að það verði leiðrétt, og skal ég þá taka það til greina. En 1952 eru sett lögin um smáíbúðir, og ég veit ekki annað en framsóknarmaðurinn Steingrímur Steinþórsson, þáverandi félmrh., hefði forustuna um það, og þau lög, sem síðar hafa verið sett, bæði um húsnæðismálastofnun og húsnæðismálastjórn, hafa verið sett, þegar Framsfl. hefur verið í stjórn landsins og haft með þessi mál að gera að meira eða minna leyti.

Og hvaða ástæða er til þess, að það megi ekki frá þessu skýra? Það á auðvitað að skýra frá þessu, og það er alveg þýðingarlaust að halda því fram, að Framsfl. hafi staðið í vegi fyrir eðlilegri uppbyggingu á íbúðarhúsum í kauptúnum og kaupstöðum. Nei. Það er síður en svo. Hann hefur jafnan komið þar við sögu, þegar um framkvæmdir hefur verið að ræða, og það er ekki af því, að þeir hv. þm. V-Ísf. (ÞK) eða hv. 4 þm. Reykv. (JóhH) séu hræddir um það, að till., sem hv. 7. þm. Reykv. flytur, sé ekki nógu raunhæf, að þeir tala á móti henni. Það er heldur vegna þess, að þeir vita, að það hefur ekkert verið gert í

húsnæðismálastjórninni í húsnæðismálunum, síðan vinstri stjórnin fór frá völdum. Og það er það, sem þeir eru hræddir við, að það verði vegna þessarar till. farið að gera eitthvað, og það er það, sem þarf að koma í veg fyrir, að framsóknarmenn komi þar við sögu. En þeir verða að sætta sig við það, þó að framsóknarmenn komi þar við sögu og hafi þar forustu sem fyrr.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en brtt. við hana barst á þskj. 31.

---

2. Stjórnarskrárendurskoðun.

Á 5. fundi í Sþ., 30. júlí, var útbýtt:
Till. til þál. um að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands [8. mál] (A. 11).

Á 6. fundi í Sþ., 5. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Sþ., 14. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Svo sem kunnugt er, var á dögunum afgreidd frá hv. Alþ. sem lög breyt. á 31. gr. stjórnarskrárinnar, þeirri grein hennar, sem fjallar um kjördæmaskipan. Hefur þinghaldið í þetta sinn aðallega snúizt um þetta mál og það verið keyrt í gegn þrátt fyrir megna og vaxandi andúð og án þess að meiri hl. Alþ. sæi ástæðu til þess að veita þjóðinni sérstakt tækifæri til að greiða atkv. um málið eitt án sambands við stjórnmálaflokkana og stundarhagsmuni þeirra og hlýða þannig a. m. k. anda stjórnarskrárinnar. En um þessa lausn kjördæmamálsins tjáir ekki að ræða að sinni. Hins vegar leynir sér ekki óhugur fólks hvarvetna úti á landsbyggðinni gagnvart þessari kjördæmabyltingu og væntanlegum afleiðingum hennar, og mun sá tími að minni hyggju og margra annarra liggja nær en margur hyggur, að meiri hluti Alþingis verði jafnfeginn eða fegnari að leysa þjóðina undan þessu nýtilstofnaða skipulagi, þegar reynslan hefur kveðið upp sinn dóm.

En allar aðrar greinar stjórnarskrárinnar gömlu standa óbreyttar. Þannig er heildarfrágangi lýðveldisstjórnarskrárinnar enn þá ólokið þrátt fyrir ítrekaðar ákvarðanir Alþingis og skipun nefndar, sem setið hefur í rúmlega tólf ár með það verkefni á hendi að endurskoða stjórnarskrána og skila álitsgerðinni.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að lýðveldisstjórnarskráin frá 1944 var álitin til bráðabirgða einungis, en til hins ætlazt, að hinu unga lýðveldi yrði sett hið fyrsta heilsteypt stjórnarskrá og svo fullkomin sem auðið væri. Þessu marki hefur því miður ekki tekizt að ná, þó að ástæða og aðstæður sýndust vera til allsherjarafgreiðslu stjórnarskrárinnar við hliðina á breyt. á kjördæmaskipuninni, sem nú hefur verið knúin fram án sambands við nauðsynlegar breyt. á ýmsum öðrum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Mér þykir eftir atvikum rétt að rifja upp, en þó í höfuðdráttum, sögu stjórnarskrármálsins, svo að ljósara megi vera, hve úrhendis að ýmsu leyti hefur farið, miðað við þær óskir og vonir, sem forustumenn þjóðarinnar og þjóðin yfirleitt ól í brjósti í upphafi um þetta mál og lausn þess, og til þess enn fremur að hert verði á endurskoðunarstarfinu og því lokið sem fyrst, eins og ætlazt er til af hálfu okkar, flm. þessarar þáltill.

Hinn 22. maí 1942, eða fyrir rúmum 17 árum, var samþ. ályktun í sameinuðu Alþingi um kosningu fimm manna nefndar til þess að gera till. um breyt. á stjórnskipunarlögum ríkisins í sambandi við væntanlega stofnun lýðveldis á Íslandi. Síðar á því ári var svo ákveðið, að við stofnun lýðveldisins yrðu ekki aðrar breyt. á þágildandi stjórnarskrá gerðar en þær einar, sem óhjákvæmilegar væru vegna sambandsslitanna við Danmörku. Var þá samtímis fjölgað mönnum í stjórnarskrárn. um þrjá, þannig að nm. urðu alls 8 eða 2 frá hverjum þingflokki.

Stjórnarskrárn. var síðan með nýrri þál. fengið erindisbréf í 2 liðum. Hún skyldi í fyrsta lagi gera till. um beinar, óhjákvæmilegar stjórnarskrárbreyt. vegna lýðveldisstofnunar, og í öðru lagi var henni falið að undirbúa aðrar breyt. á stjórnskipunarlögum, eftir því sem þurfa þætti. Þessi síðari liður erindisbréfsins sýnir, að þegar á árinu 1942 var á Alþ. gengið út frá því, að ný lýðveldisstjórnarskrá yrði sett fljótlega að lokinni stofnun lýðveldis. Stjórnarskrárn. frá 1942 skilaði síðan áliti til ríkisstj. 1943, og í grg. fyrir frv. því, sem hún samdi jafnframt, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Skilar n. með þessu stjórnarskrárfrv. og grg. fyrri hluta þess verkefnis, sem henni var falið, en mun halda áfram að vinna að seinni hluta verkefnisins, sem sé að undirbúa aðrar breyt. á stjórnskipunarl., sem þurfa þykir og gera verður á venjulegan hátt. Má ætla, að það starf verði öllu viðtækara og þurfi þar að afla ýmissa gagna, er nú liggja eigi fyrir, svo og að gaumgæfa reynslu þá, er lýðræðisþjóðir heimsins hafa öefað öðlazt í þessum efnum“ o. s. frv.

Svo mörg eru þessi orð og lærdómsrík. Á árinu 1944 snemma samþykkti svo Alþingi hinar óhjákvæmilegu breytingar vegna lýðveldisstofnunarinnar. Þjóðin var svo að segja einhuga um það að slíta sambandinu við Dani og stofna lýðveldi. Til þess að eiga ekki á hættu, að sá einhugur rofnaði, þótti nauðsyn til bera að gera í þetta sinn einungis þá breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, sem af stofnun lýðveldis leiddi. Allt annað og m. a. það, sem ágreiningi kynni að valda, var lagt til hliðar og ætlað

seinni tíma til úrlausnar. Við þessa afgreiðslu gerðu nokkrir þm. grein fyrir atkv. sínu, og það kom glögglega fram, að gert var ráð fyrir, að stjórnarskráin yrði vandlega endurskoðuð á næstunni.

Um haustið 1944 tók ný ríkisstj. völd undir forustu hv. þm. G-K., þáv. forsrh., Ólafs Thors. Að henni stóðu þrír stjórnmálaflokkar, svo sem kunnugt er, Alþfl., Sósfl. og Sjálfstfl. Í yfirlýsingu þessarar ríkisstj. segir m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Loks hefur ríkisstj. ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar með það fyrir augum, að sett verði ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu eða til þess framfæris, sem tryggingalöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningarréttar. Auk þess verði þar skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins og um varnir gegn þeim öflum, sem vilja vinna gegn því. Endurskoðun þessari verði lokið svo fljótt, að frv. verði lagt fyrir Alþ., áður en kosningar fara fram, og eigi síðar en á síðari hluta næsta vetrar, og leggur stjórnin og flokkar þeir, sem að henni standa, kapp á, að frv. þetta verði endursamþykkt á Alþ. að afloknum kosningum.“

Þetta segir þar. Þessi ríkisstj., nýsköpunarstjórnin svokallaða, lét síðan kjósa 12 manna nefnd, er skyldi verða áður kjörinni 8 manna nefnd í stjórnarskrármálinu til ráðgjafar og aðstoðar. Auk þess var stjórnarskrárn. heimilað að ráða sér sérfróðan mann til öflunar gagna og undirbúnings málsins að öðru leyti.

Þannig var þá búið að setja á laggirnar tvær nefndir til þess að endurskoða stjórnarskrána, eftir að nauðsynlegar breyt. höfðu verið á henni gerðar við stofnun lýðveldisins, nm. þannig alls 20 auk sérfræðings, sem mun hafa kynnt sér stjórnskipunarmálefni með öðrum þjóðum. Og hann hefur sjálfsagt þannig aflað fróðleiks um stjórnarskrár annarra þjóða og reynslu þeirra í þeim efnum. En frá þessum n. hafa ekki komið álitsgerðir, og nýsköpunarstjórninni auðnaðist ekki að fullnægja sínu fyrirheiti um endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Á Alþ. veturinn 1946—47 tóku þm. að inna eftir því, hvað liði endurskoðuninni. Flutt var till. til þál. um, að stjórnarskrárn. yrðu látnar ljúka störfum.

Þessu næst gerðist svo það, að ný ríkisstj. tók völd á öndverðu ári 1947. Sú ríkisstj. flutti till. um að leysa báðar stjskrn. frá störfum, en skipa í þeirra stað nýja 7 manna mþn. til þess að framkvæma endurskoðun stjskr. Till. var samþ. og n. fullskipuð. Síðan eru liðin, svo sem áður getur, meira en 12 ár, og n. hefur ekki skilað áliti né heldur talið hlutverki sínu lokið. Endurskoðunarstarfið er margþætt og ýmsir erfiðleikar á því að koma því fram. Á að sjálfsögðu kjördæmaskipunarmálið kannske mestan þátt í því, hversu störfin hafa dregizt stórlega. Hins vegar verður að teljast mjög illa farið, að breyt. á 31. gr. stjórnarskrárinnar skyldi ekki fylgja, eins og væntanlega hefur verið ætlazt til, öðrum brtt. á stjskr., þannig að hún í heild hefði hlotið afgreiðslu frá hv. Alþ. Þetta verkefni hafði n. frá 1947 á hendi og átti því að skila til þings og stjórnar álitsgerð um breyt. í heild. En skyndilega var á s. l. vetri hlaupið í að breyta kjördæmaskipuninni, án þess að til kasta þessarar n. kæmi, svo sem þó rétt hefði verið. Auðvitað átti n. frá 1947 að taka málið í sínar hendur og nota þannig kærkomið tækifæri til þess að leysa verkefnið í heilu lagi af sinni hálfu, svo sem henni var auðið. Það sýndist ekki þá og ekki heldur enn í dag sú nauðsyn til bera að keyra kjördæmaskipunarmálið eða breyt. á kjördæmaskipuninni þannig fram, eins og gert hefur verið, þegar miðað er við allan þann tíma, sem þessar n. hafa átt setu. Og það munu fáir einmitt hæfari til þess að velta þessum verkefnum fyrir sér né þeim vanda yfirleitt vaxnari en sumir þeirra manna, sem sitja í þessari n. frá 1947. Og þeir hefðu sannarlega vel getað komið með till., sem gátu orðið grundvöllur til lausnar á þessu fyrirsetta verkefni. N. hafði líka á sínum vegum sérfræðing í stjórnskipunarmálum og hafði þannig viðað að sér efni, hvernig slíkum málum er fyrir komið og háttað með öðrum þjóðum, sem búa við þingræði og lýðræði. Nefndin sýndist því vera sá rétti vettvangur, þar sem að þessu máli í heild yrði unnið í upphafi, og þá er ekki vafamál, að betur hefði farið og vandlegar verið um búið.

Allir hljóta að viðurkenna, að rétt sé og sjálfsagt að koma fram heillegri og vel endurskoðaðri stjórnarskrá. Um það munu ekki vera skiptar skoðanir. Um liðna tíð, sem eigi hefur því miður í þessu efni verið nægilega vel notuð, þýðir ekki að ræða eða um að sakast, og engan sérstakan vil ég áfellast. En úr því sem komið er, virðist auðsætt, að ljúka beri heildarfrágangi á stjórnarskránni. Þegar nú búið er að breyta 31. gr. stjórnarskrárinnar, eins og kunnugt er, ætti að verða mun hægara um vik, að því er varðar önnur atriði eða aðrar greinar hennar. Þá ætti n. að sjálfsögðu að taka hina nýju kjördæmaskipun til nánari yfirvegunar, eftir hæfilegan tíma þó, því að vissulega er hún eftir sem áður mikilvægt rannsóknar- og umbótaefni og ljóst, að reynslan mun leiða í ljós mjög fljótlega, hve mjög var að hrapað, því að enn og áframhaldandi vitnar þróun hlutfallskosninga og afleiðingar þeirra gegn hinni nýsamþykktu kjördæmaskipan.

Um efni nauðsynlegra breyt. að öðru leyti á stjórnarskránni mun ég ekki ræða, enda hefur n. þegar fengið í hendur þau gögn og þær upplýsingar, eftir því sem mér er tjáð, sem koma mega henni að nokkru haldi. Það eitt skiptir nú höfuðmáli, að n. láti þegar til sín taka um heildarlausn þess verkefnis, sem henni var í upphafi fengið. Og sú þáltill., sem við fjórir framsóknarmenn í hv. Alþ. flytjum á þskj. 11, er til þess ætluð fyrst og fremst og einvörðungu að herða á því, að heildarendurskoðun fari fram á stjórnarskránni og henni ljúki sem fyrst. Mér skilst, að till. þessi geti orðið nokkurn veginn ágreiningslaus, og vænti þess, að hv. alþm. geti samþykkt hana, eins og hún hér liggur fyrir. Nú er senn að ljúka þingstörfum. Ég býst við, að ef málinu yrði vísað til n., þá

mundi till. ekki framar koma fram á þessu þingi. Þess vegna geri ég ekki till. um, að henni verði vísað til n., heldur verði hún afgreidd þegar á þessum fundi.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Ég þakka hv. flm. mörg fögur orð, sem hann viðhafði um okkur, sem vorum í stjórnarskrárnefndinni frá 1947, og það mikla traust, sem okkur er sýnt með því að flytja þessa till., vegna þess að ekki verður öðruvísi litið á tillöguflutninginn heldur en mjög mikla viðurkenningu á okkar sérstöku hæfileikum til þess að inna þetta starf af hendi, sem hv. flm. raunar líka berum orðum tók fram. En sú viðurkenning er þeim mun mikilsverðari, þar sem játa verður, að n. hefur ekki starfað síðan 1952 eða 1953, og ef flm. væru þeirrar skoðunar, að við, sem n. skipum, værum ámælisverðir fyrir það athafnaleysi, þá hefði að sjálfsögðu verið flutt till. um það, að ný nefnd yrði skipuð eða aðrar ráðstafanir yrðu gerðar, en hinum ótrúu þjónum ekki launað með því að veita þeim sérstaka traustsyfirlýsingu hér á Alþingi. **(Gripið fram í:** Þeir hefðu getað bætt ráð sitt.) Ég hef nú litla trú á þeim hv. þm., sem því varpaði fram, að það sé yfirvofandi með hann sjálfan, vegna þess að mér hefur því miður alltaf virzt, að hann sækti heldur niður á við en upp á við. En engum er alls varnað, það skal játað. **(Gripið fram í:** Þetta á við aðra.) Þetta á við aðra, já, já.

Eins og ég segi, ég met mikils það traust, sem í þessari till. er fólgið. Að öðru leyti skal ég ekki ræða um þetta mál. Sjálft stjórnarskrármálið eða breyt., sem gerð var á þessu þingi endanlega, er útrætt mál og útkljáð. Hitt er eðlilegt og mér finnst skynsamlegt, að nú sé tekið til athugunar, með hverjum hætti eigi að framkvæma þá stjórnarskrárendurskoðun, sem fyrirhuguð var og ákveðin, en því miður hefur farizt fyrir. Það er staðreynd, sem við verðum allir að játa og hv. flm. gerði líka af fullum drengskap, að starf stjórnarskrárn. frá 1947 fór út um þúfur eða tafðist, hvernig sem við viljum orða það, vegna ósamkomulags um kjördæmamálið. Þess vegna er mjög eðlilegt, að þegar það mál er afgreitt af yfirgnæfandi meiri hluta þjóðarinnar með þeim hætti, sem gert er, og þannig sá farartálmi úr leið, þá verði reynt að athuga, hvort ekki sé hægt að hrinda málinu áleiðis. Það er auðvitað leikur um orð, hvort menn segja, að n. sé enn starfandi eða hafi sofið svefni í sjö ár. Þyrnirós svaf í hundrað ár og vaknaði að nýju, og það gæti verið, að nefndin gæti vaknað aftur, ef einhver ýtti við henni duglega. Rétt er það, en ég hygg þó, að eðlilegt væri að athuga á ný, með hverjum hætti þessu starfi verði bezt fyrir komið. Það er staðreynd, sem verður ekki um deilt, að n. frá 1947 hefur ekki verið fullskipuð frá áramótum 1953, og hvað sem menn að öðru leyti segja um frammistöðu n., þá var það ekki hennar sök, heldur þeirra ríkisstj., sem síðan hafa starfað og engin hefur nokkru sinni farið þess á leit við nefndarformann, að nefndin tæki til starfa, né hefur skipað fulltrúa í n. í stað þess manns, sem sagði af sér um áramótin 1952—53, Ólafs prófessors Jóhannessonar. Skömmu síðar varð samkomulag um það milli nm., að ekki skyldu framar haldnir fundir í n., nema einhver nm. bæri fram ósk um það. **(Gripið fram í:** Aldrei framar?) Ekki nema einhver nm. bæri fram ósk um það. Þetta var samkomulag á milli nm., vegna þess að þeir töldu — **(Gripið fram í:** Ætli bókin beri það með sér?) Bókin beri það með sér? Ja, ef hv. þm. vill vefengja, þá eru hér inni fleiri nm. heldur en hann, þ. á m. 2 samþingismenn mínir úr Reykjavík, sem ég sé hér, og þeir votta það, hvort ég fer með rangt mál eða ekki, og ég skýt máli mínu til þeirra. En víst er um það, að sá hv. þm., sem vildi vefengja mál mitt hér, hefur aldrei farið þess á leit, að n. kæmi saman til funda. Við höfum setið hér á þingi nú í mörg ár, og mjög hefur verið um nefndina rætt. Við erum góðir vinir, þótt við séum ekki sammála, spjöllum um margt, þegar við hittumst, en hann hefur aldrei einu sinni hvíslað því í eyra mitt, að nú óskaði hann eftir fundi í n. — Þetta eru einungis staðreyndir, sem rétt er að hér liggi alveg ljóst fyrir.

Eins og ég segi, starf n. stöðvaðist vegna ósamkomulags um kjördæmamálið. Nú er það ósamkomulag afgreitt í bili af þjóðinni, og er þess vegna eðlilegt, að málið sé tekið upp til nýrrar athugunar. Ég er ekki viss um, þrátt fyrir öll viðurkenningarorð hv. flm. og traustsyfirlýsingu þá, sem felst í till., að það sé endilega rétt að haga nefndar- eða endurskoðunarstarfinu með þeim hætti, að þessi n. verði vakin upp úr sínum svefni. Ég tel, að það þurfi að athuga. Ég tel eðlilegt, að allir flokkar beri saman um það ráð sín. Ég er fyllilega viðmælandi um þessa lausn eða aðrar lausnir, en ég tel, að málið þurfi íhugunar við. Og ég hélt sannast sagt, hafði skilið það svo, að það væri samkomulag um, að þessi till. færi til n. til íhugunar, en það má vel vera, að það sé misskilningur. Ég held engum að þeim orðum. En ég tel, að málið sé svo vaxið, að það sé eðlilegt, að því sé vísað til n. Mér er ljóst, að það mun leiða til þess, að málið verði ekki afgreitt á þessu þingi, en ég tel eðlilegt, að flokkarnir hafi með sér samráð á venjulegan hátt um það, hvernig þessari endurskoðun verði háttað og hverjir hana taki að sér, og ég legg þess vegna til, að till. verði vísað til allshn. og umr. frestað.

Karl Kristjánsson: Herra forseti. Út af ræðu hv. 1. þm. Reykv. (BBen), sem var form. í hinni frægu vel sofandi nefnd, vildi ég segja þetta til skýringar, af því að eftir því sem hann svaraði því, sem ég varpaði fram, gæti verið, að einhver misskilningur skapaðist um ástandið í nefndinni:

Árið 1952 lögðu sjálfstæðismennirnir fram tillögur í 20 liðum. Það var undir árslokin. Í byrjun ársins 1953 lagði ég fram sérstaka till. í n. Allir aðilar, sem fluttu þessar till., sjálfstæðismennirnir og ég, tóku fram, að þessar till. væru lagðar fram sem umræðugrundvöllur. Þeim var útbýtt til nm. til athugunar. Síðan hefur ekki fundur verið boðaður, og þessar till. eru því á kodda nefndarinnar og sofa með henni, en það

var langt frá því, að n. hefði tekið afstöðu til þeirra. Þær voru til athugunar. Það er rétt, að form. tók fram, að ef menn vildu, að fundur yrði haldinn, þá gætu þeir óskað eftir því. Hins vegar leit ég alls ekki svo á, að form. væri að segja það, að hann mundi aldrei framar stofna til fundar í nefndinni, nema einhver óskaði eftir því. Það er einnig rétt, að ég óskaði ekki eftir fundi sérstaklega í n. Hins vegar hef ég alltaf litið svo á, að n. ætti ólokið störfum, og þær till., sem fram komu, væru á fyrsta umræðustigi. Ég hygg, að það megi líta svo á, að form. n. hafi eitthvað svipað á hendi og form. á báti, þegar gefur, þá muni hann kalla til skips. Hann hefur aldrei kallað til skips, hv. 1. þm. Reykv., síðan 1953. En í vetur virtist vera veður til að róa, því að þá var áhuginn genginn á miðin, og ég átti von á því, að þá mundi hann kalla til skips. En um leið og ég frétti þetta eða samtímis, hafði hann fengið sér aðra áhöfn og var orðinn skipstjórnarmaður á öðru skipi, og ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé út af fyrir sig málefni, sem honum bæri að afsaka við okkur nm. og í raun og veru að afsaka við Alþingi, sem hafði stofnað til þeirrar nefndarskipunar, sem honum var falið að vera form. í og sefur á ábyrgð hans eins og Þyrnirós. Og ég hygg, að það væri ekki nema vel við eigandi, að Alþ. samþ. nú þessa till. og kippti þannig svefnþorninu burt, því ef það dugir ekki til þess, að n. taki til starfa, þá gæti næsta Alþ. skipað aðra nefnd.

Flm. (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Aðeins nokkur orð. — Ég hlýt að líta svo á, að einmitt 7 manna nefndin sé mjög til þess kjörin m. a. að gera tillögur um vinnubrögð áframhaldandi um þessi mál. Þess vegna finnst mér það ákaflega eðlilegt, að á hennar vit sé leitað um það að fá fram þau verkbrögð, sem við á að hafa, og í raun og veru felst það í þáltill. einungis að skora á ríkisstj., að hún komi þessari n. til nokkurra verka, og ég hygg, að hv. 1. þm. Reykv. (BBen) sé ekki svo brugðið, að hann sé með öllu hættur að geta haldið húskörlum sínum að starfi. Þá er nokkuð um breytt frá því, sem maður hafði áður vitað um þann mæta mann, og ég vænti þess, að einmitt hann kveðji nú n. saman hið fyrsta, taki þar manntal, og vanti einhvern hásetanna, sjái hann svo til, að hann komi um borð, og síðan verði tekið til starfa svo sem ber.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Það er ástæðulaust fyrir okkur hv. þm. S-Þ. (KK) að deila um, með hverjum hætti n. hafi horfið frá störfum. Ég vil þó segja, að hans minni hefur skolazt í því, að ég hafi aldrei innt meðnm. mína eftir því, hvort þeir vildu koma á fund, vegna þess að ég gerði mér það að reglu um nokkurt bil að spyrja þá öðru hverju um það hér í þingsölum, hvort þeir teldu það hafa þýðingu, að n. kæmi saman eða ekki, og svörin voru ætíð þau sömu, að þeir teldu það þýðingarlaust. (Gripið fram í.) Það hefur fallið niður m. a. vegna þess, að það var talað um það í ríkisstj. undir forsæti Steingríms Steinþórssonar, hvort n. ætti að halda áfram og hvort hann sem forsrh. teldi ástæðu til að tilnefna mann í n. í stað prófessors Ólafs Jóhannessonar, og forsrh. sá ekki ástæðu til þess, og það varð samkomulag um það í þáverandi ríkisstj., og það fyrsta, sem varð ætlazt til af stjórnvöldum, að þau gerðu, ef það var í raun og veru alvara, að n. tæki til starfa, var, að forsrh. skipaði mann í n. í stað þess, sem sagt hafði af sér. Síðan hafa verið forsætisráðherrar Steingrímur Steinþórsson, Ólafur Thors, Hermann Jónasson og Emil Jónsson. Enginn þeirra hefur skipað mann í n. í stað þess, sem sagt hafði af sér, svo að það liggur alveg ljóst fyrir, að það er með vitund og vilja allra flokka og allra ríkisstjórna, sem síðan hafa starfað, að þessi n. hefur ekki haldið fundi síðan snemma á árinu 1953.

Tillögur okkar sjálfstæðismanna voru bornar fram í nóvember 1952, ef ég man rétt. (Gripið fram í.) Nóvemberlok, já. Nefndarmenn fengust engir til þess að styðja þær tillögur eða taka neina afstöðu til þeirra. Hins vegar hygg ég mig muna það rétt, að þegar hv. þm. S-Þ. kom með sína till., þá varð strax ljóst, að hún hafði ekki byr í n., en hún var í raun og veru að efni til þess eðlis, að n. átti að ljúka störfum með því einu að gera till. um, að efnt yrði til sérstaks þjóðfundar eða stjórnlagaþings. Ákvörðunin um það var eins einfalt atriði og fremst gat verið, og enginn þarf að segja mér, að það sé fyrir athafnaleysi mitt eða annarra samnefndarmanna hins ágæta þm. S-Þ., að hann hefur aldrei flutt frv. um þetta. Ef hann hefði talið, að það yrði til að greiða fyrir málinu eða væri líklegt til samþykktar, þá hefði hann að sjálfsögðu einhvern tíma borið fram um það till. hér á Alþ. Það hefur hann aldrei gert.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, það liggur alveg ljóst fyrir. Mér finnst eðlilegt, að það sé nú athugað, með hverjum hætti málið sé tekið upp, og því sé sjálfsagt, að málið gangi til nefndar og verði athugað af þingflokkum með venjulegum hætti. Eins er það eðlilegt, að þegar Alþ. kemur saman í haust, kosið þannig, að það verður réttari mynd af þjóðarviljanum en verið hefur, þá ákveði það Alþ., hvernig framhaldi þessa starfs skuli háttað.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég held, að ég verði að byrja eins og hv. 1. þm. Reykv. (BBen) með því að þakka fyrir það traust og það óbeina lof, sem borið hefur verið hér á mig, vegna þess að ræðu hans mátti skilja á þá lund, að stjórnarskrárn., sem skipuð var 1947, hefði eiginlega orðið óstarfhæf, vegna þess að ég hvarf úr n. í árslok 1953. Vegna þess að ég vil ekki með neinu móti liggja undir því ámæli að hafa gert þessa virðulegu nefnd óstarfhæfa, þá þykir mér rétt að taka nánar fram, hvernig nefndarskipun þessari var háttað, með því að það kom ekki heldur algerlega greinilega fram hjá hv. flm. tillögunnar.

Nefndarskipun þessari frá 1947 var á þann veg háttað, að n. var skipuð 7 mönnum. Það var skýrt tekið fram í þáltill., að 3 af þessum nm. skyldu vera sérstakir kunnáttumenn í stjórnlagafræði og skyldu skipaðir af ríkisstj.

án nokkurrar tilnefningar. Hins vegar var tekið fram, að 4 af nefndarmönnum skyldu skipaðir í n. samkv. tilnefningu þingflokkanna, og í n. voru síðan skipaðir án allrar tilnefningar þingflokka form. n., hv. 1. þm. Reykv., Bjarni Benediktsson, og hv. 6. þm. Reykv. núverandi, Gunnar Thoroddsen, og svo ég, sem tala þessi orð.

Þessi n. tók til starfa 1947. En starfshættir hennar voru á þá lund, að í árslok 1952 eða eftir 6 ára starf sást enginn árangur enn af hennar starfi. Þegar svo var komið, þóttist ég engar skyldur hafa til þess að vera í þessari n. lengur. Ég var ekki skipaður í þessa n. sem fulltrúi neins stjórnmálaflokks og áleit mig þess vegna hafa algerlega frjálsar og óbundnar hendur að segja af mér og hætta starfi í þessari nefnd, hvenær sem væri, og ég tilkynnti afsögn mína algerlega formlega — bréflega — bæði til forsrh. og form. n. Ef 7 manna nefnd hefur orðið óstarfhæf við það, að einn maður hvarf úr henni, þá er það ekki mín sök, því að mér bar ekki skylda til þess að sjá um, að í n. væri skipað, heldur mundi það þá fyrst og fremst hafa verið verkefni form. n. eða hlutaðeigandi ríkisstjórna að sjá um, að það skarð væri fyllt. En þetta vildi ég sem sagt taka fram, af því að eins og ég sagði, þá vil ég ekki á nokkurn hátt liggja undir því ámæli, að ég hafi orðið til þess að torvelda störf þessarar gagnmerku nefndar.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

3. Verðtrygging sparifjár.

Á 5. fundi í Sþ., 30. júlí, var útbýtt:

Till. til þál. um skipun nefndar til athugunar á verðtryggingu sparifjár [9. mál] (A. 12).

Á 6. fundi í Sþ., 5. ágúst, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Sþ., 8. ágúst, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram hér á þskj. 12 þáltill. um skipun n. til athugunar á verðtryggingu sparifjár.

Eitt þeirra atriða, sem alveg sérstaklega hafa sett svipmót sitt á íslenzkt fjármálalíf tvo undanfarna áratugi, er hið sífellda verðfall peninga. Verðgildi íslenzkra peninga hefur á þeim tíma stöðugt farið lækkandi. Kaupmáttur hverrar krónu hefur minnkað ár frá ári, þó auðvitað misjafnlega mikið ár hvert. Ég hef ekki við höndina nákvæmar tölur um árlega rýrnun á verðgildi peninganna þessa síðustu tvo áratugi, en ég hygg, að óhætt sé að fullyrða, að hún hafi að meðaltali numið meira en nemur hæstu lögleyfðum vöxtum og sennilega talsvert meira.

Verðfall peninganna hefur auðvitað komið hart niður á sparifjáreigendum, jafnt einstaklingum sem öðrum, og þá ekki hvað sízt á ýmsum opinberum sjóðum. Maður, sem hafið hefur sparifjársöfnun í því skyni t. d. að kaupa sér íbúð, verður að nokkrum árum liðnum að horfast í augu við þá staðreynd, að hann er engu nær því marki að eignast íbúð nú en áður fyrr. Hann fær að vísu í hendur fleiri krónur en hann á sínum tíma lagði inn í peningastofnunina, en þær krónur eru miklu verðminni, svo að hærri krónutalan, sem hann fær útborgaða, er raunverulega minna virði, hann fær minna fyrir hana af verðmætum, hvort heldur er til neyzlu eða framkvæmda, heldur en hann hefði getað fengið á sínum tíma fyrir þá lægri upphæð, sem hann lagði í bankann eða peningastofnunina.

Maður, sem selt hefur húseign sína fyrir t. d. fimmtán árum og hefur þá lagt andvirðið í banka, getur nú ekki keypt nema örlitinn hluta jafngóðrar húseignar fyrir bankainnistæðuna. Fólk, sem lagt hefur til hliðar til elliáranna og lagt fjárhæðina á vöxtu í banka, verður að horfast í augu við þá staðreynd, að verðbólgan hefur étið upp drjúgan part þessarar ellitryggingar, þegar til kemur.

Slík dæmi mætti lengi telja, en ég vil ekki tefja tímann hér á því, þar sem þetta er alkunn og óumdeilanleg staðreynd. En sérstök ástæða er þó til að benda á, að verðgildisrýrnun peninganna hefur komið sérstaklega hart við marga opinbera sjóði, m. a. ýmsa gjafasjóði, sem til hefur verið stofnað af góðvild og fórnfýsi til stuðnings einhverjum merkum og góðum málefnum, svo sem líknarstarfsemi, menningarstarfsemi o. s. frv. Slíkir sjóðir hafa rýrnað svo mjög vegna verðfalls peninganna, að þeir geta alls ekki komið að þeim notum, sem upphaflega var til ætlazt og stofnendur sjóðanna vonuðust í öndverðu til. Fyrir ýmsa tryggingasjóði og þá ekki hvað sízt lífeyrissjóðina, sem til hefur verið stofnað að undanförnu ýmist með lögum eða með samningum, er þetta orðið alveg sérstakt vandamál. Starfsemi þeirra sjóða er beinlínis í hættu af völdum verðbólgunnar og verðrýrnunar peninganna.

Sparifjáreigendur og hreinir sjóðir hafa tapað á ríkjandi verðbólguástandi. Þjóðfélagið hefur búið að þeim illa og ómaklega að mínum dómi. Á þeirra kostnað hafa aðrir í raun og veru grætt. Sannleikurinn er sá, að í mjög mörgum tilfellum a. m. k. hafa lántakar grætt á kostnað lánveitenda og þar með á kostnað sparifjáreigenda. Verðgildisrýrnun peninganna hefur haft í för með sér eignatilfærslu. Hið raunverulega gildi peningasamninga hefur breytzt. Þegar komið hefur til endurgreiðslu lána, eru þau goldin með miklu verðminni krónum og eru í raun og veru orðin miklu minna virði en þegar lánin voru upphaflega tekin.

Það, sem í mörgum tilfellum hefur gerzt, svarar alveg til þess, að maður hafi á sínum tíma fengið leigða eða að láni loðna og lembda á, en þyrfti svo ekki að skila aftur nema lambi. Það er auðsætt, að með slíkri áframhaldandi óheillaþróun er fótum kippt undan allri sparifjársöfnun og sjóðamyndun. Verðgildisrýrnun peninganna hefur leitt til vaxandi vantrúar á gildi peninga. Sú vantrú hefur aftur ýtt undir alls konar eyðslu og spákaupmennsku. Menn keppast

við að festa fé sitt í einhverju fríðu, ef nokkur kostur er.

Jafnframt því, sem þetta ástand í peningamálunum hefur dregið úr viðleitni manna til sparifjármyndunar, hefur það skapað stóraukna lánsfjáreftirspurn. Menn hafa keppzt við að fá lán til þess að ná með þeim hætti í verðbólgugróða. Verðfall peninganna hefur þannig haft það hvort tveggja í för með sér, að framboð fjármagns hefur minnkað, en lánsfjáreftirspurn aukizt.

Þær afleiðingar verðfalls peninganna, sem hér hefur stuttlega verið drepið á, þ. e. a. s. óeðlileg eignatilfærsla og óheppileg áhrif á meðferð fjár, eru mjög varhugaverðar, bæði frá sjónarmiði sparifjáreigenda og frá sjónarmiði þjóðfélagsins í heild. Hér er því þörf lagfæringar. Sú leiðrétting er réttlætis- og sanngirnismál gagnvart sparifjáreigendum, því að það er ekki sanngjarnt, að þeim einum sé haldið niðri og öðrum í rauninni veitt aðstaða til að hagnast á þeirra kostnað, auk þess sem slíkt getur stuðlað að því, að lánastarfsemi leiti í óeðlilega farvegi, þegar til lengdar lætur, og fari æ meir um hendur okrara. En sú leiðrétting er líka að mínum dómi spor í þá átt að koma á jafnvægi á milli sparifjármyndunar og lánsfjármyndunar og mundi þar með stuðla að auknu jafnvægi á peningamarkaði.

Ef takast mætti að stöðva verðbólgu og halda hér nokkurn veginn stöðugu verðlagi, væri verðtrygging sparifjár að sjálfsögðu óþörf. Það væri auðvitað það æskilega, að hægt væri að skapa slíkt jafnvægisástand. En það er ekki á mínu færi að spá um það, hvort slíkt muni takast á næstunni eða ekki. Ég held, að slíkt muni ekki takast nema með mjög víðtækri samstöðu stjórnmálaflokka Hvort slík samstaða er fram undan eða ekki, skal ég engu spá um, en hygg þó, að þær deilur, sem til hefur verið stofnað um stjórnarskrárbreytingu og óþarfi er hér að fara að rekja, muni ekki létta þá samstöðu. En ef ekki tekst að stöðva verðþensluna og verðbólguástandið á að halda áfram, þá er þetta, verðtrygging sparifjár, fullkomið réttlætismál, og til hennar verður að grípa að mínu áliti.

Hér hefur að vísu einkum verið litið á málið frá sjónarmiði sparifjáreigenda. En því má auðvitað ekki gleyma, að þessari skipan, verðtryggingu sparifjár, fylgja nokkur vandkvæði. Einhver verður að bera kostnaðinn við verðtrygginguna. Það verða sjálfsagt lántakar að gera. Þá segja menn: Hlýtur þá ekki fjármagnskostnaður, þ. e. a. s. einn liður í rekstrarkostnaði atvinnufyrirtækja, t. d. að hækka, og verður þá ekki með þessum hætti ýtt einmitt undir verðbólgu og þá víxlverkun, sem vísitala virðist hafa í för með sér? Sjálfsagt veldur almenn verðtrygging sparifjár einhverri hækkun á fjármagnskostnaði. Það er ekki á mínu færi að segja um það, hve mikil sú hækkun yrði. Ég held þó, að sú hækkun gæti naumast orðið hár liður borinn t. d. saman við vinnukostnað.

Þá kemur hér og ekki síður til greina, að á þessari skipan, verðtryggingu sparifjár, eru sennilega ýmsir framkvæmdarerfiðleikar, ekki sízt ef taka á upp almenna verðtryggingu sparifjár. En auðvitað má hugsa sér að binda verðtrygginguna við ákveðnar tegundir, ákveðna flokka sparifjár eða ákveðnar tegundir innlána. Allt þetta þarf við gaumgæfilegrar rannsóknar.

Alþingi hefur áður sýnt skilning sinn á þessu mikla vandamáli og lýst vilja sínum í þessu efni. Á Alþingi 1952 báru þrír þm., þeir hv. þm. V-Húnv. (SkG), þáv. þm. Rang., Helgi Jónasson, og hv. þm. S-Þ. (KK), fram svo hljóðandi þáltill. um verðtryggingu sparifjár:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að taka þegar til gaumgæfilegrar rannsóknar, hvort eigi sé hagkvæmt og framkvæmanlegt að koma á þeirri skipan, að bankar og sparisjóðir taki fé til ávöxtunar með skuldbindingu um að greiða uppbætur á það, samsvarandi þeirri hækkun, sem verða kann á kaupgjaldsvísitölu eða vísitölu framfærslukostnaðar á þeim tíma, sem féð er geymt óhreyft á sama reikningi, en það sé eigi skemur en fimm ár, enda verði lántakendum þessa fjár sett það skilyrði, að þeir greiði bönkum og sparisjóðum verðuppbætur á lánsféð samkvæmt framangreindri reglu, ef vísitalan hækkar á lánstímanum. Þá er ríkisstj. og falið að vinna að því, að þetta fyrirkomulag um ávöxtun sparifjár og útlán þess verði upp tekið, ef jákvæður árangur verður af rannsókninni."

Þessi þáltill. var samþykkt á sínum tíma.

Þessu máli var svo aftur hreyft með fsp. á Alþingi, bæði á þingunum 1953 og 1955. Af framkvæmdum í þessu efni hefur þó ekki orðið, að því fráskildu, sem mönnum er kunnugt um, að tekin hefur verið upp vísitölubinding á verðbréfum að nokkru leyti.

Mér þykir rétt, að Alþingi láti þetta mál enn til sín taka. Eins og ljóst er af ályktun þeirri, sem ég las og Alþ. gerði á sínum tíma, var hún nokkuð á annan veg og nokkuð annars efnis en þáltill. sú, sem ég flyt hér, þar sem í minni till. er ekki tekið neitt fram um það, við hvað verðtryggingin skuli miðuð, né heldur kveðið á um nein tímatakmörk innlána. Ég geri ráð fyrir því, að n., sem tekur málið til athugunar, taki einmitt öll þau atriði til athugunar og rannsóknar. En auk þess má benda á það, að það er sérstök ástæða til þess einmitt nú fyrir Alþingi að láta mál þetta enn til sín taka, af því að þetta gerist æ meira vandamál með hverju ári sem líður.

Að sjálfsögðu hafa peningastofnanir haft mál þetta til athugunar. Í skýrslu stjórnar seðlabankans fyrir árið 1958 segir m. a. svo, með leyfi forseta:

„Það er því full ástæða til þess að athuga, hvort ekki eigi af hálfu seðlabankans og bankakerfisins að grípa til þeirra ráða, sem völ er á, til að auka sparnað og draga úr eftirspurn eftir lánsfé og koma þannig meira jafnvægi á peningamarkaðinn. Til þess að ná þessum markmiðum er sérstaklega um tvær leiðir að ræða. Önnur er sú að hækka vexti verulega um stundarsakir, á meðan verið er að koma á varanlegu jafnvægi í peningamálum þjóðarinnar. Hin er sú að koma á verðtryggingu. Getur þá komið til greina að verðtryggja sparifé og verðmæti peningasamninga við almenna vísitölu, verðlag einstakra mikilvægra vöruflokka eða við verð gulls og erlends gjaldeyris."

Þess má hér aðeins geta, að árið 1955 hurfu Finnar að því ráði að koma á hjá sér verðtryggingu á tilteknum sparifjárreikningum. Þar mun tryggingin hafa verið bundin við vísitölu neyzluverðlags. Skilyrði var það, að innlán væri bundið til tólf mánaða, og enn fremur var það bundið við tiltekna lágmarksupphæð. Vextir af þessum reikningum voru til að byrja með um 1—1½% lægri en á öðrum sparifjárinnlánum. En þó voru þeir vextir hækkaðir árið eftir, vegna þess að árið 1955 var tiltölulega rólegt í verðlagsmálum hjá Finnum og þess vegna gætti þessa lítið þar það ár, en aftur á móti varð veruleg hækkun 1956. Í júlílok 1957 var svo komið, að vísitölutryggðar innistæður þar námu eða voru komnar upp í 17% af öllum eiginlegum innlánum í peningastofnunum. Því miður vannst mér ekki tóm til þess nú að afla mér upplýsinga um, hvernig þessi mál stæðu í dag hjá Finnum. Mér er jafnvel sagt, að þeir muni hafa horfið frá þessu að einhverju eða öllu leyti síðar. En hvað sem um það er, þá má sjálfsagt eitthvað læra af reynslu Finna í þessu efni.

Ég hef leyft mér að leggja til, að skipuð væri n. af ríkisstj. hálfu til athugunar á þessu máli og þeirri nefndarskipun væri hagað á þann veg, að þingflokkarnir nefndu þar til sinn manninn hver. Það má að vísu segja, að þetta sé þess háttar mál, sem sé á færi sérfræðinga einna að rannsaka til hlítar. En ég verð samt sem áður að telja það heppilegra, að að athugun slíkri sem þessari standi fulltrúar þingflokkanna og þingflokkarnir bindist þannig óbeinlínis í málið. Ég verð að telja það tryggara, til þess að málið nái þá fram að ganga og þingflokkarnir verði þá ábyrgir í því. En ég tel óráð að taka upp slíka skipan sem þessa, nema um hana náist nokkuð sterk samstaða þingflokkanna. Hins vegar er svo lagt til, að bankakerfið hafi í þessari n. sinn fulltrúa, og þá verður að teljast eðlilegast, að það sé seðlabankinn, sem tilnefni þar fulltrúa, þar sem hann má skoðast sem eins konar fyrirsvarsmaður bankakerfisins að þessu leyti.

Ég skal svo ekki lengja mál mitt, en vil aðeins að lokum segja það, að á meðan ekki tekst að halda verðlaginu stöðugu, tel ég, að það sé rétt að hverfa að verðtryggingu sparifjár almennt eða svo almennt sem frekast er kostur, og ég er fyrir mitt leyti sannfærður um, að hún mundi stuðla að meira fjármagnsframboði, betri nýtingu fjármagnsins, aukningu þjóðartekna og öruggari peningamarkaði. Að öðru leyti vísa ég til grg. Og svo leyfi ég mér, herra forseti, að leggja til, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til fjvn.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Það er við að búast, að menn reyni að finna bót á því ófremdarástandi í efnahagsmálunum, sem hefur verið ríkjandi um skeið, og sérstaklega þeirri miklu hættu, sem stafar af verðbólgunni, sem hefur farið sívaxandi frá því að hún hófst fyrir alvöru 1941.

Þó að nú hafi verið logn um stund í þessum efnum, verður að segja það, að þetta er ekki fróun nema um stundarsakir, sem fengizt hefur með þeim ráðstöfunum, er gerðar voru hér á Alþ. fyrir skömmu. Þær hafa leitt til góðs, þótt yfir atvinnu- og fjármálastarfi landsins hangi enn mikil hætta. Allt fer eftir því, hvernig mál verða leyst nú á næstunni, hvort þeirri hættu verður bægt frá.

Hvað snertir það mál, sem hér liggur fyrir, er það eitt af þeim atriðum, sem bent hefur verið á til þess að draga úr vexti verðbólgunnar og þeirri hættu, sem vofir yfir allri atvinnustarfsemi landsins. Eitt af þeim sjúkleikamerkjum, sem hv. ræðumaður tók réttilega fram, er hin óhóflega eftirspurn um lánsfé. Og niðurstaðan verður svo sú, að bankarnir segja nú: Við getum ekki staðið gegn þeim þrýstingi lánsfjár, sem nú liggur á bönkunum. — En einmitt þessi þrýstingur er ein aðalástæðan fyrir vexti verðbólgunnar.

Það er eitt atriði, sem ég vildi benda á í þessu sambandi, einmitt í sambandi við hina óhóflegu eftirspurn lánsfjár, hina óhóflegu eftirspurn rekstrarfjár, sem nú á sér stað. Það er ekki aðeins vegna þess, hvað mikið er um framkvæmdir í landinu. Það er vegna þess, að rekstrarféð í landinu rýrnar með hverju ári. Það rýrnar af tvennum orsökum. Það rýrnar við verðlækkun krónunnar, og það rýrnar af óhóflegri skattaálagningu. Það er nú orðið viðurkennt af þeim mönnum, sem með fjármálin fara í landinu, að ein mesta hættan, sem nú vofir yfir, sé sú, að atvinnufyrirtæki landsins eru að verða rekstrarfjárvana. Þetta stafar af því, að krónan verður minni og minni, og vegna þess, að gengið er á rekstrarfé fyrirtækjanna með sköttunum.

Í nýjum Fjármálatíðindum, sem gefin eru út af Landsbankanum og túlka að sjálfsögðu í aðalatriðum skoðun Landsbankans í fjármálum og atvinnumálum, er mjög eftirtektarverð grein. Það er forustugrein í tímaritinu eftir ritstjórann, sem nú er bankastjóri í Landsbankanum. Þar er komið að þessu atriði, sem ég minntist á, og mig langar til að lesa nokkrar setningar úr þessari grein, sem um þetta fjallar. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhagslega sterk og vel rekin fyrirtæki hljóta ætíð að verða grundvöllur heilbrigðs fjárhagskerfis. Í þessum efnum er mikið að vinna hér á landi, því að verðbólga undanfarinna tveggja áratuga hefur leikið fjárhag margra helztu fyrirtækja landsins grátt. Rekstrarfé þeirra hefur rýrnað stórlega vegna sífelldra verðhækkana, en óhófleg skattlagning og órétt-lát verðlagningarákvæði komið í veg fyrir eðlilega nýmyndun fjármagns. Það er óhjákvæmilegt, að nokkurn tíma taki að ráða bót á þessum vandamálum, en lausn þeirra er frumskilyrði þess, að takast megi að koma á varanlegu jafnvægi í peningamálum og efla styrk atvinnuveganna."

Þetta er mjög sterkt til orða tekið af manni, sem er í ábyrgðarstöðu hjá aðalbanka landsins, að það sé frumskilyrði til þess að koma á varanlegu jafnvægi peningamálanna, að í atvinnurekstrinum í landinu geti orðið eðlileg nýmyndun fjár. Það gerist ekki nú, og það er meira að

segja svo komið hjá flestum stærri fyrirtækjum landsins, að það er ekki aðeins, að ekki sé um nýmyndun að ræða, heldur er gengið á varasjóði og hlutafé félaganna. Og þetta er orðið svo alvarlegt, að verði ekki stefnubreyting á þessu á næstu þremur, fjórum árum, myndast einhver sú alvarlegasta aðstaða í þjóðfélaginu, sem hugsazt getur. Menn hafa ekki yfirleitt veitt þessu sérstaka athygli, því að ekki hefur verið vinsælt að prédika það, að atvinnufyrirtækin ættu að geta safnað fé. En það er svo komið nú, að flest hlutafélög í landinu eru hætt að geta greitt arð, vegna þess að þau eru komin í það, sem kallað er „öfugan höfuðstól".

Ég tel rétt að benda á þetta í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir, sem einn lið í því að stinga fótum við verðbólgunni. En þó að verðtrygging sparifjár kunni að vera æskileg og geta gert mikið gagn, þá er þó það atriði, sem ég hef nú minnzt á, miklu stærra og varðar meira fyrir atvinnuvegi landsins, svo að þeir geti haldið áfram að starfa.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Niðurgreiðsla á landbúnaðarvörum.

Á 7. fundi í Sþ., 6. ágúst, var útbýtt:

Till. til þál. um niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum [11. mál] (A. 16).

Á 8. fundi í Sþ., 8. ágúst, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 14. ágúst, var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Bjarnason): Herra forseti. Tillaga sú, sem hér er til umr., er fram komin vegna þeirrar hættu, sem kann að vera fyrir hendi, ef niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum hækka til muna frá því, sem þegar er orðið. Það er því ekki að ástæðulausu, þótt farið sé fram á það við hv. alþm., að þeir samþ. till. þessa, sem felur það eitt í sér, að hæstv. ríkisstj., hver svo sem hún kann að verða, á meðan þessar niðurgreiðslur gilda, taki fullt tillit til þess, sem framleiðsluráð landbúnaðarins leggur til hverju sinni, svo að hægt sé að halda nokkurn veginn því verðlagi, sem gilda skal frá hausti til hausts samkv. lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Það er vitað mál frá s. l. vetri, þegar niðurgreiðslur voru auknar verulega frá því, sem áður gerðist, að útsöluverð breyttist þá mjög mikið, sakir þess að einstaka landbúnaðarvörur hlutu mikla niðurgreiðslu, eins og t. d. nýmjólk og kindakjöt, en aðrar landbúnaðarvörur voru með óbreyttu verðlagi, eins og t. d. nautgripakjöt o. fl. og slátur. Þetta hefur því haft nokkur áhrif á sölu þessara vara, og auk þess eru niðurgreiðslurnar nú orðnar svo háar, að þær koma útsöluverði á mjólk og kjöti niður fyrir það verð, sem framleiðendum eða bændunum ber að fá fyrir sínar vörur. Bændur eiga t. d. að fá kr. 3.79 fyrir mjólkurlítrann, en neytandinn borgar kr. 2.95 fyrir sama magn, eða sem næst 55% af raunverulegu kostnaðarverði mjólkurlítrans, en niðurgreiðsla á hvern mjólkurlítra er sem næst 2.44 kr. Á sama tíma verða bændur að nota til neyzlu fyrir sig og heimilisfólk sitt mun dýrari mjólk en neytandinn, sem nýtur niðurgreiðslunnar. Þetta er ekki réttlæti og það sízt á þeim tímum, þegar talað er um það háum röddum í sölum Alþingis, að réttlætið sigri. Taki maður hins vegar dilkakjötið, þá kostar það í heildsölu kr. 17.10 kg, en framleiðandinn eða bóndinn á að fá fyrir sama magn kr. 21.34. Mismunurinn er því kr. 4.24 á hverju kg, því að tæplega er hægt að reikna bændum vöruna með hærra verði en hún er seld í heildsölu, þar sem þeir eru sjálfir framleiðendur. En niðurgreiðsla á hverju kg dilkakjöts mun vera nú sem næst 12 kr. á kg. Það munu einnig rísa ýmiss konar vandamál í sambandi við háar niðurgreiðslur, ef til þess kemur, að þær verði afnumdar snögglega, og því rík ástæða til þess að gera sér ljóst strax, hver áhrif það kann að hafa á sölu og framleiðslu þessara vara í framtíðinni.

Ég hef í stuttu máli gert grein fyrir því, sem gerzt hefur í verðlagsmálum landbúnaðarins, og þeim áhrifum, sem hinar auknu niðurgreiðslur hafa í för með sér, ásamt þeim vanda, sem þær leiða til, þegar verðlagið til framleiðenda er hærra en útsöluverð vörunnar er til neytandans. Það hlýtur því að vera mikill styrkur hverri ríkisstj., sem með völdin fer í landinu, að hafa að baki sér traust og fylgi þeirra þegna, sem hlut eiga að máli hverju sinni, og með það sjónarmið fyrir augum vænti ég þess, að till. þessi verði samþ., eins og hún liggur nú fyrir. Þar sem þinghald mun nú senn vera á enda að þessu sinni, legg ég til, að um þetta mál fari fram atkvgr. nú, en umr. verði ekki frestað og málinu vísað til n., því að þetta mál er í sjálfu sér einfalt og því ekki ástæða til, að n. fjalli sérstaklega um það, en aftur á móti mjög æskilegt, að atkvgr. í hv. Alþ. fari fram um það nú.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. Hér hefur verið flutt framsöguræða um till. til þál. á þskj. 16 um niðurgreiðslu á landbúnaðarvörum. Ræða þessi var að vísu ekki löng, en innihald hennar var það, að það væri mikil hætta á ferðum fyrir íslenzkan landbúnað, ef niðurgreiðslur landbúnaðarvara yrðu auknar, og bæri með þessari till. að koma í veg fyrir, að það væri gert, a. m. k. án þess að hafa samráð við framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda.

Það er vitanlega margt við þessi mál að athuga, en niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum eru

ekkert nýtt fyrirbæri í okkar efnahagsmálum. Það er eina ráðið, sem fyrrv. ríkisstj. og núv. hæstv. ríkisstj. hefur haft til þess að halda vísitölunni niðri. Og hin svokallaða vinstri stjórn fyrrv. notaði þetta ráð í ríkum mæli og hækkaði niðurgreiðslur á mjólk, kjöti og kartöflum í stórum stíl, þannig að það nálgast það, sem hefur verið gert af núv. hæstv. ríkisstj. Það er rétt, að niðurgreiðslurnar eru orðnar miklar, og það eru miklar fjárfúlgur, sem fara í það að halda vísitölunni niðri á þennan hátt. En það hefur ekki enn verið neitt annað meðal við dýrtíðinni heldur en þetta, og til þess hefur verið gripið.

Þá er eðlilegt að athugað sé, hvort gengið sé sérstaklega á hlut einnar stéttar með því að fara þessa leið, sem farin hefur verið. Hefur verið níðzt á bændum og hlutur þeirra skertur með því að fara þessa leið? Það eru aðeins örfá ár síðan 18 fulltrúar mjólkursamsölunnar í Reykjavík og mjólkurbúanna á Suður- og Suðvesturlandi samþykktu það, — að ég held einróma, man þó ekki, hvort einn fulltrúinn sat hjá, — að gefa eftir 12 aura af mjólkurverðinu gegn því, að niðurgreiðsla á mjólk væri aukin um 42 aura á hvern lítra. Nú segi ég ekki, að þetta hafi verið eðlileg ósk hjá fulltrúunum. Ég segi ekki, að það hafi verið eðlilegt, að þeir byðu fram 12 aura á lítra gegn niðurgreiðslu, en það sýnir samt, að fulltrúar bænda 18 talsins í mjólkursamsölunni í Reykjavík og tveimur stærstu mjólkurbúum hér á Suður- og Suðvesturlandi töldu það svo mikils virði, að niðurgreiðslan væri aukin, að þeir vildu vinna það til að gefa eftir 12 aura á lítra, vegna þess að þeir gerðu ráð fyrir, að mjólkursalan á innlendum markaði mundi aukast verulega við þetta, og þeir sögðu það bæði á fundum og í rituðu máli, að ekki væri til tjóns fyrir bændur að gefa 12 aura eftir á lítra, vegna þess að það mundi gera meira en vinnast upp í aukinni sölu.

Þetta sögðu þessir fulltrúar. Það má vel vera, að hv. þm. Dal. hafi lítið um þetta sagt, kannske höfum við báðir verið á sömu skoðun, að það væri vafasamt, að það væri hægt að vinna þessa 12 aura upp. Hitt er þó alveg ljóst, að með því að útsöluverð mjólkurinnar og landbúnaðarvara er lækkað, þá leiðir það til aukinnar sölu innanlands. En á s. l. ári þurfti að flytja út mikið af osti fyrir lágt verð, og varð það til þess að lækka verð á mjólk um 13 aura á hvern lítra til bænda. Á þessu ári þarf hins vegar ekki að flytja út neitt af osti, enda þótt mjólkurframleiðslan sé hin sama fyrri hluta árs 1959 og hún var fyrri hluta árs 1958, og þetta er vitanlega vegna þess, að sala neyzlumjólkur hefur aukizt. Þá geta menn spurt að því, hvort sala neyzlumjólkur hefði aukizt eins og raun ber vitni, ef hún hefði ekki verið greidd niður, ef hún væri á innlendum markaði 92 aurum hærri en er nú. Menn gætu jafnvel spurt að því, hvort salan á neyzlumjólkinni hefði ekki minnkað verulega, ef hver lítri væri 92 aurum dýrari í útsölu en hann er nú. Þetta eru spurningar, sem menn geta velt fyrir sér og er sjálfsagt að hafa í huga, þegar einn eða annar fullyrðir, að niðurgreiðslurnar séu bændum til tjóns.

Hv. þm. Dal. sagði hér áðan, að bændur keyptu landbúnaðarvörurnar til heimilisins á hærra verði en neytendur þyrftu að greiða. Það er rétt að athuga, hvort þessi fullyrðing stenzt. Ég held, að hún standist ekki, vegna þess að þótt bændur eigi samkvæmt verðgrundvellinum að fá kr. 3.79 fyrir mjólkurlítrann í sinn vasa, þá fá þeir það ekki. Þeir fengu fyrir s. l. ár, margir bændur, aðeins 3 kr. fyrir lítrann, enda þótt þeim bæri að fá miklu meira. Það er vitanlegt, að það eru ekki tekjur hjá bændum, kostnaðurinn við að flytja mjólkina að stöðvarvegg, en það ber þeim að gera og það verður að draga frá. Sá kostnaður hjá Mjólkurbúi Flóamanna var, að mig minnir, s. l. ár 33 aurar. Auk þess vantaði talsvert hjá sumum mjólkurbúum, til þess að þetta lögskipaða grundvallarverð næðist. Af þeim ástæðum er það, að margir bændur hafa fengið s. l. ár aðeins 3 kr. eða rúmlega það fyrir lítrann, þótt þeim bæri að fá miklu hærra verð.

Útsöluverð á mjólk í Reykjavík er nú kr. 3.15, og mætti þess vegna segja, að útsöluverðið væri svipað og það verð, sem bændur hafa fengið í sinn vasa. Sama má segja um kjötið, að kjötverðið til bóndans á að vera kr. 21.34. Útsöluverð á súpukjöti mun vera 21 kr. Þarna munar 34 aurum. Hins vegar má næstum fullyrða, að bóndinn fái ekki þetta verðlagsgrundvallarverð fyrir kjötið, eins og honum ber, það dragist talsvert frá því og hann kaupi þess vegna ekki til heimilisins dýrara kjöt en neytandinn. En nú er það svo, að framleiðsluráð landbúnaðarins hefur heimild til þess að taka tillit til þess, hvað bóndinn þarf að kaupa til síns heimilis. Það er gert ráð fyrir, að meðalheimili noti 3000 lítra af mjólk yfir árið. Þetta er reiknað bóndanum sem tekjur, reiknað með ákveðnum kílóafjölda af kjöti og kartöflum. Framleiðsluráð hefur heimild til þess að reikna bóndanum þessar vörur til tekna á því verði, sem bóndanum er hagstætt. Verði útsöluverðið lægra en það, sem bóndanum ber að fá, hefur framleiðsluráðið heimild til þess að reikna lægra verðið bóndanum til tekna á þeim vöruskammti, sem heimilinu er ætlaður. Hvað sem framleiðsluráð hefur gert, þá ætlast ég til, að þessi heimild verði notuð í haust, og ég efast ekkert um, að hv. þm. Dal. vilji einnig stuðla að því. Ef þessi heimild verður notuð, sem ég efast ekkert um, að framleiðsluráð hefur hug á að gera, þá þýðir ekki lengur að tala um það, að bændur skaðist að því leyti til, þótt útsöluverðið verði lægra en það verð, sem bóndinn á að fá. Ég veit, að hv. þm. Dal. er mér sammála um, að þessi regla eigi að gilda í verðlagningu landbúnaðarvaranna. Ég tel það alveg sjálfsagt, að sú regla verði látin gilda. Þá getum við verið sammála um, að bóndinn skaðist ekki, jafnvel þótt niðurgreiðslurnar væru auknar meira en orðið er, en ég ætla ekki á þessu stigi að mæla með því. Mér þætti að sjálfsögðu betra, að eitthvert annað og heppilegra ráð fyndist, sem enn hefur ekki verið mögulegt að nota til þess að halda dýrtíðinni í skefjum.

Hv. þm. Dal. minntist á það hér áðan, að það væri mikil hætta fyrir bændastéttina í því fólgin, ef að því kæmi, að niðurgreiðslunum yrði

hætt. Við skulum segja, að af þessu gæti stafað hætta fyrir bændur. En mundu nú ekki aðrir þjóðfélagsþegnar einnig telja, að þeim stafaði nokkur hætta af þessu líka, einungis vegna þess, að þá mundi allt okkar fjármálakerfi fara úr skorðum? Og hvað mundu neytendurnir segja um það, að niðurgreiðslunum væri einn góðan veðurdag kippt burt, án þess að launþeginn fengi það bætt með hækkuðu kaupgjaldi, og hvað gilti það? Það gilti það, sem ég áðan sagði, að setja allt okkar efnahagskerfi og fjármálalíf úr skorðum. Þetta er þess vegna ekki aðeins hætta fyrir bændastéttina, það er þjóðfélagsleg hætta, hætta fyrir allar stéttir. Það er ekki mögulegt að hætta þessum ráðstöfunum með niðurgreiðslurnar, nema annað komi í staðinn, sem getur dugað, ekki aðeins bændum, heldur og öðrum þjóðfélagsþegnum og okkar fjármála- og atvinnukerfi yfirleitt. Ég segi þess vegna: bændum stafar ekki meiri hætta af þessu en öðrum þjóðfélagsþegnum. Þetta er vissulega vandamál fyrir þjóðfélagið í heild, og ég veit, að hv. þm. Dal. er mér sammála um, að niðurgreiðslurnar eru ekki styrkur til bænda, heldur eru niðurgreiðslurnar gerðar af þjóðfélagslegri nauðsyn, ekki fyrir bændur, heldur fyrir þjóðfélagsheildina, af því að annað ráð hefur ekki fundizt til þess að halda vísitölunni og dýrtíðinni niðri, til þess að halda atvinnuvegunum gangandi.

Það væri eðlilegt, úr því að við erum að ræða þessi mál, að við gerðum okkur grein fyrir því, hver væri aðstaða bænda í dag, ef stefnu fyrrv. ríkisstj. hefði nú verið fylgt, ef verðskrúfan hefði ekki verið stöðvuð. Hvernig væri þá aðstaða bóndans í dag með sinn rekstur? Það mundu kannske einhverjir spyrja: Hvernig væri ástandið í þjóðfélaginu yfirleitt og okkar atvinnuvegum? Það er alveg ljóst mál, að ef verðskrúfan hefði ekki verið stöðvuð og vísitalan haldið áfram að rjúka upp, þá hefðu atvinnuvegirnir allir stöðvazt og hér hefði skapazt atvinnuleysi og öngþveiti. Ég held, að við getum verið sammála um það, og við getum verið sammála um það, ef við athugum þessi mál ofan í kjölinn og vitum yfirleitt, hvað við erum að segja og hver er undirstaða þessara mála, að það var vissulega nauðsynlegt fyrir bændur, jafnvel nauðsynlegra en nokkra aðra stétt þjóðfélagsins, að verðskrúfan væri stöðvuð. Á s. l. hausti var kaupgjald Dagsbrúnarverkamanns kr. 21.30 á klst. Verðlagning landbúnaðarvara til bóndans var miðuð við þetta kaupgjald, og það var í sjálfu sér ekkert óeðlilegt, að það gilti þá. Um áramót er vísitalan komin upp í 202 stig og kaupgjaldið í kr. 23.86 á klst. Kaup bóndans var óbreytt og hefði orðið óbreytt þangað til næsta haust, þótt vísitalan hefði haldið áfram að hækka og kaupgjald annarra þegna þjóðfélagsins hækkaði af þeim ástæðum. Kaup bóndans var um áramót kr. 2.56 lægra en kaup launþeganna, sem verðlagning afurðanna var miðuð við s. l. haust, þannig að kauphækkunarskrúfan og vísitöluskrúfan, sem átti sér stað undir forustu vinstri stjórnarinnar, hafði á þessum fáu mánuðum snuðað bóndann um kr. 2.56 á hverja klst. Ég efast um, að hv. þm. Dal. hafi gert sér grein fyrir þessu. Ég held, að hann hefði ekki staðið fyrir flutningi þessarar tillögu í því formi, sem hún er, ef hann hefði gert sér grein fyrir því, að það var brýn nauðsyn fyrir bændur að stöðva vísitöluskrúfuna. Með því að vísitöluskrúfan var stöðvuð s. l. vetur, var misræmið milli bænda og launþega að mestu leyti lagfært. Mismunurinn er ekki nú kr. 2.56, eins og var um s. l. áramót, heldur er mismunurinn nú 33 aurar, sem bóndinn hefur minna á klst. en verkamaðurinn. Eftir niðurfærsluna er verkamannakaupið kr. 21.63, eða 33 aurum hærra en s. l. haust, þegar verð landbúnaðarvara var ákveðið. Munurinn er þess vegna nú 33 aurar, sem bóndann vantar, á móti kr. 2.56 um áramót.

Ég er hér um bil sannfærður um, að hv. þm. Dal., þegar hann gerir sér grein fyrir þessu, þá fær hann allt aðra skoðun á þessu máli, og það hefði verið vel gert af honum að kynna sér, á hvaða grundvelli þetta allt er byggt, áður en hann flutti tillöguna. Hélt hann, að hann kæmist upp með að flytja hér till., sem nægði til áróðurs og ekki væri unnt að andmæla með rökum?

Það er sumt af því í till., sem ég tel að eðlilegt sé að komi fram hjá fulltrúa bænda. Viðvörunarorð eru vissulega góð og oft nauðsynleg, og tel ég t. d. alveg sjálfsagt, að það sé farið eftir því, sem í till. stendur, hvað varðar Stéttarsamband bænda og framleiðsluráð, að taka tillit til tillagna þeirra samtaka og leita samráðs við þau samtök. Það efast ég ekkert um að verður gert, hvort sem þessi till. yrði samþykkt eða ekki.

Annars er ekki nema ánægjulegt að heyra, að hv. framsóknarmenn hafa nú gert sér grein fyrir því, að bændastéttin er ekki á góðum vegi stödd í dag, hvað efnahagsmál hennar snertir. En aðstaða bændanna er ekki slæm vegna aðgerða ríkisstj. s. l. vetur. Aðstaða bændastéttarinnar er slæm vegna aðgerða fyrrverandi ríkisstj., vegna bjargráðanna 1958, vegna þess að þá voru ekki gerðar þær ráðstafanir, sem þurfti til þess, að hlutur bænda yrði ekki fyrir borð borinn. Það var þá, sem tekin var upp ný stefna, að gera upp á milli hinna ýmsu stétta þjóðfélagsins. Þá var tekin upp sú stefna að leggja jafnháa skatta á brýnustu nauðsynjar og ónauðsynlegar vörur, á rekstrarvörur landbúnaðarins og sjávarútvegsins, iðnaðarins og hinna ýmsu atvinnuvega. En ég hygg, að segja megi, að flestir hafi fengið nokkrar bætur upp í þessa skatta, aðrir en bændurnir.

En því er nú verr, að bændurnir voru að þessu leyti settir hjá. Það var ekki tryggt, um leið og 55% yfirfærslugjaldið var lagt á rekstrarvörur landbúnaðarins, að þeir fengju bætur fyrir í hækkuðu afurðaverði eða á annan hátt. Það var alveg ljóst, áður en þessi lög tóku gildi, að í gegnum verðlagningu landbúnaðarvara á þeim grunni, sem sú verðlagning er byggð, var ekki unnt að fá bætur bændunum til handa vegna þessara skatta. Þetta hefur komið í ljós, og það er það, sem þrengir nú að íslenzkri bændastétt, því að á þessu ári hafa bjargráðin komið á með fullum þunga. Vandamálið, sem nú er við að stríða vegna landbúnaðarins, er það að rétta hlut bændastéttarinnar aftur, þann-

ig að hann verði a. m. k. ekki verri en hann var fyrir bjargráðin.

Ég gæti vel trúað því, að hv. þm. Dal. vildi eiga hlut að því að leggja hönd á plóginn til þess að gera hlut bændastéttarinnar ekki lakari en hann var fyrir bjargráðin, þó að ekki sé meira sagt. Ég er sannfærður um, að ef hv. framsóknarmenn hefðu gætt hagsmuna bænda, á meðan vinstri stjórnin var og hét, þá hefðu þeir verið á verði og ekki látið óhappið ske. En það má segja, að það sé ekki ástæða til að vera að sakast um orðinn hlut, nú sé verkefnið framundan að lagfæra það, sem illa hefur verið gert, og bæta úr því. Það verður að gerast á næstu mánuðum, og byrjunin yrði þá sú að verðleggja landbúnaðarvörurnar á þann hátt, sem framleiðsluráðið hefur heimild til, að reikna bóndanum þær vörur, sem hann notar til síns bús, ekki á hærra verði í tekjum bóndans en nauðsynlegt er, eða miða við lægra verðið hverju sinni, hvort það er útsöluverð eða það, sem bóndanum er beinlínis ætlað að fá. Þá þarf einnig að tryggja, að bændur fái það verð, sem þeim ber samkv. verðlagsgrundvellinum. Þetta teldi ég góða byrjun. Ég er sannfærður um, að enginn sanngjarn maður mælir þessu í gegn. En svo er það vitanlega meira, sem þarf til að koma. Ég gæti bezt trúað því, að þar ætti ég og hv. þm. Dal. að mörgu leyti samleið.

Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till. Ef hún verður samþykkt, þá vitanlega getur það ekki neinu spillt, og greiði ég henni því atkvæði. Ég tel það fráleitt, að nokkuð verði gert í verðlagsmálum bænda, sem getur skaðað þá. Ekki er ástæða til að óttast, að það verði, hvað sem um tillöguna annars skyldi verða.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þegar þessari till. var útbýtt á sínum tíma, hafði ríkisstj. að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að hún fengi venjulega þinglega meðferð og yrði vísað til n. Í viðskmrn. hafði ég gert ráðstafanir til þess að geta látið þeirri n., sem fengi málið til meðferðar, í té nauðsynlegar upplýsingar, til þess að n. gæti tekið afstöðu til efnis till. Nú hefur hins vegar fyrsti flm. till. óskað þess, að málinu yrði ekki vísað til n. Þá væri nauðsynlegt og sjálfsagt, ef sú yrði niðurstaðan, að veita þingheimi í heild þær upplýsingar í málinu, sem ég tel bráðnauðsynlegar, til þess að þm. geti greitt skynsamlega atkv. um till. En á þeim tíma, sem liðinn er, síðan þessi ósk var fram borin af hálfu fyrsta flm. till., hef ég ekki haft aðstöðu til þess að afla eða láta útbúa þær upplýsingar, sem ríkisstj. hefði viljað koma á framfæri, áður en til afgreiðslu till. kæmi. Þess vegna verð ég, herra forseti, mjög eindregið að mælast til þess, að umræðunni verði frestað.

Eysteinn Jónsson: Ég vil láta í ljós álit mitt um þessa ósk hæstv. menntmrh. Það er náttúrlega öllum mönnum ljóst, að ef þessari till. verður vísað til n., þá þýðir það sama og að vilji þingsins um þetta atriði kemur ekki í ljós. Það eru ekki líkur til þess, að n. geti starfað svo fljótt, að málið komi aftur á dagskrá, og þess vegna er ósk hæstv. menntmrh. raunverulega um, að málinu verði vísað frá og þingviljinn um málið komi ekki fram. Það er vitanlega misskilningur hjá honum, að þetta mál sé svo flókið, að það þurfi einhverjar sérstakar upplýsingar til þess að skapa sér skoðun á því. Og ég held, að hann þurfi ekki að bera neinn kvíðboga fyrir því, að þm. rasi um ráð fram eða kunni ekki fótum sínum forráð í þessu efni, enda hafa þeir sjálfsagt nokkuð mótaðar skoðanir um það, hvernig skynsamlegt sé að álykta um þetta efni. Þess vegna vil ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann verði ekki við ósk hæstv. menntmrh., heldur láti umr. halda áfram, þannig að atkvgr. geti átt sér stað.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég endurtek það, að ég tel alveg nauðsynlegt, áður en gengið er til atkv. um till. eins og þessa, að fram komi upplýsingar af hálfu stjórnarvalda um málið, og óforsvaranlegt af Alþingi að afgreiða mál eins og þetta, án þess að slíkar upplýsingar liggi fyrir. Ef hv. flm. var fyrir löngu búinn að gera upp hug sinn um það að óska eftir því, að málið færi ekki til n., þá hefði honum verið innan handar að skýra ríkisstj. frá því, að hann óskaði eftir því, að málið yrði afgreitt án nefndarathugunar, og þá hefði að sjálfsögðu gefizt tóm til þess að leita þeirra upplýsinga, sem ég tel nauðsynlegt að fram komi. Á þeim tíma, sem gefizt hefur, síðan óskin kom fram, hefur það tóm ekki gefizt, þótt nauðsynlegt sé. Þess vegna verð ég að halda fast við ósk mína um það, að umr. verði ekki lokið, heldur verði henni frestað.

Eysteinn Jónsson: Það er aðeins um fyrirkomulagið og þessa ósk hæstv. menntmrh. Ég álít, að þetta sé hreinn fyrirsláttur hjá hæstv. menntmrh. og ekkert annað en tilraun til þess að koma í veg fyrir, að þingviljinn um þetta efni komi í ljós. Það þýðir auðvitað ekkert fyrir hæstv. menntmrh. að bera það fyrir, að þm. séu svo ókunnugir þessu niðurgreiðslukerfi og ókunnugir því, hvort hyggilegt sé að halda áfram að greiða niður eða bæta við niðurgreiðslum á landbúnaðarafurðum án þess að spyrja framleiðsluráð, að þeir séu ekki bærir um að greiða atkv. án þess að fá einhverjar sérstakar leiðbeiningar frá honum eða ríkisstj. um það. Ég mótmæli þessum fyrirslætti algerlega sem óþinglegum með öllu og fram komnum til þess að koma í veg fyrir, að þingviljinn komi í ljós um þetta mál. Till. fjallar um það, eins og menn vita, að óska eftir því, að ekki verði gengið lengra á þessari niðurgreiðslubraut nema í samráði við framleiðsluráð landbúnaðarins og tekið tillit til óska þess í því. Hv. þm. eru áreiðanlega alveg bærir um að gera upp hug sinn í því máli án þess að fá sérstakar forskriftir um það frá hæstv. ríkisstj. Ég vil því enn skora á hæstv. forseta að taka ekki þessa ósk hæstv. menntmrh. til greina og raunar skora á ráðh. að taka þessa ósk aftur, því að hún er ekki þingleg að mínum dómi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það voru aðeins þau ummæli hv. 1. þm. S-M., að ósk mín væri ekki þingleg, sem gefa mér tilefni til að taka það fram, að það er ósk hv. 1. flm. till., sem er ekki þingleg. Það er óþingleg meðferð að gera ráð fyrir atkvgr. um mál, án þess að því sé vísað til n. Ef það kemur fyrir, að máli sé ekki vísað til n., á að sjálfsögðu að gefast tilefni til þess að ræða málið ýtarlega og gefa allar upplýsingar um málið, sem fyrir kunna að liggja, af hálfu stjórnarvalda, og það væri óþingleg meðferð að gera það ekki. Þess vegna endurtek ég enn ósk mína til forseta um, að málinu verði frestað.

Eysteinn Jónsson: Ég skal ekki munnhöggvast við hæstv. menntmrh. um þetta. Ég er búinn að segja það, sem frá mínum bæjardyrum séð skiptir máli um það. Það er náttúrlega gersamlega óþinglegt, að ríkisstj. eins og sú, sem hann á sæti í, óski eftir því, að það verði tekið slíkt tillit til hennar, að þingviljinn fái ekki að koma í ljós um þetta mál. En ég skal ekki ræða um það meira. Ég hef sagt mína skoðun. En þá vil ég skora á hæstv. forseta, ef hann vill ekki með öllu bægja þessari ósk hæstv. ráðh. frá, að bera það undir atkv. hv. alþm., hvort réttmætt sé að taka ósk hans til greina eða ekki. Ég vil beina því til hans, að hann beri það atriði undir atkvæði.

Forseti (BBen): Hér er óskað eftir því, að þingviljinn komi fram, og þá er rétt, að ég fái að segja það, sem ég ætlaði að segja fyrr, en hef ekki komizt að fyrir þessum hv. ræðumönnum, að ég hafði tjáð ýmsum þm. seinni partinn í dag, að ég gerði ekki ráð fyrir því, að atkvgr. færi fram á þann veg, að um fullnaðaratkvgr. væri að ræða. Það má vera, að það sé mín sök, og þá tek ég hana á mig. En þetta tjáði ég allmörgum þm., sem nú eru farnir úr bænum. Ég hafði talið mig hafa við nokkuð að styðjast í þessu áliti mínu. Nú er komið í ljós, að það er misskilningur, og má vel vera, að það sé misskilningur af minni hendi. Og ég held því ekki fram sem sökum á neinn annan. En ég hafði lýst því við allmarga þm., sem komu til mín og spurðu mig um það, hvort atkvgr. yrði hér efnisleg, að svo yrði ekki, og gerði þá ráð fyrir, að það væri samkomulag um að vísa þessum málum báðum til nefnda. Hv. 1. þm. S-M. hafði mjög eindregið farið þess á leit við mig, að málin yrðu tekin á dagskrá, og ég varð fúslega við þeirri ósk, til þess að þau yrðu hér reifuð. Nú hef ég orðið við þeirri ósk, og þessi fundur hefur verið haldinn í því skyni. Það var fram haldið fundi í dag lengur en menn höfðu gert ráð fyrir, og nú er aftur kvöldfundur, til þess að málið verði rætt, og ég frestaði fundi m. a. til þess að gera tilraun til þess að ná í þá þm., þ. á m. tvo ráðh., sem höfðu tjáð mér eða spurt um það, hvort hér yrði efnislega gengið frá þessum málum, og þeir voru farnir úr bænum. Ég náði í hæstv. menntmrh., sem einnig hafði talað við mig. Ég tel að svo stöddu máli ekki fært að láta atkvgr. fara fram um þetta mál né hitt málið, sem á dagskrá er. Það er einfaldlega af þessum ástæðum, að ég hafði sagt mönnum, að efnisatkvgr. mundi ekki fara fram. Ef það er misskilningur hjá mér, tek ég á mig þá sök, en ég get ekki, þar sem ég gerði tilraun til þess að ná í þessa menn og það tókst ekki, látið atkvgr. fara fram.

Eysteinn Jónsson: Ég vil þá stinga upp á þeirri leið í málinu, að hæstv. forseti láti fara fram atkvgr. á fundi í fyrramálið, t. d. kl. 11.

Forseti (BBen): Það mun verða tekið til athugunar, en þinglausnir eru ákveðnar kl. hálf tvö eins og menn vita. Ég skal láta kanna það strax í fyrramálið, hvort hægt er að hafa samband við menn. Rétt er því, að menn verði við því búnir með stuttum fyrirvara að koma á fund kl. 11. En ég get ekki tekið afstöðu til þess fyrr en síðar, hvort í þm. næst, þá sem sögðu mér, að þeir mundu fara og mundu ekki koma aftur fyrr en á þeim tíma, sem þinglausnir voru ákveðnar á. Ég vil ekki hér á neinn hátt, en ég verð að hafa þá meðferð á, að mín orð standi gagnvart þeim mönnum, sem í góðri trú fóru úr bænum.

Þar sem fleiri menn eru á mælendaskrá og þess hefur verið óskað af hæstv. menntmrh., að umr. yrði frestað, og ljóst er, að hér geta orðið almennar umr., ef haldið verður áfram, en tilgangslítlar, og tilkynnt er, að atkvgr. fer ekki fram í kvöld, þá fresta ég umr., tek málið út af dagskrá.

Eins og tilkynnt hefur verið, eru þinglausnir ákveðnar kl. 1½ miðdegis á morgun. Ég mun athuga, hvort fært er að ná í menn, þannig að þingviljinn raunverulega geti komið fram. Það er óskað eftir því, að hann komi fram, og þá er þýðingarlaust að halda fund, nema náist í þá, sem úrslitum geta ráðið, úr því að hér er um deilumál að ræða. Ég mun athuga það, og þm. munu fá vitneskju um það milli 10 og 11 í fyrramálið.

Umr. frestað, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Togarasmíð.

Á 6. fundi í Nd., 29. júlí, og 5. fundi í Sþ., 30. júlí, var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um smíði togara og ráðstöfun þeirra [7. mál, 1] (A. 9).

Á 5. fundi í Sþ., 30. júlí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 5. ágúst, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Við hv. 2. þm. N-M. og 2. þm. S-M. höfum leyft okkur að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. ríkisstj.:

1. Hvað hefur ríkisstj. gert samninga um smíði á mörgum togurum?
2. Hvaða lánasamningar hafa verið gerðir vegna togarakaupanna, og hver eru lánskjörin?
3. Hefur verið leitað tillagna frá atvinnutækjanefnd um dreifingu togaranna samkvæmt 1. gr. laga nr. 94 frá 1956?
4. Hverjar eru till. nefndarinnar?

Fyrirspurnir þessar skýra sig að mestu sjálfar.

Hæstv. forsrh. tilkynnti það á sjómannadaginn, að ríkisstj. hefði haft milligöngu um smíði 8 togskipa. Eftir blaðaskrifum virðist þó tala þessi vera nokkuð á reiki. Okkur fyrirspyrjendum þykir rétt, að hæstv. Alþingi fái áreiðanlegar upplýsingar um það mál.

Um 2. liðinn er það að segja, að ekki virðist óeðlilegt, að hæstv. Alþingi fái greinargóða skýrslu um lánskjör og lánstíma í sambandi við þessi fyrirhuguðu skipakaup, þar sem lögin um skipakaup o. fl. heimila allt að 85—90% ábyrgð ríkissjóðs til kaupa á þessum mikilvirku atvinnutækjum.

Um 3. liðinn í fsp. er það að segja, að lög þau, er stuðzt er við í sambandi við skipakaupin, þ. e. lög nr. 94 frá 1956, taka það ótvírætt fram, að skipum, sem smíðuð séu innan þess ábyrgðarramma, er lögin heimila, skuli úthlutað að fengnum till. atvinnutækjanefndar.

4. liður fsp. er í beinu framhaldi af 3. liðnum og er aðeins ósk um upplýsingar um, hvaða till. atvinnutækjanefnd hafi gert í þessu máli.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Þessum fsp., sem hér hefur verið lýst og prentaðar eru á þskj. 9, skal ég leyfa mér að svara þannig:

Fyrsta fsp. hljóðar svo: Hvað hefur ríkisstj. gert samninga um smíði á mörgum togurum? Þessu vil ég svara á þá leið, að ríkisstj. hefur ekki gert samninga um kaup á togurum, eins og l. nr. 94/1956 þó heimila henni. Hins vegar hefur hún veitt innflutningsleyfi fyrir fjórum togurum og aðstoðað væntanlega kaupendur þeirra við samningsgerðir og veitt þeim hina sömu fyrirgreiðslu og nefnd lög heimila, þ. e. ríkisábyrgð fyrir láni, sem nemur 90% af kaupverði hvers togara, sem gerður er út frá verstöð utan Reykjavíkur, en 85% af kaupverði þess togara, sem ætlað er, að gerður verði út frá Reykjavík.

Togarakaupanefnd hefur verið tæknilegur ráðgjafi ríkisstj. við þessa samninga og þá einkum formaður nefndarinnar, Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri.

Um þessa tölu er það að segja, að þegar ég sagði frá því á sjómannadaginn, að veitt mundu verða leyfi fyrir 8 togurum, þá var, eins og ég lýsti þá, gert ráð fyrir 4 togurum hvort árið 1959 og 1960, sem kæmu hingað til landsins á árunum 1960 og 1961. Þetta var byggt á loforði, sem ég hafði fengið frá Seðlabankanum um það, að hann mundi aðstoða við lántökur, sem nægja mundu til þessara kaupa.

Önnur spurningin er svo hljóðandi: Hvaða lánasamningar hafa verið gerðir vegna togarakaupanna, og hver eru lánskjörin? Um þetta er það að segja, að samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, er enn ekki að fullu gengið frá lánssamningum vegna skipasmíðanna, eins og ekki hefur heldur verið gengið að fullu frá skipasmíðasamningunum sjálfum. Þeir eru að komast á lokastig, og má segja, að þeim sé verið að ljúka, en fullgengið er ekki frá þeim og ekki heldur lánssamningunum. En telja má nokkurn veginn víst, að lánin verði til 12 ára með 6½% vöxtum. Lánsfjárhæðirnar verða hinar sömu og fyrrnefndar ríkisábyrgðir taka til, 85% og 90%, eftir því, hvaðan skipin verða gerð út.

Þriðja spurningin og fjórða spurningin eru svo um það, hvort till. atvinnutækjanefndar um dreifingu togaranna samkvæmt 1. gr. laga nr. 94 frá 1956 hafi verið leitað og hverjar þá hafi verið tillögur nefndarinnar. Þessu er því til að svara, að tillagna n. hefur ekki verið leitað, þar sem þessi aðstoð hefur verið veitt sem svar við tilmælum ákveðinna manna, sem ríkisstj. gekk

út frá og vissi og hafði sannfært sig um að hefðu fulla þörf fyrir þessi skip, enda gera lögin það ekki að neinni skyldu í sambandi við þessa fyrirgreiðslu að fara eftir tillögum atvinnutækjanefndar um það mál.

Björgvin Jónsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir greinargóð svör við þessum fyrirspurnum okkar þremenninganna.

Það kemur hér í ljós, eins og tæpt var á í blöðum, að raunverulega er ekki búið að gera samninga um smíði eða ákveða smíði nema á 4 togurum, og er aðeins óljós von um það, að unnt verði að smíða 4 skip á næsta ári. Þetta undirstrikar sem sagt það, sem sagt var um þetta mál í blöðum.

Í sambandi við annan lið fsp. er það að segja, að ekki virðist fullgengið frá lánskjörum eða ekki a. m. k. búið að undirrita samninga, og er vitanlega ekkert við því að segja, þar sem fyrir virðast liggja bæði lánstími og vextir.

En með þriðja og fjórða lið spurningarinnar kemur í ljós, að ríkisstj. hefur ekki á nokkurn hátt leitað tillagna atvinnutækjanefndar um dreifingu þessara mikilvirku atvinnutækja. Ég skal taka það fram strax, til þess að það valdi ekki misskilningi, að það er alveg vafalaust, að þessi tæki hafa verið látin til staða, sem höfðu þeirra full not, og a. m. k. ég og fyrirspyrjendur sjáum á engan hátt ofsjónum yfir ráðstöfunum á skipunum. En ég held, að það sé alveg nauðsynlegt, þegar farið verður að endurnýja togaraflota okkar áframhaldandi, að stuðzt verði við till. atvinnutækjanefndar um dreifingu þessara mikilvirku atvinnutækja, því að það er vitað mál, að þrátt fyrir það, þótt togaraútgerð hafi oft gengið verr úti á landi en hér við Faxaflóa, þá eru þetta svo mikilvirk tæki til jöfnunar á atvinnu og bæta svo mikið aðstöðu þeirra, sem í dreifbýlinu búa, að það verður óhjákvæmilegt að staðsetja nokkuð mikið af þessum skipum utan Faxaflóasvæðisins.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði, sem ég vildi leita upplýsinga um í sambandi við þessi togarakaup, því að mér sýnist, að þetta sé á allmikið öðrum grunni en gert hafði verið ráð fyrir. Hér er um það að ræða, að aðeins séu veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir 4 skipum á þessu ári og þá aftur væntanlega öðrum 4 eða vonir standa til þess á næsta ári, en hins vegar er gert ráð fyrir því, að ríkisábyrgð verði veitt allt að 90%. En þar sem ekki er um aðra fyrirgreiðslu en þetta að ræða frá hálfu ríkisins, þá vildi ég spyrjast fyrir um það: Er nokkuð á móti því, að ríkisstj. veiti innflutnings- og gjaldeyrisleyfi fyrir meira en fjórum skipum, ef kaupendur skipanna geta útvegað sér erlend lán fyrir allt að 80—90% af andvirði skipanna og geta fengið þessa ríkisábyrgð? Mér er kunnugt um það, að einstakir aðilar hafa sótt allfast eftir að fá að kaupa skip. Er nokkuð á móti því, að það séu veitt innflutnings- og gjaldeyrisleyfi af hálfu ríkisins til fleiri aðila en þessara fjögurra? Ég vildi, að það kæmi hér fram, og mér finnst, að það væri sú minnsta fyrirgreiðsla, sem hægt er að veita, eins og ástatt er með okkar togaraflota, að veita þeim aðilum, sem eftir slíku sækjast, slík leyfi, þegar ekki er um það að ræða, að ríkið þurfi sjálft að kaupa skipin og útvega lán fyrir þeim, þegar ekki er um það að ræða, að það strandi á því, að ríkið geti útvegað lánið.

Þessu vildi ég beina til hæstv. forsrh. og spyrjast fyrir um það, hvort ekki væru möguleikar á því að veita fleiri innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, ef einstakir aðilar sækja eftir því og geta útvegað sér þessi erlendu lán.

Forsrh. (Emil Jónsson): Út af þessari fsp. hv. 10. landsk. þm. vildi ég aðeins segja það, að fyrirgreiðsla ríkissjóðs hefur að nokkru leyti verið meiri en sú að útvega eða veita innflutnings- og gjaldeyrisleyfi og veita ríkisábyrgðina, því að á hennar vegum hefur að langmestu leyti verið útvegað það fé, sem til þessara togarasmíða hefur þurft. Þrír af þessum fjórum togurum eru byggðir fyrir fé, sem útvegað hefur verið á vegum ríkisstj., og það varð samkomulag við stjórn Seðlabankans um það að fara ekki í þessar sakir með meiri hraða en þetta, sem hv. þm. þykir nú kannske fulllítill. En margir töldu það heppilegra, að heldur yrði veitt einhver ákveðin tala, stöðug, á hverju ári, heldur en að hlaupið yrði í það að kaupa einhvern stóran flota í einu, þá mætti betur fylgjast með þeim nýjungum, sem kæmu fram í þessum málum, og yfirleitt var af ýmsum þeim mönnum, sem mátti telja að hefðu bezt vit á þessum hlutum, hvatt frekar til þess að hafa heldur minni árlega tölu en jafnari. Og nokkur munur er þó á því að fá fjóra togara inn á ári heldur en að fá engan, eins og verið hefur á undanförnum árum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég heyri það nú, að hæstv. forsrh. segir, að lán til þessara skipakaupa hafi verið útveguð að verulegu leyti á vegum ríkisstj., og fer nú a. m. k. tvennum sögum um það. En það var ekki það, sem skipti verulegu máli í minni fsp., heldur hitt: Ef einstakir aðilar, sem vilja kaupa skip, geta útvegað sér lánin og þurfa ekki einu sinni á fyrirgreiðslu ríkisstj. að halda, hvers vegna má þá ekki veita þessi leyfi? Er þá komið að þessum punkti, að það séu til þeir spekingar í okkar landi, sem segja: Það er heppilegra að kaupa þá færri. Það er betra að bíða. — Við þekkjum þetta, við höfum heyrt þessar upplýsingar áður, en ég er ekki á þeirri skoðun. Ég álít, að það eigi síður en svo að stöðva menn í því að kaupa togara til landsins, ef þeir fá við það ráðið. Og allt um það þó að vissir forustumenn í Seðlabankanum vilji setja þau skilyrði fyrir því að veita nauðsynlega fyrirgreiðslu þarna, að það verði ekki keypt nema fjögur skip, þá álít ég, að slíkar reglur séu vægast sagt vafasamar, og það ætti að veita mönnum þessi leyfi til fleiri kaupa en hér er um að ræða, ef þeir geta sjálfir leyst vandann með þessari ríkisábyrgð.

Ólafur Thors: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. Ég er sammála hæstv. forsrh. um það, að farsælla sé að dreifa skipakaupunum

frekar á fleiri ár en eins og við gerðum í nýsköpunarstjórninni, að kaupa 30 togara í einu, þótt það væri út af fyrir sig farsæl ráðstöfun. Og ég vil leyfa mér sérstaklega að minna hv. 10. landsk. (LJós) í öllu bróðerni á það, að þegar við vorum að deila um stjórnarskrármálið og reyna að ná samkomulagi um það, þá var það fleinn í hans holdi, að sú hæstv. ríkisstj., sem nú fer með völdin, ætti að fara áfram með völdin, og hann treysti henni m. a. ekki til þess að framkvæma með réttlæti ýmsar þær ráðstafanir, sem eðli málsins samkvæmt falla undir verkahring ríkisstj. Og hann átti sinn veigamikla þátt í því, að þá var ákveðið, að ekki sjálf ríkisstj., heldur aðrir skyldu ráða því einvörðungu, gagnstætt því, sem var í hans ráðherratíð, hverjir fengju byggingarleyfi á vélbátum. Þetta vald var að hans tilhlutun og hans flokks tekið frá ríkisstj. og lagt í hendur innflutningsskrifstofunnar, út frá því sjónarmiði, að það væri öruggari hemill á meint ranglæti núverandi hæstv. ríkisstj., að þetta vald væri af henni tekið. Nú sýnist hann ekki í rónni, nema þessi hæstv. ríkisstj. flýti sér að úthluta helzt öllum þeim togaraleyfum, sem ætti að úthluta á næstu árum. Það er auðséð, að hann gerir ekki ráð fyrir að komast í stjórn. Ég er ekki að segja, að ég geri ráð fyrir að ráða neinu. En ég treysti mér að ráða þessu máli eins vel og núverandi ríkisstj. og vil gjarnan hafa hönd í bagga með því, hverjir fái þessi leyfi að afloknum kosningum, úr því að þessi hæstv. ríkisstj. hefur sætt sig við það. Ég tel líka samkvæmt eðli málsins mjög réttlátt að segja: Við höfum lofað 4 togurum á ári. Við úthlutum þeim 4 togurum, sem á að ráðstafa á þessu ári. Hitt geymum við þeim, sem koma skal, hvort sem það verður hv. 10. landsk. eða einhver annar. — Ég skil ekki þennan óróleika kommúnista og trúi ekki, að þeir séu einlægir.

2. Skattur á stóreignir.

Á 6. fundi í Nd., 29. júlí, og 5. fundi í Sþ., 30. júlí, var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til fjmrh. um skatt á stóreignir [7. mál, 2] (A. 9).

Á 5. fundi í Sþ., 30. júlí, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 5. ágúst, var fsp. tekin til umræðu.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var fsp. aftur tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 9 leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. varðandi skatt á stóreignir. Vil ég leyfa mér að fylgja þessari fsp. úr hlaði með örfáum orðum.

Stóreignaskattslöggjöfin er byggð á þeirri hugsun, að sanngjarnt sé, að þeir, sem einkum hafa grætt á verðbólguástandi undanfarinna ára, milljónamæringar, láti nokkuð af mörkum af verðbólgugróða sínum til opinberra þarfa og þá einkanlega til þess að bæta úr fyrir þeim, sem verðbólgan hefur leikið sérstaklega grátt, húsbyggjendum og þeim, sem jarðir þurfa að kaupa. Því er svo fyrir mælt í stóreignaskattslögunum, að stóreignaskatturinn skuli að ⅓ renna til veðdeildar Búnaðarbankans og ⅔ til Byggingarsjóðs ríkisins. Báðar þessar lánastofnanir, veðdeildin og Byggingarsjóðurinn, eru í mikilli fjárþörf. Skiptir því mjög miklu máli, að innheimta skattsins gangi greiðlega og eftir áætlun og að innborgað fé renni jafnharðan til nefndra stofnana. Því er í fyrsta lagi spurt, hvað innheimtu skattsins líði. Skv. 1. gr. laganna átti skatturinn að greiðast í síðasta lagi 6 mánuðum eftir, að skattupphæð var tilkynnt gjaldanda, þó svo, að ef skattur nemur 10 þús. kr., þá er gjaldanda heimilt að greiða allt að 90% af því, sem þar er fram yfir, með skuldabréfum, svo sem nánar segir í tilvitnaðri grein laganna.

Í annan stað er að því spurt, hvort ríkisstj. sé um það kunnugt, að stóreignaskattsgreiðendur hafi kært skattlagninguna til mannréttindanefndar Evrópu og þá væntanlega í því skyni að bera málið síðar undir mannréttindadómstólinn, og ef svo er, hverjar ráðstafanir ríkisstj. þá hafi gert af því tilefni.

Fsp. þessi er borin fram að gefnu tilefni. Frá því hefur verið skýrt í blöðum, fleiri en einu, að slík kæra standi til eða hafi átt sér stað, og minnir mig jafnvel, að fyrirsvarsmenn félagsskapar skattgreiðenda hafi verið fyrir því bornir.

Þá hefur það og ekki farið dult manna á milli, að a. m. k. tveir af fyrirsvarsmönnum þessa félagsskapar hafi gert för sína til Strassborgar ekki einu sinni, heldur tvisvar sinnum í því skyni, að talið hefur verið, að koma þvílíku málskoti á framfæri.

Nú er það að vísu svo, að margar kærur berast mannréttindanefndinni, og er auðvitað langsamlega flestum hafnað, enda margar hverjar komnar frá hálfgeðveiku fólki, svo sem hæstv. dómsmálaráðherra hefur skýrt frá í ágætri timaritsgrein, er hann hefur skrifað, en hann á af Íslands hálfu sæti í mannréttindanefndinni. Almennt er því ekki ástæða til að taka slíkar kærur hátíðlega. En í þessu tilfelli gegnir nokkuð öðru máli. Hér eiga ekki í hlut neinar vanmetakindur, heldur vel þekktir þjóðfélagsborgarar, áhrifamenn í þjóðfélaginu, sem margir hverjir teljast til helztu ráðamanna og máttarstólpa stærsta stjórnmálaflokksins í landinu, Sjálfstfl. Það eru því miklar líkur til, að svo verði litið á, a. m. k. erlendis, að Sjálfstfl. standi að baki þessum málatilbúnaði, eða a. m. k. að til hans sé stofnað með vitund hans og fullu samþykki, einkanlega þegar þess er gætt, að Sjálfstfl. sýndi löggjöf þessari andúð á sínum tíma. Frá mínu sjónarmiði er þess vegna slíkt málskot mjög alvarlegt fyrir íslenzka ríkið og áliti þess út á við beinlínis hættulegt. Með slíkri kæru er gefið í skyn, að löggjafarsamkoman virði hvorki stjórnarskrána

né mannréttindi. Í slíkri kæru felst enn fremur sú ásökun á hendur íslenzkum dómstólum og þá fyrst og fremst á hendur hæstarétti, að þeim sé ekki treystandi til að veita mönnum hér nægilega réttarvernd. M. ö. o.: í slíku málskoti felst óbeinlínis sú staðhæfing, að hér sé ekki réttarríki. Slík staðhæfing af hálfu þeirra manna, sem hér eiga hlut að, er skaðleg áliti okkar hjá öðrum þjóðum og auðvitað alveg sérstaklega skaðleg nú vegna landhelgismálsins, og þarf ekki að efa, að Bretar muni reyna að notfæra sér slíkt til stuðnings árásum sínum og ásökunum. Þeim er með þessu framferði milljónamæringanna beinlínis fengið vopn í hendur. Þó að engum, sem kynnt hefur sér málið, detti í hug, að mannréttindanefndin leyfi framgang þessarar kæru, þá er hún engu að síður fallin til þess að vinna okkur og okkar málstað tjón á erlendum vettvangi og auðvitað alvarleg misnotkun á þessum merku mannréttindastofnunum Evrópu. Því finnst mér full ástæða til þess að beiðast skýrslu ríkisstj. um þetta efni. Hitt er svo annað mál, sem ég ræði ekki hér að þessu sinni, hvert það þegnlyndi er og hver sá hugsunarháttur er hjá milljónamæringunum, — sem að vissu leyti hafa þó af forlögunum verið settir sólarmegin í lífinu, — sem býr að baki slíku málskoti.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Spurzt er fyrir um, hvað líði innheimtu skatts á stóreignir skv. l. nr. 44 3. júní 1957. Í tilefni af þessari fsp. vil ég taka fram eftirfarandi:

Álagningu skatts þessa var af skattstjórans hendi upphaflega lokið hinn 15. febr. 1958. Alls nam skatturinn 134985555 kr. Þessi upphæð skiptist þannig, að félög áttu að greiða 81978427 kr., en einstaklingar áttu að greiða 53007128 kr.

Skattgreiðendum var þegar tilkynnt um skattálagningu þessa með ábyrgðarbréfi. Næstum allir skattþegnar kærðu skattálagningu til skattstjóra, og tók hann fyrir kærur á venjulegan hátt og hafði lokið afgreiðslu þeirra hinn 14. ágúst 1958.

Við meðferð máls þessa hjá skattstjóra urðu nokkrar breytingar á skattálagningunni, svo sem eðlilegt er. Eftir reikningi skattstjórans eftir kærur nam heildarskattur 125886777 kr., er skiptist þannig, að félög skyldu greiða 75285000, en einstaklingar 50601000.

Þegar risu upp harðvítugar deilur um ýmis atriði við útreikning skattstofns við álagningu skatts. Fjölmenn samtök skattþegna höfu þegar eitt dæmimál, málið Guðmundur Guðmundsson og Trésmiðjan Víðir h/f gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Var í upphafi málsins einungis deilt um gildi laga nr. 44/1957 í heild og auk þess, hvort gild væru ákvæði laganna um mat á hlutafjáreign. Þessum þætti málaferlanna lauk hinn 29. nóv. 1958 með dómi hæstaréttar. Samkvæmt þeim dómi voru lögin almennt talin gild, en hins vegar voru felld úr gildi ákvæði þeirra um hlutafjáreign og lagt fyrir skattstjórnaryfirvöld að meta hlutabréf til verðs eftir sannvirði þeirra.

Skattstjórinn myndaði sér síðan reglur um verðmætismat á hlutabréfum og ákvað verðmæti þeirra og reiknaði skattinn að nýju, og var því lokið hinn 12. marz 1959 og öllum skattþegnum tilkynnt um breytingar. Samkvæmt þeirri álagningu nam heildarupphæðin nú 113256849 kr., sem skiptist þannig, að félög skyldu greiða 62655566 kr., en einstaklingar 50601328 kr. Þessum úrskurði skattstjóra var þegar í stað skotið til ríkisskattanefndar af skattgreiðendum.

Hinn 28. maí 1959 kvað svo ríkisskattanefnd upp úrskurð um mat á hlutabréfunum, og var þar aðeins um dæminál að ræða, þ. e. a. s. mál Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h/f. Lagði ríkisskattanefndin algerlega nýjar matsreglur til grundvallar og felldi úr gildi reglur skattstjóra.

Þá hafa og málaferli um skatt þennan haldið áfram, og hinn 22. júlí 1959 gekk dómur í síðari hluta máls Guðmundar Guðmundssonar og Trésmiðjunnar Víðis h/f, en með þeim dómi voru felld úr gildi ákvæði laga nr. 44 1957 um, að fyrirframgreiddur arfur á árinu 1956 skyldi teljast eign arfláta. Er til athugunar um áfrýjun á þessum dómi.

Hinn 27. febr. 1959 hafði ríkisskattanefnd auk þess kveðið upp úrskurð um deilur, sem risið höfðu um, hvernig fara skyldi með þau dánarbú, þar sem eftirlifandi maki sat í óskiptu búi, en skattstjórinn í Reykjavík hafði talið heildarbúið hans eign. Ríkisskattanefnd leit hins vegar svo á, að við ákvörðun skattsins bæri að leggja til grundvallar reglu 3. málsgr. 4. gr. laga nr. 44 1957 og skipta erfðahluta, þar sem setið væri í óskiptu búi, á milli erfingja samkv. því. Hins vegar gat ríkisskattanefnd eigi komið því við þá þegar að reikna út skatt allra þeirra aðila, sem hér skiptu máli, vegna þess að þessi breyting hafði áhrif á mjög mörg hlutafélög, en vandasamt mjög að reikna skatthluta þeirra.

Innheimta skattsins hófst um áramótin s. l. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nú eru fyrir hendi, hafa hinn 30. júlí 1959 eftirtaldir aðilar greitt skatt sinn: Í Reykjavík hafa 194 einstaklingar greitt samtals 4440066 kr. og gefið út skuldabréf til tryggingar skattinum samtals að fjárhæð 12407928.80. Þá hafa 203 félög greitt í reiðufé 5593679 kr., og 103 félög í Reykjavík hafa gefið út skuldabréf til tryggingar skattinum að fjárhæð 18404573.30. Utan Reykjavíkur hafa 5 einstaklingar greitt samtals 57217 kr., og 5 einstaklingar hafa gefið út skuldabréf til tryggingar skattinum að fjárhæð 145965 kr. Þá hafa 5 félög utan Reykjavíkur greitt af skatti þessum samtals 264129 kr. og 5 félög gefið út skuldabréf til tryggingar skattinum samtals að fjárhæð 1803169 kr. Þannig hefur alls verið greitt af skatti þessum í peningum 10355091, en í veðskuldabréfum 32861637.10, eða alls greitt 43216728.10.

Ástæðan til þess, að eigi hefur verið innheimt meira af skattinum, er sú, að eigi hefur enn verið unnt að reikna hann út að fullu, þannig að séð væri með vissu, hvað hver aðili á að greiða. Þannig hefur, eins og áður er getið, ríkisskattanefnd enn eigi reiknað út, hver breyting verði vegna úrskurðar þess, sem fyrr var getið um, frá 27. febr. 1959, að því er varðar

setu í óskiptu búi og breytingu á dánarbúum í því sambandi. Er vitað, að þetta atriði mun hafa áhrif á allmarga skattþegna, þ. á m. mörg félög. Þá hefur og leitt af úrskurði ríkisskattanefndar um verðmætismat hlutabréfa, að reikna verður skatt hlutaðeigandi að nýju, en slíkt er flókið og tímafrekt. Allt þetta veldur því, að innheimta hefur tafizt, en að sjálfsögðu mun henni hraðað svo sem framast er unnt og lög standa til, þegar endanlega er vitað, hvað hverjum gjaldþegni ber að greiða. En eins og fram hefur komið í frásögn þessari, þá eru lögin um stóreignaskatt mjög erfið í framkvæmd og sífelldur ágreiningur á milli skattstjóra, ríkisskattanefndar og dómstóla um, hvernig skilja beri og framkvæma skuli einstök atriði, auk þess sem viss ákvæði laganna hafa verið felld úr gildi með dómi hæstaréttar.

Þá er spurzt fyrir um það, hvort ríkisstj. sé kunnugt um, hvort stóreignaskattsgreiðendur hafi kært skattlagninguna til mannréttindanefndar Evrópu.

Stofnuð hafa verið tvö félög stóreignaskattsgreiðenda. Fyrir þó nokkru skýrði formaður annars félagsins mér frá því, að hann væri í þann veginn að ganga á fund mannréttindanefndarinnar og hygðist kæra skattálagninguna og dóm hæstaréttar fyrir þessari nefnd. Meira veit ég ekki um það mál. Engin tilkynning hefur borizt til ráðuneytisins um, að nein kæra hafi komið fram, og fregnir um það, hvort orðið hefur úr þessari ferð formanns félagsins eða hvernig henni hefur reitt af, hef ég engar haft.

Fyrirspyrjandi (Ólafur Jóhannesson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög greinargóða skýrslu varðandi fyrri lið þessarar spurningar, sem hér var um að tefla, þ. e. a. s. hvað liði innheimtu stóreignaskatts. Sú skýrsla, sem hann gaf þingheimi um það efni, var mjög fróðleg og lærdómsrík, og ég tel það vel farið, að þingheimi var gefin sú skýrsla, því að vissulega á Alþingi fullan rétt á að fylgjast með, hvað jafnþýðingarmiklu máli líður. En af skýrslu þeirri, sem ráðh. flutti um það efni, er það m. a. auðsætt, að þessi skattur hefur í meðförum stjórnarvaldanna og dómstólanna lækkað frá því, sem var í upphafi, úr 134 millj., ef ég man rétt, og niður í um 113 millj., eða um rúmlega 21 millj. Og það er ekki svo lítið, sem þannig fellur niður af þessari skattupphæð frá því, sem upphaflega var reiknað með.

Um skýrslu hæstv. ráðh. varðandi innheimtuna verður það annars að segja, að innheimtan hefur gengið seint, en til þess liggja sjálfsagt ýmsar ástæður, sem ekki hefur verið gott að komast hjá, eins og hann rakti, og ég skal ekki fara frekar út í það, heldur aðeins láta í ljós þá ósk, að þessari innheimtu sé hraðað, svo sem kostur er á, eins og hæstv. ráðh. reyndar gaf fyrirheit um að gert mundi verða.

Varðandi annan lið spurningarinnar var hæstv. ráðh. miklu fáorðari en um fyrri liðinn og gat raunar litlar upplýsingar gefið aðrar en þær þó, að hann staðfesti þann orðróm og þær blaðafregnir, sem hafa verið á kreiki varðandi þetta mál, að fyrirsvarsmenn félagsskapar skattgreiðenda hygðust að bera það undir mannréttindanefnd Evrópu. Hins vegar taldi hæstv. ráðh., að ríkisstj. væri ekki að öðru leyti um málskot þetta kunnugt.

Nú er það svo, að það á náttúrlega ekki að geta farið fram hjá ríkisstj., ef þetta málskot er fram komið, vegna þess að eftir þeim reglum, sem um þetta gilda, stofnskrá nefndarinnar, á að gera þeim deiluaðilum, sem eiga hlut að máli, viðvart, svo að þeir geti talað sínu máli, og auk þess á, eins og ég drap á áðan, hæstv. dómsmrh. sæti af hálfu Íslands í þessari mannréttindanefnd. Þess vegna verð ég að segja það, að mér þykir raunar nokkurri furðu gegna, hversu hæstv. ráðh. er fáfróður um þetta atriði.

Í annan stað tók hæstv. ráðh. enga afstöðu til þess álits, sem ég lét í ljós, að ég teldi þetta hættulegt fyrir íslenzka ríkið, fyrir málstað og álit íslenzka ríkisins erlendis. En hæstv. fjmrh. er þó jafnframt utanrrh. og fer með það veigamikla deilumál, sem við allir þekkjum, landhelgismálið, sem ég einmitt minntist á að hugsanlegt væri að þessi málatilbúnaður allur gæti orðið mjög hættulegur. Ég hefði nú kosið, að hæstv. ráðh. hefði látið í ljós álit sitt á þessu atriði, látið í ljós, hvort hann fordæmdi ekki þessa aðferð hjá þessum milljónamæringum, sem hafa átt þess fullan kost að leita til réttra íslenzkra stjórnarvalda um þetta mál og hafa líka gert það, eins og fyrri skýrsla hans bar greinilega með sér, — hafa átt kost á því að leita til íslenzkra dómstóla, þ. á m. hæstaréttar, og hafa líka gert það, eins og skýrsla hans bar líka með sér, en vilja svo ekki láta sitja við þetta, vilja ekki virða þessar stofnanir íslenzku þjóðarinnar, vilja ekki treysta því, að hæstiréttur kveði upp um þetta atriði réttan dóm lögum samkvæmt. Ég tel það mjög fróðlegt — **(Forseti:** Hv. þm. hefur lokið sínum tíma.) Já, ég skal ljúka máli mínu. Ég tel það mjög fróðlegt fyrir þingheim að fá að vita, hverja afstöðu hæstv. ráðh. hefur í þessu efni.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér í þessar umr. að öðru leyti en því, að ég tel fullt tilefni til að lýsa því yfir, að þessi málsmeðferð er að sjálfsögðu algerlega óviðkomandi Sjálfstfl., og ég tel það leiðinlegt og mjög vítavert, að hv. 1. þm. Skagf. (ÓlJ), sem kemur hér upp sem lagaprófessor, fullur af vandlætingu, leggur sýnilega meiri áherzlu á að leggja sökina á einn flokk fremur öðrum heldur en hitt, að færa rök að því, að sjálft atferlið sé, eins og hann telur, vítavert eða ekki með réttum hætti. Ég hefði metið miklu meira hans ræðu, ef til grundvallar virtist liggja einhver tilfinning fyrir því, að Íslendingar hefðu orðið sér til vansæmdar út á við, heldur en þegar svo mjög blandast inn í það hin tilhneigingin, að þetta vítaverða athæfi að hans dómi sé sök Sjálfstfl. Ég veit ekki, hvað margir milljónamæringar eru í Framsfl., en það má hafa min orð fyrir því, að þeir eru margir, leyndir og ljósir, ljósir og leyndir, hvort tveggja. Og hvað hver á í pokahorninu af þessum milljónum, sem þarna er verið að rífast um, skal ég láta liggja milli hluta, en ég víti það, að maður, sem talar í nafni

föðurlandsástar og af virðingu fyrir íslenzkum málstað og áliti Íslendinga út á við, skuli leggja á það megináherzlu að reyna að sakfella Sjálfstfl. fyrir þetta atferli, enda þótt hann viti vel, að hans eigin flokkur á þar jafna sök og Sjálfstfl., einfaldlega vegna þess, að hvorugur flokkanna á neina aðild að málinu.

Björn Ólafsson: Herra forseti. Hv. þm. G-K. (ÓTh) hefur nú svarað því aðalatriði, sem ég ætlaði að gera að aðalumræðuefni, og ég skal því ekki endurtaka það.

Mér sýnist af skýrslu hæstv. ráðh., að innheimta skattsins hafi gengið miklu betur en vænta mátti, eftir því sem málin hafa staðið. Ég er út af fyrir sig ekkert að harma það, en ég vil benda á, að mér þykir ekki ólíklegt, að það geti verið mjög vafasamt að reka á eftir innheimtunni, eins og gert hefur verið, og láta útbúa skuldabréf fyrir lánum, meðan ekki hefur verið gert út um það, hvað gjaldendurnir eiga að greiða. Því er ekki lokið enn. Og meira að segja, meðan verið er að gefa þessi skuldabréf út og undirrita þau, er vitanlegt, að fjöldi af þeim mönnum, sem undirrita bréfin nú, eiga að fá mikinn afslátt af þeim skatti, sem þeim er ætlað að greiða samkvæmt skuldabréfunum.

Hv. fyrirspyrjandi virtist harma það, að skatturinn væri nú kominn niður í 113 millj. Ég gat ekki betur skilið á honum en hann teldi það mjög illa farið. En hv. fyrirspyrjandi hefur vafalaust ekki munað eftir því, að þegar þetta mál var hér til umr. í þinginu, var gert ráð fyrir því, að skatturinn gæti alls ekki farið upp fyrir 85 millj., en hann fór upp í 135 millj.

Framsfl. þykist öllum fótum í jötu standa og geta leyft sér að segja það, að Sjálfstfl. standi fyrir því, að málinu hafi verið skotið til útlanda. En hv. framsóknarmenn stóðu fyrir álagningu stóreignaskattsins, svo vel sem frá því var gengið. Og þeir sáu fyrir því, að þessi 135 millj. stóreignaskattur skyldi ekki snerta neitt af samvinnufélögum landsins, þó að þau eigi milljónir í tugatali. Og þetta var gert á þann hátt, að skatturinn var lagður á einstaklinga. Því fékkst ekki framgengt 1950, og því fékkst ekki framgengt þegar síðasti stóreignaskattur var lagður á, að skatturinn væri lagður á alla skattaðila í landinu, bæði einstaklinga og félög. Og af hverju var það gert? Það var vegna þess, að ef skatturinn er lagður á einstaklinga, þá borga samvinnufélögin engan stóreignaskatt, og eins og allir vita, þá varð niðurstaðan sú, að samvinnufélagsskapurinn í landinu með Samband íslenzkra samvinnufélaga í broddi fylkingar greiddi 300 þús. kr. af þessum 135 millj.

Þeir menn geta vissulega djarft úr flokki talað, sem hafa séð svona vel fyrir eigin hagsmunum í máli eins og þessu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls, en vegna þess, sem hv. þm. G-K. (ÓTh) sagði og hv. síðasti ræðumaður, þá vil ég þó nota þessar örfáu mínútur, sem ég hef til þess að leggja hér orð í belg.

Ég vil þá fyrst segja, að það kom fram hjá síðasta ræðumanni, að samvinnufélögin borguðu ekki stóreignaskatt. Og hann segir, að það hefði átt að leggja stóreignaskattinn á alla skattaðila í landinu. Við höfum heyrt þetta áður, að Sjálfstfl. vildi leggja stóreignaskattinn þannig á, að hann væri lagður á félög og einstaklinga. Þetta hefði þýtt, að þeir einstaklingar, sem voru svo forsjálir að hafa dreift milljónum sínum í nægilega mörg fyrirtæki, hefðu í ýmsum tilfellum engan stóreignaskatt borgað. En aftur á móti var það fyrir áhrif annarra manna, að lagt var á þannig, að hver einstaklingur í landinu borgar af öllum sínum eignum, í hvaða félögum sem eignirnar eru, og það ætla ég að öllum mönnum ætti að geta fundizt réttlátt. Ef samvinnufélögin þurfa lítið að borga af stóreignaskatti fyrir sína félagsmenn, þá er það fyrir það, að í þeim eru fáir milljónamæringar, og ekki fyrir neitt annað. Málið er ekkert flókið. Það er svona. Það borgar hver einstaklingur í landinu af því, sem hann á, í hvaða félagi sem það stendur.

Varðandi það, sem hv. þm. G-K. sagði, hefði ég kunnað betur við, að hann hefði beint orðum sínum til hv. 1. þm. Skagf. (ÓlJ), meðan hann gat tekið til máls og svarað fyrir sig, en það gerði hv. þm. ekki. En hv. 1. þm. Skagf. sagði, að menn gætu auðveldlega álitið, að Sjálfstfl. stæði að því, að þetta ógeðslega málskot ætti sér stað, vegna þess, hversu margir milljónamæringar væru innst við jötu í Sjálfstfl. Hygg ég, að þetta sé ekkert ofmælt.

Nú hefði maður getað haft ástæðu til að álita, að hv. þm. G-K. hefði hreinlega viljað reka þetta orð af flokknum með því að lýsa hér yfir andúð sinni á þessu framferði, þessum aðförum. Það var einfaldast fyrir hann að taka skeleggja afstöðu á móti því, sem þarna er verið að gera. En það gerði hann ekki í þeirri ræðu, sem hann flutti hér áðan, og ekki heldur hv. þm., sem síðast talaði. Þeir lýstu ekki hér yfir neinni fordæmingu á því, að þessi félagsskapur virðist ætla að kæra hæstarétt landsins og Alþingi fyrir að hafa brotið almenn mannréttindi, á sama tíma sem við eigum í einhverri erfiðustu deilu út á við, sem við höfum staðið í, þar sem er landhelgisdeilan. Og við vitum, að slíkt getur orðið til þess að veikja traust annarra þjóða á okkar réttarfari og löggjafarstarfi. Það var ekki eitt einasta orð til fordæmingar þessu af hálfu hv. þm. G-K., og hefði þetta þó verið ágætt tækifæri, eins og ég sagði, fyrir hann og aðra talsmenn Sjálfstfl. að taka hreinlega og drengilega afstöðu gegn þessu og fordæma það, eins og aðrir hafa gert, sem hér hafa talað.

Utanr.- og fjmrh. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Skagf. hafa *fundizt þær upplýsingar, sem ég hafði að gefa* í sambandi við kæruna til mannréttindanefndarinnar, nokkuð ófullnægjandi, og hann vildi heyra mitt álit á þeirri kæruför, er farin hefur verið. Eins og ég tók fram í minni fyrri ræðu, var ástæðan fyrir því, að ég fór ekki fleiri orðum um þetta, sú, að til mín hefur engin vitneskja borizt frá mannréttindanefndinni um, að málið hafi nokkurn tíma fyrir þá nefnd komið. Þegar formaður stóreignaskattsgreiðendafélagsins skýrði mér frá þessum áformum sínum, þá

fundust mér þessar tiltektir fráleitar, vegna þess að þetta mál getur ekki með neinu móti heyrt undir þennan dómstól. Þetta er okkar innanríkismál, og reglur mannréttindanefndarinnar og mannréttindadómstólsins eru að mínu áliti þannig, að málið getur ekki átt þar heima. Ef forustumenn skattgreiðendafélagsins hafa farið með þetta mál á fund mannréttindanefndarinnar, þá tel ég víst, að málinu hafi reitt þannig af, að n. hafi ekki við því tekið. Ef n. hefði við málinu tekið, mundi ríkisstj. að sjálfsögðu vera búin að heyra af því. Ég er sannfærður um, að n. hafi ekki viljað taka málið til athugunar, a. m. k. ekki enn þá, þar sem ekkert hefur um það frá henni heyrzt.

Það kom fram hjá hv. 1. þm. Skagf., sem var alveg rétt, að skatturinn hefði verið í upphafi 135 millj. kr., en væri nú kominn eftir endurskoðun niður í 113 millj. kr. Þannig stendur skatturinn í dag. Við þetta vil ég þó gera þá aths., eins og kom fram í minni fyrri ræðu, að enn er eftir að reikna skattinn út að verulegu leyti vegna breytinga bæði hjá hæstarétti og í ríkisskattanefnd á þeim úrskurðum, sem liggja til grundvallar þessum 113 millj. kr. Og þegar búið er að reikna þær breytingar út, þá eru allar líkur til þess, að skatturinn muni enn lækka nokkuð. Hann verður sjálfsagt alltaf eitthvað yfir þær 85 millj., sem í upphafi voru áætlaðar, en það verða aldrei mjög verulegar upphæðir, sem hann fer fram úr því. — Þetta þykir mér rétt að láta koma fram.

Ólafur Thors: Herra forseti. Ég verð að viðurkenna það, að ég þekki ekkert til þess málatilbúnaðar, sem hér er gerður að umræðuefni. Ég hef heyrt tvo lögfræðinga kveða upp dóm um það, að þetta sé alröng málsmeðferð, og jafnvel sjálfur hæstv. fjmrh. og utanrrh. segir: Þessi málsmeðferð er svo fjarri lagi, að mér dettur ekki í hug, að hún verði tekin til greina. — Þetta er þeim til leiðbeiningar, sem eru að beina því að stærsta flokki þjóðarinnar, að hann standi að málatilbúnaði, sem er svo fjarri lagi, að það er ekki einu sinni búizt við, að menn séu virtir svars, sem bera þetta fram.

Ég skal svo út af því, sem hv. 1. þm. S-M. sagði, aðeins segja það, að ég hef heyrt það hér í þessum umr., að hann stendur fyrir lagasetningu hér á þinginu svo vitlausri, að hæstiréttur Íslendinga þarf að dæma það ólöglegt, sem ríkisstj. gerir. Við höfum þarna tvo mjög virðulega aðila, sjálfa hæstv. ríkisstj. og hæstv. hæstarétt. Og hæstiréttur verður að fella úr gildi það, sem ríkisstj. er að gera. Svo förum við niður í neðri bekkinn, þar hittum við skattstjóra, virðulegan og gáfaðan mann. Svo förum við dálítið upp fyrir hann og hittum ríkisskattanefnd. Það, sem skattstjórinn gerir, segir ríkisskattanefnd að sé tóm vitleysa. Þarna eru fjórir virðulegir aðilar. Ef sá fimmti er til vitlaus í þjóðfélaginu, þá má hann það vera mín vegna, framsóknarmennirnir og sjálfstæðismennirnir, sem eru í milljónamæringanna tölu. Ég hef ekki verið kallaður til ráða. Ég veit vel, hvernig ég lít á málskot til annarra. Ég hef gert það fyrir hönd minnar þjóðar að skjóta máli þjóðar minnar og leita dóms. Ég þarf ekki að standa, hvorki einum né neinum, reikningsskap á mínum skapsmunum í þessum efnum. En það er bezt, að hæstv. fjmrh., sem stóð að þessari lagasetningu, svari fyrir sig, hæstarétt, skattstjórann og ríkisskattanefndina. Og ef honum finnst, að þarna séu virðulegir og vel metnir aðilar að kljást og segi einn svart það, sem annar segir hvítt, þá má það ómögulega hneyksla hann, þó að fimmti aðilinn sé til í þessu þjóðfélagi, sem hegðar sér eins og fábjáni, að hans viti, og ekki leggja neina sök á mig í þeim efnum.

Eysteinn Jónsson: Það er ekki ástæða til að svara í löngu máli því, sem hv. þm. G-K. tók hér fram. Það er auðvitað ekkert nýtt, að ágreiningur sé um, hvernig eigi að framkvæma einstök lagaákvæði, bæði í sambandi við skattamál og annað. Það er heldur ekkert nýmæli, þó að eitthvert einstakt atriði í lögum reynist ekki standast fyrir dómstólunum. Og það ætti þessi hv. þm. að muna, að þegar við áttum sæti í stjórn saman og sett var löggjöf um stóreignaskatt, þá var líka talið mjög orka tvímælis um það, hvernig ætti að framkvæma einstök atriði þeirrar löggjafar, og voru málaferli fram og aftur út af því, sem tóku sinn tíma. En niðurstaða varð að lokum þá, og eins verður nú, og það er ástæðulaust hjá hv. þm. að vera nokkuð að blanda þessu hér inn í. Hitt hefði verið meiri ástæða fyrir hv. þm. út af því, sem hér hefur komið fram, að segja skýrt og skorinort álit sitt og síns flokks á því málskoti, sem hér er verið að framkvæma og lýst hefur verið í dag. En það gerði hv. þm. ekki enn, því að í staðinn fyrir að lýsa hreinlega andúð sinni og fordæmingu á því, að félagsskapur eins og þessi skuli leyfa sér að kæra íslenzk stjórnarvöld, Alþingi og hæstarétt erlendis fyrir það að níðast á þegnunum og brjóta á þeim almenn mannréttindi, þá kom ekki fram hjá hv. þm. enn, hvernig hann í raun og veru lítur á þetta, og ekki fordæming á því, aðeins eintómar vífilengjur um málaferli og einstök atriði í stóreignaskattslögunum, sem þessu máli koma ekki við. Slíkt á að gera upp innanlands. Álit hv. þm. á því, sem hér hefur verið gert, kom ekki fram hreint.

3. Kaup á jarðbor.

Á 6. fundi í Sþ., 5. ágúst, var útbýtt:
Fsp. til ríkisstj. um kaup á jarðbor [10. mál] (A. 13).

Á 7. fundi í Sþ., 6. ágúst, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 32 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var fsp. tekin til umræðu.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Þegar fyrsta framlag var tekið inn á fjár-

lög til kaupa á jarðbor þeim, sem nú er að verki sem félagseign ríkisins og Reykjavíkurbæjar og vinnur stórvirki, átti ég nokkurn þátt í því. Hugmyndin var þá, að þessi bor yrði eingöngu ríkiseign og færi víðs vegar um landið og ekki sízt norður í land á jarðhitasvæðin þar. Seinna þróuðust málin þannig, að borinn var keyptur stærri en upphaflega var áformað og Reykjavík gerðist helmingsaðili að kaupunum. Þetta leiðir það af sér, að verkefni borsins verða fyrst um sinn og fyrst og fremst hér syðra. Hann er vegna stærðar og þunga og mikilla fylgitækja afar dýr í flutningi um langa vegu og dýr í rekstri fyrir smærri hitavatnsleitir, þótt hann sé góður hér.

Ég er alls ekki að sakast um það, þótt gangur málanna yrði þessi. Hins vegar bíða norðanlands verkefni jarðhitarannsókna eftir sem áður óleyst, verkefni, sem fólk þar hefur mikinn og réttmætan áhuga fyrir, að unnin verði sem allra fyrst.

Á síðasta Alþ. beittum við þm. að norðan okkur fyrir því í samráði við raforkumálastjóra og starfsmenn jarðhitadeildar ríkisins, að tekin var inn í 22. gr. fjárl. þessa árs heimild fyrir ríkisstj. til kaupa á hentugum jarðbor til jarðhitarannsókna á Norðurlandi. Enginn ágreiningur kom fram um þessa heimild í þinginu, svo að hiklaust má telja hana skýlausa viljayfirlýsingu þess, enda málið mikilsvert.

Mér er sagt af þeim, er gerst eiga að vita, að í lok s. l. árs muni um 45 þús. manna í landinu eða meira en ¼ hluti þjóðarinnar hafa verið búinn að fá upphitun frá jarðhita í húsum sínum. Þetta eru mikilsverð þægindi fyrir fólkið, sem nýtur, og mikill og varanlegur gjaldeyrissparnaður fyrir þjóðarbúið frá ári til árs.

Þeir staðir fyrir norðan, sem álitið er að fá megi heitt vatn handa með bornum, eru Húsavík, — ég nefni hana fyrst, af því að þar er af fræðimönnum talin öruggust vissa um árangur, — svo er Akureyri, Dalvík og Siglufjörður. Á þessum stöðum eru búsettar um 13 þús. manna. Gjaldeyrissparnaður af hitaveitum þar er varlega áætlaður 6—7 millj. kr. á ári, að mér skilst. Fleiri staðir eru það, sem koma einnig til greina fyrir norðan. Í Ólafsfirði þarf að bora til aukningar veitu, sem komin er á. Enn fremur þarf að bora fyrir Sauðárkrók innan skamms. Fólkið á fyrrnefndum stöðum hefur, svo sem auðvitað er, eins og ég sagði áðan, mikinn áhuga fyrir þessum málum.

Ég hef leyft mér að leggja fram fsp. á þskj. 13 til þess að fá fréttir hjá hæstv. ríkisstj. af framkvæmd fjárlagaheimildarinnar um kaup á jarðbornum. Hjá jarðborunardeildinni er mér sagt, að frá Sviþjóð sé fáanlegur, auðvitað með nokkurra mánaða fyrirvara, hentugur jarðbor, er kosta muni með öllu og öllu, sem fylgja þarf, 3½ millj. kr. Meiri fréttir gat ég ekki fengið af málinu þar. Þess vegna sný ég mér nú til hæstv. ríkisstj. og vænti góðra frétta þaðan.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Spurt er, hvaða ráðstafanir ríkisstj. hafi gert til þess að framkvæma þann vilja síðasta Alþingis að kaupa í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor, sem notaður verði til jarðhitarannsókna á Norðurlandi, sbr. heimild í 22. gr. XLII í fjárlögum 1959.

Það er rétt, að í fjárlögum yfirstandandi árs er heimild til þess að kaupa, eins og í fsp. stendur, í samráði við jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar jarðbor í þessu skyni. Strax eftir að fjárl. höfðu verið samþ., var jarðboranadeild eða jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar, eins og hún heitir víst, falið að undirbúa þetta mál, safna um það gögnum og gefa ráðuneytinu síðan um það skýrslu, þegar þessara upplýsinga hefði verið aflað. Skýrslu um málið hef ég ekki enn fengið, en bráðabirgðaskýrslu, dags. 7. ágúst, hef ég fengið, sem er svo hljóðandi:

„Undanfarna mánuði hefur jarðhitadeildin haft til athugunar kaup á jarðbor til djúpborana eftir heitu vatni, einkum á Norðurlandi. Leitað hefur verið upplýsinga um tæknileg atriði og kaupverð hentugra tækja víða í Evrópu og í Bandaríkjunum. Hefur verkfræðingur frá deildinni dvalizt erlendis í þessu skyni. Deildin telur, að nú megi leggja fram ákveðnar till. um kaup á slíkum bor og tilheyrandi rannsóknartækjum, sem nauðsynleg eru til þess að auka möguleika á árangri af djúpborunum yfirleitt. Gert er ráð fyrir jarðbor, sem borað gæti niður í 1200 m dýpi með 100 mm víðum krónum, en á minni dýpt mæti bora víðari holur, eða allt að 200 mm víðar. Heildarkaupverð jarðborsins og umræddra tækja er um 3.9 millj. kr., en afgreiðslufrestur um fjórir mánuðir.

Hér skal þess getið, að deildin telur, að gera verði ráð fyrir verkefnum fyrir umræddan jarðbor fyrst og fremst á Húsavík, Ólafsfirði, Sauðárkróki og Selfossi, en á síðast nefndum þrem stöðum eru þegar komnar hitaveitur, sem auka verður verulega á næstunni. Þá mun rétt að gera ráð fyrir djúpborunum með sama jarðbor til þess að rannsaka möguleika á heitavatnsvinnslu í nágrenni Akureyrar og jafnvel Siglufjarðar og Dalvíkur. Borgarnes, Akranes og Keflavík eru einnig hugsanlegir staðir, en um möguleika þar skal að sinni ekkert fullyrt. Árlegur rekstrarkostnaður borsins er áætlaður 3—5 millj. kr., allt eftir vinnutilhögun og tæknilegum aðstæðum á hinum ýmsu stöðum."

Þetta er dags. 7. ágúst 1959 og undirritað: Gunnar Böðvarsson.

Eins og skýrslan ber með sér, telur deildin, að nú megi leggja fram ákveðnar till. Þessar till. hafa ekki borizt mér, annað en það, sem í þessari bráðabirgðaskýrslu felst, en af henni virðist vera ljóst, að jarðboranadeildin sé komin að ákveðinni niðurstöðu um gerð borsins og hafi þær fregnir að færa, að hann kosti tæpar 4 millj. kr. og árlegur rekstur um 5 millj. Hvað svo gert verður í þessu máli, get ég ekki sagt á þessu stigi, vegna þess, eins og ég sagði, að skýrslan hefur ekki borizt mér í hendur. En ef tölurnar verða eitthvað svipaðar þessu, og ég tala nú ekki um, ef þær verða eitthvað hærri, þá þykir mér ekki ólíklegt, að ríkisstj. muni leggja málið að nýju fyrir hv. fjvn.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Hæstv. forsrh. hefur svarað fsp. hv. þm. S-Þ. á þskj. 13 varðandi jarðbor, sem notaður yrði til jarðhita-

rannsókna á Norðurlandi. Ég vil í þessu sambandi taka undir orð hv. þm. S-Þ. um þá miklu nauðsyn, sem er á því að afla slíkra stórvirkra tækja til rannsókna á jarðhitasvæðum landsins.

Eitt af mest aðkallandi verkefnum í okkar þjóðfélagi í dag er að rannsaka til hlítar jarðhitasvæði landsins svo og skilyrðin til þess að hagnýta þau, bæði til hitaveitna, efnaiðnaðar og raforkuvinnslu. Í álitsgerðum, sem sérfræðingar jarðboranadeildar ríkisins og aðrir sérfræðingar hafa látið frá sér fara, eru tekin til meðferðar þau atriði, sem ég nú gat um varðandi nýtingu jarðhitasvæðanna, og segir þar m. a., að hitaveitur séu mjög arðbær fyrirtæki, markaður þeirra öruggur og áhætta hverfandi. Hitaveitur spara þjóðinni árlega tugi millj. kr. í erlendum gjaldeyri, og verða þær því þannig að teljast þjóðhagslega heilbrigð fyrirtæki. Jafnframt nýtingu varmans á þennan hátt hefur á síðari árum verið rætt og ritað ýtarlega og reynt að rannsaka nokkuð um nýtingu varmans með tilliti til efnaiðnaðar og þá sérstaklega í sambandi við sjóefnaverksmiðju og annan kemiskan iðnað. Þá hefur og verið rætt um byggingu raforkuvera og þó sérstaklega með tilliti til þess að brúa bilið milli fullvirkjunar Sogsins og annarra stærri vatnsfallsvirkjana.

Það, sem hér hefur verið sagt, svo og sú staðreynd, að landið er auðugt af jarðhita, styður mjög að því, að alllt sé gert, sem unnt er, til þess að rannsaka til fullnustu helztu jarðhitasvæðin og unnið verði að því í vaxandi mæli að gera ýtarlegar áætlanir um hagnýtingu jarðhitans með tilliti til notagildis fyrir þjóðfélagsþegnana, gjaldeyrissparnaðar og hugsanlegrar útflutningsframleiðslu.

Þær frumrannsóknir, sem fram hafa farið á einu stærsta jarðhitasvæði landsins, Krýsuvík, hafa sýnt, að þar séu fyrir hendi einhver hagkvæmustu skilyrðin til þess að framkvæma það, sem ég hef lauslega minnzt á í þessari stuttu aths. minni við þær umr., sem hér fara fram. Jarðhitarannsóknir þær, sem fram hafa farið í Krýsuvík, hafa verið framkvæmdar með hinum veigaminni tækjum, og hafa þeir sérfræðingar, sem um mál þessi hafa fjallað, bent á, að nauðsyn beri til víðtækari rannsókna með stórvirkari tækjum.

Þegar fest voru kaup á hinum stórvirka jarðbor í Bandaríkjunum, gaf atvmrn. út fréttatilkynningu hinn 10. maí 1957, þar sem skýrt er frá kaupum jarðbors á vegum ríkissjóðs og bæjarsjóðs Reykjavíkur. Í niðurlagi þessarar fréttar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Borinn mun væntanlega koma hingað til landsins nú á miðju sumri, og þá verður hafin borun eftir gufu til viðbótar hitaveitu fyrir Reykjavík og Hafnarfjörð. Verður sú borun væntanlega á Krýsuvíkursvæðinu, en af öðrum gufusvæðum, sem borun er fyrirhuguð á, má sérstaklega nefna Námafjall við Mývatn, Hveragerði, Hengilssvæðið og Reykjanes.“

Það hefur því frá öndverðu verið ætlunin, að hinn stórvirki jarðbor yrði m. a. sendur til Krýsuvíkur, enda lágu fyrir, eins og ég gat um áðan, álitsgerðir sérfræðinga þar um.

Í Hafnarfirði hefur um langan tíma ríkt mikill áhugi á hagnýtingu jarðhitans í Krísuvík og fullnaðarrannsóknum jarðhitasvæðisins og þá ekki hvað sízt með tilliti til hitaveitu. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur m. a. haft þetta mál á dagskrá, og hinn 20. maí 1957 var m. a. samþykkt í bæjarráði Hafnarfjarðar till. þess efnis, að bæjarstjóra yrði falið að upplýsa, með hvaða kjörum og hvenær hægt væri að fá borinn til borunarframkvæmda í Krýsuvík. Þess var og óskað, að þessari athugun yrði hraðað, og ritaði bæjarstjórinn stjórn gufuborsins bréf þar að lútandi degi síðar.

Nú eru liðin rúm tvö ár, frá því að þessi bréfaviðskipti fóru fram, og um tvö ár, frá því að jarðborinn kom til landsins. Er nú svo komið og mér er um það kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hefur gefið Hafnarfjarðarkaupstað kost á að fá hinn stórvirka jarðbor til borana í Krýsuvík.

Þar eð mál þetta, eins og ég áður gat um, er mikið hagsmunamál Hafnfirðinga, vildi ég mega varpa þeirri spurningu fram til hæstv. forsrh., ráðh. raforkumála, hvort þegar hafi verið gerðar ráðstafanir til, að borinn verði sendur suður til Krýsuvíkur nú á næstunni, og ef svo er, hvenær borinn sé þá væntanlegur til Krýsuvíkur. Ég taldi ekki ástæðu til þess að bera þessa spurningu fram sem sérstaka fsp. **(Forseti:** Hv. þm. er nú búinn að tala lengur en —) Ég bið afsökunar, en ég skal stytta mál mitt. — Ég vonast til þess og veit, að þar sem hæstv. forsrh. er máli þessu kunnugur, upplýsi hann um þessi atriði.

Fyrirspyrjandi (Karl Kristjánsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir greið svör og skýr, en hins vegar verð ég að láta í ljós, að mér finnst hæstv. ríkisstj. ekki hafa haft hraða á í þessu máli og ekki heldur koma fram í orðum hans, að hún hugsi sér að hafa hraðan á, því að hann lauk ræðu sinni með því, að ekki væri óliklegt, að ríkisstj. mundi fara með málið aftur fyrir fjvn. eða sennilega Alþingi. Hins vegar hefur ríkisstj. fulla heimild frá síðasta þingi á fjárl. til þess að kaupa borinn, og mér finnst það nokkur tregða að nota ekki þá heimild í svo góðu máli og gæti gjarnan unnt hæstv. ríkisstj. þess að auka hróður sinn með því að framkvæma þessa heimild, sem áreiðanlega er vinsæl um land allt svo að segja, eins og marka mátti af ræðu hv. þm. Hafnf., að þó að heimildin sé til þess að kaupa bor til rannsókna á Norðurlandi, þá eru verkefni hans hugsuð fyrir stærra svæði síðar meir, eða víða um land. — Ég vildi óska þess og leyfi mér að skora á hæstv. ríkisstj. að taka í sig kjark og framkvæma heimildina.

Forsrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi, þm. S-Þ., taldi, að ríkisstj. hefði ekki haft hraðan á um afgreiðslu þessa máls, og lauk sínu máli með því, að hann óskaði eftir, að við tækjum nú í okkur kjark og afgreiddum málið, því að það væri vinsælt mjög og gott í þeim skilningi, að ríkisstj. mundi geta aukið vinsældir sínar, ef hún afgreiddi málið. En það þarf fleira að athuga en það, hvort mál er vinsælt eða óvinsælt. Það þarf líka að athuga í

hverju máli, hvað skynsamlegt er að gera og hvað óskynsamlegt. Ég teldi t. d. mjög óskynsamlegt að ráðast í afgreiðslu máls, án þess að það væri fyllilega upplýst, hvernig það lægi fyrir. Ég taldi, að það væri réttur gangur á þessu máli að afhenda það þegar í upphafi og strax eftir að Alþ. hafði afgreitt heimildina til kaupanna með fjárlagaafgreiðslunni s. l. vor til jarðhitadeildar raforkumálaskrifstofunnar og láta hana kynna sér, hvað hentugt væri að gera í málinu og hvernig till. yrði bezt framkvæmd. Náttúrlega er enginn vandi fyrir ráðuneytið að fara til útlanda og kaupa strax bor, ef alveg væri látið á milli mála, hvernig sá bor yrði og hvernig sú þjónusta yrði bezt veitt. En jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar taldi nauðsynlegt að rannsaka tæknileg atriði þessu viðvíkjandi, ekki einasta í Evrópu, heldur líka í Bandaríkjunum, og verkfræðingur frá deildinni hefur dvalizt erlendis í þessu skyni. Frá skrifstofunni er ekki enn komin skýrsla um málið, önnur en sú, sem ég hef lesið hér upp, svo að ég tel, að það hafi ekkert verið vanrækt af hálfu ríkisstj., síður en svo, heldur farin sú eina leið, sem fær var, að reyna að afla sér sem fyllstra og beztra upplýsinga í málinu.

Eins og fram kemur í þessari bráðabirgðaskýrslu jarðhitadeildarinnar, er gert ráð fyrir því, að borinn kosti um 4 millj. og rekstur hans kosti upp undir 5 millj. kr. á ári, og ég lét mér þau orð um munn fara, að ég mundi telja eðlilegt að gefa Alþingi kost á því aftur að endurnýja þessa heimild sína, miðað við þær tölur, *sem fyrir lægju, því að þær lágu alls ekki fyrir,* þegar heimildin var veitt, og um leið að gera ráðstafanir til þess, að þessara peninga væri aflað, sem yrðu þá væntanlega um 9 millj. kr. á næsta ári og síðar upp undir 5 millj. á ári. Þetta eru mjög veruleg útgjöld og verður ekki unnt að inna af hendi án þess, að einhverra tekna sé aflað á móti. Það hygg ég að hv. fyrirspyrjandi og hans flokkur hafi manna mest og bezt — vil ég segja — undirstrikað á þeim tímum, sem þeir hafa farið með stjórn fjármála ríkisins, þannig að ég tel þessar upphæðir vera komnar upp í það, að það þurfi að sjá fótum sínum forráð um það, hvernig þeirra er aflað.

Hv. þm. Hafnf. fór hér út í allt annað mál, sem ekki liggur hér fyrir nú, en kannske má þó segja, að nokkur skyldleiki sé á milli. Það, sem er hér um að ræða, er kaup á ákveðnum bor til þeirra staða, þar sem sá stóri bor, sem hann talaði helzt um, er ekki flytjanlegur eða talið óheppilegt að flytja hann til. Ég geri ráð fyrir því, að framkvæmd mála með þennan stóra bor, sem ríkið nú á og rekur, verði sú, að hann verði fyrst og fremst notaður á þeim stóru jarðhitasvæðum, sem vænta má mikils tekníska árangurs af, bæði til efnavinnslu, eins og hann sagði, til upphitunar í stórum stíl og annars þess háttar. En þeim bor, sem hér um ræðir og spurt er um af hv. þm. S-Þ., er ekki ætlað annað verkefni en það, sem hinn, sá stóri, er ekki talinn heppilegur til.

Ég er hv. þm. Hafnf. mjög sammála um, að það er mjög eðlilegt og nauðsynlegt að rannsaka jarðhitasvæðin. Ég tel, að með tilkomu hins nýja bors og alveg sérstaklega með tilkomu hinna nýju tækja, sem fengin voru til þessa bors nú í vor, hafi verið sköpuð skilyrði til þess að gera þessar rannsóknir miklu ýtarlegri en áður var, því að með sérstakri fjárveitingu, sem veitt var á síðustu fjárlögum, var ákveðið að panta til hans tæki eða áhöld, sem gera honum kleift að bora niður í 2000 m dýpi, í staðinn fyrir að áður gat hann ekki borað nema 600—700 m. Þetta er stór framför og á að gera honum kleift að gera þessar rannsóknir miklu örugglegar og betur en hann gerði áður. Það er rétt, að ég hef léð máls á því við bæjarstjórann í Hafnarfirði, að þegar tími Reykjavíkur til afnotanna, sem hún á rétt á að nota borinn á, er liðinn, þá verði hann fluttur suður til Hafnarfjarðar eða suður til Krýsuvíkur og verði þá þetta, sem hann kallaði eitt stærsta jarðhitasvæði landsins — og er það, tekið til rannsóknar með þessum stóra bor, sem nú þegar er fyrir hendi. En það er út af fyrir sig allt annað mál og kemur ekkert því við, sem hér er verið að ræða.

Matthías Á. Mathiesen: Herra forseti. Ég vil aðeins þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans hér. Ég gat um það í minni aths., að þetta fælist að sjálfsögðu ekki í þeirri fsp., sem hér lá fyrir, en þar sem ég ætlaði kunnugleika hæstv. forsrh. slíkan á þessum málum, þá taldi ég rétt, ef hann vildi svo vera láta, að hann upplýsti Alþingi um það, hvenær Hafnfirðingar ættu von á jarðbor ríkisins og Reykjavíkurbæjar. Hann hefur upplýst, að það yrði að loknum þeim tíma, sem Reykjavíkurbær réði yfir honum núna, og ég þakka honum fyrir hans svör.

Önnur mál.

I. Fríverzlunarmálið.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var tekin á dagskrá:

Skýrsla viðskiptamálaráðherra um fríverzlunarmálið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Síðan umr. og samningaumleitanir hófust innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu fyrir u. þ. b. þrem árum um stofnun svonefnds fríverzlunarsvæðis í Evrópu, hef ég tvívegis flutt hinu háa Alþingi skýrslu um gang þessara mála og þá afstöðu, sem ríkisstj. hverju sinni hefur tekið í málinu. Með hliðsjón af því, sem nú er á döfinni á þessu sviði, þykir mér rétt að gera Alþingi stuttlega grein fyrir því, sem gerzt hefur í málinu, síðan ég gaf seinni skýrslu mína til hins háa Alþingis.

Í október og nóvember s. l. kom í ljós, að hinn mikli ágreiningur, sem lengi hafði verið uppi milli sexveldanna svokölluðu annars vegar og annarra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu hins vegar um skipulag hins fyrirhugaða fríverzlunarsvæðis, yrði ekki leystur, svo að allir gætu við unað. Var ágreiningurinn einkum mikill milli Frakka annars vegar, en þeir vildu, að fríverzlunarsvæðið yrði sem líkast tollabandalagi sexveldanna að skipulagi, og hins vegar Breta, sem lagt höfðu fram hinar upphaflegu till. um fríverzlunarsvæði, er ná skyldi fyrst og fremst til iðnaðarvöru.

Þegar slitnað hafði upp úr samningum um miðjan nóvember, var þegar hafizt handa um að kanna, hvernig komast mætti hjá því, að framkvæmd ákvæða Rómarsamnings sexveldanna um lækkun tolla og rýmkun innflutningshafta hefði óhagstæð áhrif á aðildarríki Efnahagssamvinnustofnunarinnar utan tollabandalagsins. *Nokkrum árangri hefur verið náð í þessu efni,* einkum á þrennan hátt. Í fyrsta lagi ákváðu tollabandalagslöndin, að nokkur hluti þeirra tollalækkana, sem fram skyldu fara samkvæmt Rómarsamningnum 1. jan. s. l., skyldi einnig ná til allra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og hins alþjóðlega tollasamkomulags (GATT). Í öðru lagi komu Frakkar í lok desember aftur á frjálsum innflutningi í samræmi við skuldbindingar sínar í Efnahagssamvinnustofnuninni, og dró það að sjálfsögðu mjög úr þeim aðstöðumismun, sem ákvæði tollabandalagsins mundu ella hafa haft í för með sér. Í þriðja lagi hafa, það sem af er þessu ári, verið gerðir allmargir tvíhliða samningar milli aðildarríkja tollabandalagsins annars vegar og annarra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunarinnar hins vegar um rýmkun innflutningshafta hliðstæða þeirri, sem átti sér stað milli sexveldanna innbyrðis 1. janúar.

Þrátt fyrir þetta var fjarri því, að það vandamál, sem framkvæmd tollabandalagsins skapaði í viðskiptum Evrópu, væri leyst. Sérstaklega var ljóst, að ekki yrði hægt að halda áfram á sömu braut, þegar næst kæmi að því, að sexveldin lækkuðu tolla og rýmkuðu viðskiptahöft sín á milli. Sú skoðun kom því fljótt fram meðal ýmissa ríkja, sem utan við tollabandalagið standa, að nauðsynlegt væri, að þau vernduðu hagsmuni sína með því að koma á sín á milli öðru viðskiptabandalagi.

Svíar áttu frumkvæðið að því snemma í vor að setja fram till. um stofnun nýs fríverzlunarsvæðis, og hófust brátt viðræður milli 7 ríkja um þátttöku í því, þ. e. a. s. Sviþjóðar, Noregs, Danmerkur, Bretlands, Portúgals, Sviss og Austurríkis. Hafa þau einatt verið nefnd ytri ríkin sjö til aðgreiningar frá sexveldunum. Embættismenn frá ríkjunum sjö komu saman á fund í Svíþjóð í júnímánuði og gengu þá frá till. um stofnun fríverzlunarsvæðis. Þessar till. voru síðan lagðar fyrir ráðherrafund þessara ríkja, sem haldinn var í Stokkhólmi 21. júní s. l. Ákváðu ráðh. þar að leggja til við stjórnir sínar, að stofnað yrði fríverzlunarbandalag Evrópu, og féllust þeir að mestu á till. embættismannanna um skipulag þess. Sérfræðingum var síðan falið að gera frv. að samningi, sem hægt yrði að leggja fyrir ráðherrana 31. okt. n. k.

Þessar nýju fríverzlunartill. eru í aðalatriðum mjög svipaðar þeim, sem upphaflega voru lagðar *fram varðandi stofnun fríverzlunarsvæðis* fyrir alla Evrópu, en vegna þess að hv. alþm. eru þær till. í aðalatriðum kunnar, nægir að stikla á stóru. Till. um fríverzlunarbandalagið gera ráð fyrir því, að tollar og höft milli aðildarríkjanna verði afnumin á tæpum tíu árum. Fyrsta tollalækkunin, 20%, á að fara fram 1. júní 1960, en hin síðasta 1. jan. 1970. Innflutnings- og gjaldeyrishöft yrðu einnig afnumin smám saman á jafnlöngum tíma. Þessi ákvæði um fríverzlun skulu ná til allra vörutegunda annarra en landbúnaðarafurða og fiskafurða. Hér er að sjálf-

sögðu um að ræða atriði, sem skiptir Íslendinga meginmáli. Varðandi landbúnaðarafurðir eru aðildarríkin sammála um, að gert verði sérstakt samkomulag til þess að stuðla að auknum viðskiptum milli aðildarríkjanna. Jafnframt geri aðildarríkin sín á milli tvíhliða samninga varðandi viðskipti með þær afurðir, sem sérstaka þýðingu hafa fyrir útflutning einstakra ríkja. Danir hafa þegar náð mikilvægum samningum á þessum grundvelli, sérstaklega við Breta, og þeir hafa talið þá nægilega til þess að gera þeim aðild að fríverzlunarbandalaginu mögulega. Um meðferð fiskafurða ríkir enn nokkru meiri óvissa. Norðmenn lögðu fram till. um, að fríverzlunin næði til svonefnds iðnaðarfisks, þ. e. lýsis, mjöls, freðfisks og niðursoðinna fiskafurða. Útlit er nú fyrir, að samkomulag verði um, að fríverzlunin taki til lýsis og mjöls, en hins vegar andstaða, einkum af hálfu Breta, gegn því, að fríverzlunin nái til annarra unninna fiskafurða. Enn fremur hafa Norðmenn lagt til, að sérstakt samkomulag verði gert til að stuðla að auknum viðskiptum milli aðildarríkjanna með þær fiskafurðir, sem fríverzlunin tekur ekki til. Ekki liggur enn fyrir, hverja afstöðu aðrar þjóðir taka til till., en vænta má, að hún nái fram að ganga.

Allt útlit er nú fyrir, að þessar nýju fríverzlunartill. nái fram að ganga og fríverzlunarbandalag Evrópu verði stofnað einhvern tíma fyrir mitt næsta ár. Því er ekki að neita, að þessi þróun er að mörgu leyti uggvænleg, ekki sízt fyrir okkur Íslendinga. Yfir vofir, að Evrópa klofni í tvær andstæðar viðskiptaheildir, og mundi það að sjálfsögðu hafa óhagstæð áhrif, ekki sízt á þau ríki innan Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, sem utan við standa. Ég hef áður í skýrslu minni til hins háa Alþingis rakið þau óhagstæðu áhrif, sem stofnun tollabandalags sexveldanna hlýtur að hafa á útflutningsverzlun Íslendinga. Þau eru fyrst og fremst fólgin í tvennu. Annars vegar verður nýr meðaltalstollur settur á allan innflutning til tollabandalagsríkjanna. Þetta þýðir t. d., að á Ítalíu, þar sem hingað til hefur verið tollfrjáls innflutningur á íslenzkum saltfiski, er gert ráð fyrir 17% tolli, þegar Rómarsamningurinn er fullkomlega kominn til framkvæmda. Í öðru lagi hefur tollabandalagið þau áhrif, að aðstaða aðila utan þess til samkeppni við framleiðendur innan tollabandalagsins versnar mjög verulega. Munu Íslendingar eiga erfiðara um vik að keppa við þýzka og belgíska fiskframleiðendur á markaði á Ítalíu og í Frakklandi. Áhrif hins væntanlega fríverzlunarbandalags á samkeppnisaðstöðu aðila utan þess er að því leyti minni, að ekki er gert ráð fyrir því, að tollar út á við breytist. Íslendingar þurfa því ekki að óttast tollahækkanir af þessum sökum. Hins vegar hljóta framleiðendur innan fríverzlunarbandalagsins að hafa betri samkeppnisaðstöðu en framleiðendur utan þess, sérstaklega þegar um er að ræða vörur, sem háir tollar eru á gagnvart ríkjum utan bandalagsins.

Nú er það svo, að allt útlit er fyrir, að fríverzlunin taki ekki til fiskafurða nema að litlu leyti, og dregur það að sjálfsögðu úr hinum óhagstæðu áhrifum, sem bandalagið hefur á útflutningsverzlun Íslendinga. Búast má við því, að samkeppnisaðstaða okkar varðandi sölu á mjöli og lýsi versni nokkuð, þar sem Norðmenn geta flutt tollfrjálst inn til hinna sex ríkjanna í sjöveldabandalaginu, þar sem Íslendingar yrðu að sæta nokkrum tollum. Þetta er að vísu ekki mjög alvarlegt atriði vegna þess, hve lágir tollar eru á þessum vörum yfirleitt. Hitt verður þó að hafa í huga, að búast má við, að ýmsar ráðstafanir verði gerðar, eftir því sem tímar líða, til þess að auka fiskverzlun milli aðildarríkja fríverzlunarbandalagsins, t. d. í samræmi við till. Norðmanna. Gæti það vel orðið til að rýra samkeppnisaðstöðu Íslendinga í framtíðinni.

Yfirleitt er því óhætt að segja, að bæði tollabandalag sexveldanna og hið fyrirhugaða fríverzlunarbandalag ríkjanna sjö muni hafa óhagstæð áhrif á útflutning Íslendinga á sjávarafurðum. Eins og sakir standa kann hitt að virðast skipta litlu máli, þótt þessi bandalög hafi tvímælalaust í för með sér minnkandi samkeppnisaðstöðu varðandi útflutning iðnaðarvarnings frá Íslandi, þar sem enn er ekki um neinn teljandi útflutning að ræða af því tagi. Sé hins vegar litið lengra fram í tímann, er það alvarlegt fyrir Íslendinga, ef möguleikar þeirra til að koma upp nýjum útflutningsatvinnugreinum versna verulega frá því, sem nú er.

Eins og málin standa nú, virðist ekki koma til greina fyrir Íslendinga að gerast aðilar að öðru hvoru þeirra viðskiptabandalaga, sem ýmist hefur verið komið á fót eða eru í uppsiglingu. Yrði hins vegar um að ræða fríverzlunarsvæði fyrir alla Evrópu, eins og áður var um rætt, mundi margt mæla með því, að Íslendingar yrðu þar aðilar, ef reglurnar um fiskverzlunina yrðu viðunandi, og hef ég áður hér á hinu háa Alþingi lýst þeim rökum, sem ég tel liggja til þess. Vonandi verður hið nýja fríverzlunarbandalag ríkjanna sjö ekki lokaspor í þessu máli, heldur áfangi í átt til fríverzlunarbandalags, er taki til allra ríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Það er vitað, að hin aðildarríkin þrjú, sem eru þátttakendur í hvorugu bandalaganna, þ. e. a. s. Írland, Grikkland og Tyrkland, telja hagsmunum sínum bezt borgið innan allsherjar fríverzlunarsvæðis Evrópu. Þó hafa nú bæði Grikkland og Tyrkland leitað eftir samningum við tollabandalagið, en ekki er enn vitað, í hverju þeir eru fólgnir. Ríkisstj. og sérfræðinganefnd sú, sem ég hef ráðgazt við um þetta mál, síðan það komst á dagskrá, telur hins vegar ekki tímabært að sinni fyrir Íslendinga að taka upp neina slíka samninga við hvorugt bandalagið. Ríkisstj. telur heppilegast að bíða átekta um sinn og sjá, hverju fram vindur. Ef næstu mánuðir líða án þess, að teknir verði að nýju upp samningar um viðskiptabandalag, er taki til allra aðildarríkja Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, telur ríkisstj. tímabært og nauðsynlegt að leita hófanna um samninga við helztu viðskiptalönd okkar í bandalögunum eða bandalögin í heild í því skyni, að þessi nýju viðskiptasamtök torveldi ekki viðskipti Íslendinga við aðildarríkin og ýri ekki viðskiptaaðstöðu þjóðarinnar.

II. Löggæzla á Keflavíkurflugvelli.

Á 12. fundi í Nd., 7. ágúst, utan dagskrár, mælti

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég sé það, að eitt af dagblöðunum í Reykjavík segir frá því í morgun, að íslenzka lögreglan á Keflavíkurflugvelli hafi ætlað að taka ölvaðan mann við akstur, en verið hindruð í því af vopnuðum mönnum, gefið í skyn jafnvel, að þetta hafi verið hermenn, ekki amerísk lögregla. Ef þarna er rangt frá skýrt eða villandi, þá tel ég, að það sé nauðsynlegt, að hið sanna upplýsist um þetta. Sé þarna hins vegar um sanna frétt að ræða, þá tel ég þetta vera svo alvarlegan atburð, að það sé fyllsta ástæða til þess að fá að vita um það, hvaða ráðstafanir hæstv. utanrrh. mundi hugsa sér að gera til þess, að svona atburðir endurtaki sig ekki.

Það virðist enginn ráðh. vera viðstaddur. Ég hefði viljað beina þessum orðum mínum til hæstv. utanrrh. Ætli hann mundi ekki vera í húsinu? (**Forseti:** Það er verið að gá að, hvort einhver ráðh. er viðstaddur.) Er það ekki fljótséð, hvort ráðh. er í húsinu? (**Forseti:** Jú, það er verið að bíða eftir hæstv. ríkisstj.) Sést það ekki undireins á ljósunum? Þetta ætlar að taka langan tíma. (**Forseti:** Það virðist ekki vera mögulegt fyrir hæstv. ríkisstj. að koma hingað í augnablikinu, og við verðum að koma þeim skilaboðum áfram, sem hv. 1. landsk. hyggst flytja.) Já, herra forseti, ég vil sem sé beina þeirri fsp. til hæstv. utanrrh., hvort það muni vera rétt, að amerískir hermenn eða amerísk lögregla hafi hindrað íslenzka lögreglu í því að taka ölvaðan mann við akstur bifreiðar. Og ef þetta er rétt, þá vil ég enn fremur spyrjast fyrir um það, hvaða ráðstafanir hæstv. utanrrh. muni vilja hugsa sér að gera, til þess að slíkir alvarlegir atburðir endurtaki sig ekki. Hins vegar teldi ég æskilegt, sé fréttin röng eða villandi á einhvern hátt, að hæstv. ráðh. gæfi Alþ. skýrslu um þetta mál. Ég tel það mjög alvarlegt, ef fregnin er sönn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil aðeins taka undir þá fyrirspurn, sem hv. þm. hefur hér gert, og vænta þess, þar sem hæstv. utanrrh. er nú ekki viðstaddur og enginn úr ríkisstj., að hann gefi Alþ. síðar nána skýrslu um þetta mál, hvað sé hæft í þessari sögusögn, og þá gefist tækifæri til að ræða nánar um þetta mál hér í þinginu. En það er hins vegar ljóst mál, að ef hér er rétt frá sagt og hin erlendu hernaðaryfirvöld komast upp með það að brjóta þannig þær reglur og þau lög, sem íslenzkt ríki hefur sjálft sett og eiga að ná til þeirra ekki síður en landsmanna sjálfra, er skylt, að það mál sé til hlítar upplýst einmitt hér á Alþ. og þingmönnum gefist kostur á að ræða um það. Þess vegna tek ég undir þá ósk, að hæstv. utanrrh. gefi ýtarlega skýrslu um þetta mál síðar hér á þingi.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins í tilefni af því, að sú fsp., sem hér hefur komið fram og er mjög eðlileg, kemur hér fram við nokkuð sérstæðar kringumstæður. Enginn af hæstv. ráðh. er hér mættur. Það er þó vitað mál, að a. m. k. tveir ráðh. eru hér staddir í húsinu. Þó að utanrrh. sé að vísu ekki mættur hér, þá er hér mættur í húsinu bæði forsrh. og eins dómsmrh., og mér finnst full ástæða til þess, að þeir séu kvaddir til þess að hlusta á slíkar fsp. og svara því, sem um er spurt, — að þess sé óskað sérstaklega, og það vil ég hér með gera, að hæstv. forseti beiti sér fyrir því, að þeir ráðh., sem staddir eru í húsinu, komi til þess að hlýða á slíka fsp. sem þessa og svara því varðandi þetta mál, sem eðlilegt er að þeir geti svarað. Ég fer því eindregið fram á, að það séu gerðar sérstakar ráðstafanir til þess, að þessir tveir ráðh., sem sannanlega eru í húsinu, verði fengnir til þess að mæta hér á þingfundi og hlýða á fsp. þm. og svara. Ég sé ekki ástæðu til þess, að það sé haldið hér frekar áfram þingfundum, á meðan þeir sjá sér ekki fært að koma og hlýða á fsp., og óska þess, að hæstv. forseti beiti sér fyrir því, að þessir ráðh. komi hér og svari.

Forseti (EOl): Forseti hefur þegar einu sinni sent eftir þeim ráðh., sem vitað er að eru í húsinu. Hæstv. forsrh. mun þurfa að vera við umr. um stjórnarskrármál í Ed., en dómsmrh. er staddur þar inni, og ég hef gert sérstakar ráðstafanir til þess að fá hann, sem hafa ekki borið árangur enn þá. Hæstv. utanrrh. mun ekki staddur í húsinu, en hefur ekki fjarvistarleyfi. Ég mun gera eina ráðstöfun til til að vita, hvort nokkur ráðherra getur mætt. Ég skal hins vegar taka það fram, að það er ekki á valdi forseta að ráða því, hvar ráðherrarnir eru staddir.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Hér í fundarbyrjun áðan bar ég fram fsp. utan dagskrár, beindi henni til hæstv. utanrrh., en þar eð hann og enginn hæstv. ráðh. var þá viðstaddur í húsinu, gerði ég hlé á máli mínu, til þess að ráðstafanir væru til þess gerðar, að einhverjir af hæstv. ráðh. gætu verið viðstaddir og komið fsp. áleiðis til viðkomandi ráðh. Fsp. var á þá leið, að ég hefði séð það í einu dagblaðanna í Reykjavík í morgun, að þar var frá því skýrt, að íslenzk lögregla á Keflavíkurflugvelli hefði ætlað að gera ráðstafanir til þess að taka ölvaðan mann úr umferð, mann, sem var við akstur bifreiðar, en þá hafi komið þar að 30 manna sveit eða u. þ. b. vopnaðra manna, hermanna eða lögreglumanna, — það er ekki alveg skýrt í blaðinu, — og hindrað íslenzku lögregluna í því að framkvæma skyldustarf sitt. Ég tók það fram í fsp., sem ég í framhaldi af þessu beindi þá til hæstv. utanrrh., að ef þessi fregn væri að einhverju leyti röng eða villandi, þá væri fyllsta ástæða til þess, að hæstv. ráðh. gæfi skýrslu um málið og gæfi þannig fullkomlega rétta mynd af því, sem gerzt hefði. En ef fregnin væri sönn og rétt í alla staði, þá væri að mínu áliti um svo alvarlegan atburð að ræða, að það væri fyllsta ástæða til þess að óska eftir því, að hæstv. utanrrh. gerði Alþ. grein fyrir því, hvað hann hygðist gera til þess að koma í veg fyrir, að slíkir atburðir endurtaki sig, því að ég tel

það vissulega jafnalvarlegan hlut, sem þarna hefur gerzt, sé fregnin rétt, eins og þegar brezkt hervald hefur að undanförnu gripið inn í störf íslenzkra löggæzlumanna innan íslenzkrar landhelgi, og atburðurinn í raun og veru alveg sama eðlis, en þarna væri þá nýr aðili farinn að fremja á okkur sams konar ofbeldi og Bretar hafa gert að undanförnu. Um þetta óskaði ég sem sé að fá svör hæstv. ráðh. eða einhvers úr ríkisstj., ef hér væru menn, sem gætu gefið upplýsingar um þetta. Nú sé ég, að hæstv. dómsmrh. hefur komið hér í þingsalinn, og óska þess, að hann gefi þær upplýsingar um þennan atburð, sem hann kann að geta á þessari stundu. En að öðru leyti er það ósk mín, að hæstv. utanrrh. gefi Alþ. skýrslu um þetta mál, svo fljótt sem hann fær því við komið.

Dómsmrh. (Friðjón Skarphéðinsson): Herra forseti. Ég get því miður ekki upplýst neitt um atvik þau, sem hv. fyrirspyrjandi fjallaði hér um, vegna þess að mér eru þau með öllu ókunn. Hins vegar mun ég að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni hans að koma fsp. áleiðis til hæstv. utanrrh., sem með mál þetta hefur að gera, ef þær fregnir eru sannar, sem skýrt var frá í dagblaði í morgun.

III. Blaðaljósmyndarar í alþingishúsinu.

Á 9. fundi í Ed., 13. ágúst, utan dagskrár, mælti

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég hef nú setið á þingi síðan 1934 og oftast í þessari hv. d. Allan þann tíma, sem ég hef hér setið, hefur svo kallað stigaherbergi hér til hægri handar verið sem nokkurs konar hvíldarherbergi fyrir þm. Við höfum skroppið þangað inn til að reykja, og milli funda höfum við setið þar og masað og líka setið þar til að slappa af, létta af okkur áhyggjum dagsins og hvíla okkur. Allan þennan tíma hefur það aldrei verið siður, að ljósmyndasnápar frá blöðunum væru hér inni um þinghús, deildir og fundarherbergi þingmanna til að taka myndir af þeim og því, sem þar gerist. Þetta er í fyrsta skipti, sem það kemur fyrir. Nú birtist í einu dagblaði bæjarins mynd af einum þm., þar sem hann á milli funda hefur lagt sig fyrir hér inni í herberginu til að hvíla sig, og lagt út af því, að svona sinni hann þingstörfum. Ég geri ráð fyrir, að það sé kannske annar hvor maður eða fleiri, sem hefur verið hér á Alþingi með mér, sem einhvern tíma hefur verið í hliðarherberginu milli funda til að geta hvílt sig. Er það herra forsetinn, sem hefur leyft blaðamönnunum að fara hér inn til að mynda menn í herbergjum, sem tilheyra ekki deildunum, en ætluð eru þm. til að vinna þingstörf og hvíla sig?

Ég vil óska þess, að þeir, sem sitja hér á næstu þingum, — það verður ekki ég, — að þeir verði friðaðir fyrir svona árásum — svona svívirðilegum árásum eins og hér er gert, þar sem ljósmyndari frá blaði fer inn í þinghús, myndar þingmann milli funda, sem er að hvíla sig, og leggur svo út af því í blöðunum, að svona vinni þingmenn sín störf. Þetta á ekki að eiga sér stað, og ég vona, að forsetinn nú og hver sem hann verður síðar komi í veg fyrir, að þetta geti komið fyrir aftur.

Forseti (EggÞ): Út af þessum ummælum hv. 1. þm. N-M. (PZ) vil ég aðeins lýsa því yfir, að það voru fleiri dagblöð, sem sendu hingað ljósmyndara og óskuðu eftir því að fá að hafa þá hér við, þegar endanleg afgreiðsla stjórnarskrárbreytingarinnar færi fram. Mér var sagt, að slík leyfi hefðu verið veitt áður af forsetum á undan mér. Ég sá því ekki ástæðu til þess að meina ljósmyndurum aðgang að þingsalnum, á meðan þessi athöfn fór fram. Hins vegar dróst þessi endanlega afgreiðsla málsins nokkuð fram eftir degi, og mun það ástæðan til þess, að ljósmyndarar voru hér viðstaddir lengur en ráð var fyrir gert.

Ég tek undir það með hv. þm., að ég harma misnotkun á því frelsi, sem ljósmyndurum var í þetta skipti veitt til þess að taka myndir af ákveðinni athöfn í þinginu, og vona, að slíkt endurtaki sig ekki.

IV. Varamenn taka þingsæti — rannsókn kjörbréfa.

Á 3. fundi í Sþ., 27. júlí, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BBen): Til þessa fundar er boðað út af kjörbréfi. Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf frá forseta Nd., Einari Olgeirssyni:

„Reykjavík, 27. júlí 1959.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Halldóri Ásgrímssyni, 2. þm. N-M.:

„Þar sem ég ligg rúmfastur á sjúkrahúsi og get þess vegna ekki gegnt þingstörfum næstu vikur, leyfi ég mér hér með að óska þess, að varamaður minn, Tómas Árnason deildarstjóri, taki sæti mitt á Alþingi samkv. ákvæðum 144. gr. laga um kosningar til Alþingis.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í Sþ. rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar.

Til forseta sameinaðs þings.“

Kjörbréfanefnd hefur haft bréfið til meðferðar og gef ég framsögumanni hennar orðið.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur haft til meðferðar kjörbréf Tómasar Árnasonar fulltrúa í utanrrn., 1. varaþm. N-M. Nefndin hefur athugað kjörbréfið og leggur til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 39 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 11. ágúst, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BBen): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 10. ágúst 1959.

„Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá formanni þingflokks Alþýðubandalagsins:

„Samkvæmt beiðni Karls Guðjónssonar, 7. landsk. þm., sem þarf að fara til útlanda og verður því fjarverandi um 2—3 vikna skeið, leyfi ég mér að fara fram á, að varamaður hans, Geir Gunnarsson, taki á meðan sæti hans á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti neðri deildar.“

Kjörbréf varamannsins ber að leggja fyrir kjörbréfanefnd, og veitist 10 mínútna fundarhlé, meðan athugun þess fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Fyrir kjörbréfanefnd hefur legið kjörbréf landskjörins varaþingmanns, Geirs Gunnarssonar skrifstofustjóra, sem hlotið hefur 1. varauppbótarþingsæti Alþb.

Kjörbréfanefnd hefur athugað kjörbréfið og hefur ekkert fundið við það athugavert. N. leggur því til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 32 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 12. ágúst, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BBen): Mér hefur borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 11. ágúst 1959.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Vilhjálmi Hjálmarssyni, 2. þm. S-M.:

„Þar sem ég verð að hverfa af þingi vegna veikinda heima fyrir og geri ekki ráð fyrir að geta átt frekari setu á þessu þingi, leyfi ég mér með skírskotun til 144. gr. kosningalaganna að óska þess, að varamaður minn, Stefán B. Björnsson bóndi í Berunesi, taki í fjarveru minni sæti á Alþingi.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu þingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Eggert G. Þorsteinsson, forseti efri deildar.“

Jafnframt hefur borizt kjörbréf Stefáns B. Björnssonar, fyrsta varamanns í Suður-Múlakjördæmi. Kjörbréfið ber að leggja fyrir kjörbréfanefnd, og veitist fimm mínútna frestur, meðan athugun þess fer fram. — [Fundarhlé.]

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Fyrir kjörbréfanefnd hefur legið kjörbréf Stefáns B. Björnssonar bónda, Berunesi við Reyðarfjörð, sem fyrsta varaþingmanns fyrir Suður-Múlasýslu.

N. hefur athugað kjörbréfið og ekkert fundið við það athugavert og leggur því til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 34 shlj. atkv.

Hinn nýi þingmaður, Stefán B. Björnsson, undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrá landsins.

Á 11. fundi í Sþ., 13. ágúst, var tekin til meðferðar rannsókn kjörbréfs.

Forseti (BBen): Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf:

„Reykjavík, 13. ágúst 1959.

Mér hefur í dag borizt svo hljóðandi bréf frá Magnúsi Jónssyni alþingismanni:

Jóhann Hafstein, 4. þm. Reykv., hefur þurft að fara úr bænum um hríð og getur því eigi setið á þingi. Leyfi ég mér að flytja yður, herra forseti, þá ósk hans, að fyrsti varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavík, Ólafur Björnsson prófessor, taki sæti hans á Alþingi til þingloka.“

Þetta er yður, herra forseti, hér með tilkynnt með ósk um, að þér látið fram fara í sameinuðu Alþingi rannsókn á kjörbréfi varamanns.

Einar Olgeirsson, forseti Nd.“

Kjörbréfanefnd hefur haft kjörbréfið og þetta bréf til athugunar, og tekur frsm. hennar til máls.

Frsm. (Þorvaldur G. Kristjánsson): Herra forseti. Kjörbréfanefnd hefur tekið fyrir kjörbréf Ólafs Björnssonar prófessors, Aragötu 5, Reykjavík, sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi. N. hefur athugað kjörbréfið og hefur ekki fundið neitt athugavert við það og leggur því til, að kosningin verði tekin gild og kjörbréfið verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. kjörbréfanefndar samþ. með 31 shlj. atkv.

V. Kosningar.

1. Menntamálaráð.

Á 12. fundi í Sþ., 14. ágúst, var tekin til meðferðar

kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í menntamálaráð til loka yfirstandandi kjörtímabils, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 6. gr. l. nr. 50 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Birgir Kjaran, Vilhjálmur Þ. Gíslason og Helgi Sæmundsson; á B-lista Kristján Benediktsson, Jóhann Frímann og Magnús Kjartansson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Helga Sæmundssonar og Magnúsar Kjartanssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:

Birgir Kjaran hagfræðingur,
Kristján Benediktsson kennari,
Vilhjálmur Þ. Gíslason útvarpsstjóri,
Jóhann Frímann skólastjóri,
Magnús Kjartansson ritstjóri.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Eyjólfur K. Jónsson, Baldvin Tryggvason og Helgi Sæmundsson; á B-lista Sveinn Skorri Höskuldsson, Örlygur Hálfdanarson og Sigurður Guðmundsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Helga Sæmundssonar og Sigurðar Guðmundssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosnir væru:
Eyjólfur K. Jónsson hdl.,
Sveinn Skorri Höskuldsson cand. mag.,
Baldvin Tryggvason lögfræðingur,
Örlygur Hálfdanarson skrifstofumaður,
Sigurður Guðmundsson ritstjóri.

2. Stjórn vísindasjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn vísindasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 4. gr. l. nr. 51 5. júní 1957, um vísindasjóð.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:
Ármann Snævarr prófessor (A),
Halldór Pálsson ráðunautur (B),
Einar Ól. Sveinsson prófessor (A),
Þorbjörn Sigurgeirsson prófessor (B).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:
Páll V. G. Kolka læknir (A),
Kristján Karlsson skólastjóri (B),
Steingrímur J. Þorsteinsson prófessor (A),
Tómas Tryggvason jarðfræðingur (B).

3. Þingvallanefnd.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning Þingvallanefndar, þriggja alþingismanna, til loka næsta þings eftir nýafstaðnar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.**

Fram komu tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:
Sigurður Bjarnason alþm. (A),
Hermann Jónasson fyrrv. forsrh. (B),
Emil Jónsson forsrh. (A).

4. Landskjörstjórn.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning landskjörstjórnar, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 8. gr. l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Einar B. Guðmundsson, Björgvin Sigurðsson og Einar Arnalds; á B-lista Sigtryggur Klemenzson, Vilhjálmur Jónsson og Ragnar Ólafsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Einars Arnalds og Ragnars Ólafssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Einar Guðmundsson hrl.,
Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri,
Björgvin Sigurðsson framkvæmdastjóri,
Vilhjálmur Jónsson hrl.,
Ragnar Ólafsson hrl.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Gunnar Möller, Páll S. Pálsson og Einar Arnalds; á B-lista Benedikt Sigurjónsson, Björn Hermannsson og Þórhallur Pálsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Einars Arnalds og Þórhalls Pálssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Gunnar Möller hrl.,
Benedikt Sigurjónsson hrl.,
Páll S. Pálsson hrl.,
Björn Hermannsson fulltrúi,
Þórhallur Pálsson fulltrúi.

5. Útvarpsráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fimm manna í útvarpsráð og jafnmargra varamanna til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. l. nr. 25 18. febr. 1943.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Sigurður Bjarnason, Þorvaldur G. Kristjánsson og Benedikt Gröndal; á B-lista Þórarinn Þórarinsson, Rannveig Þorsteinsdóttir og Björn Th. Björnsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Benedikts Gröndals og Björns Th. Björnssonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu:
Sigurður Bjarnason alþm.,
Þórarinn Þórarinsson alþm.,
Þorvaldur G. Kristjánsson alþm.,
Rannveig Þorsteinsdóttir hrl.,
Björn Th. Björnsson listfræðingur.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Kristján Gunnarsson, Valdimar Kristinsson og Benedikt Gröndal; á B-lista Andrés Kristjánsson, Sigríður Thorlacius og Sverrir Kristjánsson. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Benedikts Gröndals og Sverris Kristjánssonar, og kom upp hlutur hins fyrrnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu:
Kristján Gunnarsson yfirkennari,
Andrés Kristjánsson blaðamaður,
Valdimar Kristinsson viðskiptafræðingur,

Sigríður Thorlacius frú,
Benedikt Gröndal ritstjóri.

6. Áfengisvarnaráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í áfengisvarnaráð til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 27. gr. áfengislaga, nr. 58 1954.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar, sem á voru samtals jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kosningu hlytu án atkvgr.:
Magnús Jónsson alþm. (A),
Guðlaug Narfadóttir frú (B),
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (A),
Gunnar Árnason skrifstofustjóri (B).

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:
Páll Daníelsson bæjarfulltrúi (A),
Eiríkur Sigurðsson skólastjóri (B),
Sveinn Helgason stórkaupmaður (A),
Hörður Gunnarsson nemandi (B).

7. Stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning fjögurra manna og jafnmargra varamanna í stjórn atvinnuleysistryggingasjóðs til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 1. gr. l. nr. 2 1957, um breyt. á l. nr. 29 1956, um atvinnuleysistryggingar.**

Við kosningu aðalmanna komu fram þrír listar, sem á voru samtals nöfn jafnmargra manna og kjósa skyldi. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:
Kjartan J. Jóhannsson alþm. (A),
Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri (B),
Óskar Hallgrímsson rafvirki (A),
Eðvarð Sigurðsson ritari Dagsbrúnar (C).

Við kosningu varamanna komu fram þrír listar með jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Samkv. því lýsti forseti yfir, að án atkvgr. væru kjörnir:
Jóhann Hafstein alþm. (A),
Guttormur Sigurbjörnsson skattstjóri (B),
Magnús Ástmarsson prentari (A),
Hannes Stephensen formaður Dagsbrúnar (C).

8. Tryggingaráð.

Á sama fundi var tekin til meðferðar **kosning tryggingaráðs, fimm manna og jafnmargra varamanna, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 5. gr. l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.**

Við kosningu aðalmanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Gunnar Möller, Kjartan J. Jóhannsson og Kjartan Ólafsson; B-lista Helgi Jónasson, Bjarni Bjarnason og Brynjólfur Bjarnason. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Kjartans Ólafssonar og Brynjólfs Bjarnasonar og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Gunnar Möller hrl.,
Helgi Jónasson læknir,
Kjartan J. Jóhannsson alþm.,
Bjarni Bjarnason fyrrv. skólastjóri,
Brynjólfur Bjarnason fyrrv. ráðherra.

Við kosningu varamanna komu fram tveir listar. Á A-lista voru Þorvaldur G. Kristjánsson, Ágúst Bjarnason og Eggert G. Þorsteinsson; á B-lista Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason og Kristján Gíslason. — A-listi hlaut 26 atkv., B-listi 26 atkv. Hlutkesti fór fram milli Eggerts G. Þorsteinssonar og Kristjáns Gíslasonar, og kom upp hlutur hins síðarnefnda. Samkv. því lýsti forseti yfir, að kjörnir væru:
Þorvaldur G. Kristjánsson alþm.,
Ágúst Þorvaldsson alþm.,
Ágúst Bjarnason skrifstofustjóri,
Jón Skaftason lögfræðingur,
Kristján Gíslason verðlagsstjóri.

9. Yfirkjörstjórnir.

Á 13. fundi í Sþ., s. d., var tekin til meðferðar **kosning í yfirkjörstjórnir, fimm manna og jafnmargra varamanna í hverju kjördæmi, til næsta þings eftir almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, samkv. 9. gr. nýafgreiddra laga frá Alþingi um kosningar til Alþingis.**

Við kosningu kjörstjórnanna var jafnan stungið upp á jafnmörgum mönnum og kjósa skyldi. Fóru kosningar því fram án atkvgr., og urðu kjörstjórnirnar þannig skipaðar:

a. Yfirkjörstjórn Vesturlandskjördæmis.

Aðalmenn:
Hinrik Jónsson sýslumaður (A),
Jón Steingrímsson sýslumaður (B),
Sveinn Guðmundsson kaupfélagsstjóri (A),
Sigurður Guðmundsson bæjarfulltrúi (A),
Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti (B).

Varamenn:
Jón Sigmundsson framkvæmdastjóri (A),
Gunnar Jónatansson ráðunautur (B),
Jóhann Kristjánsson verkamaður (A),
Jóhann Rafnsson forstjóri (A),
Árni Tómasson skrifstofumaður (B).

b. Yfirkjörstjórn Vestfjarðakjördæmis.

Aðalmenn:
Högni Þórðarson bæjarfulltrúi (A),
Björgvin Bjarnason sýslumaður (B),
Jóhann G. Ólafsson bæjarfógeti (A),
Sigurður Kristjánsson sóknarprestur (A),
Grímur Arnórsson bóndi (B).

Varamenn:
Einar Steindórsson oddviti (A),
Kristján Jónsson erindreki (B),
Ólafur Guðjónsson útibússtjóri (A),
Þorgeir Jónsson læknir (A),
Jóhannes Davíðsson bóndi (B).

c. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis vestra.
Aðalmenn:
Guðbrandur Ísberg sýslumaður (A),
Jóhann Salberg Guðmundsson sýslumaður (B),
Sveinn Þorsteinsson skipstjóri (A),
Hlöðver Sigurðsson skólastjóri (A),
Halldór Jóhannsson endurskoðandi (B).
Varamenn:
Kristinn P. Briem kaupmaður (A),
Jóhann Jóhannsson skólastjóri (B),
Kristján C. Magnússon verzlunarmaður (A),
Jón Friðriksson trésmiður (A),
Indriði Guðmundsson bóndi (B).

d. Yfirkjörstjórn Austurlandskjördæmis.
Aðalmenn:
Erlendur Björnsson bæjarfógeti (A),
Lúðvík Ingvarsson sýslumaður (B),
Emil Jónasson simstjóri (A),
Sigfús Jóelsson skólastjóri (A),
Þorsteinn Sigfússon bóndi (B).
Varamenn:
Sigmar Torfason sóknarprestur (A),
Gunnlaugur Jónasson bankafulltrúi (B),
Guðmundur Vilhjálmsson bankaritari (A),
Aðalsteinn Halldórsson verzlunarmaður (A),
Sigurður Jónsson bóndi (B).

e. Yfirkjörstjórn Reykjaneskjördæmis.
Aðalmenn:
Alfreð Gíslason bæjarfógeti (A),
Björn Ingvarsson lögreglustjóri (B),
Ásgeir Einarsson skrifstofustjóri (A),
Árni Halldórsson lögfræðingur (A),
Þórarinn Ólafsson byggingameistari (B).
Varamenn:
Guðjón Steingrímsson lögfræðingur (A),
Andrés Davíðsson kennari (B),
Jóhann Þorsteinsson forstjóri (A),
Kristinn Ólafsson fulltrúi (A),
Jón G. Sigurðsson lögfræðingur (B).

f. Yfirkjörstjórn Norðurlandskjördæmis eystra.
Aðalmenn:
Kristján Jónsson fulltrúi (A),
Jóhann Skaftason bæjarfógeti (B),
Sigurður M. Helgason bæjarfógeti (A),
Þorsteinn Jónatansson ritstjóri (A),
Brynjólfur Sveinsson menntaskólakennari (B).
Varamenn:
Einar Jónsson hreppstjóri (A),
Þórhallur Björnsson kaupfélagsstjóri (B),
Sigurjón Jóhannesson skólastjóri (A),
Páll Gunnlaugsson bóndi (A),
Eiður Guðmundsson bóndi (B).

g. Yfirkjörstjórn Suðurlandskjördæmis.
Aðalmenn:
Torfi Jóhannsson bæjarfógeti (A),
Páll Hallgrímsson sýslumaður (B),
Guðmundur Daníelsson skólastjóri (A),
Gunnar Benediktsson rithöfundur (A),
Ísak Eiríksson útibússtjóri (B).
Varamenn:
Páll Björgvinsson bóndi (A),
Einar Erlendsson fulltrúi (B),
Magnús H. Magnússon simstjóri (A),
Gunnar Sigurmundsson prentari (A),
Sveinn Guðmundsson bæjarfulltrúi (B).

h. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkaupstaðar.
Aðalmenn:
Kristján Kristjánsson borgarfógeti (A),
Sveinbjörn Dagfinnsson lögfræðingur (B),
Einar Arnalds borgardómari (A),
Þorvaldur Þórarinsson lögfræðingur (A),
Jónas Jósteinsson kennari (B).
Varamenn:
Hörður Þórðarson sparisjóðsstjóri (A),
Vilhjálmur Árnason lögfræðingur (B),
Jón Þorsteinsson lögfræðingur (A),
Steinþór Guðmundsson kennari (A),
Hallgrímur Sigtryggsson fulltrúi (B).

VI. Starfsmenn þingsins.

Þessir menn voru ráðnir til starfa á þinginu af forsetum öllum í sameiningu:

Skrifstofan og prófarkalestur:
Sigríður Bjarklind, Sigríður Jónsdóttir, Jónas Kristjánsson, Halla Briem, Ásgeir B. Friðjónsson.

Skjalavarzla og afgreiðsla:
Kjartan Bergmann.

Lestrarsalsgæzla:
Halldóra B. Björnsson, Ingunn Jónsdóttir.

Vélræn upptaka á þingræðum:
Starfsmenn frá Radio- og raftækjastofunni, Óðinsgötu 2.

Ræðuritun:
Umsjón með og eftirlit: Ólafur A. Siggeirsson.
Fastavinna um þingtímann: Jóhannes H. Jónsson, Jón Ólafsson.
Tímavinna: Guðrún Thorarensen, Sigfríður Bjarnar, Stefanía Einarsdóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Sandra Forberg.

Dyra- og pallavarzla:
Jakob Jónsson (yfirvörður), Ólafur Þorvaldsson, Jón Hjartarson, Magnús Guðmundsson, Albert Guðmannsson, Þorlákur Haldorsen, Einar Eymann, Eiður Sigurjónsson, Guðjón Sigurjónsson.

Þingsveinsstörf:
Þorsteinn Ólafsson, Guðfinnur Ingvarsson, Jóhann Briem, Jón Ingólfsson, Sigurður J. Bjarklind.

Símavarzla:
Ingibjörg Pétursdóttir, Rannveig Haraldsdóttir, Ingunn Þ. Erlendsdóttir.

Fatagæzla:
Vigdís Torfadóttir, Kristín Ingileifsdóttir, Ástríður Guðmundsdóttir.

Þingfréttamaður Í útvarpi:
Helgi Hjörvar (til 26. júlí), Jóhannes H. Jónsson (frá 27. júlí).

VII. Starfslok deilda.

a. Í efri deild.

Á 13. fundi í Ed., 14. ágúst, mælti

forseti (EggÞ): Ég verð að líta svo á, að þetta muni síðasti deildarfundurinn. Ef annað kemur upp á teningnum, þá verður að sjálfsögðu boðað til annars deildarfundar. Þar sem þingslit hafa verið boðuð á morgun og hv. Nd. hefur lokið störfum, verður að líta svo á, að þetta sé síðasti fundur þessarar hv. d. Ég vil nota tækifærið til þess að þakka hv. þdm. gott samstarf við mig sem forseta þessarar d. og sér í lagi þeim, sem ég hef orðið að leita til um tilsögn í mínu starfi hér, fyrir sérstaka þolinmæði við það að aðstoða mig í þessu starfi. Sömuleiðis þakka ég þingskrifurum og starfsmönnum þingsins fyrir ágætt samstarf á þessu þingi. Að svo mæltu óska ég þdm. öllum góðrar heimferðar og góðrar heimkomu.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég tel mig mæla fyrir hönd allra þdm. hér, að við þökkum hæstv. forseta fyrir góðar óskir í okkar garð og berum fram sömu óskir honum til handa og hans fjölskyldu, að hans framtíð verði góð og honum líði vel í framtíðinni. Þetta hefur verið stutt þing, og það hefur verið enn styttri starfstími hér í hv. þd. Þar af leiðandi hefur ekki reynt mikið á hæstv. forseta d. En ég hygg, að við getum allir verið sammála um, það sem til hans hefur tekið á þessum fáu fundum, sem hér hafa verið haldnir, að þakka honum fyrir óhlutdræga og góða fundarstjórn, og vil ég biðja þá, sem vilja taka undir mín orð, að rísa úr sætum. — [Dm. risu úr sætum.]

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hér hafa í umr. fallið þau orð frá hv. 1. þm. N-M. og hv. 1. þm. Eyf., að þeir mundu ekki eiga sæti hér lengur á Alþingi. Ef marka má þessi ummæli, vildi ég mega nota tækifæri hér til þess að þakka þeim báðum fyrir langa og góða samvinnu. 1. þm. Eyf. hefur setið á 43 þingum og 1. þm. N-M. á 31 þingi. Hef ég setið með þeim hér á 16 þingum og haft mikið við þá saman að sælda, og mér er ljúft að viðurkenna, að þeir hafa verið góðir samstarfsmenn og drengilegir andstæðingar í hverju máli. Ég vildi mega óska þeim allrar blessunar á þeim tíma, sem þeir kunna að eiga eftir, og vonast til þess, að mörg þeirra störf, sem þeir hafa innt af hendi hér í Alþingi, verði þeim góður minnisvarði og þjóðinni til blessunar. Og ég veit, að allir hv. þm. muni taka undir þetta með mér.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. Ég vil aðeins leiðrétta það, að ég minnist ekki að hafa sagt það hér í þessari deild, að það væri víst, að ég hyrfi héðan. Hins vegar þakka ég hv. þm. Barð. fyrir góðar óskir mér til handa og góð ummæli. Get ég vottað það sama, hvað hann snertir. Það kann vel að vera, að ég hverfi héðan nú, en ég minnist ekki að hafa neinu lýst yfir um það.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. Ég þakka fyrir hlýleg orð í minn garð. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að ég tel mig á engan hátt geta verið þm. fyrir eitthvert af þessum stóru kjördæmum, þó að það vildi hafa mig. Ég er því ekki vaxinn. Þess vegna mun ég hverfa af þingi nú og ekki sjást hér aftur. Ég hef verið hér með mörgum þm. og þakka þeim öllum samveruna. Ég hef verið með Gísla Jónssyni, þm. Barð., nokkuð lengi, og í nefndum með honum. Hann er einarður maður, og ég vona, að sú flokkskúgun, sem kemur til með að aukast verulega eftir samþykkt stóru kjördæmanna, nái ekki að buga hann, svo að hann geti haldið sinni sannfæringu fyrir öllum og beygi sig fyrir engum, — engum einstaklingi heldur. Ég þakka fyrir góðar óskir í minn garð og óska ykkur öllum góðrar heimkomu og góðrar líðanar.

Forseti (EggÞ): Ég vil sérstaklega þakka hv. 1. þm. Eyf. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu og ítreka árnaðaróskir mínar til þdm. allra og þá sér í lagi til þeirra, sem þegar eru ráðnir í að vera ekki í kjöri í næstu kosningum, — þakka þeim fyrir vel unnin störf í þágu lands og þjóðar öll þau ár, sem þeir hafa setið hér á þingi, og á ég þá ekki hvað síst við þá yfirlýsingu, sem hv. 1. þm. N-M. gaf nú. Ég ítreka árnaðaróskir mínar til þm. allra og þakka þeim gott starf og þakka þeim fyrir að hafa tekið undir árnaðaróskir 1. þm. Eyf.

b. Í neðri deild.

Á 17. fundi í Nd., s. d., mælti

forseti (EOl): Þetta er að öllu forfallalausu síðasti fundur þessarar hv. d. á þessu þingi og þessu kjörtímabili. Ég leyfi mér að þakka öllum hv. þdm. fyrir ágæta samvinnu og umburðarlyndi við mig í mínum störfum. Ég leyfi mér að óska þeim öllum góðrar heimferðar, þeim sem heim fara, og góðrar heimkomu og þeim öllum alls persónulegs velfarnaðar. Ég þakka þeim fyrir alla þá samvinnu, sem ég hef við þá átt þann tíma, sem ég hef gegnt þessum störfum. Ég vil enn fremur leyfa mér að þakka skrifurum fyrir ágæta samvinnu og skrifstofustjóra og öðru starfsfólki þingsins fyrir ágætt samstarf. Ég óska svo öllum hv. þdm. alls góðs.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér að færa hæstv. forseta d. þakkir fyrir skörulega og réttláta fundarstjórn á þessu þingi. Ég vil leyfa mér að árna honum og hans fólki allra heilla og alls góðs og biðja hv. alþm. að rísa úr sætum til að taka undir þetta. — [Dm. risu úr sætum.]

Forseti (EOl): Ég þakka hv. 1. þm. S-M. fyrir góðar óskir í minn garð og árnaðaróskir og hv. þdm. fyrir að taka undir þær.

VIII. Þinglausnir.

Á 14. fundi í Sþ., 15. ágúst, las forseti svofellt yfirlit um störf þingsins:

Þingið hefur staðið frá 21. júlí 1959 til 15. ágúst 1959, alls 26 daga.

Þingfundir hafa verið haldnir:

Í neðri deild	17
- efri deild	13
- sameinuðu þingi	14
Alls	44 þingfundir

Þingmál og úrslit þeirra:

I. Lagafrumvörp.

1.	Stjórnarfrumvörp:	
	Lögð fyrir neðri deild	2
2.	Þingmannafrumvörp:	
	Borin fram í neðri deild	4
		6

Úrslit lagafrumvarpa urðu þessi:

a.	Afgreidd sem lög:	
	Stjórnarfrumvörp	2
	Þingmannafrumvarp	1
	alls	3 lög
b.	Ekki útrædd:	
	Þingmannafrumvörp	3
		6

II. Þingsályktunartillögur:

a.	Bornar fram í sameinuðu þingi	4
b.	Borin fram í efri deild	1
		5

Þar af:

a.	Ályktun Alþingis	1
b.	Ekki útræddar	4
		5

III. Fyrirspurnir.

Allar bornar fram í sameinuðu þingi, 3, en tvær eru saman á þingskjali, svo að málatala þeirra er ekki nema 2

Allar voru fyrirspurnir þessar ræddar.

Mál til meðferðar í þinginu alls	13
Tala prentaðra þingskjala	50

Síðan mælti

forseti (BBen): Þetta þing hefur staðið skemur en flest önnur þing, sem háð hafa verið síðustu áratugina, og lagafrumvörp, sem þingið hefur afgreitt, eru einungis þrjú og ein þingsályktun. Engu að síður mun öllum koma saman um, að þetta þing hafi tekið ákvarðanir, sem muni valda miklu um örlög íslenzku þjóðarinnar í framtíðinni.

Um þá meginákvörðun, sem gerð hefur verið á þinginu, samþykkt breytingar á stjórnarskránni um nýja kjördæmaskipun, er alkunnugt, að mönnum sýnist mjög á tvo vegu. En víst er, að við sameinumst allir í því að vona, að vel reynist: þeir, sem eru á móti, að betur fari en þá uggir, og við, sem erum þessu samþykkir, að svo reynist sem við ætlum. Það væri fals af mér, ef ég léti uppi þá ósk, að við ættum allir eftir að hittast hér í þessum þingsal að afloknum kosningum, eins og vitað er, að ekki munu allir óska minnar hingaðkomu aftur. En hvað sem því líður, þá er það af heilum hug mælt, þegar ég þakka þingmönnum fyrir samvistir á þessu þingi og þegar ég árna þeim og þeirra fjölskyldum allra heilla í þeirra lífi. Ég vil þakka starfsmönnum fyrir ágætt verk á þessu þingi, og ég vil óska fósturjörð okkar allra heilla.

Eysteinn Jónsson: Ég vil leyfa mér í nafni okkar þingsystkina hæstv. forseta að þakka þær árnaðaróskir, sem hann hefur flutt okkur og okkar fólki. Þá vil ég enn fremur þakka hæstv. forseta fyrir góða stjórn á fundum sameinaðs Alþingis. Og ég vil loks flytja honum og hans fólki árnaðaróskir frá okkur þingsystkinum hans og biðja menn að taka undir þetta með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti Íslands (Ásgeir Ásgeirsson): Á fundi ríkisráðs í dag var gefið út bréf um, að kjördagar við kosningar til Alþingis í haust komanda skuli vera sunnudagurinn 25. og mánudagurinn 26. október.

Þá var gefið út svofellt bréf um þinglausnir:

„Forseti Íslands gerir kunnugt:

Alþingi, 79. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag, laugardaginn 15. ágúst 1959.

Gert í Reykjavík, 15. ágúst 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

Emil Jónsson.

Forsetabréf um þinglausnir."

Umboð þingmanna falla niður samkvæmt ákvæðum stjórnskipunarlaga, en samkvæmt því bréfi, sem ég hef nú lesið, lýsi ég yfir því, að þessu aukaþingi, sem nú hefur lokið störfum, er slitið.

Ég óska þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið þingmenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

Þingheimur stóð upp, og **forsætisráðherra, Emil Jónsson,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð." Tók þingheimur undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.

Var síðan af þingi gengið.